

ÚRSKURÐUR ENDURUPPTÖKUNEFNDAR

Í MÁLI NR. 5/2015

Beiðni erfingja

Sævars Marinós Ciesielski

um endurupptöku

hæstaréttarmáls nr. 214/1978:

Ákærvaldið

gegn

Kristjáni Viðari Viðarssyni,

Sævari Marinó Ciesielski,

Tryggva Rúnari Leifssyni,

Alberti Klahn Skaftasyni,

Erlu Bolladóttur og

Guðjóni Skarphéðinssyni

24. FEBRÚAR 2017

I. Beiðni um endurupptöku.....	1
II. Málsatvik	2
III. Framlögð gögn	897
IV. Grundvöllur beiðni	900
IV.1. Rannsókn starfshóps innanríkisráðherra	901
IV.2. Mat á áreiðanleika framburða dómfelldu í Guðmundar- og Geirfinnsmálum	906
IV.3. Önnur ný gögn á grundvelli upplýsingaöflunar starfshópsins	909
IV.4. Samantekt.....	910
V. Viðhorf gagnaðila.....	911
V.1. Rannsóknin	911
V.2. Önnur ný gögn á grundvelli upplýsingaöflunar starfshóps innanríkisráðherra	915
V.3. Umfjöllun um gögn lögð fram með fyrri endurupptökubeiðni	916
V.4. Um sálfræðimat í skýrslu starfshóps innanríkisráðherra	916
V.5. Niðurstaða	925
VI. Athugasemdir endurupptökubeiðanda	926
VI.1. Rannsóknin.....	926
VI.2. Sálfræðimatið	929
VI.3. Samantekt og niðurlag	934
VII. Grundvöllur niðurstöðu	935
VII.1 Almennt um skilyrði fyrir endurupptöku máls sem dæmt hefur verið í Hæstarétti	935
VII.2 Almennt um réttaráhrif dóma í sakamálum og endurupptöku dóma	935
VII.3 Almennt um endurupptökuheimildir í a–d-liðum 1. mgr. 211. gr. laga um meðferð sakamála.....	936
VII.3.1 Um a-lið 1. mgr. 211. gr. laga um meðferð sakamála	937
VII.3.2 Um b-lið 1. mgr. 211. gr. laga um meðferð sakamála	938

VII.3.3 Um c-lið 1. mgr. 211. gr. laga um meðferð sakamála	938
VII.3.4 Um d-lið 1. mgr. 211. gr. laga um meðferð sakamála	940
VII.3.5 Almennt um samspil endurupptökuheimildar í c-lið við endurupptökuheimildir í a- og d-liðum	946
VII.4 Þýðing mannréttindaákvæða við úrlausn um endurupptöku.....	947
VII.5 Um sönnunarmat.....	955
VII.5.1 Almennt um sönnunargildi játninga við lögreglurannsókn og fyrir dómi og um afturhvarf frá játningum	955
VII.5.2 Atriði sem hafa áhrif á mat á sönnunargildi framburða í málinu.....	958
VII.5.2.a Persónulegir þættir er varða dómfelldu.....	960
VII.5.2.b Aðstæður dómfelldu	965
VII.5.2.c Lyfjagjöf dómfelldu	970
VII.5.2.d Rannsóknar- og yfirheyrsluáferðir.....	972
VII.5.2.d.1 Sefjun, dáleiðsla og sannleikssprautur.....	973
VII.5.2.d.2 Samprófanir á rannsóknarstigi.....	975
VII.5.2.d.3 Beiting harðræðis.....	979
VII.5.2.d.4 Umbun til dómfelldu í tengslum við framgang rannsóknar.....	986
VII.5.2.d.5 Framkvæmd yfirheyrslna.....	988
VII.5.2.d.6 Aðkoma Karls Schütz að rannsókn sakamála.....	992
VII.5.2.e Aðgengi að verjendum.....	995
VII.5.2.f Framburðir í mótsögn við hlutrænar staðreyndir	995
VII.5.3 Meðferð dómstóla.....	999
VII.5.3.a Bann við samskiptum við verjendur	1005
VII.5.3.b Um afskipti sakadóms af aðbúnaði dómfelldu í gæsluvarðhaldi	1007
VII.6 Um stafliði a–d 1. mgr. 211. gr. laga um meðferð sakamála.....	1010
VII.6.1 Greining á nýjum gögnum	1010
VII.6.2 Greining á því hvort sönnunargögn hafi verið rangt metin	1028
VII.6.2.a Guðmundarmál	1029

VII.6.2.b Geirfinnsmál	1066
VII.6.2.c Sakarefni er lúta að röngum sakargiftum	1162
VII.6.3 Greining á því hvort verulegir gallar hafi verið á meðferð máls	1181
VII.6.3.a Fyrirkomulag dómsmeðferðar eftir útgáfu ákæru	1181
VII.6.3.b Bann við samskiptum við verjendur	1183
VII.6.3.c Áhrif harðræðis	1184
VII.6.3.d Framkvæmd einangrunar í gæsluvarðhaldi undir dómsmeðferð	1184
VII.6.3.e Skortur á að kynna sakborningum réttarstöðu	1186
VIII. Niðurstaða	1187
VIII.1 Grunnforsendur endurupptökunefndar	1187
VIII.2 Sérkenni Guðmundar- og Geirfinnsmálanna	1188
VIII.3 Almenn atriði sem varða öll dómfelldu í Guðmundar- og Geirfinnsmálunum	1189
VIII.3.1 Ný gögn sem liggja fyrir endurupptökunefnd	1189
VIII.3.2 Áhrif framkvæmdar gæsluvarðhalds og einangrunar	1190
VIII.3.3 Persónulegar aðstæður dómfelldu í gæsluvarðhaldi	1192
VIII.3.4 Yfirheyrslur, viðtöl og samprófanir svo og skráning þeirra	1195
VIII.3.5 Möguleikar á að halda uppi vörnum	1202
VIII.4 Atriði sem varða sérstaklega endurupptöku dóms Hæstaréttar í Guðmundarmáli	1204
VIII.4.1 Framburður dómfelldu og lykilvitna og trúverðugleiki játninga og afturkallana	1204
VIII.4.1.a Framburður dómfelldu Erlu	1207
VIII.4.1.b Framburður endurupptökubeiðanda	1208
VIII.4.1.c Framburður dómfellda Kristjáns Viðars	1209
VIII.4.1.d Framburður dómfellda Tryggva Rúnars	1211
VIII.4.1.e Framburður dómfellda Alberts	1213
VIII.4.1.f Framburður vitnisins [GunJ]	1215

VIII.4.2 Mat Hæstaréttar á framburðum dómfelldu og trúverðugleika játninga þeirra.....	1218
VIII.4.3 Afturköllun játninga og mat Hæstaréttar á trúverðugleika afturkallana.....	1218
VIII.4.4 Framburðir annarra vitna	1221
VIII.4.5 Um áhrif veðurs, færðar og annarra hlutrænna staðreynda á sönnunarmat....	1222
VIII.4.6 Um sýnileg sönnunargögn.....	1225
VIII.4.7 Samantekt um hvort skilyrðum til endurupptöku Guðmundarmálsins teljist fullnægt.....	1225
VIII.5 Atriði sem varða sérstaklega endurupptöku dóms Hæstaréttar í Geirfinnsmáli....	1228
VIII.5.1 Um upphaf málsins og almennt um þróun framburða.....	1228
VIII.5.2 Framburður dómfelldu og lykilvitna og trúverðugleiki játninga og afturkallana.....	1231
VIII.5.2.a Framburður endurupptökubeiðanda.....	1232
VIII.5.2.b Framburður dómfellda Kristjáns Viðars.....	1233
VIII.5.2.c Framburður dómfellda Guðjóns	1234
VIII.5.2.d Framburður dómfelldu Erlu.....	1237
VIII.5.2.e Framburður vitnisins [SÓH]	1240
VIII.5.3 Mat Hæstaréttar á trúverðugleika játninga dómfellda Kristjáns Viðars og endurupptökubeiðanda og afturköllunar þeirra á játningum	1243
VIII.5.4 Framburðir annarra vitna	1248
VIII.5.4.a Framburðir vitna um samtal við Geirfinn í Klúbbnum.....	1248
VIII.5.4.b Framburðir vitna í Hafnarbúðinni	1249
VIII.5.4.c Framburðir vitna um bílaleigubifreið	1252
VIII.5.4.d Framburðir vitna um meinta ferð dómfelldu Erlu frá Keflavík.....	1253
VIII.5.5 Um tímaramma ferðar dómfelldu til Keflavíkur	1256
VIII.5.6 Um önnur atriði sem talin voru styðja sakfellingu	1259
VIII.5.7 Um meinta flutninga á líki Geirfinns	1261

VIII.5.8 Samantekt um hvort skilyrðum til endurupptöku Geirfinnsmálsins teljist fullnægt.....	1263
VIII.6 Atriði sem varða sérstaklega endurupptöku dóms Hæstaréttar um rangar sakargiftir	1267
VIII.6.1 Um sakarefnið	1267
VIII.6.2 Umfjöllun um röksemdir endurupptökubeiðanda	1268
VIII.6.3 Samantekt um hvort skilyrðum til endurupptöku dómsins hvað varðar rangar sakargiftir teljist fullnægt	1269
ÚRSKURÐARORÐ.....	1271

Hinn 24. febrúar 2017 var á fundi endurupptökunefndar tekið fyrir mál nr. 5/2015:

Beiðni um endurupptöku
hæstaréttarmáls nr. 214/1978:

Ákærvaldið

gegn

Kristjáni Viðari Viðarssyni,

Sævari Marinó Ciesielski,

Tryggva Rúnari Leifssyni,

Alberti Klahn Skaftasyni,

Erlu Bolladóttur og

Guðjóni Skarphéðinssyni

og kveðinn upp svohljóðandi

ÚRSKURÐUR:

I. Beiðni um endurupptöku

1. Með erindi dagsettu 12. mars 2015 fór Lúðvík Bergvinsson héraðsdómslögmaður þess á leit fyrir hönd fimm erfingja Sævars Marinós Ciesielski að mál nr. 214/1978, sem dæmt var í Hæstarétti Íslands 22. febrúar 1980, yrði endurupptekið. Með bréfi, dagsettu 27. mars 2015, lýsti ríkissaksóknari yfir vanhæfi sínu til að veita endurupptökunefnd umsögn um viðhorf sitt til endurupptökubeiðni erfingja Sævars Marinós Ciesielski með vísan til 1. mgr. 26. gr. og g-liðar 1. mgr. 6. gr. laga nr. 88/2008. Þann 15. apríl 2015 var Davíð Þór Björgvinsson settur ríkissaksóknari til að gefa endurupptökunefnd umsögn um viðhorf embættisins til endurupptökubeiðni erfingja Sævars Marinós Ciesielski. Með bréfi, dagsettu 2. júlí 2015, lét settur ríkissaksóknari umsögn í té. Með bréfi, dagsettu 30. september 2015, bárust athugasemdir endurupptökubeiðenda við umsögn ríkissaksóknara. Málsaðilum, settum ríkissaksóknara og lögmönnum endurupptökubeiðenda, var gefinn kostur á að tjá sig munnlega fyrir nefndinni og var fundur haldinn með aðilum málsins 5. september 2016.
2. Að beiðni endurupptökubeiðenda var Lúðvík Bergvinsson héraðsdómslögmaður skipaður talsmaður þeirra, samkvæmt 1. mgr. 213. gr. laga um meðferð sakamála,

samanber 29. gr. laga nr. 78/2015. Jafnframt hafa endurupptökubeiðendur óskað þess að kostnaður vegna endurupptökumáls þessa verði greiddur úr ríkissjóði, samanber 4. mgr. 214. gr. laga um meðferð sakamála.

3. Með vísan til 34. gr. laga nr. 15/1998, um dómstóla, samanber 2. gr. laga nr. 15/2013, fjallar endurupptökunefnd um beiðni þessa. Í máli þessu skipa nefndina Björn L. Bergsson, Ásgerður Ragnarsdóttir og Sigurður Tómas Magnússon. Sævar Marinó lést 12. júlí 2011. Þótt beiðni um endurupptöku sé sett fram af hálfu erfingja hans er vísað til hans sem endurupptökubeiðanda í niðurstöðukafla í úrskurði þessum.

II. Málsvik

4. Með dómi Hæstaréttar í máli nr. 214/1978, uppkveðnum 22. febrúar 1980, var hinn látni dómfelldi, Sævar Marinó Ciesielski, sakfelldur fyrir tvö manndráp af gáleysi, samanber 218. gr. og 215. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og rangar sakargiftir, samanber 1. mgr. 148. gr. almennra hegningarlaga. Í málinu var Sævar dæmdur fyrir að hafa, ásamt öðrum, orðið Guðmundi Einarssyni að bana að Hamarsbraut 11 í Hafnarfirði 27. janúar 1974. Einnig var hann dæmdur fyrir að hafa, ásamt öðrum, aðfaranótt 20. nóvember 1974 orðið Geirfinni Einarssyni að bana í Dráttarbrautinni í Keflavík. Þá var Sævar dæmdur fyrir að hafa á árinu 1976, ásamt öðrum, gerst sekur um rangar sakargiftir með því að bera á fjóra nafngreinda menn, að þeir hefðu átt hlut að dauða Geirfinns Einarssonar sem hafi leitt til þess að mönnum þessum hafi verið gert að sæta langvinnu gæsluvarðhaldi í þágu rannsóknar málsins. Sævar var jafnframt dæmdur fyrir þjófnaði, áfengislagabrot, skjalafals, fjársvik og fíkniefnalagabrot. Ekki er óskað endurupptöku dóms Hæstaréttar að því er tekur til síðastgreindra sakargifta og því ekki ástæða til að reifa þær nánar. Sævar var dæmdur í 17 ára óskilorðsbundið fangelsi.
5. Að kvöldi laugardagsins 26. janúar 1974 fór Guðmundur Einarsson frá heimili sínu að Hraunprýði, Blesugróf í Reykjavík, til að sækja dansleik í Alþýðuhúsinu í Hafnarfirði ásamt tveimur félögum sínum. Sátu þeir saman að drykkju fram undir miðnætti í heimahúsi í Garðabæ, þá Garðahreppi, en héldu svo til Hafnarfjarðar á dansleikinn. Guðmundur varð viðskila við félagana sína í Alþýðuhúsinu og þegar dansleiknum var lokið um klukkan 02:00 um nóttina urðu þeir hans hvergi varir og héldu þá hver sína leið.¹ Lýst var eftir Guðmundi um hádegi 28. janúar 1974 og hann beðinn um að hafa samband heim. Morguninn eftir tilkynnti faðir Guðmundar hvarf hans til lögreglu, en þá hafði enn ekkert til hans spurst.² Fyrir liggur afrit bókunar úr dagbók lögreglunnar í Hafnarfirði 29. janúar 1974, en þar segir orðrétt: „Kl. 11:00 tilkynnti Njörður Snæhólm að auglýst verði eftir Guðmundi Einarssyni, Hraunprýði, Blesugróf, sem ekki hefur sést síðan á laugardag, en þá var hann á dansleik í Alþýðuhúsinu í Hafnarfirði.“³ Í kjölfarið hófst rannsókn lögreglu og skipulögð leit að Guðmundi.
6. Eftir að lýst hafði verið eftir Guðmundi gaf [EJR] sig fram við lögreglu og kvaðst hafa verið á ferð um Strandgötu ásamt annarri stúlku aðfaranótt 27. janúar 1974. Þar hafi

¹ Bls. 5.

² Bls. 1.

³ Bls. 8_A.

hún séð Guðmund á gangi með eldri pilti nálægt Bæjarbíó, en hún kvaðst kannast við Guðmund í sjón. Piltinum lýsti hún sem nokkuð ölvuðum, með dökkskollitað hár, jakkalausum og í gulri skyrtu. Hefðu þeir reynt að stöðva bíla en stúlkurnar ekki þorað að stöðva fyrir þeim vegna sláttar í piltinum í gulu skyrtunni.⁴ Tvö önnur vitni gáfu sig fram við lögreglu sem kvaðust hafa séð Guðmund á gangi þessa nótt. [SRV] og [SKK] kvaðust hafa séð Guðmund á Reykjavíkurveginum til móts við frystihúsið. Sögðu þeir hann hafa verið ölvaðan og einan á ferð. Hann hafi baðað út höndum og reynt að stöðva bifreiðar. Hafi hann gengið í veg fyrir bíl þeirra og við það fallið í götuna. Skömmu síðar óku þeir til baka sömu leið en sáu þá Guðmund hvergi.⁵

7. Lögreglan lýsti eftir piltinum í gulu skyrtunni í útvarps- og prentmiðlum þann 30. janúar 1974. Leitarflokkar leituðu í Hafnarfirði og nágrenni og einnig í Garðahreppi, Kópavogi og nágrenni með það í huga að Guðmundur kynni að hafa ætlað að ganga heim til sín að dansleiknum loknum.⁶ Þá var einnig leitað úr lofti með aðstoð þyrilu frá Landhelgisgæslunni og Slysavarnarfélagi Íslands. Leitin að Guðmundi reyndist erfið vegna mikilla snjóalaga og bar engan árangur. Síðasta skipulagða leit lögreglu að Guðmundi var gerð 3. febrúar 1974.⁷
8. Á þessum tíma hafði lögreglan í Reykjavík þau Sævar Marinó Ciesielski, Kristján Viðar Viðarsson, Albert Klahn Skaftason og Erlu Bolladóttur grunuð um fíkniefnamisferli. Fyrir liggur að Sævar hafi haldið utan til Amsterdam og Kaupmannahafnar 19. janúar 1974 og komið heim 23. janúar sama ár.⁸ Með Sævari í för var [ViG] sem kvaðst hafa ekið Sævari að Hamarsbraut 11, kvöldið sem þeir komu heim. Þá kvaðst [ViG] hafa ekið Sævari nokkuð oft fyrstu dagana eftir heimkomuna, meðal annars tvö skipti með matvæli að Gljúfurárholti í Ölfusi, skammt austan við Hveragerði.⁹
9. Þriðjudaginn 29. janúar 1974 barst lögreglunni upplýsingar um að Sævar Marinó Ciesielski stæði í sölu og dreifingu ólöglegra fíkniefna. Af því tilefni og með vísan til þess að Sævar var nýkominn erlendis frá hóf lögregla eftirlit með ferðum og gerðum Sævars og vaktaði hann að mestu óslitið frá 30. janúar til og með 1. febrúar 1974.¹⁰ Fyrir liggur afrit af bókunum úr dagbók lögreglunnar í Hafnarfirði 30. janúar 1974. Orðrétt var bókað: „Kl. 21:10 bað Þorsteinn lögr.m. í R-vík. s. 10205 um að fylgst verði með hvort kæmi að Hamarsbraut 11 lítill maður í leðurjakka, síðhærður. Hann komst í bifreið í R-vík, og er talið að hann fari þangað eða jafnvel austur fyrir fjall. Nr. 2 og 23 fóru að fylgjast með húsinu. [...] Kl. 21:50 komu nr. 3 og 25 inn. Urðu ekki varir við manninn.“¹¹ Föstudaginn 1. febrúar 1974 var bókað í dagbók lögreglunnar í Hafnarfirði: „Kl. 11:30 hringdi Snorri Sigurjónsson í fíkniefnadeild í R-vík og bað um að farið væri að Hamarsbraut 11 Hf. og að Sævar Marinó Ciesielski Michaelsson yrði

⁴ Bls. 7.

⁵ Bls. 13–14.

⁶ Bls. 12.

⁷ Bls. 17.

⁸ Bls. 23.

⁹ Bls. 31.

¹⁰ Bls. 18.

¹¹ Bls. 8_A.

tekinn ef hann sæist koma út úr húsinu, en prufa á að hringja í hann og reyna að fá hann út. Nr. 10 og 20 fóru á staðinn á G-558. Þar svaraði enginn.¹² Sævar var svo að endingu handtekinn vegna gruns um fíkniefnamisferli sunnudaginn 4. febrúar 1974 að Hamarsbraut 11 og í kjölfarið úrskurðaður í 20 daga gæsluvarðhald.¹³ Daginn eftir hóf lögregla leit að Kristjáni Viðari Viðarssyni og Alberti Klahn Skaftasyni í tengslum við sömu rannsókn.¹⁴ Höfðu þeir ráðið sig til vinnu við uppskipun í Vestmannaeyjum og haldið þangað sunnudaginn 4. febrúar 1974.¹⁵ Erla Bolladóttir gaf skýrslu hjá lögreglu 7. febrúar 1974 vegna rannsóknar á ætluðu fíkniefnamisferli Sævars. Þar greindi hún frá því að Sævar hafi komið til sín fyrst eftir langan tíma sunnudaginn 27. janúar 1974 og nokkrum sinnum þá viku, það er 27. janúar til og með 3. febrúar 1974.¹⁶ Sævar hafi heimsótt sig reglulega en þó hafi fallið úr tímabil, einkum eftir síðastliðin áramót.¹⁷ Af sama tilefni gaf [AH] skýrslu fyrir dómi 22. febrúar 1974, þar sem hann kvaðst hafa komið að minnsta kosti einu sinni á sólarhring á heimili Kristjáns Viðars að Grettisgötu 82, Reykjavík, á tveggja vikna tímabili í lok janúar og byrjun febrúarmánaðar 1974. Kvað hann Sævar hafa mjög vanið komur sínar þangað á tímabilinu og Albert Klahn jafnframt verið þar tíður gestur. Gerði hann grein fyrir fíkniefnaviðskiptum Sævars og Kristjáns Viðars sem hann hafi orðið vitni að Grettisgötu 82. Orðrétt var bókað í sakadómsbókina: „Vitnið segir áður margnefnd viðskipti að Grettisgötu 82, hafa orðið á sunnudegi, og skömmu síðar kveðst vitni hafa fylgst með, er Sævar hóf að telja peninga. Vitni kveðst hafa með vissu séð, að upphæð var 95.000–100.000 ísl. kr., sennilega alveg um 97.000. Varðandi mánaðardag, kveðst vitni muna, að það hafi föstudaginn næsta, haldið norður á Hvammstanga. Telur vitni það hafa verið fyrsta föstudag í feb. en kveðst munu geta aflað um það staðfestingargagna.“¹⁸ Þá kom fyrir dóminn til skýrslugjafar [ViG], leigubifreiðastjóri og kvaðst vilja gera hreint fyrir sínum dyrum. Greindi hann frá ferð hans og Sævars til Amsterdam til hasskaupa. Kvaðst hann hafa komið heim 22. janúar 1974, en Sævar hafi komið daginn eftir, 23. janúar 1974. Var [ViG] í framhaldinu beðinn um að gera grein fyrir akstri sínum með Sævar eftir heimkomuna og skýrði hann frá því að 25. janúar 1974 hafi hann ekið Sævari að Gljúfurárholti í Ölfusi. Orðrétt var bókað: „Sævar var einn, og hafði með sér mat, enda ætlað að dvelja þarna. Þann 28. jan. kveðst kærði hafa keyrt Sævar öðru sinni að Gljúfurárholti. Í þeirri ferð hafi verið með, Kristján Viðar Viðarsson.“ Fyrir liggur að Sævar var úrskurðaður í áframhaldandi 30 daga gæsluvarðhald 25. febrúar 1974.¹⁹

10. Fyrir liggur bréf ritað á bréfsefni VÓK-film, dagsett 26. ágúst 1974, frá [VK] til Sævars Ciesielski um endurgjaldslaust lán á kvikmyndataekjum til gerðar hálf tíma kvikmyndar í allt að einu ári. Í bréfinu voru kvikmyndataekin upptalin og fram kom að lánið væri háð tækjapörf [VK] hverju sinni vegna þeirra verkefna sem hann væri að

¹² Bls. 8_A.

¹³ Bls. 33_L.

¹⁴ Bls. 25.

¹⁵ Bls. 26.

¹⁶ Bls. 22.

¹⁷ Bls. 33-B.

¹⁸ Bls. 33_Ö.

¹⁹ Bls. 33_L-S.

vinna að. Þá þyrfti Sævar að tryggja sig fyrir óvæntu tjóni.²⁰ Fyrir liggja kvittanir frá VÓK-film og VÓK-kvikmyndagerð fyrir láni á kvikmyndataekjum á tímabilinu annars vegar frá og með 22. október til og með 25. október 1974²¹ og hins vegar frá og með 27. október til og með 14. desember 1974.²² Efst í hægra horni á öllum kvittunum var Sævar Ciesielski tilgreindur viðskiptamaður. Á öllum kvittunum var tilgreint hvaða kvikmyndataeki Sævar hafi fengið að láni og hvenær dagsins hann hafi sótt tækin eða skilað þeim. Meðal gagnanna er kvittun sem nær yfir tímabilið frá og með sunnudeginum 17. nóvember 1974 til og með 23. nóvember 1974. Fram kom að Sævar hafi verið með Arriflex 16 mm ST kvikmyndavél að láni þessa daga. Fimmtudaginn 21. nóvember 1974, klukkan 15:00, var bókað um lán Sævars á Nagra tónupptökutæki.²³ Lán Sævars á kvikmyndataekjunum hafi verið óslitið til 3. desember 1974, en þann dag klukkan 21:00 skilaði hann Nagra tónupptökutækinu og fékk kapla og ljósabúnað að láni.²⁴ Kvikmyndavélinni, köplum og ljósabúnaðinum hafi hann skilað 11. desember 1974. Daginn eftir, 12. desember 1974, hafi hann fengið að láni kvikmyndavélina, Sound Seal, kapla og ljósabúnað.²⁵ Fyrir liggur sams konar kvittun frá VÓK-film fyrir tímabilið 30. mars til 5. apríl 1975, en þann dag er bókað að Sævar hafi skilað Arriflex 16 mm ST kvikmyndavél, Sound Seal, köplum og ljósabúnaði. Merkt var inn á kvittunina „114 dagar“ og neðst var handritaður dagafjöldinn sem Sævar hafði haft tækjabúnaðinn að láni.²⁶

11. Geirfinnur Einarsson, Brekkubraut 15, Keflavík, fór frá heimili sínu að kvöldi 19. nóvember 1974. Lýst var eftir Geirfinni í útvarpsmiðlum að morgni 21. nóvember, en þá hafði ekkert til hans spurst.²⁷ Um kvöldið fannst bifreið Geirfinns mannlus við verslunina Járn og Skip við Víkurbraut í Keflavík. Bifreiðin var tekin til tæknirannsóknar af lögreglu en ekkert kom í ljós sem gaf vísbendingar um afdrif Geirfinns.²⁸ Föstudaginn 22. nóvember 1974 var birt tilkynning frá lögreglunni í Keflavík þar sem greint var frá ákveðnum atriðum í sambandi við rannsókn á hvarfi Geirfinns. Í tilkynningunni sagði að Geirfinnur hafi farið frá heimili sínu í bifreið með kunningja sínum áleiðis að Hafnarbúðinni í Keflavík, en áður hafi Geirfinnur tjáð kunningja sínum að hann hafi mælt sér mót við ákveðinn aðila við Hafnarbúðina klukkan 22:00. Geirfinnur hafi lýst því yfir að hann ætlaði að fara einn síns liðs. Geirfinnur hafi farið úr bifreiðinni skammt frá Hafnarbúðinni og gengið áleiðis að mótsstaðnum. Geirfinnur hafi komið inn í Hafnarbúðina og dvalið þar stutta stund. Þá hafi hann farið fótgangandi heim til sín og komið þangað um klukkan 22:15. Rétt fyrir klukkan 22:30 hafi karlmaður hringt, Geirfinnur svarað og sagt: „Ég er búinn að koma.“ og litlu seinna: „Ég kem.“ Skömmu síðar hafi Geirfinnur farið frá heimili sínu og þá í bifreið sinni. Á sama tíma hafi maður komið inn í Hafnarbúðina, beðið þar

²⁰ Bls. 33_AG.

²¹ Bls. 33_AH.

²² Bls. 33_AI-AL, 93_A, 167_A, 172_A.

²³ Bls. 33_AK.

²⁴ Bls. 167_A.

²⁵ Bls. 172_A.

²⁶ Bls. 207_B.

²⁷ Bls. 34.

²⁸ Bls. 35.

stutta stund en fengið svo lánaðan síma og hringt stutt símtal. Maðurinn hafi svo greitt fyrir símtalið og farið út úr Hafnarbúðinni. Í tilkynningu lögreglunnar sagði að nákvæm lýsing á manningnum lægi fyrir og þess óskað að hann hefði samband við lögreglustöðina í Keflavík. Loks óskaði lögregla eftir því að allir þeir sem kynnu að geta gefið einhverjar upplýsingar, svo og þeir aðilar sem voru í eða við Hafnarbúðina á þessum tíma, hefðu tafarlaust samband við lögregluna í Keflavík.²⁹

12. [ÞÓI], samstarfsmaður og kunningi Geirfinns, var yfirheyrður af lögreglu að kvöldi 22. nóvember 1974 um aðdragandann að hvarfi Geirfinns. [ÞÓI] kvaðst hafa komið að heimili Geirfinns laust fyrir klukkan 21:00 umrætt kvöld til að fá Geirfinn með sér í bíó. Geirfinnur hafi tjáð sér að hann gæti ekki farið þar sem hann þyrfti að fara dálítið. [ÞÓI] sagði þá hafa rætt ýmis vinnutengd málefni til að verða klukkan tíu, en þá hafi Geirfinnur spurt sig hvort hann vildi koma með. Hafi [ÞÓI] ekið honum áleiðis að Hafnarbúð, en Geirfinnur hafi sagst eiga stefnumót við einhvern í bifreið þar fyrir utan. [ÞÓI] kvað Geirfinn hafa haft orð á því að honum þætti þetta stefnumót dularfullt. Hann hafi átt að koma einn og fótgangandi. Hann hafi ekki vitað hver eða hverjir þetta væru. Þá hafi verið lögð áhersla á það við hann að enginn vissi um þetta. [ÞÓI] sagði Geirfinn hafa verið á báðum áttum hvort hann ætti að mæta og haft í flimtingum hvort hann hefði átt að mæta vopnaður. Virtist [ÞÓI] sem Geirfinnur teldi stefnumótið vera gabb. [ÞÓI] kvað Geirfinn hafa farið úr bifreiðinni nokkru áður en þeir komu í sjónmál við Hafnarbúðina. Hafi hann ekki séð til Geirfinns síðan en veitt því athygli að fyrir utan Hafnarbúðina hafi verið blá Volkswagen bifreið með logandi stöðuljós. Bókað var í skýrslu lögreglu að hugmynd [ÞÓI] um afdrif Geirfinns hafi verið sú að ef til vill hafi Geirfinnur farið í gleðskap með gömlum vinnufélögum. Var [ÞÓI] spurður út í atvik á dansleik í Klúbbnum sem hann sótti ásamt Geirfinni og [BM], sunnudagskvöldið 17. nóvember 1974. Kvaðst [ÞÓI] vita til þess að Geirfinnur hafi hitt þar fyrrverandi vinnufélaga sinn. Lýsti [ÞÓI] þeim manni sem meðalmanni á hæð, 25–30 ára, ljósskolhærðum og feitlögnum í andliti með hárvöxt að eyrnasneplum. Kvað [ÞÓI] að sér vitanlega hafi engir sérstakir atburðir orðið þetta kvöld.³⁰
13. [GSH], kunningi Geirfinns, var einn þeirra sem var yfirheyrður vegna rannsóknarinnar. Aðspurður kvaðst [GSH] hafa hitt Geirfinn sunnudaginn 17. nóvember 1974 á dansleik í Klúbbnum og rætt við hann á efstu hæð hússins í um það bil fimm mínútur. Eftir á að hyggja hafi [GSH] fundist Geirfinnur kaldari í viðmóti heldur en hann hafi átt vanda til áður.³¹
14. Á forsíðu Vísis 23. nóvember 1974 var slegið upp fyrirsögninni: „Hvarf eftir dularfullt stefnumót – engin skýring til á hvarfi mannsins í Keflavík“. Á baksíðu blaðsins var stutt viðtal við [ÞÓI] þar sem hann lýsti því yfir Geirfinnur hefði lítið sagt sér um stefnumótið í Hafnarbúð, en hann hefði haft það sem ástæðu fyrir því að geta ekki farið í bíó um kvöldið. [ÞÓI] kvaðst ekki hafa orðið var við neitt óeðlilegt í framkomu Geirfinns eða að hann hefði haft eitthvað sérstakt í huga. Þá kvaðst hann ekki hafa

²⁹ Bls. 36.

³⁰ Bls. 37–38.

³¹ Bls. 55.

minnstu hugmynd um hvað hafi getað komið fyrir Geirfinn.³² Í sama blaði, undir fyrirsögninni: „Dularfullt mannshvarf í Keflavík óupplýst“ var haft eftir Hauki Guðmundssyni, lögreglumanni hjá rannsóknarlögreglunni í Keflavík um aðdragandann að hvarfi Geirfinns. Sagði Haukur blaðamanni að hringt hefði verið í Geirfinn á milli klukkan 18:00 og 21:00 þann 19. nóvember 1974, þegar kona hans var ekki heima. Upplýsti Haukur að í fyrri ferðinni í Hafnarbúðina hafi Geirfinnur keypt sígarettur, gengið um gólf nokkra stund og síðan haldið heim til sín. Þegar Geirfinnur hafi komið heim hafi síminn hringt og sonur Geirfinns svarað. Karlmannsrödd hafi spurt eftir Geirfinni. Þegar Geirfinnur hafi tekið símann hafi hann sagt: „Ég er búinn að koma.“ og svo: „Ég kem.“ Að símtalinu loknu hafi Geirfinnur ekið á brott í bifreið sinni. Haft var eftir Hauki að ekki væri talin ástæða til að gefa út lýsingu á manningum sem hafi fengið að hringja í Hafnarbúðinni en hann beðinn um að gefa sig fram. Þá sagði að ef Geirfinnur kæmi ekki í leitirnar fyrir dagrenningu 23. nóvember 1974 yrði hafin skipulögð leit á landi og í sjó.

15. Seinnipart sunnudagsins 24. nóvember var tekin skýrsla af [JGB], dyraverði í félagsheimilinu Festi í Grindavík. Lýsti hann því fyrir lögreglu hvar hann varð vitni að því að tveir menn tókust á og rifust á dansleik í Festi. Kvaðst [JGB] hafa heyrt þegar annar sagði ítrekað við hinn: „Þú drapst maðinn í Keflavík.“ Þegar [JGB] spurði manninn hvort hann gerði sér grein fyrir því hvað hann væri að segja sagði [JGB] manninn hafa sagt að hann væri ekki að bera neina lygi upp á hinn. Kvað hann hinn manninn ekki hafa sagt orð allan tímann. Hann hafi verið með skolleitt hár, um 160–170 cm á hæð og eitthvað yfir tvítugu. Í skýrsluna er bókað að [JGB] hafi verið sýnd teikning sem lögreglan hafi látið gera og kvað [JGB] teikninguna vera keimlíka manni þeim sem orðin beindust að.³³
16. Þriðjudaginn 26. nóvember 1974 birtu allir helstu prentmiðlar fréttir af gangi rannsóknar á hvarfi Geirfinns. Tíminn sló upp frétt á forsíðu sinni með yfirskriftinni: „Afbrot að baki mannshvarfinu í Keflavík?“. Þar kom fram að frá því á laugardag hafi verið leitað skipulega að Geirfinni á afmörkuðum svæðum og höfnin slædd. Haft var eftir Hauki Guðmundssyni lögreglumanni að mjög nákvæm lýsing lægi fyrir af manningum sem hafi komið í Hafnarbúðina og fengið afnot af símanum. Teikningin yrði fengin fjölmiðlum í hendur ef maðurinn gæfi sig ekki fram að sjálfsdáðum. Upplýsti Haukur jafnframt um að unnið væri að gerð leirmyndar af manningum. Þá kvað hann lögregluna hafa rannsakað feril Geirfinns mjög nákvæmlega og ekkert hafa komið fram sem skýrt gæti hvarf hans.³⁴ Í Morgunblaðinu birtist grein um sama efni, unnin eftir samtali blaðamanns við Hauk Guðmundsson og Valtý Sigurðsson, löglærðan fulltrúa. Haft var eftir þeim að unnið væri að rannsókn málsins sem hugsanlegs morðmáls og höfuðáhersla lögð á að finna manninn sem hringdi úr Hafnarbúðinni. Lýstu þeir Haukur og Valtýr því yfir að þeir myndu finna manninn, á því léki ekki nokkur vafi, eingöngu væri um tímaspursmál að ræða.³⁵ Í kvöldfréttum

³² Bls. 39.

³³ Bls. 41.

³⁴ Bls. 57–58.

³⁵ Bls. 59.

sjónvarps var svo birt mynd af leirstyttu sem hafði verið mótuð að fyrirsögn sjónarvotta af manni þeim sem hafi komið í Hafnarbúðina í Keflavík að kvöldi 19. nóvember 1974. Var maðurinn sagður rúmlega meðalmaður á hæð, ljós yfirlitum, grófur í andliti og með skollitað hár niður fyrir eyru og ennistopp.³⁶ Strax að loknum sjónvarpsfréttum hafi lögreglu farið að berast ábendingar um hvern gæti verið að ræða. Mynd af leirstyttunni var birt í dagblöðunum daginn eftir. Í frétt í Vísi 27. nóvember sagði að afgreiðslukonurnar í Hafnarbúðinni hafi ekki verið nægilega ánægðar með teikningu sem hafi verið gerð. Töldu þær teikninguna ekki sýna manninn nægilega vel eins og þær myndu eftir honum, en leirstyttuna hafi þær verið ánægðari með.

17. Haukur Guðmundsson lögreglumaður vann samantektarskýrslu til lögreglustjórans í Keflavík um helstu aðgerðir í tengslum við rannsókn á hvarfi Geirfinns. Skýrslan er ódagsett en eina heimildin um téðar rannsóknaraðgerðir. Í upphafi skýrslunnar kemur fram að [EBSk], vinnuveitandi Geirfinns, hafi tilkynnt um hvarf hans klukkan 09:00 að morgni fimmtudagsins 21. nóvember 1974. Þá segir að í tilefni af framburði [ÞÓI] um bláa Volkswagen bifreið fyrir utan Hafnarbúðina, hafi rannsóknarlögreglan í Keflavík gert athugun á því hver hafi verið þar á ferð og það reynst vera [HM], skipstjóri í Keflavík, sem hafi stöðvað bifreið sína fyrir utan Hafnarbúðina í skamma stund meðan hann keypti sér sígarettur. Þá kom fram í skýrslunni að lögregla hafi átt samtalið við [GSig], eiginkonu Geirfinns Einarssonar, daginn sem tilkynnt var um hvarf hans. Kvaðst [GSig] hafa komið heim laust eftir klukkan 18:00 þriðjudaginn 19. nóvember 1974, en þá hafi Geirfinnur verið einn heima. Þegar [GSig] hafi verið að ljúka við uppvaskið um klukkan 19:30 kvað hún Geirfinn hafa komið skyndilega fram og sagt: „hvað er að?“. [GSig] hafi þá sagt að ekkert væri að og hann þá spurð: „Varstu ekki að öskra eða mér heyrðist þú öskra eins og verið væri að drepa þig.“ Kvað [GSig] að hvorki útvarp né sjónvarp hafi verið í gangi í íbúðinni. Hafi þau bæði farið út og aðgætt hvort hljóðið hafi getað borist þaðan, en ekkert hafi heyrst. Geirfinnur hafi þá ekkert aðhafst frekar. [GSig] hafi þá farið í heimsókn til vinkonu sinnar, [SJt], en Geirfinnur hafi sagst ætla að leggjast fyrir og lesa. Þegar [GSig] hafi komið aftur heim um klukkan 21:30 hafi [ÞÓI] verið kominn í heimsókn. Hafi þeir tveir farið um klukkan 22:00 og [GSig] þá beðið Geirfinn um að kaupa fyrir sig sígarettur. Hafi henni skilst á Geirfinni að hann ætlaði aðeins að skreppa út í stutta stund. Geirfinnur hafi síðan komið til baka eftir um 15 til 20 mínútur, dvalið heima í nokkrar mínútur en þá hafi síminn hringt. Sonur þeirra hjóna, [SJGe], hafi svarað og hafi þá karlmannsrödd spurð hvort Geirfinnur væri heima. Kvaðst [GSig] hafa heyrt Geirfinn tala stutt í símann. Hann hafi svo farið út aftur og síðan þá hafi ekkert til hans spurst. Aðspurð um símanúmer þeirra hafi [GSig] sagt þau hafa fengið símanúmerið 3157 í febrúar 1974 og af þeim sökum hafi Geirfinnur ekki verið skráður í símaskrána fyrir árið 1974.³⁷
18. Í samantektarskýrslu Hauks er bókað um samtalið hans við [GKJ], afgreiðslustúlku í Hafnarbúðinni. Kvað hún Geirfinn hafa komið um klukkan 22:00 í Hafnarbúðina, keypt einn pakka af Winston sígarettum og farið stuttu seinna. Um 10 til 15 mínútur

³⁶ Bls. 61_C–D.

³⁷ Bls. 64_C–E.

síðar hafi maður komið inn og hagað sér undarlega. Hafi hann stíkað eftir ganginum og horft mikið í afgangsluborðið. Kvaðst [GKJ] hafa spurt hvort hún gæti aðstoðað hann og hann þá svarað: „Ég ætla ekkert að fá.“ Stuttu síðar hafi hann beðið um að fá lánaðan síma og [GKJ] orðið við þeirri bón. Maðurinn hafi hringt stutt símtal án þess að nota símaskrá. Kvaðst [GKJ] ekki hafa veitt þessu neina sérstaka athygli. [GKJ] hafi gefið lögreglu lýsingu á útliti og klæðnaði mannsins og sagst fullviss um að þekkja manninn ef hún sæi hann aftur. Í samtali Hauks við [ÁEG] sem hafi verið stödd í Hafnarbúðinni þetta kvöld kom fram að hún ætti erfitt með að lýsa manninum, en væri sammála lýsingu [GKJ]. Þá hafi hún sagst fullviss um að þekkja manninn sæi hún hann aftur.³⁸ Loks er fært til bókar í skýrslunni að leit að Geirfinni hafi farið fram með aðstoð björgunarsveitarinnar í Keflavík sem og hjálparsveitar skáta í Njarðvík. Leitað hafi verið með fjörum, kafað í höfnum og leitað á afmörkuðum svæðum á Suðurnesjum en án árangurs.³⁹

19. Meðal þess sem rannsóknarlögreglan í Keflavík aflaði upplýsinga um undir rannsókn málsins var einkalíf Geirfinns, persónuhagir hans og heilsufar. Dagana 24. nóvember til 4. desember 1974 voru teknar skýrslur af kunningjum, vinafólki og þáverandi og fyrrverandi vinnufélögum, víðs vegar um land til að afla upplýsinga um Geirfinn og mögulegar ástæður fyrir hvarfi hans. Tekin var skýrsla af [GSig], eiginkonu Geirfinns, á heimili þeirra í því skyni að afla upplýsinga um hagi þeirra hjóna, framkomu Geirfinns, heilsufar hans og fleiri persónuleg málefni.⁴⁰ Hafi hún lýst Geirfinni sem mjög rólegum í framkomu og einungis einu sinni hafa séð hann virkilega reiðan en þá hafi hann verið undir áhrifum áfengis. Fátt hafi komið Geirfinni úr jafnvægi. [GSig] kvað Geirfinn hafa verið lokaðan um sín persónulegu málefni og aldrei hafa rætt við sig um vinnu sína eða atburði dagsins. Hafi þau rifist um þetta atriði um tveimur mánuðum fyrir hvarf hans og hafi hann þá í kjölfarið bætt framkomu sína til mikilla muna. Aðspurð um líkamlegt atgervi Geirfinns kvaðst [GSig] halda að hann væri ósýndur. Bróðir Geirfinns, [SSE], var tekinn til skýrslutöku af sama tilefni.⁴¹ Bar hann Geirfinni svipaða sögu og [GSig], hann hafi verið mjög dulur og ekki talað um sín einkamál.
20. Vitnið [ÁEG], sem stödd var í Hafnarbúðinni umrætt kvöld, var yfirheyrð af lögreglu 29. nóvember 1974. Var framburður hennar í samræmi við það sem áður hafði komið fram í samtali hennar og Hauks Guðmundssonar, lögreglumanns. Varðandi leirmyndina kvaðst [ÁEG] helst vera ósátt við munnsvipinn og hárið, en hár mannsins sem um ræðir hafi ekki verið svona snyrtilegt. Sama dag var aftur tekinn skýrsla af vitninu [GKJ], afgangslustúlku í Hafnarbúðinni. Bar hún á sömu leið og í fyrri skýrslu sinni en gaf nánari lýsingar á manni þeim sem fékk að hringja í Hafnarbúðinni. Kvað hún hann hafa verið með miklar augabrúnir, svolítið sambrýndan og með frekar stórt

³⁸ Bls. 64_G.

³⁹ Bls. 64_H.

⁴⁰ Bls. 65.

⁴¹ Bls. 88.

nef. Hann hafi verið með gróft andlitsfall, rauður í kinnum og myndarlegur. Augu hans hafi verið frekar innarlega í höfðinu og augnsvipurinn mjög sterkur.⁴²

21. Fyrir liggur númeraður listi, dagsettur 29. nóvember 1974, með nöfnum 74 manna sem lögreglu hafði borist ábendingar um að líktust leirstyttunni. Sama dag birtist frétt í Vísi þar sem haft er orðrétt eftir Hauki Guðmundssyni, lögreglumanni: „Það er bara tímaspursmál, hvenær við finnum manninn. Það gæti orðið á næstu klukkustundum og það geta líka liðið vikur þangað til.“ Hafði blaðamaður það eftir Hauki að lögregla hefði allmarga menn í sjónmáli sem lýsingin á þeim eftirlýsta gæti átt við.⁴³ Þeir sem stæðu að leitinni að eftirlýsta manninum væru allir jafn sammála um að hann myndi finnast. Í viðtali við Alþýðublaðið sama dag sagði Haukur að með þau gögn sem lögregla hefði nú í höndunum væri aðeins tímaspursmál hvenær þeir næðu honum.⁴⁴
22. Miðvikudaginn 4. desember 1974, 15 dögum eftir hvarf Geirfinns, var tekin skýrsla af [SiAr] um upplýsingar varðandi ferðir manns sem kom í Hafnarbúðina um klukkan 18:30 þann 19. nóvember 1974. Kvaðst [SiAr] hafa beðið í bíl sínum fyrir utan Hafnarbúðina á þessum tíma á meðan sonur hennar hafi farið inn að versla. Þá hafi maður samsvarandi lýsingu á manni þeim sem lýst hafi verið eftir af lögreglu gengið inn í verslunina. Hafi maðurinn verið á fólksflutningabifreið fyrir um 20 manns og taldi [SiAr] að hún hafi verið ljósgul á litinn og með gluggum, sennilega af gerðinni Mercedes Benz. [SiAr] sagði manninn hafa verið í stutta stund inni í versluninni og kvað son sinn hafa sagt sér síðar að maðurinn hafi fengið lánaðan síma. Litlu síðar hafi hún verið stödd í versluninni Þristinum við Hafnargötu og þá hafi þessi sami maður verið þar inni að fá sér að borða.⁴⁵
23. Sama dag lýsti rannsóknarlögreglan í Keflavík eftir tveimur vitnum í sambandi við hvarf Geirfinns.⁴⁶ Óskaði lögregla annars vegar eftir því að ná tali af manni þeim sem sást ræða við Geirfynn í stiga sem lá upp á þriðju hæð skemmtistaðarins Klúbbsins í Reykjavík um miðnætti sunnudaginn 17. nóvember 1974. Hins vegar skoraði lögregla á mann þann sem hafi komið á rauðum Fiat 600 á smurstöð Þórshamars á Akureyri eftir lokun 26. nóvember 1974 að gefa sig fram. Fyrir liggur að skýrsla var tekin af [GSH] 26. nóvember 1974, en aðspurður kvaðst hann hafa hitt Geirfynn í Klúbbum umrætt kvöld um klukkan 23:30 og rætt við hann stutta stund, en þeir væru kunningjar.⁴⁷ [GSH] var ekki yfirheyrður aftur í tengslum við rannsókn málsins. Í frétt Þjóðviljans um málið 4. desember 1974 var haft eftir Hauki Guðmundssyni lögreglumanni að aðeins væri um tímaspursmál að ræða hvenær lögreglan myndi finna manninn sem fékk að hringja í Hafnarbúðinni.
24. Laugardaginn 7. desember 1974 birtist frétt í Tímanum um framgang rannsóknar á hvarfi Geirfinns. Kom þar fram að rannsóknarlögreglan í Keflavík hafi sætt gagnrýni fyrir ítrekaðar yfirlýsingar þess efnis að þeir væru bjartsýnir og að eingöngu væri

⁴² Bls. 86.

⁴³ Bls. 92.

⁴⁴ Bls. 93.

⁴⁵ Bls. 117.

⁴⁶ Bls. 164–166.

⁴⁷ Bls. 55.

tímaspursmál hvenær þeir finndu manninn sem hafi fengið að hringja úr Hafnarbúðinni. Þegar blaðamaður bar þessa gagnrýni undir Hauk Guðmundsson lögreglumann hafi hann sagt lögregluna alveg vissa um að finna manninn. Um tímaspursmál væri að ræða en það væri mælt í vikum og jafnvel mánuðum. Þá hafi Haukur sagt lögregluna haga leit sinni eins og þeir væru að leita að hugsanlegum morðingja eða morðingjum. Loks kom fram í fréttinni að rannsóknarlögreglan í Keflavík lýsti eftir ökumanni á sendiferðabíl, ljósum á lit og með gluggum, sem hafi sést fyrir utan Hafnarbúðina klukkan 18:30 þann 19. nóvember 1974.

25. Miðvikudaginn 11. desember 1974 birtist tilkynning á forsíðu Morgunblaðsins þess efnis að lögregla hafi fengið nákvæmari upplýsingar um mann þann sem hafi komið í Hafnarbúðina á ljósri sendiferðabifreið um klukkan 18:30 umrætt kvöld. Hafi þessi sami maður sést skömmu síðar að snæðingi inni í versluninni Þristinum sem bendi til þess að hann sé aðkomumaður. Þá hafi sjónarvottar nú lýst manni þessum nákvæmlega eins og manni þeim sem hafi komið í Hafnarbúðina klukkan 22:30 og fengið að hringja. Önnur gögn liggja ekki fyrir um þessar nákvæmari upplýsingar og fullyrðingar lögreglu þeim tengdum. Þá var þess jafnframt getið í fréttinni að lögregla hafi lokið við athugun á öllum rauðum Fiat 600 bílum, en ekkert hafi komið út úr þeirri rannsókn. Ökumaður Fiat bifreiðarinnar sem lýst hafi verið eftir hafi ekki gefið sig fram, ekki frekar en aðrir þeir sem lögregla hafi lýst eftir í tengslum við rannsókn málsins.⁴⁸
26. Í Vísi var birt frétt 12. desember 1974 um að lögregla leitaði að ljósum Mercedes Benz sendiferðabíl í sambandi við hvarf Geirfinns og yrðu allir slíkir bílar athugaðir. Þá sagði í fréttinni að nokkuð ljóst væri að einhvern tímann á bilinu klukkan 18:00 og 21:00, daginn sem Geirfinnur hvarf, hafi hann fengið upphringingu, þar sem hann hafi verið boðaður á stefnumótið í Hafnarbúðinni.⁴⁹
27. Fyrir liggur að rannsóknarlögreglan í Keflavík sendi dómsmálaráðuneytinu bréf 13. desember 1974 þar sem sagði að eðli þessa dularfulla hvarfs Geirfinns Einarssonar væri þannig að óafsakanlegt væri að draga úr rannsókninni eða hætta henni með öllu. Til þess væri þrýstingur almennings og fjölmiðla um áframhaldandi aðgerðir of miklar. Af þeim sökum væri ekki annað fært en að fela Hauki Guðmundssyni lögreglumanni að vinna áfram að rannsókn málsins eingöngu um óákveðinn tíma.⁵⁰
28. Laugardaginn 14. desember 1974 birtist heilsíðugrein í Morgunblaðinu um framvindu rannsóknarinnar í tilefni af því að tæpur mánuður var liðinn frá hvarfi Geirfinns. Kom þar fram að á allra síðustu dögum hafi lögreglu borist gleggri upplýsingar um mennina tvo á Mercedes Benz sendiferðabifreiðinni og Fiat 600 bifreiðinni. Samkvæmt þeim upplýsingum bendi margt til þess að sá sem hafi komið í Hafnarbúðina umrætt kvöld klukkan 18:30 og sá sem hafi komið klukkan 22:30 hafi verið einn og sami maðurinn. Rannsóknargögn liggja ekki fyrir um þessar upplýsingar og fullyrðingar lögreglu þeim tengdum.

⁴⁸ Bls. 169–170.

⁴⁹ Bls. 171.

⁵⁰ Bls. 172.

29. Í byrjun janúar 1975 hófst rannsókn lögreglu á umfangsmiklu smygli á spíra hingað til lands með millilandaskipum. Í þeim tengslum barst lögreglunni ábending frá upplýsingaaðila um að þess hafi verið farið á leit við Geirfinn Einarsson að hann meðhöndlaði spíra sem sjór hafi komist í.⁵¹ Af því tilefni var hafin sérstök rannsókn á því hvort hvarf Geirfinns gæti hugsanlega tengst umfangsmiklum innflutningi á ólöglegu áfengi. Þann 12. janúar 1975 var tekin skýrsla af [SnAd] í tengslum við rannsókn málsins og kvað hann mág sinn hafa óskað eftir því við sig hvort hann gæti eimað spíritus sem sjór hafi komist í eða hvort hann þekkti einhvern sem gæti framkvæmt slíkt. Hafi hann þá hringt í Geirfinn Einarsson en þeir hafi verið kunningjar og [SnAd] kunnugt um að Geirfinnur hafi eitthvað fengist við bruggtæki. Það hafi verið um kvöldmatarleytið 18. nóvember 1974 sem [SnAd] hafi hringt í Geirfinn með þessa málaleitan og kvaðst Geirfinnur munu athuga málið.⁵² Kvaðst [SnAd] hvorki hafa séð né heyrt í Geirfinni síðan, enda hafi hann horfið daginn eftir.
30. Bæjarfógetaembættið í Keflavík sendi frá sér fréttatilkynningu strax daginn eftir, 13. janúar 1975. Þar kom fram að vegna blaðaskrifa um rannsókn lögreglu á áfengis- og tollalagabrotum þætti rétt að greina frá því að við rannsókn á hvarfi Geirfinns Einarssonar hafi verið rannsakaðar sérstaklega ábendingar í þá átt að tengsl væru hugsanleg á milli þessara tveggja mála. Í ljós hafi komið að rannsókn vegna hvarfs Geirfinns tengdist þessu smyglmáli lítillga, en á þeim þætti hafi fengist fullnægjandi skýring. Í tilkynningunni var því lýst yfir að ekkert hefði komið fram á þessu stigi sem benti til þess að Geirfinnur hafi verið þátttakandi í áðurgreindu áfengis- og tollalagabroti.⁵³
31. Ýmsar kviksögur gengu manna á milli um hvarf Geirfinns, spírasmyglið, meinta dreifingu veitingastaðarins Klúbbsins á smyglinu og möguleg innbyrðis tengsl þessara mála. Um tveimur mánuðum eftir hvarf Geirfinns birtist í Þjóðviljanum áskorun frá aðstandendum Geirfinns um að blaðamenn létu af skrifum æsifréttanna um málið. Blaðaskrifin hafi í raun verið glæpur gagnvart því fólki sem ætti í hlut og væru sárindi fjölskyldunnar óbætanleg.⁵⁴ Daginn eftir, 22. janúar 1975, lýsti Þjóðviljinn því yfir í kjallaragrein í blaði sínu að sjálfsagt væri að verða við þeirri áskorun af tillitsemi við ættingja og venslamenn Geirfinns, en lögregla og tollyfirvöld bæru líka ábyrgð á söguflauminum. Í greininni kom fram að ástæða væri til að benda á að lögregluyfirvöld í Keflavík hefðu beitt fjölmiðlum óspart til aðstoðar við rannsóknina og gert sitt til þess að gera hvarf Geirfinns dularfyllra og reifarakenndara, en hvarf annarra einstaklinga, með alls kyns yfirlýsingum. Skoraði blaðið á yfirvöld að kveða niður söguburðinn um hvarf Geirfinns og spírasmyglið með því að skýra málin á fundi með blaðamönnum.⁵⁵
32. Fimmtudaginn 23. janúar 1975 var birt áskorun í Morgunblaðinu frá séra Birni Jónssyni, presti í Keflavík, um fjárhagslegan stuðning við [GSig], eiginkonu

⁵¹ Bls. 178.

⁵² Bls. 183.

⁵³ Bls. 184.

⁵⁴ Bls. 187.

⁵⁵ Bls. 188.

Geirfinns. Af því tilefni birtist viðtal í Morgunblaðinu við [GSig] um hagi hennar og lífsreynslu. Aðspurð um hvort eitthvað í fari Geirfinns gæti hugsanlega skýrt hvarf hans kvaðst [GSig] hafa hugsað þetta ítrekað og það eina sem henni hafi dottið til hugar hafi verið að Geirfinnur hafi vitað eitthvað. [GSig] sagðist ekki frekar en hver annar hafa hugmynd um hvað raunverulega hafi gerst. [GSig] kvað þann sem hafi hringt á heimili þeirra um klukkan 22:30 þriðjudaginn 19. nóvember hafa spurt hvort Geirfinnur væri heima, en ekki spurt eftir Geira eins og flestir kunningjar hans kölluðu hann. Kvað [GSig] ekkert í athöfnum Geirfinns hafa gefið sér minnsta tilefni til að gruna að hann væri flæktur í eitthvað óheiðarlegt.⁵⁶ Í kjölfar viðtalsins hafði aðili, sem ekki vildi láta nafn síns getið, samband við Morgunblaðið og hét hálfri milljón króna í verðlaun fyrir upplýsingar sem leitt gætu til þess að upplýsa hvarf Geirfinns.⁵⁷

33. Mánudaginn 3. febrúar 1975 rituðu Magnús Leópolðsson, framkvæmdastjóri veitingastaðarins Klúbbsins, og Sigurbjörn Eiríksson, eigandi Klúbbsins, sameiginlega bréf til dómsmálaráðuneytisins vegna þráláts orðróms um að þeir hafi verið viðriðir hvarf Geirfinns og um leið hið umfangsmikla smyglmál sem væri til rannsóknar. Í bréfinu kom fram að orðrómurinn hafi átt sér nokkrar birtingarmyndir og voru nefnd sem dæmi sögur um að lík Geirfinns hafi fundist á jörðinni Álfnesi, sem væri í eigu Sigurbjörns og bifreið eins og sú sem lýst hafi verið eftir af lögreglu væri í eigu Klúbbsins eða þeirra persónulega. Hafi þeir átt að breyta um lit á bifreiðinni svo hún þekktist ekki aftur. Hingað til hafi þeir beðið með von um að mál þessi upplýstust en eftir því sem tíminn liði og ekkert kæmi fram af hálfu opinberra aðila sem varpað gæti ljósi á staðreyndir þessara mála hafi framangreindur orðrómur magnast meðal annars af frásögnum blaðanna og löggæslumanna sem komið hafi fram í fjölmiðlum. Óskuðu Magnús og Sigurbjörn eftir því að dómsmálaráðuneytið gæfi annaðhvort út opinberlega yfirlýsingu sem myndi eyða þessum sögusögnum eða léti fara fram rannsókn á sannleiksgildi þeirra og uppruna.
34. Mánudaginn 10. febrúar 1975 hafði Haukur Guðmundsson, lögreglumaður í Keflavík, samband við lögregluna í Rangárvallarsýslu og óskaði eftir því að þeir færu að Stóra-Hofi og athuguðu hvort þar væri geymd Mercedes Benz sendiferðabifreið. Var beiðnin í tengslum við rannsókn á hvarfi Geirfinns, en lengi hafi verið leitað að ákveðinni bifreið af þessari gerð án árangurs. Í skýrslu um leitina kemur fram að Haukur hafi sagt orðróm hafa borist um að bifreiðin væri þar geymd. Þá segir að jörðin Stóra-Hof sé í eigu Sigurbjörns Eiríkssonar, en hann reki þar hrossabúskap. Morguninn eftir hafi lögregla farið að Stóra-Hofi og leitað í húsum og gengið um næsta nágrenni en ekkert fundið.
35. Með bréfi dagsettu 18. febrúar 1975 ítrekaði Ingi Ingimundarson hæstaréttarlögmaður bréf þeirra Magnúsar og Sigurbjörns til dómsmálaráðuneytisins dagsett 3. sama mánaðar.⁵⁸ Lagði lögmaðurinn þunga áherslu á að aðgerðum í málinu yrði hraðað af hálfu ráðuneytisins. Fyrir þeirra hönd var þess krafist að fyrirskipuð yrði opinber rannsókn í þeim tilgangi að leiða í ljós uppruna og orsakir þess söguburðar um að

⁵⁶ Bls. 189–190.

⁵⁷ Bls. 199.

⁵⁸ Bls. 203_A–G.

umbjóðendur hans hafi verið viðriðir eða valdir að hvarfi Geirfinns Einarssonar. Kvað hann þessar sögusagnir ærumeiðandi og niðrandi og til þess fallnar að leggja mannorð umbjóðenda sinna í rúst. Auk þess sem þær hafi valdið fjölskyldum þeirra og starfsfólki ómældum sársauka og leiðindum. Í bréfi lögmannsins kom fram að Haukur Guðmundsson lögreglumaður hafi hringt í Magnús Leópoldsson í janúar 1975 og boðað hann í skýrslutöku á lögreglustöðina við Hverfisgötu í Reykjavík. Er þetta eina heimild þess en engin skýrsla liggur fyrir í málinu. Haukur hafi spurt Magnús um bifreiðaeign hans og verslunarinnar Esju á Kjalarnesi sem Magnús rak. Hafi Haukur í framhaldinu rætt við Magnús um ábendingu þess efnis að hann og Sigurbjörn eða Klúbburinn ættu bifreið af þeirri tegund sem hafi verið lýst eftir og væru þeir nú að láta breyta um lit á bifreiðinni. Þá segir í bréfinu að einhverju seinna hafi lögreglumaður úr Borgarnesi komið á heimili föður Magnúsar, [LeJ], og spurst fyrir um hvort þar væri geymd bifreið fyrir Magnús sem verið væri að mála. Í bréfinu tiltók lögreglumaðurinn fjölmörg önnur dæmi og ítrekaði kröfur umbjóðenda sinna um að opinber rannsókn yrði látin fara fram á sannleiksgildi og uppruna þessara sögusagna svo og allri meðhöndlun rannsóknarinnar á hvarfi Geirfinns Einarssonar. Engin gögn liggja fyrir um viðbrögð dóms- og kirkjumálaráðuneytisins við þessu erindi.

36. Í frétt á baksíðu Vísis 26. febrúar 1975 var haft eftir Hauki Guðmundssyni lögreglumanni að þrátt fyrir að tengsl Geirfinns við smyglmálið hafi verið könnuð til fulls og á þeim fengist fullkomin skýring væri ekki útilokað að önnur tengsl væru á milli þessara tveggja mála. Var haft orðrétt eftir Hauki: „Við erum að athuga það núna enda er þetta eina hugsanlega mótívið sem við höfum rekist á ennþá.“⁵⁹
37. Fyrir liggur upplýsingaskýrsla rannsóknarlögreglunnar í Keflavík dagsett 5. mars 1975. Þar segir að skýrsluritara hafi borist það til eyrna að nafngreind stúlka gæti gefið upplýsingar um bifreið sem Magnús Leópoldsson hefði til umráða og væri nú nýmáluð, líklega Fiat. Umrædd stúlka hafi unnið í Klúbbnum og gæti jafnframt veitt upplýsingar um hegðun Magnúsar. Í skýrslunni kemur fram að stúlkan hafi verið tekin til viðræðna og þá hafi hún sagst hafa þessar upplýsingar frá [GíSi] syni Sigurbjörns Eiríkssonar. Hann hafi sagt henni frá því þegar hann og faðir hans hafi málað sendiferðabifreið fyrir um mánuði síðan. Kvaðst hún engar frekari upplýsingar geta gefið.⁶⁰
38. Í lok mars kallaði Sigurbjörn Eiríksson eftir aðstoð lögreglu á veitingastaðinn Naustið. Kvað hann mann hafa veist að sér ítrekað og brigslað sér um aðild að Geirfinnsmálinu. Óskaði Sigurbjörn eftir því að koma á lögreglustöðina ásamt manningum. Reyndist maðurinn ofurölvi og var hann að lokum vistaður í fangageymslu.⁶¹
39. Fimmtudaginn 3. apríl 1975 birtist frétt í Tímanum þar sem því var slegið upp að engin tengsl væru á milli smyglmálsins og hvarfs Geirfinns.⁶² Í fréttinni sagði að við rannsókn á hugsanlegum tengslum milli þessara mála hafi ekkert komið fram sem gæti

⁵⁹ Bls. 204.

⁶⁰ Bls. 205.

⁶¹ Bls. 206.

⁶² Bls. 207.

gefið vísbendingu um afdrif Geirfinns, en eins og kunnugt sé hafi Haukur Guðmundsson lögreglumaður lýst því yfir í fjölmiðlum að þar væri sennilega helst að finna skýringu á hvarfi Geirfinns. Hafði blaðamaður það eftir Hauki að rannsókn málsins beindist nú að almennri úrvinnslu upplýsinga. Enn væri verið að rannsaka bifreiðar sem lýst hafi verið eftir og sagði hann ýmsa vankanta á þeirri rannsókn þar sem svo virtist sem hér á landi væru til bifreiðar sem ekki væru löglega skráðar. Að lokum kvaðst Haukur í samtali við blaðamann alltaf hafa haft þá skoðun að þetta mál leystist og sagðist enn vera bjartsýnn á að finna viðhlítandi skýringu á hvarfi Geirfinns. Tíminn fylgdi fréttinni eftir með viðtali við forstöðumann Bifreiðaeftirlits ríkisins.⁶³ Kvað hann ekki hægt að segja um það með vissu hvort hér á landi væru bifreiðar sem ekki hafi verið löglega skráðar. Sagði hann að sér væri ekki kunnugt um að ítarleg könnun hafi farið fram á því hvort umræddir bílar væru til á skrá eða ekki, en slík könnun kostaði gífurlega mikla vinnu. Ekki hafi verið leitað til Bifreiðaeftirlitsins í þessu sambandi.

40. Í byrjun maí 1975 birtist frétt í Vísi þar sem fram kemur að maður að nafni [ÍG], öðru nafni [IsJS], hafi að undanfögnu staðið í bréfaskriftum við fjölskyldu sína í Jerúsalem til að kanna hvort sjáandi í Jórdaníu gæti hjálpað Íslendingum við lausn Geirfinnsgátunnar. Sagði hann ættingja Geirfinns verða að fara á fund sjáandans svo hann gæti séð hvað hafi komið fyrir Geirfinn. Kvaðst [ÍG] hafa haft samband við lögregluna um þennan möguleika, en hann hafi ekki haft samband við fjölskyldu Geirfinns.⁶⁴
41. Með bréfi dóms- og kirkjumálaráðuneytisins dagsettu 4. júní 1975 til bæjarfógetans í Keflavík var Haukur Guðmundsson leystur frá þeim sérstöku störfum sem honum voru falin við rannsókn vegna hvarfs Geirfinns og látinn taka við sínu fyrra starfi. Fram kom í bréfinu að ekki væri talin þörf á því að Haukur helgaði sig lengur störfum við rannsókn málsins þar sem fyrirliggjandi rannsóknargögn veittu ekki tilefni til þess.⁶⁵ Frétt um að Geirfinnsmálið hafi verið lagt á hilluna birtist í Vísi 11. júní 1975 og því lýst að formlegri rannsókn málsins hafi verið hætt. Í sama blaði var jafnframt frétt um að jórdanski sjáandinn hafi sagst geta komist fyrir um afdrif Geirfinns en til þess verði einhver náinn ættingi hans að koma á fund hans í Jórdaníu. Kvaðst [ÍG], sem hafði haft milligöngu um málið, ætla að sækja styrk til ríkisins til að kosta sig og ættingja Geirfinns til Jórdaníu í þessum tilgangi.⁶⁶ Mánudaginn 22. september 1975 birtist frétt á baksíðu Dagblaðsins um að eiginkona Geirfinns, Haukur Guðmundsson lögreglumaður og [ÍG], hafi haldið á fund jórdanska sjáandans til Jórdaníu.⁶⁷ Þann 8. október birtist síðan frétt í sama blaði þar sem fram kom að jórdanski sjáandinn hafi ekki séð neitt sem varpað gæti ljósi á hvarf Geirfinns, málið væri því enn óleyst.⁶⁸

⁶³ Bls. 207_A.

⁶⁴ Bls. 208.

⁶⁵ Bls. 209.

⁶⁶ Bls. 210.

⁶⁷ Bls. 213.

⁶⁸ Bls. 214.

42. Fyrir liggur bréf frá Sævari Ciesielski, ritað á bréfsefni merkt „SMC production & distribution“, til Guðjóns Skarphéðinssonar í París, dagsett 7. október 1975. Bréfið var svar Sævars við bréfi Guðjóns sem hafði borist honum daginn áður. Í bréfinu rakti Sævar helstu tíðindi og greindi Guðjóni frá því að hann og Erla Bolladóttir hafi eignast dóttur 24. september 1975. Þá ritaði Sævar um að þurfa að redda peningamálum og komast út. Greindi hann frá hugmynd sinni um að þeir myndu stofna til viðskipta um „stuðmál“, eins og hann orðaði það. Bað hann Guðjón um að athuga lán í erlendum bönkum og möguleikum á leigu á frönskum og ítölskum kvikmyndum til sýninga á Íslandi.⁶⁹
43. Þann 22. október 1975 dró næst til tíðinda í rannsókn á hvarfi Geirfinns. Aðstandendur [GuA] tilkynntu til lögreglu frásögn hans um aðild sína að hvarfi Geirfinns Einarssonar. Hafði [GuA] átt við drykkjuvandamál að stríða um nokkra hríð og undir áhrifum hafi hann viðurkennt í tvígang fyrir dóttur sinni og tengdasyni að hafa verið flæktur í hvarf Geirfinns. Hófst frásögn [GuA] á því að hann hafi kynnst Sigurbirni Eiríkssyni á Farsóttarspítalanum fyrir nokkrum árum síðan. Síðastliðið haust hafi Sigurbjörn boðið honum starf við að stjórna vél báts sem sækja átti smyglvarning í sjóinn við Keflavík. Kvaðst [GuA] hafa tekið bát frænda síns traustataki í því skyni. Hafi hann og Geirfinnur síðan farið út á bátnum og Geirfinnur kafað á eftir smyglinu. Það hafi svo verið í nóvember sem farið var til að sækja stórsmýgl á sama stað og áður. Það kvöld hafi [GuA] verið á næturvakt á Landspítalanum, stimplað sig inn en síðan farið til Keflavíkur á sendiferðabifreið í eigu spítalans. Hafi sendiferðabifreiðin verið hvít og af gerðinni Ford Transit. Kvaðst [GuA] hafa komið of seint til Keflavíkur miðað við þann tíma sem þeir áætluðu að hitta Geirfinn. Hafi Magnús Leópolðsson þá farið inn í Hafnarbúðina og hringt til Geirfinns. [GuA] hafi farið og sótt aftur sömu trilluna. Þá hafi einnig verið komnir á staðinn Sigurbjörn Eiríksson og annar með honum. Hafi þeir verið á Range Rover bifreið. [GuA] hafi greint svo frá að smyglvarningurinn hafi komið með m/s Goðafossi og verið um borð í skipinu þar til það hélt úr höfn. Hafi þá varningnum verið varpað fyrir borð á tilteknum stað. [GuA] kvað þá Geirfinn hafa farið út á bátnum og hafi Geirfinnur kafað niður og þeir tekið smyglvarninginn um borð í bátinn. Hafi þeir farið tvær ferðir í land með varning en Magnús hafi strax ekið af stað til Reykjavíkur með hluta af smyglinu. [GuA] og Geirfinnur hafi farið í þriðju og síðustu ferðina út og þá hafi Geirfinnur farið niður í froskmannabúningnum en ekki komið upp aftur. Kvaðst [GuA] hafa beðið í fjórar klukkustundir um borð í bátnum, en þá taldi hann að öruggt væri að Geirfinnur kæmi ekki aftur upp. Þegar [GuA] hafi síðan komið í land hafi allir verið farnir nema Sigurbjörn Eiríksson. [GuA] lýsti því yfir við fjölskyldu sína að um slys hafi verið að ræða, en sér hafi brostið kjarkur til að greina frá þessu fyrr þar sem hann hafi verið undir pressu frá Sigurbirni og félögum hans. [GuA] kvaðst ekki hafa fengið borgað fyrir þetta verk en hins vegar fengið loford um það og hafi hann alltaf verið að rukka um peningana.⁷⁰ Fjölskylda [GuA] hvatti hann til að gefa sig fram við lögreglu og skýra frá málinu að sjálfsdáðum. Kvaðst [GuA] þá vera uggandi um líf sitt vegna

⁶⁹ Bls. 213_A–B.

⁷⁰ Bls. 228.

málsins. Hafi hann sagst vera hræddur um að skorta sannanir fyrir hlutdeild Sigurbjörns og þeirra í málinu.⁷¹

44. [GuA] var samdægurs tekinn til skýrslutöku hjá lögreglu með réttarstöðu sakbornings. Kvað hann það ekki rétt sem fram hafi komið að hann hafi farið með Geirfinni í umrædda sjóferð. Sagði hann frásögnina hafa verið hugarburð sinn og hann hafi ekki sagt börnum sínum satt. Kvaðst hann ekkert vita um málið og gæti því engar upplýsingar gefið.⁷² Var [GuA] vistaður í fangelsinu við Síðumúla. Í skýrslutöku daginn eftir ítrekaði [GuA] að umrædd frásögn um aðild sína að hvarfi Geirfinns hafi verið hugarburður sinn sem hafi ekki átt við nein rök að styðjast. Kvaðst hann vera í sambandi með [GrB] sem hafi verið í sambúð með Sigurbirni Eiríkssyni. Kvað [GuA] þau hafa verið í samskiptum við þessa menn.⁷³
45. Lögregla yfirheyrði samstarfsmann [GuA] sem kvað frásögn [GuA] um innstimplun og lánið á sendiferðabifreið spítalans útilokaða.⁷⁴ Þá gerði lögregla jafnframt athugun á því hvaða skip frá Eimskipafélagi Íslands hafi komið inn í höfnina í Keflavík í nóvember 1974. Reyndist m/s Goðafoss ekki hafa komið inn fyrr en 3. desember 1974 og ekkert af millilandaskipum Eimskipafélagsins höfðu komið inn í höfnina daginn sem Geirfinnur hvarf.⁷⁵ Var [GuA] sleppt úr haldi lögreglu 23. október 1975.
46. Miðvikudaginn 19. nóvember 1975 var liðið heilt ár frá því Geirfinnur hvarf. Í viðtali við Morgunblaðið kvaðst Haukur Guðmundsson lögreglumaður sannfærður um að málið myndi upplýsast með tíð og tíma. Í sömu frétt sagði að maður sem ekki vildi láta nafn síns getið hafi heitið hálfri milljón króna til viðbótar í verðlaunafé. Var því alls ein milljón króna í verðlaun til þess aðila sem kæmi fram með upplýsingar sem leiddu til lausnar á málinu.⁷⁶
47. Rannsóknarlögreglan í Reykjavík hafði allt frá byrjun nóvember 1974 haft til rannsóknar fjársvik gagnvart Pósti og Síma. Í byrjun desembermánaðar 1975 veitti refsifangi á Litla-Hrauni, [SSA], lögreglu upplýsingar um að Sævar Marinó Ciesielski og Erla Bolladóttir stæðu að baki fjársvikunum.⁷⁷ Miðvikudaginn 10. desember 1975 var Kristján Viðar Viðarsson fluttur af vinnuhælinu að Litla-Hrauni til yfirheyrslu í fangelsið við Síðumúla í Reykjavík.⁷⁸
48. Kristján Viðar var til yfirheyrslu hjá lögreglu milli klukkan 14:00 til 18:00 fimmtudaginn 11. desember 1975. Rannsóknargögn liggja ekki fyrir um þessa yfirheyrslu. Bókað var í dagbók Síðumúlafangelsisins að um kvöldið hafi Kristján Viðar verið mjög upptrektur og látið frekar dólgslega. Hafi hann gert tilraun til að kalla til annars fanga og rekið upp einhvers konar söngvein. Í kaffitímanum hafi hann verið stranglega aðvaraður en frekari aðgerðum frestað að beiðni

⁷¹ Bls. 215–226 og 228–232.

⁷² Bls. 227.

⁷³ Bls. 233–235.

⁷⁴ Bls. 236.

⁷⁵ Bls. 237.

⁷⁶ Bls. 238.

⁷⁷ Bls. 3665.

⁷⁸ Dagbók nr. 3, bls. 491.

rannsóknarlögreglumanna sem hafi ætlað að taka af honum skýrslu. Kristján Viðar var færður til skýrslutöku um kvöldið. Í skýrsluna var bókað að tilefnið var kunningsskapur hans og félagsskapur við Sævar í ágúst og október 1974 en á þeim tíma hafi verið sviknar út háar fjárhæðir hjá Pósti og Síma. Kristján Viðar kvað það rétt að hann og Sævar hafi mikið verið í félagsskap hvors annars í ágústmánuði 1974 en hins vegar hafi þeir engin samskipti átt í október sama ár. Sagði Kristján Viðar að Sævar hafi sýnt sér þykkan bunka af fimm þúsund króna seðlum og sagst hafa svikið þá út hjá Pósti og Síma. Þá sagði Kristján Viðar að Erla Bolladóttir, sambýliskona Sævars, hafi á þessum tíma starfað hjá Pósti og Síma og hafi Sævar greint honum frá því að vegna þekkingar Erlu á starfsaðferðum stofnunarinnar hafi þessi fjárvik verið möguleg.⁷⁹ Að skýrslutökunni lokinni var bókað í dagbók fangelsisins að Kristján Viðar hafi upplýst um frekar stórt mál og því fengið austurferð í snatri í verðlaun. Bókað er í dagbók vinnuhælisins að Litla-Hrauni að klukkan 02:45 hafi rannsóknarlögreglan í Reykjavík komið með Kristján Viðar.⁸⁰ Á sama stað er bókað að 12. desember 1975 hafi [SSA] verið látinn laus úr fangelsi.⁸¹

49. Sævar var handtekinn í kjölfarið og færður til skýrslutöku vegna gruns um aðild að póstsvikamálinu. Sævar neitaði sök og kvaðst hafa alla vitneskju sína um málið úr dagblöðum. Sævar kvað eiginkonu sína, Erlu Bolladóttur, hafa verið yfirheyrða vegna málsins síðastliðið sumar, en hún hafi ekkert getað upplýst um málið.⁸² Var Sævar í kjölfarið færður fyrir sakadóm Reykjavíkur þar sem hann neitaði sök. Var hann úrskurðaður í 30 daga gæsluvarðhald og fluttur í Síðumúlafangelsi.⁸³ Um hádegi næsta dag, 13. desember 1975, var Erla tekin til skýrslutöku vegna gruns um aðild póstsvikamálinu. Kvaðst Erla enga vitneskju hafa um málið aðra en þá sem hún hafði lesið um í blöðum. Kvaðst hún ekki hafa neina hugmynd um hver hafi verið þarna að verki.⁸⁴ Var Erla færð fyrir sakadóm Reykjavíkur þar sem hún neitaði sök. Var hún jafnframt úrskurðuð í 30 daga gæsluvarðhald og flutt í Síðumúlafangelsi.⁸⁵
50. Fyrir liggur handrituð skýrsla um húsleit í íbúð Sævars og Erlu að Þverbrekku 4 í Kópavogi dagana 13. til 14. desember 1975. Var húsleitin framkvæmd af rannsóknarlögreglumönnum Þorsteini J. Jónssyni úr ávana- og fíkniefnadeild, Eggerti N. Bjarnasyni, Sigurbirni Víði Eggertssyni og Ásmundi Guðmundssyni úr lögreglunni í Kópavogi. Fram kom að mikið hafi verið tekið þaðan af ýmsum skjölum og bréfum sem yrðu rannsökuð nánar af framangreindum lögreglumönnum. Þá hafi verið haldlagður lítill hassmoli. Að leit lokinni hafi íbúðin verið innsiglið.⁸⁶
51. Í dagbók fangelsisins var bókað að móðir Sævars hafi hringt 15. desember 1975 með miklum orðaflaumi og spurt hverju það sætti að þau hjón svo ung og saklaus væru hneppt í fangelsi og hvorki hún né aðrir aðstandendur væru látin vita. Heimili þeirra

⁷⁹ Bls. 239-A.

⁸⁰ DA/31, örk 2, bls. 107.

⁸¹ DA/31, örk 2, bls. 107.

⁸² Bls. 239-C.

⁸³ Dagbók nr. 3, bls. 495.

⁸⁴ Bls. 239-D.

⁸⁵ Dagbók nr. 3, bls. 496.

⁸⁶ Bls. 239_L-M.

hafi verið lokað með innsigli og barnið í óreiðu. Var henni bent á að hafa samband við Örn Höskuldsson, fulltrúa sakadóms Reykjavíkur, vegna málsins.⁸⁷ Þá hafi Sævar verið færður að eigin ósk fyrir sakadóm í ávana- og fíkniefnamálum og komið aftur í Síðumúlafangelsið skömmu fyrir miðnætti.⁸⁸ Var Sævar færður aftur til yfirheyrslu daginn eftir, 16. desember 1975.⁸⁹

52. Fyrir liggur handrituð bókun dagsett sama dag um að tveir lögreglumenn hafi farið klukkan 17:10 að Þverbrekku 4 ásamt móður Erlu Bolladóttur. Hafi innsigli fyrir íbúðinni verið rofið og móðir Erlu tekið föt fyrir hana og barnið ásamt rúmi barnsins. Var íbúðin innsiglið aftur að því loknu.⁹⁰
53. Að morgni 17. desember 1975 hafi Jón Oddsson hæstaréttarlögmaður komið og rætt við Sævar og Erlu í um klukkustund, en hann var skipaður réttargæslumaður þeirra beggja vegna póstsvikamálsins. Í dagbók fangelsisins er bókað að Jón hafi farið með bréf frá Erlu til móður hennar. Ákvörðun hafi verið tekin um að láta bréfið fara þar sem það hafi eingöngu verið um barn Erlu sem væri í umsjón móður hennar og sjálfsásakanir Erlu um að hafa ekki farið að ráðum þeirra í fjölskyldunni sem hafi varað hana við sambandi við barnsföður sinn.⁹¹ Í kjölfarið var Erla færð til yfirheyrslu hjá lögreglu og stóð hún yfir í rúmar fimm klukkustundir. Rannsóknargögn liggja ekki fyrir um þessa yfirheyrslu, en að henni lokinni var bókað í dagbók fangelsisins að Erla hafi verið færð á klefa eftir langt og strangt viðtal. Á sama tíma var Sævar í yfirheyrslu fyrir sakadómi í ávana- og fíkniefnamálum. Um kvöldið var Erla tekin til yfirheyrslu í þrjár klukkustundir.⁹² Rannsóknargögn liggja ekki fyrir um þessa yfirheyrslu.
54. Að morgni 18. desember 1975 var Sævar fluttur aftur fyrir sakadóm í ávana- og fíkniefnamálum til yfirheyrslu.⁹³ Klukkan 13:00 var Erla tekin til skýrslutöku. Kvaðst hún hafa kynnst Sævari fyrir um tveimur og hálfu ári síðan. Hafi þau búið saman síðan í október 1973, fyrst að Hamarsbraut 11 í Hafnarfirði, þá að Álíheimum 30, svo að Hjallavegi 31 og nú síðast að Þverbrekku 4 í Kópavogi. Inni á milli hafi þau dvalið erlendis, heima hjá móður Sævars að Grýtubakka 10 og þá hafi komið fyrir að þau hafi ekki búið saman um tíma. Erla játaði aðild sína að póstsvikamálinu og greindi lögreglu í meginatriðum frá aðferð þeirra við fjársvikin. Erla kvað Sævar hafa krafist þess af sér að hún sviki peninga út úr kerfi Pósts og Síma og hafi hún á endanum fallist á það. Samkvæmt skriflegri skýrslu var yfirheyrslunni lokið klukkan 19:30.⁹⁴ Þess skal getið að bókað var í dagbók Síðumúlafangelsisins klukkan 20:00 þennan dag að yfirheyrsla yfir Erlu stæði enn yfir og hafi gert hvíldarlítið síðan í morgun.⁹⁵ Þá var bókað að Örn Höskuldsson hafi tekið við yfirheyrslunni klukkan 22:05 í smá stund og henni lokið klukkan 22:30. Bókað var í dagbók fangelsisins að klukkan 15:00 þennan sama dag

⁸⁷ Dagbók nr. 3, bls. 498.

⁸⁸ Dagbók nr. 3, bls. 499.

⁸⁹ Dagbók nr. 3, bls. 501.

⁹⁰ Bls. 239_O.

⁹¹ Dagbók nr. 3, bls. 502.

⁹² Dagbók nr. 3, bls. 503–504.

⁹³ Dagbók nr. 4, bls. 1.

⁹⁴ Bls. 239_H.

⁹⁵ Dagbók nr. 4, bls. 1b.

hafi [SSA] verið fluttur í Síðumúlafangelsið, en honum hafði verið sleppt úr fangelsi sex dögum fyrr.⁹⁶

55. Föstudaginn 19. desember 1975 hringdi Örn Höskuldsson í Síðumúlafangelsið vegna [SSA]. Skömmu eftir hádegi var bókað um að hringt hafi verið í [GSA], bróður [SSA], og hann inntur eftir því hvort þeir bræður ættu bókað flug til Egilsstaða. Hafi það reynst rétt sem [SSA] hafi sagt. Kvað [GSA] þá bræður eiga flug klukkan 15:30. Stuttu seinna komu rannsóknarlögreglumenn að sækja [SSA] og var bókað að hann kæmi sennilega ekki aftur.⁹⁷ Sama dag var Erla færð til yfirheyrslu klukkan 12:45. Skömmu seinna var farið með Erlu í sakadóm og var komið með hana aftur klukkan 18:55. Rannsóknargögn liggja ekki fyrir um þessa yfirheyrslur. Um kvöldið var Erla aftur tekin til skýrslutöku um póstsvikamálið og stóð hún yfir í um eina og hálfu klukkustund. Játaði hún þar aðild sína að frekari fjársvikum og kvað Sævar hafa átt frumkvæðið sem og í fyrra skiptið.⁹⁸
56. Að morgni 20. desember 1975 er Erla aftur tekin til skýrslutöku hjá lögreglu, en þá með réttarstöðu vitnis.⁹⁹ Tílefnið var að rannsóknarlögreglunni hafði borist til eyrna að sambýlismaður Erlu gæti hugsanlega verið viðriðinn hvarf Guðmundar Einarssonar aðfaranótt 27. janúar 1974. Erla kvaðst muna eftir því að lýst hafi verið eftir ungum manni sem síðast hafi sést til í Hafnarfirði. Þegar hún hafi séð mynd af honum í dagblöðunum hafi hún munað eftir að hafa séð hann í samkvæmi fjórum árum áður. Kvaðst Erla hafa farið einsömul á dansleik í Klúbbnum 26. janúar 1974. Að dansleiknum loknum hafi hún hitt kunningjakonu sína, [AÚJ], sem hafi verið fyrir utan Klúbbinn á gömlum Mercedes Benz. Með henni í bifreiðinni hafi verið unnusti hennar, ökumaðurinn og tveir aðrir piltar. Öll hafi þau verið ölvuð, nema ökumaðurinn. Kvaðst Erla hafa aðeins bragðað áfengi á dansleiknum, en ekki fundið til áhrifa. Hún hafi verið peningalaus og því óskað eftir fari suður í Hafnarfjörð. Hafi þau fallist á það, en viljað bjóða Erlu fyrst í partí í hús skammt frá Klúbbinum þar sem þau hafi dvalið í nokkra stund. Síðan hafi henni verið ekið til Hafnarfjarðar um nóttina, en þá hafi verið í bílnum nefnd [AÚJ], unnusti hennar og ökumaðurinn. Ekki hafi verið farið hefðbundna leið til Hafnarfjarðar heldur ekið leið utan byggðar og sagðist Erla ekki hafa áttað sig á því hvar hún var stödd þegar þau komu í bæinn. Hún hafi síðan vísað leiðina heim til sín að Hamarsbraut 11 og verið komin heim milli klukkan 03:30 og 04:00. Hún og Sævar hafi búið að Hamarsbraut 11 á þessum tíma, en sambúð þeirra hafi verið fremur stíð og hafi hann stundum verið að heiman sólarhringunum saman. Þegar hún hafi komið heim að húsinu hafi hvergi logað ljós. Sagði Erla að aðeins einn lykill hafi verið að íbúðinni og hafi Sævar verið með hann þetta kvöld. Af þeim sökum hafi hún skriðið inn um glugga á kyndi- og þvottaherberginu til að komast inn í íbúðina. Erla sagði dyrnar fram á gang hafa verið lokaðar, en dyrnar inn í geymsluherbergið, sem hafi verið inn af þvottaherberginu, hafa verið opnar. Kvaðst hún hafa farið inn á ganginn og þaðan inn í stofuna. Hélt hún

⁹⁶ Dagbók nr. 4, bls. 2.

⁹⁷ Dagbók nr. 4, bls. 2–2b.

⁹⁸ Bls. 239_I.

⁹⁹ Bls. 240.

að dyrnar úr ganginum inn í stofuna hafi verið lokaðar, en það hafi hún haft fyrir sið. Kvaðst hún ekki hafa kveikt ljós fyrr en hún hafi komið inn í svefnherbergið. Dyrnar úr stofunni inn í svefnherbergið hafi aftur á móti verið lokaðar, sem hafi verið óvanalegt og kvaðst hún viss um að þær hafi verið opnar þegar hún fór úr íbúðinni morguninn áður. Dró hún af því þá ályktun að einhver hafi komið inn í íbúðina í hennar fjarveru. Þá hafi hún veitt því athygli að hellst hafi úr sykarpoka, sem hafi verið í hillu á borði í svefnherberginu, en svo hafi örugglega ekki verið um morguninn. Erla kvaðst hafa verið þreytt en ekki ölvuð og því farið beinustu leið í rúmið. Hafi hún slökkt ljósið og lagst fyrir í öllum fötunum. Hafi hún þá tekið eftir því að lakið hafi vantað utan um dýnuna sem hafi verið undarlegt þar sem hún hafi ekki fjarlægð það úr rúminu. Þetta hafi verið ljóst lak sem hafi náð yfir tvíbreitt rúm. Kvaðst Erla hafa sofnað mjög fljótlega, en vaknað stuttu seinna við þrusk sem hún hafi talið koma utan við herbergisgluggann. Fyrir utan gluggann hafi verið garður og bifreiðastæði. Kvaðst Erla hafa greint að þruskið hyrfi fyrir húshornið og hafi hún þá sofnað aftur. Mjög stuttu síðar hafi hún vaknað aftur og heyrt þá umgang á ganginum. Augljóst hafi verið að einhver eða einhverjir hafi verið komnir inn í íbúðina. Kvaðst Erla hafa heyrt það á umganginum að þar væru fleiri en einn á ferðinni, berandi eitthvað þungt. Erla sagðist hafa farið fram úr rúminu og inn í stofuna. Þá hafi hún séð að dyrnar úr stofunni og fram á ganginn hafi verið í hálfu gátt en Erla kvaðst örugg um að hafa lokað þeim á eftir sér. Kvaðst hún ekki hafa kveikt ljós né gert vart um sig með öðrum hætti. Sagðist Erla hafa séð að birta hafi verið á ganginum og heyrt að þeir sem hafi verið þarna á ferð hafi farið af ganginum í gegnum kyndi- og þvottaherbergið. Virtist henni sem þeir hafi farið þaðan inn í geymsluherbergið sem hafi legið þar inn af. Kvaðst hún hafa heyrt mannamál en ekki greint orðaskil. Hún hafi þekkt raddir tveggja manna, Sævars sambylismanns síns og Kristján Viðars, kunningja hans og vinar. Einnig fannst henni sem hún hafi heyrt rödd þriðja manns, en hún hafi ekki þekkt hana. Þegar hún hafi heyrt raddir mannanna hafi hún verið komin fram á ganginn og þeir inn í geymsluherbergi. Kvaðst hún hafa staðið nokkra stund við dyrnar að kyndi- og þvottaherberginu og hafi þá heyrt sem mennirnir væru að eiga við eitthvað þungt. Hafi hún fært sig í dyragættina og séð þá beint inn í geymsluherbergið. Hafi hún séð greinilega hvað hafi farið þar fram. Sævar, Kristján Viðar og þriðji maðurinn sem hún hafi ekki þekkt hafi verið inni í geymsluherberginu með eitthvað stórt og þungt á milli sín sem hafi verið umlukið ljósu laki. Sagði Erla að Kristján Viðar hafi haldið í annan endann á lakinu sem hafi verið bundinn í hnút. Sævar hafi bograð yfir hinum endanum og verið að binda hann í hnút. Þriðji maðurinn hafi staðið fyrir aftan Kristján Viðar. Virtist Erlu sem hann hafi ekki aðhafst neitt sérstakt. Erla kvaðst ekki hafa séð hvað hafi verið í lakinu, en væri þess fullviss að það hafi verið mannslíkami. Fætur og sitjandi mannsins hafi staðið út í lakið og hafi Erla séð móta greinilega fyrir þessum líkamshlutum og hafi þeir snúið að Kristjáni Viðari. Þá hafi hún séð hvernig bleytublettur hafi myndast á lakinu þar sem sitjandinn stóð út í það. Vond lykt hafi gosið upp, einhvers konar saurlykt. Kvaðst Erla hafa orðið svo miður sín að hún hafi sig hvergi getað hreyft. Hafi hún gripið andann á lofti og Kristján Viðar þá tekið eftir veru hennar, bölvað og talað um hvað hún væri að gera þarna. Þá hafi Sævar litið upp frá verki sínu og sagt honum að vera rólegum og hafi Kristján

Viðar þá þagnað. Kvaðst Erla hafa staðið þarna hreyfingarlaus og hafa upplifað kulda þrátt fyrir að hár hennar hafi verið blautt af svita. Hafi þremmenningarnir tekið manninn upp í lakinu. Kristján Viðar hafi haldið undir annan endann, Sævar undir hinn en þriðji maðurinn hafi haldið um miðjuna. Hafi Sævar farið fyrstur og hrundið henni frá svo þeir kæmust fram hjá henni í dyrunum. Kvaðst Erla hafa fallið í gólfið og legið þar í einhverja stund þar sem hún hafi hreinlega ekki getað hreyft sig. Að smástund liðinni hafi Sævar komið til baka, tekið undir hendur hennar, dregið hana inn í svefnherbergið og lagt hana í rúmið. Hafi hann þá spurt hana hvort hún hafi séð nokkuð en Erlu hafi verið ómögulegt að koma upp orði. Þá hafi Sævar sagt að hún skyldi aldrei segja neitt þótt hún yrði spurð. Með þeim orðum hafi Sævar haldið út úr íbúðinni. Kvaðst Erla hafa sofnað eftir þetta og ekkert muna fyrr en hún hafi vaknað daginn eftir og bjart var orðið. Kvaðst hún halda að hún hafi vaknað fyrr en ekki þorað út fyrr en í birtu. Þegar hún hafi vaknað hafi hún farið út að sorptunnum við húsið. Kvaðst hún ekki geta gert sér grein fyrir því hvers vegna hún hafi gert þetta. Hafi hún litið ofan í þær og efst í annarri tunnunni hafi hún fundið lakið af rúmi hennar og Sævars og í því hafi verið linur og blautur mannssaur. Blettur hafi verið í lakinu á sama stað og hún hafi séð hann myndast um nóttina. Þá hafi sama ólyktin gosið upp. Kvaðst Erla halda að hún hafi farið út til þess að reyna að ganga úr skugga um hvort það sem hún hafi séð um nóttina hafi verið veruleiki. Hafi henni þá liðið mjög illa og fleiri daga þar á eftir. Hafi hún einbeitt sér að því að hugsa ekki um þetta. Sævar hafi hún ekki séð fyrr en nokkrum dögum síðar, nánar tiltekið 1. febrúar 1974. Þegar lýst hafi verið eftir Guðmundi Einarssyni þá hafi hún ekki sett atburði þessarar nætur í samband við hvarf hans. Kvaðst hún yfirleitt ekkert hafa hugsað um þetta. Kvað hún Sævar aldrei hafa minnst á þetta við sig síðan og hún ekki við hann. Undir lok skýrslunnar, sem var sex klukkustundir, kvað Erla það rangt að Kristján Viðar hafi haldið í annan enda laksins þegar henni hafi verið litið inn í geymsluherbergið. Kvað hún hann hafa gengið um gólf og barið krepptum hnefa í lófa sér. Hafi henni virst sem maðurinn í lakinu hafi legið á bakinu með hnén kreppt upp að maganum. Erla kvaðst ekki hafa heyrt til neinnar bifreiðar um nóttina. Sagði hún bifreið hafa geta komið á bifreiðastæðið og farið af því án þess að hún heyrði það inn í húsið. Skýrslutökunni lauk klukkan 16:35 og var Erla þá færð fyrir sakadóm Reykjavíkur. Kvaðst hún reiðubúin að bera vitni í málinu. Samkvæmt endurriti úr þingbók skýrði hún sjálfstætt frá málsatvikum og var bókað að framburður hennar væri í samræmi við lögregluskýrsluna.¹⁰⁰ Var Erlu þá kynntur framburður sinn og kvað hún rétt eftir sér haft og staðfesti undirritun sína á skýrslunni. Í dagbók Síðumúlafangelsisins þennan dag er bókað að Erla hafi verið látin laus úr fangelsinu í kjölfarið.¹⁰¹ Hafði Erla þá setið í fangelsi í sjö daga af 30 daga gæsluvarðhaldsúrskurði.

57. Þennan sama dag, 20. desember 1975, var bókað í dagbók fangelsisins að Sævar hafi óskað eftir að fá að tala við Ásgeir dómara við sakadóm í ávana- og fíkniefnamálum. Hafi Gísli Pálsson lögreglumaður í fíkniefnadeild verið sendur til að tala við Sævar þar

¹⁰⁰ Bls. 246.

¹⁰¹ Dagbók nr. 4, bls. 3b.

sem Ásgeir dómari hafi talið nægjanlegt að láta hann ljúga í Gísla, eins og það er orðað í dagbókinni. Ræddi lögreglumaðurinn í klukkustund við Sævar af því tilefni.

58. Sunnudaginn 21. desember 1975 var bókað í dagbók Síðumúlafangelsisins að komið hafi verið með [ViG] í fangelsið klukkan 11:30. Hafi hann verið færður til yfirheyrslu af rannsóknarlögreglumönnum Eggerti N. Bjarnasyni og Sigurbirni Víði. Hafi þeir talað við [ViG] í hálf klukkustund en fært hann svo á klefa. Hafi þeir aftur tekið til við að yfirheyra [ViG] klukkan 12:45 og þá í rúma klukkustund. Rannsóknargögn liggja ekki fyrir um þessar yfirheyrslur. Þá hafi Örn Höskuldsson, fulltrúi hjá sakadómi Reykjavíkur, hringt í Eggert og sagst munu koma innan tíðar. Var [ViG] færður aftur á klefa sinn og funduðu Eggert, Sigurbjörn Víðir og Örn um „viðkomandi mál.“¹⁰² Klukkan 14:45 er bókað í dagbók fangelsisins að Sævar hafi verið færður fyrir Eggert og Sigurbjörn Víði til viðtals til að byrja með. Klukkustund síðar er [ViG] látinn laus úr Síðumúlafangelsi af þeim Eggerti og Erni. Gert er klukkustundarlangt hlé á yfirheyrslu yfir Sævari klukkan 18:55. Bókað er í dagbók fangelsisins að Jón Oddsson hæstaréttarlögmaður og réttargæslumaður Sævars hafi komið klukkan 20:30 og farið aftur tveimur klukkustundum síðar. Yfirheyrslu yfir Sævari hafi lokið klukkan 01:55 og þá staðið yfir í rúmar tíu klukkustundir að teknu tilliti til klukk tíma matarhlés. Rannsóknargögn liggja ekki fyrir um þessa yfirheyrslu.¹⁰³
59. Samkvæmt bókun í dagbók Síðumúlafangelsisins var Sævar aftur tekinn til yfirheyrslu daginn eftir, 22. desember 1975, klukkan 11:00.¹⁰⁴ Gert var hlé á yfirheyrslunni klukkan 13:00. Rannsóknargögn liggja ekki fyrir um þessa yfirheyrslu. Sævar var aftur tekinn til yfirheyrslu klukkan 14:00. Fyrir liggur samantektarskýrsla lögreglu um yfirheyrsluna og kemur þar fram að yfirheyrslan hafi hafist klukkan 14:00 og lokið klukkan 19:00.¹⁰⁵ Í skýrslunni segir að fljótlega eftir að hún hafi hafist hafi komið og verið viðstaddir Örn Höskuldsson fulltrúi og Jón Oddsson, réttargæslumaður Sævars. Í dagbók fangelsisins er bókað að þeir hafi báðir komið um klukkan 15:30. Í samantektarskýrslunni kemur fram að Sævar hafi verið yfirheyrður með réttarstöðu sakbornings. Tilefnið hafi verið skýrsla sem Erla Bolladóttir sambýliskona Sævars hafði gefið. Í skýrslunni segir að Sævar hafi verið margspurður um vitneskju sína varðandi hvarf Guðmundar Einarssonar. Hafi Sævar í fyrstu neitað allri vitneskju þar um. Hafi honum þá verið bent á að Erla hafi skýrt frá sinni vitneskju um málið og hún hafi sagt Sævar verið við það riðinn. Þá hafi Sævar viðurkennt að hafa einhverja vitneskju um afdrif Guðmundar, en hafi ekki til að byrja með viljað segja nánar frá henni. Þá segir að í samráði við Jón Oddsson, réttargæslumann Sævars, hafi upphafið að skýrslu Erlu verið lesið fyrir Sævar. Sævar hafi fljótlega beðið um að lestrinum yrði hætt og fallist á að skýra sjálfur frá hlutdeild sinni í hvarfi Guðmundar. Ekki hafi verið tekin skrifleg skýrsla af Sævari, en hann hafi skýrt frá atburðum mjög á sömu lund og Erla hafði þá þegar gert. Sævar hafi rakið í aðalatriðum þann atburð að Guðmundur Einarsson, Kristján Viðar Viðarsson og Tryggvi Rúnar Leifsson hafi allir komið að

¹⁰² Dagbók nr. 4, bls. 4.

¹⁰³ Dagbók nr. 4, bls. 4–4b.

¹⁰⁴ Dagbók nr. 4, bls. 5.

¹⁰⁵ Bls. 286.

Hamarsbraut 11 að nóttu til seint í janúar 1974. Tímasetningu hafi Sævar miðað við það að hann hafi þá verið nýkominn erlendis frá vegna kaupa á hassi, en í þá ferð hafi hann farið ásamt [ViG]. Átök hafi orðið í íbúðinni við Hamarsbraut sem hafi lyktað með því Guðmundur hafi beðið bana. Ekki hafi lögreglu verið gert viðvart eða lækni tilkvaður, heldur hafi Sævar hringt til Alberts Klahn Skaftasonar kunningja síns og fengið hann til að koma á staðinn á bifreið föður síns. Í þeirri bifreið hafi þeir flutt lík Guðmundar og urðað það í hrauninu sunnan Hafnarfjarðar. Í lok samantektarskýrslunnar er fært til bókar að skrifleg skýrsla hafi ekki verið tekin af Sævari vegna þess að mjög hafi verið liðið á yfirheyrslutíma og einnig hafi réttargæslumaður Sævars óskað eftir því. Samkvæmt samantektarskýrslunni stóð yfirheyrslan yfir í fimm klukkustundir. Ekkert er bókað um lok yfirheyrslunnar í dagbók Síðumúlafangelsisins þennan dag.

60. Þegar Sævar var yfirheyrður í fyrsta sinn um hvarf Guðmundar Einarssonar hafði hann einu sinni undirgengist sátt um greiðslu fésektar fyrir að hagnýta falsað skjal og verið dæmdur einu sinni fyrir þjófnaðarbrot. Sáttina undirgekkst hann 29. desember 1972 en hann var dæmdur í skilorðsbundið fangelsi fyrir þjófnað í andstöðu við 244. gr. almennra hegningarlaga 21. desember 1973 í sakadómi Reykjavíkur af Gunnlaugi Briem sakadómara. Kristján Viðar var með þeim dómi dæmdur í óskilorðsbundið fangelsi. Sævar var þegar í gæsluvarðhaldi fangelsisrefsingu á Litla Hrauni þennan dag sem yfirheyrslan fór fram.
61. Að kvöldi 22. desember 1975 var fært í dagbók Síðumúlafangelsisins að sýslumaðurinn á Seyðisfirði hafi hringt í Eggert rannsóknarlögreglumann og neitað að handtaka manninn sem um hafi verið beðið nema til kæmi úrskurður eða skeyti. Þar sem ekki hafi verið hægt að senda skeytið hafi ráðuneytisstjórinn í dómsmálaráðuneytinu verið látinn hringja í sýslumanninn.¹⁰⁶ Skömmu fyrir miðnætti hafi tveir lögreglumenn lagt af stað í leiguflugvél til Egilsstaða til að sækja manninn og hafi þeir komið með hann í Síðumúlafangelsið klukkan 05:00.
62. Um hádegi næsta dag, 23. desember 1975, var bókað í dagbók fangelsisins að Sævar hafi verið tekinn til yfirheyrslu en hann neitað að tjá sig án þess að hafa réttargæslumann sinn viðstaddan. Hafi þá verið gerð tilraun til að ná í réttargæslumann Sævars, en það ekki tekist. Sævar hafi þá verið sóttur aftur til yfirheyrslu en hann neitað að tjá sig án réttargæslumanns. Hafi hann þá verið settur á klefa aftur.¹⁰⁷ Í dagbók Síðumúlafangelsisins þennan dag var bókað að Albert Klahn Skaftason hafi verið tekinn til yfirheyrslu af lögreglu klukkan 13:15.¹⁰⁸ Í lögregluskýrslu var upphaf skýrslutökunnar bókað klukkan 13:55.¹⁰⁹ Var Albert Klahn með réttarstöðu vitnis og tilefni yfirheyrslunnar kynnt sem hvarf á ungum manni í Hafnarfirði aðfaranótt 27. janúar 1974. Var Alberti kynnt að Sævar Ciesielski hafi tjáð rannsóknarlögreglunni að á þeim tíma hafi maður verið barinn í íbúð Sævars að Hamarsbraut 11 eða geymsluherbergi innaf íbúðinni. Albert kvaðst hafa verið töluvert mikið í félagsskap

¹⁰⁶ Dagbók nr. 4, bls. 5–6.

¹⁰⁷ Dagbók nr. 4, bls. 6b.

¹⁰⁸ Dagbók nr. 4, bls. 6b.

¹⁰⁹ Bls. 287.

Sævars á þeim tíma, enda hafi þeir verið félagar frá því í æsku. Einnig hafi hann umgengist mikið þá Kristján Viðar og Tryggva Rúnar. Hafi hann oft haft til umráða bifreið föður síns, sem hafi verið gul Toyota. Kvaðst Albert oft hafa ekið þeim félögum í bifreiðinni. Kvað Albert það eitt sinn hafa skeð að nóttu til, vel gæti verið að það hafi verið aðfaranótt 27. janúar 1974, að hann hafi komið á bifreið föður síns á heimili Sævars í Hafnarfirði. Kvaðst hann ekki muna það fyrir víst hvort hann hafi ekið einhverjum þangað eða hvort þeir hafi hringt heim til hans og beðið hann um að koma. Albert var ekki viss um hvað klukkan hafi verið, en kvað hana hafa getað verið einhvers staðar milli 00:00 og 05:00. Kvaðst Albert muna eftir því að hafa setið í bifreiðinni á bifreiðarstæðinu Suðurgötu-megin við hús Sævars. Hafi Sævar komið út frá húsinu og beðið Albert um að opna farangursgeymsluna. Hafi Albert gert það og sest inn í bifreiðina aftur, en Sævar farið aftur inn í húsið. Eftir nokkra bið hafi þeir allir þrír komið að bifreiðinni, Sævar, Kristján Viðar og Tryggvi Rúnar. Bifreiðin hafi snúið þannig að afturendi hennar vísaði að sundi milli Hamarsbrautar 11 og næsta húss við hliðina á. Þarna hafi verið slæm götulýsing og hafi Albert fylgst með ferðum þeirra í vinstri baksýnispegli bifreiðarinnar. Hafi hann séð að þeir hafi allir verið með að hann hélt fleiri en einn poka, eða eitthvað sem hafi líkst poka. Kvað Albert það vel geta verið að þetta hafi aðeins verið einn poki eða eitthvað pokalaga sem þeir hafi hver um sig haldið í á mismunandi stöðum. Hafi hann ekki séð hvað hafi verið í þessum poka eða pokum. Þegar þeir hafi sett byrðina í farangursgeymslu bifreiðarinnar hafi hún ruggað svolítið til og smádynkir heyrst. Hafi Alberti virst það benda til þess að þeir hafi verið að setja eitthvað fremur þungt í farangursgeymsluna. Kristján Viðar og Tryggvi Rúnar hafi sest í aftursæti bifreiðarinnar. Sævar hafi ekki komið strax inn í bifreiðina. Hélt Albert að Sævar hafi farið aftur heim að húsinu. Þegar hann hafi komið hafi hann sest í framsætið við hliðina á Alberti. Kvaðst Albert ekki hafa séð neinn þeirra fara að sorptunnunum við húsið. Kvaðst Albert hafa ekið sem leið lá út úr Hafnarfirði að sunnanverðu, nánar tiltekið á sama stað og ekið hafi verið að Sædýrasafninu. Síðan hafi hann ekið inn á Keflavíkurvegin og hann til suðurs. Sævar hafi sagt til um hvert skyldi aka og hafi hann aðeins ekið að hans fyrirsögn. Kvaðst Albert ekki geta gert sér nána grein fyrir hversu langt þeir hafi ekið eftir Keflavíkurveginum, en veginn hafi þeir ekið þar til Sævar hafi sagt honum að beygja út af honum til vinstri. Sagðist Albert halda að þá hafi þeir verið komnir eitthvað fram hjá Álverinu í Straumsvík, jafnvel þónokkuð suður fyrir það. Hafi hann þá ekið stuttan vegspotta þvert útaf Keflavíkurveginum, beygt svo til hægri nokkurn spöl og síðan aftur til vinstri, eða þannig hafi hann munað best eftir legu þessa afleggjara. Að lokum hafi hann stöðvað bifreiðina ofan í nokkurs konar dæld sem hafi verið svo slétt að hann hafi getað snúið bifreiðinni við. Kvaðst hann halda að þeir hafi ekki verið í sjónmáli frá Keflavíkurveginum ofan í dældinni. Þegar Albert hafi verið búinn að snúa bifreiðinni við þannig að framendi hennar sneri í átt að Keflavíkurveginum, hafi þremmeningarnir farið út. Sævar hafi beðið um lykilinn að farangursgeymslunni og hafi Albert rétt honum lykilinn út um gluggann. Kvaðst Albert ekkert hafa farið út úr bifreiðinni. Þremmeningarnir hafi verið nokkra stund aftan við bifreiðina og í erfiðleikum með að ná einhverju úr farangursgeymslunni. Hafi það virst vera fyrirferðarmikið og ekki mjög þægilegt í meðförum. Albert hafi ekki séð hvað þetta

var enda myrkur og engin ljós á bifreiðinni. Þeir hafi lokað farangursgeymslunni áður en þeir hafi farið frá bifreiðinni og hafi hann séð móta fyrir þeim og byrði þeirra.¹¹⁰ Þegar þeir hafi gengið frá bifreiðinni þá hafi Alberti virst sem þeir hafi verið með einn poka meðferðis og borið hann á milli sín. Þá kvaðst Albert hafa talið að hann hafi ekki slökkt ljósin á bifreiðinni og hann hafi séð móta fyrir þessu í skini frá afturljósum bifreiðarinnar. Þeir hafi svo horfið út í myrkrið. Um 15 til 30 mínútum síðar hafi þeir komið aftur og þá ekki verið með neitt meðferðis. Kvaðst Albert ekki viss hvert hann hafi ekið þeim, en kvaðst halda að hann hafi ekið þeim heim til Kristjáns Viðars að Grettisgötu 82, þó vilji hann ekki fullyrða um það. Sævar hafi setið í framsætinu og kvað Albert það hafa borist í tal þeirra á milli hvað hafi verið í pokanum. Hafi Sævar þá sagt það berum orðum að lík hafi verið í pokanum. Hafi Alberti fundist þetta svo fjarstæðukennt að hann hafi ekki tekið mark á þessu og ekki hugsað frekar um þetta. Kvaðst Albert hafa hitt þessa menn oft en einu sinni síðan og hafi aldrei verið minnst á þessa ferð svo hann hafi heyrt til. Var skýrslutökunni lokið klukkan 17:10 og hafði þá staðið yfir í um fjórar klukkustundir.¹¹¹

63. Í dagbók fangelsisins var skráð að farið hafi verið með Albert Klahn í leiðangur út í bæ klukkan 14:25, á meðan skýrslutökunni stóð. Ekki kemur fram hvenær leiðangrinum hafi lokið. Þá eru rannsóknargögn ekki til um leiðangurinn og ekkert bókað um hann í lögregluskýrsluna.¹¹² Um kvöldið var Albert færður fyrir sakadóm Reykjavíkur. Fyrir dómi kvaðst Albert kannast við hafa ekið þeim Sævari, Kristjáni Viðari og Tryggva Rúnari með eitthvað sem þeir hafi sett í farangursgeymslu bifreiðar hans. Kvaðst Albert ekki hafa vitað þá hver flutningurinn hafi verið, en Sævar hafi sagt sér á heimleiðinni að í farangursgeymslunni hafi verið lík. Kvaðst Albert hafa ekið þeim félögum suður fyrir Hafnarfjörð í umrætt sinn. Var Alberti kynntur framburður hans hjá lögreglu fyrr um daginn. Kvað hann þar rétt eftir sér haft og staðfesti undirritun sína á skýrsluna. Var Albert úrskurðaður í allt að 45 daga gæsluvarðhald. Ákvað dómari að skipa Örn Clausen hæstaréttarlögmann sem réttargæslumann Alberts. Kvaðst Albert ekki óska eftir að kæra úrskurðinn til Hæstaréttar Íslands.¹¹³
64. Í dagbók Síðumúlafangelsisins var bókað að komið hafi verið með Kristján Viðar frá Litla-Hrauni klukkan 17:30 þennan dag, 23. desember 1975. Klukkustund síðar hafi hann verið tekinn til skýrslutöku í stutta stund og síðan færður á klefa sinn aftur. Í lögregluskýrslu segir að Kristján Viðar hafi verið tekinn til yfirheyrslu með réttarstöðu sakbornings. Tilefnið hafi verið vitneskja sem rannsóknarlögreglunni hafi borist í tengslum við hvarf ungs manns í Hafnarfirði aðfaranótt 27. janúar 1974. Kvaðst Kristján Viðar muna eftir því að lýst hafi verið eftir ungum manni sem hafi horfið í Hafnarfirði á þessum tíma. Hann hafi þekkt Guðmund Einarsson sem hafi verið fyrrverandi skólafélagi sinn. Hitt sé annað að hann hafi enga minnstu hugmynd um hvernig hann hvarf eða hvað kann að hafa orðið af honum. Yfirheyrslan stóð yfir í 15

¹¹⁰ Bls. 288.

¹¹¹ Bls. 289.

¹¹² Dagbók nr. 4, bls. 6b.

¹¹³ Bls. 255.

mínútur. Neðanmáls í skýrslu lögreglu er bókað að Kristján Viðar hafi neitað að skrifa undir skýrsluna og yfirleitt að tjá sig nokkuð um málið.¹¹⁴ Kristján Viðar var þá færður fyrir sakadóm Reykjavíkur í kjölfarið. Fyrir dómi kvaðst hann neita að hafa nokkra vitneskju um hvarf Guðmundar Einarssonar. Kvaðst hann halda að hann hafi verið í vinnu í Vestmannaeyjum þegar Guðmundur hvarf, annaðhvort hjá Ísfélaginu eða Herjólfu. Var skýrsla Kristjáns Viðars hjá lögreglu lesin fyrir hann og kvað Kristján Viðar þar rétt eftir sér haft. Kvaðst hann hafa neitað að skrifa undir skýrsluna nema lögfræðingur hans fengi að vera viðstaddur.¹¹⁵ Var Kristján Viðar úrskurðaður í allt að 90 daga gæsluvarðhald og til að gangast undir geðheilbrigðisrannsókn á gæsluvarðhaldstímanum. Óskaði Kristján Viðar eftir því að Páll Arnór Pálsson hæstaréttarlögmaður yrði skipaður réttargæslumaður sinn. Þá óskaði hann eftir því að kæra úrskurðinn til Hæstaréttar Íslands.¹¹⁶

65. Tryggvi Rúnar Leifsson var færður í Síðumúlafangelsið klukkan 14:15 þennan dag samkvæmt bókun í dagbók fangelsisins.¹¹⁷ Þá var bókað að Tryggvi Rúnar hafi verið tekinn til yfirheyrslu og færður á klefa að henni lokinni.¹¹⁸ Var hann tekinn til skýrslutöku með réttarstöðu sakbornings. Tilefnið hafi verið vitneskja sem rannsóknarlögreglunni hafi borist um að Tryggvi Rúnar hafi átt hlut að máli þegar ungur maður hafi horfið í Hafnarfirði aðfaranótt 27. janúar 1974. Kvaðst Tryggvi Rúnar enga hugmynd hafa um á hvern hátt maðurinn hvarf eða muna yfirleitt nokkuð eftir því að nokkur hafi horfið í Hafnarfirði. Kvaðst hann á engan hátt geta tjáð sig um málið. Stóð skýrslutakan yfir í 10 mínútur.¹¹⁹ Í kjölfarið var Tryggvi Rúnar færður fyrir sakadóm Reykjavíkur. Kvaðst hann ekki hafa verið viðriðinn hvarf Guðmundar Einarssonar. Var skýrsla hans hjá lögreglu lesin fyrir hann og kvað hann þar rétt eftir sér haft og staðfesti undirskrift sína.¹²⁰ Var Tryggvi Rúnar úrskurðaður í allt að 90 daga gæsluvarðhald og til að gangast undir geðheilbrigðisrannsókn á gæsluvarðhaldstímanum.¹²¹ Óskaði Tryggvi Rúnar eftir því að Hilmar Ingimundarson hæstaréttarlögmaður yrði skipaður réttargæslumaður sinn. Þá óskaði hann eftir því að kæra úrskurðinn til Hæstaréttar Íslands.
66. Í dagbók Síðumúlafangelsisins sama dag, 23. desember 1975, var jafnframt bókað að Sævar hafi verið tekinn fyrir klukkan 18:45 og hafi Jón Oddsson hæstaréttarlögmaður einnig verið viðstaddur réttarhaldið. Fimm mínútum síðar hafi Örn Höskuldsson, fulltrúi sakadóms Reykjavíkur, komið og þá slitnað upp úr viðræðum í réttinum. Rannsóknargögn eru ekki til um þetta réttarhald. Sævar hafi þá verið færður á klefa sinn til viðtals ásamt Jóni Oddssyni og Sigurbirni Víði.¹²²

¹¹⁴ Bls. 290.

¹¹⁵ Bls. 247.

¹¹⁶ Bls. 249.

¹¹⁷ Dagbók nr. 4, bls. 6b.

¹¹⁸ Dagbók nr. 4, bls. 7.

¹¹⁹ Bls. 291.

¹²⁰ Bls. 250.

¹²¹ Bls. 252.

¹²² Dagbók nr. 4, bls. 7b.

67. Í dagbók Síðumúlafangelsisins var bókað að um klukkan 11:00 á aðfangadag hafi móðir Sævars hringt og spurt um son sinn. Þá hafi Örn Clausen, Hilmar Ingimundarson og Páll Arnór Pálsson, hæstaréttarlögmenn, komið til viðræðna við sína skjólstæðinga í viðurvist lögreglumanna.¹²³ Var svo bókað í dagbók fangelsisins að lögmennirnir hafi farið um einni og hálfri klukkustund síðar og hafi þá málin verið lögð á hilluna fram yfir hátíðar. Skömmu síðar hafi komið Jón Oddsson, réttargæslumaður Sævars, og rætt við Sævar í örstutta stund í áheyrn lögreglu.
68. Á jóladag, 25. desember 1975, var bókað í dagbók Síðumúlafangelsisins klukkan 15:55 hafi Örn Höskuldsson komið ásamt fylgdarliði, sótt Albert og farið með hann í einhvern leiðangur. Hafi þeir komið til baka úr leiðangrinum klukkan 18:50.¹²⁴
69. Aðfaranótt 27. desember 1975 er bókað í dagbók fangelsisins að Tryggvi Rúnar hafi talað við sjálfan sig annað slagið frá klukkan 20:00. Þá var bókað að klukkan 09:10 hafi Albert Klahn verið tekinn til yfirheyrslu í 35 mínútur. Klukkan 11:05 hafi Tryggvi Rúnar verið tekinn til yfirheyrslu.¹²⁵ Rannsóknargögn liggja ekki fyrir um þessar yfirheyrslur. Um einni og hálfri klukkustund síðar er bókað í dagbók Síðumúlafangelsisins að Guðsteinn læknir hafi verið beðinn um að koma og sprauta niður Tryggva Rúnar svo hann geti sofnað. Í sama mund hafi Örn Höskuldsson fulltrúi komið og farið inn á klefa til að tala við Tryggva Rúnar. Rannsóknargögn eru ekki til um þetta samtali. Hafi Guðsteinn læknir sprautað Tryggva Rúnar með 2 amp. Clorpr. og jafnframt skoðað Kristján Viðar Viðarsson.¹²⁶ Þá hafi Tryggva Rúnari verið gefið 70 milligröm af Diazepam klukkan 16:55.
70. Klukkan 13:00 þennan dag, 27. desember 1975, er bókað í dagbók Síðumúlafangelsisins að Sævar hafi verið tekinn til yfirheyrslu. Rannsóknargögn eru ekki til um þessa yfirheyrslu. Hafi Eggert N. Bjarnason rannsóknarlögreglumaður sótt jeppa sem fenginn hafi verið að láni til að fara í leit. Klukkan 13:50 hafi Eggert og Sigurbjörn Víðir farið með Sævar í ökutúr og hafi þeir komið til baka klukkan 16:45. Rannsóknargögn eru ekki til um ökutúrinn. Í kjölfarið hafi Sigurbjörn Víðir tekið Albert Klahn til yfirheyrslu í 15 mínútur. Í dagbók fangelsisins var bókað að skömmu eftir að Albert hafi verið færður á klefa sinn hafi hann orðið óður smá stund og brotið stól. Hafi hann þá verið settur í hand- og fótjárn. Handjárnin hafi verið tekin þegar Albert hafi jafnað sig. Færsluritari hafi þá sagt Alberti að hann hefði frekar átt að berja vegginn heldur en að brjóta stólinn. Hafi Albert þá sagst ekki hafa gert það því þá hefði hann meitt sig. Klukkan 18:30 var bókað að Jón Oddsson, réttargæslumaður Sævars, hafi hringt og spurt um skjólstæðing sinn.¹²⁷ Um klukkustund síðar hafi Guðsteinn læknir komið og sprautað Tryggva Rúnar aftur.
71. Á hádegi næsta dag, 28. desember 1975, var bókað í dagbók Síðumúlafangelsisins að Sævar hafi ekki borðað í sólarhring.¹²⁸ Klukkan 13:35 var fært til bókar að Erla hafi

¹²³ Dagbók nr. 4, bls. 7b.

¹²⁴ Dagbók nr. 4, bls. 8b.

¹²⁵ Dagbók nr. 4, bls. 9.

¹²⁶ Dagbók nr. 4, bls. 9–9b.

¹²⁷ Dagbók nr. 4, bls. 9b.

¹²⁸ Dagbók nr. 4, bls. 10.

hringt og talað við Sigurbjörn Víði. Klukkan 14:55 hafi Tryggvi Rúnar verið færður til yfirheyrslu og hafi hún staðið yfir í tvær og hálf klukkustund. Rannsóknargögn eru ekki til um yfirheyrsluna. Þennan dag hafi Kristján Viðar verið færður til yfirheyrslu klukkan 17:55 og gert hlé á yfirheyrslunni rúmri klukkustund síðar. Rannsóknargögn eru ekki til um yfirheyrsluna. Klukkan 19:45 hafi yfirheyrsla yfir Kristjáni Viðar hafist aftur. Skrifleg skýrsla liggur fyrir um yfirheyrsluna. Tilefnið var hvarf Guðmundar Einarssonar. Aðspurður kvaðst Kristján Viðar muna eftir því að hafa komið að nóttu til heim til Sævars Ciesielski seinast í janúar 1974. Miðaði hann tímamann við það að örfáum dögum áður hafi Sævar komið hingað til lands frá Kaupmannahöfn og Amsterdam. Kvaðst hann ekki muna vikudaginn sem hann hafi komið til Sævars, en það hafi örugglega verið helgi, sennilega aðfaranótt sunnudags. Með honum hafi verið Sævar, Tryggvi Rúnar Leifsson og svo einhver einn til, sem hann gæti ómögulega komið fyrir sig hver hafi verið. Sævar hafi á þessum tíma búið að Hamarsbraut 11 í Hafnarfirði með Erlu Bolladóttur. Sagði Kristján Viðar að Erla hafi ekki verið heima þessa nótt. Kristján Viðar kvaðst ekki muna greinilega eftir atvikum þessa nótt, enda hafi hann verið undir áhrifum áfengis, en teldi sig muna örugglega það sem hann ætlaði að skýra frá. Kristján Viðar lýsti því svo að þeir hafi allir farið inn í íbúð þeirra Sævars og Erlu, en Erla hafi ekki verið heima. Í íbúðinni hafi verið tvö herbergi, gangur, salerni, þvottaherbergi og geymsla inn af því. Gengið hafi verið inn í geymsluna úr ganginum í gegnum þvottaherbergið, en salernið hafi verið við hliðina á þvottaherberginu og einnig hafi verið gengið inn í það af ganginum. Herbergin hafi verið samliggjandi og gengið í gegnum annað til að komast inn í hitt. Kvaðst Kristján Viðar halda að innra herbergið hafi verið notað sem svefnherbergi, en það fremra sem stofa. Átök hafi orðið í íbúðinni og kvaðst hann viss um að hafa ekki tekið þátt í þeim og þau hafi ekki verið milli þeirra Sævars og Tryggva Rúnars. Þau hafi því hlotið að vera á milli þeirra tveggja og fjórða mannsins sem hann gæti ekki komið fyrir sig hver hafi verið. Átökin hafi byrjað inn í innra herberginu, svefnherberginu, og borist svo fram í það fremra, stofuna. Kvaðst Kristján Viðar ekki geta gert sér grein fyrir hvernig þau hafi byrjað eða af hvaða tilefni. Sagði Kristján Viðar sér finnast það sennilegast að Tryggvi Rúnar og fjórði maðurinn hafi tekist á, því Sævar hafi ekki verið til stórræðanna í átökum. Í stofunni hafi hann orðið eitthvað fyrir átakamönnunum og hafi þau borist út í horn þar sem símtækið hafi verið. Kvaðst Kristján Viðar muna það greinilega að hann hafi beðið þá um að gæta að því að brjóta ekki tækið. Úr stofunni hafi svo leikurinn borist fram á ganginn.¹²⁹ Hvernig þeim hafi lyktað eða hvar, gæti hann ekki gert sér grein fyrir. Átökin hafi hætt og hafi þeir allir þrír farið út úr húsinu, það er hann, Sævar og Tryggvi Rúnar. Hann gæti ekki gert sér grein fyrir hvað hafi orðið um ókunna manninn. Hafi þeir þrír þá ekið um Hafnarfjörð nokkra stund og þá hafi sá ókunni örugglega ekki verið með. Hafi þeir ekið meðal annars fram hjá samkomuhúsinu Skipphóli og eitthvað hafi þeir komið við í nætursölunum við Hafnarfjarðarveginn. Síðar hafi þeir farið aftur heim til Sævars. Kvaðst Kristján Viðar ekki geta gert sér ljósa grein fyrir því hvað þeir hafi aðhafst þar. Í ljós hafi komið að Erla hafi verið komin heim, því hann hafi séð hana. Hélt Kristján Viðar að hún hafi

¹²⁹ Bls. 292.

komið fram í ganginn og hann hafi verið þar staddur. Kvað Kristján Viðar þá Sævar og Tryggva hafa bograð yfir einhverju í þvottaherberginu eða geymslunni. Ekki hafi hann getað séð hvað þeir hafi aðhafst. Hafi honum fundist sem þeir hafi verið með einhvern poka, gæti hafa verið sjópoki. Kvaðst Kristján Viðar ekki geta sagt til um hvort eða hvað þeir hafi sett í pokann. Kvaðst hann halda að hann hafi séð til þeirra úr dyrunum úr ganginum inn í þvottaherbergið, en ekki geta gert sér grein fyrir hvernig birtan hafi verið. Honum hafi fundist dimmt. Erla hafi komið en Kristján Viðar sagðist ekki viss um hvert eða hversu langt fram á ganginn, en hún hafi virst mjög hissa og skrítin þegar hún hafi séð til þeirra Tryggva Rúnars og Sævars. Þegar þeir hafi orðið hennar varir hafi Sævar sagt honum að tala við hana og fara með hana inn, sem hann hafi gert. Kristján Viðar kvaðst ekki muna hvað hann hafi sagt við hana. Kristján Viðar kvaðst ekki muna glöggt hvað hafi gerst næst. Kvaðst hann muna að bifreið Alberts Klahn Skaftasonar hafi verið komin að húsinu. Það hafi verið gul, lítil fólksbifreið af japanskri gerð. Bifreiðinni hafi verið bakkað inn í sundið milli hússins sem Sævar hafi búið í og næsta húss við hliðina. Kvaðst Kristján Viðar hafa séð í afturenda bifreiðarinnar þegar hann hafi komið út. Kvaðst hann ekki muna hvort hann hafi verið samferða þeim tveim út úr húsinu, eða hvort þeir hafi komið aðeins á eftir sér. Allavega hafi hann fyrstur þeirra þriggja sest inn í bifreiðina. Albert hafi setið undir stýri. Kvaðst Kristján Viðar ekki geta gert sér ljósa grein fyrir því hvort búið hafi verið að opna farangursgeymsluna eða ekki. Tryggvi Rúnar og Sævar hafi síðan sett eitthvað þungt í farangursgeymsluna, því bifreiðin hafi vaggast til við það. Kvaðst hann ekki hafa séð hvað það hafi verið. Hafi hann sest í aftursæti bifreiðarinnar fyrir aftan öikumannssætið, en Tryggvi Rúnar hægra megin við hlið sér. Sævar hafi farið aftur inn í húsið. Kvaðst Kristján Viðar telja að hann hafi farið til að tala við Erlu. Sævar hafi síðan komið út í bifreiðina aftur. Hann hafi sest í framsætið við hlið Alberts og þá hafi verið ekið af stað.¹³⁰ Kristján Viðar kvaðst ekki muna hvaða leið hafi verið ekin um Hafnarfjörð, en ekið hafi verið út úr kaupstaðnum til suðurs, það er yfir Hvaleyrarholt í átt að Álverinu. Hélt Kristján Viðar að þá hafi verið ekið til suðurs um Keflavíkurveg því hann hafi séð rauð- og hvítmáluðu turnana við Álverið uppljómaða. Kvað Kristján Viðar það einnig hugsanlegt að þeir hafi ekið eftir veginum áleiðis til Krísuvíkur, en vildi ekki fullyrða um það. Hafi þeir allavega fljótlega komið á ójafnan veg og hafi þeir ekið eftir honum nokkurn spöl, eða þar til einhver hindrun hafi verið á honum og þeir hafi ekki getað ekið lengra í þá áttina. Kvaðst hann ekki vera viss um hvort þar hafi verið numið staðar í einhverja stund eða hvort ekinn hafi verið einhver spölur til baka og þar stöðvað. Hvar svo sem stöðvað hafi verið hafi Sævar og Tryggvi Rúnar farið út og tekið eitthvað úr farangursgeymslunni, vafalaust það sem þeir hafi sett þar heima hjá Sævari. Ekki hafi Albert farið þá út úr bifreiðinni og hafi hann því annaðhvort látið Sævar eða Tryggva Rúnar hafa lyklana að farangursgeymslunni. Kvaðst Kristján Viðar ekki muna hvernig þeim Sævari og Tryggva Rúnari hafi gengið að afferma farangursgeymsluna, en þeir hafi verið svo í burtu svolitla stund. Kvaðst Kristján Viðar trúá því að það hafi verið um 15 mínútur en vildi annars ekki um það fullyrða. Þegar Sævar og Tryggvi Rúnar

¹³⁰ Bls. 293.

hafi komið aftur í bifreiðina hafi verið ekið aftur af stað, en Kristján kvaðst ekki geta gert sér grein fyrir því hvert hafi verið haldið. Hafi hann talið sennilegast að sér hafi verið ekið heim, því þar hafi hann vaknað daginn eftir. Einhverjum dögum síðar hafi Kristján Viðar séð lýst eftir Guðmundi Einarssyni í fjölmiðlum, en hann hafi ekki sett það í neitt samband við atburði þá sem hann hafi nú lýst. Aldrei síðan hafi Tryggvi eða Sævar minnst á þetta atvik við hann og ekki heldur Erla eða Albert. Samkvæmt skriflegri skýrslu lauk yfirheyrslunni klukkan 01:42 og stóð því yfir sex klukkustundir.¹³¹ Í dagbók Síðumúlafangelsisins er bókað að klukkan 01:55 hafi Eggert, Sigurbjörn Víðir og Örn farið í ökuferð með Kristján Viðar í klukkustund.¹³² Rannsóknargögn liggja ekki fyrir um ökuferðina.

72. Þann 29. desember 1975 er bókað í dagbók Síðumúlafangelsisins að Sævar hafi verið tekinn til yfirheyrslu klukkan 14:50 og færður aftur á klefa klukkan 16:00. Rannsóknargögn liggja ekki fyrir um yfirheyrsluna. Klukkan 16:30 var bókað að Páll Arnór Pálsson, réttargæslumaður Kristjáns Viðars, hafi komið til viðtals við hann í eina og hálfu klukkustund. Um kvöldið var fært til bókar að Sigurbjörn Víðir og Eggert hafi komið klukkan 22:30 og tekið Albert til viðtals í háltíma.¹³³
73. Klukkan 11:00 næsta dag, 30. desember 1975, er bókað í dagbók fangelsisins að Jón Oddsson hafi hringt. Hafi færsluritari sagt honum að koma strax því Sigurbjörn Víðir væri á staðnum og myndi hann afgreiða samtalið við Sævar. Háltíma síðar er bókað að Jón Oddsson hafi komið og talað við Sævar í áheyrn færsluritara og Sigurbjörns Víðis í tæpa klukkustund. Klukkan 13:20 þennan dag var fært til bókar að Tryggvi Rúnar hafi verið tekinn til yfirheyrslu í rúman háltíma. Rannsóknargögn liggja ekki fyrir um yfirheyrsluna. Nokkrum mínútum síðar er bókað að Eggert hafi farið að sækja Erlu Bolladóttur og komið með hana um hæl. Klukkan 18:45 er bókað að Eggert hafi farið með Erlu. Rannsóknargögn liggja ekki fyrir um dvöl Erlu þennan tíma í Síðumúlafangelsinu.
74. Á forsíðum Morgunblaðsins og Tímans 30. desember 1975 var birt frétt um að fjórir menn væru í gæsluvarðhaldi grunaðir um morðið á Guðmundi Einarssyni. Kom þar fram að rannsóknarlögreglan í Reykjavík hafi unnið stöðugt að rannsókn málsins í rúman mánuð. Þá kom fram að Eggert N. Bjarnason og Sigurbjörn Víðir Eggertsson, rannsóknarlögreglumenn og Örn Höskuldsson, aðalfulltrúi hjá sakadómi Reykjavíkur, færu með rannsókn málsins. Haft var eftir þeim í Morgunblaðinu að yfirheyrslum yrði haldið áfram en játning manna lægi ekki fyrir. Þeir hafi verið yfirheyrðir á hverjum degi og hafi yfirheyrslur stundum staðið fram á nótt.¹³⁴ Í Dagblaðinu var birt frétt á baksíðu blaðsins þar sem fram kom að játningar lægu þegar fyrir og stuðst væri við þær við rannsókn málsins.¹³⁵ Á forsíðu sama blaðs þennan dag var önnur frétt um málið þar sem fram kom að meðal þeirra játninga sem stuðst væri við í rannsókn málsins væri framburður manns sem fenginn hafi verið til þess að aka líki Guðmundar.

¹³¹ Bls. 294.

¹³² Dagbók nr. 4, bls. 10b.

¹³³ Dagbók nr. 4, bls. 11.

¹³⁴ Bls. 295 og 297.

¹³⁵ Bls. 296.

Fullyrt var að þeim sem fenginn hafi verið til þessa óhugnanlega flutnings hafi verið hótad lífláti ef hann segði nokkru sinni frá þessu atviki.¹³⁶

75. Miðvikudaginn 31. desember 1975 var bókað í dagbók fangelsisins við Síðumúla að Albert Klahn tekinn til yfirheyrslu klukkan 14:30 í hálf tíma.¹³⁷ Rannsóknargögn liggja ekki fyrir um yfirheyrsluna. Þennan dag var birt frétt í Þjóðviljanum þar sem haft var eftir Erni Höskuldssyni að fljótlega eftir hvarf Guðmundar hefði rannsókn verið hætt að mestu. Leit hafi farið fram á sínum tíma en án árangurs og síðan hafi lítið verið unnið í málinu þar til fyrir mánuði síðan. Þá hafi eins og svo oft áður verið dustað rykið af gömlu máli og þráðurinn tekinn upp að nýju.¹³⁸ Önnur frétt var birt þennan dag á forsíðu Morgunblaðsins. Þar var vitnað í samtal blaðamanns við rannsakendur sem hafi sagt grun um aðild fjórmanninganna að hvarfi Guðmundar hafa styrkst verulega í yfirheyrslum yfir þeim. Fullkomin játning lægi þó ekki fyrir um verknaðinn.¹³⁹
76. Föstudaginn 2. janúar 1976, klukkan 14:45, var bókað í dagbók Síðumúlafangelsisins að Albert Klahn hafi verið tekinn til yfirheyrslu. Yfirheyrslu yfir honum hafi verið frestað klukkan 16:20 og Sævar þá tekinn fyrir. Bókað var að klukkan 17:00 hafi Sævar verið aftur færður á klefa sinn og Tryggvi Rúnar færður fram til yfirheyrslu.¹⁴⁰ Klukkan 18:45 hafi Tryggvi verið færður inn á klefa í mat og hinkrað við með frekari yfirheyrslu í bili. Fært er í dagbókina að klukkan 21:30 hafi Sigurbjörn Víðir og Eggert tekið Tryggva Rúnar til yfirheyrslu en hann farið aftur á klefa klukkan 21:55 að yfirheyrslunni lokinni. Rannsóknargögn liggja ekki fyrir um þessar yfirheyrslur. Í dagbók fangelsisins var bókað að klukkan 23:45 hafi verið farið með lyfjaskammt Sævars inn á klefa til hans en hann hafi hafnað honum vegna þess að hann hafi verið með verk fyrir hjartanu. Klukkan 02:15 hafi Sævar hringt og hafi hann þá verið kominn með blóðnasir.¹⁴¹
77. Daginn eftir, 3. janúar 1976, var bókað í dagbók Síðumúlafangelsisins að Eggert hafi tekið Tryggva Rúnar til yfirheyrslu klukkan 09:30. Um 15 mínútum seinna hafi Sigurbjörn Víðir komið og blandað sér í yfirheyrsluna. Rannsóknargögn liggja ekki fyrir um yfirheyrsluna. Bókað er í dagbókina að Guðsteinn læknir hafi komið í vitjun klukkan 09:50. Hafi hann talað meðal annars við Kristján Viðar, Albert og Sævar. Fært er til bókar að litlar breytingar hafi verið gerðar á lyfjum. Hafi Guðsteinn tekið Diazepam af Sævari og fái hann þá ekkert. Þá hafi Albert fengið eina Mogadon í viðbót. Skráð er í dagbókina þennan dag að klukkan 10:00 hafi Eggert og Sigurbjörn Víðir farið með Tryggva Rúnar í leiðangur. Hafi þeir komið til baka klukkan 10:55 og haldið yfirheyrslunni áfram. Stuttu síðar hafi Sigurbjörn Víðir farið og klukkan 11:20 hafi Eggert gert hlé á yfirheyrslunni og skroppið út.¹⁴² Hafi fangavörður setið yfir Tryggva Rúnari þar til frammivist hafi verið lokið klukkan 11:40, eins og það er orðað

¹³⁶ Bls. 296_A.

¹³⁷ Dagbók nr. 4, bls. 12–12b.

¹³⁸ Bls. 298.

¹³⁹ Bls. 299.

¹⁴⁰ Dagbók nr. 4, bls. 13.

¹⁴¹ Dagbók nr. 4, bls. 13b.

¹⁴² Dagbók nr. 4, bls. 13b.

í dagbókinni. Hafi Tryggvi Rúnar þá verið færður á klefa sinn. Rannsóknargögn liggja ekki fyrir, hvorki um leiðangurinn né yfirheyrsluna. Klukkan 13:10 var Sævar færður til yfirheyrslu en færður á klefa sinn aftur fimm mínútum síðar. Rannsóknargögn liggja ekki fyrir um yfirheyrsluna.¹⁴³

78. Þennan dag var jafnframt bókað í dagbók fangelsisins að klukkan 13:45 hafi Kristján Viðar verið færður til yfirheyrslu. Meðal rannsóknargagna liggur fyrir skýrsla um yfirheyrsluna. Bókað var að Kristjáni Viðari hafi verið kunnugt um tilefnið, en það sé það sama og áður, en tvívegis hafi verið teknar skriflegar skýrslur af Kristjáni Viðari um sama efni. Haft er eftir Kristjáni Viðari að hann hafi mikið íhugað þetta mál síðan síðast hafi verið tekin af honum skrifleg skýrsla, 28. desember 1975. Kvaðst hann telja sig muna nú nánar ýmis atriði málsins. Kvaðst hann ekki enn muna hvernig hafi staðið á komu sinni heim til Sævars þetta kvöld eða hvernig hann hafi komið þangað. Kvaðst hann aftur á móti vera algjörlega fullviss um að hafa komið heim til Sævars að nóttu til um helgi síðast í janúar á árinu 1974. Átökin hafi byrjað, eins og hann hafi áður sagt, í svefnherberginu og borist þaðan fram í stofuna. Í stofunni hafi átökin verið komin að borði, sem hafi staðið þar undir glugga og hafi Sævar þá verið í átökum við manninn. Sævar hafi orðið undir í átökunum og kallað á hjálp. Kvaðst Kristján Viðar hafa brugðist við og komið honum til hjálpar og það hafi Tryggvi Rúnar einnig gert. Kristján Viðar kvaðst ekki hafa aðhafst mikið. Hafi hann togað aðeins í einhvern útlím á manninum, að hann minnti annan fótinn. Frekari afskipti hafi hann ekki haft af átökunum, sem hafi borist út í það horn stofunnar þar sem símtækið hafi verið. Þá hafi átökin verið á milli mannsins annars vegar og Sævars og Tryggva Rúnars hins vegar. Kvaðst Kristján Viðar muna greinilega að maðurinn hafi legið í gólfinu og Sævar hafi sparkað margsinnis í hann. Sagðist Kristján Viðar halda að flest spörkin hafi komið í höfuð mannsins. Maðurinn hafi ekki misst meðvitund við þetta því hann hafi komist fram á ganginn. Tryggvi Rúnar og Sævar hafi farið á eftir honum og hafi Kristján Viðar heyrt þaðan læti, eins og frekari átök hafi átt sér þar stað, en hann hafi ekki séð hvað hafi gerst því hann hafi verið áfram inni í stofunni. Kvaðst Kristján Viðar fram að þessu hafa talað um óþekktan mann sem þarna hafi verið í átökum við þá Tryggva Rúnar og Sævar. Hafi hann mikið hugsað um þetta að undanfögnu, eins og hann hafi áður sagt. Kvaðst hann fullyrða það nú að þessi óþekkti maður hafi verið Guðmundur Einarsson sem einu sinni hafi verið skólabróðir sinn, nánar tiltekið í Austurbæjarbarnaskóla í Reykjavík. Þessa nótt hafi hann verið klæddur í jakka og buxur. Kvaðst Kristján Viðar minnst þess að jakkinn hafi verið einhvern veginn köflóttur og fremur dökkur, en buxurnar hafi verið ljósari, að hann hélt brúnleitar.¹⁴⁴ Kvaðst Kristján Viðar ekki muna það ennþá hvernig staðið hafi á veru Guðmundar þarna heima hjá Sævari. Aftur á móti muni hann óljóst eftir því að hafa verið í bifreið með þeim Sævari og Tryggva Rúnari þessa nótt í Hafnarfirði. Hafi þeir tekið mann upp í bifreiðina í brekkunni á götunni sem liggur úr Hafnarfirði til Reykjavíkur. Kvaðst Kristján Viðar ekki vita heitið á götunni, en sagði hana liggja fram hjá samkomuhúsinu Skipphóli. Sagði Kristján Viðar að sér þætti sennilegt að þar hafi verið

¹⁴³ Dagbók nr. 4, bls. 14.

¹⁴⁴ Bls. 301.

um Guðmund að ræða. Kvaðst Kristján Viðar ekki geta fullyrt í hvaða bifreið þeir hafi verið, en vel geti verið að þeir hafi verið í bifreið Alberts Klahn, eða þá í leigubifreið. Kvaðst Kristján Viðar halda að tilefni átakanna heima hjá Sævari hafi verið að Guðmundur hafi kallað þá dópista og hafi þar átt við að þeir væru eiturfjaneytendur. Þeir hafi verið með þarna eitthvað af töflum, en Kristján Viðar kvaðst ekki muna hvaða lyf það hafi verið en minnti að Guðmundi hafi verið boðin lyf. Kvaðst Kristján Viðar reyndar ekki hafa verið með nein lyf þarna, það hafi annaðhvort verið Sævar eða Tryggvi Rúnar eða þeir báðir. Kvaðst Kristján Viðar ekki muna nánar, en kvað það sem gerst hafi næst hafa áður komið fram, það er eftir að átökin höfðu borist fram á ganginn. Kvaðst Kristján Viðar halda að þeir þrír, það er hann, Sævar og Tryggvi Rúnar, hafi yfirgefið húsið um tíma, eins og fram hafi komið. Næsta sem Kristján Viðar kvaðst muna með vissu var að þeir þrír hafi verið komnir aftur í íbúð Sævars. Sævar og Tryggvi Rúnar hafi verið að bjástra við eitthvað á gólfinu, eiginlega í dyrunum á milli geymsluherbergisins og kyndi- og þvottaherbergisins. Þeir hafi verið að vefja einhverju ljósu utan um eitthvað sem hafi verið það fyrirferðamikið að það hafi getað verið mannslíkami. Kristján Viðar kvaðst ekki hafa séð þarna mann eða móta fyrir manni, en hann hafi séð fatnað í umbúðunum. Hverjar þessar umbúðir hafi verið gæti hann ekki sagt um, en hann gæti látið sér detta í hug einhvers konar rúmfatnað, til dæmis sængurver. Eitthvað hafi þeir verið að binda utan um þetta. Meðan á þessu hafi gengið, hafi Erla komið, eins og hann hafi áður greint frá. Þá hafi hann áður greint frá viðbrögðum hennar. Minnti Kristjáni Viðari að þegar þeir Tryggvi Rúnar og Sævar hafi lokið verki sínu, hafi þeir beðið hann um að hjálpa sér við að bera það sem í umbúðunum var út úr húsinu. Kvaðst Kristján Viðar hafa neitað því. Kristján Viðar taldi sig hafa farið út úr húsinu á undan þeim hinum og hafa sest inn í bifreiðina hjá Alberti. Kvað hann Tryggva Rúnar og Sævar hafa komið með byrði sína og sett hana í farangursgeymslu bifreiðarinnar, eins og hann hafi áður skýrt frá. Kristján Viðar sagði að við nánari umhugsun væri hann viss um að bifreið Alberts hafi ekki verið gul af japanskri gerð, heldur Volkswagen bifreið, svört að lit. Kvaðst hann hafa skýrt frá því sem gerst hafi eftir þetta í skýrslu sinni frá 28. desember síðastliðnum og geti engu við það bætt, í það minnsta ekki að sinni. Þá kvaðst Kristján Viðar vilja geta þess, að þegar Sævar hafi sparkað í Guðmund liggjandi á stofugólfinu, þá hafi Tryggvi Rúnar legið ofan á Guðmundi og haldið honum niðri.¹⁴⁵ Lauk skýrslutökunni klukkan 17:25 og hafði þá staðið yfir í tæpar fjórar klukkustundir.

79. Sunnudaginn 4. janúar 1975 var bókað í dagbók Síðumúlafangelsisins að Albert Klahn hafi verið tekinn til yfirheyrslu klukkan 10:35 og færður aftur á klefa sinn klukkan 12:00. Rannsóknargögn liggja ekki fyrir um þessa yfirheyrslu. Klukkan 13:30 þennan dag er bókað í dagbók fangelsisins að Jón Oddsson, réttargæslumaður Sævars, hafi komið. Klukkan 13:55 er fært til bókar að Sævar hafi verið færður til yfirheyrslu og Jón Oddsson, réttargæslumaður hans hafi verið viðstaddur. Hálf tíma síðar, klukkan 14:25, hafi Sævar verið færður aftur á klefa. Rannsóknargögn liggja ekki fyrir um yfirheyrsluna. Fimm mínútum síðar var Tryggvi Rúnar færður til yfirheyrslu hjá Eggerti og Sigurbirni Víði. Klukkan 14:40 hafi Örn Höskuldsson komið og hafi þá

¹⁴⁵ Bls. 303.

Eggert vikið frá um leið.¹⁴⁶ Klukkan 16:10 hafi Tryggvi Rúnar verið færður á klefa sinn aftur. Stóð yfirheyrslan yfir í rúma eina og hálf klukkustund. Rannsóknargögn um yfirheyrsluna liggja ekki fyrir.

80. Þá er bókað í dagbók Síðumúlafangelsisins þennan dag, 4. janúar 1975, að klukkan 16:15 var bókað í dagbók fangelsisins að Sævar hafi verið færður til yfirheyrslu hjá Erni og hafi Jón Oddsson verið viðstaddur. Klukkan 16:18 var Sævar færður á klefa sinn og tveimur mínútum seinna fóru þeir Örn og Jón. Rannsóknargögn liggja ekki fyrir um yfirheyrsluna.
81. Klukkan 16:50 þennan dag er fært til bókar að Sævar hafi verið tekinn til yfirheyrslu af Sigurbirni Víði og Eggerti sem hafi þá verið nýkominn aftur. Meðal rannsóknargagna liggur fyrir skýrsla um yfirheyrsluna. Tilefni yfirheyrslunnar hafi verið vitneskja sem rannsóknarlögreglunni hafi borist um hvarf Guðmundar. Samkvæmt heimildum rannsóknarlögreglunnar hafi Sævar verið sagður viðriðinn hvarf Guðmundar. Kvaðst Sævar skömmu eftir áramótin 1973 til 1974 hafa komið heim til sín um helgi að nóttu til, en þá hafi hann búið ásamt Erlu að Hamarsbraut 11 í Hafnarfirði. Við húsið hafi verið tveir kunningjar hans, Kristján Viðar og Tryggvi Rúnar. Kvað Sævar þá hafa farið með honum inn í íbúðina en Erla hafi ekki verið heima. Rétt á eftir hafi Sævar heyrt einhvern dynk úr geymsluherbergi tilheyrandi íbúðinni og farið þangað fram. Þá hafi þeir Tryggvi Rúnar og Kristján Viðar verið þar inni og á gólfinu hafi legið maður sem búið hafi verið að breiða rúmlak yfir. Kvaðst Sævar ekki hafa séð manninn öðruvísi, en hann hafi séð móta fyrir honum undir lakinu. Kvaðst Sævar hafa farið fram á ganginn og kallað á Kristján Viðar að koma með sér en hann hafi ekki komið. Kvaðst Sævar þá hafa farið inn á salerni og dvalist þar nokkra stund. Þegar hann hafi komið fram aftur hafi þeir Kristján Viðar og Tryggvi Rúnar verið að enda við að vefja lakinu utan um manninn og binda utan um. Í því hafi Erla komið að þeim og hafi henni orðið bersýnilega mikið um. Kvað Sævar manninn hafa verið borinn í lakinu út í bifreið, sem enn einn kunningi hans, Albert Klahn, hafi haft til umráða. Hafi hann setið í bifreiðinni við húsið. Kvað Sævar manninn hafa verið látinn í lakinu í aftursæti bifreiðarinnar, en þeir Kristján Viðar og Tryggvi Rúnar hafi sest sitthvoru megin við hann. Kvaðst Sævar aftur á móti hafa sest í framsætið við hlið Alberts. Hafi þeir ekið til suðurs út úr Hafnarfirði og áleiðis suður veginn til Keflavíkur. Nálægt Álverinu við Straumsvík hafi verið ekið til vinstri út af aðalveginum, ekki þó langt. Kvaðst Sævar hafa farið úr bifreiðinni og þeir Tryggvi Rúnar og Kristján Viðar einnig. Þeir hafi tekið með sér manninn í lakinu og horfið með hann á milli sín út í náttmyrkrið. Sævar kvaðst ekki hafa séð hvert þeir hafi farið, en þeir hafi verið nokkra stund í burtu.¹⁴⁷ Síðan hafi þeir komið aftur í bifreiðina og þá hafi verið ekið til baka. Kvaðst Sævar ekki muna í augnablikinu hvert hafi verið ekið með hann, en það hafi annaðhvort verið á Hamarsbrautina eða til vinstúlku hans í starfsmannahúsi Kópavogshælisins. Bókað var í skýrsluna að yfirheyrslunni hafi lokið klukkan 22:40. Hafði hún þá staðið yfir í tæpar fimm klukkustundir, en í lok skýrslunnar er bókað að hlé hafi verið gert á yfirheyrslunni milli klukkan 19:00 og

¹⁴⁶ Dagbók nr. 4, bls. 14b.

¹⁴⁷ Bls. 304.

20:00. Þá segir neðst í skýrslunni að Jón Oddsson, réttargæslumaður Sævars, hafi verið viðstaddur skýrslugerðina sem og Örn Höskuldsson.¹⁴⁸

82. Í dagbók Síðumúlafangelsisins var bókað að klukkan 19:00 þennan dag hafi Sævar verið færður á klefa til að matast. Klukkustund síðar var bókað að Sævar hafi verið tekinn til yfirheyrslu. Klukkan 22:00 um kvöldið hafi Örn komið og tíu mínútum seinna hafi Jón Oddsson komið. Fært var til bókar að Örn hafi talað við Albert og Tryggva klukkan 22:30 og tuttugu mínútum seinna hafi Jón Oddsson farið.¹⁴⁹ Klukkan 23:00 er bókað í dagbók fangelsisins að þremmingarnir, það er Örn, Sigurbjörn Víðir og Eggert, hafi farið með Sævar í ökuferð og komið aftur klukkan 00:10. Hafi Örn, Sigurbjörn Víðir og Eggert farið fimm mínútum síðar. Klukkan 01:50 er bókað í dagbókina að Sævari hafi verið svarað. Hafi hann þá ælt og fengið blóðnasir og kvartað um hjartverk. Klukkan 08:00 morguninn eftir er færð til bókar að fylgst hafi verið með Sævari af og til í alla nótt. Hafi líðan hans nokkuð skánað, hann hafi ekki sofnað en hafi verið farinn að dotta undir vaktarlok.¹⁵⁰
83. Mánudaginn 5. janúar 1976 var bókað í dagbók Síðumúlafangelsisins að Sævar hafi verið tekinn til yfirheyrslu klukkan 13:30 af Sigurbirni Víði og Eggerti og færður aftur á klefa klukkan 16:30.¹⁵¹ Fimm mínútum síðar hafi Albert verið færður til yfirheyrslu og aftur á klefa sinn klukkan 16:45.¹⁵² Rannsóknargögn liggja ekki fyrir um yfirheyrslurnar.
84. Klukkan 11:00 morguninn eftir, 6. janúar 1976, var færð í dagbók Síðumúlafangelsisins að hringt hafi verið í Örn vegna yfirheyrslna fanga í húsinu. Hafi Örn verið spurður hvort ekki væri hægt að nýta dagana betur til þeirra hluta. Færsluritari bókaði að eftir því sem lengra líði sé meiri hætta á slysi, þannig að viðkomandi gætu hugsanlega náð saman. Það hafi þó ekki enn gerst. Klukkan 12:05 þennan dag var bókað að móðir Sævars hafi hringt vegna fata sem Erla hafi trassað að koma með handa honum. Hafi færsluritari vísað henni á Eggert og hafi hann talað lengi við hana. Á sama stað er bókað að Erla hafi hringt og beðið um að fá að tala við Sigurbjörn Víði eða Eggert strax og hægt væri. Hafi færsluritari sagt henni að Eggert væri í yfirheyrslu og tæki ekki síma en hann myndi láta Eggert vita strax og hann væri laus. Sigurbjörn Víðir hafi ekki komið enn.¹⁵³
85. Fyrir liggur upplýsingaskýrsla rituð af Sigurbirni Víði þennan dag, 6. janúar 1976. Annars vegar var bókað um upplýsingar frá Nirði Snæhólm lögreglumanni um að nafngreindur kokkur á Litla-Hrauni hafi verið staddur í Vík í Mýrdal þegar stúlka hafi horfið þar. Hafi kokkurinn sagt Kristján Viðar hafa þá verið á staðnum. Hins vegar var bókað að haft hafi verið samband við mann í Hafnarfirði vegna ábendingar frá Jóni Thors. Fram kom að maðurinn væri næturvörður á Hótel Esju. Bókaði Sigurbjörn Víðir að maðurinn hafi greint frá því að hafa hýst stúlku sem hafi komið á hótelið 6.

¹⁴⁸ Bls. 305.

¹⁴⁹ Dagbók nr. 4, bls. 14b.

¹⁵⁰ Dagbók nr. 4, bls. 15.

¹⁵¹ Dagbók nr. 4, bls. 15 og 15b.

¹⁵² Dagbók nr. 4, bls. 15b.

¹⁵³ Dagbók nr. 4, bls. 16.

apríl 1975 og sagst hvergi eiga höfði sínu að halla. Hún hafi verið í gleðskap í heimahúsi í Kópavogi þar sem rætt hafi verið um hvarf Geirfinns en þá hafi henni og fleirum verið hótáð lífláti ef hún segði frá því sem hún hefði heyrt. Hafi stúlkan einnig talað um að líkið gæti hugsanlega verið í námunda við Grindavík.¹⁵⁴

86. Í dagbók fangelsisins er bókað að Sævar hafi verið tekinn til yfirheyrslu hjá Eggerti klukkan 13:50. Meðal rannsóknargagna er skýrsla um yfirheyrsluna.¹⁵⁵ Kemur þar fram að skýrslutakan hafi hafist klukkan 14:10. Í upphafi skýrslunnar er fært til bókar að Sævar hafi viljað bæta nokkru við fyrri skriflega skýrslu sína í málinu og greina nánar frá ýmsum atvikum. Kvaðst Sævar hafa búið um áramótin 1973 til 1974 ásamt sambýliskonu sinni, Erlu Bolladóttur, í íbúð sem faðir hennar átti að Hamarsbraut 11 í Hafnarfirði. Sagði Sævar íbúðina hafa verið í kjallara hússins og samanstaðið af tveimur íveruherbergjum, snyrtiherbergi, kyndi- og þvottaherbergi og geymsluherbergi. Húsið hafi verið ein hæð og ris, auk kjallarans. Snyrtiherbergið og kyndi- og þvottaherbergið hafi verið sameiginlegt með öðrum íbúum hússins. Kvað Sævar innganginn í kjallarann hafa verið frá Hamarsbraut og hafi verið gengið nokkrar tröppur niður að dyrunum. Sævar sagði Hamarsbrautina vera nokkuð sérkennilega götu, því hún væri lokuð í báða enda, en ekið inn á hana um húsasund frá bifreiðastæði sem tilheyrði Suðurgötu. Húsasundið hafi verið milli húsanna númer 11 við Hamarsbraut og þess næsta við. Kvað Sævar íveruherbergin í íbúð þeirra hafa verið svefnherbergi og stofa. Þegar komið hafi verið inn um útidyrnar, þá hafi maður komið inn á ganginn. Fyrstu dyr til hægri af ganginum hafi verið kyndi- og þvottaherbergið. Aðrar dyr til hægri hafi verið snyrtiherbergið. Kvað Sævar að á enda gangsins, gegnt útidyrnum, hafi verið dyr inn í stofuna og svo úr henni inn í svefnherbergið. Inn í svefnherbergið hafi því ekki verið hægt að komast nema í gegnum stofuna. Í geymsluherbergið hafi verið gengið í gegnum kyndi- og þvottaherbergið af ganginum. Kvaðst Sævar hafa komið í eitt skipti einn heim um nótt síðast í janúar 1974. Kvaðst hann ekki viss um hvað klukkan hafi verið, en þetta hafi verið eftir miðnætti. Þetta hafi verið um helgi, sennilega aðfaranótt sunnudags, en sagðist ekki alveg viss um það. Að þetta hafi verið síðast í janúar kvaðst Sævar miða við það að örfáum dögum áður hafi hann komið til landsins úr ferð til Kaupmannahafnar og Amsterdam. Þegar hann hafi komið þarna heim að húsinu, hafi hann orðið þess var, að tveir kunningjar sínir, Kristján Viðar og Tryggvi Rúnar, hafi verið í tröppunum við útidyrnar. Með þeim hafi verið einhver þriðji maður sem Sævar kvaðst ekki muna eftir að hafa borið kennsl á. Kvaðst Sævar hafa opnað og farið inn og hafi þeir hinir ruðst inn óboðnir með honum en honum hafi alls ekki verið um það gefið að þessi gestir kæmu inn í íbúðina. Kvaðst Sævar ekki hafa verið viss um hvort Erla hafi verið heima, en hún hafi ekki reynst vera heima. Hvort hann hafi opnað útidyrnar með lykli, eða hvort þær hafi verið ólæstar kvaðst Sævar ekki muna fyrir víst. Sagði Sævar að hann og Erla hafi haft aðeins einn lykil að dyrunum.¹⁵⁶ Hafi þá annað þeirra oft verið lykillaust og dyrnar þá stundum skildar eftir ólæstar. Sævar kvaðst hafa farið rակleitt inn í svefnherbergið og sagðist

¹⁵⁴ Bls. 305_A.

¹⁵⁵ Bls. 306.

¹⁵⁶ Bls. 306.

gera ráð fyrir að tilgangurinn með því hafi verið að athuga hvort Erla væri heima. Hafi þeir hinir elt hann þangað. Kvaðst Sævar hafa reynt að mótmæla veru þeirra þarna í íbúðinni en þeir Kristján Viðar og Tryggvi Rúnar hafi þá bent honum vinsamlegast á að þegja, því það væri best fyrir hann. Sævar kvað þá hafa gefið það fyllilega í skyn að ef hann væri eitthvað að rífa kjaft myndu þeir taka hann og fara illa með hann. Einhver orðaskipti hafi orðið þarna. Þá hafi ókunni maðurinn gert sig líklegan til að fara út úr herberginu og sagst ætla að yfirgefa staðinn. Þá hafi Kristján Viðar ráðist á manninn og kvaðst Sævar hafa séð hann slá manninn með krepptum hnefa í andlitið. Sagði Sævar þá Kristján Viðar og Tryggva Rúnar hafa setið á rúminu í svefnherberginu. Sævar kvað Tryggva Rúnar hafa staðið á fætur og gert sig líklegan til að ráðast á sig. Kvaðst Sævar ekki hafa haft hug á að verða fyrir árás af hans hendi og því hafi hann forðað sér fram í stofuna. Þegar hann hafi verið kominn þangað hafi hann heyrt dýnk inni í svefnherberginu og smell líkt og eitthvað hafi slegist utan í vegginn eða á þröskuldinn milli svefnherbergisins og stofunnar. Kvaðst Sævar jafnframt hafa séð að maðurinn hafi fallið á gólfið alveg við dyrnar milli svefnherbergisins og stofunnar, svefnherbergismegin. Sævar kvað Kristján Viðar þá hafa komið inn í stofuna og haft í frammi ýmsa tilburði. Kvaðst Sævar hafa tekið því sem svo að Kristján Viðar hefði í hyggju að ráðast á sig, en það hafi hann þó ekki gert. Hafi Kristján Viðar ekki sagt neitt. Á meðan hafi Tryggvi Rúnar verið inni í svefnherberginu og kvaðst Sævar ekki hafa séð hvað hann hafi aðhafst. Nú hafi þeir báðir farið eitthvað að stumra yfir manninum og hrist hann til, en maðurinn hafi ekki sýnt nein merki þess að vera með meðvitund. Kvaðst Sævar þá hafa heyrt Kristján Viðar segja að maðurinn væri dáinn. Þetta hafi fengið mjög á Sævar og kvaðst hann telja að það áfall sem hann hafi orðið fyrir þarna sé orsök þess hversu erfiðlega honum hafi gengið að muna atvikin náið og í réttri röð. Kristján Viðar og Tryggvi hafi gengið um gólf um stund í herbergjunum og hafi rætt saman sem Sævar kvaðst ekki hafa heyrt. Á meðan hafi Sævar haldið sig í stofunni og verið mjög miður sín. Þeir hafi svo farið fram á ganginn og þaðan í gegnum kyndi- og þvottaherbergið, inn í geymsluherbergið. Kvaðst Sævar hafa séð þá hverfa inn í kyndi- og þvottaherbergið, en hafa heyrt til þeirra inni í geymslunni og séð ljós kvikna þar inni. Kvaðst Sævar hafa orðið verulega hræddur og farið inn í snyrtiherbergið til að hugsa ráð sitt og hvað hann skyldi til bragðs taka.¹⁵⁷ Kvaðst Sævar hafa heyrt til þeirra Kristjáns Viðars og Tryggva Rúnars. Þeir hafi verið að ræða eitthvað saman og svo kvaðst Sævar hafa heyrt hljóð, eins og eitthvað hafi verið dregið eftir gólfinu úr svefnherberginu, um ganginn og inn í geymsluherbergið. Kvaðst Sævar hafa komið rétt á eftir út úr snyrtiherberginu fram á ganginn og í því hafi Kristján Viðar komið út úr kyndi- og þvottaherberginu. Sævar kvað Kristján Viðar þá hafa skipað sér að hringja til Alberts Klahn og segja honum að koma strax undir því yfirskinu að hann ætlaði að gefa honum hass, því þá myndi Albert koma undir eins. Kvaðst Sævar hafa hringt eins og Kristján Viðar hafi lagt fyrir hann að gera, enda hafi hann ekki þorað öðru. Hafi Albert fallist á að koma. Þegar hann hafi verið búinn að hringja, kvaðst Sævar hafa farið inn í svefnherbergið og þá séð að maðurinn hafi verið horfinn þaðan. Jafnframt hafi lak úr rúmi hans og Erlu verið horfið. Lakið hafa verið

¹⁵⁷ Bls. 307.

einhvern veginn gulleitt með röndum. Kvaðst Sævar þá hafa heyrt til þeirra Kristjáns Viðars og Tryggva Rúnars inni í geymsluherberginu, enda ekki nema þunnur veggur milli þess og svefnherbergisins. Kvaðst hann ekki muna nákvæmlega eftir ferðum sínum um íbúðina næstu mínúturnar en svo hafi hann verið kominn fram á ganginn. Í því hafi þeir Tryggvi Rúnar og Kristján Viðar komið út úr kyndi- og þvottaherberginu fram á ganginn og slökkt ljósin á eftir sér. Kvað Sævar Tryggva Rúnar hafa gengið til sín og tekið um axlir sér. Kvaðst Sævar hafa haft það einhvern veginn á tilfinningunni að þeir myndu einnig ráðast á sig. Ekki hafi þeir gert það, en Tryggvi Rúnar hafi talað um að hann skyldi ekki vera með neina stæla. Kvað Sævar þá hafa farið út úr húsinu, en kvaðst ekki geta gert sér grein fyrir því hvert ferðinni hafi verið heitið, enda hafi það ekki verið hann sem hafi ráðið henni. Rétt á eftir hafi Albert komið í Volkswagen bifreið föður síns og hafi þeir allir sest upp í hana. Kvaðst Sævar hafa tekið með sér hass eins og hann hafi lofað Alberti og hafi sagt honum að þeir skyldu nú aka suður fyrir Hafnarfjörð að Álverinu. Áður hafi þeir eitthvað ekið um bæinn. Þeir hafi svo ekið suður veginn til Keflavíkur og beygt til hægri inn á afleggjarann að Álverinu. Kvað Sævar það hafa verið sína hugmynd að gefa Alberti þar í pípu. Þarna hafi allt verið upplýst og fólk á ferli og því hafi hann sagt Alberti að snúa við, sem hann hafi gert rétt við vegamótin. Sagði Sævar þá hafa ekið í átt til Hafnarfjarðar smá spotta, en svo út af veginum til hægri og stöðvað þar rétt utan við veginn. Kvað Sævar að þar hafi Albert fengið sér í pípu, en síðan hafi verið ekið til baka til Hafnarfjarðar. Sævar sagði Albert hafa ekið bifreiðinni inn húsasundið að Hamarsbrautinni og stöðvað við húshornið, en kvaðst ekki muna hvort Albert hafi þá strax snúið bifreiðinni við. Hafi þeir allir farið út úr bifreiðinni og inn í húsið, nema Albert.¹⁵⁸ Kvaðst Sævar ekki muna hvort dyrnar hafi þá verið læstar eða ekki. Sævar sagði Kristján Viðar og Tryggva hafa verið eitthvað að þískra sín á milli sem hann kvaðst ekki hafa heyrt, eins hafi þeir gert það meðan á ökuferðinni stóð. Kvaðst Sævar halda að þeir hafi báðir verið undir áhrifum áfengis og einhverra lyfja, sennilega örvandi. Tryggvi Rúnar og Kristján Viðar hafi farið rakleiðis inn í geymsluherbergið í gegnum kyndi- og þvottaherbergið og kveikt þar ljós, en Sævar kvaðst hafa farið inn í snyrtiherbergið. Þaðan hafi hann svo farið út aftur og á eftir hinum tveimur inn í geymsluherbergið. Þegar hann hafi farið þangað inn kvaðst Sævar hafa orðið þess var að Erla hafi komið heim í millitíðinni og væri heima því hann hafi heyrt til hennar í stofunni. Þegar hann hafi komið í dyr geymsluherbergisins hafi Tryggvi Rúnar og Kristján Viðar verið að vefja lakinu úr rúmi hans og Erlu utan um eitthvað sem hafi verið svo fyrirferðamikið að það hafi vel getað verið mannslíkami. Kvaðst Sævar hafa verið þess fullviss að um hafi verið að ræða manninn sem hafi komið með þeim Kristjáni Viðari og Tryggva Rúnari fyrir um nóttina og þeir höfðu ráðist á. Sævar kvaðst hafa fundist maðurinn vera einhvern veginn samanhnipraður. Hafi Tryggvi Rúnar rétt honum annan enda laksins og sagt honum að binda hnút á. Kristján Viðar hafi þá verið við hinn endann. Kvaðst Sævar halda að hann hafi hnýtt hnútinn á þann enda laksins sem hafi snúið að dyrum geymslunnar. Á þessum tímapunkti hafi Sævar orðið þess var að Erla hafi staðið í gangdyrunum og hafi augljóslega verið mjög miður sín af svipnum að dæma, en hún

¹⁵⁸ Bls. 308.

hafi ekki sagt neitt. Kvað Sævar þá Kristján Viðar og Tryggva Rúnar hafa tekið undir sitthvorn enda laksins og borið það áleiðis fram á ganginn í gegnum kyndi- og þvottaherbergið. Kvaðst Sævar hafa gengið við hlið byrðinnar, en ekki minnst þess að hafa haldið nokkurs staðar í. Sagði hann Kristján Viðar hafa farið fyrir en Erla hafi staðið í dyrunum milli gangsins og kyndi- og þvottaherbergisins og verið fyrir þeim. Hafi Kristján Viðar hrint henni til hliðar svo hún hafi hrökklast aftur á bak. Kvaðst Sævar ekki halda að hún hafi dottið. Kristján Viðar og Tryggvi Rúnar hafi farið með manninn í lakinu út úr húsinu, en Sævar kvaðst hafa farið að stumra yfir Erlu og komið henni inn í rúm. Kvaðst Sævar ekki muna greinilega hvað hann hafi sagt við hana, en hann hafi sagt henni að segja ekki nokkrum frá því sem hún hafi heyrt eða séð. Kvaðst Sævar þá hafa farið út, en þá hafi Kristján Viðar og Tryggvi Rúnar verið horfnir sem og bifreið Alberts. Sævar kvaðst þá hafa farið aftur inn og hafi Erla þá legið uppi í rúmi. Kvaðst Sævar ekki geta gert sér nánari grein fyrir ástandi hennar, nema að hún hafi verið mjög miður sín á svipinn.¹⁵⁹ Nokkru síðar hafi Albert komið aftur, en þá hafi Kristján Viðar og Tryggvi Rúnar ekki verið með honum. Sævar kvað Albert hafa ekið sér í Kópavog því hann hafi verið að fara að starfsmannahúsinu við Kópavogshæli. Albert hafi ekki getið þess hvert hann hafi ekið Tryggva Rúnari og Kristjáni Viðari. Kvaðst Sævar ekki minnst þess að þeir hafi nokkuð rætt um það hvað Albert hafi verið að flytja. Sagði Sævar það vel geta verið að hann hafi sagt Alberti að það hafi verið lík af manni. Kvaðst Sævar hafa heyrt auglýst eftir manni tveimur til þremur dögum síðar, sem átti að hafa horfið í Hafnarfirði þá nótt sem hann hafi nú lýst. Kvaðst Sævar ekki neita því að hann hafi sett það mannshvarf í samband við atburðina þessa nótt. Sagðist Sævar ekki hafa þorað að segja neinum frá vitneskju sinni af hræðslu við hefndaraðgerðir af hálfu Kristjáns Viðars og Tryggva Rúnars, enda hafi þeir fullkomlega gert honum skiljanlegt að til þeirra yrði gripið ef hann segði frá. Í lok skýrslunnar er bókað eftir Sævari að þegar hann hafi sagt Erlu að hún mætti ekki segja neinum frá því sem hún kynni að hafa heyrt eða séð, þá hafi hann gert það að fyrirmælum Kristjáns Viðars.¹⁶⁰ Var bókað í skýrsluna að yfirheyrslunni hafi lokið klukkan 16:00 og Jón Oddsson og Örn hafi verið viðstaddir upplestur skýrslunnar. Var þess jafnframt getið í bókun í dagbók Síðumúlafangelsisins.¹⁶¹ Var Sævar færður á klefa sinn klukkan 16:40.

87. Fært var til bókar í dagbók fangelsisins að klukkan 15:15 þennan dag, 6. janúar 1976, að bróðir Sævars hafi komið með appelsínur, en þeim hafi verið hent.¹⁶²
88. Í dagbók fangelsisins var bókað að klukkan 16:45 þennan dag hafi Kristján Viðar verið færður til yfirheyrslu og aftur á klefa klukkan 17:10. Rannsóknargögn liggja ekki fyrir um yfirheyrsluna. Klukkan 16:50 er fært í dagbókina að Albert hafi beðið um að fá að tala við Örn og Eggert. Þeir hafi talað við hann fyrr um daginn en nú vildi Albert hafa lögfræðing sinn líka.¹⁶³

¹⁵⁹ Bls. 309.

¹⁶⁰ Bls. 310.

¹⁶¹ Dagbók nr. 4, bls. 16.

¹⁶² Dagbók nr. 4, bls. 16.

¹⁶³ Dagbók nr. 4, bls. 16.

89. Miðvikudaginn 7. janúar 1976 er fært til bókar í dagbók Síðumúlafangelsisins að klukkan 15:30 þann dag hafi Tryggvi Rúnar verið tekinn til yfirheyrslu hjá Sigurbirni Víði, Eggerti og Erni. Hlé hafi verið gert í 15 mínútur klukkan 19:45 og hafi Tryggvi verið fluttur á klefa klukkan 20:55.¹⁶⁴ Hafði þá yfirheyrslan staðið yfir í fimm og hálf klukkustund, en rannsóknargögn liggja ekki fyrir um yfirheyrsluna.
90. Bókað var í dagbók Síðumúlafangelsisins að klukkan 08:50 daginn eftir, 8. janúar 1976, hafi yfirheyrslu yfir Tryggva Rúnari verið fram haldið af Sigurbirni Víði. Klukkan 12:00 hafi Tryggvi verið færður á klefa til að matast, en færður aftur til yfirheyrslu klukkan 13:10 og þá hjá Eggerti og Erni. Bókað var að Tryggvi hafi verið færður aftur á klefa klukkan 13:35. Rannsóknargögn liggja ekki fyrir um yfirheyrslurnar. Fimm mínútum síðar var Kristján Viðar tekinn til yfirheyrslu af Erni, Eggerti og Sigurbirni Víði. Klukkan 15:30 er bókað í dagbók fangelsisins að Sigurbjörn Víðir, Eggert og Örn hafi farið með Kristján Viðar í ökuferð. Hafi þeir komið til baka klukkan 17:45 og þá hafi Örn talað nokkur orð við Sævar. Rannsóknargögn liggja ekki fyrir, hvorki um yfirheyrsluna né ökuferðina.¹⁶⁵ Fyrir um daginn, klukkan 15:50 var bókað í dagbók fangelsisins að móðir Sævars hafi komið og tekið óhrein fót Sævars og komið með þrjá pakka af sígarettum. Kvaðst færluritari hafa tekið einn pakka sem hann hafi verið búinn að lána honum.¹⁶⁶ Klukkan 18:25 var bókað í fangelsisdagbókina að hringt hafi verið í Sigurbjörn Víði þar sem Tryggvi hafi óskað eftir að fá að tala einslega við hann. Var fært til bókar að Sigurbjörn Víðir hefði áhuga á að tala við Tryggva og kæmi sennilega um kvöldið. Tæpum hálf tíma síðar er fært til bókar að Sigurbjörn Víðir hafi komið og tekið Tryggva strax til yfirheyrslu að hans beiðni. Klukkan 19:25 hafi Tryggvi verið færður aftur á klefa sinn og Sigurbjörn Víðir farið aftur heim.¹⁶⁷ Rannsóknargögn liggja ekki fyrir um yfirheyrsluna.
91. Fyrir liggur bréf Valtýs Sigurðssonar, fulltrúa hjá bæjarfógetanum í Keflavík, til ríkissaksóknara, dagsett þennan dag 8. janúar 1976. Í bréfinu sagði að í framhaldi af samtali þeirra hafi rannsóknargögn varðandi hvarf Geirfinns Einarssonar verið afhent á skrifstofu embættis ríkissaksóknara mánudaginn 5. janúar 1976.¹⁶⁸
92. Föstudaginn 9. janúar 1976 var bókað í dagbók Síðumúlafangelsisins að Sigurbjörn Víðir hafi tekið Tryggva Rúnar til yfirheyrslu klukkan 08:50. Skýrsla um yfirheyrsluna er meðal rannsóknargagna. Í upphafi skýrslunnar er bókað að Tryggvi Rúnar hafi sagst hafa hugsað mikið um mál þetta síðan síðast hafi verið tekin af honum skrifleg skýrsla 23. desember 1975. Kvaðst hann vilja skýra nú frá ýmsum atriðum varðandi málið. Kvaðst Tryggvi muna eftir því að hafa verið staddur einhvers staðar í húsi með Sævari, Kristjáni Viðari og óþekktum manni, á þeim tíma sem atburður sá sem um ræðir á að hafa átt sér stað. Kvaðst hann ekki geta munað hver hafi verið húsráðandi á þessum stað, eða hvar þetta húsnæði hafi verið. Herbergjaskipan í íbúðinni hafi verið í aðalatriðum á þann veg að gengið hafi verið inn

¹⁶⁴ Dagbók nr. 4, bls. 17.

¹⁶⁵ Dagbók nr. 4, bls. 17b.

¹⁶⁶ Dagbók nr. 4, bls. 17b.

¹⁶⁷ Dagbók nr. 4, bls. 17b.

¹⁶⁸ Bls. 310_A.

í tvö íveruherbergi innst af gangi og þá fyrst gengið í gegnum annað, en svo hafi verið framfar af ganginum gengið inn í geymsluherbergi. Kvaðst Tryggvi halda að það hafi verið þvottaherbergi en ekki muna nánar eftir herbergjaskipan en sem komið væri. Kvaðst Tryggvi ekki vita deili á manni þeim sem hafi verið með þeim. Aftur á móti kvaðst hann halda að Kristján Viðar hafi eitthvað þekkt þennan mann, eða það hafi honum virst af tali þeirra. Tryggvi Rúnar sagði eitthvað ósamkomulag hafa komið upp og hafi það ábyggilega verið milli Kristjáns Viðars og þess nafnlaus. Þetta hafi byrjað með einhverjum fúkyrðum þeirra á milli, en endað með átökum. Kvaðst Tryggvi halda að hann mætti fullyrða að þetta hafi byrjað í innra íveruherberginu. Leikurinn hafi síðan borist fram í fremra íveruherbergið og kvaðst Tryggvi halda að þá hafi Sævar verið kominn í átök við nafnlaus manninn og beðið um hjálp. Sagði Tryggvi það hafa verið óljóst fyrir sér hver þáttur Kristjáns Viðars hafi verið í átökunum á því stigi. Kvaðst Tryggvi hafa komið Sævari til hjálpar og reynt að ganga á milli hans og þess nafnlaus. Þá hafi hann fengið högg frá þeim síðarnefnda og hélt Tryggvi að hann hafi þá slegið manninn aftur. Við það hafi hann fallið í gólfið, en ekki misst meðvitund heldur dasast eitthvað. Maðurinn hafi hálfpartinn legið á gólfinu úti í horni fremra íveruherbergisins og virtist Tryggva hann hafa reynt að standa á fætur en ekki hafa átt mjög gott með það. Kvaðst Tryggvi þá hafa séð Sævar ráðast á manninn með því að sparka með fæti í höfuð honum og hélt Tryggvi að höggið hafi komið ofan við annað eyrað á honum. Við það hafi maðurinn fallið fram fyrir sig á gólfið og ekki hafa hreyft sig eftir það. Kvaðst Tryggvi þess viss að Sævar hafi verið í skóm er hann hafi sparkað í manninn.¹⁶⁹ Hafi þeir allir verið í skóm þarna inni. Kvaðst Tryggvi muna að Sævar hafi farið eitthvað að stumra yfir manninum og þá haft á orði að hann væri dáinn. Kvaðst Tryggvi einnig hafa farið að athuga þetta með því að leita eftir hjartslætti eða æðaslætti eða öðru lífsmarki en hafi ekkert fundið. Hafi þeim brugðið nokkuð í brún því þeir hafi allir orðið þess fullvissir að maðurinn væri látinn. Sagði Tryggvi þá hafa rætt það sín á milli hvað gera skyldi við manninn og hafi það á endanum verið ákveðið að láta hann til að byrja með í geymsluherbergið. Þangað hafi þeir farið með manninn og lagt hann á gólfið. Kvaðst Tryggvi ekki muna eftir neinum verulegum áverkum á manninum, en kvaðst halda að það hafi blætt úr munni hans eitthvað. Kvaðst Tryggvi alls ekki geta komið því fyrir sig, í það minnsta ekki að svo komnu máli, hvað hafi skeð eða hvað þeir hafi aðhafst eftir að hafa komið manninum fyrir í geymsluherberginu. Sagði Tryggvi að þeir hafi hlotið að hafa gert eitthvað við látinn manninn, en kvaðst ekki muna hvernig þeir hafi borið sig að. Kvaðst Tryggvi heldur ekki muna aðdragandann að því að þeir yfirleitt voru staddir í þessari íbúð eða húsi en kvað þessi atriði kunna að rifjast upp fyrir honum síðar.¹⁷⁰ Var skýrslutökunni lokið klukkan 10:05 og var Tryggvi færður á klefa sinn fimm mínútum síðar, samkvæmt bókun í dagbók fangelsisins.¹⁷¹

93. Klukkan 10:30 þennan dag var bókað í dagbók Síðumúlafangelsisins að Sævar hafi verið tekinn til yfirheyrslu. Fimmtán mínútum seinna hafi hann verið færður aftur á

¹⁶⁹ Bls. 311.

¹⁷⁰ Bls. 312.

¹⁷¹ Dagbók nr. 4, bls. 18.

klefa eftir árangurslaust samtal, eins og það er orðað í dagbók.¹⁷² Klukkan 11:00 var fært í dagbókina að Kristján Viðar hafi verið færður til yfirheyrslu, en settur strax inn aftur. Rannsóknargögn liggja ekki fyrir um þessar yfirheyrslur. Bókað var að Tryggvi Rúnar hafi verið tekinn til yfirheyrslu klukkan 14:30 þennan dag. Hafi hann verið færður á klefa sinn rúmum hálf tíma síðar. Rannsóknargögn liggja ekki fyrir um yfirheyrsluna. Á sama tíma var fært til bókar að Örn hafi talað við Albert Klahn inni á klefa hans í smá stund og einnig við Sævar inni á hans klefa. Þá var bókað klukkan 15:50 að Kristján Viðar hafi verið tekinn til viðtals við Sigurbjörn Víði og Örn í tuttugu mínútur. Rannsóknargögn liggja ekki fyrir um þessi viðtöl. Í beinu framhaldi hafi Albert Klahn verið tekinn til viðtals við Sigurbjörn Víði og Örn. Klukkan 17:40 var bókað í dagbókina að gert hafi verið hlé á yfirheyrslunni fram yfir matartíma. Loks var bókað að Eggert, Sigurbjörn Víðir og Örn hafi farið með Albert í bíltúr klukkan 19:15 og komið aftur klukkan 21:30. Rannsóknargögn liggja ekki fyrir, hvorki um yfirheyrsluna né bíltúrinn. Þennan dag var fært til bókar í dagbók fangelsisins að móðir Sævars hafi komið klukkan 14:45 með fatasendingu til hans. Þá var bókað klukkan 16:40 að hún hafi komið aftur og sótt óhrein föt sem ekki hafi verið hægt að afgreiða í fyrra sinnið.

94. Á forsíðu Alþýðublaðsins þennan dag, 9. janúar 1976, var birt frétt með yfirskriftinni: „Er hvarf Guðmundar skylt Geirfinnsmálinu?“ Í fréttinni kom fram að Geirfinnsmálið hafi skotið upp kollinum í tali manna á nýjan leik við það að hulu hafi verið svipt af hvarfi Guðmundar Einarssonar. Hafi margir látið þá tilgátu í ljós að viss tengsl væru á milli þessara tveggja mannhvarfa. Sagði í fréttinni að hvarf Guðmundar virtist vera að skýrast og allt benti til þess að þar hafi verið um morð að ræða. Væru fjórir aðilar í gæsluvarðhaldi vegna þessa máls, eins og kunnugt sé. Sagði í fréttinni að tilgáta manna væri sú að hér gæti mögulega verið um bein tengsl að ræða. Í báðum málunum hafi smygl verið nefnt á nafn og ekki hafi liðið langur tími á milli hvarfs mannanna tveggja. Þá kom fram að blaðið hafi haft samband við rannsóknarlögregluna í Keflavík og spurst fyrir um stöðu Geirfinnsmálsins í þeirra hirslum. Hafi svör rannsóknarlögreglumannsins verið á þá leið að ekkert nýtt hafi komið fram í málinu að undanfögnu. Rannsakað yrði þó gaumgæfilega hvort það kynnu að leynast einhver tengsl á milli hvarfs Guðmundar Einarssonar og Geirfinnsmálsins. Var haft eftir rannsóknarlögreglumanninum að um leið og upplýsingar bærust frá höfuðborginni myndu þeir athuga með hugsanlegt samhengi milli þessara tveggja mannhvarfa.¹⁷³
95. Laugardaginn 10. janúar 1976 er bókað í dagbók Síðumúlafangelsisins að Guðsteinn læknir hafi komið í vitjun milli klukkan 09:30 og 09:50. Þá er fært til bókar að móðir Sævars hafi hringt klukkan 11:00 og hafi haft margt að segja, eins og það er bókað. Klukkan 13:50 var fært til bókar að Tryggvi Rúnar hafi verið tekinn fram til yfirheyrslu en hafi verið færður aftur á klefa klukkan 16:50. Rannsóknargögn liggja ekki fyrir um yfirheyrsluna. Þá hafi Albert Klahn verið sóttur og farið með hann út í fylgd Eggerts, Sigurbjörns Víðis og Arnar. Klukkan 16:40 þennan dag er bókað að Eggert hafi komið aftur í Síðumúlafangelsið og þá tekið Sævar til viðtals til klukkan

¹⁷² Dagbók nr. 4, bls. 18.

¹⁷³ Bls. 312_A.

18:05. Rannsóknargögn liggja ekki fyrir um viðtalið. Fært var í dagbókina að Eggert, Sigurbjörn Víðir og Örn hafi komið klukkan 18:50 með Albert og fært hann á klefa sinn. Rannsóknargögn liggja ekki fyrir um þessa ferð.

96. Klukkan 13:40 næsta dag, 11. janúar 1976, var bókað í dagbók Síðumúlafangelsisins að Sævar hafi verið tekinn til skýrslutöku. Skýrsla um yfirheyrsluna er meðal rannsóknargagna. Tilefni skýrslutökunnar var kynnt sem hlutdeild Sævars í því að svíkja peninga út hjá Pósti og Síma í ágústmánuði 1974. Sævar játaði aðild sína að fjársvikunum og kvaðst hafa lagt að Erlu til þess að fá hana til þátttöku í verknaðinum. Lýsti hann aðferð þeirra við verknaðinn í öllum meginatriðum fyrir lögreglu. Skýrslutökunni lauk klukkan 15:00.¹⁷⁴ Fimm mínútum síðar var skýrslutaka hafin aftur yfir Sævari um fjársvik gegn Pósti og Síma framin í október 1974. Í skýrslutökunni játaði Sævar að hafa svikið út tilgreinda fjármuni. Var bókað að skýrslutökunni hafi lokið klukkan 16:45.¹⁷⁵
97. Þennan dag var háð þinghald í sakadómi Reykjavíkur vegna rannsóknar á hvarfi Guðmundar Einarssonar. Í þingbók var bókað að klukkan 14:30 hafi Albert Klahn mætt fyrir dóminn. Hafi hann skýrt sjálfstætt frá málsatvikum og framburður hans verið í samræmi við skýrslu hans hjá rannsóknarlögreglu 23. desember 1975. Þá var bókað að Albert hafi lesið skýrsluna yfir og kveðið þar rétt eftir sér haft og staðfest undirskrift sína.¹⁷⁶
98. Þá var Kristján Viðar bókaður mættur fyrir dóminn klukkan 14:58. Í þingbók var bókað að Kristján Viðar hafi greint sjálfstætt frá málsatvikum og hafi framburður hans verið í samræmi við skýrslu hans hjá rannsóknarlögreglu 3. janúar 1976. Í framburði sínum fyrir dómi sagði Kristján Viðar að þeir félagar hafi sennilega hitt Guðmund Einarsson í brekkunni sem liggja upp úr Hafnarfirði. Kvaðst hann ekki muna hvort þeir hafi verið fótgangandi eða í bifreið. Sagðist Kristján Viðar ekki muna hvort Sævar hafi verið með þeim Tryggva Rúnari þegar þeir hittu Guðmund. Þegar átökin hafi verið um garð gengin og þeir hafi komist að þeirri niðurstöðu að Guðmundur væri látinn þá hafi verið farið með hann suður í Hafnarfjarðarhraun og hann látinn þar í gjótu og stórum steini velt yfir. Kvaðst Kristján Viðar ekki muna hver hafi tekið ákvörðun um hvað gera skyldi við líkið en sagðist eiginlega vera fullviss um að það hafi verið Sævar. Taldi Kristján Viðar að hann hafi eitthvað flækst inn í áflogin en líklega fengið högg á höfuðið og misst úr einhverja stund. Næst muni hann hvar verið var að athuga manninn og hann úrskurðaður látinn. Kvaðst Kristján Viðar muna að hafa séð Sævar sparka í síðu og höfuð Guðmundar þar sem hann hafi legið á gólfinu inni í stofu. Loks var bókað í þingbókina að Kristján Viðar hafi lesið skýrslu sína frá 3. janúar 1976 og kveðið þar rétt eftir sér haft og staðfest undirskrift sína.¹⁷⁷
99. Sama dag var bókað í þingbók sakadóms Reykjavíkur að Tryggvi Rúnar hafi komið fyrir dóminn klukkan 15:01. Í dagbók Síðumúlafangelsisins er bókað að Tryggvi

¹⁷⁴ Bls. 312_B–C.

¹⁷⁵ Bls. 312_E–F.

¹⁷⁶ Bls. 255.

¹⁷⁷ Bls. 256–257.

Rúnar hafi verið færður fyrir dóminn klukkan 16:00. Hafi hann skýrt sjálfstætt frá málsatvikum og hafi framburður hans verið í samræmi við skýrslu hans hjá rannsóknarlögreglu 9. janúar 1976. Bókað er að Tryggvi Rúnar muni ekki hvernig á því hafi staðið að þeir hafi verið þarna að Hamarsbraut 11. Kvaðst hann ekki muna hvað þeir hafi gert við líkið af manninum. Þá var bókað að Tryggvi Rúnar hafi lesið yfir skýrsluna frá 9. janúar síðastliðnum og kveðið þar rétt eftir sér haft og staðfest undirskrift sína.¹⁷⁸

100. Sævar kom síðastur fyrir dóminn klukkan 16:35 þennan dag, 11. janúar 1976. Framburður Sævars fyrir dóminum var bókaður í þingbók. Kvaðst Sævar hafa eitt sinn komið heim til sín að Hamarsbraut 11 þegar þeir Kristján Viðar og Tryggvi Rúnar hafi verið við útidyrnar ásamt einhverjum þriðja manni. Kvað Sævar þá hafa ruðst inn í íbúðina þrátt fyrir mótmæli hans og þar hafi hafist deilur sem hafi endað með áflogum og hafi maðurinn verið rotaður. Kvaðst Sævar hafa sparkað í kjálka mannsins þar sem hann hafi legið á gólfinu í svefnherberginu eftir að Kristján Viðar hafi slegið hann niður. Eftir þetta hafi maðurinn velt sér við. Hann hafi ekki staðið upp eftir þetta en hafi gert tilraunir til þess. Farið hafi verið með manninn inn í geymslu og hafi hann þá verið meðvitundarlaus. Hafi Sævar bætt því við að maðurinn hafi verið á hnjúnum er hann hafi sparkað í hann. Kvaðst Sævar ekki vita hvort maðurinn hafi verið látinn er farið var með hann í geymsluna. Kvaðst hann heldur ekki vita hvað hafi orðið af manninum eftir þetta. Var Sævar í kjölfarið úrskurðaður í allt að 60 daga gæsluvarðhald og til að undirgangast geðrannsókn.¹⁷⁹
101. Þennan sama dag var fært í dagbók fangelsisins við Síðumúla að Albert hafi verið tekinn til viðtals klukkan 17:30 og færður aftur á klefa tuttugu mínútum síðar.¹⁸⁰ Rannsóknargögn liggja ekki fyrir um yfirheyrsluna. Þá var bókað að Tryggvi Rúnar hafi verið tekinn til viðtals klukkan 18:10 af Sigurbirni Víði og Eggerti. Hafi hann verið færður á klefa klukkustund síðar. Rannsóknargögn liggja ekki fyrir um yfirheyrsluna. Klukkan 19:30 var svo bókað í dagbók fangelsisins að Albert hafi verið sóttur og færður til viðtals hjá Eggerti og Sigurbirni Víði. Tíu mínútum síðar hafi Tryggvi Rúnar verið sóttur og settur fram til samprófunar við Albert. Stuttu seinna hafi Albert verið færður á klefa sinn. Klukkan 19:50 hafi Tryggvi verið færður á klefa sinn og hafi árangur verið enginn, eins og það er bókað í dagbókina.¹⁸¹ Rannsóknargögn liggja ekki fyrir um samprófunina.
102. Mánudaginn 12. janúar 1976 var bókað í dagbók Síðumúlafangelsisins klukkan 13:00 að Örn og Sigurbjörn Víðir hafi komið til að tala við Albert og hafi hann verið færður til þeirra skömmu síðar. Fimmtán mínútum seinna hafi Albert verið færður á klefa sinn. Rannsóknargögn liggja ekki fyrir um yfirheyrsluna. Klukkan 13:50 var bókað að Örn hafi talað aðeins við Sævar. Rannsóknargögn liggja ekki fyrir um samtalið.

¹⁷⁸ Bls. 257–258.

¹⁷⁹ Bls. 260.

¹⁸⁰ Dagbók nr. 4, bls. 19b.

¹⁸¹ Dagbók nr. 4, bls. 20.

103. Fyrir liggja handritaðir punktar lögreglu, dagsettir 12. janúar 1976, um samtal við [HeG], starfsstúlku á Kópavogshæli. Í punktunum kemur fram að Sævar hafi komið oft til [HeG], en svo til ætíð á nóttunni milli klukkan 02:00 og 04:00. Hafi hann örsjaldan komið á kvöldin og hafi hann þá venjulega verið að fara í Hafnarfjörð. Hafi [HeG] vitað um aðra stúlku þar.¹⁸² Í punktunum kemur fram að um vorið 1974 hafi [HeG] flutt að Laugavegi 24b. Þar hafi Albert búið um nokkurn tíma og kvaðst [HeG] hafa lent í átökum við hann og endað á Borgarspítalanum með heilahristing og sjö spor í enni. Sævar og Kristján hafi komið þangað nokkrum sinnum óvelkomnir. Kvað [HeG] þá hafa hótað sér lífláti þar sem hún væri galdranorn. Kvaðst [HeG] hafa spáð einhverri vitleysu í spil fyrir Sævar. Hafi þeir talað um að hella síru á hana og [JIG] niður um þakglugga. Hafi Sævar aðallega talað um að gera þetta. Hann hafi talað um að þeir myndu sitja fyrir þeim [HeG], [JIG] og Alberti. Albert hafi virst undir mikilli pressu frá þeim Sævari og Kristjáni. Skömmu áður en þær hafi flutt hafi Sævar gefið [HeG] hníf sem hann hafi sagt mann hafa verið drepinn með. Hafi hann síðar viljað fá hnífinn aftur og sagt þá að enginn hafi verið drepinn með honum.¹⁸³
104. Þriðjudaginn 13. janúar 1976 er bókað í dagbók Síðumúlafangelsisins að Örn og Sigurbjörn Víðir hafi talað aðeins við Sævar klukkan 17:15. Hafi Sævar vísað þeim á ákveðinn stað og hafi þeir farið að athuga hann. Rannsóknargögn eru hvorki til um yfirheyrsluna, né leitina. Klukkan 18:00 sama dag var bókað í dagbók fangelsisins að Örn, Sigurbjörn Víðir og Eggert hafi farið saman í landaleit, eins og það er bókað. Lætur færsluritari þess getið í bókun að þeir muni síðan taka Sævar með sér sömu erinda seinna í kvöld.¹⁸⁴ Klukkan 21:40 sama dag er bókað að þremmingarnir hafi farið með Sævar í útsýnisferð, eins og það er orðað í dagbókinni.¹⁸⁵ Var komið með Sævar aftur í fangelsið klukkan 23:50. Rannsóknargögn liggja ekki fyrir um útsýnisferðina.
105. Klukkan 13:45 næsta dag, 14. janúar 1976, var bókað í dagbók Síðumúlafangelsisins að Örn hafi tekið til við að yfirheyra Sævar. Hafi hann verið færður aftur á klefa sinn klukkan 14:20. Þá var bókað að Tryggvi hafi verið tekinn til yfirheyrslu hjá Erni klukkan 14:45 og færður aftur á klefa sinn klukkan 15:30. Fimm mínútum síðar hafi Sigurbjörn Víðir tekið Albert til yfirheyrslu.¹⁸⁶ Hafi hann verið færður á klefa sinn klukkan 16:50. Rannsóknargögn liggja ekki fyrir um þessar yfirheyrslur. Þá var bókað sama dag klukkan 17:15 að Sigurbjörn Víðir og Eggert hafi farið með Albert í ökuferð. Hafi þeir komið til baka klukkan 18:55 eftir árangurslitla ferð, eins og það er bókað í dagbókina.¹⁸⁷
106. Fimmtudaginn 15. janúar 1976 var bókað í dagbók Síðumúlafangelsisins að Eggert hafi tekið Tryggva Rúnar til yfirheyrslu klukkan 08:50. Sigurbjörn Víðir hafi komið klukkan 10:45 og leyst Eggert af við yfirheyrsluna.¹⁸⁸ Klukkan 12:00 var bókað að

¹⁸² Bls. 313.

¹⁸³ Bls. 314.

¹⁸⁴ Dagbók nr. 4, bls. 20b.

¹⁸⁵ Dagbók nr. 4, bls. 21.

¹⁸⁶ Dagbók nr. 4, bls. 21.

¹⁸⁷ Dagbók nr. 4, bls. 21b.

¹⁸⁸ Dagbók nr. 4, bls. 21b.

tekið hafi verið matarhlé við yfirheyrsluna yfir Tryggva Rúnari. Hafi hann verið látinn borða í horninu, eins og það er orðað í færslunni. Klukkan 12:30 var bókað að Sigurbjörn Víðir hafi hafið yfirheyrsluna aftur og hálf tíma síðar var fært til bókar að Eggert og Örn hafi komið. Þennan sama dag klukkan 14:15 var bókað í dagbók fangelsisins að Örn hafi talað nokkur orð við Kristján Viðar á klefa hans. Færsluritari lætur þess getið að um sama leyti hafi hann fært Kristján af klefa númer átta yfir á klefa númer 17. Hafi hann gert það að vandlega yfirveguðu máli sem ekki yrði skýrt hér frekar. Klukkan 15:10 var bókað hlé á yfirheyrslu yfir Tryggva Rúnari til klukkan 15:40. Bókað var að klukkan 15:45 hafi Örn farið inn á klefa til Alberts Klahn að hans beiðni og talað við hann nokkur orð. Klukkan 16:00 var bókað í dagbókina að yfirheyrslu yfir Tryggva Rúnari hafi lokið. Hafi yfirheyrslan staðið yfir í um sjö klukkustundir með stuttum hléum.¹⁸⁹

107. Meðal rannsóknargagna eru handritaðir punktar dagsettir 15. janúar 1976 en að öðru leyti ómerktir.¹⁹⁰ Í fyrstu færslunni kemur fram að Tryggvi Rúnar og [BVA] hafi ætlað að kaupa 17 tonna bát saman, m/b Skutul, af [E], bróður [BjBl]. Hafi kaupin farið út um þúfur. Í annarri málsgrein kemur fram að samprófa þurfi við Kristján Viðar. Gæti hann minnt Tryggva á. Þá ef til vill gæti hann áttað sig á hvað/hvar það væri þessi staður og fleira. Þriðja færslan er tímasett klukkan 14:15, en á þeim tíma var bókað í dagbók fangelsisins við Síðumúla að Örn hafi talað nokkur orð við Kristján Viðar.¹⁹¹ Þar stendur, hvort farið var niður hjá lögreglustöðinni eða uppeftir, og svo innan sviga, þegar talað var um flutninginn á líkinu. Loks er ritað neðst með annarri rithönd að Kristján muni eftir rauðamöl á veginum.¹⁹²
108. Þennan sama dag klukkan 16:08 var bókað í dagbók fangelsisins að Örn, Eggert og Halldór Sigurðsson, rannsóknarlögreglumaður, hafi farið með Kristján Viðar í ökuferð. Þá var bókað klukkan 16:50 að Örn Clausen hæstaréttarlögmaður hafi komið og rætt meðal annars við Albert. Klukkan 17:25 var bókað að Örn, Eggert og Halldór hafi komið úr ökuferðinni með Kristján Viðar. Rannsóknargögn liggja ekki fyrir um ökuferðina. Klukkan 17:45 var bókað í dagbókina að Sigurbjörn Víðir hafi tekið Tryggva aftur til yfirheyrslu. Hafi Eggert tekið við yfirheyrslunni milli klukkan 18:40 og 19:25 en þá hafi Sigurbjörn Víðir komið aftur. Hafi Sigurbjörn Víðir lokið yfirheyrslunni yfir Tryggva Rúnari klukkan 20:30. Loks er bókað í lok dags að fyrr um daginn hafi Jón Oddsson, réttargæslumaður Sævars, hringt og spurt um skjólstæðing sinn. Færsluritari bókar að hann hafi svarað því til að það væri allt í lagi með Sævar, en önnur svör hafi hann ekki fengið.¹⁹³
109. Föstudaginn 16. janúar 1976 var bókað í dagbók Síðumúlafangelsisins að Tryggvi Rúnar hafi verið tekinn til yfirheyrslu af Sigurbirni Víði um klukkan 09:00. Fyrir þann tíma hafi Sigurbjörn Víðir rætt við Tryggva inni í fangaklefa.¹⁹⁴ Tíu mínútum seinna

¹⁸⁹ Dagbók nr. 4, bls. 22.

¹⁹⁰ Bls. 315.

¹⁹¹ Dagbók nr. 4, bls. 22.

¹⁹² Bls. 315.

¹⁹³ Dagbók nr. 4, bls. 22b.

¹⁹⁴ Dagbók nr. 4, bls. 22b.

var bókað að Tryggvi hafi verið settur á klefa sinn og Sigurbjörn Víðir skroppið frá. Rannsóknargögn liggja ekki fyrir um yfirheyrsluna. Klukkan 10:30 var fært til bókar að Tryggvi hafi verið færður til viðtals við Sigurbjörn Víði. Um klukkan 12:00 hafi verið tekið matarhlé og Tryggvi færður á klefa sinn. Rannsóknargögn liggja ekki fyrir um yfirheyrsluna. Þennan sama dag klukkan 13:30 var bókað í dagbók fangelsisins að Kristján Viðar hafi verið tekinn til yfirheyrslu og færður aftur á klefa þremur tímum síðar, eða klukkan 16:30. Rannsóknargögn um yfirheyrsluna liggja ekki fyrir. Hafi Sævar þá verið sóttur og færður til viðtals í hornið. Hafi viðtalið staðið mjög stutt og Sævar færður snarlega á klefa sinn aftur, eins og það er orðað. Færsluritari bókaði að Sævar hafi rétt strax hringt bjöllunni og beðið um viðtal við Örn. Hafi Örn gefið kost á því en viðtalið hafi staðið mjög stutt. Klukkan 17:00 þennan sama dag var bókað að Örn, Eggert og Sigurbjörn Víðir hafi farið úr Síðumúlafangelsi og boðað helgarfrí hjá sér, nema eitthvað sérstakt kæmi upp.

110. Sunnudaginn 18. janúar 1976 var bókað í dagbók Síðumúlafangelsisins í dagslok að Örn hafi talað við Albert og Sævar á klefum sínum.
111. Daginn eftir, 19. janúar 1976, er fært til bókar í dagbók fangelsisins að Sævar hafi verið tekinn til yfirheyrslu frá klukkan 14:50 til 20:40, en þá hafi Sævar verið settur aftur á klefa. Yfirheyrslan stóð yfir í tæpar sex klukkustundir en rannsóknargögn um hana liggja ekki fyrir.¹⁹⁵
112. Bókað var í dagbók Síðumúlafangelsisins að 20. janúar 1976, klukkan 09:05, hafi Sævar verið tekinn til yfirheyrslu til klukkan 14:55. Rannsóknargögn liggja ekki fyrir um yfirheyrsluna sem stóð yfir í tæpar sex klukkustundir. Bókað var í dagbókina að um sama leyti hafi Jón Oddsson, réttargæslumaður Sævars, hringt og spurt um líðan skjólstaðings síns. Bókaði færsluritari í dagbókina að Jóni hafi verið svarað því til að líðanin væri ágæt, en önnur svör hafi hann ekki fengið.¹⁹⁶ Þennan sama dag klukkan 20:10 var bókað að Sævar hafi verið færður á klefa að lokinni yfirheyrslu. Ekki var þess getið með bókun í dagbók fangelsisins hvenær seinni yfirheyrslan yfir Sævari hófst þennan dag.¹⁹⁷
113. Miðvikudaginn 21. janúar 1976 var bókað í dagbók fangelsisins við Síðumúla að klukkan 08:15 hafi færsluritari hringt í Örn og beðið hann um að sjá til þess að rannsóknarlögreglumenn kæmu strax því nú hefði skipast veður í lofti, eins og það var orðað í bókuninni. Klukkan 09:45 var bókað að Örn, Sigurbjörn Víðir og Eggert hafi tekið Albert til yfirheyrslu til klukkan 10:30. Rannsóknargögn liggja ekki fyrir um yfirheyrsluna. Fimm mínútum síðar hafi Sævar verið tekinn til yfirheyrslu og hafi hann verið færður aftur á klefa sinn klukkan 13:45. Klukkan 16:25 þennan dag var bókað í dagbókina að Sævar hafi verið færður til yfirheyrslu. Hafi hann verið færður á klefa klukkan 18:45. Rannsóknargögn um yfirheyrslurnar liggja ekki fyrir. Þá var bókað í dagbók fangelsisins að klukkan 19:50 hafi Sigurbjörn Víðir sótt Erlu Bolladóttur fyrir Örn. Tíu mínútum síðar hafi Sigurbjörn Víðir komið með Erlu og

¹⁹⁵ Dagbók nr. 4, bls. 24.

¹⁹⁶ Dagbók nr. 4, bls. 24b–25.

¹⁹⁷ Dagbók nr. 4, bls. 25.

hafi hún strax verið tekin til yfirheyrslu. Klukkan 20:15 hafi Sævar verið færður til yfirheyrslu. Bókað var í dagbókina að yfirheyrslu yfir Erlu hafi lokið klukkan 23:55 og hafi Sigurbjörn Víðir farið með hana. Hafi Sigurbjörn Víðir komið til baka klukkan 00:40. Bókað var að Örn hafi farið klukkan 01:00 og skýrslutöku yfir Sævari hafi lokið klukkan 02:00, hann færður á klefa og þeir Sigurbjörn Víðir og Eggert hafi farið.¹⁹⁸

114. Meðal rannsóknargagna eru handritaðir punktar, dagsettir 21. janúar 1976.¹⁹⁹ Í fyrstu málsgrein kemur fram að [EÓ] í Keflavík hafi talað um hvarf Geirfinns við Sævar. Þá er ritað orðrétt: „Nefndi hann Magnús L. í því sambandi.“ Í annarri málsgrein segir svo orðrétt: „Einar B., [JR] og Magnús L. eru sennilega þeir, sem Erla er hrædd við (í sambandi við Geirfinn).“ Í þriðju málsgrein segir að [IJ], sonur [JF] í Kápunni, gæti vitað um Geirfinn í sambandi við [JA]. [IJ] gruni [JA] um að hafa stolið laxi úr flotgirðingu suður með sjó. Í þriðju málsgrein segir að Albert hafi ekið [SSH] til að ná í áfengi (75%). Loks í fjórðu og síðustu málsgreininni segir orðrétt: „Valdimar (Valtýsson), Framnesvegi 71. Hefur verið hóteltjóri í Valhöll og unnið í Klúbbnum. Var ef til vill með í ferðinni til Keflavíkur Sævar hefur heyrt þetta og finnst hann líkjast Leirfinni.“
115. Þá er einnig meðal rannsóknargagna handrituð samantekt af framburði Erlu Bolladóttur, dagsett sama dag, 21. janúar 1976.²⁰⁰ Frásögnin er rituð í fyrstu persónu og telur átta blaðsíður merktar með rómverskum tölustöfum frá I–V. Kvaðst Erla hafa verið í bíl. Hafi hún setið ein aftur í með Sævari. Bílstjórinn hafi verið M.P. og hafi hann setið einn fram í. Kvaðst Erla hafa heyrt á leiðinni eða eftir að komið hafi verið til Keflavíkur að þetta væri eina ráðið, það er að segja að hann sykki þá alveg niður á botn. Hafi þau verið í dýrum fólksbíl, með mjúkum sætum og fannst Erlu mælaborðið hafa verið eins og í Mercedes Benz. Bíllinn hafi verið stöðvaður niður við sjó. Hafi þeir farið út úr bílnum, en fyrir hafi verið að minnsta kosti tveir aðrir menn. Hafi þeir verið að tala saman og allir snúið baki í Erlu nema einn, það er sá sem þeir hafi verið að tala við.²⁰¹ Þeir hafi ætlað að fá manninn með sér til að sækja spíra eða fara út í eitthvað skip að því er þeir hafi sagt honum. Kvaðst Erla hafa haldið að hún ætti að fara sömu leið. Hafi hún orðið hrædd og farið út úr bílnum. Það hafi verið þarna fleiri bílar. Fannst Erlu eins og Kristján Viðar Viðarsson hafi verið þarna eða einhver af því liði. Þegar hún hafi farið út úr bílnum hafi þeir farið að litlum bát og hafi Sævar farið um borð ásamt einhverjum öðrum og G.E., en þar mun vera vísað til Geirfinns Einarssonar. Kvaðst Erla hafa gengið fyrst aftur á bak en þar sem enginn hafi verið að horfa á hana hafi hún farið að hlaupa. Kvaðst hún hafa farið inn í einhverja skemmu eða byggingu og meðan hún hafi beðið þess að einhver kæmi að sækja sig hafi hún farið að kasta upp.²⁰² Erla kvað Sævar ekki hafa viljað að henni yrði stytur aldur og hafi hann kvaðst munu geta séð um hana. Erla kvaðst muna að hún hafi beðið eftir að það yrði bjart. Hafi hún stoppað gamlan Moskvitch með V-númeri á einhverjum vegi.

¹⁹⁸ Dagbók nr. 4, bls. 26.

¹⁹⁹ Bls. 317.

²⁰⁰ Bls. 318–325.

²⁰¹ Bls. 318.

²⁰² Bls. 319.

Hafi ökumaðurinn verið gamall karl. Kvað Erla hann hafa ekið sér inn Grindavíkurfleggjara og þaðan hafi hún farið með olíubíl til Hafnarfjarðar. Þegar hún hafi komið heim þá hafi hún verið ein. Síðan hafi Sævar komið og spurt hvar hún hafi verið svona lengi. Kvað Erla þau hafa talað um að hún yrði að komast til Kaupmannahafnar, hún gæti ekki unað lengur heima. Kvaðst Erla hafa talið ástæðuna vera þá að unnið hafi verið að leit að henni fyrir póstmálið.²⁰³ Erla kvað Sævar hafa látið sig hafa peninga fyrir fargjaldi og hringt í strák sem hafi leigt á Bergþórugötu. Hafi sá ekið þeim á allar bensinstöðvar þar sem Sævar hafi skipt í hundraðkalla. Kvaðst Erla hafa falið peningana í stígvélunum og farið svo um morguninn. Móðir Sævars hafi þá vaknað og hafi Sævar sagt Erlu vera að fara til Akureyrar. Þetta hafi verið í byrjun desember. Kvaðst Erla ekki fá að fara neitt svona með Sævari og hafi hún haft það á tilfinningunni að hann væri að passa mig fyrir Kristjáni Viðari Viðarssyni.²⁰⁴ Kvaðst Erla ekki vita hvernig hún hafi orðið vör við það, en það hafi komið upp eitthvað vandamál og hafi Sævar farið um miðjan dag og sagst ætla að heimsækja Guðjón Skarphéðinsson. Sævar hafi hringt um miðnætti og sagst hafa tafist, en hann hafi ekki komið heim fyrr en klukkan 02:00. Þetta hafi komið aftur fyrir en Erla kvaðst hafa fundið það út að þetta hafi verið hvorutveggja lygi. Erla kvaðst hafa heyrt að það hafi verið eitthvað vandamál með það að G.E. gæti hugsanlega fundist og yrði að flytja hann á betri stað. Um 1. desember hafi Sævar farið á stúdentaball með Megasi og farið með hann fullan heim á Hjallaveg og látið hann sofa þar. Þá sagði Erla að nokkru eftir þetta hafi leigusalinn hennar sagt sér frá þeim og hafi hún þá farið upp í Breiðholt til að hitta Sævar en hann hafi ekki verið þar og hafi hann ekki komið þá nótt. Í næstu málsgrein sem er afmörkuð í samantektinni segir að þeir hafi allir verið með hanska. Í málsgrein þar á eftir er haft orðrétt eftir Erlu: „Einar Bollason var þarna, Magnús Leópoldsson og einn sem ég þekki ekki. Á bátnum fóru Sævar, Einar og sá þriðji sem ekki kom til baka. Sá sem ég ekki þekkti gæti hafa verið [JR].“ Kvað Erla jakka bílstjórans hafa verið með kraga og úr einhverju gervileðri. Sagði hún að þegar Kristján Viðar hafi farið út úr bílnum hafi hann sagt við Sævar að hann skyldi passa hana. Loks segir orðrétt í samantektinni: „Ég held að Sigurbjörn í Klúbbnum hafi verið þarna.“ Á síðustu blaðsíðunni segir svo að Sævar hafi vitað að A.G.G. væri kominn til landsins.²⁰⁵

116. Í dagbók Síðumúlafangelsisins var bókað að Sævar hafi verið færður á klefa sinn að yfirheyrslunni lokinni klukkan 02:00 um nóttina.²⁰⁶ Yfirheyrslan hafði þá staðið samfleytt yfir í tæpar sex klukkustundir. Í rannsóknargögnum málsins liggur fyrir handrituð samantekt á framburði Sævars. Samantektin er dagsett 21. janúar 1976, í henni segir að Einar B., Magnús L., Geirfinnur og Sævar hafi ekið um borgina, rætt um dreifingu áfengis og hvort Sævar gæti dreift. Hafi þeir verið við Klúbbinn um miðnætti. Þeir hafi verið á leið til Keflavíkur á lítilli, evrópskri og rauðleitri bifreið til að sækja áfengi. Hafi þeir hitt Sævar fyrst á Laugaveginum og ekið inn að Klúbbnum. Vissu þeir að Sævar hafi verið í hassdreifingu. Hafi Sævar ekki talið slíkt útilokað.

²⁰³ Bls. 320.

²⁰⁴ Bls. 321.

²⁰⁵ Bls. 325.

²⁰⁶ Dagbók nr. 4, bls. 26.

Þetta hafi skeð nokkrum dögum áður en Geirfinnur hafi horfið. Eftir hvarf Geirfinns hafi Sævari verið gert skiljanlegt af Magnúsi Leópoldssyni að það væri betra að þegja. Þá kemur fram að Sævar hafi verið í Keflavík kvöldið sem Geirfinnur hafi horfið. Hafi Sævar verið í bifreið með Einari Bollasyni, rauðum Fiat sem hafi verið í eigu föður Einars. Einar hafi ekið og hafi Magnús Leópoldsson og Valdimar Valtýsson einnig verið í bifreiðinni.²⁰⁷ Hafi þeir skilið Magnús og Valdimar eftir einhvers staðar í Keflavík. Erla hafi ekki verið með í bifreiðinni. Fleiri aðilar hafi farið um leið til Keflavíkur í einni bifreið. Hafi Sævar ekki vitað hverjir þeir voru. Haft er eftir Sævari að hann og Einar hafi skilið Magnús og Valdimar eftir nálægt höfninni en þeir ekið sjálfir inn í Njarðvík. Hafi þeir komið aftur inn í Keflavík eftir ákveðinn tíma og tekið Magnús upp í bifreiðina. Hafi Sævar ekki séð Geirfinn en Magnús og Valdimar höfðu sagst ætla að hitta hann. Magnús hafi sagt frá því að Geirfinnur hafi fallið útbyrðis við að sækja áfengið. Valdimar hafi farið með hinni bifreiðinni. Næst hafi verið ekið til borgarinnar og Sævari heim í Breiðholt. Magnús og Einar hafi ætlað niður í Klúbb. Ekki hafi orðið úr frekari viðskiptum við þá félag, heldur hafi Sævar farið á fund [SSH].²⁰⁸

117. Fimmtudaginn 22. janúar 1976 var fært í dagbók Síðumúlafangelsisins að Sævar hafi verið tekinn til yfirheyrslu klukkan 10:05 og færður aftur á klefa sinn klukkan 11:50. Rannsóknargögn liggja ekki fyrir um yfirheyrsluna. Bókað var að Kristján Viðar hafi verið tekinn til yfirheyrslu af Erni og Sigurbirni Víði klukkan 13:30.²⁰⁹ Hafi hann verið færður aftur á klefa sinn hálf tíma síðar. Rannsóknargögn liggja ekki fyrir um yfirheyrsluna. Þá var bókað í dagbók fangelsisins að Sævar hafi verið færður í yfirheyrslu klukkan 14:15 þennan dag.²¹⁰ Meðal rannsóknargagna er skýrsla um yfirheyrsluna. Var bókað að Sævari væri kunnugt um tilefnið sem væri grunur um vitneskju Sævars um hvarf Geirfinns Einarssonar sem síðast hafi spurst til 19. nóvember 1974. Kvaðst Sævar hafa verið kunnugt um hvarf Geirfinns og hafa fylgst með rannsókn málsins eins og hún hafi komið fram í fjölmiðlum. Nokkrum dögum fyrir hvarf Geirfinns hafi hann verið einn á gangi niður Laugaveg. Minnti hann að það hafi verið að kvöldi til, milli klukkan 22:00 og 23:00. Hafi þá stöðvað rétt hjá honum fólksbifreið og hafi maður kallað í hann með nafni. Þetta hafi verið Mercedes Benz bifreið og minnti Sævar að hún hafi verið bláleit á lit. Maðurinn sem hafi kallað í hann hafi verið Einar Bollason, bróðir Erlu. Hafi Einar setið í aftursæti bifreiðarinnar og kvaðst Sævar hafa sest við hliðina á honum. Hafi Magnús Leópoldsson setið undir stýri og við hlið hans maður sem Sævar kvað þá Einar og Magnús hafa kallað Geirfinn.²¹¹ Kvaðst Sævar síðar hafa séð myndir í fjölmiðlum af Geirfinni og þá þekkt hann sem þann sama og þarna hafi verið í bifreiðinni. Magnús hafi hann ekki þekkt fyrir, en komist að því síðar að hann væri starfsmaður Klúbbsins. Sagði Sævar að Einar og Magnús hafi farið að tala um það við hann í bifreiðinni hvort hann gæti ekki tekið að sér dreifingu á áfengi sem væri verið að smygla til landsins. Ástæða þess að

²⁰⁷ Bls. 326.

²⁰⁸ Bls. 327.

²⁰⁹ Dagbók nr. 4, bls. 26.

²¹⁰ Dagbók nr. 4, bls. 26b.

²¹¹ Bls. 328.

þeir hafi leitað til hans hafi verið sú að þeim hafi verið kunnugt um að Sævar hafi staðið í ólöglegum innflutningi og dreifingu á fíkniefnum. Sævar kvað þá hafa ekið um borgina og rætt saman um ólöglegan innflutning á áfengi og dreifingu þess og sagðist Sævar hafa tekið vel í að taka þátt í því. Hafi þeir setið um stund í bifreiðinni fyrir utan Klúbbinn, en ökuferðinni hafi lokið við Hótel Borg. Kvaðst Sævar hafa farið þar úr bifreiðinni en hinir þrír ekið á brott. Sævar kvað það hafa komið fram í samræðum þeirra að þeir félagar ættu von á áfengissendingu, töluverðu magni, og hafi þeir nefnt 75% Vodka og spíritus. Sævar kvaðst ekki muna eftir því að þeir hafi nefnt hvar áfengið ætti að koma í land, en kvaðst vita að það kæmi í brúsum. Þeir félagar hafi sagst munu hafa síðar samband við hann. Í millitíðinni hafi Sævar átt að kanna möguleika á dreifingu. Kvað Sævar það aðallega hafa verið Magnús og Einar sem hafi rætt þessi mál við hann í bifreiðinni. Geirfinnur hafi lítið til málanna lagt. Sævar kvaðst ekki minnst þess að borið hafi á góma hvar Geirfinnur ætti heima. Rætt hafi verið um að Sævar ætti að fá áfengið á því verði sem svaraði 2.000 krónum á flösku og réði því svo sjálfur á hvað hann myndi selja það aftur. Sævar kvað Einar hafa hringt í sig nokkrum dögum síðar heim til móður sinnar að Grýtubakka 10 og hafi Erla þá einnig verið þar stödd. Hafi þau haldið töluvert til heima hjá móður Sævars. Kvaðst Sævar halda að klukkan hafi verið 21:00 til 22:00. Hafi Einar talað um að koma og ræða við sig og hafi Sævar samþykkt það. Skömmu síðar hafi Einar komið og þá verið á rauðri Fiat fólksbifreið. Kvaðst Sævar halda að það hafi verið bifreið í eigu [BoG], föður Einars og Erlu. Með Einari í bifreiðinni hafi verið Magnús og svo Valdimar Olsen. Kvað Sævar hann eiga heima að Framnesvegi 61 í Reykjavík og eftir því sem hann best vissi þá hafi hann starfað sem hóteltjóri á Hótel Valhöll á Þingvöllum. Sævar kvað Einar hafa ekið bílnum og kvaðst hafa sest í framsætið við hlið hans. Magnús og Valdimar hafi setið í aftursætinu.²¹² Hafi þeir spurt hann hvort hann hafi kannað eitthvað markaðinn fyrir áfengið. Kvaðst Sævar hafa sagt þeim sem var, að það hefði hann enn ekki gert. Hafi þeir þá sagt honum að þeir væru að leggja af stað til Keflavíkur til að sækja áfengissendingu sem þeir hafi átt von á. Hafi þeir spurt Sævar hvort hann vildi ekki fara með þeim. Kvaðst Sævar hafa játað því og hafi þá verið ekið áleiðis til Keflavíkur og farin leiðin um Vatnsendahæð og hjá Vífilsstöðum á Reykjanesbraut. Ekki hafi verið numið staðar neins staðar fyrr en komið hafi verið til Keflavíkur. Á leiðinni hafi verið rætt um áfengissölu og talað um, að Sævar gæti fengið spíritusinn á hagstæðu verði ef hann tæki hann í stórum umbúðum. Kvað Sævar þá hafa spurt sig út í fíkniefnadreifingu og neyslu. Þá hafi þeir talað um að hugmyndin væri að hitta fleiri aðila þegar komið væri til Keflavíkur. Kvað Sævar þá hafa nefnt [JR], forstjóra Hafnarbíós, á nafn sem einn þeirra. Áður en bifreiðin hafi verið stöðvuð í Keflavík hafi þeir félagar talað um að hitta Geirfinn og skildist Sævari að Geirfinnur ætti að taka þátt í því að nálgast áfengi sem þyrfti að sækja út á sjó. Eitthvað lítilsháttar hafi verið ekið um Keflavík en bifreiðin síðan stöðvuð nálægt höfninni. Kvaðst Sævar vera mjög ókunnugur í Keflavík en gera ráð fyrir að hann myndi þekkja aftur stað þann þar sem bifreiðin var stöðvuð. Hafi þeir Valdimar og Magnús farið úr bifreiðinni og hafi verið talað um að taka þá Valdimar og Magnús aftur í bifreiðina

²¹² Bls. 329.

eftir ákveðinn tíma. Kvað Sævar þá hafa verið búna að ákveða staðinn við Einar. Kvaðst Sævar hafa séð á eftir þeim Magnúsi og Valdimar þar sem þeir hafi gengið niður einhverja hliðargötu sem hafi virst liggja niður að höfninni, en hann og Einar hafi ekið á brott. Sævar kvaðst ekki hafa séð neina menn þarna í Keflavík sem hann hafi getað sett í samband við ferðalag þeirra en honum hafi skilst á öllu að í það minnsta ein önnur bifreið hafi farið til Keflavíkur og í henni eða þeim hafi verið einhverjir, þeirra á meðal Jón. Sagði Sævar að hann og Einar hafi ekið inn í Njarðvík og um Keflavík og einnig hafi þeir ekið áleiðis til Sandgerðis, nánar tiltekið í námunda við radarstöðina sem þar hafi verið. Kvað Sævar þá hafa ekið um í eina til tvær klukkustundir. Hafi þeir stöðvað um stund á veginum til Sandgerðis og rætt saman um ferðir Sævars til útlanda, handtöku hans þar og hér á landi sem og annað í þeim dúr. Að lokum hafi þeir ekið inn í Keflavík og hitt þar Magnús, en Valdimar hafi ekki verið með honum. Sævar kvaðst ekki treysta sér til að segja til um á hvaða stað það hafi verið í bænum.²¹³ Magnús hafi sest upp í bifreiðina og haft á orði við Einar að þetta hafi reddast og hafi hann þá átt þar við að nálgast áfengið, en slys hafi orðið. Kvað Sævar Magnús hafa sagt að Geirfinnur hafi fallið útbyrðis úr bátum og druknað. Ekki hafi Magnús talað neitt nánar um hvernig það slys hefði borið að höndum, eða hvort þeir hefðu náð Geirfinni aftur inn í bátinn. Aftur á móti hafi Magnús sagt við sig að honum væri hollara að nefna slysið ekki við nokkurn mann, það væri honum fyrir bestu. Þá hafi verið ekið áleiðis til borgarinnar. Kvaðst Sævar ekki hafa orðið var við aðra aðila í sambandi við að sækja áfengið en sagðist viss um að fleiri hefðu farið þetta kvöld til Keflavíkur sömu erinda og þeir. Kvaðst hann ekki muna eftir því að hafa rætt eitthvað sérstakt við Einar og Magnús á heimleiðinni. Þeir hafi eitthvað rætt sín á milli en kvaðst Sævar ekkert hafa heyrt nema að þeir hafi rætt um að fara í Klúbbinn. Þegar þeir hafi komið til Reykjavíkur hafi honum verið ekið rakleiðis heim til móður sinnar. Áður hafi þeir Einar og Magnús talað um að hafa bráðlega samband við Sævar til þess að ræða nánar áfengisdreifinguna. Kvaðst Sævar halda að klukkan hafi verið um 03:00 þegar hann hafi komið heim. Daginn eftir hafi hann farið heim til [SSH] að Bergþórugötu 27 og boðið honum að selja áfengi. Hann hafi tekið mjög vel í það og kvaðst Sævar hafa ætlað að hafa samband við hann síðar. Nokkrum dögum síðar hafi Einar svo hringt í sig og spurt hvernig honum gengi að koma út áfenginu. Kvaðst Sævar ekki hafa verið búinn að athuga það endanlega, en þá hafi verið búið að lýsa eftir Geirfinni í fjölmiðlum og hafi Sævari ekki litist á að eiga viðskipti við þá félag. Kvaðst Sævar hafa sagst munu hafa samband við Einar, en aldrei gert það. Skömmu eftir þessa ferð til Keflavíkur hafi Erla farið til Kaupmannahafnar og hann nokkru síðar. Kvaðst Sævar ekki hafa látið neinn vita um vitneskju sína varðandi hvarf Geirfinns, þrátt fyrir ítrekuð tilmæli lögreglunnar í fjölmiðlum og hafi þar ráðið ótti hans við hefndarráðstafanir af hálfu þeirra félaga.²¹⁴ Var skýrslutökunni lokið klukkan 19:05 og hafði hún þá staðið yfir í tæpar fimm klukkustundir.

118. Í dagbók Síðumúlafangelsisins þennan dag, 22. janúar 1976, var bókað að klukkan 19:45 hafi Sigurbjörn Víðir farið að sækja Erlu og komið með hana tíu mínútum

²¹³ Bls. 330.

²¹⁴ Bls. 331.

seinna. Klukkan 21:45 var bókað í dagbókina að Sigurbjörn Víðir og Eggert hafi farið með Erlu. Rannsóknargögn liggja ekki fyrir um dvöl Erlu í fangelsinu þennan tíma. Þá var bókað í dagbókina þetta kvöld að Örn hafi farið inn á klefa til Sævars í tíu mínútur klukkan 21:50. Bókað var að Sigurbjörn Víðir og Eggert hafi komið aftur í Síðumúlafangelsið klukkan 00:50. Hafi þá Sigurbjörn Víðir farið inn á klefa til Kristjáns Viðars en Eggert inn á klefa til Sævars milli klukkan 01:00 og 01:15.²¹⁵

119. Föstudaginn 23. janúar 1976 var bókað í dagbók fangelsisins að Sigurbjörn Víðir hafi farið að sækja Erlu klukkan 10:10 og komið með hana 15 mínútum síðar. Þá var fært til bókar að klukkan 10:25 hafi Eggert tekið Erlu til yfirheyrslu. Meðal rannsóknargagna er skýrsla um yfirheyrsluna. Bókað var að tilefni yfirheyrslunnar væri að rannsóknarlögreglan teldi hugsanlegt að Erla gæti veitt upplýsingar um hvarf Geirfinns Einarssonar. Var Erlu kynnt vitnaskyldan og réttur hennar til að neita að bera vitni þar sem framburður hennar gæti orðið nánnum vandamönnum hennar í óhag. Kvaðst Erla þrátt fyrir það ætla að skýra frá því sem hún teldi sig vita um hvarf Geirfinns. Kvaðst Erla hafa verið stödd við samkomuhúsið Klúbbinn við Borgartún í Reykjavík ásamt Sævari, þáverandi sambýlismanni sínum. Kvað Erla þau ýmist hafa haldið til í íbúð að Hjallavegi 31, eða hjá móður Sævars að Grýtubakka 10 á þessum tíma. Kvaðst Erla ekki muna hvers vegna hún og Sævar hafi verið stödd saman við Klúbbinn þetta kvöld, en sagðist viss um að þau hafi ekki verið að skemmta sér. Kvaðst Erla ekki viss um hvað klukkan hafi verið, en þar sem enn hafi verið að hleypa gestum inn í húsið hafi klukkan ekki verið orðin 23:30. Fyrir utan Klúbbinn hafi hún og Sævar sest upp í fólksbifreið sem Erlu hafi fundist í fyrstu hafa verið leigubifreið, enda hafi maður setið undir stýri. Kvaðst Erla ekki muna hvort annar maður hafi setið við hlið ökumannsins, en slíkt væri hugsanlegt. Síðan hafi verið ekið af stað án þess að hún eða Sævar segðu neitt til um hvert skyldi haldið. Kvaðst Erlu hafa fundist sem það hafi allt verið fyrir fram ákveðið. Hafi verið ekið út úr borginni og áleiðis til Hafnarfjarðar. Kvaðst Erla ekki hafa hugsað sérstaklega út í það hvert væri verið að fara. Sagði hún þau Sævar hafa setið í aftursætinu og hafi Sævar setið mjög nálægt hurðinni hægra megin, en hún hafi setið um það bil í miðju sætinu. Ekki hafi verið numið staðar í Hafnarfirði, heldur ekið í gegnum bæinn og inn á Reykjanesbraut og stefnt í átt til Keflavíkur. Á leiðinni hafi Sævar haldið allan tímann í aðra höndina á henni og hafi Erlu fundist sem hann hafi ekki viljað sleppa henni. Kvaðst Erla oftast en einu sinni hafa reynt að draga að sér hendina en Sævar ekki sleppt. Á leiðinni til Keflavíkur hafi samræður átt sér stað milli Sævars og ökumannsins, en kvaðst Erla ekki muna þær orðrétt. Hafi þeir ekki nefnt nein nöfn, en kvaðst Erla fljótlega hafa fengið það á tilfinninguna að það ætti að stytta henni aldur og ferðalagið væri meðal annars farið í þeim tilgangi. Einnig hafi þeir talað um að drepa ætti mann með því að fara með hann út á sjó, undir því yfirskini að sækja eitthvað. Ekki hafi nafn þessa manns verið nefnt en talað hefði verið um að ökumaðurinn og bróðir Erlu, Einar Bollason, hafi reynt að koma vitinu fyrir manninn með því að bjóða honum peningagreiðslur. Það hafi ekki borið árangur, maðurinn hafi bara verið með stæla og því þyrfti að láta hann hverfa. Kvaðst Erla ekki viss um hvaða tegund bifreiðin hafi

²¹⁵ Dagbók nr. 4, bls. 26b.

verið sem þau voru í, en sætin í henni hafi verið mjög mjúk og þægilegt hafi verið að sitja í þeim. Þá hafi Erla munað eftir því að hraðamælir bifreiðarinnar hafi verið nokkuð sérkennilegur. Hann hafi verið kantaður og staðið nokkuð hátt upp úr mælaborðinu, framan við ökumanninn. Það hafi verið eins og súla í mælinum og hafi hún stigið lóðrétt þegar hraðinn hafi verið aukinn. Súlan hafi verið græn eða rauð á litinn og efri endi hennar eins og skáskorinn þannig að hann hafi myndað odd. Kvaðst Erla telja sig þekkja þennan hraðamæli aftur ef hún sæi hann, en gæti ekki lýst bifreiðinni með neinni vissu. Þegar komið hafi verið til Keflavíkur hafi bifreiðin verið stöðvuð niður undir flæðarmáli. Þar hafi verið ein bryggja og til hliðar við hana skammt frá hafi verið nokkuð háir klettur eða hamrar í sjó fram. Kvaðst Erla ekki geta gert sér grein fyrir hvaða leið þau hafi ekið um Keflavík, áður en þau hafi stöðvað á þessum stað. Flæðarmálið til hliðar við bryggjuna hafi verið mól eða sandur, en ekki steypdur kantur eins og venjulega væri í höfnum. Kvaðst Erla ekki geta lýst nánar með orðum umhverfinu, nema að leiðin að bryggjunni hafi legið dálítið niður í móti. Í það minnsta hafi hún verið það fyrst í stað á fótinn þegar hún hafi farið af staðnum stuttu seinna. Þegar bifreiðin hafi verið stöðvuð hafi ökumaðurinn farið fyrstur út úr henni og hafi hún þá fyrst séð andlit hans. Kvað hún ökumanninn hafa verið Magnús Leópoldsson, sem hafi verið forstjóri eða eitthvað svoleiðis í Klúbbnum. Kvað Erla Magnús hafa farið út úr bifreiðinni með þeim ummælum að Sævar skyldi gæta hennar og hafi Sævar jánkað því. Fyrir á staðnum hafi verið aðrar bifreiðar og fleiri menn. Kvaðst Erla muna fyrir víst eftir rauðri fólksbifreið, sem hafi getað verið bifreið föður hennar, og kvaðst hún muna eftir stórri sendiferðabifreið sem hafi staðið á bryggjunni, rétt upp undir flæðarmálinu. Kvað Erla bifreiðina hafa verið með sama sniði og Volkswagen bifreiðar, svokölluð rúgbrauð, nema miklu stærri. Kvaðst hún halda að hún hafi verið ljós á litinn, en þó væri hún ekki viss. Bifreiðin hafi snúið framendanum að landi og hafi framrúðurnar verið stórar. Kvaðst Erla ekki muna eftir öðrum hliðarrúðum en þeim sem hafi verið á móts við framsætin. Sagði Erla að sér hafi endilega fundist eins og maður hafi verið í bifreiðinni. Það hafi verið dimmt og því erfitt að greina nákvæmlega, nema það sem skammt hafi verið frá. Bátur hafi legið utar við bryggjuna, en Erla kvaðst ekki geta fyllilega gert sér grein fyrir hvernig hann hafi litið út. Kvaðst hún helst halda að þetta hafi verið nokkuð stór trillubátur með stýrishúsi. Í flæðarmálinu og rétt ofan við það kvaðst Erla hafa séð alls sjö menn, það er eftir að Magnús og Sævar hafi báðir verið komnir út úr bifreiðinni. Bifreið sú sem Erla kvaðst hafa komið í hafi staðið ofan við fjöruna og til hliðar við bryggjuna og snúið framenda að henni. Sagði Erla að bryggjan hafi verið á vinstri hönd þegar hún hafi setið í bifreiðinni. Rétt skáhalt framan við bifreiðina til vinstri hafi þeir Sævar og Magnús staðið á tali við einhvern þriðja mann sem hún hafi ekki þekkt. Lengra frá og meira til hliðar við bifreiðina hafi verið einn maður sem Erla kvaðst ekki heldur hafa þekkt. Þriðja manninn hafi hún ekki þekkt heldur, en hann hafi staðið enn lengra frá bifreiðinni en hinir í svipaða stefnu og þeir Sævar, Magnús og sá sem þeir hafi verið að tala við. Erla kvað Einar bróður sinn hafa staðið skáhalt framan við bifreiðina í fjörunni til hægri. Enn lengra til hægri, en fjær sjávarmálinu hafi Kristján Viðar staðið. Kvað Erla að eftir það sem hún hafi heyrt af samræðunum í bifreiðinni á leiðinni, þá hafi hún haft það á tilfinningunni, að það hafi verið Kristján Viðar sem hafi átt að sjá

um sig. Maðurinn sem hafi verið á tali við þá Magnús og Sævar hafi verið sá sem hafði verið með stæla og ætti að hverfa. Kvað Erla mennina hafa verið eitthvað upptekna af hvor öðrum eða einhverju og hafa bent út í loftið. Hafi hún þá verið orðin mjög hrædd og farið út úr bifreiðinni, en hafi reynt að gera það þannig að ekki yrði eftir því tekið. Kvað Erla það hafa tekist. Enginn hafi virst taka eftir því að hún væri ekki lengur í bifreiðinni, eða haft nokkuð við það að athuga. Kvaðst Erla hafa farið að fikra sig frá bifreiðinni og í áttina frá mönnunum. Kvaðst hún hafa gengið aftur á bak. Þegar hún hafi verið komin spölkorn frá þeim hafi hún snúið við og tekið til fótanna í burtu.²¹⁶ Kvaðst hún ekki geta gert sér grein fyrir því hvert hún hafi hlaupið enda hafi hún hugsað um það eitt að komast sem lengst í burtu og fela sig. Fyrst hafi leiðin aðeins verið á fótinn en svo hafi hún komið á jafnsléttu. Þá hafi orðið fyrir henni eitthvað hús sem hafi verið opið og hafi hún farið þangað inn til að leita að felustað. Kvaðst Erla muna að þarna inni hafi verið eitthvað timburdrasl og hafi hún falið sig úti í horni. Kvaðst hún ekki geta gert sér ljósa grein fyrir hvers konar hús þetta hafi verið, en kvað það geta hafa verið hús í byggingu eða geymsluhúsnæði. Kvaðst Erla ekki geta gert sér grein fyrir hversu lengi hún hafi legið þarna í horninu en það hafi skipt örugglega klukkustundum. Hafi henni liði svo illa að hún hafi kastað upp. Felustaðinn kvaðst Erla ekki hafa yfirgefið fyrr en hún hafi orðið vör við einhverja umferð. Kvaðst Erla ekki hafa gert sér grein fyrir í hvað átt hún hafi gengið, en henni hafi tekist að stöðva bifreið sem henni fannst hafa komið úr suðurátt og hafi það verið á malarvegi. Þetta hafi verið Moskvitch fólksbifreið af eldri gerð og hafi ökumaðurinn verið fullorðinn maður. Hafi hann verið ræðinn og skildist Erlu á honum að hann væri Vestmannaeyingur sem hefði flutt upp á land eftir eldgos. Kvaðst Erla ekki muna nákvæmlega hvaða skýringu hún hafi gefið manningum á ferðum sínum eða hvort hún hafi gefið honum einhverja skýringu. Kvaðst hana þó minna að hún hafi talað um að hún starfaði í frystihúsi í Grindavík. Kvaðst Erla hafa farið úr bifreiðinni við vegamót Reykjanesbrautar og Grindavíkurvegar. Þar hafi hún stöðvað stóra vöruflutningabifreið sem hafi átt leið til borgarinnar eða Hafnarfjarðar. Kvaðst Erla hafa fengið far með bifreiðinni til Hafnarfjarðar en þaðan hafi hún tekið almenningsvagn til borgarinnar. Hafi hún farið í íbúð þeirra við Hjallaveg og dvalið þar yfir daginn. Sævar hafi komið þangað einhvern tímann síðari hluta dagsins, eða um kvöldið. Kvað hún Sævar hafa viljað vita hvar hún hafði verið og hvert hún hafði farið og eitthvað hafi hann talað um að hún hefði ekki verið heima þegar hann hafi komið heim. Kvaðst Erla ekki muna hverju hún hafi svarað honum. Kvaðst Erla muna eftir því að næsta dag, eða þarnaæsta, hafi verið lýst eftir Geirfinni. Fyrst í stað hafi hún ekki sett hvarf hans í samband við ferð sína til Keflavíkur en þegar hún hafi farið að hugsa málið betur hafi hún komist að þeirri niðurstöðu að Geirfinnur hafi verið maðurinn sem hafi átt að láta hverfa. Kvaðst hún þó ekki hafa borið kennsl á hann af myndum í fjölmiðlum sem einn þeirra manna sem hún hafi séð niður við sjóinn í Keflavík. Kvað Erla það vel geta verið að Geirfinnur hafi verið annar þeirra, þó svo hún hafi ekki þekkt hann aftur á mynd, en dimmt hafi verið á staðnum. Sagði Erla að hún og Sævar hafi aldrei beinlínis talað um þessa ferð til Keflavíkur eða hvað þar

²¹⁶ Bls. 334.

hefði skeð. Kvaðst hún muna eftir því að Sævar hafi oft talað um að svona færi fyrir mönnum sem væru með stæla eða væru að skipta sér af því sem þeim kæmi ekki við og hafi hann þar átt við hvarf Geirfinns. Um hálfum mánuði eftir ferðina til Keflavíkur hafi hún farið til Kaupmannahafnar og þangað hafi svo Sævar komið um tíu dögum síðar. Kvaðst hún hreinlega hafa verið orðin hrædd og haft það einhvern veginn á tilfinningunni að einhver vildi ryðja sér úr vegi. Ekki hafi henni þó verið hótáð neinu.²¹⁷ Bókað var að skýrslunni hafi lokið klukkan 13:30, en þá hafði hún staðið yfir í þrjár klukkustundir.

120. Þennan sama dag, 23. janúar 1976, var bókað í dagbók fangelsisins við Síðumúla að Sigurbjörn Víðir hafi farið inn á klefa til Kristjáns Viðars klukkan 11:05. Klukkan 11:30 hafi Sigurbjörn Víðir farið af klefa Kristjáns yfir á klefa Alberts og komið þaðan út tíu mínútum síðar. Þá var bókað klukkan 13:10 að Örn hafi farið inn á klefa Sævars og Sigurbjörn Víðir inn á klefa Kristjáns Viðars. Klukkan 13:30 hafi Sigurbjörn Víðir komið út af klefa Kristjáns Viðars og farið heim með Erlu, sem hafi þá verið búin í yfirheyrslu. Fært var í dagbókina klukkan 13:40 að Örn hafi þá komið út af klefa Sævars. Um klukkan 14:30 var bókað að Eggert hafi farið inn á klefa Sævars og komið þaðan út klukkan 15:05. Rannsóknargögn liggja ekki fyrir um framangreind viðtöl. Klukkan 16:55 var fært til bókar að Kristján Viðar hafi verið tekinn til yfirheyrslu. Ekki er fært í dagbók fangelsisins hvenær yfirheyrslunni hafi lokið. Rannsóknargögn liggja heldur ekki fyrir um yfirheyrsluna. Á sama tíma var bókað að Eggert hafi farið inn á klefa til Sævars. Klukkan 17:50 var bókað í dagbókina að Eggert hafi komið út frá Sævari. Um kvöldið var bókað í dagbók fangelsisins að Kristján Viðar hafi verið tekinn til yfirheyrslu klukkan 20:40.²¹⁸ Meðal rannsóknargagna er skýrsla um yfirheyrsluna. Var Kristjáni kynnt tilefni yfirheyrslunnar sem hafi verið grunur um að hann kynni að hafa verið viðriðinn hvarf Geirfinns eða hafa vitað um það. Í upphafi lýsti Kristján Viðar því yfir að hann teldi sig hvorki viðriðinn hvarf Geirfinns né vissi hann um það. Hitt væri annað að hann eins og fleiri hafi fylgst með því í fjölmiðlum þegar lýst hafi verið eftir Geirfinni og hvarf hans rannsakað. Kvaðst Kristján Viðar ekki hafa komið til Keflavíkur nema tvisvar um ævina. Fyrri skiptið hafi verið þegar hann hafi verið um 13 ára gamall en hitt skiptið gæti hafa verið einhvern tímann um það leyti sem Geirfinnur hafi horfið. Kvaðst Kristján Viðar hafa að öllu jöfnu verið mikið undir áhrifum ýmiss konar lyfja, bæði örvandi og róandi, en aðallega róandi. Hafi hann lítið verið undir áhrifum áfengis, enda hafi læknir ráðlagt honum að láta áfengisdrykkju eiga sig. Kvað Kristján Viðar minni sitt frá síðari hluta árs 1974 vera mjög óljóst á köflum vegna óhóflegrar lyfjanotkunar. Kvaðst Kristján Viðar muna eftir því að einhvern tímann að kvöldlagi hafi hann farið upp í stóra sendibifreið af þeirri gerð sem ýmist hafi verið notuð til vöru- eða fólksflutninga. Eftir því sem Kristján Viðar taldi sig best muna hafi þetta gerst baka til við samkomuhúsið Klúbbinn. Kvaðst hann ekki geta gert sér grein fyrir því hvers vegna hann hafi farið inn í þessa bifreið, en um eitt væri hann viss um, að hann hafi þekkt einhvern eða einhverja sem hafi verið í bifreiðinni. Að öðrum kosti

²¹⁷ Bls. 336.

²¹⁸ Dagbók nr. 4, bls. 27.

hefði hann ekki farið inn í hana. Kvaðst Kristján Viðar því ekki geta, í það minnsta ekki enn sem komið væri, sagt hverjir hafi verið í bifreiðinni auk hans, en fleiri menn hafi verið í henni. Kvað Kristján Viðar það vel geta verið að bifreiðin hafi verið af Mercedes Benz gerð með gluggum eftir hliðunum. Kvaðst hann halda að hún hafi verið fremur dökk á lit. Bifreiðinni hafi verið ekið út úr borginni, að því er Kristján taldi, til Keflavíkur. Kvaðst hann vera ókunnugur í Keflavík og því ekki geta sagt um hvert þar hafi verið ekið en muna að bifreiðin hafi verið stöðvuð rétt við sjó. Kvaðst Kristján Viðar halda að bifreiðin hafi verið stöðvuð til hliðar við stórt hús eða skemmu sem hafi ábyggilega ekki verið íbúðarhúsnæði, verslunar- eða skrifstofuhúsnæði.²¹⁹ Framan við bygginguna hafi sjórinn verið í svóltilli fjarlægð og kvaðst hann muna eftir að hafa séð þar fram á í það minnsta eina bryggju gerða úr steinsteypu. Lýsing hafi ekki verið góð þarna, engir ljósastaurar hafi verið heldur hafi birtan komið frá ljósum á þeirri hlið byggingarinnar sem hafi snúið að sjónum. Kristján Viðar kveðst telja sig hafa séð aftan á nokkuð stóran bát. Hélt hann að það hafi verið stálbátur en kvaðst ekki geta gert sér fyllilega grein fyrir hvort hann hafi verið í sjó eða staðið í landi. Við bryggjuna hafi verið í það minnsta einn annar bátur og hafi sá verið mjög lítil og hélt Kristján að hann hafi ekki verið með neina yfirbyggingu. Lýsti Kristján Viðar því að sér fyndist sem það hafi verið einhver hreyfing á þeim báti, eins og hann væri um það bil að koma að bryggjunni eða að fara frá henni. Í það minnsta tvær aðrar bifreiðar hafi verið þarna á staðnum og hafi það hvorutveggja verið fólksbifreiðar. Kvaðst Kristján Viðar ekki vera viss um tegundir eða lit þessara bifreiða, en fannst önnur þeirra hafa verið Volga, Datsun eða Mercedes Benz. Fólk hafi verið við bifreiðarnar og minnti Kristján Viðar að þar hafi verið nokkrir karlmenn og einn kvenmaður. Kvað Kristján Viðar suma mennina hafa verið eldri en hann. Kvaðst hann telja sig hafa séð þarna tvo menn að minnsta kosti sem hann hafi borið kennsl á. Annar þeirra hafi verið Sævar en hinn Einar Bollason. Kristján Viðar kvaðst þekkja Sævar vel, en Einar hafi hann oft séð á myndum en sagðist ekki þekkja hann persónulega. Þá taldi Kristján Viðar sig hafa séð systur Einars, Erlu Bolladóttur. Karlmennirnir hafi virst vera að ræða eitthvað saman. Kvaðst Kristján Viðar ekki muna eftir því að hafa farið út úr bifreiðinni. Kvaðst hann ekki muna frekar eftir atvikum þarna á staðnum eða ferðinni til borgarinnar aftur. Sagðist Kristján Viðar muna eftir því að sjávarmálið beggja vegna bryggjunnar hafi verið mól, en ekki steinsteyppt eða malbikað. Kvaðst Kristján Viðar ekkert frekar geta tjáð sig um þetta mál, í það minnsta ekki að sinni, en kvað það geta hugsast að atvik myndu rifjast betur upp fyrir honum síðar. Hvort þessi atburður eða ferðalag hans var um það leyti sem farið var að lýsa eftir Geirfinni kvaðst Kristján Viðar ekki geta fullyrt en taldi það þó vel hugsanlegt.²²⁰ Bókað var að yfirheyrslunni hafi lokið klukkan 01:20, en þá hafði yfirheyrslan staðið yfir í tæpar fimm klukkustundir.

121. Klukkan 11:45 morguninn eftir, 24. janúar 1976, var bókað í dagbók Síðumúlafangelsisins að Eggert og Örn hafi hafið skýrslulestur í horninu. Klukkan 13:00 var bókað að Eggert hafi farið inn á klefa til Sævars. Klukkan 14:30 var bókað

²¹⁹ Bls. 338.

²²⁰ Bls. 338.

að Eggert hafi komið frá ofangreindu viðtali við Sævar.²²¹ Rannsóknargögn liggja ekki fyrir um viðtalið. Í dagbók fangelsisins var bókað klukkan 02:07 um nóttina að Högni Einarsson, fangavörður í Síðumúlafangelsi, hafi hringt í Eggert og beðið hann um að koma að ósk Sævars því hann vildi gefa mikilvæga skýrslu. Klukkan 02:40 er fært til bókar að Eggert hafi komið og gengið strax í að yfirheyra Sævar. Þá var bókað klukkan 04:20 að yfirheyrslu yfir Sævri hafi lokið og á sama tíma hafi Kristján Viðar fengið viðtal við Eggert. Þá er bókað í dagbókina að Eggert hafi farið klukkan 05:20 en komið aftur ásamt Sigurbirni Víði um klukkan 07:00 en þeir hafi farið fljótt aftur.²²² Rannsóknargögn liggja ekki fyrir um yfirheyrsluna yfir Sævri og viðtalið við Kristján Viðar.

122. Sunnudaginn 25. janúar 1976 var bókað í dagbók fangelsisins að Sigurbjörn Víðir hafi farið inn á klefa til Kristjáns Viðars til að tala við hann klukkan 08:45. Þá var bókað klukkan 09:00 að Eggert hafi tekið Sævar til yfirheyrslu í hornið. Klukkan 09:10 var fært til bókar að Sigurbjörn Víðir hafi komið frá Kristjáni Viðari og klukkan 09:20 hafi Sævar verið settur aftur á klefa. Rannsóknargögn um yfirheyrsluna yfir Sævri og viðtalið við Kristján Viðar liggja ekki fyrir. Klukkan 09:40 var bókað í dagbók fangelsisins að Eggert og Sigurbjörn Víðir hafi farið með Sævar í bíltúr. Fært var til bókar að klukkan 10:45 hafi Örn tekið Albert Klahn fram til viðtals og klukkan 11:20 hafi hann farið með Albert í ökuferð ásamt Matthíasi Guðmundssyni rannsóknarlögreglumanni. Rannsóknargögn liggja ekki fyrir, hvorki um viðtalið né ökuferðina. Bókað var í dagbókina að klukkan 11:55 hafi verið komið aftur með Sævar úr bíltúrnum og hann færður á klefa. Rannsóknargögn um bíltúrinn liggja ekki fyrir. Klukkan 12:00 var bókað að komið hafi verið með Albert úr ökuferðinni. Rannsóknargögn liggja ekki fyrir um ökuferðina. Klukkan 13:00 hafi Kristján Viðar verið sóttur og hafi Örn og Sigurbjörn Víðir farið með hann í bíltúr. Hálf tíma síðar hafi Jón M. Gunnarsson rannsóknarlögreglumaður komið og sagst vera að vinna ákveðið verkefni að boði Arnar.²²³
123. Klukkan 14:00 var bókað að Sævar hafi verið tekinn fram til Eggerts til skýrslutöku.²²⁴ Meðal rannsóknargagna er skýrsla um yfirheyrsluna. Í upphafi skýrslunnar er bókað að Sævar hafi viljað breyta fyrri skýrslu sinni frá 22. janúar 1976 að nokkru og bæta við hana. Kvað Sævar að þar sem hann hafi talað um að hafa verið í bifreið með Magnúsi Leópoldssyni, Einari Bollasyni og Geirfinni Einarssyni, þá hafi hann sagst hafa farið úr bifreiðinni við Hótel Borg. Kvað Sævar það ekki rétt því hann hafi farið úr henni við Klúbbinn, en þangað hafi verið ekið eins og fram hafi komið. Kvaðst Sævar hafa sagt frá því að Einar hafi nokkrum dögum síðar hringt heim til móður sinnar að Grýtubakka 10 þar sem hann hafi verið staddur ásamt Erlu. Lýsti hann því yfir að það hafi ekki verið rétt. Erla hafi ekki verið stödd þar og hafi það verið hún sem hafi hringt til sín og sagst vera stödd heima hjá Einari bróður sínum. Sævar kvað Erlu hafa spurt fyrir hönd Einars um það hvort hann væri búinn að kanna möguleika á

²²¹ Dagbók nr. 4, bls. 27b.

²²² Dagbók nr. 4, bls. 28.

²²³ Dagbók nr. 4, bls. 28b.

²²⁴ Dagbók nr. 4, bls. 28b.

dreifingu áfengis. Einar hafi ekki gert það sjálfur. Þegar hann hafi svo verið sóttur heim að Grýtubakka skömmu síðar, þá hafi Erla verið í þeirri bifreið sem hafi sótt hann. Kvað Sævar þar einnig hafa verið Einar og Magnús en ekki Valdimar Olsen eins og hann hafi áður sagt. Í stað Valdimars, þá hafi Kristján Viðar verið í bifreiðinni. Sævar kvað Einar hafa sagt sér að verið væri að leggja af stað til þess að sækja áfengissendingu sem koma ætti í land í Keflavík og hafi boðið sér að koma með. Kvaðst Sævar hafa þekkt boðið. Sævar sagðist ekki muna gjörla hvað rætt hafi verið í bifreiðinni á leiðinni til Keflavíkur eða hvort komið hafi verið einhversstaðar við í borginni áður en lagt hafi verið af stað. Hafi Einar ekið bifreiðinni en Sævar kvaðst hafa setið við hlið hans. Í aftursætinu hafi setið þau Magnús, Erla og Kristján Viðar. Kvaðst Sævar hafa sagt í fyrri skýrslu sinni að bifreiðin hafi verið af Fiat gerð en við nánari umhugsun kvaðst Sævar ekki telja það víst og sagði bifreiðina geta hafa verið af annarri gerð. Þegar komið hafi verið til Keflavíkur hafi verið ekið í gegnum bæinn og síðan niður með nokkuð stórra byggingu sem hafi staðið nokkuð út úr eða í útjaðri bæjarins. Þetta hafi sennilega verið slippur þar sem Sævar kvaðst muna eftir bátum á þurru landi á milli byggingarinnar og flæðarmálsins. Kvað Sævar að þarna niður af hafi verið bryggja og við hana bátur. Ekki hafi báturinn verið stór heldur trilla, í kringum 10 smálesta.²²⁵ Kvaðst Sævar annars hafa lítið vit á stærð báta. Lítið stýrishús hafi verið á bátnum og niðurgangur í lúkar hafi verið frammi í bátnum. Slæm lýsing hafi verið á staðnum og kvaðst Sævar halda að birtan sem hafi verið þarna hafi komið frá ljósum sem hafi verið á fyrrnefndri byggingu. Minnti Sævar að einhver ljós hafi einnig verið á bátnum. Þegar þau hafi komið þarna að þá hafi verið þar fyrir tvær bifreiðar. Önnur hafi verið fólksbifreið sem Sævar minnti að hafi staðið aðeins úti á bryggjunni og svo stór sendibifreið sem hafi staðið efst á bryggjunni, eða þar sem land og bryggja hafi mæst. Kvað Sævar að báðum megin bryggjunnar hafi verið sandfjara. Þarna við eða í bifreiðunum hafi verið nokkrir menn sem hann hafi ekki borið kennsl á, enda hafi verið dimmt. Kvað Sævar að Erla hafi sagt sér síðar að þarna hafi verið Geirfinnur Einarsson og Valdimar Olsen. Kvaðst Sævar ekki hafa séð þá þarna svo hann myndi. Kvaðst Sævar halda að Magnús og Kristján Viðar hafi farið fyrst út úr bifreiðinni og hafi Magnús sagt eitthvað á þá leið við Kristján Viðar að hann kæmi með sér. Erla hafi farið um svipað leyti út úr bifreiðinni og hafi þau öll þrjú farið út á bryggjuna, enda hafi Erla spurt Magnús hvort ekki væri í lagi að hún færi með í sjóferðina. Kvað Sævar að ekkert hafi verið því til fyrirstöðu og hafi þau öll farið um borð í bátinn. Hafi hann og Einar farið út úr bifreiðinni rétt á eftir hinum en ekki farið út á bryggjuna. Þarna hafi verið fleiri menn sem hafi virst hafa verið úr sendibifreiðinni og hinni fólksbifreiðinni. Auk þeirra þriggja, sem Sævar kvaðst þegar hafa sagt að hafi farið um borð í bátinn, kvað Sævar þrjá aðra karlmenn hafa farið sem hann hafi ekki borið kennsl á vegna myrkurs. Einn þeirra hafi verið Geirfinnur Einarsson eftir því sem Erla hafi sagt honum síðar. Þrír menn hafi orðið eftir í landi, auk hans og Einars. Kvaðst Sævar muna að einn þessara manna hafi verið nokkuð eldri en hinir. Hafi Erla talað síðar eitthvað um þann mann. Það hafi ekki liðið löng stund frá því þeir hafi komið þarna á staðinn og þar til báturinn hafi siglt frá

²²⁵ Bls. 339.

bryggjunni. Kvað Sævar að hann og Einar hafi rétt á eftir farið aftur inn í bifreiðina og ekið á brott. Kvaðst Sævar hafa greint frá því í fyrri skýrslu sinni hvert þeir hafi ekið. Kvaðst Sævar ekki getað sagt til um hvað hafi orðið um hinar bifreiðarnar. Sagði Sævar að sér hafi skilst á Einari að þeir hafi átt að vera komnir á staðinn aftur eftir ákveðinn tíma. Þegar þeir hafi svo komið aftur þá hafi báturinn verið kominn að bryggjunni og verið að skipa upp úr honum og setja í sendibifreiðina sem þá hafi verið búið að bakka út á bryggjuna. Kvaðst Sævar hafa séð að eitthvað hafi verið tekið úr bátnum og sett í sendibifreiðina, en sagðist ekki muna eftir að hafa séð hvað það hafi verið. Sævar sagði að Erla hafi sagt sér síðar að náð hafi verið í töluvert mikið magn af 75% Vodka og svo spíritus í brúsum. Einnig hafi einhverjar netadræsurnar verið settar í bifreiðina. Kvað Sævar að hann og Einar hafi gengið aftur í átt að bifreiðinni og hafi þá Magnús komið til þeirra. Hafi Magnús þá sagt að þetta hafi reddast, en slys hafi orðið því Geirfinnur hefði fallið útbyrðis og drukknað. Kvað Sævar þá þrjá hafa þá sest inn í bifreiðina og ekið áleiðis til Reykjavíkur. Erla hafi ekki komið aftur í bifreiðina og kvaðst Sævar ekki muna betur en að Magnús hafi talað um að hún kæmi með annarri bifreið. Kvað Sævar að sér hafi verið ekið heim til móður sinnar en kvaðst ekki vita hvert þeir Einar og Magnús hafi farið. Ekki hafi Erla þá verið komin þangað og hafi ekki komið um nóttina. Kvaðst Sævar ekki hafa hitt hana fyrr en daginn eftir þegar hann hafi farið í íbúðina sem hún hafi leigt við Hjallaveg. Þar hafi Erla verið fyrir og þegar hann hafi spurt hana hvernig hún hafi komist til borgarinnar hafi hún sagst hafa komið með Valdimar. Kvað Sævar það hafa verið þá sem Erla hafi sagt sér hverjir hefðu farið út með bátnum auk hennar og hafi hún nefnt nöfn einhverra manna sem Sævar kvaðst ekki muna lengur nema nafn Geirfinns. Kvað Sævar að Erla hafi eitthvað talað um að hún hafi ekki vitað hvað hafi orðið af honum. Kvaðst Sævar ekki hafa séð þegar báturinn hafi komið að landi og vissi því ekki hversu margir bátsverjar hafi komið til baka. Í lok skýrslunnar lýsti Sævar því yfir að honum hafi verið ekið til Keflavíkur og sýndir þeir tveir staðir sem gætu komið til greina. Hafi það verið sjálf höfnin og svo athafnasvæði Dráttarbrautar Keflavíkur og bryggjan þar niður af. Kvaðst Sævar telja sig þess fullvissan að þeir atburðir sem hann hafi nú lýst hafi átt sér stað við Dráttarbrautina. Kvaðst Sævar þekkja þann stað með vissu aftur en sagði sjálfa höfnina alls ekki koma til greina. Bókað er að yfirheyrslunni hafi lokið klukkan 15:30.²²⁶

124. Í dagbók fangelsisins í Síðumúla þennan dag, 25. janúar 1976, var bókað að Erla hafi hringt klukkan 14:40 og viljað fá samband við einhvern þeirra þriggja sem væru frá sakadómi. Hafi Eggert verið á staðnum og því svarað henni. Þá var bókað í dagbókina klukkan 15:20 að Örn og Sigurbjörn Víðir hafi komið með Kristján Viðar úr bíltúrnum og fært hann á klefa. Rannsóknargögn liggja ekki fyrir um bíltúrinn. Klukkan 15:30 hafi skýrslan yfir Sævari verið undirrituð og Jón M. Gunnarsson rannsóknarlögreglumaður hafi komið með sitt verkefni. Tíu mínútum síðar var bókað í dagbók fangelsisins að Sævar hafi verið færður á klefa sinn og ráðstefna þeirra fjögurra rannsóknarlögreglumanna sem staddir væru í húsinu hafi hafist í horninu.²²⁷

²²⁶ Bls. 341.

²²⁷ Dagbók nr. 4, bls. 28b.

Fært var til bókar klukkan 16:10 að Kristján Viðar hafi verið sóttur til viðtals í hornið og færður aftur á klefa klukkan 16:45. Rannsóknargögn um viðtalið liggja ekki fyrir.

125. Að morgni 26. janúar 1976 er bókað í dagbók fangelsisins við Síðumúla að Njörður og Matthías, rannsóknarlögreglumenn hafi komið með Valdimar Olsen klukkan 06:10. Þá hafi rannsóknarlögreglumennirnir Ragnar Vignir og Jón M. Gunnarsson komið með Magnús Leópoldsson klukkan 06:20. Tíu mínútum síðar er bókað að Eggert, Haukur og Sigurbjörn Víðir hafi komið með Einar Bollason.²²⁸
126. Bókað var í dagbók fangelsisins að klukkan 08:05 hafi Valdimar Olsen verið færður fram í yfirheyrslu.²²⁹ Meðal rannsóknargagna er skýrsla um yfirheyrsluna. Tilefni yfirheyrslunnar var bókað grunur um að Valdimar kynni að hafa verið viðriðinn hvarf Geirfinns. Kvaðst Valdimar neita því algjörlega að hafa nokkra hugmynd um nokkuð sem varpað gæti ljósi á það hvernig hvarf Geirfinns kunni að hafa borið að höndum. Kvaðst hann muna eftir því að hvarf hans hafi verið mikið í fjölmiðlum á sínum tíma, en aðra vitneskju hafi hann ekki. Kvaðst Valdimar aldrei hafa séð Geirfinn sér vitanlega, hvað þá þekkt hann.²³⁰ Var yfirheyrslunni lokið klukkan 08:13 og var Valdimar þá færður á klefa. Þá var bókað í dagbók fangelsisins að Magnús Leópoldsson hafi verið færður til yfirheyrslu klukkan 08:20. Meðal rannsóknargagna er skýrsla um yfirheyrsluna. Kvaðst Magnús neita því algjörlega að hafa nokkra vitneskju um hvarf Geirfinns annað en það sem hann hafi haft úr fjölmiðlum á sínum tíma. Kvaðst Magnús hafa verið boðaður í yfirheyrslu á lögreglustöðinni í Reykjavík og hafa rætt þar við Hauk Guðmundsson og Rúnar Sigurðsson, lögreglumenn úr Keflavík, en kvaðst ekki hafa undirritað skýrslu um yfirheyrsluna. Kvaðst Magnús ekki hafa þekkt Geirfinn og vissi ekki til þess að hann hafi nokkurn tímann séð hann.²³¹ Var yfirheyrslunni lokið klukkan 08:28 og var Magnús færður á klefa sinn klukkan 08:50. Fimm mínútum síðar var Einar Bollason færður til yfirheyrslu. Skýrsla um yfirheyrsluna er meðal rannsóknargagna. Var Einari það algjörlega ókunnugt hvernig hvarf Geirfinns hafi borið að höndum. Kvaðst hann ekkert vita um málið nema að það hafi verið mikið rætt um það í fjölmiðlum á sínum tíma. Hafi hann ekki þekkt Geirfinn og vissi ekki einu sinni til þess að hann hafi nokkru sinni séð mann með því nafni. Kvaðst Einar vilja benda á að hugsanlegt gæti verið að hann hafi verið á keppnisferðalagi á Írlandi og víðar 19. nóvember 1974 með íþróttamönnum úr KR, en vildi þó ekki fullyrða algjörlega um dagsetninguna.²³² Var yfirheyrslunni lokið klukkan 09:16 og var hann þá færður á klefa sinn.²³³
127. Bókað var í dagbók fangelsisins klukkan 10:00 þennan dag að Kristján Viðar hafi verið tekinn fram til viðtals. Skýrsla um viðtalið liggur ekki fyrir meðal

²²⁸ Dagbók nr. 4, bls. 29.

²²⁹ Dagbók nr. 4, bls. 29b.

²³⁰ Bls. 342.

²³¹ Bls. 343.

²³² Bls. 344.

²³³ Dagbók nr. 4, bls. 29b.

rannsóknargagna. Var Kristján Viðar færður aftur á klefa sinn klukkan 10:40.²³⁴ Fært var til bókar klukkan 10:45 að Valdimar Olsen hafi verið tekinn fyrir dóm.

128. Þennan dag var háð þinghald í sakadómi Reykjavíkur vegna rannsóknar á hvarfi Geirfinns Einarssonar. Í þingbók var bókað að klukkan 10:31 hafi Valdimar Olsen komið fyrir dóminn. Hafi hann sagst ekkert vita um hvarf Geirfinns. Var Valdimar kynntur framburður sinn hjá lögreglu fyrr um morguninn. Kvað hann þar rétt eftir sér haft og staðfesti undirskrift sína.²³⁵ Þá var bókað í þingbók að Magnús Leópoldsson hafi komið fyrir dóminn klukkan 11:02. Bókað var að Magnús hafi sagst ekki vera viðriðinn hvarf Geirfinns og ekkert vita um það mál. Hafi Magnús lesið skýrslu um framburð sinn frá því um morguninn, kveðið þar rétt eftir sér haft og staðfest undirskrift sína. Klukkan 11:15 var bókað í þingbók sakadóms að Einar Bollason hafi mætt fyrir dóminn. Hafi hann sagst ekki vera viðriðinn hvarf Geirfinns og ekkert vita um það mál. Hafi skýrsla hans hjá lögreglu verið lesin fyrir Einar og hafi hann kveðið þar rétt eftir sér haft og staðfest undirskrift sína. Í kjölfarið voru kveðnir upp úrskurðir þar sem fram kom að fjórir menn hafi að undanfögnu setið í gæsluvarðhaldi vegna hvarfs Guðmundar Einarssonar. Einn þeirra manna, Sævar Marinó Ciesielski, hafi skýrt rannsóknarlögreglunni svo frá, að hann hafi vitneskju um afdrif Geirfinns Einarssonar og hafi sjálfur verið staddur þar á vettvangi. Í úrskurðunum var rakinn framburður Sævars, Erlu og Kristjáns Viðars um aðkomu þremmenninganna að hvarfi Geirfinns. Á grundvelli rannsóknarhagsmuna var Valdimar, Magnúsi og Einari gert að sæta gæsluvarðhaldi í allt að 45 daga.²³⁶
129. Í dagbók Síðumúlafangelsisins þennan dag, 26. janúar 1976, var bókað að milli klukkan 17:00 og 18:25 hafi Magnús, Valdimar og Einar verið sóttir á klefa og færðir til viðtals við réttargæslumenn sína. Klukkan 18:30 var fært í dagbókina að Sævar hafi verið tekinn fram til viðtals. Fimmtán mínútum seinna hafi hann verið færður aftur á klefa og hafi Eggert talað við hann þar. Klukkan 19:10 var fært til bókar að Eggert hafi komið frá Sævari. Hafi Sævar gert boð fyrir Eggert aftur klukkan 19:30 og hafi hann farið inn til Sævars þá þegar. Klukkan 19:45 hafi Eggert farið. Rannsóknargögn um viðtölin liggja ekki fyrir. Var á sama tíma bókað að [ÁHE] hafi hringt og spurt um Valdimar og hvort tekið yrði við sendingu frá systur hans. Hafi Örn talið í lagi að taka við sendingunni en það yrði að athuga hana rækilega.²³⁷ Þá var bókað í dagbók Síðumúlafangelsisins klukkan 21:40 að Sigurbjörn Eiríksson hafi hringt og spurt hvort færsluritari gæti borið skilaboð til Magnúsar. Var bókað að því hafi verið neitað og einnig sendingum úr þessari átt og vísað á Örn.²³⁸ Klukkan 21:50 var bókað að Örn og Sigurbjörn Víðir hafi farið inn á klefa númer átta og talað við Einar. Klukkan 22:00 hafi Gísli Pálsson lögreglumaður komið með sendingu til Magnúsar frá konu hans. Klukkan 22:20 hafi Örn og Sigurbjörn Víðir farið. Klukkan 23:10 var bókað í dagbók fangelsisins að talað hafi verið við Sævar og hafi hann óskað eftir viðtali við Eggert að því loknu. Hafi Eggert komið klukkan 00:25 og tekið Sævar til yfirheyrslu til klukkan

²³⁴ Dagbók nr. 4, bls. 29b.

²³⁵ Bls. 344_A–B.

²³⁶ Bls. 344_E.

²³⁷ Dagbók nr. 4, bls. 30.

²³⁸ Dagbók nr. 4, bls. 30b.

02:10. Meðal rannsóknargagna er skýrsla um yfirheyrsluna. Í upphafi er bókað að Sævar skýri nú frá að eigin ósk. Hafi Sævar lýst því yfir að hann vilji skýra frá öllum atvikum varðandi ferðina til Keflavíkur og skýra rétt frá öllu. Kvað Sævar það rétt sem fram hafi komið í síðustu skýrslu hvað varðar aðdragandann að ferðalaginu og hverjir hafi verið í bifreiðinni og hvaða bifreið um hafi verið að ræða. Kvaðst hann þó ekki viss um að Einar hafi ekið bifreiðinni, það gæti hafa verið Magnús. Þegar komið hafi verið til Keflavíkur og niður að bryggjunni hafi verið þar tvær bifreiðar, eins og hann hafi skýrt frá, önnur fólksbifreið en hin sendibifreið. Kvaðst Sævar þegar hafa lýst sendibifreiðinni. Varðandi hina fólksbifreiðina kvaðst Sævar halda að hún hafi verið af tegundinni Volvo, allavega svipuð að lögun og stærð. Sævar sagði bátinn hafa legið við bryggjuna og hafi hann farið, ásamt Magnúsi, Kristjáni og þremur öðrum mönnum um borð í bátinn. Einn þeirra hafi stjórnað bátnum og hafi það verið nokkuð fullorðinn maður, 50 til 60 ára gamall. Annar fullorðinn maður hafi farið um borð í bátinn. Kvað Sævar Erlu hafa sagt sér síðar að það hafi verið Sigurbjörn Eiríksson, en Sigurbjörn hafi hann ekki þekkt. Þriðji maðurinn sem Sævar hafi ekki þekkt hafi verið yngri og hafi einhver talað um að það hafi verið [JR], en hann hafi Sævar ekki þekkt heldur í sjón. Kvaðst Sævar ekki hafa þekkt Geirfynn en taldi að þarna hafi verið um að ræða sama mann og hafi verið í bifreiðinni með þeim Magnúsi og Einari örfáum dögum áður. Kvaðst Sævar hafa verið þess fullviss um að Geirfynnur hafi verið þessi sjöundi maður um borð í bátnum þegar hann hafi séð myndir af honum í fjölmiðlum þegar lýst hafi verið eftir honum. Sævar kvað Erlu og Valdimar Olsen hafa orðið eftir í landi. Kvaðst Sævar þekkja Valdimar í sjón síðan hann hafi eitt sinn komið heim til hans að Framnesvegi 61 fyrir um tveimur og hálfu ári síðan. Hafi það verið þar og þá sem hann hafi kynnst Erlu fyrst. Sævar greindi frá því að til átaka hafi komið á þilfari bátsins en kvaðst þá hafa verið niðri í lúkarnum frammí. Kvaðst Sævar hafa heyrt læti uppi á þilfarinu og þá farið að gá hvað gengi á. Kvaðst hann þá hafa séð Kristján Viðar slá Geirfynn og einnig hafi hann séð þá ... Hafi Geirfynnur orðið eitthvað óstöðugur á fótunum við þetta, reikað að borðstokknum og fallið útbyrðis. Bátnum hafi þá verið snúið við og hann stöðvaður. Kvaðst Sævar aldrei hafa farið lengra upp úr lúkarnum meðan á þessu hafi gengið, nema rétt í lúkaropið og hafi því ekki séð hvað hafi farið fram utanborðs. Eftir nokkuð vafstur kvaðst Sævar hafa séð Kristján Viðar og Sigurbjörn drösla Geirfinni inn fyrir borðstokkinn og leggja hann á þilfarið. Hafi mennirnir á þilfarinu stumrað eitthvað yfir Geirfinni og velt honum til en kvaðst Sævar ekki hafa séð að hann hafi hreyft sig nokkuð af sjálfsdáðum. Hafi siglingunni verið haldið áfram en báturinn stöðvaður aftur eftir nokkra stund. Kvaðst Sævar þá hafa farið upp á þilfarið en gæti ekki gert sér grein fyrir hvort Geirfynnur hafi þá enn verið um borð í bátnum. Þá hafi verið hafist handa við að ná áfenginu um borð. Hafi það verið vafið inn í segl, utan um það neti og svo áfast við belg. Netadræsan og seglið hafi verið losað utan af áður en áfengið hafi verið tekið um borð í bátinn. Nokkuð af áfenginu hafi verið í stórum plastbrúsum, um 50 lítrar hver, annað hafi verið í flöskum sem hafi verið í svörtum plastpokum. Síðast hafi seglið, netadræsan og belgurinn verið tekin um borð í bátinn. Því næst hafi verið haldið í land og bátnum lagt við sömu bryggju. Hafi bifreiðarnar þá enn verið þar. Allt dótið, nema belgurinn hafi verið sett upp á bryggjuna og í sendibifreiðina. Kvaðst Sævar ekki geta gert sér grein fyrir hvort

Geirfinnur hafi enn verið um borð í bátnum þegar varningurinn hafi verið tekinn um borð. Kvaðst hann því ekki geta fullyrt hvort lík Geirfinns hafi einnig verið sett í sendibifreiðina. Sagði Sævar að hafi svo verið hafi líkinu verið vafið inn í seglið og netið. Kvaðst Sævar þess alveg viss að Geirfinnur hafi verið látinn þegar hann lá á þilfari bátsins. Kvaðst hann hafa heyrt hina tala um það en ekki hafa athugað það sjálfur. Sævar sagði Valdimar, Einar og Erlu hafa orðið eftir í landi. Kvaðst hann ekki muna eftir Erlu um borð í bátnum. Strax og búíð hafi verið að ferma sendibifreiðina hafi hann lagt af stað til borgarinnar í sömu bifreið og hann hafi komið en hvorki Erla né Kristján Viðar hafi verið í bifreiðinni. Kvaðst Sævar telja að Kristján hafi farið í sendibifreiðinni og Erla í annarri bifreið. Í það minnsta hafi hún sagt sér það þegar hann hafi hitt hana daginn eftir. Kvaðst Sævar telja að Valdimar eða [JR] hafi ekið sendibifreiðinni en Sigurbjörn hinni fólksbifreiðinni.²³⁹ Sagði Sævar að Magnús og Einar hafi ekið sér heim til móður sinnar að Grýtubakka 10 og hafi hann verið þar sem eftir hafi verið nætur. Daginn eftir hafi hann hitt Erlu í íbúðinni við Hjallaveg. Kvaðst Sævar ekki vera viss um hvert hinar bifreiðirnar hafi farið. Hafi honum skilist sem sendibifreiðin hafi átt að fara að Klúbbnum með farminn. Kvaðst Sævar vilja bæta því við að það hafi verið fleiri en einn belgur sem varningurinn hafi verið festur við. Eftir þetta hafi hann ekki hitt neinn þessara manna fyrr en hann og Erla hafi komið heim frá Danmörku síðari hluta vetrar. Var yfirheyrsluni lokið klukkan 01:50.²⁴⁰

130. Þriðjudaginn 27. janúar 1976 var bókað í dagbók Síðumúlafangelsisins klukkan 09:30 að móðir Sævars hafi hringt og spurt um hann. Fleira hafi hún haft að ræða um, fatnað handa honum og slíkt. Klukkan 10:40 var bókað að Kristján Viðar hafi verið færður til viðtals við Sigurbjörn Víði. Bókað var í dagbókina klukkan 11:00 að Jón Zoëga, réttargæslumaður Valdimars, hafi hringt og spurt um skjólstæðing sinn. Klukkan 12:15 hafi Kristján Viðar verið færður aftur á klefa sinn. Rannsóknargögn um yfirheyrsluna liggja ekki fyrir. Bókað var að Kristján Viðar hafi verið færður aftur til yfirheyrslu klukkan 13:30 hjá Sigurbirni Víði.²⁴¹ Meðal rannsóknargagna er skýrsla um yfirheyrsluna. Í upphafi var bókað að Kristján Viðar teldi sig muna betur eftir atvikum. Kvað Kristján Viðar bát hafa verið við bryggjuna og hafi hann farið um borð ásamt fleirum. Kristján Viðar kvaðst halda að þetta hafi verið stærri bátur en hann hafi áður skýrt frá, því það hafi verið þilfar á honum. Hvort á honum hafi verið lítið stýrishús eða lúkar, kvaðst hann ekki muna fyrir víst. Hafi bátnum verið siglt frá bryggjunni og stefnt á haf út. Kvaðst hann muna að þá hafi verið um borð í bátnum Sævar, Magnús, Sigurbjörn, Einar og í það minnsta einn enn sem hann hafi ekki þekkt. Sagði Kristján Viðar að sér hafi nú verið sýnd ljósmynd af manni sem honum hafi verið sagt að heiti Geirfinnur Einarsson. Taldi Kristján Viðar sig vissan um að ljósmyndin hafi verið af manni þeim sem hann hafi ekki þekkt. Kvaðst hann ekki vilja fullyrða hver hafi stjórnað bátnum. Erla og Valdimar Olsen hafi orðið eftir í landi og hélt Kristján Viðar að [JR] hafi einnig verið þarna. Kristján Viðar sagði Sævar vera kunningja sinn og kvaðst þekkja Erlu vel. Kvaðst Kristján Viðar þekkja systur

²³⁹ Bls. 346.

²⁴⁰ Bls. 347.

²⁴¹ Dagbók nr. 4, bls. 31.

Valdimars frá því þau voru saman í skóla og hafi því oft komið heim til þeirra systkina að Framnesvegi 61. Kvaðst Kristján Viðar af þeim sökum þekkja Valdimar vel í sjón, en þó ekki persónulega. Sagðist hann oft hafa komið í veitingahúsið Klúbbinn og séð þar Magnús en kvaðst þó ekki þekkja hann persónulega. Þá kvaðst hann einnig þekkja Sigurbjörn í sjón og hafa vitað að hann væri eigandi Klúbbsins. Þá kvaðst Kristján Viðar halda að hann þekkti Jón í sjón, en væri ekki viss um það og gæti því ekki sagt um með vissu hvort hann hafi verið á staðnum. Varðandi fólksbifreiðarnar sem hafi verið við bryggjuna kvaðst Kristján Viðar halda við nánari umhugsun að önnur þeirra hafi verið Fiat, en hin Mercedes Benz. Kvaðst hann halda að Fiat bifreiðin hafi verið rauð á lit og ökumaður hennar hafi verið Einar, en sagðist ekki viss um hver hafi ekið hinni fólksbifreiðinni. Taldi Kristján Viðar að Valdimar hafi ekið sendibifreiðinni.²⁴² Kristján Viðar kvaðst ekki viss um hve löng sjóferðin hafi verið, en giskaði á eina og hálfu til tvær klukkustundir. Kvaðst hann ekki geta gert sér grein fyrir hvert hafi verið siglt en þeir hafi komið að einhvers konar bauju eða dufli. Við það hafi verið festur varningur sem hafi komið í ljós að var áfengi, flöskur í plastpokum og svo áfengi í stórum plastbrúsum. Sagði Kristján Viðar að þetta hafi verið bundið saman og segl utan um en annars hafi hann ekki séð vel fráganginn á þessu eða muni hann ekki betur. Varningurinn hafi verið tekinn um borð í bátinn og kvaðst Kristján Viðar halda að flestir um borð hafi hjálpast að við það og kvaðst hann hafa tekið þátt í því. Að því loknu hafi verið haldið til lands á ný. Átök hafi orðið um borð í bátnum en kvaðst Kristján Viðar ekki muna hvort þau hafi verið á útleið eða á bakaleiðinni. Í átökunum hafi annars vegar tekist á maðurinn sem Kristján Viðar kvaðst þekkja sem Geirfinn og hins vegar Einar, Sigurbjörn og Magnús. Kvaðst Kristján Viðar hafa blandað sér eitthvað í átökin en það hafi verið Geirfinni til aðstoðar. Var Kristjáni Viðari ókunnugt um hver upptökin eða ástæðan fyrir þessum átökum hafi verið. Kvaðst hann ekki geta lýst átökunum nákvæmlega en halda að Einar hafi slegið Geirfinn í höfuðið og Sigurbjörn hafi tekið hann hálstaki. Minnti Kristjáni Viðari að báturinn hafi hægt ferðina eða jafnvel stöðvast á meðan á átökunum stóð. Hafi hann ekki orðið þess var að Sævar hafi tekið þátt í átökunum. Eftir átökin hafi Geirfinnur legið á þilfarinu úti við borðstokkinn og ekki bært á sér. Hafi bátsverjarnir, að honum og Sævari undanskildum, þá farið að ræða eitthvað saman sem Kristján Viðar kvaðst ekki hafa heyrt, enda hafi honum bersýnilega ekki verið ætlað að heyra það sem rætt hafi verið. Er komið hafi verið í land aftur hafi bifreiðarnar verið þar enn sem og fólkið sem hafi orðið eftir í landi. Hafi þá verið hafist handa við að setja varninginn upp á bryggjuna og inn í sendibifreiðina. Kvaðst Kristján Viðar ekki muna betur en að Geirfinnur, innpakkaður í plast, hafi farið sömu leið. Þegar því hafi verið lokið hafi verið lagt af stað til borgarinnar og minnti Kristjáni Viðari að sendibifreiðin sem hann hafi verið í hafi farið fyrst af stað. Eftir því sem Kristján Viðar hafi best munað hafi verið ekið til Hafnarfjarðar og að einhverju húsi. Kvaðst hann ekki geta að svo komnu máli gert sér ákveðna grein ... Kvaðst Kristján Viðar ekki hafa farið út úr bifreiðinni á meðan og ekki minnst þess að nokkuð hafi verið tekið úr bifreiðinni þar. Kvaðst Kristján Viðar halda að ökuferðin hafi endað við samkomuhúsið Klúbbinn. Hafi hann yfirgefið

²⁴² Bls. 348.

staðinn strax og farið niður á Laugaveg 32. Kvaðst hann ekki hafa séð Sævar við Klúbbinn þegar þeir hafi komið þangað. Hvað hafi verið gert við farminn í sendiferðabifreiðinni kvaðst Kristján Viðar ekkert geta sagt til um. Hafi hann ekki rætt þetta ferðalag við neinn síðan, ekki einu sinni Sævar eða Erlu, enda hafi hann haft mjög lítil samskipti við þau. Varðandi afskipti sín af átökunum kvaðst Kristján Viðar vilja taka það fram að þau hafi eingöngu verið í þeim tilgangi að ganga á milli, en Einar hafi ýtt sér til hliðar og skipað sér að skipta sér ekki af. Eftir átökin hafi Kristjáni Viðari verið sagt að hann skyldi þegja yfir þeim ellegar hafa verra af. Kvaðst Kristján Viðar ekki muna betur en að það hafi verið Sigurbjörn sem hafi talað þetta til sín.²⁴³ Var yfirheyrslunni lokið klukkan 17:15 og hafði þá staðið yfir í tæpar fjórar klukkustundir.

131. Í dagbók fangelsisins var bókað þennan dag, 27. janúar 1976, að Gunnar Guðmundsson hafi farið fram í horn og talað við Kristján Viðar klukkan 14:10, þá hafi Sigurbjörn Víðir farið inn til Sævars og talað við hann í tíu mínútur. Rannsóknargögn um þessi viðtöl liggja ekki fyrir. Klukkan 16:00 þennan dag var fært til bókar að móðir Sævars hafi komið með fatnað handa honum og tekið óhreinan. Þá var bókað í dagbókina klukkan 16:40 að Ingi Ingimundarson lögmaður hafi hringt vegna kvörtunar frá Sigurbirni Eiríkssyni útaf símtali sem hann hafi átt við fangavörð í Síðumúlafangelsi í gærkvöldi og var skráð klukkan 21:40 í dagbókina.²⁴⁴ Hafi lögmaðurinn sagt Sigurbjörn hafa kvartað undan svörum fangavarðar um að neita að bera skilaboð til fangans um hvort Magnús vantaði ekki eitthvað af sínum persónulegu munum og hvort hann vildi fá sendan mat. Hafi lögmaðurinn sagt að lög um gæsluvarðhald heimiluðu mönnum matarsendingar. Færsluritari lét þess getið í bókun að hann hafi sagt lögmanninum að þar sem málsrannsókn væri varla byrjuð væri algjörlega bannað að bera skilaboð til fanga eða frá þeim þar sem margt gæti falist í þeim. Kvaðst hann hafa vísað öllu slíku til fulltrúans í málinu. Klukkan 17:00 var bókað í dagbók fangelsisins að Sigurbjörn Eiríksson hafi hringt og sagst vera að leita eftir því hvort Magnúsi vantaði nokkuð. Færsluritari bókaði svar sitt til Sigurbjörns um að Magnúsi vantaði ekki neitt þar sem lögmaður hans hafi séð um það. Hafi Sigurbjörn þá sagst vilja kynna sér málið því hann hafi hringt í gærkvöldi. Kvaðst færsluritari hafa sagt Sigurbirni það sama og Inga Ingimundarsyni lögmanni að alls engin skilaboð yrðu tekin til fanga. Hafi þá Sigurbjörn þakkað fyrir og kvatt. Klukkan 17:10 var bókað í dagbókina að Ingvar Björnsson, réttargæslumaður Einars, hafi komið með leyfi Arnar til að tala einslega við skjólstæðing sinn í tíu mínútur. Færsluritari lætur þess getið að Sigurbjörn Víðir viti þetta einnig og hafi hann tekið tímamann með þeim. Hafi lögmaðurinn svo farið án þess að nota allan tímamann. Klukkan 17:15 var fært til bókar að skýrsla Kristjáns Viðars hafi verið vottuð af þremur mönnum og 15 mínútum síðar hafi hann verið færður á klefa. Klukkan 17:45 hafi matarsending komið til Magnúsar Leópoldssonar sem sögð hafi verið frá konu hans. Var bókað í dagbókina að Magnús fengi ekki þann mat og framvegis ætti ekki að taka við neinum mat eða sælgæti til þeirra þriggja manna sem hafi komið í gærmorgun í

²⁴³ Bls. 350.

²⁴⁴ Dagbók nr. 4, bls. 31b.

sambandi við Geirfinnsmál. Þá mætti heldur ekki taka við neinum skilaboðum eða orðsendingum til þeirra.²⁴⁵

132. Þennan sama dag, 27. janúar 1976, var birt frétt á baksíðu Dagblaðsins þar sem haft var eftir Eggerti varðstjóra. Þar kom fram að þrír ungir menn hefðu játað aðild að bana Guðmundar Einarssonar. Þá hefði fjórði maðurinn játað að hafa ekið líkið Guðmundar út fyrir Hafnarfjörð að beiðni hinna þriggja. Í fréttinni voru þeir Sævar, Kristján Viðar og Tryggvi nafngreindir sem banamenn Guðmundar og Albert Klahn sem sá sem hafi ekið líkinu. Þá sagði að Albert hafi nærri strax eftir handtöku og úrskurð í gæsluvarðhald játað sinn hlut í málinu en hinir þrír hafi ekki játað fyrr en nú. Í lok fréttarinnar var greint frá því að í framhaldi af rannsókn þessa máls hafi Geirfinnsmálið verið tekið upp að nýju. Á sömu síðu í Dagblaðinu þennan dag var að finna aðra frétt undir fyrirsögninni: „Nýju ljósi varpað á hvarf Geirfinns“, en þar sagði að þrír menn hefðu nú verið úrskurðaðir í gæsluvarðhald vegna rannsóknarinnar. Í fréttinni sagði að í samtali blaðamanns við Eggert hafi hann hvorki viljað staðfesta né neita þegar hann var spurður hvort tengsl væru á milli þessara mála. Tekið var fram að engar játningar lægju fyrir enn en þess getið að einn þeirra sem nú sætti gæsluvarðhaldi vegna málsins hefði verið yfirheyrður þegar rannsókn Geirfinnsmálsins stóð sem hæst.²⁴⁶
133. Miðvikudaginn 28. janúar 1976 var bókað í dagbók Síðumúlafangelsisins að klukkan 10:10 hafi Hafsteinn Baldvinsson, réttargæslumaður Magnúsar, komið með dagbækur skjólstæðings síns og ætlað að fá að tala við hann. Var bókað að Eggert tæki ákvörðun um það. Klukkan 10:30 var bókað að Magnús hafi verið færður fyrir lögfræðing sinn að viðstöddum Eggerti, Sigurbirni Víði og Magnúsi Magnússyni, rannsóknarlögreglumönnum.²⁴⁷ Klukkan 11:12 var fært til bókar að Eggert hafi tekið Einar til yfirheyrslu. Hafi hann verið færður á klefa aftur klukkan 12:00. Rannsóknargögn um yfirheyrsluna liggja ekki fyrir. Klukku tíma síðar var bókað að eiginkona Magnúsar hafi komið með föt og bréf til hans. Klukkan 13:40 þennan dag var bókað í dagbók fangelsisins að Erla Bolladóttir hafi hringt og spurt um Sigurbjörn Víði. Bókaði færsluritari um að hann hafi ekki náð í hann og því talað við Örn sem hafi sagst ætla að sjá til þess að hann myndi hringja fljótlega í Erlu. Klukkan 14:15 hafi Jón Zoëga, réttargæslumaður Valdimars, komið til að tala við hann. Hafi Eggert og Magnús séð um viðtal Jóns við Valdimar. Hafi Valdimar verið færður aftur á klefa klukkan 14:55. Tíu mínútum síðar hafi komið Haukur Guðmundsson, rannsóknarlögreglumaður úr Keflavík. Þá var bókað í dagbókina klukkan 16:40 að Páll Arnór Pálsson, réttargæslumaður Kristjáns Viðars, hafi komið. Í bókuninni kvaðst færsluritari hafa farið inn á klefa Kristjáns Viðars og hafi þeir komið þaðan út klukkan 17:05. Þá var bókað að Jón Oddsson, réttargæslumaður Sævars, hafi hringt í Eggert klukkan 17:00.²⁴⁸ Klukkan 17:15 hafi Haukur Guðmundsson farið. Klukkan 19:00 var bókað í dagbók fangelsisins að Jón Oddsson, réttargæslumaður Sævars, hafi hringt og

²⁴⁵ Dagbók nr. 4, bls. 31b.

²⁴⁶ Bls. 351.

²⁴⁷ Dagbók nr. 4, bls. 32b.

²⁴⁸ Dagbók nr. 4, bls. 32b.

sagst mjög óhress vegna yfirlýsingar Arnar Clausen í Dagblaðinu þennan dag. Kvaðst færsluritari hafa bent Jóni á að tala um það við Örn.²⁴⁹

134. Yfirlýsing sú sem Jón Oddsson vísaði til var birt á baksíðu Dagblaðsins þennan sama dag, 28. janúar 1976. Óskaði Örn Clausen, sem réttargæslumaður Alberts Klahn, eftir því að yfirlýsingin yrði birt í tilefni af frétt blaðsins þar sem nafngreindir hafi verið fjórir menn sem taldir væru viðriðnir Guðmundarmálið. Örn kvað réttargæslumönnum fjórmeninganna hafa verið fyrirskipað af dómara að tala ekki um málið í fjölmiðlum. Kvað Örn það nauðsynlegt í tilefni af nafnbirtingunni að skýra frá því að umbjóðandi hans hafi játað strax í upphafi yfirheyrslu þátt sinn í málinu. Hafi hann verið kallaður til, til þess að aka mönnunum er þeir földu lík Guðmundar. Að því búnu hafi honum verið hótáð að hann færi sömu leið ef hann minntist einu orði á vitneskju sína. Kvað Örn það bókað í málinu. Taldi hann rétt að þetta kæmi fram þar sem nafn umbjóðanda hans hafi verið birt í blöðum.²⁵⁰
135. Fimmtudaginn 29. janúar 1976 var fært í dagbók fangelsisins að Einar hafi verið tekinn til yfirheyrslu af Eggerti klukkan 10:15.²⁵¹ Hafi hann verið færður á klefa sinn klukkan 11:50. Rannsóknargögn um yfirheyrsluna liggja ekki fyrir. Klukkan 13:45 var Valdimar tekinn til yfirheyrslu. Á sama tíma var bókað að Eggert hafi farið inn á klefa ásamt Erni. Síðan hafi Örn farið inn á klefa númer sjö, átta og 20. Hafi þeir komið af klefunum klukkan 14:20. Rannsóknargögn um vitjanirnar liggja ekki fyrir. Klukkan 14:25 var fært til bókar að Haukur Guðmundsson úr Keflavík hafi komið. Klukkan 14:45 var bókað í dagbók fangelsisins að Valdimar hafi verið færður aftur á klefa sinn. Ekki liggja fyrir rannsóknargögn um yfirheyrsluna. Klukkan 16:50 var bókað í dagbók fangelsisins að Sigurbjörn Víðir hafi farið inn á klefa Einars. Fimmtán mínútum síðar var bókað að réttargæslumaður Einars hafi komið. Bókað var að Einar hafi verið færður til verjanda síns og þeir rætt saman í áheyrn Eggerts og Sigurbjörns Víðis milli klukkan 17:30 og 17:55. Hafi Einar að því loknu verið færður á klefa sinn. Klukkan 18:30 hafi eiginkona Magnúsar komið með mat handa honum og var bókað að henni hafi verið vísað frá og gefin skýring á því hvers vegna ekki væri tekið við matnum.²⁵² Um kvöldið var bókað að [GrB] hafi hringt drukkin klukkan 21:25 og spurt um leyfi til að tala við Magnús Leópoldsson. Færsluritari bókaði í dagbókina að öllu slíku tali hafi verið hafnað.²⁵³
136. Þennan sama dag var birt frétt á forsíðu Morgunblaðsins um að rannsókn Geirfinnsmálsins væri haldið áfram af fullum krafti og Haukur Guðmundsson, rannsóknarlögreglumaður úr Keflavík, hafi bæst í hóp þeirra sem unnið hafi að rannsókninni. Sagði í fréttinni að sem kunnugt væri hefði Haukur stjórnað fyrri rannsókn Geirfinnsmálsins.²⁵⁴

²⁴⁹ Dagbók nr. 4, bls. 33.

²⁵⁰ Bls. 352_A.

²⁵¹ Dagbók nr. 4, bls. 33.

²⁵² Dagbók nr. 4, bls. 33b.

²⁵³ Dagbók nr. 4, bls. 34.

²⁵⁴ Dagbók nr. 4, bls. 353.

137. Föstudaginn 30. janúar 1976 var fært í dagbók Síðumúlafangelsisins að Jón Zoëga, réttargæslumaður Valdimars, hafi hringt í Eggert klukkan 09:30. Þá hafi Valdimar verið tekinn til yfirheyrslu hjá Sigurbirni Víði klukkan 10:35 og færður á klefa sinn klukkan 11:40. Rannsóknargögn um yfirheyrsluna liggja ekki fyrir. Bókað var í dagbókina að Einar hafi verið tekinn til yfirheyrslu hjá Sigurbirni Víði milli klukkan 13:10 og 14:15, en þá hafi hann verið færður á klefa. Um sama leyti hafi eiginkona Einars komið með tóbak og sokka fyrir hann.²⁵⁵ Rannsóknargögn um yfirheyrsluna liggja ekki fyrir. Klukkan 14:30 þennan sama dag var bókað að Einar hafi verið tekinn aftur til yfirheyrslu og þá hjá Magnúsi Magnússyni, rannsóknarlögreglumanni. Hafi hann verið færður á klefa sinn klukkan 14:55. Ekki liggja fyrir rannsóknargögn um yfirheyrsluna. Klukkan 15:25 var bókað í dagbók fangelsisins að Kristján Viðar hafi verið færður fram til yfirheyrslu. Hafi hann verið færður aftur á klefa sinn klukkan 16:45.²⁵⁶ Meðal rannsóknargagna eru handritaðir punktar dagsettir þennan dag, 30. janúar 1976. Efst í vinstra horni stendur „Kr. Viðar“. Í punktunum kemur fram upptalning á þeim sem hafi verið í ferðinni og þar nefndir; Magnús Leópolðsson, Sigurbjörn Eiríksson, Valdimar Olsen, Sævar Ciesielski, [JR] og Einar Bollason. Þá segir að [JR] og Erla hafi beðið í landi. Valdimar Olsen hafi ekið sendibifreiðinni og Kristján hafi setið fyrir aftan fremsta sætið, úti við glugga.²⁵⁷
138. Þennan sama dag, 30. janúar 1976, var birt frétt í Dagblaðinu, um strangar öryggisráðstafanir í Síðumúlafangelsi vegna rannsóknar Geirfinnsmálsins. Kom þar fram að mennirnir þrír sem sættu gæsluvarðhaldi vegna málsins væru í eins öruggri einangrun og hægt væri og þeirra gætt mun strangar heldur en vanalega hafi verið gert. Til dæmis fengju réttargæslumenn þeirra ekki að tala einir við skjólstæðinga sína og öll skilaboð til þeirra eða frá þeim yrðu að vera skrifleg og fara um hendur lögreglunnar. Sagði í fréttinni að fangarnir hefðu engan samgang sín í milli eða við aðra fanga. Í lok fréttarinnar sagði að rannsóknarmenn væru ófánlegir til þess að gefa fjölmiðlum upplýsingar um ganga mála.²⁵⁸ Sama dag var frétt á forsíðu Alþýðublaðsins sem sagði að líklegt mætti telja að meginþungi rannsóknarinnar hvíldi nú á Geirfinnsmálinu enda væri morð Guðmundar upplýst að miklu leyti. Þá sagði að lögreglan hefði greinilega ákveðið að sveipa sig hulu þagnarinnar öfugt við það sem gert hafi verið í fyrri rannsókn Geirfinnsmálsins.²⁵⁹
139. Laugardaginn 31. janúar 1976 var bókað í dagbók fangelsisins við Síðumúla að Ingvar Björnsson, réttargæslumaður Einars, hafi komið til að ræða við hann klukkan 10:45. Hafi Einar verið færður fyrir réttargæslumann sinn tíu mínútum síðar og færður aftur á klefa sinn klukkan 11:15. Bókað var klukkan 11:10 að Hafsteinn Baldvinsson, réttargæslumaður Magnúsar, hafi komið til að tala við skjólstæðing sinn. Hafi Magnús verið færður fyrir réttargæslumann sinn klukkan 11:25 og aftur á klefa klukkan 12:00.

²⁵⁵ Dagbók nr. 4, bls. 34.

²⁵⁶ Dagbók nr. 4, bls. 34b.

²⁵⁷ Bls. 354.

²⁵⁸ Bls. 356.

²⁵⁹ Bls. 357.

140. Meðal rannsóknargagna eru skýrslur tveggja vitna sem kallaðar voru til yfirheyrslu í tilefni af því að í dagbók Magnúsar Leópoldssonar hafi komið fram að 19. nóvember 1974 hafi veitingastaðurinn Klúbburinn verið leigður Hjúkrunarnemafélags Íslands til skemmtanahalds. Í dagbókinni hafi verið tilgreind nöfn tveggja hjúkrunarnera og hafi Magnús bent lögreglu á að þessar stúlkur kynnu að muna eftir dvöl hans á staðnum umrætt kvöld. Bar vitnunum saman um að Magnús hafi verið í Klúbbinum fyrrihluta kvöldsins. Hafi hann bent þeim á að ganga frá uppgjöri við yfirþjóninn að skemmtuninni lokinni. Hafi uppgjörið farið fram um klukkan 01:00 og hafi Magnús ekki verið viðstaddur.²⁶⁰
141. Í dagbók fangelsisins var bókað klukkan 14:15 að götulögreglan hafi komið með [HJP] í fangelsið til yfirheyrslu hjá Eggerti og Sigurbirni Víði. Hafi honum verið sleppt klukkan 15:45. Rannsóknargögn um yfirheyrsluna liggja ekki fyrir. Þá var bókað að eiginkona Einars hafi komið með föt og öl handa honum klukkan 15:20. Þennan sama dag klukkan 16:45 var bókað í dagbókina að Örn, Matthías, Sigurbjörn Víðir, Eggert og Magnús hafi farið með Sævar í bíltúr til klukkan 18:30. Rannsóknargögn um bíltúrinn liggja ekki fyrir.²⁶¹ Um kvöldið var fært til bókar klukkan 20:00 að Sævar hafi óskað eftir því að hringt yrði í Eggert upp á að koma snemma morguninn eftir. Færsluritari sagði það ekki hafa verið gert en vitað væri að slíkt yrði fljótlega gert eftir vaktaskipti. Þá sagði í sömu færslu að Alberti hafi vantað lyfin en ekkert hafi fundist.²⁶²
142. Sunnudaginn 1. febrúar 1976 var bókað í dagbók Síðumúlafangelsisins klukkan 16:30 að hringt hafi verið í Eggert að beiðni Sævars. Hafi Eggert komið og farið inn á klefa númer 20 og talað við Sævar í 15 mínútur. Rannsóknargögn liggja ekki fyrir um viðtalið. Klukkan 18:25 var bókað í dagbókina að Örn hafi hringt til að spyrja fréttu af sínum starfsmönnum. Bókaði færsluritari að þær væru engar.²⁶³
143. Daginn eftir, 2. febrúar 1976, var bókað í fangelsisdagbókina klukkan 10:30 að Magnús á klefa númer 11 hafi verið tekinn fram til viðtals og færður aftur á klefa klukkustund síðar.²⁶⁴ Meðal rannsóknargagna eru handritaðir punktar með samantekt á framburði Magnúsar þennan dag. Þar kom fram að Doddi, sennilega Þórður, hafi verið tíður gestur í Klúbbnum en ekki sést þar í marga mánuði, jafnvel ár. Þá sagði að margir hefðu haft samband við Magnús og spurt hann um málið. Fyrst hafi dyravörður í Klúbbnum spurt annan í jólum hvort Magnús væri í tugthúsi og eftir það hafi oft verið talað um að Magnús væri í tugthúsi. Í samantektinni kemur fram upptalning á nöfnum ýmissa manna. Loks er færsla um að [HA] hafi hringt um nótt í Magnús, talað við eiginkonu hans og sagst vera í samkvæmi. Hafi [HA] greint frá því að honum hafi verið hótáð lífláti vegna þess að hann og Magnús hefðu átt að hafa drepit Geirfynn. Magnús hafi svo hitt [HA] síðar og þá hafi hann viljað sem minnst um þetta ræða. Í lok samantektarinnar segir að Sigurbjörn leigi Stóra-Hof, Skálmholt og hluta af

²⁶⁰ Bls. 358–360.

²⁶¹ Dagbók nr. 4, bls. 35b.

²⁶² Dagbók nr. 4, bls. 35b.

²⁶³ Dagbók nr. 4, bls. 35b–36.

²⁶⁴ Dagbók nr. 4, bls. 36.

Oddhóli og Álfsnesið.²⁶⁵ Klukkan 17:00 var bókað í dagbók fangelsisins að Kristján Viðar hafi verið tekinn fram til viðtals við Sigurbjörn Víði en færður aftur á klefa sinn 15 mínútum síðar. Rannsóknargögn um viðtalið liggja ekki fyrir. Bókað var klukkan 21:50 að réttargæslumaður Magnúsar hafi komið með dagbækur hans og sagt Eggert ætla að skoða þær með Magnúsi. Bókað var að færsluritari hafi sett bækurnar í poka.²⁶⁶ Meðal rannsóknargagna er handrituð skýrsla Högna Ó. Einarssonar fangavarðar dagsett þennan sama dag 2. febrúar 1976, þar sem hann bókaði eftir Sævari. Þar kemur fram að Sævar hafi upplýst Högna um að sá sem hafi mest keyrt [SSH] spíradreifara sé í húsinu og heiti Albert Klahn. Hafi Sævar sagt Tryggva Rúnar og Kristján Viðar einnig vita um þessi mál.²⁶⁷

144. Þennan sama dag var tekin skýrsla af [ÞGG] dyraverði í Klúbbinum. Kvaðst hann hafa verið á vakt 19. nóvember 1974 þegar dansleikur hafi verið haldinn á vegum Hjúkrunarnemafélags Íslands. Hann sagðist ekki muna eftir að hafa séð Magnús Leópoldsson á staðnum um kvöldið, en vera þess viss að hann hafi ekki verið viðstaddur uppgjörið sem hafi farið fram klukkan 01:00.²⁶⁸
145. Þriðjudaginn 3. febrúar 1976 var bókað í dagbók fangelsisins við Síðumúla að Sigurbjörn Víðir og Magnús Magnússon hafi farið út að sækja stúlku til yfirheyrslu klukkan 13:10. Hafi þeir komið til baka 15 mínútum síðar með Erlu Bolladóttur og hafi hún verið færð til yfirheyrslu.²⁶⁹ Meðal rannsóknargagna er skýrsla um yfirheyrsluna sem rituð er í fyrstu persónu frásögn. Í upphafi hafi Erla greint frá því að hún hafi reynt að rifja upp allt varðandi ferð sína til Keflavíkur, sem hún hafi áður gefið skýrslu um. Kvaðst Erla muna að hafa átt að hitta Sævar við Klúbbinn að kvöldlagi í nóvembermánuði 1974. Hafi hún hitt Sævar og þau farið í beinu framhaldi inn í bifreið sem hafi verið við Klúbbinn. Hafi það verið líkt og bifreiðin hefði beðið þeirra. Kvaðst Erla muna að það hafi verið Magnús Leópoldsson sem hafi setið undir stýri. Allt varðandi bifreiðina sjálfa kvaðst Erla þegar hafa lýst í fyrri skýrslu. Hafi þau Sævar sest í aftursætið og Sævar nær hurðinni hægra megin, en hún við hlið hans. Kvaðst Erla ekki muna eftir fleirum í bifreiðinni í fyrstu en hún myndi eftir því að Magnús hafi ekið niður í bæ og stöðvað við Vatnsstíg. Hafi Sævar sýnt henni hús á vegum heildverslunar við götuna sem hann hafi sagt versla með skotfæri og bent henni á kassa með skotfærum sem hafi verið í glugganum. Þar sem hún hafi ekki vitað um erindi bílferðarinnar, hafi Erlu í fyrstu dottið í hug að verið væri að ná í skotfæri. En rétt eftir að bifreiðin hafi verið stöðvuð hafi Kristján Viðar komið. Hafi hann sest í aftursætið við vinstri hurðina. Kvaðst Erla muna að ekið hafi verið næst meðfram sjónum og um Framnesveginn. Ekki kvaðst hún muna hvort einhver hafi verið sóttur á Framnesveginn en taldi að svo gæti vel hafa verið. Fannst henni líklegt að einhver hafi setið við hlið bifreiðastjórans, en það hafi verið einhver annar en Sævar og Kristján. Kvaðst Erla þegar hafa skýrt frá því sem hún hafi heyrt á tali þeirra Sævars og Magnúsar á leiðinni, en ferðin hafi endað við bryggju í Keflavík líkt og hún hafi áður

²⁶⁵ Bls. 365.

²⁶⁶ Dagbók nr. 4, bls. 36b.

²⁶⁷ Bls. 363.

²⁶⁸ Bls. 366.

²⁶⁹ Dagbók nr. 4, bls. 37.

skýrt frá. Lýsti Erla því yfir í framburði sínum að hún hafi nú farið í fylgd með rannsóknarlögreglunni til Keflavíkur og skoðað þar staðhætti. Kvaðst hún hafa endurþekkt þann stað sem hún hafi séð mennina og vélbátinn við bryggju. Hafi henni verið tjáð að þar væri um að ræða Dráttarbrautina í Keflavík. Kvaðst Erla muna eftir að vélbátur sá sem hafi legið bundinn við bryggjuna hafi verið frekar lítill, en aðra lýsingu hefði hún ekki á honum. Kvaðst hún muna eftir því að Sævar hafi verið íklæddur dökkum, svörtum leðurjakka, en ekki muna eftir klæðnaði Kristjáns Viðars. Magnús hafi verið klæddur í jakka úr leðurlíki með laust hangandi belti um mittið, en kvaðst ekki muna litinn á jakkanum. Allir hafi þeir verið í hönskum. Þá kvaðst hún muna eftir Einari bróður sínum þarna og halda að Valdimar Olsen hafi einnig verið þarna. Erla lýsti því yfir að henni hafi verið sýndar ljósmyndir af nokkrum karlmönnum hjá rannsóknarlögreglunni og hafi hún þekkt þar meðal annars eina mynd af karlmanni sem hún kvaðst viss um að hafi verið á bryggjunni. Lýsti Erla því að henni hafi verið tjáð að ljósmyndin væri af Geirfinni Einarssyni, en varðandi klæðnað hans kvaðst hún ekkert geta sagt nema að hann hafi verið frekar „sveitalegur“. Þá kvaðst hún muna eftir manni sem hafi verið eldri en aðrir. Hafi hún séð mynd af manni hjá rannsóknarlögreglunni sem henni hafi verið tjáð að væri af Sigurbirni Eiríkssyni. Hafi Erlu sýnst sem um sama mann gæti verið að ræða en kvaðst ekki vilja fullyrða um það að svo stöddu. Þá kvaðst Erla vilja geta þess að hún hafi hér þekkt ljósmynd af [ÁHE] og minnti hana endilega að hann hafi verið þarna viðstaddur. Hafi henni dottið í hug að hann hafi komið inn í bifreiðina á Framnesvegi, en Erla kvaðst þekkja [ÁHE] og vita til þess að hann hafi búið um tíma hjá Valdimar Olsen á Framnesvegi.²⁷⁰ Í skýrslunni var ekki bókað um lok yfirheyrslunnar en í dagbók fangelsisins var fært til bókar að Sigurbjörn Víðir hafi farið með Erlu klukkan 16:30, en þá hafi yfirheyrslu verið lokið.²⁷¹

146. Þennan sama dag, klukkan 16:55, var bókað í dagbók fangelsisins að Magnús hafi verið tekinn fram og tilkynnt um staðfestingu Hæstaréttar á gæsluvarðhaldsúrskurði yfir honum. Hafi hann svo fljótlega verið settur á klefa sinn aftur. Hafi Valdimar verið tekinn fram af sama tilefni og síðan settur aftur á klefa sinn. Bókað var klukkan 17:30 að Ingvar Björnsson, réttargæslumaður Einars, hafi komið og hafi Einar þá verið tekinn fram til viðtals við hann. Hafi samtalið staðið yfir í hálf tíma og farið fram í áheyrn Eggerts og Sigurbjörns Víðis.²⁷² Klukkan 22:10 var bókað í dagbók fangelsisins að [HO] hafi komið með fatasendingu til Valdimars.²⁷³
147. Þennan dag, 3. febrúar 1976, var frétt um utandagskrárumræður á Alþingi í Dagblaðinu. Kom þar fram að Ólafur Jóhannesson dómsmálaráðherra hafi fengið spurningar frá Sighvati Björgvinssyni þingmanni um afskipti sín af rannsókn hins svokallaða spíramáls og hvarfs Geirfinns. Þá krafðist þingmaðurinn birtingar sem flestra bréfa sem dómsmálaráðuneytið hefði undir höndum um rannsókn málanna tveggja. Hafi dómsmálaráðherra sagt af þessu tilefni í svarræðu sinni að rógskrif Vísis

²⁷⁰ Bls. 368.

²⁷¹ Dagbók nr. 4, bls. 37.

²⁷² Dagbók nr. 4, bls. 37.

²⁷³ Dagbók nr. 4, bls. 37b.

væru komin inn í sali Alþingis.²⁷⁴ Sama dag birtist heilsíðuumfjöllun um sama mál í Þjóðviljanum undir fyrirsögninni: „Þessa ráðamenn Vísis hef ég leyft mér að kalla mafíu“ en það voru ummæli dómsmálaráðherra á Alþingi þegar hann bar af sér áburð um hylmingu.²⁷⁵

148. Miðvikudaginn 4. febrúar 1976 var bókað í dagbók fangelsisins við Síðumúla að Sævar hafi verið tekinn fram til yfirheyrslu klukkan 10:40. Bókað var að Sævar hafi verið færður aftur á klefa sinn klukkan 11:20. Rannsóknargögn um yfirheyrsluna liggja ekki fyrir. Þá var fært til bókar klukkan 11:40 að Kristján Viðar hafi verið tekinn fram til viðtals en færður á klefa klukkan 12:45 í matarhlé. Klukkan 13:15 hafi Kristján Viðar verið færður aftur til yfirheyrslu. Á sama tíma hafi Jón, réttargæslumaður Sævars, hringt í Eggert. Hafi Sigurbjörn Víðir um svipað leyti farið inn á klefa númer 11 að beiðni fangans þar.²⁷⁶ Klukkan 13:50 var bókað í dagbók fangelsisins að skýrsla um yfirheyrslu Kristjáns Viðars hafi verið undirrituð og hann færður á klefa í kjölfarið. Umrædd skýrsla er ekki á meðal rannsóknargagna. Klukkan 14:00 var bókað í dagbókina að Sigurbjörn Víðir hafi komið fram af klefa frá Magnúsi Leópoldssyni. Rannsóknargögn um vitjunina liggja ekki fyrir. Þá var bókað klukkan 14:15 að Ingvar Björnsson, réttargæslumaður Einars, hafi komið og náð tali af Erni í 10 mínútur. Skömmu síðar, eða klukkan 14:20, hafi Jón, réttargæslumaður Sævars, komið ásamt starfsmanni bandaríska sendiráðsins, herra [M]. Hafi heimsóknin verið fyrir tilstilli Sævars og í samráði við Örn. Var bókað í dagbókina að vafi léki á því hvort Sævar væri íslenskur eða bandarískur ríkisborgari. Klukkan 14:25 hafi Sævar verið sóttur í klefa sinn og færður til viðtals í hornið. Var bókað að þar hafi verið heil hersveit manna. Fimm mínútum síðar var bókað að viðtalinu hafi lokið og Sævar settur inn aftur. Klukkan 14:45 hafi sendiráðsfulltrúinn farið og Jón um 15 mínútum síðar. Þá var bókað í dagbók fangelsisins að Jón Zoëga, réttargæslumaður Valdimars, hafi komið og rætt við Örn, klukkan 15:40. Klukkan 16:30 hafi Valdimar verið tekinn fram til viðtals við réttargæslumann sinn og rannsóknarlögreglumennina. Klukkan 18:30 var bókað um að Valdimar hafi verið færður á klefa sinn og Jón þá farið. Bókað var í fangelsisdagbókina að Sævar hafi verið tekinn fram til viðtals við Eggert klukkan 19:55.²⁷⁷ Bókað var klukkan 20:10 að Sævar hafi verið settur á klefa. Rannsóknargögn um yfirheyrsluna liggja ekki fyrir.²⁷⁸
149. Þennan sama dag, 4. febrúar 1976, hófu Sigurbjörn Víðir og Eggert að halda dagbók um rannsókn Geirfinnsmálsins.²⁷⁹ Í rannsóknardagbókina skráðu þeir ýmis konar upplýsingar um framvindu rannsóknarinnar sem ekki liggja fyrir á annars konar formi meðal rannsóknargagna. Þann dag skráðu þeir í dagbókina að Valdimar hafi sagst þekkja [GuA], en þó aðeins að því leyti að hann hafi búið ásamt [GrB] í um tíu daga á Hótel Valhöll síðastliðið sumar og ekki greitt fyrir. Það sé komið í mál og verið að stefna [GuA] til greiðslu. Hafi Valdimar sagt [GuA] alls ekki hafa fengið neinar

²⁷⁴ Bls. 369.

²⁷⁵ Bls. 370.

²⁷⁶ Dagbók nr. 4, bls. 37b.

²⁷⁷ Dagbók nr. 4, bls. 38.

²⁷⁸ Dagbók nr. 4, bls. 38b.

²⁷⁹ Bls. 918.

veitingar ókeypis. Hafi Valdimar neitað algjörlega að vita nokkuð um hvarf Geirfinns.²⁸⁰ Þá var bókað í dagbókina að Valdimar hafi sagst neita því algjörlega að hafa átt hlut að því að áfengi hafi verið smyglað til landsins. Valdimar hafi spurt hvort þetta hafi verið í myrkri og talað um klukkan 21:00 að kvöldi. Var bókað að aldrei hafi verið minnst á það við hann á hvaða tíma sólarhringsins, hvað þá klukkan hvað, þetta hafi átt að eiga sér stað.²⁸¹ Í dagbókina var jafnframt bókað að rætt hafi verið við Sævar um málið. Hafi hann sagt [EÓ] nokkurn hafa heimsótt sig og Erlu til Kaupmannahafnar um jólin 1974. Hafi Sævar talið hann vera úr Keflavík. Hafi hann talað við þau um Geirfinnsmálið og virst vita mikið, þar á meðal um bátsferðina sjálfa. Hafi Sævar viljað meina að umræddur [EÓ] hafi verið mikið í alls konar ólöglegu athæfi.²⁸² Þá var bókað í dagbókina að rætt hafi verið við Erlu um þetta mál. Hafi hún staðfest að [EÓ] hafi heimsótt þau og þeir Sævar hafi rætt um Geirfinnsmálið. Hafi Erla sagt Sævar aðallega hafa haft orðið í þeim samræðum.²⁸³

150. Fimmtudaginn, 5. febrúar 1976, var bókað í dagbók Síðumúlafangelsisins klukkan 11:05 að Páll Arnór Pálsson, réttargæslumaður Kristjáns Viðars, hafi komið og talað við Kristján Viðar. Bókað var klukkan 11:25 að Valdimar Olsen hafi verið tekinn til yfirheyrslu af Sigurbirni Víði og færður aftur á klefa sinn klukkan 11:50. Skýrsla um yfirheyrsluna er ekki meðal rannsóknargagna. Klukkan 12:00 var bókað að Páll Arnór hafi farið.²⁸⁴ Þá var fært til bókar klukkan 13:10 að Einar hafi verið tekinn til yfirheyrslu af Eggerti og Víði. Um sama leyti hafi Erla hringt í Sigurbjörn Víði.²⁸⁵ Klukkan 17:20 hafi Einar verið færður aftur á klefa sinn. Hafði yfirheyrslan staðið yfir í rúmar fjórar klukkustundir en skýrsla um yfirheyrsluna liggur ekki fyrir. Bókað var í dagbókina að klukkan 17:40 hafi Valdimar verið tekinn til yfirheyrslu hjá Eggerti. Klukkan 18:15 er bókað í dagbók fangelsisins að hringt hafi verið í Guðstein lækni að beiðni færsluritara og rannsóknarlögreglumanna vegna heilsufars Einars. Hafi Magnús rannsóknarlögreglumaður farið inn á klefa til Einars klukkan 18:20, til að tala við hann. Klukkan 18:40 hafi Magnús farið út frá Einari og á sama tíma hafi Guðsteinn læknir farið inn til hans. Um svipað leyti hafi Valdimar verið færður á klefa sinn. Skýrsla um yfirheyrsluna er ekki meðal rannsóknargagna. Klukkan 19:10 var bókað í dagbókina að Guðsteinn læknir hafi farið eftir að hafa skoðað Einar og Sævar.²⁸⁶ Um kvöldið er fært til bókar að hringt hafi verið í Sigurbjörn Víði klukkan 21:40 fyrir Magnús Leópoldsson.²⁸⁷
151. Meðal rannsóknargagna er skýrsla Hauks Guðmundssonar dagsett 5. febrúar 1976 um nafnlausu ábendingu um að nafngreindur sendibifreiðastjóri hefði haustið 1974 ekið einhverju sem hafi líkst bruggtækjum frá Heiðvangi 5 í Hafnarfirði, húsi Einars Bollasonar, að heimili Magnúsar Leópoldssonar að Lundarbrekku 10 í Kópavogi. Þá

²⁸⁰ Bls. 920.

²⁸¹ Bls. 921.

²⁸² Bls. 921–922.

²⁸³ Bls. 922.

²⁸⁴ Dagbók nr. 4, bls. 38b.

²⁸⁵ Dagbók nr. 4, bls. 39.

²⁸⁶ Dagbók nr. 4, bls. 39.

²⁸⁷ Dagbók nr. 4, bls. 39b.

hafi Einar oft talað um mafíustarfsemi og uppbyggingu þannig félagsskapar við kennslu í Flensborgarskóla. Þá hafi hann lýst því að ólíklegustu menn stæðu að slíkum samtökum. Í lok skýrslunnar sagði að Einar hafi oft verið mjög óstyrkur í tímum og illa geta hamið á sér hendurnar.²⁸⁸

152. Þá liggur fyrir upplýsingaskýrsla Torfa Jónssonar, dagsett sama dag, um símtal [MHj] leigubifreiðarstjóra til lögreglunnar. Hafi [MHj] viljað koma því á framfæri að kvöldið eftir að hvarf Geirfinns hafi komist hámmæli hafi hann flutt tvo unga piltar að Klúbbnum. Hafi þá annar pilturinn sagt: „Hvað, er Klúbburinn búinn að kaupa nýjan bíl?“ En er þeir hafi komið inn á bílplanið hafi pilturinn sagt: „Nei, það er sama númerið, en það er annar litur á bílnum, hann var áður grár en er nú blár.“ [MHj] hafi sagt að sér hafi fyrst nú komið til hugar að þetta gæti haft eitthvað að segja. Kvaðst hann ekki vita nein deili á piltunum.²⁸⁹
153. Þennan dag var færsla í rannsóknardagbók Eggerts og Sigurbjörns Víðis. Þar sagði að fram hefði komið við yfirheyrslur yfir Einari að hann hafi selt um fimm kassa af smygluðu hollensku vodka, á tímabilinu ágúst eða september 1975 fram í janúar 1976. Þá var bókað í dagbókina um frekari upplýsingar um sölu á smygluðu áfengi.²⁹⁰ Bókað var um orðróm þess efnis að Sigurbjörn Eiríksson og Magnús Leópoldsson ættu reikning í útibúi Búnaðarbanka Íslands í Mosfellssveit. Færðar voru til bókar í dagbókina upplýsingar um hreyfingar og innstæður á reikningum í þeirra nafni ásamt upplýsingum um reikninga afa Valdimars Olsen og ráðstöfun fjármuna af þeim reikningi.²⁹¹
154. Föstudaginn 6. febrúar 1976 var bókað í dagbók fangelsisins við Síðumúla að Einar hafi verið tekinn til yfirheyrslu klukkan 10:10 af Sigurbirni Víði. Hafi hann verið færður á klefa klukkan 11:35. Rannsóknargögn liggja ekki fyrir um yfirheyrsluna. Skömmu áður hafi Ingvar Björnsson, réttargæslumaður Einars, hringt og beðið um að fá að koma með víxla sem Einar hafi átt að samþykkja. Bókaði færsluritari að það hafi verið leyft. Klukkan 13:20 var bókað að Einar hafi verið tekinn aftur til yfirheyrslu af Sigurbirni Víði en Eggert hafi tekið við yfirheyrslunni klukkan 14:00. Þá hafi Magnús tekið við af Eggerti klukkan 15:00. Bókað var í dagbókina klukkan 18:35 að Einar hafi verið færður á klefa. Stóð yfirheyrslan yfir í rúmar fimm klukkustundir en skýrsla um yfirheyrsluna er ekki meðal rannsóknargagna.²⁹² Klukkan 16:15 var bókað í dagbók fangelsisins að Örn hafi komið og farið beint inn á klefa til Sævars. Rannsóknargögn liggja ekki fyrir um vitjunina. Um 20 mínútum síðar var bókað að Örn og Sigurbjörn Víðir hafi farið með Sævar í ökuferð. Hafi þeir komið aftur klukkan 17:20.²⁹³ Þá var bókað í fangelsisdagbókina að klukkan 17:30 hafi Örn úrskurðað Albert Klahn í 30 daga gæsluvarðhald.²⁹⁴

²⁸⁸ Bls. 372.

²⁸⁹ Bls. 373.

²⁹⁰ Bls. 923–924.

²⁹¹ Bls. 925–926.

²⁹² Dagbók nr. 4, bls. 39b–40.

²⁹³ Dagbók nr. 4, bls. 40.

²⁹⁴ Dagbók nr. 4, bls. 40.

155. Þennan dag var háð þinghald í sakadómi Reykjavíkur vegna rannsóknar á hvarfi Guðmundar Einarssonar. Í þingbók var bókað að klukkan 17:27 hafi Albert Klahn komið fyrir dóminn. Kvaðst hann vera þess fullviss að hafa í umrætt sinn ekið veginn að Sædýrasafninu.²⁹⁵ Var Albert úrskurðaður í áframhaldandi 30 daga gæsluvarðhald frá klukkan 20:16, 5. febrúar 1976. Vék Albert frá klukkan 17:35 og var farið með hann í varðhaldið.²⁹⁶ Bókað var í dagbók fangelsisins að Sigurbjörn Víðir og Eggert hafi farið með Albert í ökuferð klukkan 17:35 og komið til baka klukkan 18:45. Rannsóknargögn um ökuferðirnar liggja ekki fyrir önnur en færslur í dagbók Eggerts og Sigurbjörns Víðis. Þar kemur fram að farið hafi verið með Sævar og Albert Klahn í sitt hvoru lagi suður fyrir Hafnarfjörð til að vísa á lík Guðmundar. Hafi Örn og Sigurbjörn Víðir farið með Sævar sem hafi vísað á stað skammt vestan við veginn að Sædýrasafninu og skammt norðan við Reykjanesbraut.²⁹⁷ Í framhaldinu var bókað í dagbókina að Eggert og Sigurbjörn Víðir hafi farið með Albert og hafi hann vísað á stað á mjög svipuðum slóðum og Sævar hafði gert. Var þá fært til bókar í dagbók lögreglumannanna að eftir tilvísan Sævars og Alberts sé um að ræða svæði um 150–200 metra vestur af veginum að Sædýrasafninu og álíka vegalengd til norðurs frá Reykjanesbraut.²⁹⁸
156. Þennan sama dag var jafnframt bókað í rannsóknardagbók Eggerts og Sigurbjörns Víðis um skipakomur frá 16. til 20. nóvember 1974. Kom þar fram að Skaftafell hafi komið 16. nóvember, Írafoss 17. nóvember, Brúarfoss hafi komið 19. nóvember af ströndinni, en ekki erlendis frá. Þá hafi Múlafoss jafnframt komið 19. nóvember en Mánafoff og Hofsjökull hafi komið daginn eftir, 20. nóvember 1974.²⁹⁹ Þá var bókað um upplýsingar sem höfðu borist um að öðruhvoru hafi sést rautt ljós dregið upp í fánastöng á Álfsnesi sem væri í eigu Sigurbjörns Eiríkssonar. Svo rammt hafi kveðið að þessu að hafnaryfirvöld í Reykjavík hafi gert athugasemdir við ljósaganginn.³⁰⁰ Þá bókuðu þeir Eggert og Sigurbjörn Víðir í dagbók sína um athugun á hugsanlegri fjarvistasönnun Magnúsar. Hafi Magnús talið hugsanlegt að hann hafi verið á fundi hjá félagsskapnum Junior Chamber 19. nóvember 1974. Hafi þeir haft samband við ritara félagsins sem kvaðst aldrei hafa vitað til þess að Magnús hafi mætt á fundi að undanskildum tveimur skyggnilýsingafundum sem haldnir hefðu verið á síðastliðnum vetri. Hafi ritarinn ætlað að athuga þetta betur og láta þá vita.³⁰¹
157. Laugardaginn 7. febrúar 1976 var fært til bókar í dagbók fangelsisins við Síðumúla að Einar hafi verið tekinn fram til viðtals við réttargæslumann sinn klukkan 10:06 og hafi Örn hlustað á samtalið. Bókað var að á sama tíma hafi Sigurbjörn Víðir farið inn á klefa Magnúsar.³⁰² Hafi Sigurbjörn Víðir komið frá Magnúsi klukkan 10:20. Rannsóknargögn um vitjunina liggja ekki fyrir önnur en færsla í rannsóknardagbók.

²⁹⁵ Bls. 261.

²⁹⁶ Bls. 262.

²⁹⁷ Bls. 928.

²⁹⁸ Bls. 928.

²⁹⁹ Bls. 926.

³⁰⁰ Bls. 927.

³⁰¹ Bls. 927.

³⁰² Dagbók nr. 4, bls. 40–40b.

Fimm mínútum síðar var bókað í fangelsisdagbókina að Einar hafi verið færður á klefa sinn aftur. Klukkan 10:40 var fært til bókar að Örn og Sigurbjörn Víðir hafi farið með Kristján Viðar í ökuferð og komið aftur klukkan 12:00. Rannsóknargögn um ökuferðina liggja ekki fyrir. Bókað var í dagbókina að klukkan 13:20 hafi Eggert farið inn á klefa til Sævars en nokkru áður hafi Sigurbjörn Víðir farið inn á klefa Magnúsar. Rannsóknargögn um vitjun á klefa til Sævars liggja ekki fyrir. Í rannsóknardagbók Eggerts og Sigurbjörns Víðis þennan dag var bókað að Sigurbjörn Víðir hafi rætt við Magnús. Hafi Magnús sagst hafa keypt smyglað áfengi, bæði bjór og spíritus, af starfsmönnum Klúbbsins.³⁰³ Þá var bókað í rannsóknardagbókina að Sigurbjörn Víðir hafi bent Magnúsi á að lögreglan hefði framburð þriggja aðila sem hafi sagst hafa verið viðstaddir þegar Geirfinnur hafi horfið og hafi þeir allir bent á Magnús í því sambandi. Hafi Magnús þá sagst ætla að hugsa málið vel og vandlega í dag.³⁰⁴ Klukkan 13:40 var bókað í fangelsisdagbókina að séra Jón Bjarman fangelsisprestur hafi hringt í Örn og beðið um leyfi til að tala við Magnús Leópoldsson þar sem eiginkona hans hafi óskað þess. Var bókað um að presturinn hafi fengið algjöra neitun við beiðninni frá Erni. Bókað var í dagbókina klukkan 14:00 að Örn hafi farið inn á klefa til Sævars og síðar Tryggva. Rannsóknargögn um vitjanirnar liggja ekki fyrir. Klukkan 14:50 var bókað að Eggert og Örn hafi farið í ökuferð með Tryggva Rúnar. Í dagbók fangelsisins var bókað á sama tíma, klukkan 14:50, að Magnús Magnússon hafi farið inn á klefa til Einars í stutta stund. Þá hafi Sigurbjörn Víðir farið inn á klefa til Valdimars og Magnús aftur inn á klefa Einars.³⁰⁵ Rannsóknargögn um þessar vitjanir liggja ekki fyrir. Þá var bókað í dagbók fangelsisins að Örn og Eggert hafi komið með Tryggva Rúnar úr ökuferðinni klukkan 17:00. Rannsóknargögn um ökuferðina önnur en fyrrgreind í rannsóknardagbók Eggerts og Sigurbjörns Víðis liggja ekki fyrir. Sagði þar að farið hafi verið suður fyrir Hafnarfjörð í þeim tilgangi að kanna hvort Tryggvi Rúnar myndi geta þekkt aftur einhvern þann stað sem þeir kynnu að hafa farið með lík Guðmundar. Hafi þessi ferð verið farin að beiðni Tryggva Rúnars. Bókað var í dagbókina að þegar komið hafi verið að gamalli, steinhlaðinni fjárborg rétt við rauðamalgryfju hafi Tryggva Rúnari fundist sem hann hafi komið þangað áður með Sævari. Hafi hann ekki frekar munað en kvaðst munu hugsa málið nákvæmlega.³⁰⁶

158. Klukkan 17:15 var bókað að tekið skyldi fram að Magnús og Sigurbjörn Víðir hafi verið inni á klefum þremmenninganna af og til þennan dag og rætt við þá þar.³⁰⁷ Rannsóknargögn liggja ekki fyrir um vitjanirnar.
159. Bókað var í rannsóknardagbók Eggerts og Sigurbjörns Víðis, 7. febrúar 1976, að rætt hafi verið við ritara félagsins Junior Chamber um hugsanlega fjarvistasönnun Magnúsar Leópoldssonar 19. nóvember 1974. Hafi ritarinn upplýst um að engir fundir hafi verið haldnir 19. nóvember, en hins vegar hafi verið fundað 12. og 26. nóvember

³⁰³ Bls. 929.

³⁰⁴ Bls. 930.

³⁰⁵ Dagbók nr. 4, bls. 40b.

³⁰⁶ Bls. 930.

³⁰⁷ Dagbók nr. 4, bls. 41.

1974.³⁰⁸ Þá var bókað í dagbókina að rætt hafi verið við [KrB], skólastjóra Flensborgarskólans. Hafi hann upplýst um sölu Einars Bollasonar á hollenskum vodka til samkennara sinna fyrir jól 1975 og eftir áramótin 1976.³⁰⁹

160. Sunnudaginn 8. febrúar 1976 var bókað í dagbók fangelsisins við Síðumúla klukkan 10:35 að Magnús Leópoldsson hafi verið tekinn til yfirheyrslu af Magnúsi Magnússyni. Hafi hann verið færður aftur á klefa sinn klukkan 11:55. Rannsóknargögn um yfirheyrsluna liggja ekki fyrir. Klukkan 13:15 var bókað í dagbókina að hópur lögreglumanna hafi farið ásamt Erni að leita að ákveðnum hlut, en Sigurbjörn Víðir og Eggert hafi orðið eftir.³¹⁰ Rannsóknargögn um leitina önnur en færsla í dagbók Eggerts og Sigurbjörns Víðis liggja ekki fyrir. Í rannsóknardagbókina var bókað að Örn hafi farið með hóp rannsóknarlögreglumanna suður fyrir Hafnarfjörð til að leita eins náíð og hægt væri á því svæði sem Sævar og Albert hafi bent á sem þann stað sem þeir hafi farið með líkið á.³¹¹ Klukkan 13:35 var bókað í fangelsisdagbókina að Magnús Magnússon hafi farið inn á klefa til Einars. Á sama tíma hafi Sigurbjörn Víðir og Eggert farið í bili en komið aftur klukkan 15:25. Í rannsóknardagbók þeirra var bókað að þeir hafi farið til að ræða við aðila sem hafi verið nefndir í sambandi við akstur og önnur störf við Hótel Valhöll á Þingvöllum.³¹² Rannsóknargögn önnur en framangreind dagbókarfærsla liggja ekki fyrir um ferðir þeirra. Klukkan 15:35 var bókað í dagbók fangelsisins að leitarmennirnir hafi komið án árangurs. Hafi Örn farið strax inn á klefa til Sævars í stutta stund. Þá var bókað klukkan 15:45 að Magnús hafi gert boð um Sigurbjörn Víði og hafi hann þá þegar farið inn á klefa til Magnúsar. Rannsóknargögn um viðtalið liggja ekki fyrir. Klukkan 16:00 var bókað að leitarmennirnir hafi farið ásamt Erni. Um 15 mínútum síðar hafi Valdimar verið tekinn til yfirheyrslu og Eggert farið inn á klefa til Sævars í stutta stund. Rannsóknargögn liggja ekki fyrir, hvorki um yfirheyrsluna né viðtalið. Klukkan 17:00 var bókað í dagbók fangelsisins að Eggert hafi farið með Sævar í ökuferð til klukkan 17:30. Hafi þá Eggert tekið Sævar á eintal í yfirheyrsluherberginu.³¹³ Rannsóknargögn um ökuferðina og eintalið liggja ekki fyrir.
161. Þennan dag bókuðu Eggert og Sigurbjörn Víðir í rannsóknardagbókina að leit lögreglumannanna í grennd við Sædýrasafnið hafi ekki borið neinn árangur. Hafi þeir rætt við [JK] og [FP] fyrrum starfsmenn Hótel Valhallar á Þingvöllum um kaup á áfengi og aðföngum fyrir hótelið en það hafi ekki komið að miklu gagni. Þá hafi Haukur haldið áfram rannsókn málsins í Keflavík og annars staðar suður með sjó og meðal annars kannað sannleiksgildi þeirrar sögu um að Sigurbjörn Eiríksson hafi farið af landi brott síðastliðinn föstudag.³¹⁴
162. Bókað var í dagbók fangelsisins 9. febrúar 1976 að Magnús hafi verið tekinn til yfirheyrslu af Sigurbirni Víði og Magnúsi Magnússyni milli klukkan 16:20 og

³⁰⁸ Bls. 928.

³⁰⁹ Bls. 929.

³¹⁰ Dagbók nr. 4, bls. 41b.

³¹¹ Bls. 931.

³¹² Bls. 931.

³¹³ Dagbók nr. 4, bls. 41b.

³¹⁴ Bls. 931.

17:20.³¹⁵ Í rannsóknardagbók Eggerts og Sigurbjörns Víðis var bókað að Einar, Magnús og Valdimar hafi verið yfirheyrðir þennan dag, en ekkert nýtt hafi komið fram.³¹⁶ Rannsóknargögn um yfirheyrslurnar önnur en fyrrgreind dagbókarfærsla liggja ekki fyrir. Þá var bókað í rannsóknardagbókina þennan dag að Sigurbjörn Eiríksson ætti jörðina Skálmholt og leigði jörðina Bryðjuholt. Þá hefði Grétar Norðfjörð skýrt frá því að á öðrum hvorum staðnum hafi farið fram einhvers konar átöppun eða innpökkun. Upplýsingar þess efnis hafi komið frá konu sem hefði haft það eftir símastúlku úr sveitinni fyrir austan. Hafi Grétar ætlað að afla frekari upplýsinga. Loks var bókað í rannsóknardagbókina um upplýsingaskýrslu Torfa Jónssonar frá 5. febrúar 1976 um ábendingu um bíl í eigu Klúbbsins sem hafi verið málaður.³¹⁷

163. Þriðjudaginn 10. febrúar 1976 var bókað í fangelsisdagbókina að Sævar hafi verið tekinn til skýrslutöku hjá Eggerti klukkan 09:30. Meðal rannsóknargagna er skýrsla um yfirheyrsluna. Í upphafi skýrslunnar er bókað að Sævari hafi verið sýndar ljósmyndir af 16 mönnum sem rannsóknarlögreglan telji hugsanlegt að hafi verið við Dráttarbraut Keflavíkur eða í bátsferð þaðan að kvöldi 19. nóvember 1974. Hafi Sævar þekkt myndir af í það minnsta þremur mönnum sem hafi verið í Keflavík á fyrrgreindum tíma, Einari Bollasyni, Valdimar Olsen og Sigurbirni Eiríkssyni. Hafi Sævar sagst þekkja þá Einar og Valdimar í sjón en ekkert þekkja Sigurbjörn. Þá var bókað að Sævar hafi fullyrt að Sigurbjörn hafi verið í bátsferðinni, en ekki Einar og Valdimar.³¹⁸ Var skýrslutökunni lokið klukkan 10:00 og var Sævar færður á klefa sinn aftur. Þá hafi Kristján Viðar verið tekinn fram til yfirheyrslu af sama tilefni.³¹⁹ Meðal rannsóknargagna er skýrsla um yfirheyrsluna þar sem bókað er að Kristjáni Viðari hafi verið sýndar ljósmyndir af 16 mönnum. Hafi Kristján Viðar talið sig þekkja fimm menn, þá Valdimar, Einar, Sigurbjörn og [ÁHE]. Þann fimmta hafi Kristján Viðar ekki þekkt með nafni og hafi honum þá verið sagt að um væri að ræða Geirfinn Einarsson. Hafi Kristján Viðar þá sagt Valdimar, Einar, Sigurbjörn og Geirfinn alla hafa verið í sambandi við ferðina til Keflavíkur og bátsferðina. Hafi Geirfinnur farið í bátsferðina og Sigurbjörn líka. Bókað var eftir Kristjáni Viðari að hann væri ekki eins viss um hvar Einar og Valdimar hafi verið en þeir hafi þó verið í Keflavík þennan umrædda dag. Hafi Kristján Viðar þekkt [ÁHE] frá því hann vann fyrir hann fyrir löngu síðan. Í lok skýrslunnar er bókað að Kristján Viðar hafi kannast við myndir af [BeB], [JA], Magnúsi Leópoldssyni og [GÁg]. Hafi hann þó ekki treyst sér til að fullyrða hvar hann hafi hitt eða séð umrædda menn.³²⁰
164. Í dagbók fangelsisins þennan dag var bókað klukkan 10:15 að Sigurbjörn Víðir hafi farið að sækja vitni út í bæ. Hafi hann komið til baka klukkan 10:35 með Erlu Bolladóttur. Bókað var klukkan 10:45 að Kristján Viðar hafi verið færður aftur á klefa sinn og Erla til Eggerts í yfirheyrslu. Meðal rannsóknargagna er skýrsla um

³¹⁵ Dagbók nr. 4, bls. 42.

³¹⁶ Bls. 932.

³¹⁷ Bls. 933.

³¹⁸ Bls. 374.

³¹⁹ Dagbók nr. 4, bls. 42b.

³²⁰ Bls. 375.

yfirheyrsluna. Bókað var í skýrsluna að Erlu hafi verið sýndar ljósmyndir af 16 mönnum og Erla sagst þekkja eða kannast við nú af þeim. Varðandi Keflavíkurferðina hafi Erla sagst þekkja myndir af þeim Magnúsi, Einari, Sigurbirni og Geirfinni. Hafi hún sagt alla þessa menn hafa örugglega verið stadda í Dráttarbrautinni í Keflavík umrætt kvöld. Hver þeirra hafi farið um borð í bátinn kvaðst Erla ekki geta sagt til um með vissu. Þá var bókað að Erla hafi sagst þekkja myndir af [ÁHE], Valdimar Olsen, [GÁg] og kannast við mynd af manni sem henni hafi verið sagt að væri af [JA]. Í lok skýrslunnar var bókað að Erla hafi séð ljósmynd af [JR], en hafi ekki þekkt hann á þeirri mynd þrátt fyrir að þekkja hann í sjón. Hafi hún talið skýringuna liggja í því að myndin af [JR] væri gömul.³²¹ Klukkan 11:15 var bókað í dagbók fangelsisins að skýrslutöku yfir Erlu væri lokið og hafi Sigurbjörn Víðir farið með hana heim.³²²

165. Í rannsóknardagbók Eggerts og Sigurbjörns Víðis þennan sama dag, 10. febrúar 1976, var jafnframt bókað um skýrslutökurnar yfir Sævari, Kristjáni Viðari og Erlu. Kom þar fram að þau hafi þekkt mismunandi marga menn á myndunum, en öll hafi þau þekkt mynd af Sigurbirni Eiríkssyni. Kristján Viðar og Sævar hafi báðir talið að hann hafi verið um borð í bátum en Erla hafi talið sig hafa séð hann í Keflavík. Í framhaldinu hafi því verið gefinn út úrskurður í sakadómi um handtöku á Sigurbirni.³²³
166. Þá var bókað í dagbók Síðumúlafangelsisins þennan sama dag, 10. febrúar 1976, að Hafsteinn Baldvinsson, réttargæslumaður Magnúsar, hafi komið klukkan 12:10. Hafi Magnús verið færður til viðtals við hann milli klukkan 13:05 og 14:20 í áheyrn Sigurbjörns Víðis og Eggerts. Í rannsóknardagbók Eggerts og Sigurbjörns Víðis þennan dag var bókað um viðtal Magnúsar við réttargæslumann sinn. Þar sagði að ekkert nýtt hafi komið fram í samtali þeirra annað en að Magnús teldi sig illa haldinn til heilsunnar og hafi því verið gerð boð eftir lækni daginn eftir.³²⁴ Bókað var í dagbók fangelsisins klukkan 13:20 að Örn hafi farið inn á klefa númer sjö og talað stutt við fangann þar. Þá hafi Örn beðið um að læknir yrði fenginn til að líta á Magnús. Bókaði færsluritari klukkan 13:45 að hann hafi hringt í Guðstein lækni og hann kæmi eftir hádegi daginn eftir.³²⁵ Þá var bókað í dagbók fangelsisins að Hafsteinn Baldvinsson, réttargæslumaður Magnúsar, hafi komið með öl og ávexti til hans. Bókaði færsluritari að hann hafi neitað að taka við sendingunni. Hafi Hafsteinn þá fengið að hringja í Örn sem hafi sagt það í lagi að taka við sendingunni þar sem hún kæmi úr hendi Hafsteins.³²⁶ Þá var bókað klukkan 19:20 að Sigurbjörn Víðir og Magnús hafi komið með Sigurbjörn Eiríksson forstjóra og hafi hann verið látinn á klefa númer 20 og Sævar færður á klefa númer 15. Klukkan 19:55 hafi [SI] eiginkona Einars, komið með bréf til hans sem hún kvaðst hafa fengið leyfi til að skrifa honum.³²⁷ Þá var bókað í

³²¹ Bls. 376.

³²² Dagbók nr. 4, bls. 42b.

³²³ Bls. 934.

³²⁴ Bls. 934.

³²⁵ Dagbók nr. 4, bls. 42b.

³²⁶ Dagbók nr. 4, bls. 43.

³²⁷ Dagbók nr. 4, bls. 43.

dagbók fangelsisins að klukkan 00:22 hafi Sigurbjörn Víðir hringt og spurt um líðan og hegðun nafna síns Eiríkssonar.³²⁸

167. Í rannsóknardagbók Eggerts og Sigurbjörns Víðis þennan dag var bókað að rætt hafi verið við Guðjón Skarphéðinsson og konu hans, en Guðjón hafi ásamt Sævari staðið að innflutningi á fíkniefnum hingað til lands í bifreið í desember síðastliðnum. Bókað var í dagbókina að Guðjón þekkti Sævar nokkuð vel. Hafi hann verið kennari hans um tíma en hafi svo kynnst honum aftur fyrir um þremur árum og svo aftur nokkuð náið síðastliðið sumar. Hafi Guðjón sagt oft erfitt að átta sig á því hvort Sævar væri að segja satt eða ekki. Kvað Guðjón Sævar vera nokkuð vel greindan en hafa mjög slæmt minni. Bókað er í rannsóknardagbókina að Guðjón hafi greint frá því að Sævar hafi síðastliðið vor eða snemma sumars haft það á orði að lítill vandi væri að kála fólki á Íslandi og koma því þannig fyrir að það myndist aldrei. Vandinn fælist eingöngu í því að fara með það út í hraun og urða það. Á sama tíma hafi Sævar sagt Guðjóni að hann vissi allt um Geirfinnsmálið.³²⁹ Þennan dag var einnig bókað í rannsóknardagbókina að Þorsteinn Steingrímsson rannsóknarlögreglumaður í Kópavogi hafi hringt og skýrt frá því að í fyrrasumar hafi hann verið á ferð í hrauninu við svokallaðar Óttarstaðagryfjur sem væru rauðmalargryfjur rétt sunnan við Straum. Sagði rannsóknarlögreglumaðurinn að þar hefði konan hans fundið það sem hún hafi talið hafa verið mannabein og karlmannsskó. Kvaðst hann halda að þetta hafi verið brunnið en hann hafi ekki skoðað þetta nánar. Sagðist hann hafa talið þetta einhverja vitleysu en konan hans hafi haldið þessu fram. Hafi Þorsteinn ætlað að athuga málið nánar.
168. Þennan dag, 10. febrúar 1976, birtist frétt í Vísi þar sem blaðamaður velti því fyrir sér hversu mikið Klúbbmálið, spíramálið, hvarf Geirfinns og hvarf Guðmundar tengdust. Lýsti blaðamaður því svo að mörgu hafi verið varpað fram manna á meðal og í fjölmiðlum en lítið hafi fengist staðfest hjá réttum yfirvöldum. Málin virðist flækjast óendanlega og sérhver tilraun til að fá botn í þau leiða til þess að viðkomandi ruglast bara enn meir. Hafi rannsóknaraðilar verið tregir til að gefa upplýsingar og væru rannsóknir á mannhvörfunum einna lokaðastar.³³⁰
169. Miðvikudaginn 11. febrúar 1976 var bókað í dagbók fangelsisins að Sigurbjörn Eiríksson hafi verið tekinn fram til yfirheyrslu klukkan 10:30. Hafi Sigurbjörn verið færður aftur á klefa klukkan 11:00.³³¹ Meðal rannsóknargagna er skýrsla þar sem fram kemur að tilefni yfirheyrslunnar hafi verið grunur um að Sigurbjörn væri viðriðinn hvarf Geirfinns. Kvaðst Sigurbjörn vera algjörlega ókunnugt um á hvern hátt hvarf Geirfinns hafi borið að umfram það sem hafi komið fram í fjölmiðlum á sínum tíma. Kvaðst Sigurbjörn ekki þekkja og hafa aldrei þekkt mann með þessu nafni og ekki vita til að þess að hann hafi nokkurn tímann séð umræddan mann. Sagði Sigurbjörn að mynd hafi birst af Geirfinni í fjölmiðlum á sínum tíma og hafi hann þá ekkert kannast við manninn. Kvaðst hann neita því algjörlega að hafa farið nokkurn tímann í bátsferð

³²⁸ Dagbók nr. 4, bls. 43b.

³²⁹ Bls. 935.

³³⁰ Bls. 382.

³³¹ Dagbók nr. 4, bls. 43b.

frá Keflavík, hvað þá að hafa lent í átökum í slíkri ferð.³³² Klukkan 11:50 var bókað að Sigurbjörn hafi verið færður fyrir Örn.

170. Pennan dag var háð þinghald í sakadómi Reykjavíkur vegna rannsóknar á hvarfi Geirfinns Einarssonar. Í þingbók var bókað að klukkan 11:52 hafi Sigurbjörn komið fyrir dóminn. Fyrir dómi kvaðst Sigurbjörn ekki hafa lent í átökum við Geirfinn Einarsson um borð í bát úti við sjó skammt frá Keflavík. Kvaðst hann ekki kannast við að hafa verið viðriðinn smygl á áfengi.³³³ Sigurbirni var þá kynntur framburður sinn hjá lögreglu og kvað hann rétt eftir sér haft og staðfesti undirskrift sína. Var þá kveðinn upp úrskurður þar sem fram kom að Sævar hafi skýrt svo frá að hann hafi farið með í sjóferðina og orðið vitni að átökum milli Geirfinns, Sigurbjörns, Magnúsar og Kristjáns Viðars. Þá hafi Kristján Viðar borið um atvik á svipaðan hátt. Þá hafi Sævar, Kristján Viðar og Erla skoðað ljósmyndir hjá lögreglu og öll þekkt mynd af Sigurbirni. Var Sigurbjörn úrskurðaður í gæsluvarðhald í allt að 45 daga vegna rannsóknarhagsmuna. Kvaðst Sigurbjörn óska eftir því að Ingi Ingimundarson yrði skipaður réttargæslumaður sinn en kvaðst ekki óska eftir því að úrskurðurinn yrði kærður til Hæstaréttar Íslands.³³⁴
171. Í dagbók fangelsisins var bókað að Sigurbjörn hafi verið færður aftur á klefa sinn klukkan 12:05. Á sama tíma hafi Örn farið inn á klefa til Sævars og Alberts og talað stutta stund við hvorn um sig. Klukkan 14:05 var bókað að Sævar hafi verið færður til yfirheyrslu en færður aftur á klefa um hálf tíma síðar. Rannsóknargögn um yfirheyrsluna liggja ekki fyrir. Klukkan 14:30 var bókað að Ingi Ingimundarson, réttargæslumaður Sigurbjörns, hafi komið að boði Arnar. Tíu mínútum seinna hafi Sigurbjörn verið færður til viðtals við Inga í áheyrn Eggerts í 20 mínútur. Klukkan 15:10 var bókað í fangelsisdagbókina að Guðsteinn læknir hafi komið og skoðað Magnús Leópolðsson að beiðni Arnar. Hafi hann gefið út vottorð um niðurstöðu sína til dómsins og skaffað Magnúsi lyf. Klukkan 15:20 var fært til bókar að Sigurbjörn hafi verið færður á klefa sinn eftir 10 mínútna viðtal við Eggert. Rannsóknargögn um viðtalið liggja ekki fyrir. Á sama tíma hafi Jón Zoëga, réttargæslumaður Valdimars, komið. Klukkan 15:50 var bókað að Valdimar hafi verið færður til viðtals við réttargæslumann sinn í áheyrn Eggerts. Um 15 mínútum síðar hafi Valdimar verið færður á klefa sinn aftur.³³⁵ Klukkan 17:00 var bókað að Örn hafi komið klukkan 17:00 og talað stutta stund við Sigurbjörn inni á klefa. Bókað var í dagbók fangelsisins að Ingvar Björnsson, réttargæslumaður Einars, hafi komið klukkan 18:30 og talað við skjólstæðing sinn í áheyrn Sigurbjörns Víðis. Klukkan 18:50 var bókað að Eggert hafi farið með Sævar til tannlæknis til að draga úr honum tönn. Klukkan 19:05 var fært í dagbókina að Einar hafi verið settur á klefa sinn aftur. Klukkan 19:30 var bókað að Sævar hafi komið til baka frá tannlækninum.³³⁶ Klukkan 20:50 um kvöldið var bókað

³³² Bls. 384.

³³³ Bls. 384_A.

³³⁴ Bls. 384_D–E.

³³⁵ Dagbók nr. 4, bls. 44.

³³⁶ Dagbók nr. 4, bls. 44.

að réttargæslumaður Magnúsar hafi komið með fjórar bækur til hans sem Magnús hafi beðið hann um. Einnig hafi bréf frá eiginkonu Magnúsar fylgt með.³³⁷

172. Meðal rannsóknargagna eru skýrslur dagsettar 11. febrúar 1976 um yfirheyrslur yfir tveimur starfsstúlkum í Klúbbinum. Voru yfirheyrslurnar að beiðni réttargæslumanns Magnúsar vegna hugsanlegrar vitneskju þeirra um verustað hans að kvöldi 19. nóvember 1974. Bar vitnunum saman um að hafa rætt við Magnús í Klúbbinum milli klukkan 21:00 og 22:00. Þá kvaðst önnur þeirra hafa séð hann að störfum á skrifstofu sinni rétt um klukkan 22:45 sama kvöld. Bar þeim saman um að önnur þeirra hafi farið með peningauppgjör til Magnúsar um klukkan 23:30. Fram kom að Magnús hafi tekið við peningauppgjörinu inni í eldhúsi Klúbbsins. Vitnin kvaðust muna eftir því að hafa séð Magnús aftur seinna um kvöldið, en ekki klukkan hvað.³³⁸
173. Sama dag var [SI] eiginkona Einars Bollasonar yfirheyrð. Meðal rannsóknargagna er skýrsla um yfirheyrsluna. Kvaðst hún hafa verið á saumavélanámskeiði á vegum Pfaff þriðjudagskvöldið 19. nóvember 1974. Námskeiðið hafi byrjað klukkan 20:30 og hafi hún fengið stúlku til að gæta barnanna. Þegar hún hafi komið heim klukkan 23:00 hafi Einar verið háttaður upp í rúm og rifist við sig um hversu seint á ferðinni hún væri. Fram kom að [SI] hafi gert athugun á tímum sem Einar hafi átt að kenna í Námsflokkum Hafnarfjarðar þennan dag og hafi þá komið í ljós að hann hafi verið að kenna milli klukkan 17:30 og 19:00. Kvaðst hún telja líklegast að hún hafi fengið bifreið [BoG] tengdaföður síns lánaða og Einar verið á þeirra bifreið sem hafi verið grænn Saab 99, árgerð 1974. Þá kvaðst [SI] hafa rætt við stúlkuna sem hafi gætt barnanna á meðan og hafi hún munað eftir þessu kvöldi þar sem um þriðjudagskvöld hafi verið að ræða, en hún gætti barnanna fast á mánudagskvöldum. Kvaðst stúlkun muna eftir því að Einar hafi komið heim klukkan 22:00 umrætt kvöld og tekið við af sér.³³⁹
174. Í rannsóknardagbók Eggerts og Sigurbjörns Víðis þennan dag var jafnframt bókað að aflað hafi verið gagna, svo sem áhafnarlistum af millilandaskipum í nóvembermánuði 1974, ljósmyndum af nokkrum mönnum og eintökum af Morgunblaðinu 17., 19. og 20. nóvember 1974.³⁴⁰
175. Fimmtudaginn 12. febrúar 1976 var bókað í dagbók Síðumúlafangelsisins að Örn hafi hringt klukkan 12:00 og tilkynnt um að hann hafi veitt Erni Clausen, réttargæslumanni Alberts, leyfi til að tala einslega við skjólstæðing sinn.³⁴¹ Klukkan 13:40 var bókað að Örn Clausen hafi komið og rætt einslega við Albert til klukkan 14:30. Þá hafi Eggert farið inn á klefa númer 20 samkvæmt beiðni fangans þar og talað við hann stutta stund. Klukkan 15:00 þennan dag var bókað í dagbókina að Sigurbjörn Víðir og Örn Clausen hafi farið í ökuferð með Albert í sól og suðurátt.³⁴² Klukkan 15:15 var fært til bókar að [SI] eiginkona Einars hafi komið með náttföt og inniskó handa manni sínum.

³³⁷ Dagbók nr. 4, bls. 45.

³³⁸ Bls. 385–388.

³³⁹ Bls. 390.

³⁴⁰ Bls. 937.

³⁴¹ Dagbók nr. 4, bls. 45.

³⁴² Dagbók nr. 4, bls. 45b.

Þá var bókað klukkan 16:30 að Sigurbjörn Víðir og Örn Clausen hafi komið úr ökuferðinni með Albert. Rannsóknargögn um ökuferðina liggja ekki fyrir. Þá var bókað klukkan 17:40 að Ingi Ingimundarson, réttargæslumaður Sigurbjörns, hafi hringt og óskað eftir að fá að ræða við skjólstæðing sinn á klefa. Bókaði færsluritari um að beiðninni hefði verið vísað til fulltrúa. Klukkan 20:27 var bókað um komu [GSbj] dóttur Sigurbjörns Eiríkssonar með sendingu til föður síns, föt og snyrtidót.³⁴³

176. Þennan dag var [GSig], eiginkona Geirfinns, yfirheyrð af rannsóknarlögreglunni í Reykjavík. Meðal rannsóknargagna er skýrsla þar sem bókað er í upphafi að hún staðfesti fyrri framburð sinn frá 28. nóvember 1974. Kvaðst [GSig] ekki vita til þess að Geirfinnur hafi verið í sambandi við ráðamenn í Klúbbum og hafi aldrei heyrt neitt sem bent hafi til þess. [GSig] minnti að hafa afhent Hauki Guðmundssyni, rannsóknarlögreglumanni, tvær myndir af Geirfinni. Önnur hafi verið fimm ára gömul en hin mjög nýleg og því líkari honum eins og hann hafi verið er hann hvarf. Kvaðst [GSig] ekki hafa gert athugasemdir við það er eldri myndin hafi birst í fjölmiðlum því hún hafi talið það mat Hauks að sú mynd hafi verið betri. Þá hafi [GSig] sagt Geirfinn ekki hafa haft aðgang að báti. Hafi hann tvisvar sinnum farið á sjó að gamni sínu með kunningja sínum sem hafi átt bát, en hann hafi flutt með bátinn með sér á Kópasker nokkru áður en Geirfinnur hafi horfið.³⁴⁴ Kvaðst [GSig] aldrei hafa heyrt Geirfinn tala um að hann ætlaði eða þyrfti að fá lánaðan bát. [GSig] sagði þau hjónin hafi byrjað á því fyrir um fimm árum að leika sér að því að leggja í og búa til vín. Hafi Geirfinnur þá fengið lánuð bruggtæki frá kunningja sínum sem hefði ekki færi á að nota þau því hann byggi í fjölbýlishúsi. Kvað [GSig] annan kunningja þeirra, [GeV] stundum hafa verið með þeim í þessu og hafi þau þá bara framleitt fyrir þau fjögur.³⁴⁵ Bruggtækjunum hafi verið skilað áður en Geirfinnur hafi horfið. Greindi [GSig] frá því að [SnAd] hafi hringt til Geirfinns og spurt hvort hann teldi sig geta náð sjó úr spíra sem væri í eigu mágs síns. Hafi þetta verið stuttu fyrir hvarf Geirfinns. Geirfinnur hafi þá sagst vera búin að skila bruggtækjunum en myndi athuga þetta. Kvaðst [GSig] minna að lögreglan hafi tekið skýrslu af [SnAd] og mági hans um þetta. [GSig] kvaðst ekki vita til þess að hafa fengið nokkrar peningasendingar frá Klúbbum eða nokkrum sem þar ynni, svo sem Sigurbirni Eiríkssyni, enda vissi hún ekki til þess að hún þekkti þann mann nokkuð. Þá kvaðst hún ekki vita til þess að hún þekkti Einar Bollason, en sagðist hafa heyrt talað um hann sem íþróttamann. [GSig] sagðist hvorki þekkja Magnús Leópoldsson og Valdimar Olsen né sjö aðra nafngreinda menn sem henni hafi verið sýndar ljósmyndir af. Þá kvaðst [GSig] ekki þekkja Kristján Viðar, Albert Klahn, Tryggva Rúnar eða Sævar og kannaðist ekkert við nöfnin. Vissi hún ekki hvort Geirfinnur hafi kannast við nokkuð af þessum nöfnum og kvaðst ekki muna eftir því að hann hafi nokkurn tímann nefnt þau.³⁴⁶
177. Í rannsóknardagbók Eggerts og Sigurbjörns Víðis var færsla dagsett 12. febrúar 1976 þar sem bókað var að enn væri beðið eftir niðurstöðu athugunar á starfsemi á jörðum

³⁴³ Dagbók nr. 4, bls. 46.

³⁴⁴ Bls. 392.

³⁴⁵ Bls. 393.

³⁴⁶ Bls. 395.

þeim sem Sigurbjörn hefði með að gera fyrir austan. Þá væri lögregla að kanna sjómannaalmanök um bátaveign ákveðinna manna.³⁴⁷ Bókað var að tala ætti við [PGG] um hvort hann hafi hitt Sigurbjörn í Klúbbnum 19. nóvember 1974 og drukkið með honum kaffi líkt og Sigurbjörn hafi haldið fram. Þá ætti að sýna Erlu fleiri ljósmyndir ef hún skyldi kannast við einhverja þar í sambandi við þá menn sem hafi verið í Keflavík. Hafa ætti upp á [HK] í sambandi við spíritus sem hann hafi selt Magnúsi fyrir um tveimur árum síðan. Bókað var að Ingvar Björnsson, réttargæslumaður Einars, hafi lýst því yfir að hann teldi sig geta fært sönnur á verustað skjólstaðings síns fram til klukkan 21:00 eða 21:30 að kvöldi 19. nóvember 1974. Hafi hann vísað til framburðar leikmanna KR. Bókað var að þetta ætti eftir að kanna nánar.³⁴⁸ Í lok færslunnar var bókað að Guðsteinn læknir hafi vitjað Magnúsar í samræmi við beiðni. Hafi hann gefið út vottorð um skoðun sína á kvillanum sem hafi þjáð Magnús undanfarna daga. Muni hann fylgjast með honum næstu daga og taka frá honum viðeigandi sýni.³⁴⁹

178. Í Alþýðublaðinu birtist frétt á forsíðu blaðsins þennan dag, 12. febrúar 1976, undir fyrirsögninni: „Hringurinn að lokast?“ Í fréttinni kemur fram að Sigurbjörn Eiríksson, eigandi Klúbbsins hafi verið handtekinn og úrskurðaður í 45 daga gæsluvarðhald. Þá var rifjað upp að við rannsókn á hvarfi Geirfinns hafi komist á kreik sögusagnir um að Magnús og Sigurbjörn vissu eitthvað um málið. Þeir hafi síðan sent bréf til dómsmálaráðuneytisins þar sem þeir kvörtuðu undan sögusögnum og grunsemdum um aðild þeirra að Geirfinnsmálinu. Þá hafi lögmaður þeirra skömmu síðar sent bréf til ráðuneytisins þar sem hann hafi leitt að því getum að söguburðurinn hafi verið tilkominn vegna stórfelldra mistaka við rannsókn Geirfinnsmálsins. Svarbréf dómsmálaráðuneytisins hafi síðan efnislega sagt að grunsemdir hafi beinst að þeim að verulegu leyti vegna framkvæmdar á rannsókn málsins. Í frétt Alþýðublaðsins sagði að yfirlýsing frá Hauki Guðmundssyni, rannsóknarlögreglumanni, lægi fyrir þar sem hann hafi fullyrt að hann hafi skilið bréfið svo að ráðuneytið væri að fara þess á leit að draga úr yfirheyrslum og rannsóknum á þessum þætti rannsóknarinnar. Yfirheyrslum yfir Magnúsi Leópoldssyni hafi því verið hætt á þessu stigi rannsóknarinnar. Í lok fréttarinnar voru þeir Einar, Valdimar og Magnús nafngreindir sem þeir menn sem jafnframt sætu í gæsluvarðhaldi vegna hvarfs Geirfinns.³⁵⁰
179. Í dagbók fangelsisins við Síðumúla var bókað 13. febrúar 1976 að Kristján Viðar hafi verið tekinn fram til viðtals klukkan 11:30 af Magnúsi Magnússyni. Á sama tíma hafi Sigurbjörn Víðir farið inn á klefa númer 11 og talað við Magnús Leópoldsson. Klukkan 12:00 var bókað að Kristján Viðar hafi verið færður aftur á klefa og Sigurbjörn Víðir hafi komið af klefa Magnúsar. Rannsóknargögn liggja ekki fyrir, hvorki um yfirheyrsluna né vitjunina. Klukkan 12:50 var bókað um viðtal Ingvars Björnssonar, réttargæslumanns Einars, við skjólstaðing sinn í áheyrn Sigurbjörns Víðis. Í rannsóknardagbók Eggerts og Sigurbjörns Víðis var þess getið að

³⁴⁷ Bls. 937.

³⁴⁸ Bls. 938.

³⁴⁹ Bls. 941.

³⁵⁰ Bls. 397.

lögmaðurinn hafi rætt um afsal og fleira við skjólstæðing sinn.³⁵¹ Klukkan 13:05 var bókað í fangelsisdagbók að Hafsteinn Baldvinsson, réttargæslumaður Magnúsar, hafi komið með umboð frá eiginkonu Magnúsar til undirritunar. Bókað var að Hafsteinn hafi fengið undirskrift Magnúsar, en ekki viðtal. Fimm mínútum síðar var bókað að Einar hafi verið settur aftur á klefa sinn. Þá hafi Sævar verið tekinn fram til yfirheyrslu hjá Sigurbirni Víði á sama tíma. Klukkan 14:10 var fært í dagbók fangelsisins að Sævar hafi verið settur á klefa. Rannsóknargögn liggja ekki fyrir um yfirheyrsluna. Bókað var klukkan 14:40 að Valdimar Olsen hafi verið sóttur til viðtals við réttargæslumann sinn, Jón Zoëga, í áheyrn Sigurbjörns Víðis. Bókað var í fangelsisdagbókina klukkan 14:45 að Ingi Ingimundarson, réttargæslumaður Sigurbjörns, hafi komið til að ræða við Sigurbjörn og kvaðst hafa leyfi Arnar til þess. Hafi Sigurbjörn Víðir hringt í Örn og fengið staðfestingu frá honum þess efnis. Klukkan 15:00 var bókað að Valdimar hafi verið settur inn á klefa. Þá hafi Sigurbjörn verið færður fram til viðtals við réttargæslumann sinn í áheyrn Sigurbjörns Víðis í hálf tíma.³⁵² Var bókað í rannsóknardagbók Eggerts og Sigurbjörns Víðis að lögmaðurinn hafi rætt um fjármál við skjólstæðing sinn.³⁵³ Klukkan 16:30 var bókað í fangelsisdagbókina að Sigurbjörn hafi verið færður til viðtals við Jón Ólafsson hæstaréttarlögmenn í áheyrn Sigurbjörns Víðis. Klukkustund síðar hafi Sigurbjörn verið færður aftur á klefa sinn.³⁵⁴ Bókað var í rannsóknardagbókina að Jón Ólafsson hafi verið skipaður réttargæslumaður Sigurbjörns Eiríkssonar að frumkvæði Arnar. Hafi Sigurbjörn óskað eftir tveimur öðrum lögmönnum og því óskað skýringa á því hvers vegna þeir hafi ekki verið skipaðir. Bókað var í rannsóknardagbókina að skýringin þar að baki hafi verið sú að lögmennirnir hafi báðir færst undan skipun.³⁵⁵ Um kvöldið var bókað í fangelsisdagbókina að Hafsteinn Baldvinsson, réttargæslumaður Magnúsar, hafi komið með ávexti og öl til hans klukkan 20:05.

180. Meðal rannsóknargagna er skýrsla dagsett 13. febrúar 1976 um yfirheyrslu yfir [PGG] lögreglumanni sem starfaði sem dyravörður í Klúbbinum að kvöldi 19. nóvember 1974. Hafði hann áður gefið skýrslu vegna málsins, nánar tiltekið 2. febrúar. Kvaðst hann ekki vera viss um að hafa séð Magnús á ferli um veitingahúsið umrætt kvöld og gæti því ekki fullyrt um veru hans þar en varðandi Sigurbjörn þá kvaðst hann halda að hann hafi alls ekki verið á staðnum um kvöldið. Kvaðst hann vilja geta þess að Sigurbjörn hafi hringt í sig 26. janúar síðastliðinn og spurt hvort hann myndi eftir að hafa séð Magnús 19. nóvember 1974 í Klúbbnum.³⁵⁶ Hafi hann þá gáð í minnisbók sína og séð að hann hafi verið á aukavakt umrætt kvöld í Klúbbnum og þá hafi rifjast upp fyrir sér að Hjúkrunarnemafélagið hafi verið með dansleik. Hafi hann þá skýrt Sigurbirni frá því að hann myndi ekki eftir að hafa séð Magnús og þá bætt því við að

³⁵¹ Bls. 985.

³⁵² Dagbók nr. 4, bls. 46b.

³⁵³ Bls. 985.

³⁵⁴ Dagbók nr. 4, bls. 47.

³⁵⁵ Bls. 985.

³⁵⁶ Bls. 398.

hann myndi ekki eftir því að hafa séð Sigurbjörn sjálfan á staðnum. Hafi Sigurbjörn þá svarað því til að hann hafi ekki verið á staðnum.³⁵⁷

181. Í rannsóknardagbók Eggerts og Sigurbjörns er færsla dagsett 13. febrúar 1976 þar sem bókað var um símtal við [HK], sem hafi kvaðst hafa ekið mikið fyrir veitingahúsið Glaumbæ og síðan Klúbbinn. Hafi það verið hlutverk hans að fara aðra hvora viku í vínbúðina við Lindargötu og kaupa þar nokkra kassa af áfengi fyrir veitingahúsin. Var honum tjáð að hann þyrfti að mæta til yfirheyrslu hjá lögreglu daginn eftir. Þá var bókað um upplýsingar frá Þorsteini Steingrímssyni rannsóknarlögreglumanni um að nafngreindur maður [SÁsb] viti langtum meira um áfengi, flutning og átöppun fyrir Klúbbinn en hann hafi viljað láta uppi hingað til.³⁵⁸ Þá var bókað að komið hafi í ljós að Þorsteinn hafi ekki átt við Óttarstaðagryfjurnar í sambandi við mannabein og karlmannsskó sem kona hans hafi fundið í fyrrasumar. Um hafi verið að ræða rauðarmalargryfjur sem væru nokkurn veginn beint suður af Straumsvíkurveksmiðjunni. Þá hafi Þorsteinn greint frá því að hafa síðastliðið sumar fundið bein í djúpri sprungu, skammt frá Lónakotsgryfjum, en hafi ekki haft færi á að skoða það betur. Hafi hann talið sig geta vísað á báða staðina aftur.³⁵⁹ Þá var bókað í rannsóknardagbókina að Magnús Magnússon og Sigurbjörn Víðir hafi farið heim til Erlu Bolladóttur og sýnt henni ljósmyndir af nokkrum mönnum til viðbótar sem hugsanlega hafi verið í sambandi við þetta mál. Þá hafi þeir jafnframt farið í Síðumúlafangelsið og sýnt Sævari og Kristjáni Viðari myndirnar. Öllum hafi þeim verið sýndar myndirnar í sitthvoru lagi. Bókað var að enginn hafi treyst sér til að þekkja neinn á þessum ljósmyndum með vissu, en Sævar hafi talið sig hafa séð áður svokallaða Prestbakkabræður.³⁶⁰
182. Laugardaginn 14. febrúar 1976 var bókað í dagbók Síðumúlafangelsisins að Guðsteinn læknir hafi komið og skoðað fanga á klefum númer sjö til 11 milli klukkan 09:45 og 10:15.³⁶¹ Klukkan 13:05 var bókað að Hafsteinn Baldvinsson, réttargæslumaður Magnúsar, hafi komið til viðtals við Eggert. Þá var bókað í dagbókina klukkan 13:30 að Sigurbjörn Víðir hafi tekið Sigurbjörn Eiríksson til yfirheyrslu. Klukkan 14:05 var fært til bókar að Hafsteinn hafi farið og lét færsluritari þess getið að hann hafi látið Hafstein fá bækurnar og bréfið frá konu Magnúsar sem hafi ekki mátt fara inn. Í rannsóknardagbók Eggerts og Sigurbjörns Víðis var bókað að Hafsteinn hafi fengið að lesa skýrslur varðandi Magnús Leópoldsson og þá aðallega um fjarvistarsannanir hans.³⁶² Bókað var í fangelsisdagbókina að um sama leyti hafi Eggert farið inn á klefa til Sævars og verið þar æði langa stund. Rannsóknargögn um vitjunina liggja ekki fyrir. Klukkan 15:50 var bókað að yfirheyrslu yfir Sigurbirni Eiríkssyni hafi lokið. Rannsóknargögn um yfirheyrsluna liggja ekki fyrir önnur en færsla í rannsóknardagbók Eggerts og Sigurbjörns Víðis.³⁶³ Þar var bókað að rætt hafi verið

³⁵⁷ Bls. 399.

³⁵⁸ Bls. 942.

³⁵⁹ Bls. 943.

³⁶⁰ Bls. 984.

³⁶¹ Dagbók nr. 4, bls. 47.

³⁶² Bls. 986.

³⁶³ Dagbók nr. 4, bls. 47b.

við Sigurbjörn og hafi hann gefið upplýsingar um jarðir sínar og afnot af húsakynnum þar.³⁶⁴ Bókað var að Sigurbjörn hafi veitt rannsóknarlögreglunni í Reykjavík skriflegt leyfi til þess að leita í öllum húsakynnum sem hann hefði yfir að ráða á fyrrgreindum jörðum. Meðal rannsóknargagna er umrædd heimild, undirrituð af Sigurbirni.³⁶⁵ Í rannsóknardagbók Eggerts og Sigurbjörns Víðis var bókað að ekkert sérstakt hafi komið fram við leit á jarðareignum Sigurbjörns Eiríkssonar nema að augljóst væri að geysimiklar og fjárfrekar framkvæmdir hafi átt sér stað á hans vegum þar austurfrá. Meðal rannsóknargagna er skýrsla dagsett sama dag um leitina.³⁶⁶

183. Þennan sama dag, 14. febrúar 1976, var [GrB] tekin til yfirheyrslu af lögreglu. Meðal rannsóknargagna er skýrsla um yfirheyrsluna þar sem fram kemur að hún og Sigurbjörn Eiríksson hafi verið í sambúð í um 18 ár. Fullyrti [GrB] að hafa á öllum sambúðartíma þeirra aldrei hafa orðið vör við annað áfengi en frá áfengisverslun ríkisins í Glaumbæ og Klúbbnum. Kvaðst hún ekkert vita um Geirfinnsmálið og aldrei hafa orðið vör við nokkuð sem gæti bent til þess að Magnús og Sigurbjörn gætu hafa verið viðriðir hvarf Geirfinns. Greindi [GrB] frá því í yfirheyrslunni að hún hafi tekið upp samband við [GuA] eftir að hafa slitið samvistum við Sigurbjörn. Kvaðst hún aldrei hafa heyrt [GuA] nefna það að hann hafi verið viðriðinn Geirfinnsmálið. Hafi hann greint henni frá því að hann hafi verið að þvæla eitthvað um málið við börnin sín og ekki skilja hvers vegna en hann hafi verið búinn að taka einhverjar pillur og drekka ofan í þær.³⁶⁷
184. Sunnudaginn 15. febrúar 1976 var bókað í dagbók Síðumúlafangelsisins við Síðumúla klukkan 16:00 að Örn og Eggert hafi farið með Sævar í ökuferð. Hafi þeir komið til baka klukkan 16:45 og var bókað í dagbókina að Sævar hafi reynt að strjúka við fangelsisdyrnar en Örn hlaupið hann uppi. Væri Sævar því í hand- og fótjárnnum, fengi ekki að reykja og sem minnsta þjónustu að öðru leyti. Rannsóknargögn um ökuferðina liggja ekki fyrir önnur en færsla í rannsóknardagbók Eggerts og Sigurbjörns Víðis. Þar var bókað að Sævar hafi bent lögreglu á stað sunnan Hafnarfjarðar, nánar tiltekið gamlan, hrúnninn kartöflukofa í Hvaleyrarholti. Hafi Sævar talið að lík Guðmundar Einarssonar hafi verið skilið eftir þar. Í rannsóknardagbókina var bókað að af aðstæðum að dæma yrði það að teljast fremur ósennilegt.³⁶⁸ Þá var þess jafnframt getið að þennan dag hafi verið rætt við Einar Bollason. Bókað var að Einar hafi ekki haft neitt nýtt fram að færa, en hafi kvartað yfir heilsufari sínu.³⁶⁹
185. Mánudaginn 16. febrúar 1976 var bókað í dagbók Síðumúlafangelsisins að rætt hafi verið við Örn klukkan 13:40 um beiðni Einars um viðtal við réttargæslumann sinn. Hafi Örn ekki tekið afstöðu heldur látið Eggert um að kanna um hvað Einar vilji ræða við hann.³⁷⁰ Bókað var klukkan 17:00 að Eggert og Þorsteinn Steingrímsson, rannsóknarlögreglumaður úr fíkniefnadeild, hafi farið með Albert í ökuferð. Klukkan

³⁶⁴ Bls. 943.

³⁶⁵ Bls. 407.

³⁶⁶ Bls. 409–410.

³⁶⁷ Bls. 401–406.

³⁶⁸ Bls. 944.

³⁶⁹ Bls. 987.

³⁷⁰ Dagbók nr. 4, bls. 48b.

17:10 var fært til bókar að [SI] eiginkona Einars hafi komið með sígarettur handa honum. Færsluritari lét þess getið að við það tækifæri hafi hann látið hana hafa bréfið sem hún hafi skrifað Einari og hann hafi ekki fengið. Um sama leyti hafi Sigurbjörn Víðir farið inn á klefa til nafna síns. Rannsóknargögn um vitjunina liggja ekki fyrir. Þá var bókað klukkan 19:10 að Eggert og Þorsteinn hafi komið til baka úr ökuferðinni með Albert.³⁷¹ Rannsóknargögn liggja ekki fyrir um ökuferðina, önnur en færsla í rannsóknardagbók Eggerts og Sigurbjörns Víðis. Þar var bókað að þeir hafi farið suður fyrir Hafnarfjörð og skoðað gryfjur gegnt Álverinu og Lónakoti sem og svæði við Kúagerði. Einnig hafi verið skoðað svæði austur að Krísvíkurvegi, sunnan Reykjanesbrautar nálægt öskuhaugum Hafnarfjarðar. Hafi Albert ekki treyst sér til að segja til um neinn af þessum stöðum. Hafi honum fundist sem hann kannaðist við sig við gryfjurnar gegnt Álverinu og eins í Kúagerði. Hafi honum fundist líklegt að hann hafi farið þangað í seinni ferðinni sem hafi verið farin þar sem hann telji sig hafa farið með lík.

186. Þennan dag var [GunGun] gjaldkeri körfuknattleiksdeildar KR yfirheyrður af lögreglu. Meðal rannsóknargagna er skýrsla um yfirheyrsluna þar sem fram kemur að til hafi staðið að fara í keppnisferðalag til Austurríkis 22. nóvember 1974. Af því tilefni hafi liðsmenn deildarinnar hist þriðjudagskvöldið 19. nóvember 1974 í KR heimilinu til að skipuleggja fjáröflun. Kvaðst hann þó ekki hafa verið viðstaddur og sagði [JOVÓ] formann körfuknattleiksdeildarinnar geta betur greint frá.³⁷²
187. Á forsíðu Mánudagsblaðsins 16. febrúar 1976 var birt frétt undir fyrirsögninni: „Geirfinnur, Guðmundur og spírinn: Stór glæpahringur að störfum á Íslandi.“ Í fréttinni var fullyrt að bílstjórinn sem flutt hafi lík Guðmundar væri laus allra mála á þessu stigi rannsóknar eftir játningu sína, en hafi beðið um að vera ekki leystur úr haldi þar sem hann teldi sig ekki öruggan um líf sitt utan fangelsisins. Þá var fjallað um að höfuðþaurar málsins væru þjóðþekktir einstaklingar, svo sem einn fremsti körfuknattleiksmaður Íslendinga og íþróttakennari sem væri fyrirmynd ungra pilta.³⁷³
188. Þriðjudaginn 17. febrúar 1976 var bókað í dagbók Síðumúlafangelsisins að Einar hafi verið tekinn til yfirheyrslu klukkan 09:30 af Magnúsi Magnússyni. Var yfirheyrslunni lokið klukkan 10:25, en rannsóknargögn liggja ekki fyrir. Á sama tíma var bókað að Örn hafi hringt og sagst hafa gefið Jóni Bjarman fangelsispresti leyfi til að ræða einslega við Magnús Leópoldsson í tíu mínútur 19. febrúar næstkomandi klukkan 13:00. Hafi Örn svo rætt stuttlega við Magnús Magnússon. Klukkan 10:40 var bókað í dagbókina að Magnús hafi farið inn á klefa til Einars. Hafi hann lokið viðtali við Einar klukkan 11:45. Rannsóknargögn um viðtalið liggja ekki fyrir. Klukkan 11:55 var bókuð koma Jóns Zoëga, réttargæslumanns Valdimars, með goskassa og súkkulaði handa skjólstæðingi sínum. Á sama tíma var fært til bókar að Einar hafi ekki borðað og borið við lystarleysi. Bókað var í dagbókina að Sigurbjörn Víðir hafi tekið Einar til yfirheyrslu klukkan 13:00.³⁷⁴ Þá var bókað að Eggert hafi tekið við af Sigurbirni Víði

³⁷¹ Dagbók nr. 4, bls. 48b.

³⁷² Bls. 411.

³⁷³ Bls. 413.

³⁷⁴ Dagbók nr. 4, bls. 49b.

klukkan 14:15 og yfirheyrslunni lokið klukkan 15:30. Rannsóknargögn um yfirheyrsluna liggja ekki fyrir. Klukkan 15:45 þennan dag var svo bókað að Sigurbjörn Víðir hafi hringt í Eggert og tilkynnt honum um að Sævar hafi lýst því yfir að hann vildi gefa skýrslu um eitthvað nýtt í málinu. Var þess getið að Eggert ætlaði að líta við. Klukkan 18:25 var bókað að Eggert hafi komið og ekki viljað tala við Sævar.³⁷⁵

189. Meðal rannsóknargagna er skýrsla dagsett sama dag, 17. febrúar 1976, um yfirheyrslu [GuA] hjá lögreglu. Tilefni yfirheyrslunnar var hvarf Geirfinns. Kvaðst [GuA] ekki hafa neinu við að bæta við framburð sinn frá 23. október 1975. Tilurð þessa sögutílbúnings hafi verið reiði hans út í [GrB]. Með þessu hafi hann á einhvern hátt ætlað að ná sér niður á henni. Kvaðst [GuA] alfarið hafa byggt frásögn sína upp á þeim sögusögnum sem á þeim tíma hafi áður gengið manna á milli um hvarf Geirfinns. Kvaðst hann ekkert þekkja til Sigurbjörns Eiríkssonar að öðru leyti en því að þeir hafi legið saman á farsóttarsjúkrahúsinu fyrir mörgum árum og því heilsist þeir. Aðspurður kvaðst [GuA] aldrei hafa fengið peningagreiðslur frá Sigurbirni eða Magnúsi eða nokkrum í Klúbbnum. Bókað var eftir [GuA] að það sem haft hafi verið eftir honum um staðsetningar við höfnina í Keflavík hafi verið algjörlega út í bláinn.³⁷⁶ Í rannsóknardagbók Eggerts og Sigurbjörns Víðis þennan dag var bókað að ekkert nýtt hafi komið fram í yfirheyrslu yfir [GuA].³⁷⁷
190. Þá var fært til bókar í rannsóknardagbókina þennan dag að rætt hafi verið við [EÓ]. Hafi hann greint frá því að hafa hitt Erlu og Sævar í janúarbyrjun 1975 í afmælisveislu íslenskrar stúlku Kaupmannahöfn. Kvaðst hann hafa haft orð á því við Erlu að um þau Sævar væri talað í sambandi við póstsvikamálið. Hafi Erlu orðið við þær fréttir. Þá kvaðst [EÓ] muna að rætt hafi verið um Geirfinnsmálið og þar sem hann hafi verið nýkominn frá Íslandi hafi hann verið spurður nýjustu fréttu. Hafi hann þá aðeins sagt þær kjaftasögur sem hann hefði heyrt um málið og svo það sem hafði komið fram í fjölmiðlum á þeim tíma.³⁷⁸ Í rannsóknardagbókina var bókað að tilkynning hafi borist um beinafund í gjótu að skammt sunnan við Hafnarfjörð. Hafi Gunnar Guðmundsson yfirfangavörður fundið þessi bein. Í ljós hafi komið að um skepnubein hafi verið að ræða.³⁷⁹ Þá var þess getið að Örn hafi fengið þær upplýsingar að Sigurbjörn Eiríksson ætti eða hefði átt bát saman með [JP]. Hugsanlegt væri að fá upplýsingar um þann mann sem hafi unnið við að mála bátinn fyrir þá. Loks var bókað um ábendingu til lögreglu um bátseiganda sem leitað hafi verið til með áfengisflutning.³⁸⁰
191. Bókað var í dagbók fangelsisins við Síðumúla 18. febrúar 1976 að Eggert hafi farið inn á klefa til Sævars klukkan 11:00. Tuttugu mínútum síðar var bókað að viðtalinu hafi lokið. Rannsóknargögn liggja ekki fyrir um vitjunina. Klukkan 13:45 hafi móðir Sævars komið með og tekið til baka föt af honum. Tíu mínútum síðar var bókað í dagbókina að hringt hafi verið í Örn vegna fyrirspurnar þriggja manna um viðtöl við

³⁷⁵ Dagbók nr. 4, bls. 50.

³⁷⁶ Bls. 414.

³⁷⁷ Bls. 946.

³⁷⁸ Bls. 946.

³⁷⁹ Bls. 988.

³⁸⁰ Bls. 947.

réttargæslumenn sína. Klukkan 14:00 þennan dag var bókað að [JB] tengdamóðir Einars hafi hringt og beðið fyrir kveðju til hans. Tíu mínútum síðar var bókað í fangelsisdagbókina að Eggert hafi hringt og beðið um að Magnús Leópoldsson yrði hafður til fyrir flutning í sakadóm vegna sakbendingar. Var þess getið í bókuninni að Magnús hafi góðfúslega orðið við þeim tilmælum að raka sig. Klukkan 15:45 var bókað að Eggert og Sigurbjörn Víðir hafi komið til baka með Magnús.³⁸¹ Meðal rannsóknargagna er skýrsla um sakbendinguna. Þar segir að fengnir hafi verið sex óviðkomandi menn og hafi Magnús verið settur á milli þeirra. [GKJ], afgreiðslustúlka úr Hafnarbúðinni og [ÁEG] sem hafi verið þar stödd 19. nóvember 1974 hafi verið fengnar til að koma. Hafi verið farið með þær inn í herbergi og hurðinni á milli lokað en í henni hafi verið spegill sem sést hafi í gegnum innanfrá, en ekki að utan. Hafi mennirnir síðan gengið inn og raðað sér upp með andlit að speglinum. Hafi þeir síðan verið látnir ganga í röð að speglinum og staldra þar við nokkra stund. Bókað var í skýrsluna að [GKJ] hafi verið fyrst látin skoða mennina, en [ÁEG] höfð inni í myrkrherbergi á meðan og síðan hafi þær skipst á. Gætt hafi verið að því að þær gætu ekki haft áhrif hvor á aðra. Viðstaddir hafi verið skýrsluritariinn, Njörður Snæhólm og Haraldur Árnason lögreglumenn og svo réttargæslumaður Magnúsar, Hafsteinn Baldvinsson. Bókað var að [GKJ] hafi sagt manninn í grænu úlpunni hafa verið líkastan þeim sem hafi komið inn í Hafnarbúðina og var það Magnús Leópoldsson. Aftur á móti hafi [ÁEG] sagt manninn í rauða jakkanum hafa verið líkastan umræddum manni. Var sá nemandi í lögregluskólanum. Í lok skýrslunnar var bókað um að tekin hafi verið skýrsla af stúlkunum án þess þó að þær hafi talast við í millitíðinni eða vissu hvað hvor um sig hefði sagt. Skýrsluritari tók fram að hann hafi aldrei sagt þeim hver mannanna væri Magnús Leópoldsson.³⁸² Meðal rannsóknargagna er skýrsla um yfirheyrslurnar. Lýsti [GKJ] því svo að henni hafi fundist maðurinn sem hafi verið í grænu úlpunni voðalega líkur manni þeim sem hafi komið í Hafnarbúðina og fengið að hringja umrætt kvöld. Kvaðst [GKJ] þó alls ekki geta fullyrt að um sama mann væri að ræða þar sem svo langt væri um liðið. Kvað hún manninn þó sláandi líkan þeim sem hafi komið í Hafnarbúðina. Hæðin á þeim væri sams konar og hárgreiðslan svipuð.³⁸³ [GKJ] greindi frá því að hafa farið síðastliðið sumar í verslun við Skólavörðustíg ásamt kunningjakonu sinni. Þar inni hafi verið maður og kona. Kvað [GKJ] kunningjakonu sína látið sig vita af því að maðurinn inni í versluninni hafi horft mikið á hana. Kvaðst hún þá hafa litið á manninn og kannast við hann en þá hafi hann flýtt sér út ásamt konunni. Hafi maðurinn litið á númeraplötuna á bíl hennar þegar hann hafi farið fram hjá. Kvaðst [GKJ] ekki hafa hugsað meira um þetta fyrr en um kvöldið, þá hafi henni endilega fundist eins og maðurinn hafi verið sá sami og hafi komið í Hafnarbúðina í umrætt skipti. Lýsti hún því yfir að sér fyndist sem það hafi verið sami maður og hún hafi séð í grænu úlpunni.³⁸⁴ Þá var bókað í skýrsluna að [ÁEG] hafi skýrt svo frá að henni hafi fundist maðurinn í rauða jakkanum líkastur þeim sem hafi komið í Hafnarbúðina og fengið að hringja. Kvaðst

³⁸¹ Dagbók nr. 4, bls. 50b.

³⁸² Bls. 417.

³⁸³ Bls. 418.

³⁸⁴ Bls. 419.

hún þó ekki geta fullyrt um að hann væri sá maður. Hafi [ÁEG] sagt [GKJ] hafa verið í betri aðstöðu til að sjá manninn í Hafnarbúðinni því hann hafi farið upp að henni og hún talað við hann.³⁸⁵

192. Í dagbók fangelsisins var bókað að um klukkan 15:45 þennan dag, 18. febrúar 1976, hafi Hafsteinn Baldvinsson, réttargæslumaður Magnúsar, fengið viðtal við skjólstæðing sinn undir eftirliti í hálf tíma.³⁸⁶ Bókað var í fangelsisdagbókina að klukkan 16:45 hafi Eggert komið vegna væntanlegs viðtals Sigurbjörns Eiríkssonar við réttargæslumann sinn. Var þess getið í bókun að Örn hefði heimilað þessi tvö viðtöl. Klukkan 17:15 var bókað um viðtal Sigurbjörns við Inga Ingimundarson, réttargæslumann, í áheyrn Sigurbjörns Víðis og Magnúsar Magnússonar. Á sama tíma hafi Eggert farið inn á klefa Sævars. Rannsóknargögn um vitjunina liggja ekki fyrir. Klukkan 17:40, var bókað í dagbókina að viðtalinu hafi lokið. Um sama leyti var fært til bókar að Örn hafi komið og lesið yfir nokkur bréf sem hafi borist til fanga. Klukkan 17:50 hafi verið hringt í Hilmar Ingimundarson, réttargæslumann Tryggva Rúnars, að beiðni Tryggva og ákveðinn viðtalstími í samráði við Örn. Hafi Guðsteinn læknir hringt klukkan 18:10 og sagt það henta sér betur að koma daginn eftir, en vegna verkfalls yrði hann að spara bensín. Klukkan 18:35 var fært til bókar að Einar hafi ekki borðað allan daginn, aðeins drukkíð te. Um kvöldið var bókað að Hafsteinn Baldvinsson, réttargæslumaður Magnúsar, hafi komið með Tropicana ávaxtasafa og nærföt til skjólstæðings síns.³⁸⁷
193. Skýrslur um yfirheyrslur lögreglu yfir liðsmönnum kórfuknattleiksdeildar KR liggja fyrir meðal rannsóknargagna. Þennan dag, 18. febrúar 1976, voru [KHP] og [JOVÓ] yfirheyrðir. Fram kom að Einar hafi verið þjálfari liðsins og æfingar liðsins hafi verið á mánudögum, miðvikudögum og fimmtudögum. Bar vitnunum saman um að Einar hafi unnið mikið að undirbúningi fyrir Evrópukeppni til Austurríkis, en haldið hafi verið utan 22. nóvember 1974. Greindu þeir báðir frá því að liðsmennirnir hefðu hist í KR heimilinu vegna fjáröflunar. Kvaðst [KHP] ekki hafa verið á staðnum en hafi það eftir öðrum liðsmönnum að þeir hafi hist og Einar með þeim. Hafi þeir farið utan snemma á föstudagsmorgun og því væri hann nokkuð viss um að fimmtudagsæfingin hafi verið felld niður. Vitnið [JOVÓ] kvaðst muna eftir því að þeir strákarnir hafi hist í KR heimilinu útaf fjáröfluninni. Kvað [JOVÓ] ekki annað kvöld koma til greina umrædda viku en þriðjudagskvöldið 19. nóvember 1974 þar sem æfingar hafi verið mánudags-, miðvikudags- og fimmtudagskvöld. Kvaðst hann þó ekki þora að fullyrða um dagsetninguna. [JOVÓ] greindi frá því að Einar hafi ekið sér heim umrætt kvöld. Báðir voru þeir spurðir út í smyglað áfengi í fórum Einars. Greindu þeir báðir frá því að hafa keypt af honum vodka eða að hafa ætlað að gera það.³⁸⁸
194. Bókað var í rannsóknardagbók Eggerts og Sigurbjörns Víðis að við skýrslutökur yfir [JOVÓ] og [KHP] hafi komið fram að þeir teldu að fánasala til fjáröflunar fyrir

³⁸⁵ Bls. 419.

³⁸⁶ Dagbók nr. 4, bls. 50b.

³⁸⁷ Dagbók nr. 4, bls. 51.

³⁸⁸ Bls. 415–416.

körfuknattleiksdeildina hafi farið fram að kvöldi 19. nóvember 1974.³⁸⁹ Þá var þess getið í rannsóknardagbókinni að [EBS] hafi keypt fána þetta umrædda kvöld og greitt fyrir hann með tékka. Bókað var að [EBS] hafi haft uppi á tékkanum og hafi dagsetningin á honum verið 18. nóvember 1974 og greiðslustimpill í banka 19. nóvember 1974. Var því bókað að útilokað væri að sá tékki hafi verið notaður til greiðslu á fána að kvöldi 19. nóvember 1974, og því líklegra að það hafi verið daginn áður.³⁹⁰ Þá var bókað í rannsóknardagbókina að Njörður Snæhólm væri að kanna til hlítar hvernig ferðum Mb Drafnar BA 10 hafi verið háttað, en skipið hafi farist 11. desember 1974 við Garðskaga.³⁹¹

195. Fimmtudaginn 19. febrúar 1976 var bókað í dagbók fangelsisins að klukkan 13:00 hafi Jón Bjarman komið til viðtals við Magnús Leóoldsson. Hafi þeir talast einslega við í tíu mínútur eins og leyfið frá Erni hafi hljóðað upp á. Hálf tíma síðar var bókað að Guðsteinn læknir hafi komið og skoðað Einar. Hafi hann breytt um lyf hjá honum, Sævari og Tryggva. Hafi hann tekið með sér sýni frá Magnúsi. Í beinu framhaldi af læknisskoðun var Einar tekinn til yfirheyrslu klukkan 13:50.³⁹² Þá var bókað í dagbók fangelsisins að Ingvar Björnsson, réttargæslumaður Einars, hafi komið klukkan 14:40 og verið viðstaddur yfirheyrslu hans. Klukkan 15:15 var bókað að yfirheyrslu yfir Einar væri lokið. Rannsóknargögn um yfirheyrsluna liggja ekki fyrir önnur en færsla í rannsóknardagbók Eggerts og Sigurbjörns Víðis. Þar var bókað að Einari hafi verið greint í aðalatriðum frá því sem fram væri komið í athugunum á hugsanlegri fjarvistasönnun hans. Við athugun á tékka sem [EBS] hafi greitt með við fjáröflunina hafi verið leitt í ljós að fánasalan gæti ekki hafa farið fram 19. nóvember 1974. Þá hafi Einari verið bent á að ekki væri hægt að færa neinar ótvíræðar sönnur á hvar hann hefði verið á þessum tíma, í það minnsta ekki að svo stöddu. Þá var bókað í rannsóknardagbókina að Einar hafi rætt við réttargæslumann sinn um fjármál sín sem stæðu ekki sem best. Þá hafi réttargæslumaðurinn borið honum kveðju frá eiginkonu hans. Annað hafi ekki farið þeirra á milli.³⁹³
196. Í fangelsisdagbókina var bókað klukkan 15:40 að [JB], tengdamóðir Einars, hafi hringt og beðið fyrir kveðju til hans. Klukkan 16:45 var Magnús færður til yfirheyrslu.³⁹⁴ Þá var bókað klukkan 19:15 að gert hafi verið hlé á yfirheyrslunni yfir Magnúsi og henni framhaldið klukkan 19:35. Um klukkan 20:00 var bókað að Einar hafi ekkert matast í dag, eingöngu drukkið djús, te og borðað kökur. Þá var bókað í fangelsisdagbókina að Magnús hafi verið færður á klefa klukkan 21:45 að lokinni yfirheyrslu. Hafði hún þá staðið yfir í tæpar fimm klukkustundir, en rannsóknargögn um hana liggja ekki fyrir önnur en færsla í rannsóknardagbók Eggerts og Sigurbjörns Víðis. Bókað var að lítið sérstakt hafi komið fram í löngu samtali þeirra við Magnús. Hann hafi aðallega rætt um sín fjármál og fjármál Klúbbsins. Hafi Magnús upplýst um að Valdimar væri mjög sínkur á fé og almennt talinn leiðinlegur. Hann kvað samband sitt við Valdimar ekki

³⁸⁹ Bls. 948.

³⁹⁰ Bls. 948.

³⁹¹ Bls. 991.

³⁹² Dagbók nr. 4, bls. 52.

³⁹³ Bls. 951.

³⁹⁴ Dagbók nr. 4, bls. 52.

- vera náíð þó þeir væru kunningjar.³⁹⁵ Klukkan 22:30 var bókað að Sævar hafi neitað að taka lyfin sín. Hafi hann sagst vera með hita og vilja fá lækni.³⁹⁶
197. Þennan sama dag, 19. febrúar 1976, var kunningi Geirfinns, [EHH] yfirheyrður. Skýrsla um yfirheyrsluna er meðal rannsóknargagna. Þar kom fram að [EHH] teldi sig þekkja Geirfinn mjög lítið en þeir hafi verið fyrir tilviljun með fjölskyldur sínar á ferðalagi á Sauðárkróki á sama tíma og farið í veiðiferð saman með börnin. Kvaðst [EHH] ekki hafa rætt mikið við Geirfinn og fundist hann vera mjög rólegur og dulur og talað ákaflega lítið nema það sem hann hafi beinlínis verið spurður um.³⁹⁷
198. Þá var yfirheyrður [GuðJ], stjórnarformaður Lækjarmóts h/f. og liggur skýrsla um yfirheyrsluna meðal rannsóknargagna. Hafi [GuðJ] upplýst að ásamt honum væru í stjórn hlutafélagsins, Magnús Leópoldsson, [HaL], [BV] eiginkona Magnúsar og [MAM]. Væri tilgangur félagsins að sjá um veitingarekstur hússins að Borgartúni 32. Aðspurður kvaðst [GuðJ] hafa heyrt um hlutafélagið Bæ, en gæti ekkert tjáð sig um það félag þar sem hann vissi ekki nánari deili á því. Fram kom að [GuðJ] hafi verið spurður út í útgefna tékka með stimpli merktum Borgartúni 32 og hafi hann þá sagst ekkert vita um það mál en teldi það félag á vegum Sigurbjörns Eiríkssonar.³⁹⁸ Kvaðst [GuðJ] ekki vita annað en að allt það vín sem keypt hafi verið inn til veitingarekstrarins hafi komið eftir löglegum leiðum.³⁹⁹
199. Meðal rannsóknargagna er skýrsla um yfirheyrslu yfir [SSH], dagsett sama dag. Tilefni yfirheyrslunnar var framburður Sævars um að hann hafi boðið [SSH] smyglað áfengi eða spíra til kaups. Kvaðst [SSH] hafa þekkt Sævar þar sem hann hafi umgengist syni hans og komið nokkuð oft á heimili þeirra. Kvaðst hann ekki muna til þess að Sævar hafi boðið sér smygl til kaups, en sagði víst að hann hafi ekki keypt neitt áfengi af Sævari.⁴⁰⁰
200. Þá liggur meðal rannsóknargagna skýrsla dagsett sama dag, 19. febrúar 1974, um yfirheyrslu yfir [InJS]. Var tilefni yfirheyrslunnar að við athugun á tékkahefti Geirfinns hafi fundist tékki útgefinn til handhafa að fjárhæð 2.200 krónur og nafn [InJS] ritað sem nafn framseljanda tékkans. Var [InJS] með réttarstöðu sakbornings við yfirheyrsluna. Kvaðst hann ekki geta gert sér aðra grein fyrir tilkomu tékkans en að hann hafi selt einhverjum spíraflösku sem hafi verið að útvega hana fyrir Geirfinn og Geirfinnur greitt með tékkanum. Hafi hann selt flöskuna á 2.200 krónur. Taldi hann líklegast að viðskiptin hafi farið fram í gegnum [SnAd] eða [SSE], bróður Geirfinns. Kvaðst hann hafa gefið skýrslu um þetta sama efni í janúar 1975, en hann hafi verið handtekinn þá vegna smyglmálsins.⁴⁰¹ Í kjölfar yfirheyrslunnar var [SSE] bróðir Geirfinns kallaður til yfirheyrslu með réttarstöðu vitnis. Meðal rannsóknargagna er skýrsla um yfirheyrsluna. Kvaðst [SSE] kannast við [InJS] en kona sín og systir hans

³⁹⁵ Bls. 953.

³⁹⁶ Dagbók nr. 4, bls. 52b.

³⁹⁷ Bls. 420.

³⁹⁸ Bls. 421.

³⁹⁹ Bls. 422.

⁴⁰⁰ Bls. 423.

⁴⁰¹ Bls. 425.

væru miklar vinkonur. Kvaðst hann muna eftir því að Geirfinnur hafi komið í heimsókn til sín skömmu áður en hann hvarf og hafi það þá borist í tal að Geirfinni vantaði áfengi. Kvaðst [SSE] hafa farið með Geirfinni að heimili [InJS] til að kaupa flösku. Hafi Geirfinnur beðið í bílnum á meðan [SSE] hafi greitt fyrir flöskuna með tékka frá Geirfinni. Kvaðst hann þess fullviss að það væri sá tékki sem lögreglan hafði haft til athugunar.⁴⁰²

201. Í rannsóknardagbók Eggerts og Sigurbjörns Víðis þennan dag var bókað samtal við [KÓ] sem ábending hafði borist lögreglu um að hafi fengið fyrirspurn um að sækja smygl út á sjó. Kvaðst hann algjörlega neita því að hafa orðið við þessari beiðni.⁴⁰³
202. Föstudaginn 20. febrúar 1976 var bókað í dagbók Síðumúlafangelsisins að Jón Ólafsson, réttargæslumaður Sigurbjörns, hafi hringt og sagst verða að ná tali af skjólstæðingi sínum. Bókað var að beiðninni hafi verið vísað til Arnar. Klukkan 11:35 var bókað að Hilmar Ingimundarson hafi komið og hafi Tryggvi Rúnar verið færður til viðtals við hann í áheyrn Sigurbjörns Víðis til klukkan 12:05. Klukkan 13:00 var fært til bókar að Hafsteinn Baldvinsson, réttargæslumaður Magnúsar, hafi komið og hafi Magnús þá verið sóttur til viðtals við hann í áheyrn Sigurbjörns Víðis. Bókað var í dagbókina klukkan 15:30 að Sigurbjörn hafi verið færður til viðtals við Jón Ólafsson lögmann í áheyrn Sigurbjörns Víðis til klukkan 15:50.⁴⁰⁴ Bókað var í rannsóknardagbók Eggerts og Sigurbjörns Víðis að í viðtalinu hafi komið fram að Sigurbjörn væri með víxla í Alþýðubankanum, samtals að fjárhæð 10.000.000 króna sem væru ýmist gjaldfallnir eða um það bil að falla í gjalddaga.⁴⁰⁵ Klukkan 16:47 var bókað í dagbók fangelsisins að Sigurbjörn hafi verið færður til skýrslutöku. Hafi skýrslutökunni lokið klukkan 17:30 en rannsóknargögn liggja ekki fyrir um skýrslutökuna. Klukkan 18:55 var bókað í fangelsisdagbókina að Magnús hafi verið færður til viðtals við Hafstein Baldvinsson, réttargæslumann. Hafi viðtalinu lokið klukkan 19:35. Á sama tíma var þess getið að Einar hafi ekki borðað matinn sinn í dag, en drukkíð djús, te og borðað eitthvað af kökum.⁴⁰⁶
203. Meðal rannsóknargagna er yfirlit um rannsóknarstörf á vegum sakadóms Reykjavíkur á tímabilinu 28. janúar til 20. febrúar 1976. Í yfirlitinu voru tilgreind sex verkefni og niðurstöður athugana bókaðar undir hverjum lið. Fyrsta verkefnið hafi verið að kanna flutning Erlu Bolladóttur frá Keflavík til Hafnarfjarðar að morgni 20. nóvember 1974. Annars vegar hafi Erla sagt svo frá að hún hafi fengið far í eldri gerð af Moskvitch bifreið að Grindavíkurfleggjara. Bókað var að rætt hafi verið við nokkra menn en þrátt fyrir fyrirspurnir og eftirgrennslan vegna þessa hafi ekkert komið í ljós um hvaða maður kynni að hafa verið þarna á ferð. Þá hafi Erla greint frá því að hafa fengið far með stórum grjóftlutningatrúkki frá Grindavíkurfleggjara og að Hvaleyrarholti í Hafnarfirði. Gerðar hafi verið fjölmargar athuganir vegna þessa og rætt við marga menn en enginn þeirra hafi kannast við að hafa verið á ferðinni á umræddum stað og

⁴⁰² Bls. 426.

⁴⁰³ Bls. 950.

⁴⁰⁴ Dagbók nr. 4, bls. 53.

⁴⁰⁵ Bls. 955.

⁴⁰⁶ Dagbók nr. 4, bls. 53b.

tekið farþega upp í bifreið sína.⁴⁰⁷ Var bókað að árangurinn af framangreindum athugunum hafi verið enginn. Annað verkefnið á yfirlitinu var athugun á smábátum af stærðinni sex til tólf tonn á Suðurnesjasvæðinu. Um væri að ræða dekkadan bát, mjög ljósleit, líklega með lúkarstappann fyrir miðju. Stjórnborðsmegin hafi verið einhvers konar hitunartæki með gulum kósangaskút í lúkar. Talið væri að tvær kojur hafi verið í lúkar og borð bakborðsmegin aftan til. Á dekki bátsins væri talið að hafi verið einhvers konar stytur fyrir stúborð. Þá væri talið hugsanlegt að nafn bátsins hafi verið Máni og hafi það staðið á stýrishúsinu sem hafi rúmað tvo menn. Bókað var að gerð hafi verið skrá um báta á svæðinu, sem þó væri ekki tæmandi þar sem einhverjir bátar kynnu að hafa verið fluttir burtu eða að um hafi verið að ræða aðkomubát. Þriðja verkefnið í yfirliti um rannsóknarstörf hafi verið að afla upplýsinga um tékkaviðskipti Geirfinns Einarssonar við Verzlunarbanka Íslands. Bókað var að það hafi verið gert og væru tékkarnir til athugunar.⁴⁰⁸ Fjórdða verkefnið hafi verið að kanna frásögn Erlu Bolladóttur um að hún hafi dvalist að næturlagi í rauðu húsi í Keflavík aðfaranótt 20. nóvember 1974 á meðan félagar hennar hafi farið til sjós. Bókað var að 3. febrúar 1976 hafi húsið að Duusgötu 5, Rauða myllan, verið athugað. Húsið hafi staðið autt og neglt fyrir alla glugga. Hægt væri að ganga á tvo vegu inn í húsið, að vestanverðu væri inngangur upp á efri hæð en gengið væri inn á neðri hæð að austanverðu. Á neðri hæðinni hafi verið spýtnarusl, veiðarfæri og fleira. Bókað var að varla væri um annað húsnæði að ræða á svæðinu. Sama dag hafi Eggert og félagar komið ásamt Erlu og gert athugun á húsinu. Í yfirlitinu var tekið fram að líklega væri um rétt hús að ræða. Fimmta verkefnið sem tilgreint var í yfirlitinu var athugun á því hver [SSM] væri. Við eftirgrennslan hafi komið í ljós að maðurinn væri þjónn á Hótel Borg. Sjötta verkefnið hafi verið að kanna upplýsingar um torkennileg merki um uppgröft við verslunina Esju á Kjalarnesi. Föstudaginn 30. janúar 1976 hafi verið gerð athugun á þessu ásamt eiganda verslunarinnar en snjór hafi verið yfir öllu. Bókað var að heimild hafi verið fengin hjá eiganda verslunarinnar að grafa eftir þörfum síðar.⁴⁰⁹

204. Meðal rannsóknargagna er skýrsla dagsett sama dag, 20. febrúar 1976, um ferðir bátsins Hafrúnar BA-10.⁴¹⁰
205. Í rannsóknardagbók Eggerts og Sigurbjörns Víðis þennan sama dag var bókað um upplýsingar frá Gísla Pálssyni um lántöku Einars Bollasonar hjá föðurbróður sínum sem væri við það að falla í gjalddaga. Kviknað hafi í húsnæði Klúbbsins á dögnum og hafi Gísli greint frá því að bruninn hefði átt upptök sín í kjallaranum upp við lyftugang sem væri klæddur spónaplötum. Hafi hann sagt þetta eina staðinn í húsinu þar sem eldur hafi getað borist upp á allar hæðir og alla leið upp í þak. Þá var bókað í rannsóknardagbókina að Magnús Magnússon hafi yfirheyrt [HA] um tékkaviðskipti sem Sigurbjörn og [HA] hafi átt í.⁴¹¹ Jafnframt var bókað að Eggert hafi haft samband

⁴⁰⁷ Bls. 427–429.

⁴⁰⁸ Bls. 429.

⁴⁰⁹ Bls. 430.

⁴¹⁰ Bls. 431–433.

⁴¹¹ Bls. 954–955.

við skrifstofu Hafskipa og óskað eftir áhafnalistum og skipaáætlunum þess félags fyrir sumarið 1974.⁴¹²

206. Laugardaginn 21. febrúar 1976 var fært til bókar í dagbók Síðumúlafangelsisins að klukkan 11:00 hafi Magnús verið tekinn til yfirheyrslu af Eggerti. Hafi yfirheyrslunni lokið klukkan 12:10. Rannsóknargögn um yfirheyrsluna liggja ekki fyrir önnur en færsla í rannsóknardagbók Eggerts og Sigurbjörns Víðis. Þar var bókað að ekkert sérstakt hafi komið út úr yfirheyrslunni og hafi Sigurbjörn Víðir verið viðstaddur að mestu leyti. Um klukkan 13:45 þennan dag var bókað í dagbók fangelsisins að Jón Zoëga, réttargæslumaður Valdimars, hafi komið til að tala við Sigurbjörn Víði og síðan Valdimar. Hafi Jón fært Valdimar súkkulaði. Bókað var að Valdimar hafi verið færður aftur á klefa klukkan 14:08. Um sama leyti færði færsluritari það til bókar að hann hafi afhent Einari bréf frá eiginkonu sinni með leyfi frá Erni. Var þess getið að Einar mætti ekki svara bréfinu. Klukkan 15:20 var bókað að Magnús hafi verið færður til yfirheyrslu til Sigurbjörns Víðis. Bókað var klukkan 17:15 að yfirheyrslu yfir Magnúsi hafi lokið.⁴¹³ Rannsóknargögn um yfirheyrsluna liggja ekki fyrir önnur en færsla í rannsóknardagbók en þar segir að Magnús hafi sagst lítið sem ekkert þekkja Einar Bollason, en vissi þó hver hann væri. Bókað var að Magnús hafi sagst tvisvar sinnum hafa komið inn í Gjafabúðina á Skólavörðustíg. Var þess getið að Sigurbjörn Víðir hafi spurt Magnús vegna framburðar [GKJ], starfsstúlku í Hafnarbúðinni, um að hún teldi sig hafa séð manninn úr Hafnarbúðinni í þeirri verslun. Kvaðst Magnús hafa í annað skiptið hafa komið inn í verslunina með konu sinni og börnum og hafi afgreiðslufólkið verið með skotthúfur og sérkennilega klætt. Í seinna skiptið hafi hann verið einn á ferð og sótt vörur fyrir systur sína. Hafi verið komið nálægt lokunartíma verslunarinnar og hann því stoppað stutt við. Bókað var að Magnús hafi ekki kannast við það að hafa veitt nokkurri manneskju sérstaka athygli í versluninni, hvað þá að hafa skoðað skrásetningarnúmer bifreiðar sem þar hafi staðið fyrir utan. Þá var bókað í rannsóknardagbókina að Magnús hafi verið spurður um kunningja [JR] annars vegar og hins vegar Valdimars Olsen. Voru nöfn þeirra og staða bókuð í rannsóknardagbókina. Þá var þess getið að Jón Zoëga, réttargæslumaður Valdimars, hafi tjáð Sigurbirni Víði að stúlka sem starfaði fyrir hann væri mikið kunnug [ÁHE] og konu hans. Hefði hún tjáð sér að [ÁHE] hafi orðið mjög miður sín og haft uppköst í tíu daga eftir að fram kom að rannsókn á Geirfinnsmálinu hafi verið tekin upp aftur. Þá hafi verið birt aðsend grein í Dagblaðinu þar sem rannsókn málsins hafi verið gagnrýnd og fullyrt að vitnisburður sá sem gæsluvarðhaldsúrskurður yfir fjórmeningunum væri reistur á væri frá glæpamönnum. Hafi stúlkan greint Jóni frá því að ýmislegt bendi til þess að [ÁHE] væri höfundur greinarinnar, en hann hafi greint henni efnislega frá henni áður en hún hafi birst í Dagblaðinu. Undir greinina hafi verið ritaðir stafirnir A.P.E., en upphafsstafir [ÁHE] væru aftur á móti Á.H.E.⁴¹⁴
207. Mánudaginn 23. febrúar 1976 var fært til bókar í dagbók fangelsisins að Eggert hafi hringt klukkan 09:40 og tjáð færsluritari að ef lögfræðingar þyrftu að tala við

⁴¹² Bls. 992.

⁴¹³ Dagbók nr. 4, bls. 54.

⁴¹⁴ Bls. 959–960.

skjólstaðinga sína yrðu þeir að gera það á þriðjudögum og föstudögum á milli klukkan 18:00 og 19:00. Ef brýna nauðsyn bæri til yrðu þeir að hafa samband við lögreglumann eða fulltrúa sem með málin hafi að gera.⁴¹⁵ Klukkan 10:45 var bókað að Sigurbjörn Víðir og Magnús hafi tekið Valdimar til yfirheyrslu. Klukkan 11:55 var bókað í dagbókina að Valdimar hafi verið færður á klefa sinn.⁴¹⁶ Meðal rannsóknargagna er skýrsla um yfirheyrsluna. Reifaði Valdimar náms- og starfsferil sinn allt frá árinu 1969 er hann lauk stúdentsprófi frá Verslunarskóla Íslands.⁴¹⁷ Kvaðst hann hafa séð um innkaup á áfengi fyrir Hótel Valhöll á Þingvöllum. Hafi honum ekki verið kunnugt um að annað vín hafi borist til hótelsins en það sem hafði komið frá ÁTVR.⁴¹⁸

208. Klukkan 15:15 þennan dag var bókað í fangelsisdagbókina að Magnús Leópoldsson hafi verið tekin til yfirheyrslu af Sigurbirni Víði. Klukkan 17:30 var fært til bókar í fangelsisdagbókina að Magnús hafi verið færður á klefa.⁴¹⁹ Skýrsla um yfirheyrsluna liggur meðal rannsóknargagna. Í upphafi er bókað að Magnús vilji tjá sig um þau skipti sem hann hafi keypt smyglað áfengi og um önnur tilvik þar sem hugsanlega hafi verið um smyglað áfengi að ræða.⁴²⁰ Greindi hann frá fjórum tilvikum en lét þess getið í lok yfirheyrslunnar að það vín sem hann hafi keypt hafi eingöngu verið til eigin nota en hafi hvergi komið nálægt veitingarekstrinum sem hann hefði með höndum.⁴²¹
209. Þennan sama dag, 23. febrúar 1976, var bókað í dagbók Síðumúlafangelsisins klukkan 17:40 að Sigurbjörn Víðir væri farinn en kæmi aftur í kvöld til að ræða við nafna sinn. Klukkan 17:55 var bókað um komu [GSbj], dóttur Sigurbjörns, með fatasendingu handa föður sínum.⁴²² Þá var bókað að milli klukkan 22:10 og 23:00 hafi Sigurbjörn Víðir tekið Sigurbjörn Eiríksson til yfirheyrslu. Rannsóknargögn um yfirheyrsluna liggja ekki fyrir önnur en færsla í rannsóknardagbók en þar var bókað að yfirheyrslan hafi verið um fjármál. Hafi yfirheyrslan farið fram að undirlagi Arnar svo Sigurbjörn Víðir gæti borið upplýsingar til lögmanna Sigurbjörns Eiríkssonar, svo þeir þyrftu ekki alltaf að vera að tala um þessa hluti.⁴²³
210. Meðal rannsóknargagna liggur skýrsla dagsett sama dag um athugun á eigendasögu bifreiða og umskráningar á bifreiðunum á önnur skráningarnúmer.⁴²⁴ Þá liggur jafnframt fyrir skýrsla Hauks Guðmundssonar lögreglumanns um ýmsar upplýsingar og ábendingar. Kom þar fram að heyrst hafi á tal tveggja kvenna fyrir stuttu um að fyrir um ári síðan hafi sést til Magnúsar Leópoldssonar bera brúsa úr húsi [RH], yfirþjóns úr Klúbbnum, inn í sendibifreið. Þá var bókað um ábendingu frá [U.J.] um að [GrB] kynni að geta gefið upplýsingar. Þá var haft eftir [GuðJ] rafvirkja, að miklir fjármunir hafi komið inn vegna reksturs Klúbbsins en engu mætti eyða í reksturinn eða

⁴¹⁵ Dagbók nr. 4, bls. 54b–55.

⁴¹⁶ Dagbók nr. 4, bls. 55.

⁴¹⁷ Bls. 434.

⁴¹⁸ Bls. 435.

⁴¹⁹ Dagbók nr. 4, bls. 55.

⁴²⁰ Bls. 436.

⁴²¹ Bls. 437.

⁴²² Dagbók nr. 4, bls. 55.

⁴²³ Bls. 995.

⁴²⁴ Bls. 438–439.

lagfæringar nema brýna nauðsyn bæri til. Hafi [GuðJ] ekki skilið hvað yrði um alla þessa fjármuni og væri því nauðsyn að rannsaka fjárreiður Klúbbsins. Þá var bókað í skýrsluna að [GuðJ] hafi jafnframt upplýst um heimsókn manns á sextugsaldri á skrifstofu Magnúsar Leópoldssonar sem hafi skrifað 800.000 króna ávísun á staðnum og spurt: „Er þetta nægjanlegt?“ Hafi Magnús þá játað því. Hafi maðurinn sem þarna um ræði verið kraftalegur, þrekinn og útitekinn í svörtum frakka.⁴²⁵

211. Í rannsóknardagbók Eggerts og Sigurbjörns Víðis þennan dag var bókað um samtál Sigurbjörns Víðis og Magnúsar við Ásmund Guðmundsson um upplýsingar sem honum hafði borist um að hugsanlegt væri að Erla hafi selt spíritus eða annað smyglað áfengi. Bókað var að ekki væri hægt að finna neitt ákveðið út úr því að svo stöddu.⁴²⁶ Þá var bókað um athugun á upplýsingum um veisluhöld, meðal annars á vegum Valdimars Olsen, þar sem veitt hafi verið vel af smygluðu áfengi.⁴²⁷ Þá var bókað í rannsóknardagbókina um för tveggja lögreglumanna í malargryfjur skammt suður af Hafnarfirði. Hafi þeir leitað þar og mokað snjó til að leita beina sem eiginkona annars þeirra hafi talið sig hafa fundið síðasta sumar. Bar leitin engan árangur. Hafi lögreglumennirnir fundið bein í hraunsprungu skammt frá, en hafi það reynst vera kindabein.⁴²⁸
212. Þriðjudaginn 24. febrúar 1976 var bókað í dagbók fangelsisins við Síðumúla að hringt hafi verið í Guðstein lækni klukkan 10:00 í tengslum við heilbrigðisrannsókn á Magnúsi Leópoldssyni. Hafi Guðsteinn sagst koma eftir hádegi á morgun að sækja sýni. Var þess getið að Guðsteinn kæmi eftir hádegi á morgun að sækja þau. Þá var þess getið að Guðsteinn hafi sagst ætla að fá sýni frá Einari Bollasyni sem ætti taka í fyrramálið og geymast í kæli þar til hann kæmi. Klukkan 15:00 var bókað að Jón Ólafsson, lögmaður Sigurbjörns Eiríkssonar, hafi hringt í Sigurbjörn Víði. Var hann bókaður í heimsókn klukkan 18:00. Tíu mínútum seinna var bókað í fangelsisdagbókina að Ingvar Björnsson, réttargæslumaður Einars Bollasonar hafi komið með föt og rakblöð fyrir skjólstæðing sinn og tekið til baka óhrein föt. Klukkan 16:00 var bókað að Jón Bjarman, fangelsisprestur, hafi hringt vegna Magnúsar Leópoldssonar. Þá var bókað í dagbókina klukkan 18:00 að Jón Ólafsson, lögmaður Sigurbjörns, hafi komið og 15 mínútum seinna hafi Ingi Ingimundarson, réttargæslumaður hans, komið. Hafi Sigurbjörn Eiríksson verið færður til viðtals við lögfræðingana klukkan 18:20. Á sama tíma hafi [GuðJ] komið með gleraugu fyrir hann. Klukkan 19:25 var bókað að Sigurbjörn hafi verið færður á klefa sinn. Í rannsóknardagbók Eggerts og Sigurbjörns Víðis þennan dag var bókað að þeir hafi báðir verið viðstaddir viðtal lögmannana við Sigurbjörn Eiríksson.⁴²⁹ Klukkan 19:45 var bókað í dagbókina að Valdimar Olsen hafi verið færður til yfirheyrslu hjá Eggerti og Sigurbirni Víði. Hafi yfirheyrslunni lokið klukkan 21:35. Rannsóknargögn önnur en færsla í rannsóknardagbók Eggerts og Sigurbjörns Víðis liggja ekki fyrir. Í dagbókina var bókað að rétt hafi verið lengi við Valdimar Olsen. Kvaðst hann hafa

⁴²⁵ Bls. 440–441.

⁴²⁶ Bls. 960.

⁴²⁷ Bls. 965.

⁴²⁸ Bls. 995.

⁴²⁹ Bls. 996.

haldið töluvert mikla afmælisveislu 23. febrúar 1975, sem staðið hafi frá kvöldi og fram eftir næsta degi. Var svo bókað eftir honum í rannsóknardagbókina nöfn og tengsl veislugestanna.⁴³⁰ Hafi Valdimar viðurkennt að hafa veitt ólöglegt áfengi í veislunni. Þá hafi hann jafnframt greint frá öðrum tilvikum þar sem hann hafi keypt smyglað vín.⁴³¹

213. Þennan dag var yfirheyrður sem vitni, [SV] leigubifreiðastjóri og eigandi að trillubátnum Unu Maríu GK-979. Aðspurður kvaðst hann ekki muna til þess að bátur sinn hafi verið notaður í nóvember 1974, nema við leit að Geirfinni í þrjá daga nokkru eftir hvarf hans. Þá gæti verið að hann hafi farið til sjós til að skjóta fugla, en þó taldi hann það ólíklegt. Kvað hann það fráleitt að báturinn hafi verið til sjós án þess að hann hafi sjálfur verið um borð. Var honum sýndur nafnalisti og kvaðst hann engan þekkingu á sjón, nema þá helst Sigurbjörn Eiríksson, en vitnið kvaðst hafa séð hann í Glaumbæ tíu árum áður.⁴³²
214. Sama dag, 24. febrúar 1976, var gerð skýrsla um símtal til lögreglu frá [GKJ], starfsstúlku í Hafnarbúðinni. Lýsti hún því yfir að Magnús Leópolðsson væri ekki sá sem hafi komið inn í Hafnarbúðina. Kvaðst hún hafa verið að hugsa málið og telja sig vissu um að sá sem hafi komið inn í Hafnarbúðina hafi verið sá sem hún hafi séð í Gjafabúðinni á Skólavörðustíg síðastliðið sumar. Sagði hún hann líkan Magnúsi og væri á að giska 24 til 26 ára gamall. Með honum hafi verið stúlka, lítil, grönn og tuskuleg í rauðri kápu. [GKJ] sagði manninn hafa greitt með tékka eins og hún sjálf hafi gert í umrætt sinn. Kvaðst hún allt í einu hafa munað eftir þessu og athugað í tékkhefti sitt og séð þar að þetta hafi verið 10. júní 1975. Í skýrsluna var bókað um heimsóknir og símtöl í Gjafabúðina, Landsbankann, Iðnaðarbankann og Verzlunarbankann, til að athuga með tékka frá Gjafahúsinu dagsetta 10. júní 1975. Sú leit bar engan árangur.⁴³³
215. Í rannsóknardagbók Eggerts og Sigurbjörns Víðis þennan dag var bókað um yfirheyrslur yfir útibússtjóranum og gjaldkeranum í útibúi Búnaðarbankans í Mosfellssveit í tengslum við tékkaviðskipti Sigurbjörns Eiríkssonar. Fram kom að tékkar hafi verið geymdir í útibúinu næturlangt eða yfir daginn. Annað hafi ekki komið út úr þeirri eftirgrennslan. Þá hafi athugun á því hvort ólöglegt áfengi hafi verið veitt í afmælisveislu Valdimars Olsen verið fylgt eftir og aflað upplýsinga um veislugesti.⁴³⁴ Þá var bókað um fund sem haldinn hafi verið með Hauki Guðmundssyni, lögreglumanni í Keflavík. Á fundinum hafi Haukur sagst hafa náð engum árangri við rannsóknina og hafa engar ákveðnar upplýsingar fram að færa sem gætu komið að gagni. Var því ákveðið að Haukur myndi hætta að vinna að málinu og tæki aftur til við sín fyrri störf. Bókað var í rannsóknardagbókina að haft hafi verið samband við bæjarfógetann í Keflavík og honum tjáð um ákvörðunina og þess

⁴³⁰ Bls. 969.

⁴³¹ Bls. 971.

⁴³² Bls. 441.

⁴³³ Bls. 443–444.

⁴³⁴ Bls. 965.

jafnframt óskað að hafa mætti samband við Hauk ef á þyrfti að halda.⁴³⁵ Þá var bókað um athugun lögreglu á bílaeign Magnúsar Leópoldssonar, [JR] og Sigurbjörns Eiríkssonar.⁴³⁶

216. Miðvikudaginn 25. febrúar 1976 var bókað í dagbók Síðumúlafangelsisins að Guðsteinn læknir hafi komið klukkan 15:30 samkvæmt áætlun. Hafi hann talað við Magnús og Sævar og breytt lyfjum hjá þeim. Bókað var klukkan 16:00 að Guðsteinn hafi farið og haft með sér sýni til rannsóknar. Klukkan 16:40 var bókað í dagbókina að séra Jón Bjarman hafi hringt og kvaðst hafa leyfi frá Erni til að tala við Magnús Leópoldsson 27. febrúar næstkomandi, milli klukkan 18:00 og 19:00.⁴³⁷ Þá var bókað klukkan 17:20 að Sigurbjörn Eiríksson hafi verið færður til yfirheyrslu hjá Magnúsi Magnússyni. Klukkan 19:15 var bókað að yfirheyrslu yfir Sigurbirni Eiríkssyni væri lokið. Rannsóknargögn um yfirheyrsluna liggja ekki fyrir önnur en færsla í rannsóknardagbók lögreglu en þar var bókað að Sigurbjörn hafi verið yfirheyrður um tékkamisferli.⁴³⁸
217. Í rannsóknardagbók Eggerts og Sigurbjörns Víðis þennan dag var bókað um óupplýst innbrot í Hótel Valhöll 20. janúar 1975. Bókað var að stolið hafi verið víni úr víngeymslu í rishæð hótelsins. Við upphaf rannsóknar hafi lögreglan á Selfossi farið á staðinn ásamt [JR], eiganda. Bókað var að enginn væri grunaður um innbrotið en lögreglan á Selfossi hafi látið sér detta í hug að Valdimar Olsen, hóteltjóri, hafi verið þar að verki.⁴³⁹ Þá var bókað um komu Kristjáns Péturssonar, deildarstjóra í Tollgæslunni á Keflavíkurflugvelli, á skrifstofu rannsóknarlögreglunnar í Reykjavík. Hafi hann fyrst rætt við yfirsakadómara, síðan við Eggert og Örn. Hafi Kristján talið sig búa yfir töluvert miklum upplýsingum í málinu. Bókað var í rannsóknardagbókina að þegar til hafi komið hafi upplýsingarnar verið í sambandi við hið svokallaða Klúbbmál og spíramál. Færsluritari lét þess getið að upplýsingarnar hafi virst stafa frá þeim tíma áður en mál það kom upp sem nú væri unnið að. Niðurstaða fundarins var bókuð sú að Kristján ætlaði að taka saman allar þær upplýsingar sem hann teldi að gætu komið að notum.⁴⁴⁰ Bókað var í rannsóknardagbókina þennan sama dag að leita hófanna hjá Útvegsbankanum í Kópavogi um að fá að koma næsta laugardag eða sunnudag og fara í gegnum alla tékka sem hafi komið þangað í nóvember og desember 1974 útgefnir af Sigurbirni Eiríkssyni. Í framhaldinu var bókað um ljósrit sem hafi borist af svuntum tólf víxla sem allir höfðu verið seldir af Lækjarmóti h/f til Alþýðubankans, en Lækjarmót sá um veitingarekstur hússins að Borgartúni 32. Upplýsingar um víxlana, svo sem númer, fjárhæð, gjalddagi, greiðandi og útgefandi, voru færðar til bókar í rannsóknardagbók Eggerts og Sigurbjörns Víðis.⁴⁴¹
218. Fimmtudaginn 26. febrúar 1976 var bókað í dagbók fangelsisins við Síðumúla að Magnús Magnússon hafi farið inn á klefa til Einars Bollasonar að hans beiðni og talað

⁴³⁵ Bls. 967.

⁴³⁶ Bls. 967–969.

⁴³⁷ Dagbók nr. 4, bls. 56.

⁴³⁸ Bls. 972.

⁴³⁹ Bls. 972.

⁴⁴⁰ Bls. 973.

⁴⁴¹ Bls. 974–977.

við hann í 10 mínútur klukkan 11:30. Rannsóknargögn um vitjunina liggja ekki fyrir. Klukkan 12:30 var bókað að Valdimar Olsen hafi verið færður til yfirheyrslu hjá Eggerti og Sigurbirni Víði. Tveimur klukkustundum síðar var Valdimar færður aftur á klefa.⁴⁴² Meðal rannsóknargagna er skýrsla um yfirheyrsluna. Í upphafi skýrslunnar er haft eftir Valdimar að hann neiti því nú sem fyrr að hafa nokkra hugmynd um á hvern hátt Geirfinnur Einarsson hafi horfið eða vita um nokkuð smygl sem tengja mætti því mannshvarfi. Kvaðst Valdimar nokkrum sinnum hafa komist í tæri við ólöglegt áfengi. Kvaðst hann nokkrum sinnum hafa keypt ólöglegt áfengi til eigin nota. Greindi Valdimar frá brúðkaupsveislu sem haldin hafi verið í Klúbbnum um páskana 1974 og hann hafi verið gestur í þar sem veitt hafi verið vel af ólöglegu áfengi. Kvaðst Valdimar aldrei hafa séð áfengi á Hótel Valhöll, þegar hann gegndi þar stöðu hótelstjóra, öðruvísi en að það hafi verið merkt ÁTVR.⁴⁴³

219. Pennan dag var [JI] yfirheyrður sem vitni milli klukkan 16:30 og 17:30. Skýrsla um yfirheyrsluna er meðal rannsóknargagna en þar kemur fram að tilefni yfirheyrslunnar væri að [JI] hafi ekið með bifreiðina G-7, sem var í eigu Magnúsar Leópoldssonar, að ákveðnu húsi í Kópavogi eftir að bifreiðin hafði lent í árekstri. Kvaðst vitnið starfa á kranabifreið og hafa atvinnu af því að aka með bifreiðar sem hafi skemmst á árekstri. Sagðist hann muna eftir því þegar hann hafi sótt Volkswagen bifreið með skráningarnúmerið G-7 eftir árekstur á Kringlumýrarbraut vorið 1974. Samkvæmt fyrirmælum hafi hann ekið bifreiðinni að Mánabraut 6 í Kópavogi til viðgerðar hjá [HJ]. Kvaðst vitnið eftir þetta hafa farið nokkrum sinnum með bifreiðar þangað. Í eitt skiptið hafi hann farið inn í bílskúrinn og séð stóra plastbrúsa í tveimur herbergjum sem hafi verið þar inn af. Sagði hann þetta hafa verið stóra hvíta brúsa með rauðum töppum sem tækju um 20 til 25 lítra. Kvaðst hann ekki geta sagt til um það með vissu hversu margir þeir hafi verið, en sagði þá líklega hafa verið sex til átta talsins. Sagðist vitnið aldrei hafa farið með reikning til Magnúsar heldur hafi [HJ] greitt hann. Hafi vitninu virst sem einhver kunningskapur hafi verið milli þeirra.⁴⁴⁴
220. Sama dag, 26. febrúar 1976, var [HKJV] yfirheyrður sem vitni. Kvaðst hann muna vel eftir dögnum fyrir utanferð KR til Austurríkis í nóvember 1974. Greindi vitnið frá því að sunnudaginn 17. nóvember 1974 hafi KR leikið 1. deildar leik í körfuknattleik gegn HSK. Mánudaginn 18. nóvember hafi verið æfing í KR heimilinu klukkan 19:40 og hafi hún staðið til klukkan 21:20. Kvaðst vitnið muna að þetta kvöld hafi verið fyrirhugaður æfingaleikur gegn varnarliðinu á Keflavíkurflugvelli en ekki hafi orðið af honum. Minntist hann þess að eftir æfinguna hafi nokkrir af félögunum úr körfuknattleiksdeildinni farið að selja fána í fjáröflun fyrir deildina vegna ferðarinnar til Austurríkis. Greindi hann frá nöfnum þeirra sem hafi farið saman út að selja. Hafi einn þeirra, [GíGí] selt [EBS] fána. Þetta kvöld hafi svo verið ákveðið að hittast daginn eftir, 19. nóvember 1974, í KR heimilinu milli klukkan 20:00 og 20:30. Kvaðst vitnið hafa komið um klukkan 20:40 og hafi þá þjálfari liðsins, Einar Bollason, verið kominn en hann hafi skipulagt fánasöluna ásamt [JOVÓ], formanni deildarinnar.

⁴⁴² Dagbók nr. 4, bls. 56b.

⁴⁴³ Bls. 445–448.

⁴⁴⁴ Bls. 449–450.

Kvaðst vitnið hafa staldrað stutt við í KR heimilinu og haldið síðan af stað út að selja fána við annan mann. Um klukkan 21:30 hafi þeir ekið að heimili [GGS] að Frostaskjóli 5 og þá tekið eftir að bifreið Einars, Saab 99, hafi verið lagt fyrir utan húsið. Hafi [GGS] verið að horfa á þátt í sjónvarpinu um erlend málefni. Kvaðst vitnið hafa haldið áfram fánasölnunni þar til klukkan 22:00 og farið þá aftur upp í KR heimili.⁴⁴⁵ Kvaðst vitnið muna eftir því að húsvörðurinn hafi þá sagt þeim félögum að Einar og [JOVÓ] væru nýfarnir.⁴⁴⁶

221. Föstudaginn 27. febrúar 1976 var [NHJ] trésmíðameistari tekinn til yfirheyrslu sem vitni milli klukkan 12:40 og 15:10. Skýrsla um yfirheyrsluna er meðal rannsóknargagna. Tilefni yfirheyrslunnar var bókað sem samskipti vitnisins við Magnús Leóoldsson og hugsanlega aðra þá sem tengdir væru Klúbbinum. Kvaðst vitnið hafa starfað við bifreiðaviðgerðir í bílskúrnum heima hjá sér í um þrjú ár, en væri þó trésmíður að iðn. Sagðist hann ekki þekkja Magnús, en væri málkunnugur honum, en bróðir sinn [GÞ] hafi eitt sinn rekið verslun með Magnúsi. Í skýrslu um yfirheyrsluna var bókað um allar þær bifreiðar sem vitnið kvaðst hafa komið að viðgerðum á fyrir Magnús. Þá kvaðst hann einnig hafa tekið að sér að heilmála og gera við bifreiðar á vegum Sigurbjörns Eiríkssonar, en það hafi verið í gegnum Magnús. Aðspurður um plastbrúsa í sinni eigu kvað vitnið það rétt að hann ætti fjóra til fimm slíka brúsa og tæki hver þeirra um 25 lítra. Kvaðst vitnið hafa fengið brúsana að gjöf frá nágrönnum sínum, en þeir hafi komið frá matsstofu í Reykjavík og verið undan matarólú. Kvaðst vitnið hafa notað brúsana undir bensín og vatn.⁴⁴⁷
222. Þá var yfirheyrð sem vitni [ErH], húsmóðir og kennari á Pfaff saumavélar. Skýrsla um yfirheyrsluna er meðal rannsóknargagna. Kvaðst hún muna eftir [SI], eiginkonu Einars Bollasonar, ásamt þremur öðrum konum á námskeiði haustið 1974. Tímarnir hafi verið fjórir og hafi lokatíminn verið á þriðjudegi. Kvaðst vitnið hafa tekið út efni hjá versluninni Pfaff fyrir lokatíma námskeiðsins. Samkvæmt úttektarkvittun hafi það verið fimmtudaginn 14. nóvember 1974. Kvaðst vitnið því telja að lokatíminn hafi verið þriðjudaginn 19. nóvember sama ár, en þó vildi hún ekki fullyrða um það.⁴⁴⁸ Í framhaldinu var [HBS], nemandi við Kvennaskólann í Reykjavík, yfirheyrð hjá lögreglu. Skýrsla um yfirheyrsluna er meðal rannsóknargagna. Kvaðst vitnið hafa gætt barna Einars og [SI] meira og minna í tvö ár og alveg fast á mánudögum og fimmtudögum veturinn 1974 og fram á vorið 1975. Varðandi nóvembermánuð 1974 kvaðst hún muna að [SI] hafi sótt saumavélanámskeið. Minnti vitninu að Einar hafi átt að gæta barnanna umrædd þriðjudagskvöld, en ekki getað það í eitt skiptið og hún því komið í staðinn. Hafi Einar þá komið og tekið við af henni gæslunni ekki síðar en klukkan 22:00. Kvaðst vitnið ekki þora að fullyrða um það en taldi að þetta hafi verið umrætt þriðjudagskvöld 19. nóvember 1974.⁴⁴⁹

⁴⁴⁵ Bls. 451.

⁴⁴⁶ Bls. 452.

⁴⁴⁷ Bls. 453–455.

⁴⁴⁸ Bls. 456.

⁴⁴⁹ Bls. 457.

223. Þennan dag, 27. febrúar 1976, var bókað í dagbók fangelsisins að séra Jón Bjarman fangelsisprestur hafi komið í heimsókn til Magnúsar Leópoldssonar klukkan 17:25 í klukkustund. Þá var bókað að Páll Arnór Pálsson, réttargæslumaður Kristjáns Viðars, hafi komið í heimsókn til skjólstæðings síns milli klukkan 17:45 og 18:50. Klukkan 18:25 var bókað að Sigurbjörn Eiríksson hafi verið færður til viðtals við Inga Ingimundarson, réttargæslumann sinn, og Jón Ólafsson, lögmann. Bókað var í dagbókina að Jón Zoëga, réttargæslumaður Valdimars, hafi komið klukkan 18:55. Hafi þeir Ingi og Jón farið klukkan 19:10 og Sigurbjörn þá settur á klefa sinn.⁴⁵⁰ Í rannsóknardagbók Eggerts og Sigurbjörns Víðis var bókað að sá síðarnefndi hafi verið viðstaddur viðtöl lögmannana við skjólstæðinga sína þennan dag.⁴⁵¹ Klukkan 19:15 var fært til bókar í fangelsisdagbókina að Magnús hafi verið færður til viðtals við Hafstein Baldvinsson, réttargæslumann, í áheyrn Eggerts til klukkan 20:20.⁴⁵² Í rannsóknardagbókina var bókað að Hafsteinn hafi að auki fengið að ræða við Sigurbjörn Eiríksson, þrátt fyrir að hann væri ekki skjólstæðingur hans. Hafi það verið gert samkvæmt sérstöku leyfi frá Erni.⁴⁵³ Klukkan 20:30 var bókað í dagbók fangelsisins að Valdimar hafi verið færður til viðtals við Jón Zoëga réttargæslumann að viðstöddum Sigurbirni Víði. Hafi viðtalinu lokið klukkan 20:45 og Valdimar þá færður á klefa sinn. Klukkan 21:13 var svo bókað í dagbók fangelsisins að Sigurbjörn Eiríksson hafi verið færður til yfirheyrslu. Hafi yfirheyrslunni lokið klukkan 22:00. Rannsóknargögn um yfirheyrsluna liggja ekki fyrir. Klukkan 22:05 var fært til bókar að Magnús hafi verið tekinn til yfirheyrslu. Rannsóknargögn um yfirheyrsluna liggja ekki fyrir. Á sama tíma var bókað að Magnúsi og Sigurbirni hafi verið birt ákæra frá ríkissaksóknara fyrir meint fjársvik. Klukkan 22:30 var þess getið í dagbók fangelsisins að [NHJ] hafi verið sleppt að fyrirmælum Eggerts.⁴⁵⁴
224. Laugardaginn 28. febrúar 1976 var bókað í dagbók Síðumúlafangelsisins að Guðsteinn læknir hafi komið klukkan 09:10 til að tala við Sævar Ciesielski. Var þess getið í dagbókarfærslunni að sýnin frá Magnúsi hafi verið eðlileg en Guðsteinn hafi aukið við lyfin hjá honum. Klukkan 11:15 var bókað að Sigurbjörn Víðir hafi komið með [NHJ] í yfirheyrslu. Stuttu seinna hafi Sigurbjörn Víðir farið en komið aftur klukkan 11:50 en þá hafi [NHJ] verið færður á klefa númer fjögur. Þá var fært til bókar klukkan 15:00 að Magnús Magnússon hafi farið inn á klefa númer átta til að tala við Einar Bollason en skömmu áður hafi Sigurbjörn Víðir rætt við Einar. Rannsóknargögn um vitjanirnar liggja ekki fyrir. Klukkan 16:20 var bókað að Ingvar Björnsson, réttargæslumaður Einars, hafi komið. Klukkan 16:30 var bókað í dagbókina að [NHJ] hafi verið tekinn til yfirheyrslu hjá Eggerti. Fimm mínútum síðar var bókað að Eggert hafi farið með hann. Rannsóknargögn um yfirheyrsluna liggja ekki fyrir. Um sama leyti var fært til bókar að Ingvar réttargæslumaður og Sigurbjörn Víðir hafi farið inn á klefa til Einars. Klukkan 16:55 var bókað að Hafsteinn Baldvinsson, réttargæslumaður Magnúsar, hafi komið með sendingu til skjólstæðings síns. Bókað var klukkan 17:00 að

⁴⁵⁰ Dagbók nr. 4, bls. 57b.

⁴⁵¹ Bls. 999.

⁴⁵² Dagbók nr. 4, bls. 58.

⁴⁵³ Bls. 999.

⁴⁵⁴ Dagbók nr. 4, bls. 58.

réttargæslumaður Einars hafi farið.⁴⁵⁵ Klukkan 22:00 var aftur bókað um komu Hafsteins með sendingu af öli handa Magnúsi.⁴⁵⁶

225. Meðal rannsóknargagna liggur samantektarskýrsla Njarðar Snæhólm dagsett 28. febrúar 1976 um ýmsar upplýsingar frá [JE] á Selalæk um Sigurbjörn Eiríksson og Magnús Leópoldsson.⁴⁵⁷
226. Sunnudaginn 29. febrúar 1976 var bókað klukkan 16:20 að Sigurbjörn Víðir hafi hringt og spurt hvenær úrskurður yfir Alberti rynni út, var þess getið í bókun að það yrði 7. mars næstkomandi.
227. Mánudaginn 1. mars 1976 var bókað í dagbók fangelsisins að Haukur Guðmundsson hafi hringt og beðið fyrir skilaboð til Eggerts varðandi fyrri bifreið Geirfinns. Klukkan 11:30 var bókað að Sigurbjörn Víðir hafi hringt og beðið fyrir eina konu. Þá var fært til bókar klukkan 12:45 að hann hafi komið með Erlu Bolladóttur og ætli að taka af henni skýrslu. Klukkan 13:45 var bókað að Sigurbjörn Víðir hafi farið í mat. Klukkan 14:10 var bókað að Örn hafi farið inn á klefa til Einars með íþróttablöð. Hafi Örn sagst vera búinn að skoða þau og tæki fulla ábyrgð á þeim. Klukkan 15:00 var bókað að Sigurbjörn Víðir hafi komið aftur og tekið við yfirheyrslunni af Magnúsi Magnússyni. Klukkan 17:45 var bókað að Eggert hafi farið með Erlu. Rannsóknargögn um yfirheyrslu yfir Erlu Bolladóttur þennan dag liggja ekki fyrir önnur en færsla í rannsóknardagbók Eggerts og Sigurbjörns Víðis. Þar var bókað að Sigurbjörn Víðir hafi rætt enn einu sinni við Erlu, en hún hafi sem fyrr haldið fast við sína framburði.⁴⁵⁸ Klukkan 18:00 var bókað um komu stúlku [K.P.] sem Sigurbjörn Víðir hafi tekið til yfirheyrslu vegna Magnúsar Leópoldssonar. Var bókað klukkan 19:15 að Sigurbjörn Víðir hafi farið ásamt stúlkunni sem hann hafi verið að yfirheyra.
228. Meðal rannsóknargagna er skýrsla um yfirheyrslu lögreglu yfir [KaP]. Tilefni yfirheyrslunnar var bókað sem framburður Magnúsar Leópoldssonar um að hann kynni að hafa verið staddur heima hjá vitninu seinnipart kvölds 19. nóvember 1974. Var vitninu kynntur framburður Magnúsar um að hann hafi sjaldan komið til hennar í miðri viku en muni þó eftir tveimur skiptum sem það hafi gerst. Í fyrra skiptið hafi vitnið sagt Magnúsi að hún hafi lánað bróður sínum bifreið sína en í seinna skiptið hafi hún sagt Magnúsi að bróðir sinn væri á skólaskemmtun. Kvaðst vitnið ekki muna sérstaklega eftir heimsókn Magnúsar á sama tíma og hún hafi lánað bróður sínum bifreið sína, enda hafi það verið algengt. Hinsvegar kvaðst hún muna eftir því að Magnús hafi komið til sín milli klukkan 23:00 og 00:00 þegar bróðir sinn hafi verið á skóladansleik. Kvaðst vitnið hafa kannað hvenær dansleikurinn hafi verið og var hann 20. nóvember 1974. Kvaðst hún ekki muna það hvort Magnús hafi komið til sín kvöldið áður, 19. nóvember 1974.⁴⁵⁹

⁴⁵⁵ Dagbók nr. 4, bls. 58b.

⁴⁵⁶ Dagbók nr. 4, bls. 59.

⁴⁵⁷ Bls. 458–460.

⁴⁵⁸ Bls. 1001.

⁴⁵⁹ Bls. 463–464.

229. Bókað var í fangelsisdagbókina um klukkan 21:00 þennan sama dag að Sigurbjörn Víðir og Eggert hafi komið og fundað til klukkan 23:15.⁴⁶⁰
230. Þriðjudaginn 2. mars 1976 var bókað í dagbók fangelsisins við Síðumúla að Örn hafi hringt klukkan 10:30 og spurt hvort hugsanlegt væri að Tryggvi Rúnar hafi komið út skilaboðum í gegnum aðra fanga sem hafi verið vistaðir í Síðumúlafangelsi.⁴⁶¹ Lét færsluritari þess getið að slíkt væri útilokað með öllu. Hafi skilaboðin átt að fela í sér morðhótun til ákveðins aðila. Klukkan 14:45 var bókað í dagbókina að Kristján Viðar hafi verið tekinn til yfirheyrslu hjá Sigurbirni Víði. Hafi hann verið færður aftur á klefa sinn klukkan 16:00. Rannsóknargögn um yfirheyrsluna liggja ekki fyrir. Klukkan 17:00 var bókað að Örn hafi farið inn á klefa til Alberts í 50 mínútur. Klukkan 17:55 var bókað að Páll Arnór Pálsson, réttargæslumaður Kristjáns Viðars, hafi komið. Fært var til bókar að Magnús hafi verið færður til viðtals við Hafstein Baldvinsson, réttargæslumann, milli klukkan 18:05 og 18:50. Í rannsóknardagbók Eggerts og Sigurbjörns Víðis var bókað að sá síðarnefndi hafi verið viðstaddur viðtal Hafsteins við skjólstæðing sinn.⁴⁶² Um klukkan 18:00 var bókað um komu Inga Ingimundarsonar, réttargæslumanns Sigurbjörns. Bókað var í dagbókina að Páll Arnór hafi farið klukkan 18:15. Klukkan 18:25 hafi Jón Ólafsson, lögmaður Sigurbjörns, komið og var Sigurbjörn tekinn fram til viðtals við lögfræðinga sína milli klukkan 18:55 og 19:40.⁴⁶³ Í rannsóknardagbókina var bókað að Sigurbjörn Víðir hafi verið viðstaddur viðtal réttargæslumannana við Sigurbjörn Eiríksson.⁴⁶⁴ Jafnframt liggja fyrir handritaðir punktar dagsettir 2. mars 1976 þar sem sömu upplýsingar voru færðar til bókar.⁴⁶⁵
231. Bókað var í fangelsisdagbók klukkan 20:20 að Sigurbjörn Eiríksson hafi verið færður aftur á klefa sinn. Klukkan 20:35 var bókað að Kristján Viðar hafi verið sóttur og færður til yfirheyrslu hjá Sigurbirni Víði. Klukkan 21:10 hafi Kristján Viðar verið færður aftur á klefa sinn. Rannsóknargögn um yfirheyrsluna liggja ekki fyrir. Klukkan 21:30 var bókað í dagbókina að Kristján Viðar hafi verið færður til yfirheyrslu hjá Eggerti. Klukkan 23:30 var bókað að Sigurbjörn Víðir hafi komið aftur og klukkan 00:15 var bókað að Kristján Viðar hafi verið færður á klefa sinn.⁴⁶⁶ Meðal rannsóknargagna er skýrsla um yfirheyrsluna. Í upphafi er bókað eftir Kristjáni Viðari að hann vilji nú breyta öllum fyrri framburðum sínum í málinu. Lýsti hann því yfir að fram til þessa hafi hann algjörlega farið með rangt mál. Kvaðst hann hvorki hafa farið í umrædda Keflavíkurferð né í bátsferð þaðan. Þá sagðist hann aldrei hafa verið sjónarvottur að nokkrum átökum sem hugsanlega gætu hafa verið tengd hvarfi Geirfinns Einarssonar. Kvaðst hann því í raun enga hugmynd hafa um hvernig hvarf hans hafi borið að höndum og sér vitanlega hafi hann aldrei litið þann mann augum. Fullyrti Kristján Viðar að vitneskja sín um hvarf hans hafi eingöngu verið fengin úr

⁴⁶⁰ Dagbók nr. 4, bls. 60.

⁴⁶¹ Dagbók nr. 4, bls. 60.

⁴⁶² Bls. 1002.

⁴⁶³ Dagbók nr. 4, bls. 60.

⁴⁶⁴ Bls. 1002.

⁴⁶⁵ Bls. 467.

⁴⁶⁶ Dagbók nr. 4, bls. 61.

fjölmiðlum og kjaftasögum sem hafi gengið um hvarfið. Kvaðst hann litlar skýringar geta gefið á fyrri framburðum sínum í málinu. Kvaðst Kristján Viðar hafa verið töluvert miður sín og slappur á taugum eftir allt umtalið um atburðinn í Hafnarfirði varðandi Guðmund Einarsson. Sagði Kristján Viðar það hafa fengið töluvert á sig. Kvaðst hann hreinlega hafi búið til í huga sér söguna um það hvernig hann hafi farið til Keflavíkur og lýsingar á staðháttum þar. Hafi hann gert það algjörlega upp á eigin spýtur, en gæti ekki gert grein fyrir því hvers vegna. Bókað var í skýrsluna að Kristján Viðar hafi sagst hafa verið spurður í upphafi um vitneskju sína varðandi Geirfinnsmálið og ferð til Keflavíkur. Ferðinni og staðháttum hafi hann lýst sjálfstætt. Lýsti Kristján Viðar því svo að næst þegar skrifleg skýrsla hafi verið tekin af honum þá hafi hann skýrt nánar frá atburðum og nefnt ýmis mannanöfn. Þá hafi honum verið sagt að fleiri hefðu skýrt frá umræddri Keflavíkurferð og hann hafi heyrt ýmis nöfn án þess þó að þau hefðu verið sett í samband við þessa ferð í hans eyru. Kvaðst Kristján Viðar halda að það hafi verið orsök þess að hann hafi komið með þessi mannanöfn og sagðist reyndar þekkja alla eða flesta þá aðila í sjón. Kvaðst hann ekki frekar geta gert grein fyrir því hvaða hvatir hafi legið að baki því að gefa þessar röngu upplýsingar. Sagði Kristján Viðar að í þriðja sinn sem skrifleg skýrsla hafi verið tekin af honum hafi honum verið sýndar ljósmyndir af nokkrum mönnum. Hafi hann þekkt þar myndir af fjórum mönnum með nafni en talið sig þekkja þann fimmta án þess að hafa vitað nafn hans. Sagði Kristján Viðar að við það tilefni hafi hann greint rétt frá. Kvaðst hann þó aldrei hafa séð fimmta manninn og sagðist ekki geta gert grein fyrir því hvers vegna hann hafi þóst þekkja hann þó ekki hafi verið með nafni. Sama hafi gilt um aðrar ljósmyndir af mönnum sem hann hafi sagst hafa kannast við. Kvaðst Kristján Viðar ekkert vita af hverjum þær væru og hafi eingöngu bent á þær af handahófi. Lýsti Kristján Viðar því yfir að hann gerði sér fulla grein fyrir því alvarlega athæfi sem hann hafi nú gerst sekur um en ítrekaði að nú hafi hann skýrt algjörlega rétt frá atburðum. Í lokin var bókað eftir Kristjáni Viðari að honum hafi nú verið tjáð að Sævar og Erla hafi borið um í yfirheyrslum að hann og þau hafi verið í umræddri Keflavíkurferð. Kvaðst Kristján Viðar enga skýringu kunna á þeim framburðum aðra en þá að þar færu þau með rangt mál.⁴⁶⁷

232. Meðal rannsóknargagna eru handritaðir punktar, dagsettir 3. mars 1976. Punktarnir eru í 11 tölusetnum færslum. Í fyrsta lið var bókað að Eggert og Sigurbjörn Víðir hafi farið í Bifreiðaeftirlitið og kannað eiganda að ákveðinni bifreið. Í framhaldinu hafi verið haft samband við bifreiðauboð. Bókað var í rannsóknardagbókina að gerð hafi verið könnun á því hver væri eigandi bifreiðarinnar R-6002, sem væri Mazda Deluxe árgerð 1975. Í kjölfarið hafi verið spurst fyrir um verð á þessum bifreiðum í umboðinu sem hefði þær til sölu.⁴⁶⁸ Undir öðrum lið punktanna var þess getið að Örn, Sigurbjörn Víðir og Erla Bolladóttir hafi farið suður fyrir Hafnarfjörð. Önnur rannsóknargögn um ökuferðina en framangreind færsla liggja ekki fyrir. Þá var bókað undir þriðja lið að Eggert hafi sótt útskrift af reikningi [JR] í Útvegsbankanum í Kópavogi. Í fjórða lið punktanna sagði að Eggert hafi rætt við [HJP]. Undir lið sex kom fram að Sigurbjörn

⁴⁶⁷ Bls. 465–466.

⁴⁶⁸ Bls. 1002.

Víðir hafi verið viðstaddur þegar Hafsteinn Baldvinsson, réttargæslumaður Magnúsar, og Ingvar Björnsson, réttargæslumaður Einars, hafi rætt við skjólstæðinga sína. Í sjöunda lið sagði að Eggert og Sigurbjörn Víðir hafi yfirheyrt Einar að viðstöddum réttargæslumanni hans. Hafi honum verið kynntur framburður í aðalatriðum. Þá var bókað undir áttunda lið punktanna að Einar og Erla hafi verið samprófuð. Í níunda lið kom fram að Magnús Magnússon hafi tekið skýrslu af [BMJ] um fjarvist Einars.⁴⁶⁹ Undir tíunda lið var bókað að Magnús og Njörður Snæhólm væru að undirbúa það að geta spilað segulbandsupptöku fyrir Tryggva Rúnar. Í rannsóknardagbók Eggerts og Sigurbjörns Víðis var um þetta atriði bókað að um væri að ræða hluta af segulbandsupptöku sem [EiEi] hafi gert á Litla-Hrauni á síðastliðnu ári í sambandi við hugsanleg mannhvörf.⁴⁷⁰ Loks var í ellefta lið punktanna bókað um símtal til Eggerts frá [SÁsb] í Kaupmannahöfn.⁴⁷¹

233. Skýrsla um yfirheyrslu Magnúsar yfir [BMJ] liggur meðal rannsóknargagna. Kvaðst vitnið muna eftir vissum atriðum í sambandi við undirbúning fyrir utanferð KR til Austurríkis. Sagði hann eitt kvöld hafa farið í fánasölu og kæmi ekki annað kvöld til greina en þriðjudagskvöldið 19. nóvember 1974, enda hafi ekki verið æfing það kvöld. Kvaðst vitnið telja það víst að Einar hafi verið í KR heimilinu umrætt kvöld, þar sem hann hafi verið aðalskipuleggjandi fánasölunnar. Minnti vitninu að er fánasölnni var lokið hafi hann farið aftur upp í KR heimili og hafi þá húsvörðurinn sagt Einar og [JOVÓ] vera nýfarna. Kvaðst vitnið geta trúað því að klukkan hafi þá verið á bilinu 22:00 til 22:30.⁴⁷²
234. Pennan sama dag, 3. mars 1976, var bókað í dagbók Síðumúlafangelsisins að [GSbj] dóttir Sigurbjörns Eiríkssonar hafi komið klukkan 16:50 með vítamíntöflur, inniskó og bækur fyrir föður sinn. Fært var til bókar að Sigurbjörn hafi fengið inniskóna og vítamínið en ekki bækurnar, hafi þær verið settar í skáp númer 12. Klukkan 17:55 var bókað um komu Ingvars Björnssonar, réttargæslumanns Einars. Tuttugu mínútum síðar var bókað að Einar hafi verið færður til viðtals við hann. Klukkan 18:25 var bókað að Hafsteinn Baldvinsson, réttargæslumaður Magnúsar, hafi komið og var Magnús tekinn fram til viðtals við hann klukkan 18:40. Um sama leyti var Einar færður á klefa sinn. Klukkan 21:10 var bókað aftur um komu Ingvars Björnssonar og að Einar hafi verið færður fram til viðtals og yfirheyrslu hjá Eggerti og Sigurbirni Víði.⁴⁷³
235. Meðal rannsóknargagna er skýrsla dagsett sama dag um yfirheyrslu yfir Einari. Þar kemur fram að Einari hafi verið kynntir framburðir Sævars, Kristjáns Viðars og Erlu þar sem fram komi að hann hafi farið til Keflavíkur, tekið þátt í að smygla áfengi til landsins og komið því til Reykjavíkur. Bæri þeim öllum saman að Einar hafi farið til Keflavíkur, en Kristján Viðar hafi einn borið um að Einar hafi farið um borð í bát til að sækja áfengið. Þá sé samræmi í framburðum Kristjáns Viðars og Sævars um að

⁴⁶⁹ Bls. 468.

⁴⁷⁰ Bls. 1003.

⁴⁷¹ Bls. 469.

⁴⁷² Bls. 470.

⁴⁷³ Dagbók nr. 4, bls. 61b.

átök hafi átt sér stað í bátnum og þar hafi Geirfinnur Einarsson látið lífið. Bókað var um afstöðu Einars til þessa og kvað hann allt sem þarna kæmi fram vera tilhæfulaust með öllu. Kvaðst hann aldrei hafa farið til Keflavíkur í þeim tilgangi að ná í áfengi eða í félagsskap þessa fólks. Kvaðst hann að sjálfsgöðu þekkja Erlu systur sína og kannast við Sævar, en Kristján Viðar kvaðst hann ekki þekkja og ekki einu sinni kannast við nafnið á honum. Greindi Einar frá því að samskipti hans og Erlu hafi verið mjög lítil, enda væru þau hálf systkin. Kvað hann samskipti þau ekki hafa hafist fyrr en eftir skilnað föður þeirra við móður Erlu. Greindi Einar frá því að hann hafi seinna tekið að sér fjármál föður síns og aðstoðað hann við kaup á húsi við Hamarsbraut 11 í Hafnarfirði. Í fyrstu hafi faðir sinn og Erla búið í kjallara hússins, en þegar faðir hans hafi lagst inn á sjúkrahús vegna veikinda hafi Sævar flutt inn til Erlu og þau búið þar saman um skeið. Greindi Einar frá því að fljótlega eftir það hafi íbúar á efri hæð hússins kvartað við hann um hávaða og mikinn umgang í kjallaranum. Í kjölfarið hafi hann og faðir hans tekið ákvörðun um að fá Erlu til að flytja úr húsinu. Hafi faðir hans rætt um það við Erlu í tvígang og hafi hún þá flutt út en skilið eftir heilmikið af dóti sem Einar kvaðst hafa hreinsað út úr íbúðinni.⁴⁷⁴ Um það leyti hafi faðir hans selt húsið. Eftir þetta hafi samskipti hans og Erlu verið engin. Einar kvaðst halda að vegna samskipta þeirra varðandi húsnæðið hafi Erla ekki borið hlýjan hug til sín. Sagðist Einar jafnframt hafa reynt að stía henni og Sævari í sundur og reynt að fá hana til að hætta samskiptum við hann. Allar slíkar tilraunir hafi ekki borið árangur. Þá kvaðst Einar einnig hafa reynt að láta Erlu ekki hafa mikil samskipti við föður þeirra. Af þessum ástæðum kvaðst Einar telja hugsanlegt að Erla hafi búið til þá sögu sem hún hafi sagt rannsóknarlögreglunni. Kvaðst hann ekki ætla að fullyrða það, en gæti hins vegar ekki séð aðra ástæðu.⁴⁷⁵ Var bókað um lok yfirheyrslunnar klukkan 23:30.

236. Í dagbók Síðumúlafangelsisins var bókað þennan sama dag klukkan 22:30 að Sigurbjörn Víðir hafi farið út og komið aftur með Erlu Bolladóttur. Klukkan 23:40 hafi Erla verið færð til yfirheyrslu og samprófunar við Einar. Meðal rannsóknargagna er skýrsla um samprófun milli Einars og Erlu. Bókað var að samprófunin hafi hafist klukkan 23:35. Þá var fært til bókar að þau héldu bæði fast við fyrri framburði sína í málinu og vildu hvorki breyta þeim né bæta við þá nokkuð þrátt fyrir að gera sér grein fyrir því algjöra misræmi sem í þeim væri. Var samprófuninni lokið klukkan 23:45. Í lok skýrslunnar var bókað að Ingvar Björnsson, réttargæslumaður Einars, hafi verið viðstaddur bæði yfirheyrsluna og samprófunina.⁴⁷⁶
237. Klukkan 23:55 var bókað í dagbók fangelsisins að Einar hafi verið færður á klefa sinn en Erla látin bíða á skrifstofunni. Tíu mínútum síðar var bókað að Ingvar Björnsson, réttargæslumaður Einars, hafi farið og stuttu síðar hafi Sigurbjörn Víðir farið með Erlu.⁴⁷⁷ Þá var bókað í dagbókina að Erla Bolladóttir hafi hringt klukkan 01:15 og spurt um rannsóknarlögreglumenn en þeir hafi verið farnir.⁴⁷⁸

⁴⁷⁴ Bls. 471.

⁴⁷⁵ Bls. 472.

⁴⁷⁶ Bls. 473.

⁴⁷⁷ Dagbók nr. 4, bls. 61b.

⁴⁷⁸ Dagbók nr. 4, bls. 61b–62.

238. Í rannsóknardagbók Eggerts og Sigurbjörns Víðis var bókað þennan dag, 3. mars 1976, að upplýsingar hafi borist frá tveimur nafngreindum lögreglumönnum um átöppun áfengis á öflöskur á einhverjum stað í Mosfellssveit. Óljóst væri þó hverjir væru þar að verki, en nöfn nokkurra manna voru færð í rannsóknardagbókina sem hugsanlegt væri að ættu aðild að máli. Þá var bókað að lögreglumaður úr fíkniefnadeild teldi sig hafa upplýsingar um að Einar Bollason hafi selt spíritus eða annað áfengi á stóran vinnustað við Sundahöfn. Hafi fimm manns verið handteknir og yfirheyrdir í tengslum við málið, en þess getið í færslunni að ekki hafi náðst í lögreglumanninn sem hafi farið með málið á sínum tíma. Þá var bókað í rannsóknardagbókina um sögusögn þess efnis að Einar Bollason hafi farið með öðrum manni suður í Keflavík heim til Geirfinns Einarssonar daginn eftir hvarf hans. Þangað hafi Einar sótt brugg- eða eimingartæki, farið með þau heim og notað hluta af tækjunum sem einhvers konar blómagrind í stofunni heima hjá sér. Í lok færslunnar var þess getið að aðeins væri um óstaðfesta sögusögn að ræða. Þá voru bókaðar upplýsingar frá [StK] leigubifreiðastjóra um að þyrila hafi verið notuð til að flytja áfengi af sjó og upp að Egilsstöðum. Þaðan hafi áfengið verið flutt til Reykjavíkur með stórrí flutningabifreið og starfaði ökumaðurinn í Klúbbnum á veturna. Kvaðst leigubifreiðastjórinn hafa heyrt þetta á tali tveggja manna sem hann hafi ekið. Bókað var í rannsóknardagbókina að [StK] hafi jafnframt greint frá því að nágranni sinn sem starfaði sem vörubifreiðastjóri væri skyggn. Kvað [StK] vörubifreiðastjóran hafa sagt sér frá því að í eitt sinn þegar maður hafi verið týndur hafi alltaf sótt á hann geysilegur svefnhöfgi á ákveðnum stað á Keflavíkurveginum. Síðar hafi lík týnda mannsins fundist á þeim stað. Í kjölfarið hafi honum hætt að syfja þó hann æki þar um. Nú væri svo komið að á ákveðnum kafla á leiðinni til Keflavíkur, nánar tiltekið austan við mót Vogavegar og Reykjanesbrautar þar sem vegurinn lægi um dæld, þá syfjaði vörubifreiðastjóran alltaf geysilega. Hafi hann sett það í samband við það að í grennd væri hugsanlegt að finna lík Geirfinns Einarssonar.⁴⁷⁹ Þennan sama dag voru bókuð nöfn og upplýsingar um alla þjóna í Klúbbnum í rannsóknardagbókina.⁴⁸⁰
239. Fimmtudaginn 4. mars 1976 var bókað í dagbók fangelsisins við Síðumúla að Guðsteinn læknir hafi komið klukkan 08:30 og sótt þvagprufu frá Kristjáni Viðari. Bókað var klukkan 14:15 að séra Jón Bjarman hafi hringt og spurt um Örn. Hafi fangelsispresturinn viljað fá viðtal við Magnús Leópoldsson. Klukkan 15:35 var bókað í fangelsisdagbókina að Erla Bolladóttir hafi hringt og talað við Sigurbjörn Víði. Þá var bókað klukkan 16:20 að Örn hafi hringt og rætt við Sigurbjörn Víði og heimilað að séra Jón Bjarman fengi tíu mínútna viðtal við Magnús. Fimm mínútum síðar hafi séra Jón komið og farið skömmu síðar inn á klefa til Magnúsar og rætt við hann í tíu mínútur. Þá var bókað í dagbókina að Jón Zoëga, réttargæslumaður Valdimars, hafi hringt klukkan 18:30 og boðað komu sína daginn eftir.
240. Þennan dag var [SFP] einn útgefenda tímaritsins Samúels, tekinn til yfirheyrslu hjá lögreglu. Tilefnið var vitneskja rannsóknarlögreglunnar um að [SFP] hafi heyrt að einhversstaðar í Mosfellssveit færi fram átöppun áfengis á flöskur, hugsanlega í

⁴⁷⁹ Bls. 980.

⁴⁸⁰ Bls. 981–982.

sambandi við samkomuhúsið Klúbbinn. Greindi vitnið frá sögu sem það hafi heyrt síðastliðið sumar. Að mati vitnisins og meðeigenda hans að tímaritinu hafi vantað frekari upplýsingar svo stætt væri að skrifa um málið á sínum tíma.⁴⁸¹

241. Í rannsóknardagbók Eggerts og Sigurbjörns Víðis þennan dag var bókað að Örn hafi farið með menn með sér suður fyrir Hafnarfjörð á stað sem Erla Bolladóttir hafi vísað á. Bókað var að grafið hafi verið eftir hugsanlegum líkamsleifum þar. Þá kom fram að Magnús Magnússon hafi haft það með höndum að yfirfara tékka frá Búnaðarbankanum sem tengdust Sigurbirni Eiríkssyni.⁴⁸²
242. Föstudaginn 5. mars 1976 var fært til bókar í dagbók Síðumúlafangelsisins að klukkan 14:30 hafi Kristján Viðar verið tekinn fram til viðtals við Sigurbjörn Víði. Hafi Kristján Viðar verið færður aftur á klefa klukkan 17:50. Rannsóknargögn um viðtalið liggja ekki fyrir. Klukkan 18:00 var bókað í fangelsisdagbókina um komu Ingvars Björnssonar, réttargæslumanns Einars. Fimmtán mínútum síðar var bókað að Einar hafi verið tekinn fram til viðtals við réttargæslumann sinn í áheyrn Sigurbjörns Víðis. Á sama tíma hafi komið Ingi Ingimundarson, réttargæslumaður Sigurbjörns og Hafsteinn Baldvinsson, réttargæslumaður Magnúsar. Klukkan 18:30 var Einar færður á klefa sinn aftur. Bókað var í dagbókina klukkan 18:45 um komu Jóns Zoëga og Arnar Clausen, réttargæslumanna Valdimars og Alberts Klahn, til viðtala við skjólstaðinga sína. Á sama tíma var bókað að Magnús hafi verið færður til viðtals í 20 mínútur við réttargæslumann sinn í áheyrn Sigurbjörns Víðis. Klukkan 19:15 var Sigurbjörn Eiríksson færður fram til hálf tíma viðtals við réttargæslumann sinn í áheyrn Sigurbjörns Víðis.⁴⁸³ Klukkan 20:05 var bókað að Valdimar hafi verið færður fram til viðtals við Jón Zoëga í áheyrn Sigurbjörns Víðis í tíu mínútur. Klukkan 21:00 var bókað í fangelsisdagbókina að hringt hafi verið frá dagblaðinu Vísi og spurt um atburð varðandi Sævar. Var þess getið að erindinu hafi verið vísað á Eggert eða Sigurbjörn Víði og Örn.⁴⁸⁴
243. Þennan dag birtist frétt á baksíðu Alþýðublaðsins þar sem fram kom að enn væri þagað um Geirfinnsrannsóknina. Haft hafi verið samband við Eggert Bjarnason rannsóknarlögreglumann og hafi hann alls ekkert viljað segja um stöðu eða gang rannsóknar. Í niðurlagi fréttarinnar sagði að almenningur mætti því enn kyngja fréttaleyfinu af þessum málum og gera sér slúðursögurnar að góðu. Á sama stað var frétt um Klúbbinn og málshöfðun ríkissaksóknara á hendur Magnúsi Leópoldssyni og Sigurbirni Eiríkssyni fyrir stórfelld lögbrot í tengslum við rekstur veitingahússins.⁴⁸⁵
244. Í rannsóknardagbók Eggerts og Sigurbjörns Víðis var bókað að þeir hafi farið með Erlu suður í Kópavog. Hafi þeir farið þangað til að athuga með dót sem Erla sagði þau Sævar hafa skilið eftir í geymslu tilheyrandi íbúð þeirra við Þverbrekku. Bókað var að Ásmundur Guðmundsson hafi farið með þeim og tekið að sér að henda því sem henda ætti af þessu dóti. Hafi hann síðan tekið í sína vörslu nokkuð af pappírsdóti sem hann

⁴⁸¹ Bls. 474–475.

⁴⁸² Bls. 1004.

⁴⁸³ Dagbók nr. 4, bls. 62b.

⁴⁸⁴ Dagbók nr. 4, bls. 63.

⁴⁸⁵ Bls. 476.

hafi síðan afhent Eggerti. Í framhaldinu hafi þeir farið með Erlu suður fyrir Hafnarfjörð.⁴⁸⁶ Hafi Erla bent á hraungjótu skammt frá Krísvíkurvegi þar sem hún hafi talið mögulegt að eitthvað hafi verið sett í. Bókað var að leitað hafi verið í gjóttunni eins og hægt var og grafið í hana en án alls árangurs.⁴⁸⁷

245. Laugardaginn 6. mars 1976 var bókað í dagbók fangelsisins við Síðumúla að Sigurbjörn Víðir og Eggert hafi farið með Albert Klahn í bíltúr í góða veðrinu, eins og það er orðað, milli klukkan 10:00 og 11:00. Rannsóknargögn um bíltúrinn liggja ekki fyrir önnur en færsla í rannsóknardagbók. Þar sagði að farið hafi verið með Albert suður fyrir Hafnarfjörð á þær slóðir sem Erla hafi bent á. Bókað var að Albert hafi ekkert kannast við sig þar.⁴⁸⁸ Í dagbók fangelsisins þennan dag var bókað um komu Guðsteins læknis klukkan 11:50 og viðtöl hans við Einar, Kristján Viðar, Sævar, Tryggva Rúnar og Magnús. Bókað var að smá breytingar hafi verið gerðar á lyfjaskrá. Klukkan 12:25 var bókað um komu Arnar og [HaL], bróður Magnúsar. Var þess getið að farið hafi verið með víxil inn á klefa til Magnúsar til undirritunar.⁴⁸⁹ Klukkan 13:10 var bókað að Tryggvi Rúnar hafi verið færður fram til viðtals við rannsóknarmennina og Örn. Hafi hann verið færður aftur á klefa klukkan 13:45. Rannsóknargögn um viðtalið liggja ekki fyrir önnur en færsla í rannsóknardagbók þar sem sagði að ekkert nýtt hefði komið fram.⁴⁹⁰ Bókað var klukkan 14:10 að Dóra Hlín Ingvarsdóttir lögreglukona hafi komið eftir boðun Sigurbjörns Víðis. Hafi hún farið klukkan 16:40. Rannsóknargögn um yfirheyrsluna liggja ekki fyrir önnur en bókun í rannsóknardagbók Eggerts og Sigurbjörns Víðis. Þar segir að rætt hafi verið við Dóru Hlín Ingvarsdóttur, mágkonu Einars Bollasonar. Bókað var að hún hafi engar upplýsingar geta gefið.⁴⁹¹ Í dagbók fangelsisins við Síðumúla var bókað klukkan 16:45 að [GSbj], dóttir Sigurbjörns Eiríkssonar hafi komið með sendingu til föður síns. Klukkan 17:50 var bókað að Örn hafi komið ásamt Erlu Bolladóttur en þau farið skömmu síðar ásamt Sigurbirni Víði.⁴⁹²
246. Í rannsóknardagbók Eggerts og Sigurbjörns Víðis þennan dag var þess getið að Erla og [SI], eiginkona Einars, hafi rætt saman. Hafi Erla greint henni frá þeirri sögu sem hún hafi staðfest fyrir lögreglu og sagt oftast en einu sinni. Bókað var í rannsóknardagbókina að svo hafi virst sem [SI] tryði Erlu í það minnsta í aðalatriðum.⁴⁹³ Að því loknu hafi verið farið með Erlu í annað sinn suður fyrir Hafnarfjörð.⁴⁹⁴
247. Sunnudaginn 7. mars 1976 var fært til bókar í dagbók fangelsisins að Einar Bollason hafi verið tekinn fram til viðtals við Sigurbjörn Víði klukkan 10:15. Hafi hann verið færður aftur á klefa sinn klukkan 12:05. Klukkan 13:30 var bókað að Einar hafi aftur

⁴⁸⁶ Bls. 1004–1005.

⁴⁸⁷ Bls. 982.

⁴⁸⁸ Bls. 982.

⁴⁸⁹ Dagbók nr. 4, bls. 63.

⁴⁹⁰ Bls. 982 og 1005.

⁴⁹¹ Bls. 982.

⁴⁹² Dagbók nr. 4, bls. 63b.

⁴⁹³ Bls. 983.

⁴⁹⁴ Bls. 1005.

verið tekinn fram til viðtals við Sigurbjörn Víði og færður aftur á klefa klukkan 14:20. Rannsóknargögn um framangreind viðtöl við Einar liggja ekki fyrir. Klukkan 15:15 var bókað að Kristján Viðar hafi verið færður fram til viðtals við Eggert en færður aftur á klefa sinn 20 mínútum síðar. Rannsóknargögn um viðtalið liggja ekki fyrir. Klukkan 16:00 var bókað í dagbókina að Örn hafi talað við Albert Klahn í smá stund inni á klefa. Var þess getið í bókuninni að gæsluvarðhaldsúrskurður yfir Alberti rynni út í dag klukkan 20:16. Klukkan 17:50 var bókað að Einar hafi verið tekinn fram til viðtals við Eggert og Sigurbjörn Víði til klukkan 18:55. Rannsóknargögn um viðtalið liggja ekki fyrir. Þá var Albert Klahn færður til réttarhalds hjá Erni klukkan 19:25.⁴⁹⁵

248. Þennan dag var háð þinghald í sakadómi Reykjavíkur vegna rannsóknar á hvarfi Guðmundar Einarssonar. Í þingbók var bókað að klukkan 19:50 hafi Albert Klahn mætt fyrir dóminn. Kvaðst hann nú vera viss um að hann hafi farið tvær ferðir með lík fyrir þá félagaga Sævar, Kristján Viðar og Tryggva Rúnar. Sagðist Albert ekki hafa vitað í fyrra skiptið hvað hann hafi verið að flytja en í síðara skiptið hafi honum verið sagt að það hafi verið lík. Kvaðst hann ekki muna hvert hann hafi ekið, en taldi að í seinna skiptið hafi hann ekið suður í Kúagerði.⁴⁹⁶ Var Albert úrskurðaður í áframhaldandi gæsluvarðhald í allt að 30 daga. Kvaðst Albert ekki óska eftir því að úrskurðurinn yrði kærður til Hæstaréttar Íslands.⁴⁹⁷
249. Bókað var í fangelsisdagbókina að réttarhaldi yfir Alberti Klahn hafi lokið klukkan 20:05. Klukkan 22:00 var fært til bókar að Einar hafi verið tekinn fram til yfirheyrslu hjá Eggerti og Sigurbirni Víði. Hafi hann verið færður á klefa klukkan 22:20. Rannsóknargögn um yfirheyrsluna liggja ekki fyrir önnur en færsla í rannsóknardagbók Eggerts og Sigurbjörns Víðis þar sem fram kom að Sigurbjörn Víðir hafi rætt mikið við Einar Bollason þennan dag. Bókað var að Einar hafi skýrt frá kynnum sínum af [ÁHE] og fleirum, en út úr því hafi ekki komið neitt sérstakt.⁴⁹⁸ Klukkan 22:40 var bókað að Kristján Viðar hafi verið færður í yfirheyrslu til Eggerts og færður á klefa sinn klukkan 23:10.⁴⁹⁹ Rannsóknargögn um yfirheyrsluna liggja ekki fyrir.
250. Mánudaginn 8. mars 1976 var bókað í dagbók Síðumúlafangelsisins klukkan 09:15 að Örn hafi farið inn á klefa til Alberts og rætt við hann til klukkan 09:50. Rannsóknargögn um vitjunina liggja ekki fyrir. Klukkan 10:00 var bókað að [ÁHE] hafi komið til viðtals við rannsóknarlögrelglumenn. Klukkan 12:40 var bókað að skýrslutöku yfir [ÁHE] hafi lokið. Meðal rannsóknargagna er skýrsla um yfirheyrsluna. Tilefni yfirheyrslunnar var vitneskja rannsóknarlögrelglunnar um að vitnið hafi haft undir höndum og veitt smyglað áfengi sem og kunningsskapur hans við fjóra menn sem sættu gæsluvarðhaldi. Kvaðst vitnið þekkja Sigurbjörn Eiríksson, Magnús Leópoldsson, Einar Bollason og Valdimar Olsen og sagðist telja þá alla til góðra vina sinna, en þó einna helst Valdimar. Kvaðst hann hafa starfað í Klúbbum og

⁴⁹⁵ Dagbók nr. 4, bls. 64.

⁴⁹⁶ Bls. 263.

⁴⁹⁷ Bls. 384_D–E.

⁴⁹⁸ Bls. 982.

⁴⁹⁹ Dagbók nr. 4, bls. 64b.

átt í tékkaviðskiptum við Magnús og Sigurbjörn. Aðspurður um vínveitingar sem hann hafi borið fram í brúðkaupsveislu sinni kvað hann hluta drykkjarfanganna örugglega hafa verið smyglaðan, enda hafi 75% vodki ekki verið seldur í ÁTVR. Kvaðst hann hafa fengið samkomuhúsið Klúbbinn lánað endurgjaldslaust frá Sigurbirni, en hafa sjálfur keypt allt áfengi og greitt starfsfólki laun. Aðspurður sérstaklega um vitneskju sína um smyglað áfengi kvaðst vitnið neita allri vitneskju um slíkt að undanskildu því áfengi sem notað hafi verið í brúðkaupsveislunni.⁵⁰⁰ Í rannsóknardagbók Eggerts og Sigurbjörns Víðis var jafnframt bókað að ekkert nýtt hafi komið fram hjá vitninu, en hann hafi viðurkennt að hafa í brúðkaupsveislu sinni veitt smyglað áfengi. Þá var bókað um upplýsingar sem vitnið hafi veitt lögreglu þess efnis að eldur sem komið hafi upp í Klúbbinum fyrir nokkru hafi verið af mannavöldum og hefðu starfsmenn Klúbbsins haft uppi á brennuvarginum. Var þess getið að lögreglu hafi ekki verið kunnugt um þetta.⁵⁰¹

251. Sama dag, 8. mars 1976, var yfirheyrð sem vitni [SIJ], húsmóðir og nemandi á saumavélanámskeiði á vegum Pfaff ásamt [SI], eiginkonu Einars Bollasonar. Kvaðst vitnið muna að tími hafi fallið niður 5. nóvember 1974 og hafi sá tími verið haldinn í staðinn laugardaginn 9. nóvember sama ár. Minnti vitninu að sá tími hafi verið lokatími námskeiðsins en sagði samnemendur sína ekki hafa samsinnt því. Kvaðst vitnið ekki muna nákvæmlega dagsetningar, enda hefði hún engar kvittanir eða slíkt um námskeiðið til að styðjast við.⁵⁰² Í beinu framhaldi var [RMS] yfirheyrð. Sótti hún einnig umrætt saumavélanámskeið. Kvaðst hún hafa haft það eftir [ErH], námskeiðskennara, að ólíklegt væri að lokatími námskeiðsins hafi verið strax þriðjudaginn 12. nóvember 1974 vegna verkefna sem nemendum hafi verið lagt fyrir á laugardeginum að vinna heima. Minnti vitninu sem það hafi frekar verið á námskeiðinu þriðjudaginn 19. nóvember 1974, en kvaðst ekki vera viss.⁵⁰³
252. Í rannsóknardagbókina var bókað að eftir hádegi þennan dag að Eggert hafi rætt við Kristján Viðar og Sigurbjörn Víðir hafi rætt við Sævar. Síðan hafi Eggert rætt við [HJÞ]. Bókað var að um kvöldið hafi verið farið með Kristján Viðar í ökuferð til Keflavíkur til þess að sýna honum öðru sinni staðhætti í Dráttarbrautinni. Bókað var að ferðin hafi verið farin að beiðni Kristjáns Viðars.⁵⁰⁴
253. Þriðjudaginn 9. mars 1976 var bókað í dagbók Síðumúlafangelsisins að Kristján Viðar hafi verið tekinn til yfirheyrslu klukkan 12:10 af Eggerti. Á sama tíma hafi Sigurbjörn Víðir farið inn á klefa til Sævars. Klukkan 13:25 var bókað í dagbókina að Sigurbjörn Víðir hafi farið að sækja sálfræðing. Tíu mínútum síðar var bókað um komu móður Sævars með sendingu til hans. Þá hafi hún tekið óhrein föt af syni sínum.⁵⁰⁵ Lét færsluritari þess getið að tóbakið sem móðir Sævars hafi komið með hafi verið sett upp í skáp Sævars, enda fengi hann ekki tóbak. Klukkan 14:08 var bókað að Kristján

⁵⁰⁰ Bls. 477–478.

⁵⁰¹ Bls. 983.

⁵⁰² Bls. 479.

⁵⁰³ Bls. 480.

⁵⁰⁴ Bls. 1006.

⁵⁰⁵ Dagbók nr. 4, bls. 65b.

Viðar hafi verið færður á klefa sinn aftur eftir yfirheyrslu. Meðal rannsóknargagna er skýrsla um yfirheyrsluna. Í upphafi var bókað að síðast hafi verið tekin skrifleg skýrsla af Kristjáni Viðari 2. mars síðastliðin en þá hafi hann sagt fyrri skýrslur sínar alrangar. Hafi Kristján Viðar sagst hafa hugsað málið síðan þá og komist að þeirri niðurstöðu að þetta væri ekki með öllu rétt. Þá var haft eftir Kristjáni Viðari að honum hafi verið tjáð að Erla hafi sagt hann hafa komið í bifreið við Vatnsstíg kvöldið sem hann hafi átt að hafa farið til Keflavíkur. Þegar honum hafi verið bent á þetta atriði hafi rifjast ýmislegt upp fyrir honum. Kvaðst hann muna greinilega eftir því að hafa að kvöldi til sest upp í fólksbifreið sem hafi verið kyrrstæð við Vatnsstíg, á milli Laugavegs og Hverfisgötu. Hafi hann komið aftan að bifreiðinni og sest í aftursætið við hlið Erlu. Minnti hann að sætin hafi verið fremur lítil og þröng. Hafi Sævar setið í framsætinu en Kristján Viðar kvaðst ekki getað fullyrt um hver hafi setið undir stýri. Taldi hann sig þó hafa í það minnsta kannast við þann aðila. Ekið hafi verið út úr borginni og stöðvað í eða við Dráttarbraut. Kvaðst Kristján Viðar vera nú algjörlega viss um að það hafi verið Dráttarbraut Keflavíkur. Var bókað eftir Kristjáni að farið hafi verið með hann nú öðru sinni til Keflavíkur í myrkri og að Dráttarbrautinni. Væri hann alveg viss um að það væri sá staður sem hann hafi ekið til í bifreiðinni af Vatnsstígnum. Sagði Kristján Viðar að hann, Sævar og ökumaðurinn hafi farið út úr bifreiðinni en var ekki viss með Erlu. Fleiri menn hafi verið fyrir í Dráttarbrautinni en Kristján Viðar kvaðst ekki vilja fullyrða með vissu hversu margir, en kvaðst þó halda að þeir hafi verið þrír. Kvaðst Kristján Viðar muna mjög óljóst eftir atvikum og gæti ekki munað eftir því að hafa farið í bátsferð eða hafa séð bát þarna við bryggju. Kvaðst Kristján Viðar aftur á móti hafa þekkt bryggjuna við Dráttarbrautina aftur þegar hann hafi séð hana í myrkri og einnig hvernig svæðið hafi verið lýst upp.⁵⁰⁶ Þá kvaðst hann muna það orðið greinilega að einhver maður hafi sagt sér að bíða upp við bát sem hafi staðið í Dráttarbrautinni og hafi hann þá staðið í skugganum við bátinn. Kvaðst Kristján Viðar muna eftir því að hafa ætlað að færa sig eitthvað úr stað, en þá hafi komið maður sem hafi sagt sér að vera kjurr. Báturinn hafi verið nokkuð ofan við bryggjuna og kvaðst Kristján Viðar muna eftir að hafa séð til mannaferða efst á bryggjunni. Hvað frekar hafi gerst þarna gæti hann enn sem komið væri ekki munað. Kvaðst hann þó muna að þegar hann hafi farið af staðnum hafi hann hlaupið yfir Dráttarbrautina og stokkið yfir lágu, steyptu garðana sem lægju þvert á brautina og bátarnir stæðu á. Þá myndi hann eftir því að um það leyti hafi menn dreift sér eins og leita ætti að einhverjum. Kvaðst Kristján Viðar ekki geta munað hvaða fólk hafi farið með honum aftur til Reykjavíkur, en taldi það hafa verið sama hóp og hafi farið suður eftir. Þá kvaðst hann ekki viss um að hafa farið í sömu bifreið til baka. Ítrekaði Kristján Viðar að hann gæti ekki gert sér grein fyrir hvað hafi verið aðhafst í Dráttarbrautinni, en sagðist alveg viss um að það hafi varðað við lög. Kvaðst hann muna eftir því að hafa sest í aftursæti bifreiðar, hallað sér fram og spurt hvort þeim yrði nokkuð blandað í þetta. Hafi honum þá verið svarað að svo yrði ekki. Kvaðst Kristján Viðar alveg viss um að honum hafi verið mikið í mun um að vera ekki blandað í eitthvað, sem hann kvaðst þó ekki muna hvað hafi verið. Persónulega þætti honum sem þetta ferðalag hafi staðið í einhverju sambandi við

⁵⁰⁶ Bls. 481.

spíritus, þó svo hann myndi það ekki. Bókað var eftir Kristjáni Viðari að í nóvember 1974 hafi hann neytt lyfja í miklu óhófi og væri minni hans því mjög slæmt á köflum, líkt og eftir mikla áfengisdrykkju. Kvaðst hann best muna eftir atvikum ef hann hugsaði sérstaklega um þau og ef honum væri bent á einhver atriði þá væri líkt og minnið yrði skýrara. Kvaðst Kristján Viðar ekki treysta sér til þess að segja til um hverjir hafi verið staddir í Dráttarbrautinni þessa nótt auk hans og Sævars. Sagðist hann þó viss um að hann hafi þekkt eða kannast þar við fleiri, þó svo hann gæti ekki munað núna hverjir það hafi verið. Kvaðst hann muna eftir því að þegar mennirnir hafi dreift sér um svæðið hafi einn mannanna sagt skipandi að hann skyldi grípa hann ef hann hlypi fram hjá. Greindi Kristján Viðar frá því að honum hafi ekki þótt þetta skrítið og því hafi hann vafalaust vitað við hvern hafi verið átt. Fullyrti Kristján Viðar að nafnið Geirfinnur segði sér ekkert í þessu sambandi, í það minnsta ekki fram að þessu. Kvaðst hann ekki muna eftir að hafa heyrt neinar sögur um á hvern hátt Geirfinnur hafi horfið. Í lok skýrslunnar var bókað að Kristján Viðar hafi greint frá því að samfangi sinn á Litla Hrauni, [SAn], hafi sagst hafa séð Geirfinn og [ES], son Sigurbjörns Eiríkssonar, tala saman í Klúbbinum. Hafi [SAn] lýst því þannig að [ES] hafi lent í vandræðum í sambandi við hvarf Geirfinns. Annað sagðist Kristján Viðar ekki hafa heyrt um hvarf Geirfinns, nema það sem hann hafi lesið í blöðunum.⁵⁰⁷

254. Klukkan 14:30 þennan sama dag, 9. mars 1976, var bókað í fangelsisdagbókina að Sigurbjörn Víðir hafi komið með Geir Vilhjálmsson sálfræðing til að tala við Albert Klahn. Hafi Albert verið færður fram til viðtals við Geir og aftur á klefa sinn klukkan 15:50. Fimm mínútum síðar var bókað í fangelsisdagbókina að sálfræðingurinn hafi farið, en kæmi aftur á fimmtudag og tæki þá Albert til viðtals í tvær klukkustundir. Rannsóknargögn um sálfræðiviðtalið liggja ekki fyrir. Bókað var í dagbókina að Sævar hafi verið tekinn fram til yfirheyrslu um klukkan 17:00. Klukkan 17:15 var bókað að [HeS], dóttir Sigurbjörns, hafi komið með sendingu til föður síns á klefa númer 20. Klukkan 17:45 var bókað að Sævar hafi verið færður aftur á klefa sinn. Rannsóknargögn um yfirheyrsluna liggja ekki fyrir. Á sama tíma hafi Einar Bollason verið tekinn fram til viðtals við Ingvar Björnsson, réttargæslumann sinn, til klukkan 18:10. Hafi Einar þá verið færður á klefa sinn og Sigurbjörn Eiríksson tekinn fram til viðtals við Jón Ólafsson, lögmann sinn. Klukkan 18:25 var bókað um símtal [GuBo], föður Einars, sem hafi beðið fyrir alúðarkveðju til sonar síns. Bókað var að Jón Ólafsson, lögmaður, hafi farið klukkan 18:45 og hafi Sigurbjörn Eiríksson verið færður á klefa sinn 20 mínútum síðar. Þá hafi Magnús Leópoldsson verið færður fram til viðtals við réttargæslumann sinn til klukkan 19:50. Bókað var klukkan 19:10 að Jón Oddsson, réttargæslumaður Sævars, hafi komið. Klukkan 20:10 var bókað að Sævar hafi verið tekinn fram til viðtals við réttargæslumann sinn í áheyrn Eggerts. Klukkan 21:20 var bókað að Sævar hafi verið færður inn á klefa sinn. Bókað var í fangelsisdagbókina klukkan 22:30 að Eggert og Sigurbjörn Víðir hafi farið út í leiðangur með Einar Bollason í tuttugu mínútur. Hafi Einar verið settur aftur á klefa klukkan 23:00. Meðal rannsóknargagna er skýrsla Eggerts Bjarnasonar dagsett 10. mars 1976 um ferð kvöldið áður í hús Sjóнварpsins við Laugaveg með Einar Bollason.

⁵⁰⁷ Bls. 483.

Þar segir að Einari hafi verið sýndur fimm mínútna kafla úr íþróttakvikmyndinni Íshafsleikarnir sem hafi verið sýnd seint á dagskrá sjónvarpsins 19. nóvember 1974. Var þess getið að áður en Einari hafi verið sýndur kafla úr myndinni hafi Eggert og Sigurbjörn Víðir horft á alla myndina.⁵⁰⁸

255. Miðvikudaginn 10. mars 1976 var bókað í dagbók fangelsisins við Síðumúla að Kristján Viðar hafi verið færður til viðtals klukkan 09:40 við réttargæslumann sinn, Pál Arnór Pálsson. Á sama tíma var fært til bókar að hringt hafi verið í séra Jón Bjarman fangelsisprest fyrir Magnús Leópoldsson.⁵⁰⁹ Klukkan 10:35 var bókað að Kristján Viðar hafi verið færður aftur á klefa sinn. Bókað var klukkan 10:47 að Einar Bollason hafi verið færður til yfirheyrslu hjá Eggerti og Sigurbirni Víði. Þá var þess getið að Örn hafi hringt og sagt séra Jón mega tala við Magnús Leópoldsson í 15 mínútur. Færsluritari bókaði að hann hafi spurt Örn um klippingu á Kristjáni Viðari, en Örn hafi ekki viljað leyfa það að svo stöddu. Klukkan 11:45 var Einar færður aftur á klefa sinn að yfirheyrslu lokinni. Rannsóknargögn um yfirheyrsluna liggja ekki fyrir önnur en skýrsla Eggerts dagsett sama dag. Þar segir að rætt hafi verið við Einar um efni kvikmyndarinnar Íshafsleikarnir, sem getið er að framan, og hafi hann lýst efni myndarinnar að nokkru. Hafi hann nefnt þar nokkur atriði sem hafi verið sýnd í myndinni, en einnig atriði sem ekki hafi verið í myndinni. Kvaðst Einar örugglega hafa séð þessa kvikmynd þegar hún hafi verið sýnd í sjónvarpinu á sínum tíma, en honum ekki þótt hún áhugaverð eða skemmtileg. Að auki hafi hann nokkrum sinnum þurft að fara í símann á meðan sýningu myndarinnar stóð. Af þeim sökum hafi hann ekki talið sig muna nánar eftir efni myndarinnar.⁵¹⁰
256. Í dagbók fangelsisins þennan dag var bókað um komu séra Jóns Bjarman klukkan 18:00 og þess getið að hann hafi rætt við Magnús Leópoldsson í 15 mínútur. Klukkan 23:05 var bókað að Sævar hafi verið tekinn fram til yfirheyrslu. Á miðnætti var bókað að yfirheyrslu yfir Sævari hafi lokið og Sigurbjörn Víðir farið um hálf tíma síðar. Rannsóknargögn um yfirheyrsluna liggja ekki fyrir.⁵¹¹
257. Fyrir liggur upplýsingaskýrsla Eggerts Bjarnasonar dagsett sama dag, 10. mars 1976. Í skýrslunni voru raktar upplýsingar um rannsókn á póstsvikamálinu og hvarfi Guðmundar Einarssonar. Þá sagði að um miðjan janúar hafi Erla Bolladóttir tjáð Eggerti, Sigurbirni Víði og Erni að hún hafi orðið fyrir ónæði af símhringingum og væri hrædd. Af því tilefni hafi hún mætt til viðtals við Örn og Sigurbjörn Víði í fangelsið við Síðumúla að kvöldi 21. janúar 1976. Þar hafi hún skýrt frá því að nokkrum sinnum undanfarna daga og nætur hafi verið hringt í síma móður hennar þar sem hún hafi dvalið. Er hún hafi svarað í símann hafi enginn talað en þó hafi virst sem einhver hafi verið í símanum. Hafi Erla tjáð þeim að einu sinni hafi karlmaður talað og óbeinlínis haft í hótunum við hana. Hafi maðurinn spurt Erlu hvort henni fyndist hún ekki vera búin að gera nóg. Hafi maðurinn bent henni á að vara sig en þó sagt að henni væri óhætt fram að ákveðnum mánaðardegi. Systir Erlu, sem búsett hafi verið á

⁵⁰⁸ Bls. 484.

⁵⁰⁹ Dagbók nr. 4, bls. 66–66b.

⁵¹⁰ Bls. 484.

⁵¹¹ Dagbók nr. 4, bls. 66b.

Hawaii, hafi dvalið hjá móður Erlu á þessum tíma og ætlað af landi brott þennan tiltekna mánaðardag. Hafi Erla því talið fremur ósennilegt að einhver ókunnugur fjölskyldunni myndi hafa bent á þennan ákveðna dag.⁵¹² Í skýrslunni sagði að Örn og Sigurbjörn Víðir hafi margspurt Erlu hvern eða hverja hún teldi sig vera svona hrædda við. Hafi hún þá nefnt nöfn þriggja manna, Einars Bollasonar, Sigurbjörns Eiríkssonar og [JR]. Þegar Erla hafi verið spurð hvers vegna hún væri hrædd við þessa menn hafi hún sagt það vera í sambandi við hið svokallaða Geirfinnsmál. Nánar aðspurð hafi Erla skýrt frá vitneskju sinni um það mál og var tekin af henni skrifleg skýrsla 23. janúar 1976. Þá sagði í skýrslunni að á sama tíma og Erla hafi skýrt frá þessu, en áður en skrifleg skýrsla var tekin af henni, hafi Eggert talað við Sævar. Hafi hann tjáð Sævari að Erla væri hrædd við einhverja aðila, en ekki gefið honum til kynna hverjir það væru. Hafi þá Sævar sagst halda að Erla myndi vera hrædd við ákveðna menn og nafngreint þá sömu og Erla. Í framhaldi af þessu hafi verið tekin skrifleg skýrsla af Sævari og síðan af Erlu daginn eftir. Hafði þá komið fram að Kristján Viðar væri viðriðinn málið og því hafi einnig verið tekin skýrsla af honum. Í upplýsingaskýrslunni var svo rakinn aðdragandi þess að Einar, Magnús, Valdimar og síðar Sigurbjörn Eiríksson hafi verið handteknir vegna málsins.⁵¹³ Fram kom að rannsóknin hafi meðal annars beinst að hugsanlegum fjarvistasönnunum fjórmeninganna á þeim tíma er síðast sást til Geirfinns og voru þau atriði rakin. Þá voru dregnar saman niðurstöður rannsóknartilvika sem falin voru Hauki Guðmundssyni, rannsóknarlögreglumanni í Keflavík. Þess var getið að Erla, Sævar og Kristján Viðar hafi öll verið látin lýsa sjálfstætt staðhættum á þeim stað sem þau hafi sagst hafa farið á og talið vera í Keflavík. Lýsingar þeirra hafi allar komið heim og saman við staðhætti í og við Dráttarbrautina í Keflavík. Tekið var fram að það hafi að sjálfsögðu verið gert áður en farið hafi verið með hvert og eitt þeirra til Keflavíkur og án þess að einhverju þeirra hafi verið sagt fyrirfram hvernig lýsing annars hafi verið. Gerð var grein fyrir ábendingum og upplýsingum sem rannsóknarlögreglunni hafi borist varðandi hugsanleg tengsl gæsluvarðhaldsfanganna við smygl á áfengi. Loks var þess getið að Erlu, Sævari og Kristjáni Viðari hafi verið sýndar ljósmyndir af nokkrum mönnum sem hugsanlega kæmu málinu við, þar á meðal ljósmynd af Geirfinni Einarssyni sem hafi verið mikið nýrri en sú sem birt var í fjölmiðlum á sínum tíma. Bókað var í skýrsluna að ekki hafi fengist á því fullnægjandi skýring hvers vegna sú ljósmynd hafi ekki verið birt.⁵¹⁴

258. Fimmtudaginn 11. mars 1976 var bókað í dagbók Síðumúlafangelsisins að Valdimar Olsen hafi verið færður fyrir rétt klukkan 10:15 og aftur á klefa klukkan 10:25. Þá hafi Einar verið færður fyrir rétt klukkan 10:30 og aftur á klefa klukkan 10:45. Klukkan 10:55 var bókað að Magnús hafi verið færður fyrir rétt og aftur á klefa klukkan 11:10.⁵¹⁵ Þennan dag var háð þinghald í sakadómi Reykjavíkur vegna rannsóknar á hvarfi Geirfinns Einarssonar. Af hálfu ákærvaldsins sótti þing Hallvarður Einvarðsson, vararíkissaksóknari og Njörður Snæhólm, aðalvarðstjóri. Fyrir dóminn

⁵¹² Bls. 485.

⁵¹³ Bls. 486.

⁵¹⁴ Bls. 492.

⁵¹⁵ Dagbók nr. 4, bls. 67.

komu Valdimar, Einar og Magnús. Bókað var í þingbók að þeir hefðu ekki neinu að breyta í framburðum sínum frá 26. janúar 1976. Af hálfu ákærvaldsins var þess krafist að gæsluvarðhald yfir þremmingunum yrði framlengt og hafin ítarleg dómsrannsókn á sakarefni málsins. Var kröfunni mótmælt af hálfu allra kærðu. Fram kom í úrskurðum sakadóms að rannsókn málsins væri enn ekki nærri lokið. Fara þyrfti fram dómsrannsókn með sakbendingum og samprófunum auk þess sem nauðsynlegt væri að prófa fyrir dómi þau gögn sem fram hafi komið við lögreglurannsóknina varðandi hugsanlegar fjarvistir kærðu umrætt kvöld. Voru Valdimar, Einar og Magnús Leópoldsson allir úrskurðaðir í 30 daga áframhaldandi gæsluvarðhald.⁵¹⁶

259. Í dagbók fangelsisins þennan dag var bókað klukkan 11:00 að Jón Zoëga, réttargæslumaður Valdimars, hafi komið með gos og hársápu fyrir skjólstæðing sinn. Klukkan 11:15 var bókað að Ómar, blaðamaður hjá Dagblaðinu, hafi komið og talað við Örn í fimm mínútur. Þá hafi Hafsteinn Baldvinsson, réttargæslumaður Magnúsar, farið inn á klefa til skjólstæðings síns ásamt Eggerti klukkan 12:10. Fimm mínútum síðar var bókað að Sævar hafi verið færður fyrir rétt. Fyrir liggur að þennan dag hafi verið háð þinghald í sakadómi Reykjavíkur vegna rannsóknar á hvarfi Guðmundar Einarssonar. Var bókað í þingbók að Sævar hafi kvaðst ekki hafa neitt nýtt fram að færa vegna máls þessa. Var Sævar úrskurðaður í áframhaldandi gæsluvarðhald í allt að 90 daga.⁵¹⁷ Í dagbók fangelsisins var bókað að Sævar hafi verið færður aftur á klefa sinn klukkan 12:25. Klukkan 12:40 var bókað að Ingvar Björnsson, réttargæslumaður Einars, hafi komið með sígarettur til hans. Þá hafi Albert Klahn verið færður fyrir Geir Vilhjálmsson, sálfræðing, klukkan 15:08.⁵¹⁸ Var Albert færður á klefa sinn klukkan 17:20. Lét færsluritari þess getið að í kjölfarið hafi hafist sex augna samtal rannsóknarlögreglumanna og sálfræðingsins, eins og það er orðað í dagbókinni.
260. Föstudaginn 12. mars 1976 var bókað í dagbók fangelsisins við Síðumúla að Magnús hafi verið færður fram til viðtals við Hafstein Baldvinsson, réttargæslumann sinn, í áheyrn Sigurbjörns Víðis klukkan 11:50. Var Magnús færður aftur á klefa sinn klukkan 12:05. Klukkan 12:55 var bókað um komu Geirs Vilhjálmssonar, sálfræðings. Fimm mínútum síðar var þess getið í fangelsisdagbók að Sigurbjörn Víðir og Geir hafi farið í ferðalag, eins og það er orðað í færslunni. Þennan dag klukkan 15:25 var bókað að Jón Oddsson, réttargæslumaður Sævars, hafi hringt og sagst ætla að tala við skjólstæðing sinn að beiðni Arnar. Klukkan 16:45 hafi Sævar verið færður til viðtals við réttargæslumann sinn í áheyrn Sigurbjörns Víðis. Tæpri klukkustund síðar hafi Sævar verið færður á klefa sinn. Klukkan 17:40 var bókað í fangelsisdagbókina að amma Kristjáns Viðars hafi komið með sendingu til hans.⁵¹⁹ Bókað var um komu Ingvars Björnssonar, réttargæslumanns Einars, og Hafsteins Baldvinssonar, réttargæslumanns Magnúsar, en þeir höfðu báðir með sér fata- og ávaxtasendingar til skjólstæðinga sinna. Auk þess hafi fylgt með bréf frá eiginkonu Magnúsar. Klukkan 18:20 hafi Einar Bollason verið færður til viðtals við réttargæslumann sinn í áheyrn

⁵¹⁶ Bls. 492_A–J.

⁵¹⁷ Bls. 265–266.

⁵¹⁸ Dagbók nr. 4, bls. 67.

⁵¹⁹ Dagbók nr. 4, bls. 68.

Sigurbjörns Víðis og aftur á klefa sinn 20 mínútum seinna. Klukkan 18:25 var bókað um komu Arnar Clausen, réttargæslumanns Alberts, með umboð til undirritunar til handa föður hans vegna húsaviðskipta. Klukkan 18:45 hafi Magnús verið færður til viðtals við réttargæslumann sinn til klukkan 19:30. Fimm mínútum síðar hafi Sigurbjörn Eiríksson verið færður til viðtals við Inga Ingimundarson, réttargæslumann sinn, til klukkan 20:30. Bókað var að Valdimar Olsen hafi verið færður til viðtals við Jón Zoëga í áheyrn Sigurbjörns Víðis klukkan 20:40 í tíu mínútur.⁵²⁰

261. Þennan dag, 12. mars 1976, birtist frétt í Dagblaðinu undir yfirskriftinni: „Geirfinnsmálið á nýtt stig: Minnisleysi alvarlegt og útbreitt í fangelsinu í Síðumúla.“ Fram kom að kaflaskil hafi orðið í þessu hrollvekjumáli, eins og það var orðað, þegar Örn Höskuldsson kvað upp úrskurð um áframhaldandi gæsluvarðhald yfir þremur af þeim fjórum sem sæta gæsluvarðhaldi vegna meintrar aðildar að hvarfi Geirfinns. Í fréttinni sagði að það næsta skref væri að ríkissaksóknari myndi skipa dómara í málið og síðan hæfist hin eiginlega dómsrannsókn sem væri frábrugðin lögreglurannsókn að því leyti að nú gæfist réttargæslumönnum færi á að spyrja vitni og fylgjast með framgangi málsins. Lítið væri vitað um gang rannsóknarinnar, enda væri minnisleysi alvarlegt og nokkuð útbreitt vandamál í fangelsinu við Síðumúla þessa dagana. Þá sagði að ljóst væri að Sævar og Kristján væru flæktir í bæði hvarf Geirfinns og Guðmundar Einarssonar, sem þeir hafi raunar viðurkennt að hafa orðið að bana.⁵²¹
262. Laugardaginn 13. mars 1976 var bókað í dagbók fangelsisins við Síðumúla klukkan 13:45 hafi verið bókað að Albert hafi verið færður fram til viðtals við Geir Vilhjálmsson, sálfræðing. Klukkan 15:10 var þess getið að Örn, Sigurbjörn Víðir og Geir hafi farið með Albert í ferðalag, eins og það var orðað. Klukkan 16:20 var bókað í fangelsisdagbókina að Tryggvi Rúnar hafi fengið sendingu af ávöxtum og öli frá [Ómari] bróður sínum. Þá kom [LeJ] faðir Magnúsar með sængurföt og bók fyrir hann klukkan 17:45. Klukkan 18:05 var bókað að Örn, Sigurbjörn Víðir og Geir hafi komið með Albert úr ferðalaginu. Rannsóknargögn um ferðalagið liggja ekki fyrir. Bókað var klukkan 19:30 að Hafsteinn Baldvinsson, réttargæslumaður Magnúsar, hafi hringt og óskað eftir að fá að ræða við skjólstæðing sinn í síma en verið neitað. Klukkan 21:15 var Magnús tekinn fram til viðtals við réttargæslumann sinn í 15 mínútur í áheyrn Sigurbjörns Víðis.⁵²²
263. Sunnudaginn 14. mars 1976 var fært til bókar í dagbók Síðumúlafangelsisins að [JÓC] bróðir Sævars hafi komið með sendingu til hans klukkan 17:45.⁵²³
264. Mánudaginn 15. mars 1976 var bókað í dagbók fangelsisins að Geir Vilhjálmsson, sálfræðingur, hafi komið klukkan 15:30 og tekið Albert til sálgreiningar og sefjunar til klukkan 18:30. Bókað var að Geir hafi farið klukkan 18:45 og beðið fangaverði fyrir segulbandsspólur merktar Erni Höskuldssyni.⁵²⁴ Klukkan 21:30 var bókað að Kristján

⁵²⁰ Dagbók nr. 4, bls. 68b.

⁵²¹ Bls. 493.

⁵²² Dagbók nr. 4, bls. 69.

⁵²³ Dagbók nr. 4, bls. 69b.

⁵²⁴ Dagbók nr. 4, bls. 69b.

Viðar hafi verið tekinn fram til viðtals við Sigurbjörn Víði en færður aftur á klefa klukkan 22:40. Rannsóknargögn um viðtalið liggja ekki fyrir.⁵²⁵

265. Þriðjudaginn 16. mars 1976 var bókað í dagbók Síðumúlafangelsisins að talað hafi verið við séra Jón Bjarman klukkan 09:25 um heimsókn til Magnúsar Leópoldssonar að hans beiðni. Klukkan 09:50 var bókað um komu Sigurbjörns Víðis sem hafi sótt segulbandsspólur frá Geir Vilhjálmsyni, sálfræðingi, með upptöku af viðtali hans við Albert. Klukkan 11:50 var bókað að séra Jón hafi hringt eftir að hafa rætt við Örn. Hafi viðtali hans við Magnús verið frestað til morguns vegna komu réttargæslumanna í dag.⁵²⁶ Klukkan 18:08 var Sigurbjörn Eiríksson færður fram til viðtals við Inga Ingimundarson réttargæslumann sinn í áheyrn Sigurbjörns Víðis. Klukkan 18:30 var bókað að Sigurbjörn hafi verið færður aftur á klefa sinn. Bókað var klukkan 19:15 að Einar hafi verið færður til viðtals við Ingvar Björnsson, réttargæslumann sinn, í áheyrn Sigurbjörns Víðis. Þá var bókað í fangelsisdagbókina klukkan 20:30 að [BaH], sonur Hafsteins Baldvinssonar, réttargæslumanns Magnúsar, hafi komið með sendingu til hans í umboði föður síns sem var veikur. Klukkan 20:35 var bókað að Sigurbjörn Víðir hafi tekið Sævar til viðtals í fimm mínútur. Því næst hafi hann tekið Kristján Viðar til viðtals klukkan 20:45. Hafi Kristján Viðar verið færður aftur á klefa klukkan 20:50. Rannsóknargögn liggja ekki fyrir um viðtölin. Klukkan 23:50 var bókað í fangelsisdagbókina að hringt hafi verið í Sigurbjörn Víði að beiðni Kristjáns Viðars sem óskaði eftir viðtali. Klukkan 00:25 var Kristján Viðar tekinn til viðtals við Sigurbjörn Víði til klukkan 01:25. Rannsóknargögn liggja ekki fyrir um viðtalið.
266. Meðal rannsóknargagna er skýrsla dagsett þennan dag um yfirheyrslu yfir [SAn], fyrrum samfanga Kristjáns Viðars á Litla-Hrauni. Tílefni yfirheyrslunnar var framburður Kristjáns Viðars um að [SAn] hafi sagst hafa heyrt á tal [ES] sonar Sigurbjörns Eiríkssonar og Geirfinns í Klúbbinum og að [ES] hafi lent í vandræðum í sambandi við hvarf Geirfinns. Kvaðst [SAn] neita því algjörlega að hafa sagt þetta og sagðist ekki einu sinni þekkja [ES] í sjón. Geirfinn þekkti hann hins vegar töluvert þar sem [GSig], eiginkona Geirfinns, hafi alist upp með systur sinni. Kvaðst hann enga hugmynd hafa um á hvaða hátt Geirfinnur hafi horfið.⁵²⁷
267. Miðvikudaginn 17. mars 1976 var bókað klukkan 10:00 í dagbók fangelsisins við Síðumúla að pöntuð hafi verið lyf, Naprosin, Diazepam 10 mg, Librax 100 stykki, og 1 líter Chloral. Lét færsluritari þess getið að lækurinn hafi spurt um líðan og matarlyst Magnúsar. Kvaðst færsluritari hafa talið líðan hans góða eftir hætti og matarlyst nægilega og hafi lækurinn verið ánægður með það. Klukkan 10:20 var bókað í fangelsisdagbókina um samtal færsluritara við Örn. Hafði færsluritari lagt það til að ákveðinn yrði fastur heimsóknartími fyrir séra Jón Bjarman fangelsisprest með hæfilega löngu millibili. Bókað var að Örn hafi ekki fallist á að skapa fasta reglu þar um. Klukkan 10:50 var bókað um símtal frá Sigurbirni Víði með skilaboðum um að heimilt væri að klippa hár Kristjáns Viðars og Magnúsar. Bókaði færsluritari klukkan 11:40 að hann hafi rætt við Örn og heimilt væri að láta klippa allt stóðið, eins og það

⁵²⁵ Dagbók nr. 4, bls. 70.

⁵²⁶ Dagbók nr. 4, bls. 70.

⁵²⁷ Bls. 494.

var orðað í færslunni, eða þá sem það vildu. Klukkan 14:40 var bókað að Páll Arnór Pálsson, réttargæslumaður Kristjáns Viðars, hafi hringt og spurt um líðan skjólstæðings síns. Kvaðst hann mundu koma á föstudag til viðtals við Kristján.⁵²⁸ Klukkan 15:40 var fært til bókar í dagbók fangelsisins að séra Jón Bjarman hafi komið til viðtals við Magnús og Einar. Hafi hann rætt við hvorn um sig í 15 mínútur. Klukkan 23:05 var bókað að Sigurbjörn Víðir hafi rætt við Kristján Viðar í um 45 mínútur inni á klefa Kristjáns að hans ósk. Rannsóknargögn um viðtalið liggja ekki fyrir.⁵²⁹

268. Fimmtudaginn 18. mars 1976 var bókað í dagbók Síðumúlafangelsisins að Kristján Viðar hafi verið tekinn fram til yfirheyrslu hjá Sigurbirni Víði. Fyrir liggur skýrsla þar sem fram kemur að yfirheyrslan hafi farið fram að ósk Kristjáns Viðars sem hafi látið hringja til Sigurbjörns Víðis í gærkvöldi og beðið um viðtal við hann. Bókað er að Sigurbjörn Víðir hafi rætt við Kristján Viðar og skýrslan hafi verið gerð í tilefni af því samtali. Kvaðst Kristján Viðar hafa hugsað töluvert um ferðina til Keflavíkur frá því síðast hafi verið tekin af honum skrifleg skýrsla. Af þeim sökum hafi hann óskað eftir því að tekin væri af honum skýrsla nú. Kvaðst Kristján ekki vilja fullyrða það, en honum hafi fundist sem Valdimar Olsen hafi verið í Dráttarbrautinni. Þá hafi einnig verið þar hávaxinn maður sem honum hafi fundist hafa verið Einar Bollason, en vildi þó ekki fullyrða um það að svo komnu máli. Kvaðst hann manninn hafa sagt við sig að hann ætti að gleyma því hvað hafi skeð þarna í Keflavík. Kristján Viðar kvaðst ekki muna enn nánar um ferðina sjálfa. Mundi hann eftir því að eitthvað hafi verið sett í bifreiðina sem hann hafi farið í til Reykjavíkur, en taldi það ekki hafa verið sömu bifreið og hann hafi farið í suður eftir. Kristján fullyrði að ekki hafi það verið lík heldur einhvers konar varningur og hafi hann aðstoðað við að koma honum fyrir í bifreiðinni. Kvaðst hann einnig telja sig muna eftir Sigurbirni Eiríkssyni á staðnum, en vildi ekki fullyrða það frekar en um hina tvo.⁵³⁰ Bókað var í fangelsisdagbókina að Kristján Viðar hafi verið færður aftur á klefa klukkan 15:15. Klukkan 15:40 var bókað að Eggert hafi farið eftir að hafa skrifað skýrslu um yfirheyrsluna yfir Kristjáni Viðari. Var þess getið að faðir Einars hafi hringt og beðið fyrir kveðju til sonar síns. Þá hafi [SI] eiginkona Einars jafnframt hringt, spurt um líðan hans og beðið fyrir kveðju.⁵³¹
269. Föstudaginn 19. mars 1976 var fært til bókar í dagbók fangelsisins að Guðsteinn læknir hafi komið klukkan 10:30 í 45 mínútur og litið á Sævar, Kristján Viðar, Einar og Magnús. Hafi hann gert lítilsháttar breytingar á lyfjum hjá Einari, Magnúsi og Kristjáni Viðari. Klukkan 11:30 var bókað um komu Geirs Vilhjálmssonar, sálfræðings, til viðtals við Albert Klahn. Lét færsluritari þess getið að skömmu síðar hafi hann talað við Örn um ákveðið atriði sem Albert hafi sagt sér frá. Hafi Örn verið ánægður með það. Klukkan 12:40 var bókað að Eggert hafi komið og skoðað spjald [SSA] frá 28. apríl 1975. Meðal rannsóknargagna er skýrsla um yfirheyrslu rannsóknarlögreglunnar yfir [SSA] dagsett þennan dag, 19. mars 1976. Tilefni

⁵²⁸ Dagbók nr. 4, bls. 71.

⁵²⁹ Dagbók nr. 4, bls. 72.

⁵³⁰ Bls. 495.

⁵³¹ Dagbók nr. 4, bls. 72.

yfirheyrslunnar var að [SSA] og [SAn] hafi verið samfangar á Litla-Hrauni og því hugsanlegt að [SSA] viti hvað sá síðarnefndi hafi sagt um Geirfinn og hvarf hans. Kvaðst [SSA] ekki halda að nokkur sinna samfanga hafi vitað neitt sérstakt um hvarf Geirfinns. Mundi hann þó eftir því að [SAn] hafi oftast en einu sinni talað um að hafa hitt Geirfinn í Klúbbinum skömmu áður en hann hvarf. Kvaðst hann ekki muna betur en að [SAn] hafi sagst hafa hitt Geirfinn í stiga í Klúbbinum og rætt við hann.⁵³²

270. Í dagbók Síðumúlafangelsisins þennan dag var bókað klukkan 13:40 að Albert Klahn hafi verið færður aftur á klefa eftir viðtal við sálfræðinginn. Klukkan 15:30 var bókað að Albert hafi verið færður til yfirheyrslu hjá Sigurbirni Víði og Eggert að viðstöddum Erni Clausen, réttargæslumanni sínum.⁵³³ Fyrir liggur skýrsla um yfirheyrsluna. Albert var yfirheyrður með réttarstöðu vitnis og fór yfirheyrslan fram að hans eigin ósk. Albert greindi frá því að það sem hann hafi borið um í yfirheyrslu 23. desember 1975 um líkflutning á Toyota bifreið suður fyrir Hafnarfjörð 27. janúar 1974 væri rétt að öðru leyti en því að atburðurinn hafi ekki átt sér stað í janúar heldur 14. september 1974. Hitt væri annað að aðfaranótt 27. janúar 1974 hafi hann einnig flutt eitthvað heiman frá Sævari í Hafnarfirði. Með Sævari hafi verið Kristján Viðar og Tryggvi Rúnar. Lýsti Albert því svo að Sævar hafi hringt heim til hans um nóttina og beðið sig um að koma gegn hassmola. Kvaðst Albert á þessum tíma hafa haft Volkswagen bifreið föður síns, árgerð 1957, til umráða. Hafi hann stöðvað bifreiðina við heimili Sævars og hafi Sævar þá komið út og beðið sig um að bíða aðeins hvað hann hafi gert. Hafi Sævar horfið aftur inn í húsið en komið út aftur eftir skamma stund og á eftir honum þeir Kristján Viðar og Tryggvi Rúnar sem hafi borið á milli sín nokkuð langan poka, eða eitthvað pokalaga úr ljósu efni. Kvaðst hann muna það greinilega að bundið hafi verið fyrir báða enda. Hafi Sævar komið að bifreiðinni og beðið sig að opna farangursgeymsluna. Hafi þeir reynt að koma byrðinni fyrir í farangursgeymslunni en hún reynt of lítil. Hafi byrðin virst nokkuð þung eftir því hvernig þeir meðhöndluðu hana. Hafi þeir lagt byrðina á gólfíð milli fram- og aftursætis. Sagði Albert byrðina hafa verið svo langa, að sitthvor endinn hafi bagnað upp á við.⁵³⁴ Hafi Kristján Viðar og Tryggvi Rúnar sest í aftursæti bifreiðarinnar og orðið að hafa fæturna ofan á byrðinni. Kvaðst Albert muna að Kristján Viðar hafi verið í vandræðum og virst feiminn við að hafa fæturna ofan á þessu. Hafi Sævar farið aftur inn í húsið en komið út aftur og sest í framsætið á bifreiðinni. Kvaðst Albert hafa ekið til suðurs út úr Hafnarfirði og beygt til hægri veginn sem hafi legið að Sædýrasafninu. Hafi hann stöðvað við hliðið og hafi Kristján Viðar, Tryggvi Rúnar og Sævar farið út úr bifreiðinni og reynt að opna hliðið en án árangurs. Kvaðst Albert hafa haft á orði við þá að hætta þessari vitleysu því honum hafi ekki fundist neitt vit í því að reyna að fara inn í Sædýrasafnið. Kvaðst Albert hafa snúið bifreiðinni við á planinu og ekið til baka áleiðis á veginn sem hafi legið til suðurs úr Hafnarfirði á Reykjanesbrautina. Á leiðinni hafi þeir félagarnir reynt að sjá út stað til þess að losa sig við pokann á. Hafi þá verið snúið við aftur og ekið áleiðis að safninu til baka. Kvaðst Albert hafa stöðvað

⁵³² Bls. 497.

⁵³³ Dagbók nr. 4, bls. 73.

⁵³⁴ Bls. 498.

bifreiðina á leiðinni og snúið henni við á veginum. Þar hafi þeir Kristján Viðar, Tryggvi Rúnar og Sævar farið út úr bifreiðinni með byrðina. Hafi þeir gengið vestur yfir veginn og út í hraunið í átt að Álverinu. Dimmt hafi verið af nóttu og því hafi Albert ekki getað fylgst með ferðum þeirra. Þó hafi hann séð að þeir hafi numið staðar og kvaðst halda að þeir hafi lagt byrðina frá sér í hraunbolla nokkuð vestan vegarins. Kvaðst hann hafa litið af þeim um stund, en þegar hann hafi litið aftur í átt til þeirra hafi þeir verið horfnir. Kvaðst Albert hafa gert ráð fyrir að þeir hafi farið enn lengra út í hraunið. Kvaðst hann hafa beðið nokkra stund í bifreiðinni en allt í einu tekið eftir þeim. Hafi þeir allir sest í bifreiðina og hafi Albert ekið þeim heim til Sævars þar sem þeir hafi allir farið úr bifreiðinni en hann hafi farið heim til sín. Það hafi verið þá sem Sævar hafi látið hann fá hassmolann. Kvaðst Albert hafa reykt hann daginn eftir.⁵³⁵ Nánar lýsti Albert því þegar hann kom heim til Sævars um nóttina að Sævar hafi talað um að þeir félagar þyrftu að losa sig við eitthvað. Sagði Albert að þeir hafi aldrei nefnt hvað það væri, hvorki áður en þeir settu byrðina í bifreiðina, á leiðinni í bifreiðinni eða eftir á. Kvaðst Albert raunar ekki vita það fyrir víst enn þann daginn í dag. Lögunin á byrðinni hafi hins vegar getað bent til þess að um mannlíkama hafi verið að ræða. Kvaðst Albert ekki hafa dottið slíkt í hug á þeim tíma og hafi ekkert verið að veita því neina sérstaka athygli. Gat Albert þess að Sævar hafi sagt algjörlega til um það hvert hafi verið ekið og hvar hafi verið stöðvað. Yfirheyrslunni lauk klukkan 17:03.⁵³⁶

271. Þennan sama dag, 19. mars 1976, var bókað í dagbók fangelsisins klukkan 17:35 að Albert hafi verið látinn laus að fyrirmælum Arnar sem hafi ekið honum heim. Klukkan 18:00 var bókað að Sigurbjörn Eiríksson hafi verið færður fram til viðtals við Jón Ólafsson, réttargæslumann sinn, í áheyrn Sigurbjörns Víðis. Var Sigurbjörn færður aftur á klefa sinn klukkan 18:20. Fimm mínútum síðar var Valdimar færður fram til viðtals við Jón Zoëga, réttargæslumann sinn, en færður aftur á klefa sinn klukkan 18:35. Færsluritari lét þess getið að á sama tíma hafi hann farið með Páli Arnóri Pálssyni, réttargæslumanni Kristjáns Viðars, inn á klefa til Kristjáns. Klukkan 18:40 var bókað að Magnús hafi verið færður fram til viðtals við réttargæslumann sinn, Hafstein Baldvinsson til klukkan 19:15. Klukkan 19:20 var bókað í fangelsisdagbókina að færsluritari hafi komið út af klefa Kristjáns Viðars ásamt réttargæslumanni hans, Páli Arnóri. Klukkan 19:35 var bókað að Sævar hafi verið færður fram til viðtals við Jón Oddsson, réttargæslumann sinn, í 15 mínútur. Klukkan 20:40 var bókað um komu Sigurbjörns Víðis. Hafi hann farið inn á gang og talað við Kristján Viðar, Tryggva Rúnar og Magnús. Bókað var að Sigurbjörn Víðir hafi farið klukkan 22:10. Rannsóknargögn um viðtölin liggja ekki fyrir.
272. Fyrir liggur greinargerð Ingvars Björnssonar til Hæstaréttar, fyrir hönd Einars Bollasonar, dagsett 19. mars 1976, vegna kæru á úrskurði um áframhaldandi 30 daga gæsluvarðhald sem kveðinn var upp í sakadómi Reykjavíkur 11. sama mánaðar. Í greinargerðinni voru framburðir vitna um fjarvistir Einars Bollasonar 19. nóvember 1974 raktir. Þá rakti réttargæslumaðurinn atriði úr framburðum Sævars, Kristjáns Viðars og Erlu þar sem þau hafi borið um að Einar hafi átt þátt í eða haft vitneskju um

⁵³⁵ Bls. 499.

⁵³⁶ Bls. 500.

hvarf Geirfinns.⁵³⁷ Í greinargerðinni sagði að Einar hafi staðfastlega sýnjað um vitneskju um hvarf Geirfinns. Framburður um annað væri því tilhæfulaus með öllu. Þá sagði að líkt og framburðir Erlu, Kristjáns Viðars og Sævars hafi borið með sér væri þeir mjög óljósir og ruglingslegir. Erla hafi mætt hjá lögreglu 23. janúar 1976 og skýrt þar frá öllu því sem hún hafi talið sig vita um hvarf Geirfinns. Hafi hún lýst því með hverjum og hvar hún hafi stigið upp í bifreið þá sem hafi flutt hana til Keflavíkur. Hafi hún lýst því í smáatriðum hvernig fólk hafi setið í bifreiðinni og lýst aðstæðum í Dráttarbraut Keflavíkur mjög nákvæmlega og þekkt þar Einar Bollason í myrkri við slæma lýsingu. Síðan hafi hún breytt framburði sínum hjá lögreglu 3. febrúar 1976 og haldið áfram að lýsa atburðum mjög nákvæmlega en þó hafi smáatriði frá fyrri framburði gjörbreytt og aðrir menn verið samferða henni í bílferðinni. Bifreiðin hafi ekið um Reykjavík til þess að taka upp fleira fólk og því lýst nákvæmlega hvernig það hafi borið að. Í greinargerðinni sagði að Sævar hafi orðið margsaga í framburðum sínum, bæði með aðdraganda ætlaðrar Keflavíkurferðar sem og um atburði í Dráttarbraut Keflavíkur og bátsferð sem Sævar hafi sagst hafa farið í. Fyrir utan að hafa orðið margsaga í framburðum sínum hafi Kristján Viðar afturkallað fyrri framburði sína með öllu við yfirheyrslu 2. mars 1976. Það eina sem þeim þremur bæri saman um væri að þau hafi einhvern tímann að kvöldlagi farið til Keflavíkur og niður í fjöru í Dráttarbraut Keflavíkur. Voru vitnisburðir um fjarvistir Einars umrætt kvöld áréttaðir og vísað til skýrslu lögreglu dagsettri 10. mars 1976 um skoðun Einars á hluta úr sjónvarpsmynd sem hafi verið á dagskrá sjónvarps 19. nóvember 1974 og hann hafi fullyrt að hafa horft á í umrætt sinn.⁵³⁸

273. Laugardaginn 20. mars 1976 var bókað í dagbók fangelsisins við Síðumúla að Örn og Ívar Hannesson rannsóknarlögreglumaður hafi komið við á leið sinni í hraunholur. Klukkan 14:00 var bókað að Sigurbjörn Víðir hafi komið til viðtals við Tryggva Rúnar til klukkan 14:50. Rannsóknargögn um yfirheyrsluna liggja ekki fyrir. Klukkan 15:30 var bókað um símhringingu frá Erlu Bolladóttur þar sem hún hafi spurt um Sigurbjörn Víði. Bókað var klukkan 17:45 að Hafsteinn Baldvinsson, réttargæslumaður Magnúsar, hafi komið með sendingu til hans. Þá hafi [SI], eiginkona Einars, komið með sendingu til hans klukkan 19:20.⁵³⁹
274. Þennan dag birtist frétt á forsíðu Dagblaðsins um að Albert hafi verið látinn laus úr gæsluvarðhaldi. Haft var eftir Erni skömmu áður en Albert var látinn laus að þáttur hans væri talinn fullrannsakaður og því ekki ástæða til að halda honum lengur.⁵⁴⁰
275. Í rannsóknardagbók Eggerts og Sigurbjörns Víðis var bókað þennan dag að rætt hafi verið við Ómar Valdimarsson blaðamann á Dagblaðinu. Hafi hann sagst hafa það eftir áreiðanlegum heimildum að morguninn eftir að Geirfinnur hafi horfið hafi eiginkona hans hringt í mann sem hafi unnið í Dráttarbrautinni í Keflavík og beðið hann um að sækja eimingartæki Geirfinns. Maðurinn hafi komið og sótt tækin áður en lögreglunni hafi verið tilkynnt um hvarfið. Hafi Ómar kvaðst þekkja Magnús Leópoldsson og hafa

⁵³⁷ Bls. 500_A–H.

⁵³⁸ Bls. 500_J.

⁵³⁹ Dagbók nr. 4, bls. 73b.

⁵⁴⁰ Bls. 501.

nokkrum sinnum fengið hjá honum smyglað áfengi.⁵⁴¹ Sama dag var færsla um að rætt hafi verið við Jórdaníumann að nafni [ÍG] sem hafi á sínum tíma farið með [GSig], ekkju Geirfinns, og Hauki rannsóknarlögreglumanni til Jórdaníu til fundar við alsjáanda. Árangur af þeirri ferð hafi því miður reynst lítill eða enginn. Hafi [ÍG] sagt [SGí] sem kölluð hafi verið [Sý] og dvalið í Vestmannaeyjum vita eitthvað um hvarf Geirfinns. Þá væru stórir spírabrúsar að Skeljanesi 15.⁵⁴²

276. Fyrir liggur skýrsla Geirs Vilhjálmssonar, sálfræðings hjá Rannsóknarstofnun vitundarinnar, um Albert Klahn og vinnu með honum að upprifjun á ökuferðum hans suður fyrir Hafnarfjörð í tengslum við hvarf Guðmundar Einarssonar. Skýrslan var dagsett 21. mars 1976. Í henni sagði að kjarninn í vinnunni hafi falist í að auðvelda upprifjun Alberts á smáatriðum ökuferðanna með þeim kumpánum Sævari, Kristjáni og Tryggva Rúnari, eins og það er orðað í skýrslunni. Fjórir sefjunarfundir hafi farið fram, 11., 13., 15. og 19. mars 1976. Beitt hafi verið hefðbundinni talningartækni til þess að dýpka vitundarástand Alberts og myndrænt táknmál notað til að beina meðvitundinni aftur í tímann. Hafi Albert svo verið beðinn um að endurupplifa ferðalögin og lýsa ökuleiðunum. Þá kom fram að doktor Jakob Jónasson, geðlæknir, hafi gert tilraun til að dáleiða Albert. Hafi þá komið fram að Albert væri í takmörkuðum mæli móttækilegur fyrir sefjun, á að giska 30 til 35%. Með æfingu hafi Albert þó komist smátt og smátt dýpra og á þriðja og fjórða sefjunarfundinum hafi hann verið í léttu sefjunarástandi mestallan tímann. Fullyrt var að tvímælalaust hafi tekist með framangreindri aðferð að virkja minnishæfileika Alberts. Því til stuðnings var vísað til þess að í þeim prófunum sem gerðar hafi verið hafi hann náð rúmlega 50% árangri í réttri röðun vikudaga og mánaðardaga einu og hálfu til tveimur og hálfu ári aftur í tímann, en samkvæmt tilviljuninni einni saman mætti búast við 14% árangri í slíkri prófun. Fram kom að þetta 50% skekkjuhlutfall sýndi þó að vænta mætti skekkna í framburði hans í sefjunarástandinu og því yrði að meðhöndla þær upplýsingar með svipaðri varkárni og annan framburð. Í skýrslunni voru dregnar saman helstu niðurstöður um tímasetningar og ákvörðunarstaði ökuferðanna. Um ökuferð á Volkswagen bifreið í janúar sagði að tímasetningin aðfaranótt sunnudagsins 27. janúar 1974 hafi komið fram í bæði skiptin. Staðsetning hafi verið mjög óljós fyrst og Albert átt í erfiðleikum með að tengja minningu um hringakstur á bifreiðastæði Álversins inn í heildarsamhengi ökuleiðar. Á þriðja sefjunarfundinum 15. mars 1976 hafi komið fram nokkuð skýr minning um að hafa snúið við þrisvar sinnum á afleggjaranum frá Sædýrasafninu og hafi Albert talið 100% víst að þar hafi þeir tekið pokann úr bifreiðinni við fyrri lægðina eða geilina sem hafi verið á vinstri hönd þegar ekið hafi verið í áttina að safninu. Fram kom í skýrslu sálfræðingsins að ef nákvæm leit á svæðinu milli þessa vegar og Álversins bæri ekki árangur ætti að leita einnig hinumegin við Keflavíkurvegin á þessu svæði milli Álversins og afleggjarans að Sædýrasafninu. Þar væri að minnsta kosti einn staður sem hafi passað allvel við staðarlýsingu Alberts og einnig við staðarlýsingu Kristjáns Viðars um hringlaga gjótu. Bæri leit þar engan árangur væri hægt að vinna að því að koma Alberti í enn dýpra

⁵⁴¹ Bls. 1008.

⁵⁴² Bls. 1009.

sefjunarástand til að reyna að fá enn frekari upplýsingar frá honum.⁵⁴³ Um haustferðina 1974 sagði í skýrslunni að í upphafi hafi Albert ekki talið sig muna tímasetningu að öðru leyti en að ferðin hafi verið farin á bilinu ágúst til nóvember 1974. Á sefjunarfundi 13. mars 1976 hafi hann gefið upp tímasetninguna aðfaranótt 14. október 1974 sem hafi verið rétt samsvörun viku- og mánaðardags. Á sefjunarfundi 19. mars 1976 hafi hann gefið upp sunnudagskvöldið 14. september 1974 og aðfaranótt 15. september sama ár. Fram kom að þar skeikaði viku- og mánaðardögum um einn, en tímasetningin ætti að vera 15. og 16. september ef um hafi verið að ræða sunnudagskvöld um þetta leyti í september 1974. Líklegra væri því að fyrri tímasetningin, 14. október 1974, hafi verið rétt en það mætti staðfesta með upplýsingum frá Veðurstofunni þar sem Albert hafi munað skýrt að veður hafi verið stillt, stjórnubjart og frostlaust en þó fremur kalt. Fram kom að staðsetning ákvörðunarstaðar hafi verið í bæði skiptin sú sama; nálægt Kúagerði. Leita þyrfti nákvæmlega á töluverðu svæði fyrir ofan afleggjarana tvo, því þá hafi félagarnir Sævar og Tryggvi Rúnar verið í burtu í að minnsta kosti eina klukkustund. Í skýrslu sálfræðingsins sagði að þar sem starfsmenn sakadóms Reykjavíkur hafi hlustað á frásögn Alberts af öðrum sefjunarfundinum og segulbandsupptökum af síðustu tveimur fundunum væri þessi lauslega samantekt um helstu niðurstöður látin nægja. Benti sálfræðingurinn að lokum á þann möguleika að Albert hafi farið þriðju ferðina suður fyrir Hafnarfjörð þar sem minning um hringsól við Álverið virtist hvorki passa við Sædýrasafnsferðina né Kúagerðisferðina. Kom fram að Albert hafi talið það mjög ólíklegt. Í lok skýrslunnar var kafli með upplýsingum um skapgerð Alberts sem komið hafi fram í viðtölum við hann og á sefjunarfundum. Þar sagði að Albert væri opinskár og hreinskilinn um sögu sína, töluvert spenntur á köflum og mjög samvinnuþýður. Hann hafi greint frá töluvert mikilli neyslu vímugjafa, einkum kannabisefna og áfengis. Hafi hann talað um 300 LSD töflur en við nánari könnun hafi komið í ljós að hann hafi munað aðeins eftir tveimur skiptum þar sem um verulega sterka ofskynjunarreynslu hafi verið að ræða. Hafi það verið reynsla sem hafi virst passa við 100 til 250 míkrógramma skammt, svo líklega hafi verið um lítið eða óverulegt magn LSD að ræða í töflunum sem hann hafi tekið inn. Hafi hann ekki virst hafa beðið neinn óbætanlegan skaða af neyslu sinni. Fram kom að Albert væri ekki í góðu sambandi við sitt tilfinningalíf sem væri annar þröskuldur á vegi hans til betra lífs. Hafi hann sýnt merki um mjög mikla árásarkennd í tengslum við kumpánana þrjá, eins og það er orðað í skýrslunni, sem hafi teymt hann út í þessar ökuferðir fyrir sig. Þessi árásarkennd hafi einnig brotist út í miklu og stjórnlausu reiðikasti fyrr á gæsluvarðhaldstímanum. Mikilvægt væri að Alberti tækist að læra á þessar dulvituðu tilfinningar og gæti sállæknisleg vinna með honum komið að miklum notum.⁵⁴⁴

277. Meðal rannsóknargagna liggja skrif Tryggva Rúnars í gæsluvarðhaldinu, svokölluð „jåtningaskýrsla“. Færslur í skýrslunni eru stílaðar á Sigurbjörn Víði og skrifaðar til hans. Fyrsta færslan er dagsett þennan dag, 21. mars 1976, með yfirskriftinni: „Það

⁵⁴³ Bls. 502.

⁵⁴⁴ Bls. 504.

sem ég man af slagsmálum eða barsmíðum“. Í færslunni greindi Tryggvi Rúnar frá fjórum slagsmálum sem hann hafi tekið þátt í.⁵⁴⁵

278. Mánudaginn 22. mars 1976 var bókað í dagbók Síðumúlafangelsisins að hringt hafi verið í séra Jón Bjarman fyrir Magnús Leópoldsson.⁵⁴⁶ Hafi Örn hringt klukkan 11:30 og heimilað viðtal Magnúsar við séra Jón í 10 mínútur. Klukkan 12:40 var bókað að Magnús hafi verið færður fram til viðtals við Hafstein Baldvinsson, réttargæslumann sinn, í áheyrn Sigurbjörns Víðis til klukkan 13:05. Klukkan 14:10 kom móðir Sævars með sendingu til hans, nærföt og sængurföt. Á sama tíma hafi Tryggvi Rúnar verið tekinn fram til viðtals við Sigurbjörn Víði til klukkan 16:00. Rannsóknargögn um viðtalið liggja ekki fyrir. Klukkan 16:45 var Kristján Viðar tekinn fram til viðtals við Sigurbjörn Víði að viðstöddum Páli Arnóri Pálssyni, réttargæslumanni. Rannsóknargögn um viðtalið liggja ekki fyrir, en þennan dag var dómþing sakadóms Reykjavíkur háð í fangelsinu og tekin fyrir rannsókn á hvarfi Guðmundar. Í þingbók var bókaður mættur Páll Arnór Pálsson, réttargæslumaður Kristjáns Viðar. Bókað var að klukkan 16:49 hafi Kristján Viðar komið fyrir dóminn. Kvaðst Kristján Viðar vilja bæta því við fyrri skýrslu sína að þegar hann hafi mætt Erlu á ganginum í umrætt sinn hafi hún verið alvarleg á svip. Hún hafi gengið inn í íbúðina og hafi hann farið á eftir henni. Kvaðst Kristján Viðar hafa sagt henni að hræðilegt slys hafi orðið og maður dáið. Hafi Erla sagst ekkert ætla að skipta sér af þessu. Sagðist Kristján Viðar muna eftir að í átökunum hafi hann verið tekinn hálstaki og þá hafi hann sparkað aftur fyrir sig en síðan hafi hann hnigið niður. Daginn eftir hafi hann og Tryggvi Rúnar verið undir áhrifum LSD taflna heima hjá Kristjáni Viðari og talað um að þeir hafi ekki verið í Hafnarfirði, enginn hafi dáið og ekkert skeð. Var Kristján Viðar úrskurðaður í 90 daga áframhaldandi gæsluvarðhald.⁵⁴⁷ Klukkan 17:15 var bókað í dagbók fangelsisins að Kristján Viðar hafi verið færður á klefa.⁵⁴⁸ Þá kom Tryggvi Rúnar fyrir dóminn klukkan 17:28. Kvaðst hann ekki muna neitt frekar um málið. Var Tryggvi Rúnar jafnframt úrskurðaður í 90 daga áframhaldandi gæsluvarðhald.⁵⁴⁹ Bókað var í fangelsisdagbók að Tryggvi Rúnar hafi verið færður á klefa klukkan 17:30.⁵⁵⁰
279. Þennan dag ritaði Tryggvi Rúnar í framangreinda játningaskýrslu sína. Þar sagði: „Kæri Víðir. Játning. Allsherjaruppgjöf. Já, það er rétt að það þýðir ekkert að bíða lengur með þetta sem ég hef að segja.“ Í framhaldinu greindi Tryggvi Rúnar frá tilvikum þar sem hann hafi stundað ávísanafals og einu innbroti í verslun. Undir liðnum árásir kvað Tryggvi Rúnar slagsmálin hafa verið svo mörg að hann gæti ekki nefnt neitt sérstakt annað en atvik sem hafi átt sér stað heima hjá Kristjáni Viðari þar sem hann hafi slegist við tvo menn, [Sm] og [R]. Kom fram að Tryggvi Rúnar hafi ekki vitað til þess að hann hafi barið þá illa en sagði [Sm] hafa farið upp á slyssavarðstofu og saumuð hafi verið nokkur spor.⁵⁵¹ Sagði í færslunni að mörg fleiri

⁵⁴⁵ Bls. 505–507.

⁵⁴⁶ Dagbók nr. 4, bls. 74.

⁵⁴⁷ Bls. 267–268.

⁵⁴⁸ Dagbók nr. 4, bls. 74b.

⁵⁴⁹ Bls. 269–270.

⁵⁵⁰ Dagbók nr. 4, bls. 74b.

⁵⁵¹ Bls. 508.

slagsmál hafi átt sér stað en þau hafi ekki verið hættuleg að hans mati. Undir liðnum íkveikja kom fram að Tryggvi Rúnar vissi ekki til þess að hann hafi af ásettu ráði kveikt í. Kvaðst hann ætla að skýra síðar frá einu tilfelli á Litla-Hrauni. Þá viðurkenndi hann að hafa brotist inn í Glit en annað væri honum ekki minnstætt að svo stöddu.⁵⁵² Þá greindi hann frá nokkrum tilvikum í viðbót þar sem hann hafi verið í átökum við menn og einnig frá veskjaþjófnum sem hann hafi stundað ásamt Kristjáni Viðari og Sævari „rottu“. Hafi þeir þrír verið mikið saman á árinu 1972 fram á árið 1973, en þó hafi Tryggvi Rúnar stundað vinnu inni á milli. Kvaðst Tryggvi Rúnar hafa verið á sjónum á mb. Kofra fram í desemberbyrjun 1973. Þá hafi hann farið fjóra túra á togaranum Víking AK 100. Í byrjun mars 1974 hafi hann farið á bátinn Stapa frá Ólafsvík og stundað sjósókn á honum þar til hann hafi verið handtekinn í apríl 1974.⁵⁵³

280. Þriðjudaginn 23. mars 1976 var bókað í dagbók Síðumúlafangelsisins klukkan 12:20 að Sigurbjörn Víðir og Erlingur Þór fangavörður hafi farið inn á klefa til þeirra Magnúsar, Valdimars og Einars og tilkynnt þeim um að Hæstiréttur Íslands hafi staðfest úrskurð sakadóms um áframhaldandi gæsluvarðhald yfir þeim. Klukkan 17:15 var bókað að Einar hafi verið tekinn fram til viðtals við Sigurbjörn Víði og Ingvar Björnsson, réttargæslumann sinn.⁵⁵⁴ Klukkan 18:10 var bókað að Sigurbjörn Eiríksson hafi verið færður fram til viðtals við Inga Ingimundarson, réttargæslumann sinn, í 20 mínútur í áheyrn Sigurbjörns Víðis. Klukkan 18:45 var bókað að Magnús Leópoldsson hafi verið færður fram til viðtals við Hafstein Baldvinsson, réttargæslumann sinn. Bókað var í fangelsisdagbókina að Sævar hafi verið færður fram til viðtals við Jón Oddsson, réttargæslumann sinn í 30 mínútur í áheyrn Sigurbjörns Víðis. Klukkan 21:05 var bókað að Sigurbjörn Víðir hafi farið inn á klefa til Sigurbjörns Eiríkssonar í 40 mínútur.⁵⁵⁵ Rannsóknargögn um vitjunina liggja ekki fyrir.
281. Í rannsóknardagbók Eggerts og Sigurbjörns Víðis þennan dag var bókað um samtal við [GKJ], afgreiðslustúlku í Hafnarbúðinni í Keflavík sem var við afgreiðslu 19. nóvember 1974 þegar Geirfinnur hafi komið þangað síðast svo vitað hafi verið. Bókað var í rannsóknardagbókina að [GKJ] hafi greint frá því að maður að nafni [EÍM] hafi sagst vita hvar Geirfinnur væri. Þá hafi ónefndur piltur sagst hafa séð Geirfinn utan við Hafnarbúðina á tali við ókunna menn umrætt kvöld. Hafi pilturinn heyrt Geirfinn og mennina tala um að sjóveður væri. Þá hafi [GKJ] greint frá því að rétt áður en Geirfinnur hafi horfið hafi hann reynt að ná tali af einum af dyravörðum Klúbbsins sem hafi ekki viljað ræða við hann. Hafi Geirfinnur þá sagt eitthvað á þá leið að bíða þyrfti eftir næsta úthaldi. Þetta kvöld hafi Geirfinnur setið til borðs í Klúbbum ásamt tveimur konum.⁵⁵⁶
282. Miðvikudaginn 24. mars 1976 var bókað í dagbók fangelsisins við Síðumúla klukkan 13:30 að færsluritari hafi rætt við Guðstein lækni vegna heilsufars Sævars. Hafi

⁵⁵² Bls. 509.

⁵⁵³ Bls. 510.

⁵⁵⁴ Dagbók nr. 4, bls. 75.

⁵⁵⁵ Dagbók nr. 4, bls. 75b.

⁵⁵⁶ Bls. 1012–1013.

læknirinn fyrirskipað að teknar yrðu tvær saurprufur með sólarhrings millibili. Klukkan 15:30 var bókað að Tryggvi Rúnar hafi verið færður til yfirheyrslu hjá Sigurbirni Víði. Var hann færður aftur á klefa klukkan 16:20. Rannsóknargögn um yfirheyrsluna liggja ekki fyrir. Klukkan 19:55 var bókað um komu [SI], eiginkonu Einars, sem hafi sótt óhreinan þvott og komið með gestaþraut til hans. Var þess getið að Einar mætti fá hana. Klukkan 21:45 var bókað að Hafsteinn Baldvinsson, réttargæslumaður Magnúsar, hafi komið með sendingu til hans.⁵⁵⁷

283. Sama dag ritaði Tryggvi Rúnar minnispunkta til Sigurbjörns Víðis í fyrrgreinda játningaskýrslu sína. Kom þar fram að Kristján Viðar hafi farið austur á skytteri ásamt [PKKP] og þriðja manni sem Tryggvi Rúnar mundi ekki hver hafi verið. Hafi þetta verið í kringum ágúst, september 1974. Í lok færslunnar kvaðst Tryggvi Rúnar leggja þetta fram ef það gæti orðið einhver hjálp í því.⁵⁵⁸ Þá rakti Tryggvi Rúnar lýsingu á slagsmálum þar sem hann hafi kjálkabrotið mann. Þá sagði í færslunni að Tryggvi Rúnar hafi frétt að Albert væri ásamt fleirum að brugga. Rakti hann upplýsingar um [ViG] fyrrum leigubílstjóra og fullyrti að hann seldi spíra og vín. Fram kom að Albert hafi selt honum LSD töflur og Kristján Viðar hafi brotist inn í hljóðfæraverslun í Reykjavík. Í færslunni sagði Tryggvi Rúnar að ágætt væri að segja frá þessum atriðum hvort sem það gagnaðist eða ekki enda hafi þeir örugglega ekki hlíft sér í kjaftasögunum. Þá greindi Tryggvi Rúnar frá fíkniefnasölu og –dreifingu sem Albert, Kristján Viðar og Sævari hafi staðið fyrir. Kvaðst Tryggvi Rúnar aldrei hafa komið nálægt því.⁵⁵⁹ Í lok færslunnar ritaði Tryggvi Rúnar að hann hafi enn ekki komið fyrir sig hvar hann hafi verið á laugardeginum. Hafi hann verið búinn að hugsa þetta frá því Sigurbjörn Víðir hafi yfirheyrt hann. Klukkan sé 21:30 og ætli hann að taka smá hvíld. Þá segir næst að hann hafi byrjað aftur um klukkan 22:30 að reyna að rifja upp hvar hann hafi verið á laugardeginum. Hafi hann hugsað meira og minna til klukkan 03:00 um nóttina. Í framhaldinu ritaði Tryggvi Rúnar að ekkert nýtt hafi komið fram ennþá um hvar hann hafi verið eða hvað hann hafi verið að gera daginn áður en hann hafi tekið inn LSD töflu heima hjá Kristjáni Viðari. Hafi það verið á sunnudegi og hafi verið farið í Klúbbinn um kvöldið. Ritaði Tryggvi Rúnar að hann ætlaði sér að reyna að rifja þessa helgi upp.⁵⁶⁰
284. Bókað var í rannsóknardagbók Eggerts og Sigurbjörns Víðis þennan dag, 24. mars 1976, að rætt hafi verið aftur við [GKJ], afgreiðslustúlku í Hafnarbúðinni. Hafi hún gefið nánari upplýsingar um það sem hún hafi borið um deginum áður. Þá hafi verið rætt við [EÍM] sem hafi ekki talið sig hafa neina hugmynd um Geirfinnsmálið. Það sem hann hafi sagt við [GKJ] í Hafnarbúðinni hafi verið fyllerísrófl, eins og það er orðað í dagbókinni.⁵⁶¹
285. Fimmtudaginn 25. mars 1976 var bókað í dagbók Síðumúlafangelsisins klukkan 11:50 bókað um símtal við Örn vegna beiðni Magnúsar um að fá að tala við séra Jón

⁵⁵⁷ Dagbók nr. 4, bls. 76.

⁵⁵⁸ Bls. 518.

⁵⁵⁹ Bls. 521.

⁵⁶⁰ Bls. 522–524.

⁵⁶¹ Bls. 1015–1016.

Bjarman. Hafi Örn hafnað þeirri umleitan þangað til eftir helgi. Hafi hann sagt Magnús fá lögræðing sinn í heimsókn daginn eftir og væri það nóg í bili. Gat færsluritari þess að hann hafi einnig sagt Erni frá bréfi sem hafi komið frá konu Magnúsar til hans og færsluritari hafi ekki viljað láta inn til hans vegna þess að hann teldi efni bréfsins gefa tilefni til þess. Hafi Örn sagst munu líta yfir það þegar hann kæmi næst.⁵⁶²

286. Sama dag bókaði Eggert í rannsóknardagbókina að hann og Sigurbjörn Víðir hafi rætt við [ÞÓI], kunningja Geirfinns. Fram kom að Geirfinnur hafi átt það til að hafa í hótunum við fólk, án þess að meina nokkuð með því. Hafi hann aðeins gert slíkt undir áhrifum áfengis, en Geirfinnur hafi mikið breyst undir áhrifum og verið eins og tveir menn. Hafi Geirfinnur eitthvað verið að eiga við systur [EEH], sem hafi verið í Klúbbinum sunnudagskvöldið 17. nóvember 1974.⁵⁶³ Bókað var í rannsóknardagbókina að Eggert og Sigurbjörn Víðir hafi sama dag rætt við [BM] sem hafi farið með Geirfinni og [ÞÓI] í Klúbbinn þetta kvöld. Hafi hann orðið viðskila við Geirfinn og [ÞÓI] á dansleiknum. Kvaðst hann ekki hafa tekið eftir neinu sérstöku í sambandi við hegðun eða framkomu Geirfinns.⁵⁶⁴
287. Föstudaginn 26. mars 1976 var bókað í dagbók Síðumúlafangelsisins að Jón Oddsson, réttargæslumaður Sævars, hafi hringt klukkan 12:45. Kvaðst hann ekki mundu koma vegna anna. Þá hafi Jón Ólafsson, réttargæslumaður Sigurbjörns Eiríkssonar, hringt klukkan 14:10 sömu erinda. Bókað var að Ingvar Björnsson, réttargæslumaður Einars, hafi hringt klukkan 16:45, og beðið fyrir kveðju til hans en jafnframt sagst ekki mundu koma vegna anna. Klukkan 18:07 var bókað að Magnús Leópoldsson hafi verið færður til viðtals við Hafstein Baldvinsson, réttargæslumann sinn. Bókað var að Magnús hafi verið færður á klefa sinn klukkan 18:47. Þá var bókað að Valdimar Olsen hafi verið færður til viðtals við Jón Zoëga, réttargæslumann sinn, milli klukkan 18:50 og 19:04. Þá hafi Sigurbjörn Víðir farið inn á klefa til Tryggva Rúnars. Bókað var að Sigurbjörn Víðir hafi farið klukkan 19:10.⁵⁶⁵ Bókað var klukkan 20:10 að [SI], eiginkona Einars Bollasonar, hafi komið með sendingu til hans. Fimmtán mínútum síðar hafi [JÓC], bróðir Sævars, komið með Midland tóbaksbréf og nokkrar eldspýtur í stokki. Var þess getið að tóbaksbréfið hafi verið óopnað og úr verslun en hafi þó verið gerð athugun á því áður en það hafi verið afhent Sævari.⁵⁶⁶
288. Fyrir liggja skrif Tryggva Rúnars þennan sama dag í játningaskýrslu sína. Þar sagði að það eina sem hann gæti munað um þá athöfn að hafa bundið fyrir enda á poka eða einhverju svoleiðis væri þegar hann hafi farið með fisk af togaranum Víkingi AK 100. Hafi hann þá farið með fisk í stakk og bundið fyrir endann á honum. Fram kom í færslunni að Tryggvi Rúnar hafi reynt að rifja þetta upp um nóttina en ekki fengið neina niðurstöðu. Þá greindi hann frá sögu sem Sævar hafi sagt honum um stórfelld hasskaup og frá því er hann hafi séð tvær ferðatöskur fullar af fatnaði sem Sævar hafi

⁵⁶² Dagbók nr. 4, bls. 76b.

⁵⁶³ Bls. 1018.

⁵⁶⁴ Bls. 1020.

⁵⁶⁵ Dagbók nr. 4, bls. 77.

⁵⁶⁶ Dagbók nr. 4, bls. 77b.

stolið þegar hann hafi komið að utan árið 1973. Í þeirri ferð hafi hann smyglað miklu magni af LSD og einhverju af hassi. Í færslunni gat Tryggvi Rúnar þess að þetta væri lítil lýsing á Sævari, en gæti kannski komið að gagni.⁵⁶⁷ Þá greindi Tryggvi Rúnar frá því að náíð samband hafi verið milli Sævars og [HV]. Hafi Sævar haldið mikið upp á [HV] og notað hann sem lífvörð. Hafi hann gert sig breiðan með því að taka [HV] með sér og láta hann tuska þá til sem þurft hafi með. Fram kom í færslunni að ýmislegt hafi verið á bakvið Sævar sem vont væri að átta sig á. Hafi Sævar sem dæmi viljað borga ferð fyrir Tryggva Rúnar til Kaupmannahafnar þar sem hann hafi sagst þurfa mann eins og hann sem gæfi á kjaftinn ef þörf væri á. Hafi Tryggvi Rúnar þá verið trúlofaður og ekki getað hreyft sig og því hafi Sævar fengið [HV] til að gæta sín.⁵⁶⁸

289. Þennan dag bókuðu Eggert og Sigurbjörn í rannsóknardagbók sína um viðtal við [SigJ], eiginkonu eiganda Hafnarbúðarinnar, en hún var í Klúbbnum sunnudagskvöldið 17. nóvember 1974. Kvaðst hún ekki hafa þekkt Geirfinn, en hann hafi sest við borð þar sem hún hafi setið ásamt tveimur öðrum konum. Fram kom að [SigJ] hafi sagt [HuG] hafa tekið son Geirfinns í fóstur eftir hvarfið. Hafi hún talið að eitthvað samband hafi verið á milli þeirra. Bókað var að [SigJ] hafi sagst aldrei hafa rætt við lögregluna út af málinu.⁵⁶⁹ Sama dag var bókað um viðtal við [HaSv] eiganda Hafnarbúðarinnar. Hafi hann veitt lögreglu upplýsingar um að [SjT] vinkona eiginkonu Geirfinns hafi flutt inn á heimili þeirra hjóna eftir hvarfið. Hafi þar verið mikil drykkja og þá aðallega á spíritus.⁵⁷⁰ Jafnframt var bókað í rannsóknardagbókina að Steinþór Nygaard, lögregluþjónn í Reykjavík, hafi greint frá því að hafa stöðvað [SvSv] á Moskvitch bifreið með númerinu V-924 í desember 1973, en þá hafi ökumaðurinn verið réttindalaus. Hafi lögregluþjónninn leitt að því getum að sami ökumaður hafi tekið Erlu Bolladóttur upp í bifreið sína í Keflavík í nóvember 1974. Þar sem hann hafi verið réttindalaus hafi hann ekki gefið sig fram við lögreglu, þó svo eftir því hafi verið lýst.⁵⁷¹
290. Laugardaginn 27. mars 1976 var bókað í fangelsisdagbókina klukkan 08:40 að Haukur Bjarnason rannsóknarlögreglumaður hafi hringt og beðið Sigurbjörn Víði, Eggert eða Örn um að hringja í sig á vaktina vegna upplýsinga sem rigni inn, eins og hann hafi sjálfur orðað það, um mál sem þeir hafi ekki vitað um. Bókað er að Guðsteinn læknir hafi komið og talað við Magnús, Tryggva Rúnar og Kristján Viðar milli klukkan 09:50 og 10:35. Klukkan 11:42 var bókað að Sigurbjörn Eiríksson hafi verið færður fyrir dómara að viðstöddum Jóni Ólafssyni, réttargæslumanni hans. Þennan dag var háð þinghald í sakadómi Reykjavíkur vegna rannsóknar á hvarfi Geirfinns Einarssonar. Af hálfu ákærvaldsins sótti þing Hallvarður Einvarðsson, vararíkissaksóknari og Njörður Snæholm, aðalvarðstjóri. Bókað var að klukkan 11:44 hafi Sigurbjörn Eiríksson mætt fyrir dóminn. Hafi hann ekki viljað breyta neinu í framburði sínum fyrir dómi frá 11. febrúar 1976. Af hálfu ákærvaldsins var þess krafist að gæsluvarðhald yfir Sigurbirni yrði framlengt og hafin ítarleg dómsrannsókn á sakarefni málsins. Var kröfunni

⁵⁶⁷ Bls. 527.

⁵⁶⁸ Bls. 529.

⁵⁶⁹ Bls. 1021.

⁵⁷⁰ Bls. 1022.

⁵⁷¹ Bls. 1023.

mótmælt af hálfu kærða.⁵⁷² Fram kom í úrskurði sakadóms að rannsókn málsins væri enn ekki nærri lokið. Fara þyrfti fram dómsrannsókn með sakbendingum og sampröfunum. Var Sigurbjörn úrskurðaður í 30 daga áframhaldandi gæsluvarðhald. Bókað var að Sigurbjörn hygðist kæra úrskurðinn til Hæstaréttar Íslands.⁵⁷³ Bókað var í fangelsisdagbókina að Sigurbjörn hafi verið færður aftur á klefa klukkan 12:20. Á sama tíma var bókað að [SI], eiginkona Einars, hafi komið með sendingu til hans og tekið óhrein föt. Klukkan 22:10 var bókað að [SI], eiginkona Einars, hafi hringt og beðið fyrir kveðju.⁵⁷⁴

291. Fyrir liggur færsla í játningaskýrslu Tryggva Rúnars þennan sama dag. Í upphafi færslunnar sagði: „Kæri Víðir. Til minnis.“ Greindi Tryggvi Rúnar frá því að þegar hann hafi verið refsifangi á Litla-Hrauni hafi hann einu sinni sagt að ef hann héldi áfram slagsmálum þá myndi það enda með því að hann myndi slá einhvern til dauða. Sagðist Tryggvi hafa verið að furða sig á þessu undanfarið. Þeir sem hafi verið viðstaddir þessa umræðu hafi verið Kristján Viðar og [HV]. Hafi Kristján Viðar þá sagt eitthvað á þá leið að ætli hann væri ekki búinn að því. Greindi Tryggvi frá því að hafa verið mjög hissa yfir þessu svari og orðið vondur því það hafi fokið í sig. Hafi hann gengið í burtu en kvaðst ekki muna hvað hann hafi hugsað. Í færsluna ritaði Tryggvi Rúnar að hann væri hissa núna þegar hann hugsaði um þetta atvik hvað hann hafi í raun verið vondur yfir þessu. Fram kom að hann myndi ekki hvort hann hafi hugsað um hvað Kristján Viðar hafi meint með þessu. Væri það líkt og undirmeðvitundinni hafi ekki staðið á sama, þó svo hann grunaði ekki að nokkuð hættulegt hafi skeð þegar hann hugsaði um þetta núna. Hafi Kristján verið með fulla fimm, eins og hann orðaði það í færslunni. Kvaðst hann hissa á því að ekkert kæmi fram sem hann gæti bent á í þessum flutningi.⁵⁷⁵ Sama dag stílaði Tryggvi Rúnar færslu til Sigurbjörns Víðis með minnispunktum um vinnu um borð í togaranum Víkingi AK 100 um áramótin 1974–1975. Hafi honum verið boðið brennivín um borð og séð nokkrar vodkaflöskur af tegundinni Tovaritch.⁵⁷⁶
292. Í rannsóknardagbók Eggerts og Sigurbjörns Víðis var bókað þennan sama dag að rætt hafi verið við [PHÁ] sem hafi átt í nánnum kynnum við [SjT], vinkonu [GSig], eiginkonu Geirfinns, um það leyti sem Geirfinnur hvarf. Hafi hann sagst hafa flutt ásamt [SjT], inn á heimili þeirra hjóna og hafi þær vinkonurnar neytt mikils áfengis, allt að því daglega. Hafi áfengið verið spíritus sem ýmist hafi verið í plastbrúsum eða flöskum. Bókað var að formleg skýrsla hafi verið tekin af [PHÁ] um þetta atriði.⁵⁷⁷
293. Þennan dag, 27. mars 1976, birtust fréttir í öllum prentmiðlum um blaðamannafund rannsóknarlögreglunnar í Reykjavíkur sem hafi verið haldinn daginn áður. Á fundinum var blaðamönnum skýrt frá nokkrum atriðum í sambandi við rannsókn á hvarfi Geirfinns og morði Guðmundar, en mikil þögn hafi verið um málin af hálfu

⁵⁷² Bls. 532_A.

⁵⁷³ Bls. 532_C.

⁵⁷⁴ Dagbók nr. 4, bls. 78.

⁵⁷⁵ Bls. 532.

⁵⁷⁶ Bls. 533.

⁵⁷⁷ Bls. 1025.

lögreglunnar fram að því. Greint var frá forsögu Guðmundarmálsins. Fram kom að upphaflega hafi rannsókn lögreglunnar beinst að allmiklum fjársvikum Sævars og Erlu gegn Pósti og Síma. Við yfirheyrslur hafi Erla greint frá vitneskju sinni um hvarf Guðmundar sem hafi orðið til þess að morð hans hafi upplýsts. Í janúarmánuði síðastliðnum hafi Erla leitað til lögreglunnar, kvartað undan ónæði og sagst vera orðin mjög hrædd. Hafi hún greint frá því að sér hafi verið hótað og ógnað, til dæmis með símhringingum. Í umfjöllun blaðanna sagði að lögreglunni hafi í upphafi gengið illa að fá Erlu til að upplýsa hvað hún væri hrædd við. Hafi hún loks greint frá því að það væri vegna vitneskju sinnar um hvarf Geirfinns. Hafi hún í kjölfarið nefnt nöfn þriggja manna sem hafi síðar verið úrskurðaðir samtímis í gæsluvarðhald vegna gruns um aðild að málinu. Á blaðamannafundinum var greint frá framburðum Sævars, Kristjáns Viðars og Erlu hjá lögreglu vegna málsins. Fram kom að lögreglumenn hafi rætt samtímis við Erlu og Sævar, sitt í hvoru lagi, og hafi þau þá bæði greint frá því að þau hafi farið í bifreið frá Klúbbinum til Keflavíkur, sennilega 19. nóvember 1974, ásamt Kristjáni Viðari og einum manni sem nú sæti í gæsluvarðhaldi vegna málsins. Þegar þangað hafi verið komið hafi verið farið niður að Dráttarbrautinni þar sem bátur hafi legið bundinn og hafi menn verið þar fyrir, einn þeirra Geirfinnur. Fram kom að talið væri að þrír aðrir sem nú sættu gæsluvarðhaldi hafi einnig verið þar. Skömmu síðar hafi allir farið í sjóferð, fyrir utan Erlu og einn mann sem hafi orðið eftir í fjörunni. Fram kom að lögreglan vissi hvorki hvaða bátur þetta hafi verið né hver hafi stýrt honum. Hafi Erla læðst úr bifreiðinni eftir smástund og falið sig í mannláusu húsi í nágrenninu, en hún hafi óttast að sér yrði sýnt banatilræði. Hafi Erla fengið far til Reykjavíkur og því lýsti lögreglan eftir tveimur ökumönnum, annars vegar eldri manni á Moskvitch bifreið með V-númeri og hins vegar manni á stórrí flutningabifreið. Í umfjöllun blaðanna sagði að samkvæmt framburði Sævars og Kristjáns Viðars hafi áflog orðið um borð og Kristján Viðar sagt að Geirfinnur hafi látið lífið. Var þess getið að Sævar og Kristján Viðar greindi á um hvernig dauða Geirfinns hafi borið að höndum og einnig um það hvort líki hans hafi verið fleygt í sjóinn eða það tekið með í land aftur. Sagði að þeir teldu síðarnefnda atriðið þó líklegra. Hafi þeim báðum verið hótað ef þér létu uppskált um það sem hafi gerst. Í nær öllum blöðum kom fram að Sævar hafi ekki skýrt frá neinu við yfirheyrslur nema því sem hann hafi nauðsynlega þurft, eins og það hafi verið orðað af lögreglu, og hafi reynt að gera hlut sinn sem lítilfjörlegastan. Einnig hafi komið fram að þau atriði sem lögregla hafi lagt áherslu á að upplýsa við frumrannsókn málsins, svo sem símhringingar á heimili Geirfinns, leirmynd af manninum úr Hafnarbúðinni svo og hinar ýmsu bifreiðar sem lýst hafi verið eftir, tengdust ekki rannsókn málsins nú. Upplýsti lögreglan að ekkert nýtt hafi komið fram um þau atriði. Vegna rannsóknar á morði Guðmundar óskaði rannsóknarlögreglan eftir því að sá sem hefði undir höndum Pierpoint úr númer 267X í kassa númer 2080, gæfi sig fram. Þegar spurt hafi verið um það hvort frekari upplýsingar lægju fyrir um hvernig dauða Guðmundar hafi borið að, hafi rannsóknarlögreglan svarað því til að líklega hafi verið um að ræða fyllerísslagsmál, eins og það hafi verið orðað, sem hafi endað með þessum hætti. Í lokin kom fram að dómsrannsókn í Geirfinnsmálinu myndi hefjast á mánudag undir stjórn Arnar Höskuldssonar, en lögreglurannsókn yrði haldið áfram af fullum krafti. Þá var tekið

sérstaklega fram að rannsóknarlögreglan hafi ekki viljað skýra frá afstöðu fjórmeninganna til þeirra framburða sem greint hafi verið frá á fundinum.⁵⁷⁸ Í umfjöllun Þjóðviljans kom fram að aðspurðir um hvers vegna nýrri ljósmyndin af Geirfinni hafi ekki verið birt strax þegar hann hvarf í stað gömlu ljósmyndarinnar hafi rannsóknarlögreglan svarað því svo að það hafi verið ákvörðun Hauks Guðmundssonar, lögreglumanns í Keflavík, á þeim tíma. Hafi því verið lýst yfir að birting samtímamyndarinnar hefði líklega getað auðveldað rannsóknina þar sem ljósmyndirnar hafi verið svo ólíkar.⁵⁷⁹ Í Morgunblaðinu var birt ítarleg umfjöllun um sömu atriði og kom þar jafnframt fram að talsmaður rannsóknarlögreglunnar hafi á blaðamannafundinum verið spurður að því hvort hugsanlegt væri að Sævar, Kristján Viðar og Erla væru að ljúga umræddri sögu upp á fjórmeningana sem nú sættu gæsluvarðhaldi til að hefna sín á þeim eða draga athyglina frá sjálfu sér og sínum verkum. Hafi því verið svarað til að sá möguleiki væri auðvitað fyrir hendi en þó hafi umræddir aðilar allir verið úrskurðaðir í gæsluvarðhald á mismunandi tímum og verið í einangrun. Auk þess hafi Sævar og Kristján Viðar lítinn samgang geta haft frá hvarfi Geirfinns fram að handtöku vegna afplánunar á öðrum dómum. Þrátt fyrir það hafi þeim borið saman í flestum atriðum.⁵⁸⁰

294. Sunnudaginn 28. mars 1976 var bókað í dagbók Síðumúlfangelsisins klukkan 17:05 að fjölmiðlar hafi hringt margsinnis með það fyrir augum að ná tali af Erni.⁵⁸¹ Bókað var í rannsóknardagbók Eggerts og Sigurbjörns Víðis þennan dag að gerð hafi verið athugun á því hvar [SjT] væri niðurkomin.⁵⁸²
295. Mánudaginn 29. mars 1976 var bókað í fangelsisdagbókina klukkan 17:55 að Jón Ólafsson, réttargæslumaður Sigurbjörns, hafi komið með sendingu til hans af ávöxtum, hársápu og vítamínum.⁵⁸³
296. Fyrir liggur skýrsla dagsett sama dag um yfirheyrslu yfir [GuH]. Kvaðst hann eiga Moskvitch bifreið með R-númeri. Greindi hann frá tilviki þar sem hann hafi tekið stúlku upp í bifreiðina í Keflavík og ekið henni til Hafnarfjarðar. Kvaðst hann minna að það hafi verið áður en hann hafi heyrt talað um hvarf Geirfinns. Þegar ljósmynd af Erlu Bolladóttur var borin undir hann hafi [GuH] sagst viss um að hún hafi ekki verið stúlkan sem hann hafi tekið upp í bifreiðina í umrætt sinn.⁵⁸⁴ Sama dag var tekin skýrsla af [ÓE], yfirmanni [BoG], föður Einars og Erlu. Greindi hann frá því að honum hafi borist til eyrna í fyrrihluta janúarmánuðar að [BoG] hafi verið að bjóða samstarfsfólki sínu áfengi til sölu. Kvaðst hann hafa snúið sér til yfirdeildarstjóra Ritsímans og tilkynnt um athæfið. Hafi sá rætt við [BoG] vegna málsins.⁵⁸⁵ Þá var jafnframt tekin skýrsla af [VEB], yfirsímrítara á Ritsímanum. Kvaðst hann hafa kynnst bæði Erlu og [BoG], föður Einars og Erlu á vinnustaðnum. Greindi hann frá því að

⁵⁷⁸ Bls. 535–540.

⁵⁷⁹ Bls. 541.

⁵⁸⁰ Bls. 544.

⁵⁸¹ Dagbók nr. 4, bls. 78.

⁵⁸² Bls. 1026.

⁵⁸³ Dagbók nr. 4, bls. 78b.

⁵⁸⁴ Bls. 545–546.

⁵⁸⁵ Bls. 547.

[BoG] hafi boðið sér áfengi til kaups í lok janúar eða byrjun febrúar og hafi hann keypt tvær flöskur af hollensku vodka á 5.000 krónur. Sagði hann [BoG] vera kunningja sinn og þetta hafa verið í fyrsta sinn sem hann hafi keypt af honum áfengi. Sagði [VEB] að á þeim tíma sem Erla hafi verið að hætta störfum á Ritsímanum hafi hann keypt af henni eina viskíflösku. Hafi hann síðar séð að flaskan hafi verið merkt ÁTVR og því talið hana þýfi. Áður hafi hann keypt eina flösku af henni sem hann hafi talið smygl. Hafi viðskiptin öll farið fram á Ritsímanum.⁵⁸⁶

297. Sama dag, 29. mars 1976, birtist frétt á baksíðu Dagblaðsins með fyrirsögninni: „Réttargæzlumenn þremmenninganna: Rannsóknarlögregla á hálum ís“. Birt var í heild sinni yfirlýsing Hafsteins Baldvinssonar hæstaréttarlögmanns og héraðsdómslögmannanna Ingvars Björnssonar og Jóns Zoëga, réttargæslumanna þriggja manna sem sætu í gæsluvarðhaldi vegna Geirfinnsmálsins. Í yfirlýsingunni sagði að þeir hafi viljað koma á framfæri athugasemdum við frásögn rannsóknarlögreglunnar af rannsókn málsins á blaðamannafundinum daginn áður. Gerðu þeir alvarlegar athugasemdir við að rannsóknarlögreglan hafi færst undan því að svara spurningum um viðbrögð þremmenninganna við framburði hinna þriggja ógæfuungmenna um aðild þeirra að hvarfi Geirfinns, eins og það er orðað í yfirlýsingunni. Fram kom að réttargæslumennirnir hafi ekki séð hvaða tilgangi það hafi átt að þjóna að þegja yfir viðbrögðum skjólstæðinga þeirra. Þá ásökuðu þeir rannsóknarlögregluna fyrir að hafa látið hjá líða að greina frá mikilvægum þáttum í rannsókn málsins sem rýrt hafi verulega framburð ungmennanna. Hörmuðu réttargæslumennirnir að þurfa að taka þátt í umræðu um rannsókn málsins í fjölmiðlum. Ekkert hafi komið fram við rannsókn málsins, allt frá 28. janúar eða í 62 daga, sem rennt hafi stoðum undir framburð ungmennanna. Í tengslum við þá fullyrðingu sagði í frétt Dagblaðsins að sú spurning vaknaði hvernig það gæti þá hugsanlega atvikast að framburður ungmennanna væri svo samhljóða sem skýrt hafi verið frá á blaðamannafundinum. Fram kom að blaðamaður hafi haft samband við Örn Höskuldsson sem hafi sagst ekki vilja munnhöggvast í fjölmiðlum.⁵⁸⁷
298. Þriðjudaginn 30. mars 1976 var háð þinghald í sakadómi Reykjavíkur og tekin fyrir dómsrannsókn að kröfu ríkissaksóknara á hvarfi Geirfinns Einarssonar. Af hálfu ákærvaldsins sótti þing Hallvarður Einvarðsson vararíkissaksóknari og Njörður Snæhólm aðalvarðstjóri. Í þingbók var bókað klukkan 10:05 að Erla Bolladóttir hafi mætt fyrir dóminn sem vitni. Bókað var að Erla hafi skýrt sjálfstætt frá málsatvikum. Kvaðst hún hafa farið til Keflavíkur skömmu áður en hún hafi farið til Kaupmannahafnar í byrjun desember 1974. Hafi hún farið með Sævari og hafi verið lagt upp frá Klúbbinum. Hafi verið ekið um borgina, meðal annars niður Laugaveg og austur Hringbraut en síðan í átt til Hafnarfjarðar og inn á Reykjanesbraut fyrir sunnan afleggjarann að Sædýrasafninu. Hafi Magnús Leóoldsson ekið bifreiðinni en auk þess hafi Kristján Viðar verið í bifreiðinni. Kvaðst hún hafa óljósa minningu um að Kristján Viðar hafi komið inn í bifreiðina á Vatnsstíg í Reykjavík. Ekið hafi verið rakleiðis til Keflavíkur og þar niður í fjöru. Hafi Magnús og Kristján Viðar farið út úr

⁵⁸⁶ Bls. 549.

⁵⁸⁷ Bls. 550.

bílnum og Sævar stuttu seinna. Kvaðst Erla hafa læðst út úr bifreiðinni og staðnæmst litla stund áður en hún hafi læðst í burtu. Hafi hún falið sig í mannláusu húsi þar til hún hafi orðið vör við mannaferðir en þá hafi hún farið úr felustað sínum og fengið far með bifreiðum til Reykjavíkur.⁵⁸⁸ Greindi Erla frá því að á leiðinni til Keflavíkur hafi Magnús og Sævar rætt um erfiðleika í sambandi við einhvern mann sem hafi ekki látið segjast og væri ónothæfur. Hafi Magnús og Einar Bollason báðir verið búnir að tala við hann. Kvaðst hún hafa skynjað það á tali þeirra tveggja að eitthvað alvarlegt stæði nú til. Hafi Kristján Viðar ekki tekið þátt í samræðunum. Kvaðst hún hafa séð Einar Bollason í fjörunni, en ekki muna hvernig hann hafi verið klæddur. Þá hafi hún séð Magnús og Sævar á tali við mann sem henni hafi fundist hafa verið sveitamannslegur í klæðaburði. Fannst Erlu sem að sá maður hafi verið Geirfinnur, en hún hafi séð ljósmyndir af honum meðal annarra mynda hjá rannsóknarlögreglunni. Þá kvaðst hún hafa séð tvo aðra menn, annan áberandi stóran sem hana minnti að hafi verið að reykja vindil. Gæti sá hafa verið Sigurbjörn Eiríksson en Erla kvaðst hafa séð ljósmynd af honum í myndabunka hjá rannsóknarlögreglunni. Þá myndi hún eftir einum manni enn sem hafi verið með ljóst, hrokkið hár. Einhverjir fleiri hafi verið þarna staddir en Erla kvaðst ekki muna eftir að hafa séð Valdimar Olsen á vettvangi. Kvaðst hún ekki muna tildrög ferðarinnar að öðru leyti en því að hún hafi átt að hitta Sævar við Klúbbinn.⁵⁸⁹ Vissi hún ekki hvers vegna Sævar hafi viljað hitta hana þar og sagði Sævar hafa látið sig setjast inn í bifreiðina við Klúbbinn sem hafi verið af gerðinni Mercedes Benz. Sagði hún Sævar hafa átt erindi í Klúbbinn í þeim tilgangi að „tækka á málunum“ eða „redda málunum“, eins og hann hafi orðað það sjálfur. Sagðist hún hafa gert sér fljótlega grein fyrir því hvað hafi verið um að vera þegar lýst hafi verið eftir Geirfinni í kjölfarið. Hafi hún ekki farið til lögreglunnar þar sem slíkt hafi ekki komið til mála þegar Sævar og félagar hafi átt í hlut. Kvaðst Erla muna eftir bát sem hafi legið við trébryggju. Sagðist hún ekki muna það örugglega hvort hún hafi farið á sjó í umrætt sinn. Myndi hún þó nokkra punkta sem gætu bent til að svo hafi verið. Kvaðst Erla muna eftir að hafa séð klett sem væri þarna rétt af sjó. Þá kvaðst hún muna eftir yfirborði sjávar, hafa heyrt skvamp og að hafa séð gárur eftir að einhverju hafi verið hent í sjóinn.⁵⁹⁰ Bókað var í þingbókina að Erla hafi vikið frá klukkan 11:55 og dómþingi frestað.⁵⁹¹

299. Þennan sama dag var bókað í dagbók fangelsisins við Síðumúla að Páll Arnór Pálsson, réttargæslumaður Kristjáns Viðars, hafi hringt klukkan 10:45 og spurt um skjólstæðing sinn og fyrirhugaða dómsrannsókn. Á sama tíma var bókað að hringt hafi verið í Guðstein lækni vegna skorts á Periactin töflum sem væri lystaukandi lyf sem gefið hafi verið Magnúsi Leópoldssyni. Hafi Guðsteinn sagst ekki ætla að láta Magnús hafa þessi lyf um tíma. Klukkan 13:20 var bókað um komu móður Sævars með tóbak til sonarins. Hafi hún einnig tekið óhreinan fatnað.⁵⁹² Klukkan 13:45 var bókað í

⁵⁸⁸ Bls. 550_B.

⁵⁸⁹ Bls. 550_C.

⁵⁹⁰ Bls. 550_D.

⁵⁹¹ Bls. 550_E.

⁵⁹² Dagbók nr. 4, bls. 79.

fangelsisdagbókina að Hafsteinn Baldvinsson, réttargæslumaður Magnúsar, hafi hringt og fengið óskalista frá skjólstaðingi sínum.⁵⁹³

300. Dómþing sakadóms Reykjavíkur var háð að nýju klukkan 13:38 þennan dag og voru sömu bókaðir mættir. Áfram var haldið með skýrslutöku yfir Erlu Bolladóttur. Kvaðst hún hafa fengið far með Moskvitch bifreið úr Keflavík að Grindavíkuraflleggjara. Gæti hún ekki fyllilega skýrt hvers vegna hún hafi ekki farið lengra með bifreiðinni en taldi hún það hafa verið til að villa um fyrir bílstjóranum. Í fjörunni hafi hún séð að minnsta kosti tvær bifreiðar, annars vegar rauða bifreið sem hún gæti ekki lýst nánar og hins vegar stóra sendiferðabifreið með stórum framrúðum og engri vélarhlíf, en í þeirri bifreið hafi setið maður. Um samband sitt við bróður sinn, Einar Bollason, hafði Erla það að segja að alltaf hafi verið nokkurs konar rígur á milli móður hennar og bræðranna Einars og [BÞB]. Hafi Einar iðulega komið í heimsókn, en dregið hafi úr því eftir að þau systkinin hafi komist á legg og hafi þeim síðan nær alveg verið hætt þegar foreldrar hennar hafi skilið árið 1970. Kvaðst Erla hafa flutt hálfu ári síðar til föður síns og hafi Einar þá farið að venja komur sínar aftur á heimilið. Hafi þeim komið ágætlega saman framan af allt þar til faðir þeirra hafi keypt hús í Hafnarfirði eftir ráðleggingum Einars.⁵⁹⁴ Kvaðst Erla ekki hafa viljað flytja í Hafnarfjörð. Hafi hún þá heyrt það hjá systur sínum að Einar segði hana lata við að hjálpa föður þeirra og væri vond við hann. Sagði Erla að faðir þeirra hafi veikst í nóvember 1973. Í kjölfarið hafi viðmót Einars í hennar garð breyst og honum orðið illa við sig. Hafi Einar í fyrstu komið í veg fyrir að hún gæti heimsótt föður sinn á sjúkrahús. Kvaðst hún hafa reiðst Einari, en þó hvorki sagt neitt né gert. Hafi nokkur atvik orðið eftir þetta sem hafi viðhaldið þessu stirða sambandi þeirra systkina. Hafi þau rifist tvisvar, annars vegar eftir að Einar hafi látið skipta um skrá í útidyrhurð á íbúð Erlu svo hún kæmist ekki inn. Kvaðst Erla þá hafa hringt í Einar og hann hellt yfir sig skömmum. Deilunni hafi lyktað þannig að Einar hafi skilið eftir lykil í skránni svo hún kæmist inn. Hins vegar þegar faðir þeirra hafi sagt Einari að hann vildi búa hjá henni. Sagðist Erla ekki hafa verið hissa við að sjá Einar á vettvangi í Keflavík umrætt kvöld.⁵⁹⁵ Var skýrsla Erlu frá 23. janúar 1976 lesin upp í dóminum og borin undir hana. Kvað hún rétt eftir sér haft en tók þó fram að ekki hafi verið ekið beint til Hafnarfjarðar heldur hafi verið ekið um borgina áður. Þá hafi Kristján Viðar Viðarsson einnig verið í bifreiðinni auk þeirra Sævars og Magnúsar. Staðfesti hún undirskrift sína. Var þá lesin fyrir Erlu skýrsla hennar frá 3. febrúar 1976. Kvað hún rétt eftir sér haft en þó ekki geta fullyrt að Valdimar Olsen hafi verið staddur í Dráttarbrautinni í umrætt sinn og ekki heldur geta fullyrt hvort einhver hafi setið í framsæti bifreiðarinnar á leiðinni suður eftir. Staðfesti hún undirskrift sína. Loks var lesin upp í dóminum skýrsla Erlu frá 10. febrúar 1976. Kvað hún þar rétt eftir sér haft og staðfesti undirskrift sína. Bókað var í þingbókina að Erla hafi vikið frá klukkan 16:37.⁵⁹⁶

⁵⁹³ Dagbók nr. 4, bls. 79b.

⁵⁹⁴ Bls. 550_E.

⁵⁹⁵ Bls. 550_F.

⁵⁹⁶ Bls. 550_G.

301. Fyrir liggur skýrsla dagsett sama dag, 30. mars 1976, um yfirheyrslu rannsóknarlögreglunnar yfir [GSJ] sem gaf sig sjálfur fram við lögreglu. Kvaðst hann muna eftir að hafa tekið stúlku upp í bifreið sína í Keflavík um haustið 1974 og ekið henni að mótum Grindavíkurvegjar. Hafi hann verið á rauðum Skoda 1000 með númerið G-9093. Hafi hún sagst ætla fara til Grindavíkur myndi veifa annarri bifreið til að komast þangað. Kvaðst [GSJ] hvorki geta fullyrt um hvaða dag þetta hafi verið né á hvaða tíma. Minnti hann þó að hann hafi verið hjá dóttur sinni í Sandgerði um nóttina og hafi verið á leiðinni heim að morgni til. Útilokaði hann það ekki að geta þekkt stúlkuna aftur. Greindi vitnið frá því að hafa séð stóra græna vörubifreið, sem hafi virst á leið til Grindavíkur, sem hafi stöðvað hjá stúlkunni. Hafi hann furðað sig á því að stúlkun hafi ekki farið með vörubifreiðinni.⁵⁹⁷ Nokkru síðar hafi stórri rauðbrúnni vörubifreið verið ekið fram úr honum og taldi hann sig þá hafa séð sömu stúlku sitja í framsæti bifreiðarinnar. Hafi honum fundist hegðun stúlkunnar undarleg, að fara úr bifreið hans til þess eins að fara sömu leið í annarri bifreið. Kvaðst vitnið hafa gáð í dagbókina sína og hafa séð að hann hafi ekki verið til vinnu á umræddum tíma í nóvember 1974 þar sem hann hafi verið handlama. Í kjölfar skýrslutökunnar fór fram sakbending þar sem vitnið benti á Erlu Bolladóttur úr hópi stúlkna.⁵⁹⁸
302. Í fangelsisdagbókina þennan dag var bókað um komu Ingvars Björnssonar, réttargæslumanns Einars, klukkan 18:25 og Hafsteins Baldvinssonar, réttargæslumanns Magnúsar, klukkan 18:45. Klukkan 19:10 var bókað í dagbókina að þeir hafi báðir farið þar sem enginn rannsóknarlögreglumaður hafi verið kominn. Bókaði færsluritari um að hafa gert margar tilraunir til að hringja í þá og kalla þá upp í talstöð, allt án árangurs. Klukkan 20:20 var bókað að Eggert og Sigurbjörn Víðir hafi komið með mann í yfirheyrslu. Rannsóknargögn liggja ekki fyrir um yfirheyrsluna. Hálf tíma síðar var bókað að Sigurbjörn Víðir hafi farið inn á gang og talað við Kristján Viðar og Tryggva Rúnar. Rannsóknargögn liggja ekki fyrir um viðtölin. Klukkan 21:50 var bókað að Sigurbjörn Víðir hafi farið.⁵⁹⁹
303. Í rannsóknardagbók Eggerts og Sigurbjörns Víðis var bókað þennan dag, 30. mars 1976, um samtali við [HuG]. Hafi hún sagst hafa þekkt Geirfinn mjög vel og hafa nánast umgengist hann sem bróður en annað samband hafi ekki verið á milli þeirra. Hafi hún sagst einnig vera vinkona [GSig], eiginkonu Geirfinns, og því hafa tekið því mjög nærri sér þegar Geirfinnur hvarf. Sagði hún Geirfinn þannig að skapi farinn að hann væri manna ólíklegastur til að fremja sjálfsmorð. Hafi hann talað mjög lítið um málefni sín við aðra.⁶⁰⁰
304. Þennan dag birtist frétt í Tímanum um ljósmynd af Geirfinni sem birt hafi verið í fjölmiðlum um helgina og tekin var árið 1973. Sú ljósmynd sem birt hafði verið af Geirfinni þegar lýst hafi verið eftir honum við frumrannsókn málsins hafi verið frá 1968. Hafi Haukur Guðmundsson, rannsóknarlögreglumaður í Keflavík, verið inntur eftir því hvers vegna nýrri ljósmyndin af Geirfinni hafi ekki verið birt heldur eingöngu

⁵⁹⁷ Bls. 551.

⁵⁹⁸ Bls. 552.

⁵⁹⁹ Dagbók nr. 4, bls. 79b.

⁶⁰⁰ Bls. 1030.

Ljósmynd frá 1968. Sagði Haukur að Geirfinnur hafi ekki verið líkari þessari ljósmynd heldur en hinni fyrri þegar hann hafi horfið. Á ljósmyndinni frá 1973 hafi Geirfinnur verið með nýklípt hár, slétt og vatnsgreitt en þegar hann hafi horfið hafi hár hans verið mun síðara og úfnara. Aðspurður um hver hafi tekið ákvörðun um að birta ekki nýrri ljósmyndina hafi Haukur sagt það hafa verið sameiginleg ákvörðun hans og Valtýs Sigurðssonar sem hafi verið byggð á upplýsingum frá eiginkonu Geirfinns. Hafi það verið þeirra álit að með því að birta nýrri ljósmyndina myndi fólk ruglast í ríminu. Það hafi því aldrei hvarflað að þeim að birta nýrri ljósmyndina þegar hún hafi borist lögreglu.⁶⁰¹ Sama dag birtist samantekt á rannsókn Geirfinns málsins í Morgunblaðinu. Rakin var framvinda frumrannsóknar málsins og hún borin saman við það sem fram hafi komið á nýliðnum blaðamannafundi rannsóknarlögreglunnar. Fram kom að þrátt fyrir margar ábendingar hafi sá maður ekki fundist sem leirmyndin hafi verið mótuð af. Hafi nafn eins manns sem nú sæti í gæsluvarðhaldi meðal annars verið nefnt í því sambandi, en miðað við framburð ungmennanna hafi hann ekið þeim frá Klúbbinum til Keflavíkur svo útilokað væri að hann hafi hringt úr Hafnarbúðinni. Hafi því ekki enn tekist að varpa ljósi á dularfullar símhringingar á heimili Geirfinns.⁶⁰²

305. Miðvikudaginn 31. mars 1976 var bókað í dagbók Síðumúlafangelsisins að Njörður Snæhólm rannsóknarlögreglumaður hafi hringt og beðið um að Kristján Viðar yrði hafður tilbúinn til flutnings í dómsrannsókn klukkan 09:30. Bókað var að Kristján Viðar hafi verið sóttur klukkan 09:55 og fluttur í sakadóm Reykjavíkur. Þennan dag var háð þinghald í sakadómi Reykjavíkur og tekin fyrir dómsrannsókn á hvarfi Geirfinns. Af hálfu ákærvaldsins sótti þing Hallvarður Einvarðsson vararíkissaksóknari og Njörður Snæhólm aðalvarðstjóri. Í þingbók var bókað klukkan 10:08 að Kristján Viðar hafi komið fyrir dóminn. Kvaðst hann muna eftir því að á þeim tíma sem hann hafi búið að Laugavegi 32 í Reykjavík hafi hann eitthvert sinn farið upp í bifreið á Vatnsstíg. Sagðist hann þó ekki muna hvernig bifreið þetta hafi verið eða hvert henni hafi verið ekið. Minnti hann að þegar hann hafi sest upp í bifreiðina þá hafi hann sest á pels Erlu Bolladóttur um leið og hann hafi sest við hlið hennar.⁶⁰³ Kvaðst Kristján Viðar muna eftir að hafa gengið niður Vatnsstíg og sest hægra megin inn í bifreiðina. Hafi Sævar annaðhvort verið í annarri bifreið eða komið úr annarri bifreið yfir í þessa. Ítrekaði Kristján Viðar að hann myndi ekki hvert hafi verið ekið. Kristján Viðar kvaðst muna örugglega eftir sér í Dráttarbrautinni í Keflavík. Hafi hann farið út úr bifreið ásamt öikumanninum og gengið niður í móti og hafi þeir mætt manni sem hafi skipað Kristjáni að standa undir bát sem hafi staðið á þurru landi niður í slippnum. Kristján Viðar kvaðst tvisvar hafa ætlað að fara að röлта um en þá hafi sér verið skipað að vera um kyrrt. Myndi hann eftir því að hafa verið að stökkva yfir einhverja búkka þegar hann hafi verið að hraða sér í áttina að bílnum. Kvaðst hann muna eftir því að settur hafi verið einhver varningur í farangursgeymslu bifreiðar og hafa unnið að því sjálfur. Hafi hann verið ávítur fyrir ódugnað af manni sem Kristján kvaðst viss um að hafi verið Einar Bollason. Fyndist honum sem

⁶⁰¹ Bls. 554.

⁶⁰² Bls. 556.

⁶⁰³ Bls. 574_A.

maðurinn sem hann hafi gengið með niður slippinn hafi verið Valdimar Olsen. Þá hafi hann séð tvo menn standa á bryggjunni og hafi honum fundist sem annar þeirra hafi verið Sigurbjörn Eiríksson. Kvaðst hann muna eftir að hafa séð þarna fleiri menn en þeir hafi verið dreifðir um svæðið og verið á hlaupum að húsi sem standi við slippinn. Kristján Viðar lýsti því yfir fyrir dómi að skýrslur sínar frá 23. og 27. janúar annars vegar og 10. febrúar hins vegar væru ekki sannleikanum samkvæmar.⁶⁰⁴ Hafi hann skáldað skýrslurnar upp til að fá frið fyrir fangavörðum og lögreglumönnum. Kvaðst Kristján Viðar hafa verið orðinn mjög slæmur á taugum á þessum tíma vegna stöðugra yfirheyrslna og vegna Guðmundarmálsins. Kvaðst hann muna eftir því að þegar ekið hafi verið á brott úr Dráttarbrautinni hafi hann hallað sér yfir framsæti bifreiðarinnar og spurt Sævar, að því er Kristján hélt, hvort þeim yrði nokkuð blandað í þetta. Hafi honum ekki verið svarað strax og hafi hann því orðið æstur. Ítrekað aðspurður, eins og það er bókað í þingbók, kvaðst Kristján Viðar muna örugglega eftir því að í Dráttarbrautinni í umrætt sinn hafi verið Valdimar Olsen, Einar Bollason og Sigurbjörn Eiríksson auk þeirra Erlu og Sævars. Sagðist Kristján Viðar þó ekki vilja fullyrða að Erla hafi verið stödd þarna. Bókað var í þingbók að Kristján Viðar hafi vikið frá klukkan 12:09 og dómþingi frestað.⁶⁰⁵ Í dagbók Síðumúlafangelsisins var bókað klukkan 12:30 að komið hafi verið með Kristján Viðar úr sakadómi.⁶⁰⁶

306. Dómþing sakadóms Reykjavíkur var háð að nýju klukkan 13:46 þennan dag. Þá kom fyrir dóminn sem vitni [AG]. Í þingbók dómsins var bókað að vitnið hafi skýrt sjálfstætt frá málsatvikum og framburður hennar hafi verið í samræmi við skýrslu hjá lögreglu. Ítrekað aðspurð kvaðst hún aðeins hafa séð Magnús Leópoldsson í Klúbbnum fyrrihluta kvölds 19. nóvember 1974, en myndi ekki klukkan hvað hún hafi séð hann síðast. Skýrsla [AG] frá 31. janúar 1976 var lesin upp fyrir hana og staðfesti hún þar rétt eftir sér haft.⁶⁰⁷ Bókað var í þingbók að vitnið hafi vikið frá klukkan 14:08.⁶⁰⁸ Þá hafi [RaS] komið fyrir dóminn sem vitni, greint sjálfstætt frá og í samræmi við skýrslu sína hjá lögreglu. Ítrekað aðspurð kvaðst vitnið ekki muna hvenær hún hafi séð Magnús síðast þetta kvöld, en giskaði á tímabilið frá klukkan 21:30 til 23:00.⁶⁰⁹ Skýrsla [RaS] frá 31. janúar 1976 var lesin upp fyrir hana og staðfesti hún þar rétt eftir sér haft.⁶¹⁰ Bókað var í þingbók að vitnið hafi vikið frá klukkan 14:25.⁶¹¹ Þá kom fyrir dóminn [ÞGG], lögreglumaður. Kvaðst hann hafa verið á miðavakt í Klúbbnum 19. nóvember 1974. Minnti hann að fáir hafi verið í húsinu umrætt kvöld. Kvaðst hann muna eftir því að starfsmaður hússins hafi gert upp við stúlkurnar tvær sem hafi staðið að dansleiknum. Myndi hann ekki hvaða starfsmaður það hafi verið, en það hafi ekki verið Magnús Leópoldsson. Kvaðst vitnið hvorki muna eftir að hafa séð Sigurbjörn Eiríksson né heldur Magnús umrætt kvöld, eða í það minnsta ekki veitt því athygli. Greindi hann frá því að Sigurbjörn hafi hringt í sig að

⁶⁰⁴ Bls. 574_B.

⁶⁰⁵ Bls. 574_A.

⁶⁰⁶ Dagbók nr. 4, bls. 80.

⁶⁰⁷ Sjá bls. 358–359.

⁶⁰⁸ Bls. 574_D.

⁶⁰⁹ Bls. 574_D.

⁶¹⁰ Sjá bls. 360.

⁶¹¹ Bls. 574_E.

kvöldi 26. janúar 1976, eftir að Magnús hafi verið handtekinn. Hafi Sigurbjörn þá spurt hann hvort hann hafi séð Magnús í Klúbbinum 19. nóvember 1974. Hafi Sigurbjörn beðið hann um að skýra ekki frá samtali þeirra. Staðfesti hann rétt eftir sér haft í skýrslu hjá lögreglu 2. febrúar og 13. febrúar 1976. Vék vitnið frá og var dómþingi slitið klukkan 14:57.⁶¹²

307. Í dagbók fangelsisins við Síðumúla þennan sama dag var bókað um komu móður Sævars klukkan 15:30 með kex handa honum. Klukkan 22:15 var bókað að Kristján Viðar hafi hringt og óskað eftir viðtali við Sigurbjörn Víði eða Eggert. Hafi Sigurbjörn Víðir farið inn til hans en hann hafi komið um sama leyti. Bókað var að Sigurbjörn Víðir hafi farið klukkan 23:30 að loknu samtali við Kristján Viðar. Rannsóknargögn um viðtalið liggja ekki fyrir. Á sama tíma var bókað að Magnús hafi fengið sálmabók og Nýja Testamentið að láni.⁶¹³
308. Í rannsóknardagbók Eggerts og Sigurbjörns Víðis var bókað þennan sama dag, 31. mars 1976, um símtal frá [MJóh], leigubifreiðastjóra. Kvaðst hann vilja koma því á framfæri að [GeV], sem hafi verið talinn einn besti vinur Geirfinns, ætti bátinn Hafnartind GK 80. Væri [GeV] nú fluttur á Kópasker og hafi tekið bátinn með sér. Þá hafi hann greint frá því að [BJ] frá Hömrum, hafi sofnað í gleðskap eftir að hafa verið á skemmtun í Klúbbnum. Þegar hún hafi vaknað hafi tveir menn verið í herberginu að tala um Magnús Leópoldsson. Hafi þeir rætt um að Magnús væri farinn á taugum og rætt um Geirfinn og bátsferð. Þegar þeir hafi orðið þess varir að [BJ] væri vöknud hafi þeir hætt öllu tali. Hafi þeir sagt henni að þegja yfir því sem hún hafi heyrt.⁶¹⁴
309. Fimmtudaginn 1. apríl 1976 var bókað í dagbók fangelsisins við Síðumúla klukkan 10:00 að Sævar hafi verið færður fyrir sakadóm Reykjavíkur.⁶¹⁵ Dómþing var sett í sakadómi Reykjavíkur þennan dag og tekin fyrir dómsrannsókn á hvarfi Geirfinns. Af hálfu ákærvaldsins sótti þing Hallvarður Einvarðsson vararíkissaksóknari og Njörður Snæholm aðalvarðstjóri. Í þingbók var bókað klukkan 10:09 að Sævar hafi komið fyrir dóminn. Bókað var að Sævar hafi verið beðinn um að skýra sjálfstætt frá málsatvikum. Kvaðst Sævar vilja taka það fram í upphafi að þær skýrslur sem hann hafi gefið í málinu væru ekki byggðar á hans eigin vitneskju eða reynslu. Hafi Erla Bolladóttir skýrt sér frá öllum atvikum sem hann hafi sagt frá í eigin persónu hjá rannsóknarlögreglunni. Kvaðst Sævar hafa heyrt einhvern [EÓ] hafa rætt um málið í Kaupmannahöfn þegar hann hafi verið þar snemma árs 1975. Hafi Erla farið á undan sér til Kaupmannahafnar snemma í desember 1974 þar sem hún hafi verið hrædd við fjóra menn, það er Magnús Leópoldsson, Valdimar Olsen, Einar Bollason og [JR]. Lýsti Sævar því yfir að hafa gefið skýrslur þessar til að hægt væri að rannsaka málið, en honum hafi verið sagt að Erla hafi orðið fyrir ónæði og óttaðist um líf sitt. Kvaðst Sævar einnig hafa upplýsingar frá [SP] sem búsettur væri í Kaupmannahöfn. Hafi [SP] og [EÓ] sagt sér að [JA] hafi fjármagnað og staðið að baki spírasmygli til landsins

⁶¹² Bls. 574_F.

⁶¹³ Dagbók nr. 4, bls. 80.

⁶¹⁴ Bls. 1031.

⁶¹⁵ Dagbók nr. 4, bls. 80.

síðastliðin 10 ár og væri hann tengdur Geirfinnsmálinu. Vék Sævar frá klukkan 10:55 og var dómþingi frestað.⁶¹⁶

310. Bókað var í fangelsisdagbókina sama dag að Sævar hafi verið færður á klefa klukkan 11:10. Klukkan 12:20 var bókað að Ingvar Björnsson, réttargæslumaður Einars, hafi komið með fjóra víxla sem Einar þyrfti að undirrita. Bókaði færsluritari að hann hafi farið með þá inn á klefa Einars til undirritunar, ásamt öðrum fangaverði. Bókað var að Ingvar hafi farið klukkan 12:50. Á sama tíma bókaði færsluritari um samtál sitt við Örn varðandi beiðni Magnúsar Leópoldssonar um viðtal við prest. Hafi Örn frestað ákvarðanatöku til morguns. Þá bókaði færsluritari um samtál sitt við Jón Thors, deildarstjóra í dómsmálaráðuneytinu, vegna bréfs sem hafi borist vegna kallkerfis í fangelsinu. Fram kom að færsluritari hafi spurt hvort hann ætti að fjarlægja hljóðnemana úr þeim tveimur klefum sem þeir væru í. Hafi Jón ekki sagt þörf á því, en ekki mætti misnota kerfið. Hafi færsluritari svarað því til að svo væri ekki og myndi ekki vera nema þá af hreinni slysi. Myndi hann taka mjög hart á því ef uppvíst yrði um misnotkun á kallkerfinu þannig að myndaður yrði stöðugur sónn inni á þeim klefum og göngum sem hljóðnemarnir væru á. Klukkan 13:20 var bókað að Kristján Viðar hafi verið færður fyrir sakadóm.⁶¹⁷
311. Dómþing í sakadómi Reykjavíkur var háð að nýju þennan dag, 1. apríl 1976, klukkan 13:37. Á sama tíma var bókað í þingbókina að Kristján Viðar hafi mætt fyrir dóminn. Sagði hann ýmislegt hafa rifjast upp fyrir sér um atburðina í Dráttarbrautinni í Keflavík frá því hann hafi komið síðast fyrir dóminn. Kvaðst Kristján Viðar muna eftir að einhverjir menn hafi verið að slá einhvern og hafi sá verið alblóðugur í framan og hafi honum virst maðurinn hálf máttfarinn. Myndi hann eftir því að hafa spurt mennina hvers vegna þeir létu manninn ekki í friði og hvað hann hafi gert þeim. Hafi honum þá verið sagt að skipta sér ekki af. Kvaðst Kristján Viðar muna eftir að maðurinn hafi reynt að flýja undan. Minnti hann að honum hafi verið sagt að grípa manninn ef hann kæmi þarna fram hjá. Greindi Kristján Viðar frá því að maðurinn hafði náðst í slippnum fyrir ofan fjöruna. Hafi hann verið dökkhærður og á fertugsaldri.⁶¹⁸ Kvaðst Kristján Viðar muna eftir einhverju vélaraskrölti en gæti ekki gert sér grein fyrir frá hverju þessi hávaði hafi stafað. Bókað var að Kristján Viðar hafi vikið frá klukkan 14:12.⁶¹⁹
312. Bókað var í fangelsisdagbókina þennan dag að Kristján Viðar hafi verið færður á klefa klukkan 14:20. Klukkan 15:45 var bókað að Jón Oddsson, réttargæslumaður Sævars, hafi hringt og spurt hvort skjólstaðingur sinn hefði það ekki gott. Var bókað að honum hafi verið tjáð svo. Klukkan 17:00 hafi Guðsteinn læknir komið og talað við Sigurbjörn Eiríksson, Magnús Leópoldsson og Kristján Viðar til klukkan 17:50.⁶²⁰ Bókað var að [SI], eiginkona Einars, hafi komið klukkan 20:30 með bréf sem hún hafi viljað láta fangaverðina lesa yfir áður en hún myndi afhenda það Ingvari,

⁶¹⁶ Bls. 574_F og 575_A–B.

⁶¹⁷ Dagbók nr. 4, bls. 80b.

⁶¹⁸ Bls. 575_B.

⁶¹⁹ Bls. 575_C.

⁶²⁰ Dagbók nr. 4, bls. 80b.

réttargæslumanni Einars. Greindi hún frá því að Ingvar ætlaði með bréfið til Arnar Höskuldssonar til lestrar. Bókaði færsluritari að hann hafi sagt henni að sér myndist eðlilegra að snúa gangi málsins við og hafi hún fallist á það.⁶²¹

313. Þennan dag, 1. apríl 1976, birtist yfirlýsing í Morgunblaðinu frá rannsóknarlögreglunni í Keflavík um þá ákvörðun að birta ekki nýlegri ljósmynd af Geirfinni við rannsókn málsins á sínum tíma. Í upphafi rannsóknar hafi lögreglan fengið í hendur ljósmynd af Geirfinni sem hafi í kjölfarið verið birt. Hafi lögreglunni verið það ljóst að útlit Geirfinns hafði breyst töluvert frá því myndin var tekin þar til hann hvarf. Hafi lögreglan því leitast eftir að fá nýrri mynd af honum. Fimmtán dögum síðar hafi komið fram sú mynd sem nú hafi verið birt í fjölmiðlum. Hafi þá verið haft samband við eiginkonu Geirfinns og hún spurð álits. Þar sem hún hafi talið nýrri ljósmyndina ekki ná að sýna betur helstu útlitseinkenni Geirfinns hafi sú ákvörðun verið tekin að birta þá mynd ekki í fjölmiðlum. Meðal annars hafi Geirfinnur verið kominn með mun meira og úfnara hár þegar hann hvarf heldur en nýrri myndin hafi sýnt og einnig hafi hann verið grennri í andliti.⁶²²
314. Föstudaginn 2. apríl 1976 var bókað í dagbók fangelsisins við Síðumúla klukkan 10:00 að farið hafi verið með Magnús Leópoldsson fyrir sakadóm Reykjavíkur.⁶²³ Var dómþing sett þennan dag og tekin fyrir dómsrannsókn á hvarfi Geirfinns. Af hálfu ákærvaldsins sótti þing Hallvarður Einvarðsson vararíkissaksóknari og Njörður Snæhólm aðalvarðstjóri. Þá var bókaður mættur Hafsteinn Baldvinsson, réttargæslumaður Magnúsar. Klukkan 10:17 var bókað í þingbók að Magnús hafi komið fyrir dóminn. Kvaðst hann vita hvert sakarefnið væri, en sagðist ekkert vita um hvarf Geirfinns og ekki kannast við að hafa farið í umrædda Keflavíkurferð.⁶²⁴ Hafi hann ekki þekkt Geirfinn svo hann vissi til. Þá hafi hann ekki haft nein umráð yfir Mercedes Benz bifreið, hvorki persónulega né í gegnum fyrirtækið. Hann hafi ekki munað eftir dansleik í Klúbbnum 19. nóvember 1974 fyrr en honum hafi verið sagt að hjúkrunarnemar hafi haldið dansleikinn. Hafi hann þá munað að dansleikurinn hafi gengið illa og hann farið heim upp úr miðnætti. Var reikningur borinn undir Magnús. Kvaðst hann hafa skrifað reikninginn að öllu leyti nema gestafjölda og niðurstöðutölu sem [RH] hafi ritað. Var Magnús spurður hvers vegna hann hafi ekki fyrr gengið úr skugga um hvar hann hafi dvalið umrætt kvöld þar sem hann hafi áður verið bendlaður við málið í sögusögnum og af því tilefni ritað dómsmálaráðuneytinu umkvörtunarbréf. Bókað var að Magnús hafi svarað því til að sér hafi þótt það fjarstæðukennt að svona staða gæti komið upp. Kvaðst Magnús þekkja Valdimar Olsen, enda ættu þeir sameiginlega kunningja. Einu kynni sín af Einari Bollasyni væru þau að hann hafi haft samband vegna dansleiks sem körfuknattleiksdeild KR hafi haldið í Klúbbinum fyrir um þremur árum.⁶²⁵ Kvaðst Magnús aldrei hafa heyrt nöfn Sævars og Kristjáns Viðars nefnd. Þá sagðist hann ekki vita hver Erla Bolladóttir væri, en hafi heyrt fyrir nokkrum mánuðum að hún væri systir Einars og trúlofuð manni sem sæti í gæsluvarðhaldi.

⁶²¹ Dagbók nr. 4, bls. 81.

⁶²² Bls. 576.

⁶²³ Dagbók nr. 4, bls. 81.

⁶²⁴ Bls. 575_C.

⁶²⁵ Bls. 575_D.

Kvaðst Magnús eiga einn brúnan, þríhneptan leðurjakka með venjulegum kraga. Aðspurður sagðist hann ekki eiga neina flík með loðkraga. Var Magnús spurður nánar út í kynni sín við Valdimar Olsen og sagði hann þau ekki nánin. Hafi þeir hvorki skemmt sér saman né ættu þeir sameiginleg áhugamál. Kvaðst hann þó þekkja Valdimar nokkuð vel. Hafi hann ekið honum nokkrum sinnum heim þegar Valdimar hafi verið að skemmta sér í Klúbbinum. Þá hafi Valdimar heimsótt sig nokkrum sinnum á skrifstofuna. Hafi þeir aldrei farið í lengri ferðir saman.⁶²⁶ Vék Magnús frá klukkan 11:09.⁶²⁷ Bókað var í fangelsisdagbók að Magnús hafi verið færður á klefa klukkan 11:20.⁶²⁸ Klukkan 20:00 var bókað að [SI], eiginkona Einars, hafi komið og sótt óhrein föt. Bókað var klukkan 22:00 að um það leyti hafi Sigurbjörn Víðir komið og talað við Kristján Viðar inni á klefa. Bókað var að Sigurbjörn Víðir hafi farið klukkan 23:10.⁶²⁹ Rannsóknargögnin um vitjunina liggja ekki fyrir.

315. Laugardaginn 3. apríl 1976 var bókað í dagbók fangelsisins við Síðumúla að [SI], eiginkona Einars, hafi komið klukkan 17:00 með sendingu og bréf til hans sem hann hafi fengið. Klukkan 20:45 var bókað um komu [BV], eiginkonu Magnúsar, með sendingu til hans með frakka, fötum, sælgæti og öli.⁶³⁰
316. Sunnudaginn 4. apríl 1976 var bókað í fangelsisdagbókina að klukkan 14:10 hafi [MHe] og [ÓIG] komið með sendingu handa Sævari. Klukkan 15:55 var bókað að Sigurbjörn Víðir hafi tekið Sævar til yfirheyrslu. Hafi hann verið færður aftur á klefa sinn klukkan 16:30. Rannsóknargögn um yfirheyrsluna liggja ekki fyrir.⁶³¹
317. Mánudaginn 5. apríl 1976 var bókað í dagbók fangelsisins við Síðumúla klukkan 09:05 að hringt hafi verið í Guðstein lækni fyrir Sigurbjörn Eiríksson. Hafi Guðsteinn heimilað að gefa Sigurbirni eina til tvær töflur af Mogadon ef með þyrfti. Klukkan 10:00 var bókað að Einar Bollason hafi verið fluttur í sakadóm Reykjavíkur.⁶³² Þennan dag var háð þinghald í sakadómi Reykjavíkur og tekin fyrir dómsrannsókn á hvarfi Geirfinns. Af hálfu ákærvaldsins sótti þing Hallvarður Einvarðsson vararíkissaksóknari og Njörður Snæhólm aðalvarðstjóri. Þá var Ingvar Björnsson, réttargæslumaður Einars, bókaður mættur. Klukkan 10:15 var bókað í þingbók að Einar hafi komið fyrir dóminn. Kvaðst hann neita allri vitneskju um hvarf Geirfinns. Hann hafi ekki verið þátttakandi í umræddri Keflavíkurferð. Kvaðst hann ekki muna til þess að hafa nokkurn tíma haft smyglaðan spíritus undir höndum.⁶³³ Kvaðst Einar hafa kynnst Magnúsi í gegnum [ÁHE], en samskipti þeirra hafi aðallega verið vegna dansleikjahalds körfuknattleiksdeildar KR í Klúbbnum. [ÁHE] hafi jafnframt kynnt sig fyrir Valdimar Olsen og sagðist Einar vera málkunnugur honum. Kynni sín af Sigurbirni Eiríkssyni væru svipuð og af Magnúsi. Kvaðst Einar ekki þekkja Kristján Viðar og geta fullyrt að hafa aðeins einu sinni séð Sævar. Hafi það verið á

⁶²⁶ Bls. 575_E.

⁶²⁷ Bls. 575_F.

⁶²⁸ Dagbók nr. 4, bls. 81.

⁶²⁹ Dagbók nr. 4, bls. 81b.

⁶³⁰ Dagbók nr. 4, bls. 81b.

⁶³¹ Dagbók nr. 4, bls. 82.

⁶³² Dagbók nr. 4, bls. 82b.

⁶³³ Bls. 575_F.

aðfangadagskvöld þegar Erla hafi komið með Sævar á heimili sitt. Hafi hann og Erla ekki verið alin upp saman og samskipti við hennar fjölskyldu hafi verið lítil vegna afstöðu móður Erlu. Þegar foreldrar Erlu hafi skilið og Erla flutt til föður síns hafi samskipti þeirra orðið meiri og betri.⁶³⁴ Hafi faðir þeirra haft vaxandi áhyggjur af Erlu sumarið eftir en síðan hafi hann veikt alvarlega um haustið. Kvaðst Einar muna eftir því að hafa orðað það við [LSB] systur sína og [LiG] föðursystur sína að hann teldi að Erla ætti að einhverju leyti sinn þátt í veikindunum og hafi hann ekki verið einn þeirrar skoðunar. Einar sagðist síðast hafa hitt Erlu þegar hún hafi komið frá Spáni með föður þeirra og syni sínum. Kvaðst hann hafa séð hana einu sinni eftir það á veitingastofunni Fjarkanum í Austurstræti og hafi hún þá ekki tekið undir kveðju hans. Kvaðst Einar ekki muna það fyrir vísit hvar hann hafi verið að kvöldi 19. nóvember 1974. Taldi hann sig örugglega hafa verið í KR heimilinu til klukkan 21:30 eða 22:00 við undirbúning á utanferð körfuknattleiksliðsins. Greindi hann frá því að sér hafi verið sýndur kafli úr sjónvarpsmynd sem sýnd hafi verið umrætt kvöld. Kvaðst hann alveg viss um að hafa séð umrædda kvikmynd þó svo hann hafi ekki munað efni hennar nægilega vel þegar rannsóknarlögreglan hafi spurt hann. Tók Einar það fram að þegar lögreglan hafi sagt honum nafn myndarinnar hafi hann strax munað eftir einu atriði í myndinni og skýrt lögreglunni frá því.⁶³⁵ Aðspurður um tengsl sín við Sævar kvaðst Einar engin samskipti hafa haft við hann, hvorki fyrir né síðar og viti ekki til þess að hann hafi gert nokkuð á hans hlut. Einar sagðist hafa útilokað Erlu frá eðlilegum samskiptum við föður þeirra þar sem hann hafi verið ósáttur við þann félagsskap sem hún hafi verið komin í og svo hafi hann vitað til þess að hún neytti ávana- og fíkniefna. Hafi Erla oftast einu sinni lofað föður sínum að slíta sambandi sínu við Sævar, en jafnharðan svikið það. Aðspurður sagði Einar að við samprófun þeirra 3. mars 1976 hafi sér fundist sem Erla hafi verið mjög óeðlileg í framkomu og virst eins og hún hafi verið búin að taka inn róandi lyf. Einar vék frá klukkan 12:29 og var dómþingi frestað.⁶³⁶

318. Í dagbók fangelsisins við Síðumúla var bókað þennan dag, 5. apríl 1976, klukkan 12:45 að komið hafi verið með Einar úr sakadómi. Þá hafi Valdimar Olsen verið fluttur í sakadóm klukkan 13:35.⁶³⁷ Dómþing í sakadómi var sett á ný klukkan 13:56. Í þingbók var Jón Zoëga, réttargæslumaður Valdimars, bókaður mættur ásamt vararíkissaksóknara. Klukkan 14:00 mætti Valdimar fyrir dóminn. Kvaðst hann ekkert vita um hvarf Geirfinns og aldrei hafa farið til Keflavíkur til að ná í smyglvarning. Sagðist hann hafa kynnst Magnúsi Leópoldssyni í gegnum [ÁHE] fyrir nokkrum árum. Valdimar kvaðst hafa verið tíður gestur í Klúbbinum og hafa iðulega hitt Magnús þar en þeir hafi aldrei skemmt sér saman. Sagði hann kynni sín af Sigurbirni hafa verið svipuð en þó þekkti hann Magnús betur. Kvaðst hann ekki vera málkunnugur Einari og þeir heilsist ekki á götu úti. Þekkti hann ekki Kristján Viðar en kvaðst vita hver Sævar væri þar sem hann hafi verið í félagsskap með systur sinni og Erlu Bolladóttur og hafi stundum komið heim til sín. Kvaðst hann ekki þekkja Erlu að öðru leyti en í gegnum systur sína. Kvaðst Valdimar ekki muna hvar hann hafi verið

⁶³⁴ Bls. 576_A.

⁶³⁵ Bls. 576_B.

⁶³⁶ Bls. 576_C.

⁶³⁷ Dagbók nr. 4, bls. 82b.

19. nóvember 1974 en samkvæmt minnisbók hafi hann verið að vinna á skrifstofu í Þórscafé ásamt systur sinni, [HMW]. Valdimar vék frá klukkan 14:37.⁶³⁸
319. Bókað var í fangelsisdagbókina að Valdimar hafi verið færður á klefa klukkan 14:50. Þá var bókað klukkan 15:30 að Sævar hafi verið tekinn fram til yfirheyrslu hjá Eggerti og Sigurbirni Víði. Klukkan 15:50 var bókað að Sævar hafi verið færður aftur á klefa. Rannsóknargögn um yfirheyrsluna liggja ekki fyrir. Bókað var um komu Jóns Bjarman fangelsisprests klukkan 17:00. Var þess getið að hann mætti ræða við Magnús í 15 mínútur. Klukkan 22:40 var bókað að Gunnar Guðmundsson forstöðumaður hafi komið sérstakra erinda og rætt við Magnús Leópolðsson. Hafi Gunnar farið klukkan 00:10.
320. Pennan sama dag, 5. apríl 1976, var [ÞÓE], móðir Erlu Bolladóttur, yfirheyrð hjá rannsóknarlögreglunni í Reykjavík. Var tilgangur yfirheyrslunnar að afla upplýsinga um Erlu. Greindi hún frá því að Erla hafi verið þrjóskaði en systur sínar og hafi viljað fara sínu fram. Hafi henni gengið mjög vel að læra og haft gaman að því. Hafi Erla eignast stúlku með Sævari 24. september 1975. Kvaðst móðir Erlu þá hafa reynt að ná í hana og koma henni úr þeim vandræðum sem hún taldi hana vera í með því að vera með Sævari. Kvaðst hún hafa hringt nokkrum sinnum í Erlu og boðið henni að koma til sín, en Erla hafi ekki viljað það. Hafi Erla virst alveg undir skipun Sævars.⁶³⁹ Sagði hún Erlu hafa vitað að sér hafi verið illa við samband hennar við Sævar og hafi það verið ástæða þess að Erlu hafi gengið illa að leita til sín. Grunaði hana að Erla væri farin að neyta fíkniefna þegar hún var 17 ára, en þá fór henni að finnast hún undarleg í útliti. Hafði hún heyrt það utan að sér að þau Sævar hafi verið í lyfjaveseni. Sævar hafi aldrei unnið neitt og hafi hún því hugsað á hverju þau lifðu. Hafi Erla unnið um tíma á Ritsímanum og síðar sagt Sævar hafa lifað á sér. Kvaðst hún ekki geta sagt að Erla væri meira ósannsögul heldur en hver annar. Sagði hún Erlu vera svolítið fantasúkennda og greindi frá því að Erla hafi nýlega sagt sér frá atviki sem hafi átt sér stað þegar hún var 14 ára um borð í flugvél á leið norður í land. Hafi Erla haft með sér bréfpoka með eplum og tyggigúmmí sem hafi verið límdur aftur. Hafi Erla greint móður sinni frá því að hún hafi tekið epli, bitið í það og lagt það svo frá sér á stólbríkina og fengið sér tyggigúmmí. Hafi hún svo fengið leið á gúmmíinu, klesst því á bríkina og ætlað að taka bita af eplinu en þá hafi það verið horfið. Hafi Erla þá skriðið um gólfið í flugvélinni en ekki fundið eplið og þá spurt flugmanninn hvort það væri nokkuð gat á flugvélinni. Þegar Erla hafi ætlað að taka tyggigúmmíð af stólbríkinni hafi það einnig verið horfið. Greindi Erla svo frá að þegar vélinni hafi verið lent og hún hafi verið komin til gestgjafa sinna hafi hún ætlað að bjóða þeim epli og tyggigúmmí. Hafi hún þá áttað sig á því að bréfpokinn hafi enn verið límdur aftur og öll eplin enn óhreyfð í pokaum. Fullyrti móðir Erlu að hún hafi ekki greint sér frá þessu fyrr en nýlega. Þá greindi hún frá því að Erla hafi sagt sér frá ferðinni í Slippinn í Keflavík, eins og það er orðað í skýrslunni. Hafi Erla sagt sér hverjir hafi verið viðstaddir og skildist móðir Erlu að frásögnin passi við það sem Erla hafi greint Sigurbirni Víði og Erni Höskuldssyni frá. Hafi Erla sagt sér frá umræddri ferð mjög

⁶³⁸ Bls. 576_D.

⁶³⁹ Bls. 577–578.

stuttu eftir að hún hafi greint lögreglunni frá, en þá hafi hún verið í uppnámi en ekki í lyfjum. Hafi þær mæðgurnar rætt þetta öðru hvoru síðan en þá hafi Erla verið í góðu ástandi og sagan verið sú sama. Kvað hún Erlu hafa verið mjög rólega þegar hún hafi talað um þetta.⁶⁴⁰ Kvaðst móðir Erlu ekki sjá ástæðu til að ætla að Erla væri að skrökva þessu. Óneitanlega hafi grunur um hið gagnstæða læðst að henni sökum þess hve alvarlegt málið væri. Hafi hún aldrei orðið vör við að Erla væri illgjörn eða eigingjörn. Kvaðst hún vita til þess að Erlu hafi verið illa við Einar hálfbróður sinn en ástæður þar að baki þekkti hún ekki. Hafi Erla greint sér frá því að Einar hafi sagt það henni að kenna hvernig komið væri fyrir föður þeirra og hún væri að setja hann í gröfina. Hafi Erla sagt Einar eingöngu verið góður við föður þeirra til að reyna að hafa út úr honum fé og hann væri búinn að hafa allt fé af honum sem hægt væri.⁶⁴¹

321. Sama dag var bókað í rannsóknardagbók Eggerts og Sigurbjörns Víðis að upplýsingar hafi borist frá Borgþór Þórhallssyni rannsóknarlögreglumanni að eitt herbergi á Hótel Norðurljósum á Raufarhöfn væri aldrei opnað. Bókað var að svo sem allir vissu væri hótelið í eigu [GuSty].⁶⁴² Sama dag var bókað að lögreglunni hafi borist til eyrna að Einar Bollason hafi ætlað að kaupa íbúð í Barmahlíð skömmu áður en hann hafi verið handtekinn. Hann hafi ætlað að greiða 1.500.000 krónur út í hönd. Þá hafi sú saga flogið að Einar hafi farið austur í Vík í Mýrdal skömmu fyrir áramótin 1975–1976 og þá lýst því yfir að hann gæti fengið lán í öllum bönkum.⁶⁴³
322. Þriðjudaginn 6. apríl 1976 var bókað í dagbók Síðumúlafangelsisins að klukkan 10:00 hafi Sigurbjörn Eiríksson verið fluttur í sakadóm Reykjavíkur.⁶⁴⁴ Stuttu síðar var dómþing sett og tekin fyrir dómsrannsókn um hvarf Geirfinns. Af hálfu ákærvaldsins sótti þing Hallvarður Einvarðsson vararíkissaksóknari og Njörður Snæholm aðalvarðstjóri. Þá var bókaður mættur Jón Ólafsson, réttargæslumaður Sigurbjörns. Klukkan 10:15 var bókað í þingbók að Sigurbjörn hafi komið fyrir dóminn. Kvaðst hann ekki geta gefið neinar upplýsingar um hvarf Geirfinns. Hann hafi ekki farið í neina ferð til Keflavíkur til að sækja smyglvarning, hvorki fyrr né síðar. Sigurbjörn kvaðst málkunnugur Valdimar Olsen, hann hafi þekkt móður Valdimars auk þess sem Valdimar hafi verið tíður gestur á veitingahúsum á hans vegum. Hann væri einnig málkunnugur Einari Bollasyni sem hafi oft komið í Glaumbæ auk þess sem Einar hafi komið fram fyrir hönd einhvers körfuknattleiksfélags. Sigurbjörn kvaðst hins vegar ekki vita til þess að hann þekkti Sævar né Kristján Viðar eða Erlu Bolladóttur.⁶⁴⁵ Greindi Sigurbjörn frá því að hafa kynnst [GuA] er þeir hafi legið saman á sjúkrahúsi á árunum 1964 til 1965. Hafi þeir svo ekki sést í mörg ár þar til í fyrra þegar [GuA] hafi farið að vera með [GrB]. Sagði hann engar peningagreiðslur hafa gengið þeirra á milli. Aðspurður kvaðst Sigurbjörn ekki hafa komið til Keflavíkur eða Njarðvíkur í mörg ár. Hann hafi þó átt nokkrum sinnum erindi upp á Keflavíkurflugvöll. Aðspurður kvaðst hann ekki hafa haft ástæðu til að hafa samband að fyrra bragði við nokkurn

⁶⁴⁰ Bls. 580.

⁶⁴¹ Bls. 581.

⁶⁴² Bls. 1032.

⁶⁴³ Bls. 1033.

⁶⁴⁴ Dagbók nr. 4, bls. 83.

⁶⁴⁵ Bls. 584_A.

mann vegna rannsóknar málsins. Hann hafi rætt málið við ýmsa menn eftir að Magnús hafi verið handtekinn, en það hafi aldrei verið að fyrri bragði. Sigurbjörn kvaðst hafa látið rita umkvörtunarbréf til dómsmálaráðuneytisins fyrir sína hönd og Magnúsar vegna ónáðis og orðróms sem þeir hafi orðið fyrir vegna rannsóknar málsins á þeim tíma. Taldi Sigurbjörn sig ekki hafa haft ástæðu til að athuga hvar hann hafi verið að kvöldi 19. nóvember 1974. Á umræddum tíma hafi hann og Magnús haft umráð yfir Range Rover bifreið, Mercedes Benz fólksbifreið, ljósri að lit, sem seld hafi verið snemma árs 1975 og yfirbyggðum Bedford vörubíl. Þá sagði Sigurbjörn að ef til vill hafi Volkswagen bifreið verið í þeirra eigu á þessum tíma. Engin sendiferðabifreið hafi verið í eigu fyrirtækja á hans vegum á umræddum tíma. Aðspurður sagði Sigurbjörn að aldrei hafi verið skipt um lit á neinni af bifreiðum þeim sem hann eða fyrirtæki hans hafi haft umráð yfir á umræddum tíma. Fullyrti Sigurbjörn að það hafi alla tíð verið sér ljóst að umrætt kvöld hafi hann komið heim á milli klukkan 00:00 og 01:00. Á heimleiðinni hafi hann komið við í Klúbbnum og skotist upp á skrifstofu. Minnti hann að þá hafi hann hitt lögreglumann á skrifstofunni. Vék Sigurbjörn frá klukkan 11:16 og var dómþingi frestað.⁶⁴⁶

323. Þennan dag var bókað í dagbók fangelsisins að komið hafi verið með Sigurbjörn úr sakadómi klukkan 11:30 en hann sóttur aftur klukkan 13:20. Hófst dómþing að nýju í sakadómi klukkan 13:30 og voru sömu aðilar bókaðir mættir. Bókað var í þingbókina að Sigurbirni hafi verið bent á framburð vitnisins [PGG] lögreglumanns. Viðurkenndi Sigurbjörn að hafa hringt til [PGG] mánudagskvöldið 26. janúar 1976. Kvaðst Sigurbjörn hafa spurt [PGG] hvort hann hafi verið á miðavakt í Klúbbnum umrætt kvöld og hvort hann hafi séð Magnús Leópoldsson. Sigurbjörn neitaði því aðspurður hvort hann hafi beðið lögreglumanninn um að þegja yfir samtali þeirra. Tók Sigurbjörn fram að í téðu símtali hafi lögreglumaðurinn sagst minna að þeir hafi drukkið kaffi saman umrætt kvöld.⁶⁴⁷ Þá var bókað í þingbók sakadóms að vitnið [PGG] lögreglumaður hafi komið fyrir dóminn til samprófunar. Bókað var að frekara samræmi milli framburða vitnisins og Sigurbjörns hafi ekki náðst. Vék Sigurbjörn frá klukkan 14:00 og var dómþingi frestað.⁶⁴⁸
324. Bókað var í fangelsisdagbókina, sama dag 6. apríl 1976, að komið hafi verið með Sigurbjörn í varðhaldið klukkan 14:10. Klukkan 14:30 var bókað að Kristján Viðar hafi verið fluttur í sakadóm. Þá hafi Einar Bollason verið fluttur í sakadóm klukkan 14:45.⁶⁴⁹ Dómþing var háð að nýju klukkan 15:05. Lét dómari þess getið með bókun í þingbók að fram hafi farið sakbending þar sem Kristján Viðar hafi séð Einar Bollason í hópi manna. Hafi Kristján Viðar fyrst skoðað baksvip mannanna en síðan andlit þeirra. Kvaðst Kristján Viðar hafa þekkt baksvip Einars Bollasonar sem ökumanns bifreiðarinnar sem hann hafi stigið upp í við Vatnsstíg í Reykjavík. Kvaðst Kristján Viðar hafa séð Einar Bollason áður. Bókað var í þingbók að Einar Bollason hafi komið fyrir dóminn klukkan 15:10. Þá hafi Kristján Viðar komið fyrir dóminn til

⁶⁴⁶ Bls. 584_C.

⁶⁴⁷ Bls. 584_D.

⁶⁴⁸ Bls. 584_E.

⁶⁴⁹ Dagbók nr. 4, bls. 83.

samprófunar. Bókað var að frekara samræmi um framburð Kristjáns Viðars um bifreiðina og ökumanninn á Vatnsstíg hafi ekki náðst. Kvaðst Kristján Viðar vera viss um að Einar Bollason hafi ekið bifreiðinni. Sagðist Kristján Viðar hafa togað fast í hurðarhúninn á bifreiðinni og gengið svo aftur fyrir bifreiðina að hurð hinum megin. Hafi einhver orðað það við hann hvort hann ætlaði sér að slíta hurðina af bifreiðinni. Bókað var að Einar myndi ekki til þess að hafa séð Kristján Viðar áður og kvaðst ekki kannast við það atvik á Vatnsstíg sem Kristján Viðar hafi lýst. Kristján Viðar kvaðst viss um að Einar hafi verið viðstaddur í Dráttarbrautinni ásamt sér og fleirum. Kvaðst Einar aldrei nokkurn tímann hafa komið í Dráttarbrautina í Keflavík. Bókað var í þingbókina að frekara samræmi hafi ekki náðst í framburði Einars og Kristjáns Viðars. Hafi Einar sagt Kristján fara með hreina fantasíu. Bókað var að þeir hafi vikið frá klukkan 15:41 og var dómþingi slitið.⁶⁵⁰

325. Klukkan 16:00 þennan dag var svo bókað í dagbók Síðumúlafangelsisins að komið hafi verið með Kristján Viðar úr sakadómi og stuttu síðar Einar Bollason. Bókað var klukkan 18:00 að Sigurbjörn Eiríksson hafi verið færður fram til viðtals við Sigurbjörn Víði og Inga Ingimundarson réttargæslumann. Klukkan 18:15 var bókað að Sigurbjörn hafi verið færður á klefa. Bókað var klukkan 18:50 að Kristján Viðar hafi verið færður fram til viðtals við Sigurbjörn Víði og Pál Arnór Pálsson réttargæslumann.⁶⁵¹ Klukkan 19:10 hafi Kristján Viðar verið færður aftur á klefa. Bókað var í fangelsisdagbókina að Magnús hafi verið færður fram til viðtals við Sigurbjörn Víði og Hafstein Baldvinsson réttargæslumann, klukkan 19:25. Hafi hann verið færður aftur á klefa klukkan 20:00. Fimm mínútum síðar var bókað að Einar hafi verið færður fram til viðtals við Ingvar Björnsson, réttargæslumann og Eggert. Klukkan 20:50 var bókað að Einar hafi verið færður aftur á klefa. Klukkan 21:00 var bókað í dagbókina að Valdimar Olsen hafi verið færður fram til viðtals við Jón Zoëga réttargæslumann og Sigurbjörn Víði. Tíu mínútum síðar hafi hann verið færður aftur á klefa. Klukkan 21:30 var bókað að Kristján Viðar hafi verið tekinn fram til viðtals við Sigurbjörn Víði og Eggert og færður aftur á klefa klukkan 23:15. Rannsóknargögn um viðtalið liggja ekki fyrir. Á sama tíma var bókað að Sigurbjörn Víðir hafi farið inn á klefa til Tryggva Rúnars í viðtal. Rannsóknargögn um viðtalið liggja ekki fyrir. Tíu mínútum síðar var bókað í dagbókina að Sigurbjörn Víðir og Eggert hafi farið.⁶⁵²
326. Fyrir liggur skýrsla um yfirheyrslu sama dag, 6. apríl 1976, yfir [BoG], föður Einars og Erlu. Tilgangur yfirheyrslunnar var að spyrja [BoG] um tengsl sín við tvö barna sinna, Einar og Erlu, og tengsl þeirra innbyrðis. Var honum kynnt réttarstaða sín. Greindi hann frá því að á uppvaxtarárum Einars og [BPB], hafi samband þeirra takmarkast af því að seinni kona sín og móðir Erlu, hafi síður viljað að hann héldi nánú sambandi við þá. Kvað hann Einar hafa aðstoðað sig við að ganga frá kaupum á íbúð við Hamarsbraut 11 í Hafnarfirði. Kvaðst [BoG] hafa flutt í þá íbúð ásamt Erlu og hafi Einar búið skammt frá og því hafi nokkur samgangur verið á milli þeirra. Hann hafi þá vitað að Erla væri farin að umgangast Sævar. Þá hafi hún verið farin að neyta

⁶⁵⁰ Bls. 584_F.

⁶⁵¹ Dagbók nr. 4, bls. 83.

⁶⁵² Dagbók nr. 4, bls. 83b.

einhverra lyfja en hann hafi stöku sinnum séð hana undir einhvers konar áhrifum, þó ekki áfengisáhrifum. Kvaðst [BoG] ekki hafa skipt sér af sambandi Erlu og Sævars í fyrstu en þegar hann hafi farið að heyra að Sævar neytti eiturylfja og stæði í sölu á þeim hafi hann rætt um það við Erlu að slíta sambandinu.⁶⁵³ Kvaðst hann ekki hafa rætt þetta við Sævar. Hafi Einar vitað hug sinn og taldi hann líklegt að Einar hafi reynt að fá Erlu til að slíta sambandi við Sævar. Greindi [BoG] frá því að hann hafi veikst af blóðtappa í nóvember 1973 og lagst inn á spítala í fimm mánuði. Þá hafi hann beðið Einar um að annast um íbúðina og sjá til þess að Sævar myndi ekki flytja inn til Erlu. Kvaðst hann hafa gefið Einari fyrirmæli um að loka íbúðinni ef með þyrfti. Eftir veikindin hafi hann verið lasburða og þáð boð Einars um að flytja til hans. Hafi Erla heimsótt hann á spítalann líkt og hinar dætur hans. Kvaðst [BoG] halda að Erla hafi ekki dvalist mikið á Hamarsbrautinni þann tíma sem hann hafi legið á spítalanum heldur hafi hún mikið dvalið hjá [HMW] vinkonu sinni á Bræðraborgarstíg. Var honum ekki kunnugt um hvort Sævar hafi eitthvað dvalist á Hamarsbraut á þeim tíma. Kvaðst [BoG] hafa selt íbúðina stuttu eftir að hann hafi útskrifast af spítalanum. Sagði hann samband sitt og Erlu hafa haldist svipað eftir að hann hafi flutt til Einars. Kvaðst [BoG] hafa lýst því eins ítarlega og honum hafi verið unnt í bréfi til Arnar Höskuldssonar og vitnaði til þess. Greindi hann frá því að skömmu eftir að hann hafi útskrifast af spítalanum hafi hann fengið styrk til utanfarar frá félagi íslenskra símamanna og hafi hann tekið Erlu og 11 ára gamlan son Einars með sér í þá ferð og hafi farið vel á með þeim öllum.⁶⁵⁴ Kvaðst [BoG] ekki hafa orðið var við að spenna hafi skapast milli Einars og Erlu. Hann hafi hugleitt þetta atriði mikið og meðal annars leitt að því hugann hvort hann sjálfur hafi hugsanlega verið þess valdandi að spilla samkomulagi þeirra. Greindi [BoG] frá því að komið hafi tímabil þar sem Erla hafi verið afhuga Sævari, til dæmis á síðastliðnu ári. Sagði [BoG] það mögulegt að Erla hafi þá hugleitt stöðu sína, það er að hún væri orðin ein þrátt fyrir að hafa valið það að búa með honum, en hann hafi þá verið fluttur til Einars. Kvaðst hann þó ekki hafa orðið var við neina öfund hjá henni í garð Einars. Hann hafi útvegað Erlu starf hjá Ritsímanum þar sem henni hafi vegnað vel. [BoG] sagði dóttur sína hafa góða greind en búa yfir skapbrestum. Þætti honum ekki ósennilegt að hún hafi leiðst út í afbrot vegna lyfjaneyslu og tengsla sinna við Sævar. [BoG] kvaðst hafa rætt við Erlu eftir að Einar hafi verið úrskurðaður í gæsluvarðhald. Hafi þau rætt málin og hann bent henni á að hún væri völd að því að svo væri komið fyrir Einari. Kvaðst [BoG] hafa spurt hana hvort hún tryði því að hann væri sekur og hvort hún ætlaði ekki að vinna að því að hið sanna kæmi í ljós svo Einar myndi losna. Hafi Erla lítið gefið út á þetta, talað um að hún ætlaði sér að halda sig við sannleikann í málinu enda hafi hún séð að það væri best. Kvaðst hún ekkert vilja segja til um hvort Einar væri sekur eða saklaus. Fannst [BoG] framkoma Erlu vera nokkuð örugg og eðlileg í umrætt sinn. [BoG] vildi geta þess að á þeim tíma sem Geirfinnur hvarf hafi hann rætt um það við Erlu að hún sliti sambandi sínu við Sævar. Erla vissi að Einar bróðir sinn væri sama sinnis. Hafi

⁶⁵³ Bls. 587.

⁶⁵⁴ Bls. 588.

honum því fundist afar ólíklegt að Einar og Sævar hafi haft nokkur samskipti líkt og talið hefur verið, miðað við það sem heyrst hafi af rannsókn málsins.⁶⁵⁵

327. Í rannsóknardagbók Eggerts og Sigurbjörns Víðis var bókað þennan dag, 6. apríl 1976, að hringt hafi verið til Hauks Bjarnasonar rannsóknarlögreglumanns. Hafi viðmælandinn sagt: „Ætli [JR] geti ekki sagt ykkur eitthvað fleira í málinu?“ og síðan lagt á.⁶⁵⁶ Þá var bókað um könnun á mætingum Valdimars og Einars til vinnu 20. nóvember 1974. Í ljós hafi komið að á vinnustað Valdimars, skrifstofu Eimskipafélags Íslands hafi engin stimpilkort verið notuð. Þá var bókað að rætt hafi verið við skólastjóra Flensborgarskólans sem hafi upplýst um að engin forföll hafi verið hjá Einari þennan dag. Hafi hann sagt það enga tryggingu fyrir því að Einar hafi verið til vinnu þar sem það gæti verið að fallið hafi hluti úr degi eða jafnvel heill dagur eða fleiri án þess að það væri nokkurs staðar skráð. Væri því ómögulegt að segja til um hvort Einar hafi verið í vinnu allan daginn eða einhvern hluta dagsins 20. nóvember 1974.⁶⁵⁷
328. Miðvikudaginn 7. apríl 1976 var bókað í dagbók fangelsisins við Síðumúla að Einar Bollason hafi verið fluttur í sakadóm Reykjavíkur klukkan 09:45. Þennan dag var dómþing sett og tekin fyrir dómsrannsókn á hvarfi Geirfinns. Af hálfu ákærvaldsins sótti þing Hallvarður Einvarðsson vararíkissaksóknari og Njörður Snæholm aðalvarðstjóri. Þá var Ingvar Björnsson, réttargæslumaður Einars, bókaður mættur. Að ósk réttargæslumannsins var bókað um mótmæli við því að hann hafi ekki verið boðaður til þinghalds daginn áður þegar skjólstæðingur hans hafi verið samprófaður við Kristján Viðar auk þess sem sakbending haf farið fram. Kvaðst réttargæslumaðurinn hafa haft samband við dómarrannsókn klukkan 13:00. Dómarrannsókn tók fram að um klukkan 14:00 daginn áður hafi lokið samprófun Sigurbjörns Eiríkssonar og [ÞGG]. Hafi þá verið ætlunin að taka til samprófunar Magnús Leóoldsson og Erlu Bolladóttur en hún reynst vant viðlátin. Hafi þá verið ákveðið að nýta tímann og taka til samprófunar þá Kristján Viðar og Einar Bollason án þess að boða réttargæslumann Einars til þinghaldsins, en hann búi og starfi í Hafnarfirði. Hafi Einar ekki gert athugasemdir við það. Ingvar Björnsson, réttargæslumaður Einars, óskaði eftir bókun um að hann teldi sér ókleift að gæta hagsmuna skjólstæðings síns nema að fá að vera viðstaddur þegar hann væri samprófaður við vitni. Klukkan 10:39 var bókað í þingbók að Einar hafi komið fyrir dóminn. Bókað var á sama tíma að Erla hafi komið fyrir dóminn sem vitni til samprófunar.⁶⁵⁸ Var Erlu bent á að ósamræmi væri milli framburða hennar og Einars, fyrst og fremst um veru hans í Dráttarbraut Keflavíkur í umrætt sinn. Kvaðst Erla nú ekki vita hvort Einar hafi verið þarna staddur. Væri hún í vafa um hvort hún hafi þekkt hann rétt á sínum tíma í Dráttarbraut Keflavíkur, en dimmt hafi verið og um fimm til sex metrar á milli þeirra. Sagði Erla að þegar hún hafi verið samprófuð við Einar hjá rannsóknarlögreglumni 3. mars 1976 hafi hún verið í vafa um hvort það hafi í raun verið Einar sem verið væri að samprófa sig við. Aðspurð

⁶⁵⁵ Bls. 589.

⁶⁵⁶ Bls. 1034.

⁶⁵⁷ Bls. 1035. Sjá einnig handritaða minnispunkta á bls. 584.

⁶⁵⁸ Bls. 591_A.

kvaðst hún ekki hafa verið viss að um Einar hafi verið að ræða fyrr en hún hafi séð hann undirrita skýrslu rannsóknarlögreglunnar, en hún hafi þekkt rithönd hans. Aðspurð sagði hún fjarlægðina á milli þeirra við samprófunina hafa verið tveir til þrjú metrar. Aðspurð kvaðst hún hafa verið í vafa í umrætt sinn þrátt fyrir að hafa heyrt rödd Einars. Bókað var í þingbók að Einar hafi vikið frá klukkan 11:50. Var Erla í kjölfarið spurð hvort nærvera Einars í dómsal hafi valdið því að hún hafi efast um að hann hafi verið staddur í Dráttarbraut Keflavíkur umrætt kvöld. Þá var hún spurð hvort nærvera Einars hafi verið sér óþægileg og truflandi. Lýsti Erla því yfir að sér hafi fundist nærvera Einars þvingandi en kvaðst enn í vafa um að hann hafi verið staddur í Dráttarbrautinni í umrætt sinn. Væri það óneitanlega allt annað að sitja hér ein. Aðspurð sagðist Erla ekki muna til þess að nokkur hafi sagt sér að Einar hafi verið þarna viðstaddur.⁶⁵⁹ Aðspurð kvaðst hún viss um að í Dráttarbrautinni hafi verið staddir Magnús, Sævar, Kristján Viðar og Geirfinnur. Aðspurð sagðist hún ekki hafa rætt við neinn nema Sævar um Keflavíkurferðina. Hafi Sævar rætt um ferðina sjálfa, en ekki þá atburði sem þar hafi gerst. Hafi þau eingöngu rætt hvað þau ættu að segja ef þau yrðu spurð. Kvaðst Erla aðspurð ekki muna hvort þau hafi verið undir áhrifum fíkniefna að kvöldi 19. nóvember 1974, en það gæti hafa verið. Kvaðst hún ekki hafa neytt mikið fíkniefna á þeim tíma. Erla kvaðst aðspurð ekki muna eftir að hafa komið oftast til Keflavíkur þetta haust, þó hafi hún farið með Sævari einu sinni einhverra erinda upp á Keflavíkurflugvöll. Sagði Erla að í eitt sinn er hún hafi verið í baði í Síðumúlafangelsinu í gæsluvarðhaldi hafi Sævar komið á hurðina og kallað til sín: „Segðu ekki neitt.“ Hafi Sævar endurtekið þessi orð og hún svarað neitandi. Hafi þeim ekki farið fleira á milli síðan þá. Aðspurð kvaðst Erla ekki vita hvort hugsanlegt væri að Keflavíkurferðin hafi verið farin í þeim tilgangi að ná í fíkniefni. Vék Erla frá klukkan 11:37.⁶⁶⁰

329. Í þingbók sakadóms var bókað að Einar hafi komið fyrir dóminn að nýju klukkan 11:40. Var Einar spurður hvort hann hafi hin síðustu ár haft undir höndum annað smyglað áfengi heldur en spíritus. Kvaðst Einar hafa skýrt rannsóknarlögreglunni frá því í upphafi rannsóknarmálsins að hann hafi fengið sex eða sjö kassa af hollenskum Genever og Vodka í ágúst eða september 1975. Hafi hann selt eða látið selja megnið af þessu áfengi. Kvaðst Einar vilja taka það fram að hann muni nú greinilega að hafa lent í orðasennu við eiginkonu sína stuttu áður en hann hafi farið að utan með körfuknattleiksdeild KR. Hafi þau tekist á vegna þess að hann hafi verið ósáttur við að hún væri að sækja saumanámskeið svona skömmu áður en hann færi. Tók Einar fram að honum þætti mánudags- og miðvikudagskvöld ekki koma til greina því þá hafi verið síðustu æfingar fyrir utanlandsferðina. Vék Einar frá klukkan 12:10 og var dómþingi frestað.⁶⁶¹
330. Bókað var í fangelsisdagbókina þennan dag að komið hafi verið með Einar klukkan 12:25 í varðhaldið.⁶⁶² Í þingbók sakadóms Reykjavíkur var bókað að dómþing hafi

⁶⁵⁹ Bls. 591_B.

⁶⁶⁰ Bls. 591_C.

⁶⁶¹ Bls. 591_D.

⁶⁶² Dagbók nr. 4, bls. 84.

verið háð að nýju klukkan 14:10.⁶⁶³ Af hálfu ákærvaldsins sótti þing Hallvarður Einvarðsson og Njörður Snæhólm aðalvarðstjóri. Lagði dómari fram fjórar rannsóknarskýrslur ásamt skjölum. Bókað var að [ÞG] hafi mætt í dóminn sem vitni klukkan 14:16. Bókað var að hún hafi skýrt sjálfstætt frá málsatvikum og framburður hennar verið í samræmi við skýrslu hennar hjá lögreglu frá 11. febrúar 1976. Kvaðst vitnið hafa mætt til vinnu rétt fyrir klukkan 21:30 og séð Magnús fyrst laust fyrir klukkan 22:00 og öðru hvoru eftir það. Þá hafi hún farið í kaffi um klukkan 23:30 og um leið afhent Magnúsi peninga sem greiddir höfðu verið fyrir fatageymslu um kvöldið. Sagði vitnið ástæðu þess að hún myndi svo nákvæmlega eftir þessu kvöldi vera þá að skömmu eftir hvarf Geirfinns hafi leirmynd verið birt og vitnið þá heyrt að Magnús væri talinn líkjast leirmyndinni.⁶⁶⁴ Hafi hún þá, ásamt samstarfskonu sinni, rifjað upp umrætt kvöld og komist að þessari niðurstöðu. Var skýrsla vitnisins hjá lögreglu lesin upp og staðfesti hún þar rétt eftir sér haft. Vék vitnið frá klukkan 14:38.⁶⁶⁵ Kom þá fyrir dóminn sem vitni [LKH]. Bókað var að hún hafi skýrt sjálfstætt frá málsatvikum og framburður hennar verið í samræmi við skýrslu hennar hjá lögreglu frá 11. febrúar 1976. Kvaðst hún hafa mætt til vinnu í Klúbbinn um klukkan 21:00. Hún hafi fyrst séð Magnús um klukkustund síðar. Um klukkan 22:45 hafi hún farið upp til að fá sér kaffi og þá séð Magnús inni á skrifstofu. Hafi hún farið niður hálf tíma síðar og sent samstarfskonu sína upp til Magnúsar með uppgjörið um klukkan 23:30. Kvaðst [LKH] hafa séð Magnús eftir að [ÞG] hafi komið aftur niður.⁶⁶⁶ Um ástæður þess að hún myndi svo nákvæmlega tímasetningar sagðist vitnið hafa rifjað upp þetta kvöld þegar mynd af leirmynd hafi verið birt í fjölmiðlum og orðrómur farið af stað um að Magnús væri líkur leirmyndinni. Sagði vitnið að hún og samstarfskona sín hafi komist að sameiginlegri niðurstöðu. Var skýrsla vitnisins lesin upp í dómnum og staðfesti hún þar rétt eftir sér haft. Vék hún frá klukkan 15:15 og var dómþingi frestað.⁶⁶⁷ Klukkan 15:38 var dómþing háð að nýju. Af hálfu ákærvaldsins var vararríkissaksóknari bókaður mættur. Þá var mættur á dómþinginu Ingvar Björnsson, réttargæslumaður Einars. Klukkan 15:39 mætti [SI], eiginkona Einars, fyrir dóminn sem vitni og var henni gerð grein fyrir réttarstöðu sinni.⁶⁶⁸ Skýrði hún sjálfstætt frá málsatvikum í samræmi við skýrslu sína hjá lögreglu 11. febrúar 1976. Kvaðst vitnið muna það greinilega að eiginmaður sinn hafi verið háttáður þegar hún hafi komið heim úr síðasta tíma saumavélanámskeiðs. Kvaðst hún muna að eiginmaður sinn hafi nöldrað yfir því hve seint hún kæmi heim, en síðasti tíminn á námskeiðinu hafi verið óvenju langur. Kvaðst hún fullviss um að umræddur tími hafi verið haldinn 19. nóvember 1974. Hafi hún skoðað sjónvarpsdagskrá kvöldsins og ekki munað eftir að hafa séð neinn af dagskrárliðum. Til stuðnings þessu lægi fyrir úttektarnóta úr versluninni Pfaff dagsett 14. nóvember 1974 þar sem tekið hafi verið út efni fyrir síðustu kennslustundina. Var skýrsla vitnisins hjá lögreglu lesin upp fyrir hana og kvað hún þar rétt eftir sér haft. Greindi [SI] frá því að Sigurbjörn Eiríksson hafi hringt

⁶⁶³ Bls. 591_D.

⁶⁶⁴ Bls. 591_E.

⁶⁶⁵ Bls. 591_F.

⁶⁶⁶ Bls. 591_F.

⁶⁶⁷ Bls. 591_F.

⁶⁶⁸ Bls. 591_G.

í sig seint að kvöldi 26. janúar 1976 eftir handtökuna og spurt sig hvort hún vissi af hverju hann hafi verið handtekinn. Kvaðst hún ekki hafa vitað það. Hafi hann tjáð henni að „einhver Valdimar“ hafi einnig verið handtekinn. Aðspurð kvaðst [SI] ekki hafa rætt við Erlu Bolladóttur síðan 26. janúar 1976 nema einn laugardagseftirmiðdag þegar hún hafi hringt til Erlu í viðurvist dómarans og beðið hana að tala við sig. Aðspurð kvaðst [SI] ekki vita til þess að aðrir hafi haft samband við Erlu vegna málsins nema faðir Erlu og Einars. Kvaðst vitnið hafa verið nærstatt þegar [BoG] hafi rætt við Erlu í síma og heyrt hann segja að ef hún segði ekki sannleikann skyldi hún gleyma því að hún ætti föður. Vék vitnið frá klukkan 16:35 og var dómþingi slitið.⁶⁶⁹

331. Þá var bókað að Kristján Viðar hafi verið tekinn fram til viðtals til Eggerts milli klukkan 14:55 og 16:35. Þá var bókað klukkan 18:50 að Eggert hafi komið og tekið Kristján Viðar til yfirheyrslu til klukkan 19:50.⁶⁷⁰ Fyrir liggur skýrsla um yfirheyrsluna þar sem fram kemur að Kristján Viðar hafi sjálfur óskað eftir yfirheyrslunni. Lýsti hann því yfir að hann hafi tvívegis gefið skýrslu um hvarf Guðmundar. Hafi þær skýrslur verið að flestu leyti réttar, en nú vildi hann skýra frá öllum sannleikanum eins og hann muni hann örugglega. Greindi Kristján Viðar frá því að Guðmundur hafi ekki látist af völdum átaka í íbúð þeirra Sævars og Erlu heldur hafi hann stungið hann með hnífi. Hafi Guðmundur að vísu lent í átökum þarna, en þau hafi ekki beinlínis leitt til dauða hans. Greindi Kristján Viðar frá því að hann, Sævar og Tryggvi Rúnar hafi verið saman á heimili hans um laugardagskvöld þegar þeir hafi ákveðið að fara eitthvað út að skemmta sér. Hafi þeir farið í leigubifreið heiman frá Kristjáni Viðari að starfsmannahúsi Kópavogshælis, en þar hafi [HeG] búið. Hafi hann og Sævar þekkt stúlkuna, en ekki Tryggvi Rúnar að hann hélt. Hafi Sævar farið úr leigubifreiðinni við starfsmannahúsið en hann og Tryggvi Rúnar farið suður í Hafnarfjörð. Ákváðu þeir að hittast við samkomuhúsið Skipból í Hafnarfirði. Hafi Sævar greitt fyrir aksturinn í Kópavoginn og fyrirfram fyrir þá tvo til Hafnarfjarðar. Kristján Viðar kvaðst eiga nokkuð stóran hníf heima hjá sér, einhvers konar hermannahníf. Greindi hann frá því að þegar hann og Sævar hafi verið í Kaupmannahöfn um sumarið 1973 hafi verið þar íslenskur strákur sem hafi átt það til að ráðast á menn með hnífi. Kvaðst Kristján Viðar hafa tekið hnífinn af honum og komið síðan með hann heim til Íslands. Hafi tollverðir á Keflavíkurflugvelli skoðað hnífinn en engar athugasemdir gert við hann. Hnífurinn hafi verið í slíðri og með mjög dökku skafti með rifflum, svo betri handfesta væri á því. Á efri enda skaftsins hafi verið hnúður, en á hinum enda skaftsins við blaðið hafi verið takki eða fjöður. Lýsti Kristján Viðar því að ýta þyrfti á takkann um leið og hnífurinn væri tekinn úr slíðrinu, annars sæti hann fastur. Hafi hnífsblaðið verið um 20 til 22 sentimetrar á lengd og skaftið þverhandarbreitt.⁶⁷¹ Kvaðst Kristján Viðar halda að hnífurinn hafi ekki bitið neitt, en hann hafi aldrei notað hann til að skera neitt. Gæti hann ímyndað sér að þetta hafi verið byssustingur sem hefði verið stytur. Vissi hann ekki hvort hnífurinn hafi upprunalega verið í slíðrinu, en hann hafi passað í það. Kristján Viðar kvaðst hafa haft

⁶⁶⁹ Bls. 591_I.

⁶⁷⁰ Dagbók nr. 4, bls. 84.

⁶⁷¹ Bls. 597.

það fyrir sið að geyma hnífinn uppi á vegg við hliðina á dyrunum inni í herberginu sínu. Lýsti Kristján því hvernig hann handlék hnífinn heima hjá sér umrætt laugardagskvöld, áður en þeir fóru af stað með leigubifreiðinni. Hafi hann talað um hvort hann ætti að taka hann með sér, en komist að þeirri niðurstöðu að gera það ekki því það gæti verið hættulegt. Hafi Sævar þá viljað hnífinn og fest hann við belti sitt. Þegar þeir hafi komið að starfsmannahúsi Kópavogshælis hafi Kristján Viðar beðið Sævar um hnífinn og hann afhent hann til baka. Kvaðst Kristján Viðar þá hafa fest hann við belti innan undir stórum frakka sem hann hafi þá verið í. Greindi Kristján Viðar frá því að hann og Tryggvi Rúnar hafi farið úr leigubifreiðinni í Hafnarfirði, en gæti ekki komið því fyrir sig hvar. Af einhverjum ástæðum fóru þeir á mis við Sævar í Skiphóli og hittu hann aldrei þar. Lýsti Kristján Viðar því að hann og Tryggvi Rúnar hafi hitt Guðmund Einarsson á gangi á götu þeirri sem hafi legið út úr Hafnarfirði í áttina til Reykjavíkur. Ákváðu þeir að ganga heim til Sævars. Kvaðst Kristján Viðar hafa komið áður heim til Sævars og því átt að vita hvar hann ætti heima, en honum hafi gengið hálfilla að finna húsið. Um það leyti sem þeir hafi komið að húsinu hafi Sævar komið og þeir farið fjórir inn í íbúðina. Kvaðst Kristján Viðar hafa áður í skýrslu hjá lögreglu lýst herbergjaskipan í húsnæðinu. Myndi hann ekki nákvæmlega hvað hafi gerst til að byrja með nema að Sævar og Guðmundur hafi verið komnir í hár saman inni í svefnherberginu. Kvaðst Kristján Viðar hafa verið í stofunni og því ekki séð nákvæmlega hvað hafi farið fram, en Guðmundur hafi verið mjög æstur í garð Sævars.⁶⁷² Kvaðst Kristján Viðar halda að Guðmundur hafi ráðist á Sævar. Hafi Sævar komið hlaupandi fram í stofu og virst mjög hræddur við Guðmund. Því næst hafi Sævar sagt Guðmund eiga að fara úr húsinu og læst að sér inni á salerni. Greindi Kristján Viðar frá því að Tryggvi Rúnar hafi verið inni í svefnherberginu á meðan á þessu stóð og því vissi hann ef til vill betur um hvað þar fór fram. Hafi Tryggvi Rúnar skipt sér lítið af Guðmundi og kvaðst Kristján Viðar halda að hann hafi gengið á milli þeirra Sævars og því hafi Sævar sloppið út úr svefnherberginu. Kristján Viðar gat ekki sagt til um hvers vegna Guðmundur hafi reiðst Sævari svona heiftarlega, en eitthvað hafi hann talað um „dópista“ og svoleiðis. Kvaðst Kristján Viðar hafa skipað Guðmundi að fara út en hann neitað því. Hafi Kristján Viðar þá spurt Guðmund hvort hann ætti að hjálpa honum út og hafi Guðmundur þá sagt hann enga krafta hafa í slíkt og boðið honum að reyna. Hafi þetta orðaskak þeirra átt sér stað í horni stofunnar, rétt hjá símtækinu. Hafi Kristján Viðar snúið sér aðeins frá Guðmundi til að kalla til Sævars, en þá hafi Guðmundur ráðist á hann aftan frá og tekið hann hálstaki. Kvaðst Kristján Viðar hafa reynt hvað hann gat að losa sig án árangurs. Hafi Guðmundur tekið svo fast um hálsinn á Kristjáni Viðari að honum fannst hann vera að kafna. Lýsti Kristján Viðar því að hann hafi orðið hræddur og án þess að vita hvað hann væri að gera hafi hann gripið í hnífinn sem var fastur við beltið á hægri mjöðm hans, kipt honum úr slíðrinu og rekið hann í blindni aftur fyrir sig. Hafi hann þá stungið í Guðmund. Kvaðst Kristján Viðar ekki geta gert sér grein fyrir hvar hnífurinn hafi komið í hann eða hversu djúpt hann hafi stungist. Um leið hafi Guðmundur linað hálstakið og stuna heyrst frá honum. Kvaðst Kristján Viðar þá hafa losað sig frá

⁶⁷² Bls. 598.

Guðmundi og farið yfir í gagnstætt horn stofunnar. Hafi Guðmundur elt hann yfir gólfið, náð aðeins til hans en fallið svo í gólfið. Kristján Viðar sagðist hafa verið enn í frakkanum sem hafi verið fráhnepptur. Í þann mund sem Guðmundur féll í gólfið hafi hann gripið um eina tölu á frakkanum og slitið hana af. Hafi Guðmundur legið á bakinu á gólfinu. Meðan á þessu stóð hafi Tryggvi Rúnar verið staddur einhvers staðar í íbúðinni og Sævar enn inni á salerninu. Kvaðst Kristján Viðar hafa gert sér fljótlega grein fyrir því að Guðmundur væri illa slasaður.⁶⁷³ Myndi hann þó ekki eftir því að blætt hafi úr honum. Greindi Kristján Viðar frá því að hann hafi farið fram á gang og barið á salernisdyrnar. Hafi Sævar ekki opnað fyrr en hann hafi verið viss um að um Kristján Viðar hafi verið að ræða. Hafi þeim þremur, Kristján Viðar, Sævar og Tryggvi Rúnar, orðið það ljóst að Guðmundur væri alvarlega slasaður og kvaðst Kristján Viðar hafa stungið upp á því að kalla til lögregluna. Hafi Tryggvi Rúnar verið sama sinnis, en ofan á varð að gera það ekki. Hafi þeir borið Guðmund fram í geymsluherbergi og var þá komin nokkuð sterk og vond lykt sem Kristján Viðar kvaðst ekki geta gert sér grein fyrir hvaðan hafi komið. Hafi Guðmundur virst meðvitundarlaus og töldu þeir hann látinn. Kvaðst Kristján Viðar ekki gera sér grein fyrir hversu langur tími hafi liðið frá því hann stakk hann og þar til þeir báru hann fram, en það hafi ekki verið löng stund, í það minnsta 15 mínútur. Kristján Viðar kvaðst halda að hann hafi gert sér strax grein fyrir því sem hann hafði gert og verið miður sín yfir því. Greindi Kristján Viðar frá því að eftir að þeir hafi lagt Guðmund til í geymslunni hafi þeir tekið leigubifreið einhvers staðar og ekið í henni um Hafnarfjörð nokkra stund, en þá haldið aftur til Sævars. Hafi þeir ekkert rætt saman í leigubifreiðinni. Þegar þeir komu til baka ákváðu þeir að losa sig við lík Guðmundar. Hafi Sævar þá hringt í Albert Klahn og beðið hann að koma á bifreið föður síns. Hafi hann komið á svartri Volkswagen bifreið og hafi Sævar lofað honum hassi í staðinn. Nokkur tími leið þar til Albert kom og á meðan hafi þeir vafið ljósu klæði utan um lík Guðmundar. Kvaðst Kristján Viðar halda að þeir hafi lokið því um leið og Albert hafi komið. Klæddu þeir Guðmund ekki úr neinu nema skónum, en þeir hafi samt verið settir með honum. Beygðu þeir líkama Guðmundar saman þegar þeir vöfðu um hann klæðinu og hafi þá brakað í honum líkt og líkið hafi verið byrjað að stirðna. Lýsti Kristján Viðar því að þeir hafi verið þrír þarna við innpökkunina, eins og það er orðað í skýrslunni, þegar Erla hafi birst allt í einu, en hann hafi ekki vitað til þess að hún hafi verið heima. Kvaðst Kristján Viðar hafa hætt við innpökkunina og farið að tala við Erlu, en Sævar og Tryggvi Rúnar hafi lokið verkinu. Kvaðst Kristján Viðar ekki muna betur en að hann hafi sagt Erlu hvað hafi skeð, í það minnsta reynt að gera henni það skiljanlegt. Þá taldi hann sig hafa sagt henni að Albert væri á leiðinni.⁶⁷⁴ Kvaðst Kristján Viðar halda að Erla hafi sagst ekki skipta sér af þessu. Hafi hann þá snúið sér aftur að félögum sínum og aðstoðað við að ljúka innpökkuninni. Minnti Kristján Viðar að Guðmundur hafi verið klæddur úr jakkanum áður en vafið hafi verið um hann og hann látinn fylgja með ásamt skónum þegar hann hafi verið urðaður um nóttina. Kvaðst Kristján Viðar ekki hafa orðið var við að annað hafi verið tekið af honum.⁶⁷⁵

⁶⁷³ Bls. 600.

⁶⁷⁴ Bls. 600.

⁶⁷⁵ Bls. 602.

Kristján Viðar lýsti því hvernig þeir þrír báru lík Guðmundar út úr húsinu. Þegar út hafi komið hafi hann hætt burðinum og farið á undan Sævari og Tryggva Rúnari að bifreið Alberts og spurt hann hvort hann vissi hvað staði til og hafi Albert þá sagt Sævar hafa greint sér frá því. Kvaðst Kristján Viðar ekki hafa minnst á það berum orðum við Albert hvað væri um að vera. Hafi hann sest í aftursæti bifreiðarinnar og tekið á móti byrði Sævars og Tryggva Rúnars. Lögðu þeir lík Guðmundar þvert á gólfið á milli fram- og aftursætis bifreiðarinnar. Hafi Tryggvi Rúnar sest við hlið hans í aftursætinu en Sævar í framsætið. Minnti hann að Sævar hafi farið aftur inn í húsið. Óku þeir af stað út úr Hafnarfirði til suðurs í átt að Keflavík. Hafði ekkert verið ákveðið fyrirfram um hvert skyldi halda nema í hraunið sunnan Hafnarfjarðar. Kvaðst Kristján Viðar ekki muna greinilega eftir ferðalaginu í bifreiðinni, nema að þeir hafi ekið veginn að Sædýrasafninu en svo aftur á Reykjanesbraut. Hafi þeir ekið til móts við Álverið og svo út af Reykjanesbrautinni í gagnstæða átt. Þar hafi verið ekið eftir einhverjum malarvegi, eða þar til Albert taldi sér ekki fært að aka lengra. Kvaðst Kristján Viðar halda að framundan hafi verið einhver hæð og Sævar hafi farið út að kanna hvort hún væri bílfær. Hvernig sem það hafi verið þá var ekki ekið lengra. Þá hafi Tryggvi Rúnar einnig farið út úr bifreiðinni og þeir Sævar lagt af stað með lík Guðmundar. Kvaðst Kristján Viðar ekki hafa farið um leið út úr bifreiðinni en svo elt þá þegar þeir hafi verið komnir spölkorn frá. Hafi hann þá hjálpað þeim að bera líkið. Kvaðst hann ekki vita með vissu eða gera sér grein fyrir því hversu langt þeir hafi gengið, en það hafi verið í það minnsta 100 metrar frá bifreiðinni. Lýsti Kristján Viðar því að þeir hafi sett líkið ofan í hraunsprungu sem hafi verið svo djúp að sprungubarmarnir hafi gnæft yfir höfuðið á honum þegar hann hafi verið kominn ofan í hana.⁶⁷⁶ Hafi sprungan komið svolítið inn undir sig niðri við botninn og myndað þar eins og hellisskúta. Lögðu þeir lík Guðmundar inn í hellisskútann ásamt jakka hans og skóm og velti Tryggvi Rúnar stórum steini að sem þeir svo lögðu yfir líkið. Steinninn hafi ekki náð að hylja líkið alveg svo afganginn huldi Kristján Viðar með smásteinum. Að því loknu héldu þeir til baka að bifreiðinni. Mundi Kristján Viðar ekki betur en að henni hafi verið ekið heim til hans og Tryggvi Rúnar komið með honum heim. Kvaðst Kristján Viðar hafa beðið Tryggva Rúnar um að dvelja hjá sér um nóttina þar sem honum hafi liðið bölvánlega eftir þetta allt saman. Hélt hann að Sævar hafi orðið eftir í bifreiðinni hjá Alberti. Greindi Kristján Viðar frá því að hann og Tryggvi Rúnar hafi ekki farið strax að sofa heldur tekið inn LSD töflur. Hafi þeir þó á endanum sofnað og ekki vaknað fyrr en seint daginn eftir. Hafi þeir þá talað um hvort þessi atburður hafi virkilega átt sér stað en þeir voru þá enn undir áhrifum LSD. Sagði Kristján Viðar að þeir hafi talið sér trú um að atburðurinn hafi aldrei skeð. Viðurkenndi Kristján Viðar að þegar atburðurinn hafi átt sér stað hafi hann og Tryggvi Rúnar báðir verið undir áhrifum áfengis og lyfja, í það minnsta hann. Kvaðst Kristján Viðar vilja taka það fram að það væri nokkur tími síðan hann hafi rifjað atburðina upp fyrir sér eins og hann hafi nú skýrt frá þeim. Nánar tiltekið hafi það verið tveimur dögum áður en gæsluvarðhaldsúrskurður var síðast kveðinn upp yfir honum. Aftur á móti hafi hann ekki óskað eftir því fyrr en í gær að skýra rannsóknarlögreglunni frá þessu. Kvaðst

⁶⁷⁶ Bls. 601.

Kristján Viðar halda að hann og Tryggvi Rúnar hafi ekki sofnað þarna um nóttina heima hjá honum heldur verið í móki undir áhrifum LSD. Þá kvaðst hann vilja taka það fram að sú vonda lykt sem hann hafi fundið hafi verið af Guðmundi og Tryggvi Rúnar hafi verið frammi á gangi íbúðarinnar á meðan hann og Guðmundur hafi tekist á og því hafi hann ábyggilega ekki séð hvað hafi gerst. Bókað var í skýrsluna að yfirheyrslunni hafi lokið klukkan 19:45.⁶⁷⁷

332. Í dagbók fangelsisins þennan dag, 7. apríl 1976, var bókað að Ingi Ingimundarson, réttargæslumaður Sigurbjörns Eiríkssonar, hafi komið með sendingu af ávöxtum og harðfisk til skjólstæðings síns. Þá var bókað klukkan 18:10 að Örn hafi hringt og tilkynnt að Ásgeir Friðjónsson mætti tala við Sævar hvort heldur sem er inni á klefa eða inni í yfirheyrsluherbergi.⁶⁷⁸ Klukkan 20:30 var bókað í fangelsisdagbókina að Ásgeir Friðjónsson, dómari við sakadóm í ávana- og fíkniefnamálum, hafi komið og fengið Sævar fram til viðtals til klukkan 23:30. Klukkan 23:00 var bókað um símtal frá Ívari Hannessyni rannsóknarlögreglumanni sem hafi nauðsynlega þurft að ná tali af Sigurbirni Víði eða Eggerti.⁶⁷⁹ Fyrir liggur skýrsla Ívars dagsett þennan dag klukkan 23:00. Þar sagði að á lögreglustöðina væri væntanlegur piltur sem hefði upplýsingar um pakka sem væri í fórum varnarliðsmanns á Keflavíkurflugvelli. Var þess getið í skýrslunni að pakkinn væri merktur Valdimar Olsen.⁶⁸⁰
333. Þennan sama dag, 7. apríl 1976, mætti til yfirheyrslu móðir Sævars, [SÓG]. Bókað var í skýrsluna að Örn hafi óskað eftir því að móðir Sævars gæfi yfirlit um uppeldi og skapgerð sonar síns. Var henni kynnt réttarstaða sín og kvaðst hún fús til að gefa þær upplýsingar sem farið hafi verið fram á. Greindi [SÓG] frá því að Sævar hafi verið eðlilegt barn og alist upp hjá foreldrum sínum í Reykjavík. Hann hafi verið ákaflega rólegur og meðfærilegur og engir erfiðleikar hafi verið með hann í uppvextinum fyrir en hann hafi farið í Austurbæjarskóla þegar hann var um níu ára gamall, en þá hafi ógæfa hans byrjað.⁶⁸¹ Honum hafi gengið illa að læra að lesa og lent í slæmum félagsskap. Sagði hún Sævar hafa byrjað að reykja þegar hann var um 10 ára gamall og farið að vera mikið úti á kvöldin. Kvaðst hún ekki hafa orðið vör við drykkju og það hafi aldrei verið hans veikleiki. Móðir Sævars kvaðst hafa unnið úti á þessum árum og því ekki geta litið nægilega vel eftir börnunum. Hafi það farið svo að hún hafi orðið að biðja Félagsmálastofnun Reykjavíkur um aðstoð til að koma Sævari út úr borginni. Var honum þá útvegað pláss á Breiðuvík og lauk þaðan fullnaðarprófi. Var hann þá fluttur að Reykjanesi við Ísafjörð þar sem hann átti að ljúka skyldunámi. Var honum vísað úr skólanum fyrir brot á reglum og sendur til Reykjavíkur. Hafi hann þá tekið upp fyrri félagsskap og lent í miklu reiðileysi. [SÓG] sagði Sævar aldrei hafa haft kraft í sér til að fá sér fasta vinnu og greinilegt að hann hafi alls ekki verið heill heilsu. Kvaðst hún hafa farið með hann í rannsókn til [GO] læknis sem hafi látið hann í heila- og hjartalínurit. Hafi læknirinn sagt Sævar vera veilan í hjartataugum sem kalla hafi mátt stress. Greindi [SÓG] frá því að Sævar hafi farið í allmikla aðgerð þegar

⁶⁷⁷ Bls. 602.

⁶⁷⁸ Dagbók nr. 4, bls. 84.

⁶⁷⁹ Dagbók nr. 4, bls. 84b.

⁶⁸⁰ Bls. 603.

⁶⁸¹ Bls. 592.

hann hafi verið sex ára, en þá hafi hann verið skorinn upp við kviðsliti. Hafi henni fundist sem borið hafi meira á slappleika hjá honum eftir aðgerðina og hann sjálfur sagt að sér finnist hann ekki sá sami síðan.⁶⁸² Eftir að Sævar hætti í skóla hafi hann farið að kvarta um svimaköst og hjartverk. Hafi [GO] læknir sagt þetta líklega flogaveiki á lágu stigi. Hafi mest borið á þessu þegar Sævar hafi verið þreyttur og kvaðst móðir hans halda að þetta væri fyrst og fremst ástæða þess að hann hafi aldrei fengið sér vinnu. Einu meðölin sem Sævar fékk hafi verið Diazepam og hafi hann neytt þeirra þegar hann hafi fengið köstin og hafi það verið að læknisráði. Sagði móðir Sævars það áberandi hve erfitt hann hafi átt með gang eftir aðgerðina og hafi hann ekki verið mikið í leikjum með öðrum börnum af þeim sökum. Kvaðst hún ekki viss um hvenær Sævar hafi farið að vera með Erlu Bolladóttur, en taldi það vera um þrjú ár síðan. Sagði hún Erlu hafa tjáð sér að hún hafi fyrst tekið eftir Sævari í einhverju partíi þar sem allir hafi verið meira og minna drukknir, en hann hafi verið alveg ódrukinn og að uppvarta.⁶⁸³ Lýsti hún föður Sævars sem forföllnum drykkjumanni og hafi þau slitið samvistum vegna þess. Kvaðst hún vita til þess að ástandið á honum hafi haft mjög slæm áhrif á Sævar og allt heimilislífið. Þá sagðist [SÓG] ekki hafa orðið vör við að Sævar hafi verið með heift eða hatur út í neinn sérstakan. Komið hafi fyrir að Sævar hafi ráðist á hana þegar hún skammaði hann og siðaði hann til. Hafi hann þá ekki ætlað sér að vinna henni mein, heldur hafi hún tekið því þannig að honum þætti hún ósanngjörn í hans garð. [SÓG] kvaðst ekki hafa orðið mikið vör við að Sævar væri í innbrotum eða þjófnum.⁶⁸⁴

334. Pennan sama dag voru birtar fréttir af Geirfinnsmálinu og Guðmundarmálinu í Dagblaðinu. Fram kom að geðrannsókn banamanna Guðmundar væri ekki hafin og mjög erfiðlega gengi að afla upplýsinga hjá rannsóknarlögreglunni og sakadómi um gang rannsóknar morðmálanna. Þá sagði að ökumaður bifreiðar á V-númeri sem lögregla hafi lýst eftir hafi gefið sig fram. Ástæða þess að hann hafi ekki gefið sig fram strax hafi verið sú að lýst hafi verið eftir Moskvitch bifreið, en bifreið hans hafi verið annarrar tegundar. Fullyrt var í fréttinni að framburður ökumannsins tæki af öll tvímæli um að stúlkan hafi skýrt rétt frá um ferð sína frá Keflavík umræddan morgun. Loks kom fram að dómsrannsókn væri hafin í Geirfinnsmálinu og því færu stöðugar yfirheyrslur fram.⁶⁸⁵
335. Fimmtudaginn 8. apríl 1976 var bókað í dagbók fangelsisins við Síðumúla að Valdimar Olsen hafi verið fluttur í sakadóm Reykjavíkur klukkan 09:50. Klukkan 10:00 var bókað að Kristján Viðar hafi einnig verið fluttur í sakadóm.⁶⁸⁶ Pennan dag var háð þinghald í sakadómi Reykjavíkur og tekin fyrir dómsrannsókn vegna hvarfs Geirfinns. Af hálfu ákærvaldsins sótti þing Hallvarður Einvarðsson vararíkissaksóknari og Njörður Snæhólm aðalvarðstjóri. Þá var bókaður mættur Jón Zoëga, réttargæslumaður Valdimars. Klukkan 10:19 var bókað að Valdimar hafi komið fyrir dóminn. Á sama tíma var bókað að Kristján Viðar væri mættur fyrir

⁶⁸² Bls. 593.

⁶⁸³ Bls. 594.

⁶⁸⁴ Bls. 595.

⁶⁸⁵ Bls. 605.

⁶⁸⁶ Dagbók nr. 4, bls. 84b.

dóminn til samprófunar. Bókaði dómariinn í þingbók að farið hafi fram sakbending þar sem Kristján Viðar hafi séð Valdimar Olsen í hópi manna og þekkt hann. Kvaðst Valdimar aldrei hafa séð Kristján Viðar áður. Kristján Viðar sagðist eitt sinn hafa verið staddur í Lækjargötu með Sævari þegar þeir hafi hitt Valdimar og hafi hann og Sævar rætt um fjárskuld.⁶⁸⁷ Þá kvaðst Kristján Viðar hafa séð Valdimar þegar hann var gestur hjá [HMW] systur hans. Kvaðst Valdimar viss um að hann hafi aldrei séð Kristján Viðar áður. Bókað var í þingbókina að frekara samræmi milli framburða Kristjáns Viðars og Valdimars hafi ekki náðst. Vék Valdimar frá klukkan 10:40. Kvaðst Kristján Viðar geta rifjað það upp að hafa flutt varning í stóra sendiferðabifreið í Dráttarbrautinni í umrætt sinn. Myndi hann ekki hvaða varningur þetta hafi verið, en sagðist hafa farið margar ferðir með eitthvað sem hann hafi tekið í sitthvora hendina. Aðspurður kvaðst Kristján Viðar hafa séð Valdimar Olsen í hópi manna í Dráttarbrautinni umrætt kvöld. Fannst honum minnisstætt að Valdimar hafi virt hann fyrir sér, en kvaðst ekki muna frekar eftir honum þetta kvöld. Vék Kristján Viðar frá klukkan 11:03 og var dómþingi frestað.⁶⁸⁸

336. Bókað var í fangelsisdagbókina þennan sama dag klukkan 11:20 að komið hafi verið með Valdimar í varðhaldið og klukkan 11:22 hafi verið komið með Kristján Viðar. Klukkan 12:25 var bókað í dagbókina að Örn hafi hringt að beiðni færsluritara í sambandi við beiðni Valdimars um viðtal við lögfræðinginn sinn. Kvað Örn það leysast sjálfkrafa klukkan 13:00. Klukkan 12:25 var bókað að Valdimar hafi verið fluttur í sakadóm.⁶⁸⁹ Var dómþing háð að nýju klukkan 13:00 þennan dag og sömu aðilar bókaðir mættir. Kom Valdimar fyrir dóminn klukkan 13:00. Lagði dómariinn fram rannsóknarlögregluskýrslu⁶⁹⁰ og gat þess í bókun að þakinn sem greint væri frá í skýrslunni hafi verið opnaður í dóminum og reynst innihalda tvær skammbyssur. Voru þær fengnar tæknideild rannsóknarlögreglunnar til ljósmyndunar og athugunar. Kvaðst Valdimar hafa keypt þessi vopn sjálfur um mánaðamótin nóvember, desember 1975 í Maine í Bandaríkjunum. Við kaupin hafi hann notið aðstoðar bandarísks lögreglumanns. Kvaðst Valdimar hafa ætlað að nota vopnin til þess að skjóta í mark, en hann hafi áhuga á byssum eins og faðir hans sem væri vel kunnur kunnáttumaður um byssur. Lýsti Valdimar því yfir að hann ætti eina skammbyssu enn heima hjá sér sem hann hefði ekki leyfi fyrir.⁶⁹¹ Kvaðst hann hafa byssuleyfi fyrir einum 22 kalíbera riffli. Heimilaði hann að skammbyssan yrði tekin í vörslur lögreglunnar. Vék Valdimar frá klukkan 13:38 og var dómþingi frestað.⁶⁹²
337. Var bókað í dagbók fangelsisins við Síðumúla að komið hafi verið með Valdimar í varðhaldið klukkan 13:45 og farið með Magnús í sakadóm.⁶⁹³ Var dómþing sakadóms háð að nýju klukkan 14:15 að viðstöddum sömu aðilum og áður. Mættur var að auki Hafsteinn Baldvinsson, réttargæslumaður Magnúsar. Lét dómari þess getið að fram

⁶⁸⁷ Bls. 605_A.

⁶⁸⁸ Bls. 605_B.

⁶⁸⁹ Dagbók nr. 4, bls. 85.

⁶⁹⁰ Sjá bls. 603–604 og bls. 610–611.

⁶⁹¹ Bls. 605_C.

⁶⁹² Bls. 605_D.

⁶⁹³ Dagbók nr. 4, bls. 85.

hafi farið sakbending þar sem Erla Bolladóttir hafi séð Magnús Leópolðsson í hópi manna og hafi hún þekkt hann. Bókað var að Magnús væri mættur fyrir dóminn. Þá var bókað að Erla væri komin fyrir dóminn til samprófunar. Kvaðst Magnús ekki kannast við að hafa séð Erlu áður. Kvaðst Erla hafa séð Magnús í Mercedes Benz bifreið í umrætt sinn. Lýsti Erla hraðamæli bifreiðarinnar þannig að hann hafi gengið lóðrétt. Sagðist Magnús ekki hafa haft slíka bifreið til umráða á þeim tíma.⁶⁹⁴ Var þá Magnúsi bent á að bifreiðin G-9484 hafi verið í eigu Sigurbjörns Eiríkssonar þar til 8. janúar 1975. Sagði Magnús að umrædd bifreið hafi verið seld [BSt] töluvert áður. Þá sagði Magnús að hraðamælum í Mercedes Benz bifreiðum hafi verið breytt líklega í kringum 1966, eftir það hafi ekki komið árgerðir með hraðamæli eins og Erla hafi lýst. Vék Magnús frá klukkan 15:03 og var dómþingi slitið.⁶⁹⁵

338. Í fangelsisdagbókina var bókað klukkan 14:10 að móðir Sævars hafi komið með sendingu til hans, föt, gos, kex og hársápu. Þá var bókað klukkan 15:20 að komið hafi verið með Magnús úr sakadómi.⁶⁹⁶
339. Fyrir liggur skýrsla um yfirheyrslu yfir [HeG] þennan dag, 8. apríl 1976, um vitneskju hennar um athafnir eða verustaði Sævars, Erlu og Kristjáns Viðars 19. og 20. nóvember 1974. Kvaðst [HeG] þekkja þau þrjú og hafa umgengist þau öll en þó aðallega Sævar. Sagði hún það útilokað að hún hefði haft samneyti við þau umrædda daga þar sem hún hafi á þeim tíma búið og starfað í Vestmannaeyjum.⁶⁹⁷ Bókað var að [HeG] hafi hringt í lögregluna skömmu eftir yfirheyrsluna eftir að hafa athugað launaseðla. Í ljós hafi komið að hún hafi verið alkomin til Reykjavíkur um miðjan nóvember 1974. Sagði [HeG] það þó standa óhaggað að hún vissi ekki um ferðir eða gerðir Sævars, Erlu og Kristjáns Viðars þessa umræddu daga.⁶⁹⁸
340. Á sama tíma var yfirheyrður [ViG], fyrrum leigubifreiðastjóri. Var tilefni yfirheyrslunnar það sama, vitneskja hans um ferðir eða gerðir Sævars, Erlu og Kristjáns Viðars 19. og 20. nóvember 1974. Kvaðst hann kannast vel við Sævar og Kristján Viðar en sagðist aldrei hafa séð Erlu og ekki þekkja hana í sjón, en vita að hún hafi verið sambýliskona Sævars. Kvað hann öll kynni sín af Sævari og Kristjáni Viðari hafa verið í gegnum leiguakstur. Þá hafi Sævar boðið sér eitt sinn í utanlandsferð sem hann hafi þegið. Kvaðst hann enga hugmynd hafa hvar þeir Sævar og Kristján Viðar hafi verið umrædda daga. Hann hafi hætt að aka leigubifreið í september eða október 1974.⁶⁹⁹
341. Fyrir liggur skýrsla um yfirheyrslu yfir [JIG] sem fram fór sama dag og af sama tilefni. Kvaðst vitnið þekkja Sævar nokkuð en Erlu lítið og Kristján Viðar nánast ekki neitt. Kvaðst hún hafa búið að Laugavegi 24 ásamt [HeG] í maí 1974, en í júní hafi unnusti hennar, Albert Klahn, flutti að mestu til hennar. Hafi Sævar komið öðru hvoru um sumarið á meðan [HeG] hafi búið þar. Kvaðst [JIG] hafa bannað Sævari að koma

⁶⁹⁴ Bls. 605_D.

⁶⁹⁵ Bls. 605_E.

⁶⁹⁶ Dagbók nr. 4, bls. 85.

⁶⁹⁷ Bls. 606.

⁶⁹⁸ Bls. 607.

⁶⁹⁹ Bls. 608.

inn á heimilið í september 1974 en þá hafi [HeG] verið flutt til Vestmannaeyja. Vissi hún ekki til þess að hann hafi komið síðan þá. Kvaðst hún ekkert vita um verustað þessa fólks eða athafnir dagana 19. og 20. nóvember 1974.⁷⁰⁰

342. Föstudaginn 9. apríl 1976 var bókað í dagbók fangelsisins við Síðumúla klukkan 08:00 að hringt hafi verið í Sigurbjörn Víði um morguninn og hann beðinn um að koma boðum til Arnar um að Kristján Viðar vildi tala við lögfræðing sinn. Klukkan 14:20 var bókað að hringt hafi verið í Örn vegna beiðna Sævars og Kristjáns Viðars um að fá að tala við lögfræðinga sína í dag. Bað Örn færsluritara um að boða lögmenningu til viðtals við skjólstaðinga sína klukkan 18:00 í kvöld. Klukkan 14:50 var bókað í dagbókina að Gísli Pálsson, lögreglumaður hafi sótt bréf frá Sævari til Ásgeirs Friðjónssonar, dómara í sakadómi í ávana- og fíkniefnamálum.⁷⁰¹ Klukkan 15:45 var bókað að Magnús hafi verið fluttur í sakadóm Reykjavíkur. Þá hafi Valdimar verið fluttur í sakadóm klukkan 16:05 og Einar Bollason fimm mínútum síðar.⁷⁰² Dómþing var sett í sakadómi Reykjavíkur þennan dag og tekin fyrir dómsrannsókn um hvarf Geirfinns. Af hálfu ákærvaldsins var mættur Hallvarður Einvarðsson vararíkissaksóknari og Njörður Snæholm aðalvarðstjóri. Þá voru mættir á dómþinginu, réttargæslumennirnir Hafsteinn Baldvinsson, Jón Zoëga og Ingvar Björnsson.⁷⁰³ Klukkan 15:58 var bókað í þingbók að Magnús Leópolðsson hafi komið fyrir dóminn. Kvaðst hann ekki hafa neitt sérstakt fram að færa í málinu. Af hálfu ákærvaldsins var þess krafist að gæsluvarðhaldsvist Magnúsar yrði framlengd í þágu dómsrannsóknar sem enn væri ekki lokið. Af hálfu Magnúsar var kröfunni mótmælt og vísað til þess að nægur tími hafi verið til þess að ljúka dómsrannsókninni á þeim tíma sem hann hafi setið í gæsluvarðhaldi.⁷⁰⁴ Kveðinn var upp úrskurður þar sem fram kom að Sævar hafi fyrir dómi skýrt frá því að allar skýrslur hans hjá lögreglu vegna málsins væru ekki byggðar á hans eigin vitneskju eða reynslu, heldur frásögn Erlu. Þá sagði að Kristján Viðar hafi tekið framburð sinn í málinu til baka og síðan kannast aftur við að hafa farið umrædda ferð til Keflavíkur með að minnsta kosti Erlu og Sævari. Þá hafi Kristján sagst muna örugglega eftir Einari og Valdimar í fjörunni. Erla hafi sagt Magnús örugglega hafa ekið bifreið þeirri sem hún hafi setið í til Keflavíkur í umrætt sinn.⁷⁰⁵ Var Magnús úrskurðaður í áframhaldandi 30 daga gæsluvarðhald. Lýsti réttargæslumaður hans því yfir á dómþinginu að úrskurðurinn yrði ekki kærður til Hæstaréttar Íslands. Vék Magnús frá klukkan 16:10. Bókað var í þingbók að Valdimar hafi komið fyrir dóminn klukkan 16:21.⁷⁰⁶ lét dómari þess getið í bókun að rannsóknarlögreglumenn hafi tekið skambyssu í vörslur sínar sem Valdimar hafi sagst eiga heima hjá sér. Kvaðst Valdimar hafa keypt byssuna á Spáni árið 1969 og komið með hana sjálfur til landsins. Af hálfu ákærvaldsins var þess krafist að gæsluvarðhaldi yfir Valdimar yrði framlengt vegna yfirstandandi dómsrannsóknar.

⁷⁰⁰ Bls. 609.

⁷⁰¹ Dagbók nr. 4, bls. 85b.

⁷⁰² Dagbók nr. 4, bls. 86.

⁷⁰³ Bls. 605_E.

⁷⁰⁴ Bls. 611_A.

⁷⁰⁵ Bls. 611_B.

⁷⁰⁶ Bls. 611_C.

Var kröfunni mótmælt af hálfu Valdimars.⁷⁰⁷ Var Valdimar úrskurðaður í áframhaldandi 30 daga gæsluvarðhald. Kvaðst Valdimar ekki óska eftir því að kæra úrskurðinn. Vék Valdimar frá klukkan 16:30. Klukkan 16:32 var bókað í þingbók að Einar Bollason hafi komið fyrir dóminn. Kvaðst hann ekkert nýtt hafa fram að færa fyrir dóminum. Voru sömu kröfur gerðar af hálfu ákærvaldsins. Af hálfu Einars var kröfunni mótmælt og til þess vísað að nægur tími hafi gefist til að ljúka dómsrannsókn á meðan hann hafi setið í gæsluvarðhaldi.⁷⁰⁸ Var Einar úrskurðaður í 30 daga áframhaldandi gæsluvarðhald. Lýsti hann því yfir á dómþinginu að hann hygðist ekki ætla kæra úrskurðinn þar sem það kynni að tefja dómsrannsóknina. Vék Einar frá klukkan 16:42 og var dómþingi slitið.⁷⁰⁹

343. Í fangelsisdagbókina þennan dag, 9. apríl 1976, var bókað um komu Valdimars, Magnúsar og Einars í varðhaldið á milli klukkan 16:30 til 17:00. Klukkan 18:05 var bókað að Sævar hafi verið færður fram til viðtals við Jón Oddsson, réttargæslumann sinn. Klukkan 18:25 hafi hann verið færður aftur á klefa. Fimm mínútum síðar var Kristján Viðar færður fram til viðtals við Pál Arnór Pálsson, réttargæslumann sinn til klukkan 18:50. Klukkan 18:57 var bókað í dagbókina að stefnuvottar hafi komið með stefnu á hendur Sigurbirni Eiríkssyni. Bókaði færsluritari um að hafa afhenti Sigurbirni Víði stefnuna sem hafi látið Inga Ingimundarson, réttargæslumann Sigurbjörns, fá hana. Klukkan 19:03 var bókað að Sigurbjörn hafi verið færður fram til viðtals við Inga, réttargæslumann sinn. Hafi hann verið færður aftur á klefa sinn klukkan 19:25.⁷¹⁰
344. Fyrir liggur undirrituð yfirlýsing [ÁHE], dagsett 9. apríl 1976, um heimild til handa Eggerti Bjarnasyni, lögreglumanni, til aðgangs að geymsluhólfi númer 1464 við Samvinnubankann í Reykjavík.⁷¹¹
345. Laugardaginn 10. apríl 1976 var bókað í dagbók fangelsisins við Síðumúla klukkan 09:15 að Lárus Helgason, yfirlæknir á Kleppi, hafi hringt og boðað komu sína eftir klukkutíma til að ræða við Kristján Viðar í sambandi við geðrannsókn. Klukkan 10:00 var bókað að Guðsteinn læknir hafi komið til viðtals við Sigurbjörn, Magnús og Kristján Viðar til klukkan 10:55. Klukkan 10:10 hafi Jón Zoëga, réttargæslumaður Valdimars, komið með hrein föt fyrir skjólstæðing sinn. Bókað var að Hafsteinn Baldvinsson, réttargæslumaður Magnúsar, hafi komið klukkan 12:30 með sendingu til skjólstæðings síns, Trópíkana ávaxtasafa, súkkulaði og fleira. Bókað var um komu [BV], eiginkonu Magnúsar, klukkan 15:40 með sendingu af hreinum fötum fyrir hann. Þá var bókað klukkan 19:10 að eiginkona Einars hafi komið með sendingu og bréf til hans.⁷¹²
346. Fyrir liggur skýrsla um yfirheyrslu yfir [PBH], starfsstúlku á Ritsímanum. Tilgangur yfirheyrslunnar var að afla upplýsinga um Erlu Bolladóttur. Kvaðst vitnið hafa unnið

⁷⁰⁷ Bls. 611_D.

⁷⁰⁸ Bls. 611_F.

⁷⁰⁹ Bls. 611_H.

⁷¹⁰ Dagbók nr. 4, bls. 86.

⁷¹¹ Bls. 612.

⁷¹² Dagbók nr. 4, bls. 86b.

saman með Erlu á Ritsímanum og hafa líkað það vel. Sagði hún Erlu vera hressa og málglæða og með fjörugt ímyndunarafl. Þó kvaðst hún ekki vita til þess að Erla hafi sagt ósatt. Hafi Erla sagst hata móðir sína því hún væri lítilfjörlegur karakter. Fannst vitninu hún vera beisk út í móðir sína en líka hins vegar vel við föður sinn.⁷¹³ Greindi [PBH] frá því að hún hafi ekki vitað til þess að Erla hafi verið á lyfjum, en vissi að hún hafi fíktað við hass áður en hún kynntist Sævari. Kvaðst vitnið muna eftir því að skömmu eftir að Geirfinnsmálið hafi farið í gang hafi Erla komið niður í Ritsímann, en hún var þá hætt störfum þar. Hafi þær rætt hvað þetta væri allt skrytið og undarlegt og hafi Erla gefið lítið út á það. Fannst vitninu sem Erla hafi ekki viljað tala um þetta eins og allir aðrir hafi gert. Kvaðst [PBH] muna eftir að hafa spurt Erlu hvort hún héldi að lögreglan myndi finna Geirfinn. Hafi hún þá sagt eitthvað á þá leið að lögreglan myndi aldrei finna hann. Hafi Erla ekki verið öðruvísi en vanalega við það tilefni. Þá kvaðst vitnið muna eftir því að á þessu tímabili hafi Erla komið og sagt sér að hún hefði verið hrædd. Kvaðst hafa verið í mannlausu húsi í Keflavík að flýja undan einhverjum, minnti vitninu að það hafi verið Sævar. Hafi hún spurt Erlu einskis og haldið áfram að vinna. Kvaðst vitnið muna hvernig þær hafi setið þegar Erla greindi henni frá þessu. Hafi Erla sagst hafa verið með hálfan pakka af sígarettum og verið í húsinu um nóttina. Minnti vitnið að Erla hafi síðan sagst hafa farið í bæinn næsta morgun á puttanum.⁷¹⁴ [PBH] kvaðst ekki geta munað nákvæmlega hvenær Erla hafi greint sér frá þessu, hvort það hafi verið fyrir eða eftir hvarf Geirfinns. Henni hafi skilist það á Erlu að umrætt atvik væri nýskeð.⁷¹⁵

347. Sama dag, 10. apríl 1976, var tekin skýrsla af [HMW], systur Valdimars Olsen. Bókað var að henni hafi verið gerð grein fyrir réttarstöðu sinni. Kvaðst hún vilja gefa skýrslu í málinu. Var hún spurð um ferðir og gerðir Valdimars 19. og 20. nóvember 1974. Kvaðst vitnið hafa unnið töluvert með Valdimar við bókhaldsstörf fyrir samkomuhúsið Þórskaffi hér í borg í nóvembermánuði. Sagði hún Valdimar hafa séð um bókhaldið fyrir Þórskaffi og Hótel Valhöll á Þingvöllum. Væri henni það algjörlega ómögulegt að segja til um hvaða kvöld í nóvember 1974 hún hafi unnið með Valdimar. Kvaðst hún ekki hafa fengið greitt beint frá Þórskaffi heldur hafi Valdimar láti sig fá vasapeninga öðru hvoru. Hafi vinnan farið fram á skrifstofu samkomuhússins.⁷¹⁶ Kvaðst vitnið þekkja Erlu, Sævar og Kristján Viðar. Hafi þær Erla verið nokkuð nánar vinkonur fram á árið 1974, en þá hafi hún slitið sambandi við hana þar sem henni hafi fundist Erla vera orðin nokkuð mikið uppþrengjandi. Hafi þær verið í símasambandi af og til síðan um áramótin síðustu. Sagðist [HMW] ekki muna eftir því að Erla hafi lagt illt orð til fjölskyldumeðlima sinna, nema þá helst [LSB], systur sinnar. Kvaðst vitnið muna einu sinni eftir því að Erla hafi talað illa um Einar. Var það á þeim tíma sem faðir þeirra var veikur, en Einar hafði þá kennt Erlu um veikindin. [HMW] sagði Erlu hafa talað um Sævar og hafi henni virst sem vel hafi farið með þeim, nema hvað Erlu hafi fundist Sævar ekki hafa nægan tíma til að sinna henni. Kvaðst vitnið hafa þekkt Kristján Viðar síðan í barnaskóla, en þau hafi verið

⁷¹³ Bls. 613.

⁷¹⁴ Bls. 614.

⁷¹⁵ Bls. 615.

⁷¹⁶ Bls. 616.

bekkjarsystkin. Var hann á þeim tíma kallaður „hrekksúsín“ og sagðist vitnið hafa verið hrædd við hann. Sagði [HMW] að í seinni tíð hafi Kristján Viðar nokkrum sinnum komið heim til hennar ásamt Erlu og Sævari, en hún vissi ekkert um hann.⁷¹⁷ Sævar þekkti hún aðallega í gegnum Erlu. Kvaðst vitnið hafa upplifað Sævar þannig að hún vissi aldrei hvar hún hefði hann og sagði Sævar hafa viðsjárverðan persónuleika. Aðspurð um skammbysseign Valdimars kvaðst [HMW] ekki vita annað en að hann hafi notað byssuna til að skjóta á mark suður á Vatsleysuströnd. Þegar Valdimar var handtekinn vegna Geirfinnsmálsins hafi [ÁHE], góður vinur Valdimars, talað um að réttast væri að hann tæki byssuna því það gæti valdið misskilningi ef lögreglan myndi gera húsleit á heimili Valdimars.⁷¹⁸

348. Loks var [BV], eiginkona Magnúsar Leópoldssonar, tekin til yfirheyrslu hjá lögreglu þennan dag. Var [BV] gerð grein fyrir réttarstöðu sinni og kvaðst hún vilja gefa skýrslu. Aðspurð um veru Magnúsar 19. og 20. nóvember 1974 sagði [BV] að Magnús hafi farið til vinnu í veitingahúsið Klúbbinn að kvöldi 19. nóvember. Taldi hún líklegt að hann hafi farið að heiman um klukkan 21:00, en kvaðst ekki muna hvenær hann hafi komið heim. Hafi hann verið í rúminu sínu að morgni 20. nóvember 1974. Kvaðst hún þess fullviss að ekki hafi verið selt smyglað áfengi í Klúbbinum.⁷¹⁹
349. Sunnudaginn 11. apríl 1976 var bókað í dagbók fangelsisins við Síðumúla klukkan 10:20 að fangaverðirnir Hlynur Þór Magnússon og Högni Einarsson hafi farið suður í Hafnarfjarðarhraun til að taka sólarhæðina. Hafi þeir komið til baka klukkan 12:00.⁷²⁰
350. Þennan dag gaf [ÁR] sig fram við lögreglu og óskaði eftir að bera vitni. Fyrir liggur skýrsla um yfirheyrsluna þar sem fram kemur að hann hafi starfað við flutninga á tónum síldartunnnum frá Siglufirði til Keflavíkur í nóvember 1974. Kvaðst hann hafa ekið rauðri vörubifreið af gerðinni Bedford sem hafi verið með háar grindur á pallinum. Vitnið sagðist hafa tekið eftir því að rannsóknarlögreglan hafi lýst eftir ökumanni malar- eða grjótflytningabifreiðar sem hugsanlega hefði tekið stúlku upp í bifreið sína við vegamót Grindavíkurveggar og Reykjanesbrautar að morgni 20. nóvember 1974. Hafi þá rifjast upp fyrir honum að hann hafi ekið þessa leið á umræddum tíma. Hafi hann haldið akstursdagbók og þar hafi hann skráð allar ferðir frá Siglufirði, dagsetningar og hvar hann hafi losað farminn hverju sinni. Kvaðst hann hafa séð í dagbókinni að hann hafi losað farm í Keflavík að morgni 20. nóvember 1974 og því verið akandi á leið til borgarinnar um klukkan 09:30. Myndi hann eftir því að í einni af þessum ferðum hafi hann tekið stúlku upp í bifreiðina á Reykjanesbrautinni. Var hún ein á ferð og illa búin. Sagði vitnið að kalsaveður hafi verið, rigningarsuddi og vindur. Kvaðst hann ekki geta lýst klæðnaði stúlkunnar nánar, en honum hafi ekki fundist hún búin til þess að vera á ferð fótgangandi. Aðspurð hafi stúlkan sagst vera úr Njarðvíkunum og hafa gengið þaðan. Greindi hann frá því að stúlkan hafi sagt bifreið sína ekki hafa farið í gang og því hafi hún haldið af stað fótgangandi til Reykjavíkur. Hafi stúlkan sagst ætla að heimsækja skyldfólk í

⁷¹⁷ Bls. 617.

⁷¹⁸ Bls. 618.

⁷¹⁹ Bls. 619.

⁷²⁰ Dagbók nr. 4, bls. 87.

Hafnarfirði og hafi hann því látið hana út á Strandgötu í Hafnarfirði. Kvaðst [ÁR] hafa greint félagu sínum frá þessu atviki um kvöldið.⁷²¹ Í skýrslu var bókað að [ÁR] hafi séð Erlu Bolladóttur ásamt fjórum öðrum stúlkum á skrifstofu rannsóknarlögreglunnar. Hafi hann ekki þekkt stúlkuna sem hann hafi tekið upp í bifreið sína úr hópnum. Sagði hann það geta verið að hún hafi verið þeirra á meðal, þótt hann hafi ekki þekkt hana.⁷²²

351. Mánudaginn 12. apríl 1976 var bókað í dagbók fangelsisins við Síðumúla að Örn hafi hringt klukkan 09:15 að beiðni færsluritara. Hafi færsluritari borið upp erindi sitt við Arnar með beiðni um hjálp fyrir Kristján Viðar og Tryggva Rúnar frá geðlækni vegna ákveðinna þátta í skapgerð þeirra. Fram hafi komið eindregin beiðni þeirra þess efnis. Bókað var að Örn hygðist athuga málið fljótlega. Ræddu þeir einnig um efni bréfs til Magnúsar Leópoldssonar frá eiginkonu hans sem hafi legið nokkuð lengi á borði færsluritara. Ákveðið var að Magnús fengi bréfið. Klukkan 09:45 var bókað um komu [SI], eiginkonu Einars. Hafi hún óskað eftir því að Einar undirritaði víxil sem hann væri útgefandi að. Bókað var að færsluritari hafi farið með víxilinn inn á klefa til Einars ásamt öðrum fangaverði og hafi hann undirritað hann í þeirra viðurvist. Hafi [SI] jafnframt tekið til baka óhrein föt.⁷²³
352. Þennan dag var háð þinghald í sakadómi Reykjavíkur og tekið fyrir dómsrannsókn um hvarf Geirfinns. Af hálfu ákærvaldsins sótti þing Hallvarður Einvarðsson vararíkissaksóknari og Njörður Snæholm aðalvarðstjóri. Þá voru bókaðir mættir, Jón Zoëga, Jón Ólafsson og Hafsteinn Baldvinsson, réttargæslumenn. Lagði dómari fram rannsóknarskýrslu. Bókað var að [PBH] hafi komið fyrir dóminn klukkan 10:05.⁷²⁴ Þá var bókaður mættur Ingvar Björnsson, réttargæslumaður Einars. Bókað var í þingbók að framburður vitnisins væri í samræmi við skýrslu þess hjá rannsóknarlögreglunni. Greindi vitnið frá því að Erla hafi komið nokkrum sinnum á Ritsímann haustið 1974 til að ræða við sig og aðra vinnufélaga. Kvaðst hún muna eftir því að Erla hafi sagt sér eitt sinn að hún hafi dvalið næturlangt í mannlausu húsi í Keflavík og síðan farið á puttanum í bæinn daginn eftir. Skýrsla vitnisins hjá lögreglu var lesin upp og staðfesti hún þar rétt eftir sér haft. Kvaðst vitnið síðast hafa hitt Erlu í síðustu viku, líklegast 6. apríl 1976. Hafi þær rætt þetta mál lítilllega. Kvaðst vitnið hafa greint Erlu frá því að hún myndi eftir því að Erla hafi sagt sér frá dvöl sinni í mannlausu húsinu og hafi það komið Erlu á óvart. Aðspurð sagði vitnið að umræður þeirra hafi hafist á því að Erla hafi sagt henni að ökumaður hafi gefið sig fram. Aðspurð kvaðst vitninu finnast sem Erla væri með frjótt ímyndunarafl og kannski draumórakennt. Nefndi hún nokkur dæmi til útskýringa.⁷²⁵ Greindi vitnið frá því að Erla hafi einu sinni sagt fjölskyldu sína hafa snúið baki við sér og móður sína hafa hringt á lögreglu. Þá hafi Erla talað um að hún væri að fara í skóla erlendis. Aðspurð

⁷²¹ Bls. 621.

⁷²² Bls. 622.

⁷²³ Dagbók nr. 4, bls. 87.

⁷²⁴ Bls. 622_A.

⁷²⁵ Bls. 622_B.

kvaðst vitnið ekki viss um að Erla hafi sagt mannlausa húsið hafa verið í Keflavík, en sig minnti það örugglega. Vék vitnið frá klukkan 10:45 og var dómþingi slitið.⁷²⁶

353. Þriðjudaginn 13. apríl 1976 var bókað í fangelsisdagbókina klukkan 14:55 að Jón Oddsson, réttargæslumaður Sævars, hafi hringt og spurt um lögmannasamkundu þann daginn, eins og það var orðað í færslunni. Var erindi Jóns vísað til Arnar í sakadómi.⁷²⁷ Bókað var klukkan 18:20 að Sigurbjörn Eiríksson hafi verið tekinn fram til viðtals við Jón Ólafsson, réttargæslumann sinn í áheyrn Sigurbjörns Víðis. Klukkan 18:35 var bókað að Sigurbjörn hafi verið færður á klefa og Sævar tekinn fram til viðtals við Jón Oddsson í áheyrn Sigurbjörns Víðis. Klukkan 19:00 var bókað í fangelsisdagbókina að Sævar hafi verið færður á klefa sinn aftur. Hafi Magnús verið tekinn fram klukkan 19:05 til viðtals við Hafstein Baldvinsson, réttargæslumann sinn, í áheyrn Sigurbjörns Víðis til klukkan 19:45. Klukkan 19:50 var bókað að Valdimar hafi verið tekinn fram til viðtals við Jón Zoëga, réttargæslumann sinn, í áheyrn Sigurbjörns Víðis. Hafi Valdimar verið færður aftur á klefa sinn klukkan 19:55 og Einar Bollason færður fram til viðtals við réttargæslumann sinn, Ingvar Björnsson, í áheyrn Sigurbjörns Víðis. Einar Bollason hafi svo verið færður á klefa sinn klukkan 20:15.⁷²⁸ Klukkan 22:00 var bókað að Sigtryggur blaðamaður hafi hringt og rætt við Njörð Snæhólm rannsóknarlögreglumann.⁷²⁹
354. Sama dag birtist forsíðufrétt í Vísi undir fyrirsögninni: „Gæslufangarnir fjórir látnir lausir fljótlega – ef ekkert nýtt kemur fram í Geirfinnsmálinu.“ Fram kom að rannsóknarlögreglan hygðist reyna að ljúka dómsrannsókn vegna hvarfs Geirfinns í næstu viku. Þá var fullyrt að ef ekkert nýtt kæmi fram við dómsrannsóknina eða lögreglurannsóknina væru taldar miklar líkur á að mönnunum fjórum sem sætt hafi gæsluvarðhaldi vegna málsins yrði sleppt. Greint var frá því í fréttinni að rannsakendur teldu enn ekki liggja fyrir nægilega rökstudd gögn til að dæma mennina fyrir aðild að hvarfi Geirfinns. Aukin áhersla yrði lögð á rannsóknina næstu daga og því ekki loku fyrir það skotið að eitthvað nýtt kæmi fram sem yrði talin næg ástæða til að framlengja gæsluvarðhaldi yfir mönnunum. Í fréttinni var greint frá því að tvær skambyssur hafi fundist í sendingu frá Bandaríkjunum til eins gæslufangans. Fullyrt var að rannsakendur teldu byssurnar ekki tengjast málinu með nokkrum hætti. Þá sagði í fréttinni að ekkert hefði komið fram sem sannaði að vörubifreiðastjóri sem hafi gefið sig fram væri sá sem lögreglan lýsti eftir. Hafi sá stundað tunnuflutninga, en ekki grjóftflutninga eins og stúlkan hafi borið um. Fram kom að lögreglan hafi sýnt öikumanninum ljósmyndir af nokkrum stúlkum og hafi hann ekki geta fullyrt hverri hann hafi ekið til Hafnarfjarðar umræddan morgun. Í niðurlagi fréttarinnar sagði að enn hefði því engin staðfesting fengist á mikilvægustu atriðum framburðar þeirra þriggja aðila sem skýrt hafi frá afdrifum Geirfinns, en eins og fram hafi komið í fjölmiðlum væri framburður þeirra samhljóða í öllum meginatriðum. Muni því gangur

⁷²⁶ Bls. 622_C.

⁷²⁷ Dagbók nr. 4, bls. 87b.

⁷²⁸ Dagbók nr. 4, bls. 88.

⁷²⁹ Dagbók nr. 4, bls. 88b.

rannsóknarinnar á næstu dögum ráða úrslitum um hvort réttlæt看legt væri að hafa fjórmeningana áfram í gæsluvarðhaldi.⁷³⁰

355. Miðvikudaginn 14. apríl 1976 var bókað í dagbók Síðumúlafangelsisins að hringt hafi verið í séra Jón Bjarmann klukkan 09:40 að beiðni Magnúsar Leópoldssonar. Kvaðst hann reiðubúinn að koma ef samtalsleyfi fengist. Klukkan 10:45 var bókað að Örn hafi veitt leyfi fyrir 10 til 15 mínútna samtali í dag og hafi séra Jóni verið tilkynnt um það. Klukkan 11:15 var bókað um símtal frá Magnúsi Sigurðssyni lögfræðingi sem hafi spurt um heimild til að birta stefnu fyrir Sigurbirni Eiríkssyni. Færsluritari bókaði um vísun málsins til Arnar.⁷³¹ Klukkan 13:10 var bókað um komu Halldórs Sigurðssonar boðunarmanns með [PKKP] samkvæmt beiðni Sigurbjörns Víðis. Var [PKKP] færður til yfirheyrslu hjá Nirði.⁷³² Fyrir liggur skýrsla um yfirheyrsluna en þar var tilefnið bókað hvort vitnið hafi orðið var við símhringingu til Kristjáns Viðars sem hugsanlega hafi verið staddur að Laugavegi 32, þriðjudaginn 19. nóvember 1974. Kvaðst [PKKP] hafa verið mikið að Laugavegi 32 haustið 1974 ásamt fleirum. Myndi hann eftir því að Kristján Viðar hafi verið staddur hjá sér í eitt skipti ásamt [HBI] í herbergi númer níu í húsinu. Hafi það verið seinnipart dags eða fyrripart kvölds að hringt hafi verið í síma sem var niðri á ganginum í húsinu. Var Kristján Viðar kallaður í símann og hafi hann talað við einhvern sem vitnið kvaðst ekki vita hver hafi verið. Þegar Kristján Viðar hafi komið aftur inn í herbergið hafi hann sagt Sævar hafa hringt og beðið sig um að koma í sjóferð í þeim tilgangi að sækja spíra. Hafi Kristján sagt að fara ætti til Keflavíkur. Kvaðst Páll muna eftir því að hafa rætt þetta við Kristján Viðar. Hafi hann gjarnan viljað koma með til þess að fá spíra, en af einhverjum ástæðum hafi ekki orðið úr því. Minnti hann þó að hann hafi talið þetta eitthvað rugl og því hafi hann ekki farið. Kristján Viðar hafi ekki nefnt hverjir fleiri en hann og Sævar færu í ferðina. Hafi Kristján Viðar farið út úr húsinu nokkru seinna, kvaðst [PKKP] ekki vita hvert. Minnti [PKKP] að hann hafi hitt Kristján aftur daginn eftir, en þá hafi þetta ekkert borist í tal þeirra á milli og Kristján Viðar ekkert minnst á þetta síðar. Sagðist vitnið vera þess fullviss að þetta atvik hafi átt sér stað um svipað leyti og Geirfínnur hvarf frá Keflavík. Kvaðst hann þó ekki þora að fullyrða neitt um dagsetningu, en lét þess getið að hann hafi flutt frá Laugavegi 32 um mánaðamótin nóvember, desember 1974 en þetta atvik hafi átt sér stað skömmu áður.⁷³³
356. Strax í kjölfarið var [HBI] yfirheyrð hjá lögreglu. Fyrir liggur skýrsla um yfirheyrsluna dagsett sama dag, 14. apríl 1976. Tilefni yfirheyrslunnar var hvort [HBI] hafi orðið vör við símhringingu til Kristjáns Viðars í umrætt sinn. Kvaðst vitnið hafa dvalið mikið að Laugavegi 32 um haustið 1974. Mundi hún eftir að hafa verið í herbergi númer níu í húsinu ásamt Kristjáni Viðari og [PKKP]. Kvaðst hún muna að kallað hafi verið á Kristján Viðar í símann. Þegar Kristján hafi komið aftur í herbergið hafi hann greint [PKKP] frá því að einhver hafi verið að biðja sig um að koma til Keflavíkur til að ná í spíra. Ekki mundi vitnið hvort Kristján hafi nefnt hver hafi

⁷³⁰ Bls. 623.

⁷³¹ Dagbók nr. 4, bls. 88b.

⁷³² Dagbók nr. 4, bls. 89.

⁷³³ Bls. 625.

hringt. Kvaðst [HBI] muna eftir því að [PKKP] hafi talað um að sig langaði með í ferðina, en minnti vitninu að hann hafi síðan haft orð á því að þetta væri sennilega eitthvað rugl. Kvaðst hún muna að þetta hafi átt sér stað seinnipart dags eða snemma kvölds og hafi Kristján Viðar farið út úr húsinu skömmu eftir símtalið. Sagðist [HBI] þess fullviss að þetta atvik hafi átt sér stað í nóvember 1974, um það leyti sem Geirfinnur hvarf. Vildi hún ekkert fullyrða um dagsetningu, en kvaðst hafa flutt frá Laugavegi 32 um mánaðamótin nóvember, desember 1974 og hafi þetta gerst skömmu áður. Kvaðst [HBI] einnig muna að þetta sama kvöld hafi hún og [PKKP] farið út að skemmta sér um kvöldið og þá hafi Kristján Viðar verið farinn. Það hafi því ekki verið seint um kvöld sem Kristján hafi farið. Kvaðst vitnið ekki vita hvert hann hafi farið og ekki minnst þess að hafa heyrt hann tala um þessa ferð síðar.⁷³⁴

357. Sama dag var bókað í dagbók fangelsisins við Síðumúla að Örn hafi farið inn á klefa til Einars Bollasonar klukkan 17:15 og rætt við hann. Klukkan 17:20 var bókað að Sigurbjörn Víðir hafi farið inn á klefa til Kristjáns Viðars til viðtals. Klukkan 17:30 var bókað um komu [EiG], forstöðumanns Fíladelfíu, með Passíusálma til Sigurbjörns Eiríkssonar. Bókað var að sonur Sigurbjörns hafi beðið [EiG] um að færa föður sínum sálmabókina, en hann dveldi í Ameríku. Hafi Örn sagt sjálfsagt að Sigurbjörn fengi bókina eftir skoðun. Klukkan 17:50 var bókað að séra Jón Bjarman hafi farið inn til viðtals við Magnús Leópoldsson í 15 mínútur. Á sama tíma hafi Sigurbjörn Víðir komið fram frá Kristjáni Viðari. Klukkan 18:00 var bókað að Örn hafi komið fram frá Einari. Rannsóknargögn um þessi viðtöl liggja ekki fyrir. Klukkan 18:20 var bókað að Jón Ólafsson, réttargæslumaður Sigurbjörns, hafi komið með ávexti og fjórar bækur til skjólstæðings síns.⁷³⁵ Klukkan 21:15 var bókað í fangelsisdagbókina að sonur Hafsteins Baldvinssonar, réttargæslumanns Magnúsar, hafi komið með sendingu af djús, sælgæti og fötum til hans.
358. Á skírdag, 15. apríl 1976, var bókað í dagbók Síðumúlafangelsisins klukkan 13:30 að móðir Sævars hafi hringt og spurt hvort hún mætti koma með sendingu til hans. Klukkustund síðar var bókað um komu hennar í fangelsið með kex og nokkrar appelsínur og 500 krónur fyrir tóbaki. Þá hafi hún tekið óhrein föt til baka.⁷³⁶ Klukkan 18:55 var bókað að [SI], eiginkona Einars, hafi komið með hrein föt og tekið til baka óhrein.
359. Laugardaginn 17. apríl 1976 var bókað í dagbók fangelsisins við Síðumúla um komu Guðsteins læknis milli klukkan 10:40 og 11:20. Bókað var að hann hafi skoðað Sigurbjörn Eiríksson, Kristján Viðar og Magnús Leópoldsson. Klukkan 13:15 var bókað að Hafsteinn Baldvinsson hafi komið með afsal til undirritunar fyrir skjólstæðing sinn, Magnús. Bókaði færsluritari um að hafa farið inn á klefa til Magnúsar ásamt öðrum fangaverði með afsalið sem Magnús hafi undirritað. Klukkan 15:30 hafi [SI], eiginkona Einars, komið með föt, páskaegg og bréf til hans. Þá var bókað í fangelsisdagbókina klukkan 17:00 að Sigurbjörn Víðir og Eggert hafi komið

⁷³⁴ Bls. 626.

⁷³⁵ Dagbók nr. 4, bls. 89.

⁷³⁶ Dagbók nr. 4, bls. 89.

og skömmu síðar ónefndur maður til viðtals við þá.⁷³⁷ Bókað var klukkan 17:45 að huldumaðurinn, eins og það var orðað í færslunni, hafi farið. Þá var bókað um að bréf hafi borist til Magnúsar Leópoldssonar klukkan 22:00.⁷³⁸

360. Á páskadag, 18. apríl 1976, var bókað í dagbók Síðumúlafangelsisins að eiginkona Einars hafi hringt og beðið fyrir kveðju til hans.⁷³⁹
361. Annan í páskum, 19. apríl 1976, var bókað í fangelsisdagbókina að Kristján Viðar hafi verið færður fram til viðtals við Lárus Helgason, yfirlækni á Kleppi klukkan 10:45. Klukkan 12:35 var Kristján Viðar færður aftur á klefa sinn. Klukkan 15:40 var bókað um komu Hallvarðs Einvarðssonar, vararíkissaksóknara, til viðtals við færsluritara, Gunnar Guðmundsson, um ákveðna þætti þeirra mála sem væru í gangi. Þá var bókað klukkan 16:45 að [M] kærasta [DS] listamanns hafi komið með sendingu til Sævars, páskaegg, harðfisk og fleira. Klukkan 22:30 var bókað að Sigurbjörn Víðir hafi farið til viðtals inn á klefa til Kristjáns Viðars. Bókað var klukkan 23:35 að Sigurbjörn Víðir hafi farið að loknu viðtalinu. Rannsóknargögn um viðtalið liggja ekki fyrir.⁷⁴⁰
362. Þriðjudaginn 20. apríl 1976 var bókað í dagbók fangelsisins við Síðumúla klukkan 08:00 að rætt hafi verið við séra Jón Bjarman fyrir Magnús og Kristján Viðar. Klukkan 10:10 bókaði færsluritari um símtal við Örn sem fallist hafi á beiðni Magnúsar um viðtal við fangelsisprest. Þá hafi Örn spurt hvað hafi farið milli færsluritara og Lárusar, yfirlæknis á Kleppi, sem hafi rætt við Kristján Viðar í gær. Þá hafi Erni verið greint frá beiðni Kristjáns Viðars um að fá að tala við Sævar í áheyrn lögreglumanna. Hafi Örn tekið því vel en beðið færsluritara um að hringja í yfirlækninn á Kleppi og spyrja hann álits. Bókaði færsluritari um símtal sitt við lækninn sem hafi sagst vilja ræða fyrst við Kristján Viðar og gera honum grein fyrir því hvað gæti gerst við endurfundi hans og Sævars. Klukkan 14:33 var Kristján Viðar færður fram til skýrslutöku hjá Sigurbirni Víði.⁷⁴¹ Fyrir liggur skýrsla um yfirheyrsluna þar sem bókað er eftir Kristjáni Viðari að ýmsir hlutir hafi nú skýrst fyrir sér í sambandi við ferðina til Keflavíkur. Kvaðst Kristján Viðar muna eftir því að Sævar hafi hringt til sín um miðjan dag þar sem hann hafi verið staddur að Laugavegi 32 og spurt hvort hann vildi koma með í spíraflutning en peningar væru í boði. Kvaðst Kristján Viðar ekki hafa getað svarað Sævari strax og fengið umhugsunarfrest til kvöldsins. Hafi Sævar ekki verið viss hvort ferðin yrði farin um kvöldið eða næsta kvöld. Kristján Viðar sagði Sævar hafa hringt aftur um kvöldið og þá hafi hann ákveðið að fara með. Hafi Sævar sagst hafa hringt úr sjoppunni við hliðina á Laugavegi 32 og sagt honum að koma í bifreið við Vatnsstíg. Kvaðst Kristján Viðar hafa farið upp í herbergi og minnti að hann hafi náð í svarta leðurjakkann sinn. Hafi hann síðan gengið norður Vatnsstíg og litið inn í bifreiðar hægra megin á götunni. Hafi þá verið kallað á hann og hann spurður að hverju hann væri að leita. Hafi hann þá séð bifreið sem hafi staðið vinstra megin á Vatnsstíg og snúið í norður. Kvaðst Kristján Viðar telja að um Fiat

⁷³⁷ Dagbók nr. 4, bls. 90b.

⁷³⁸ Dagbók nr. 4, bls. 91.

⁷³⁹ Dagbók nr. 4, bls. 91.

⁷⁴⁰ Dagbók nr. 4, bls. 91b.

⁷⁴¹ Dagbók nr. 4, bls. 92.

fólksbifreið hafi verið að ræða og í henni verið Sævar, Erla og Einar Bollason. Hafi Einar staðið fyrir utan bifreiðina. Kristján Viðar kvaðst hafa sest inn og þá hafi Sævar sagst þurfa að tala við einhvern og hlaupið suður Vatnsstíginn, en komið mjög fljótlega aftur. Var bifreiðinni þá ekið af stað norður Vatnsstíginn og stoppað rétt við Skúlagötu samkvæmt fyrirsögn Sævars. Þar hafi Sævar sagt honum og Einari að fara út úr bifreiðinni. Gengu þeir að blárri bifreið með stóru vélarhúsi og frekar lágu húsi fyrir aftan, sem hafi þó verið nokkru hærra en stýrishúsið.⁷⁴² Kristján Viðar sagði húsið eða farangursgeymsluna ekki hafa verið áfasta stýrishúsinu og hafi honum virst sem þetta hafi verið nýleg og vel með farin sendibifreið eða fyrirtækisbifreið. Hafi bifreiðin staðið við hvítt steinhús við Vatnsstíg og þrír menn staðið fyrir framan bifreiðina. Var hurðin vinstra megin á húsinu á bifreiðinni opin og þar inni nokkrir menn. Kvaðst Kristján Viðar hafa kannast við einn þeirra sem bróðir [GúA] lyftingamanns. Hafi sá maður sagt þessa menn ekki vera mikla til vinnu og þá verið að tala um hann og Sævar. Hafi Sævar rætt við mennina tvo sem hafi verið fyrir utan bifreiðina. Annar þeirra hafi verið frekar hávaxinn með há kollvik, dökkhærður og með hárið greitt aftur og til hliðar. Hafi hann verið klæddur í svartan jakka, dökka peysu og virst stjórna mönnunum þarna á staðnum. Kvaðst Kristján Viðar ekki geta komið fyrir sig hinum manningum og gæti því ekki lýst honum. Því næst hafi verið ekið af stað og kvaðst Kristján Viðar hafa farið ásamt Sævar í fólksbifreiðinni með Erlu og Einari. Kvaðst Kristján Viðar ekkert muna eftir ferðinni fyrr en hann hafi verið staddur í Dráttarbrautinni í Keflavík og horft fram á bryggjuna og þá fundist sem hann hafi staðið nokkru hærra en bryggjan. Þá hafi komið að sami maður og Sævar hafi rætt við á Vatnsstígnum. Virtist Kristjáni Viðar sem hann stýrði ferðinni. Spurði maðurinn hvort hann og Sævar hafi verið til sjós. Kvaðst Kristján Viðar hafa svarað því játandi og sagst hafa verið á „tappatogurum“. Hafi maðurinn þá sagt honum að koma með sér fram á bryggjuna sem hafi verið mjög stutt vegalengd. Þá hafi komið maður á móti þeim, meðalhár og frekar þybbinn. Hafi samferðamaður Kristjáns Viðars þá sagst vera með einn sem gæti farið. Hafi þybbni maðurinn þá sagt að fullmannað væri á bátinn. Hafi samferðamaður Kristjáns þá sagst hafa haldið að það vantaði einn til tvo menn, en sá þybbni þá sagt að þeir væru frekar of margir. Kvaðst Kristján Viðar þá hafa séð að báturinn hafi verið að leggja frá bryggju. Það sem hann hafi séð af honum hafi verið hvítt á lit, en mikið myrkur hafi verið. Greindi Kristján Viðar frá því að sér hafi verið sagt að standa upp við bát sem hafi verið þarna í Dráttarbrautinni.⁷⁴³ Hafi hann staðið þar nokkra stund en farið fljótlega að ráfa um. Þá hafi komið til hans maður sem Kristjáni Viðar fannst hafa verið Einar Bollason. Lýsti Kristján Viðar því að Einar hafi sagt sér að vera kyrr upp við bátinn. Mundi Kristján Viðar eftir því að hafa gengið tvisvar í átt að bryggjunni og í bæði skiptin hafi Einar komið og sagt honum að vera þar sem honum hafi verið skipað að vera. Kvaðst Kristján Viðar hafa verið þarna í talsverðan tíma, í um tvær klukkustundir. Hafi Kristjáni verið sagt að ef einhver maður kæmi þá ætti hann að stöðva hann en enginn hafi komið. Kristján Viðar kvaðst hafa orðið var við að menn hafi verið á hlaupum þarna skammt frá. Hafi hann þá athugað

⁷⁴² Bls. 627.

⁷⁴³ Bls. 628.

hvað væri á seyði og hafi þá séð hvar hópur manna hafði slegið hring um einn mann sem hafi verið mjög skelfdur á svip og blóðugur í framan. Kvaðst Kristján Viðar hafa spurt hvað maðurinn hafi gert. Hafi honum þá verið sagt að skipta sér ekki af og verið leiddur burt af manni sem hann hafi talið vera [ViG], en Kristján Viðar kvaðst ekki vilja fullyrða um það. Eftir þetta hafi hann ásamt fleirum farið að bera varning af bryggjunni og að bifreið sem hafi staðið þarna skammt frá. Hafi Einar Bollason staðið við bifreiðina og tekið á móti varningnum en Valdimar Olsen verið inni í bifreiðinni og komið varningnum fyrir. Greindi Kristján Viðar frá því að þegar því hafi verið lokið hafi hann gengið upp frá bryggjunni og séð mann liggja þar í hallanum, sá sami og hringur hafði verið myndaður um skömmu áður. Hafi annar maður verið á hnjánum við hlið hans með eitthvað í höndunum sem Kristján Viðar kvaðst ekki geta gert grein fyrir. Fannst Kristjáni Viðari sem að maðurinn sem var á hnjánum hafi verið [Srauði]. Kvaðst Kristján Viðar hafa spurt hann að því hvað hann væri að gera og hafi hann þá spurt á móti hvers konar aumingi hann væri og hvort hann gæti ekki horft á það sem hann væri að gera. Hafi maðurinn sagt Kristjáni Viðari að koma sér í burtu og síðan kallað hann fífl. Næst lýsti Kristján Viðar því hvernig honum var fylgt að bifreið og sagt að setjast inn í hana sem hann hafi gert.⁷⁴⁴ Kvaðst hann muna eftir að hafa spurt þann sem hafi setið í framsætinu hvort þeim yrði nokkuð blandað í þetta mál og hafi maðurinn sagt svo ekki vera. Minnti Kristjáni Viðari að einhver rifrildi hafi verið í bifreiðinni á leiðinni til Reykjavíkur. Kvaðst hann viss um að Einar, Valdimar og Sigurbjörn hafi verið þarna í Dráttarbrautinni. Myndi hann eftir því að hafa séð Sigurbjörn ásamt öðrum manni á bryggjunni. Magnús þekkti hann ekki svo hann gæti ekki sagt til um hvort hann hafi verið þarna. Fannst honum sem [Srauði], [ViG] og bróðir [GúA] hafi verið þarna, en kvaðst ekki vilja fullyrða um það. Var skýrslutökunni lokið klukkan 17:45.⁷⁴⁵

363. Í dagbók fangelsisins við Síðumúla var bókað þennan dag klukkan 16:45 að Lárus, yfirlæknir á Kleppi, hafi boðað komu sína í fangelsið til viðtals við Kristján Viðar. Klukkan 17:00 hafi séra Jón Bjarman farið inn á klefa til Magnúsar. Klukkan 17:25 var bókað að Páll Arnór Pálsson, réttargæslumaður Kristjáns Viðars, hafi hringt og sagst ætla að koma og ræða við skjólstæðing sinn en honum tjáð að hann kæmist ekki að vegna læknisins. Bókað var að Jón Bjarman hafi farið klukkan 17:30. Klukkan 17:50 var bókað að Kristján Viðar hafi verið færður til viðtals við Lárus lækni. Um sama leyti hafi Sigurbjörn Víðir farið með Jóni Zoëga inn á klefa til Valdimars. Hafi þeir komið þaðan út um klukkan 18:00. Bókað var að milli klukkan 18:05 og 18:20 hafi Sigurbjörn Víðir og Ingi Ingimundarson, réttargæslumaður Sigurbjörns, rætt við hann inni á klefa. Fimm mínútum síðar var bókað að Sigurbjörn Víðir hafi farið með Ingvari Björnssyni inn á klefa til Einars. Hafi þeir komið af klefa Einars klukkan 18:40, en þá hafi Sigurbjörn Víðir farið með Hafsteini Baldvinssyni inn á klefa til Magnúsar í tæpa klukkustund.⁷⁴⁶ Klukkan 20:30 var bókað í fangelsisdagbókina að Lárus læknir hafi lokið viðtali sínu við Kristján Viðar. Hafi Kristján Viðar verið

⁷⁴⁴ Bls. 629.

⁷⁴⁵ Bls. 630.

⁷⁴⁶ Dagbók nr. 4, bls. 92b.

færður á klefa sinn og læknirinn rætt við Sigurbjörn Víði og Gunnar Guðmundsson, forstöðumann fangelsisins til klukkan 21:10. Bókaði færsluritari að læknirinn hafi ekki sett sig upp á móti því að Kristján Viðar og Sævar yrðu samprófaðir. Hafi hann þó talið að það væri frekar óæskilegt á þessu stigi málsins vegna hugsanlegs áhrifamáttar Sævars á Kristján Viðar, eins og það var orðað. Klukkan 22:30 var bókað að hringt hafi verið í Sigurbjörn Víði fyrir Kristján Viðar sem hafi sagt það áriðandi. Færsluritari bókaði um viðtal sitt við Kristján Viðar þar sem hann hafi innt hann nánar eftir efnisatriðum málsins og hafi þá leysts úr málinu. Sigurbjörn Víðir hafi þó komið klukkan 23:20 og rætt við Kristján Viðar til klukkan 23:50.⁷⁴⁷

364. Miðvikudaginn 21. apríl 1976 var bókað í dagbók fangelsisins við Síðumúla að sending hafi borist til Einars frá eiginkonu hans klukkan 12:55, ávextir, djús, kex og sælgæti. Klukkan 17:30 var bókað að Ingi Ingimundarson hafi komið með ávaxtasendingu til Sigurbjörns, skjólstæðings síns.⁷⁴⁸
365. Fyrir liggur skýrsla dagsett sama dag um yfirheyrslu yfir [SjT], vinkonu [GSig], eiginkonu Geirfinns. Greindi [SjT] frá því að þegar Geirfinnur hafi farið í Klúbbinn, sunnudagskvöldið 17. nóvember 1974, hafi það verið í fyrsta sinn sem hann hafi farið á veitingahús eða út að skemmta sér án þess að [GSig] færi með honum.⁷⁴⁹ Um kvöldið hafi [VSH], komið og þau þrjú setið að drykkju heima hjá [SjT]. Hafi [GSig] farið heim til sín um klukkan 01:50. [SjT] sagði [GSig] hafa greint sér síðar frá því að þá hafi Geirfinnur verið kominn heim og hún hafi hitað mat fyrir hann. Hann hafi svo sofnað í rúmi þeirra og þá hafi [GSig] farið aftur yfir til hennar og verið til klukkan 04:30. [SjT] sagðist ekki vera kunnugt um að Geirfinnur hafi haldið fram hjá eiginkonu sinni, enda hafi hann verið ákaflega heimakær og yfirleitt ekkert farið út á kvöldin. Kvaðst [SjT] hafa flutt til [GSig] fljótlega eftir hvarf Geirfinns. Sagði hún þær hafa rætt hvarf hans mikið en ekki komist að neinni líklegri skýringu. Geirfinnur hafi verið mjög fáskiptinn maður og lítið kynnst fólki. Hann hafi því hvorki eignast vini né óvini. Hafi þeim einna helst komið til hugar að hann hafi komist að einhverju í Klúbbinum 17. nóvember 1974 og verið kallaður til fundar við einhverja í því sambandi. Kvað [SjT] þessa kenningu þó ekki studda neinum rökum.⁷⁵⁰
366. Fimmtudaginn 22. apríl 1976 var bókað í dagbók fangelsisins við Síðumúla að Sævar hafi verið tekinn til yfirheyrslu klukkan 10:30. Bókað var að matarhlé hafi verið gert á yfirheyrslunni klukkan 12:00 en henni fram haldið klukkan 12:50 til klukkan 16:25. Rannsóknargögn um yfirheyrsluna liggja ekki fyrir.⁷⁵¹
367. Föstudaginn 23. apríl 1976 var bókað í fangelsisdagbókina að Sævar hafi verið færður fram til viðtals við Sigurbjörn Víði klukkan 10:10. Fimm mínútum síðar var bókað að Guðsteinn læknir hafi komið til viðtals við Kristján Viðar, Sigurbjörn, Magnús og Sævar til klukkan 10:45. Klukkan 11:05 var bókað að viðtali Sigurbjörns Víðis við Sævar hafi lokið og hann færður aftur á klefa sinn. Bókað var á sama tíma að

⁷⁴⁷ Dagbók nr. 4, bls. 93.

⁷⁴⁸ Dagbók nr. 4, bls. 93b.

⁷⁴⁹ Bls. 631.

⁷⁵⁰ Bls. 633.

⁷⁵¹ Dagbók nr. 4, bls. 94.

Sigurbjörn Víðir hafi farið inn á klefa til Kristjáns Viðars og talað við hann.⁷⁵² Rannsóknargögn um viðtölin liggja ekki fyrir. Klukkan 15:10 var bókað í dagbókina að Sævar hafi verið tekinn fram til viðtals við Sigurbjörn Víði. Á sama tíma var bókað um komu [IDJ] með blómvönd til Sigurbjörns Eiríkssonar með sérstakri vinsemd og virðingu. Bókað var að blómvöndurinn hafi farið í öskutunnuna. Klukkan 15:15 var bókað að Ingvar Björnsson hafi komið með víxil til undirritunar fyrir Einar og var það gert. Klukkan 17:20 var bókað í dagbókina að séra Jón Bjarman hafi farið inn á klefa til Magnúsar. Klukkan 18:00 var bókað að séra Jón hafi komið út af klefa Magnúsar. Á sama tíma hafi Eggert farið og Sigurbjörn Víðir tekið við yfirheyrslunni yfir Sævari. Hafi Sævar verið settur aftur á klefa sinn klukkan 18:20. Rannsóknargögn um yfirheyrsluna liggja ekki fyrir. Klukkan 18:35 var bókað að stefnuvottar hafi komið með stefnu á hendur Sigurbirni Eiríkssyni og hafi henni verið veitt viðtaka.⁷⁵³ Klukkan 20:20 var bókað um komu Hafsteins Baldvínssonar með sendingu til skjólstaðings síns.⁷⁵⁴

368. Laugardaginn 24. apríl 1976 var bókað í dagbók Síðumúlafangelsisins að Sævar hafi verið færður til viðtals við Sigurbjörn Víði klukkan 11:25. Var Sævar settur aftur á klefa klukkan 12:05. Rannsóknargögn um viðtalið liggja ekki fyrir. Klukkan 13:30 var bókað að Kristján Viðar hafi verið færður fram til viðtals við Sigurbjörn Víði.⁷⁵⁵ Klukkutíma síðar var bókað að Hallvarður Einvarðsson vararíkissaksóknari hafi komið og talað meðal annars nokkur orð við Kristján Viðar um geðlækninn. Einnig hafi hann rætt við Sigurbjörn Víði og fengið hjá honum skýrslur varðandi ákveðinn þátt málsins, sem hafi verið aðalerindi Hallvarðs. Klukkan 14:50 var bókað að Hallvarður hafi farið. Klukkan 15:15 var bókað að Kristján Viðar hafi verið færður aftur á klefa sinn. Rannsóknargögn um viðtalið liggja ekki fyrir. Klukkan 16:15 var bókað um komu Hallvarðs aftur og hafi Sævar þá verið sóttur og færður til viðtals við hann og Sigurbjörn Víði. Klukkan 17:10 var bókað að Sævar hafi verið færður á klefa sinn aftur að viðtali loknu. Bókað var í dagbókina að Sævar hafi hringt strax og óskað eftir að fá að segja nokkur orð til viðbótar við Hallvarð. Þar sem Hallvarður var ekki farinn hafi hann gefið kost á örstuttu viðtali. Að því loknu hafi Sævar verið settur samstundis í klefann. Bókað var klukkan 17:30 að Jón Zoëga hafi komið með ölkassa handa skjólstaðingi sínum, Valdimar Olsen.⁷⁵⁶ Klukkan 20:30 var bókað að Sigurbjörn Víðir hafi komið og tekið Sævar fram til viðtals í tíu mínútur. Rannsóknargögn um viðtalið liggja ekki fyrir.
369. Sunnudaginn 25. apríl 1976 var bókað í dagbók fangelsisins við Síðumúla að [SI], eiginkona Einars, hafi komið með bréf til hans klukkan 12:20. Klukkan 14:20 bókaði Gunnar Guðmundsson, forstöðumaður og færsluritari, um að hafa tekið allt út frá Sævari nema harðfisk og smávegis annað matarkyns. Hafi hann ákveðið að ekki yrði talað orð við Sævar í náinni framtíð og að honum yrði ekki afhentar bækur, spil eða annað til dægrastyttingar á meðan hann lýgur annan úr og annan í við

⁷⁵² Dagbók nr. 4, bls. 94b.

⁷⁵³ Dagbók nr. 4, bls. 95.

⁷⁵⁴ Dagbók nr. 4, bls. 95b.

⁷⁵⁵ Dagbók nr. 4, bls. 95b.

⁷⁵⁶ Dagbók nr. 4, bls. 96.

yfirheyrsluaðilana og þar á meðal vararíkissaksóknara. Í lok færslunnar sagði að viðhafa ætti sömu aðferð og notuð hafi verið á [HÓ] á sínum tíma.⁷⁵⁷ Klukkan 18:40 var bókað í dagbókina að Sævar hafi verið færður fyrir Eggert til viðtals til klukkan 19:10. Rannsóknargögn um viðtalið liggja ekki fyrir. Klukkan 19:30 bókaði færsluritari að hann hafi talað við Einar Bollason í dag að beiðni eiginkonu hans og með leyfi frá Erni. Hafi hann greint Einari frá því að eiginkona hans væri farin að efast um sakleysi hans og hafi beðið færsluritara um að koma því á framfæri við hann. Þá var bókað að Einari hafi verið greint frá því að kona hans hafi sagst munu standa með honum hvort heldur sem væri, en hann þyrfti að gera hreint fyrir sínum dyrum. Bókaði færsluritari að Einar hafi haldið fram sakleysi sínu, en ekki haft matarlyst um kvöldið.⁷⁵⁸ Klukkan 23:40 var bókað að Sigurbjörn Víðir hafi farið inn á klefa til Kristjáns Viðars að hans beiðni.⁷⁵⁹

370. Mánudaginn 26. apríl 1976 var bókað í dagbók fangelsisins við Síðumúla að Gylfi Ásmundsson, sálfræðingur á Kleppi, hafi hringt og boðað Kristján Viðar til sín klukkan 13:00. Klukkan 11:30 var bókað í dagbókina að settur hafi verið réttur yfir Sigurbirni Eiríkssyni.⁷⁶⁰ Þennan dag var háð dómþing í sakadómi Reykjavíkur og tekið fyrir dómsrannsókn vegna hvarfs Geirfinns. Af hálfu ákærvaldsins mætti Hallvarður Einvarðsson vararíkissaksóknari og Njörður Snæhólm aðalvarðstjóri. Þá var bókaður mættur Jón Ólafsson, réttargæslumaður Sigurbjörns. Klukkan 11:32 kom Sigurbjörn fyrir dóminn.⁷⁶¹ Kvaðst hann ekki hafa neitt fram að færa í málinu. Var þess krafist af hálfu ákærvaldsins að gæsluvarðhaldi yrði framlengt í þágu dómsrannsóknar málsins sem enn væri ekki lokið. Var kröfunni mótmælt af hálfu Sigurbjörns þar sem þáttur hans í málinu væri fullrannsakaður. Var Sigurbjörn úrskurðaður í áframhaldandi 45 daga gæsluvarðhald. Vék Sigurbjörn frá klukkan 11:50 og kvaðst ekki vilja kæra úrskurðinn til Hæstaréttar Íslands.⁷⁶²
371. Í dagbók fangelsisins var bókað klukkan 12:50 þennan dag að farið hafi verið með Kristján Viðar til sálfræðings á Kleppi. Þá var bókað klukkan 13:48 að Sævar hafi verið færður til yfirheyrslu hjá Sigurbirni Víði. Tveimur mínútum síðar var bókað að Hallvarður Einvarðsson og Örn hafi komið í fangelsið og farið í yfirheyrsluna yfir Sævari. Bókað var klukkan 15:50 að Sævar hafi verið færður aftur á klefa sinn. Rannsóknargögn um yfirheyrsluna liggja ekki fyrir. Klukkan 16:30 bókaði færsluritari, Gunnar Guðmundsson, í fangelsisdagbókina um samtál sitt við Örn. Hafi hann greint Erni frá því að Sævar hafi beðið um að fá að tala við Hallvarð skömmu eftir yfirheyrsluna. Bókaði færsluritari um að hafa tekið Sævar fram til sín til að fá að vita hvað hann vildi Hallvarði og hafi það verið bara þvæla, eins og það er orðað í færslunni. Kvaðst færsluritari hafa messað yfir honum á nokkurn veginn heiðarlegan hátt, eins og það er orðað. Bókaði hann um að þegar fangaverðir hafi síðan gengið fram hjá klefa Sævars hafi hann legið þar hágrenjandi. Í lok færslunnar var bókað

⁷⁵⁷ Dagbók nr. 4, bls. 96b. Sjá einnig bls. 33_AO–AP.

⁷⁵⁸ Dagbók nr. 4, bls. 97.

⁷⁵⁹ Dagbók nr. 4, bls. 97b.

⁷⁶⁰ Dagbók nr. 4, bls. 97b.

⁷⁶¹ Bls. 622_C.

⁷⁶² Bls. 652_A–C.

orðrétt: „Örn eða lögreglumennirnir ætla að koma á næstunni og reyna við helvítið einu sinni enn.“ Klukkan 17:10 var bókað um komu Arnar og Sigurbjörns Víðis sem hafi tekið Sævar samstundis fram til yfirheyrslu. Klukkan 17:30 var bókað að Sævar hafi verið færður aftur á klefa sinn.⁷⁶³ Rannsóknargögn um yfirheyrsluna liggja ekki fyrir. Klukkan 17:50 var bókað um komu Kristjáns Viðars af Kleppi og á sama tíma hafi Sigurbjörn Víðir farið inn á klefa til hans. Klukkan 18:10 var bókað að Sigurbjörn Víðir hafi farið inn á klefa til Tryggva Rúnars. Rannsóknargögn um þessi viðtöl liggja ekki fyrir. Klukkan 20:10 var bókað í fangelsisdagbókina að Sævar hafi verið tekinn fram til viðtals við Gunnar Guðmundsson. Klukkan 22:25 var bókað um komu Sigurbjörns Víðis og brottför Gunnars Guðmundssonar um tíu mínútum síðar. Klukkan 23:10 var bókað að Sævar hafi verið færður á klefa. Bókað var klukkan 23:50 að Sævar hafi verið tekinn aftur fram til viðtals við Sigurbjörn Víði. Var hann færður á klefa sinn klukkan 00:45. Rannsóknargögn um þessi viðtöl liggja ekki fyrir.

372. Bókað var í rannsóknardagbók Eggerts og Sigurbjörns Víðis þennan dag, 26. apríl 1976, að maður sem ekki hafi viljað láta nafn síns getið hafi hringt frá Vestmannaeyjum og sagst hafa það eftir [SÓE], fyrrum kærustu Tryggva Rúnars, að Geirfinnur hafi verið brenndur. Þá hafi Tryggvi Rúnar ekki farið í sjóferðina frá Keflavík og heldur ekki drepíð Geirfinn. Geirfinnur hafi verið látinn hverfa en [SÓE] hafi ekki viljað láta uppi hverjir hafi staðið þar að verki.⁷⁶⁴
373. Þriðjudaginn 27. apríl 1976 var bókað í dagbók Síðumúlafangelsisins að Kristján Viðar hafi verið fluttur á Klepp til viðtals við sálfræðing klukkan 12:45. Klukkan 13:35 var bókað um símtal frá Erni sem hafi spurt eftir Sigurbirni Víði. Bókað var að Sigurbjörn Víðir ætti að hringja í Örn eins og skot. Þá ætlaði Örn að senda Njörð Snæhólm í fangelsið til að tala við Sævar. Klukkan 14:10 var bókað að komið hafi verið með Kristján Viðar í fangelsið aftur. Um sama leyti hafi Páll Arnór Pálsson, réttargæslumaður Kristjáns, hringt og spurt um líðan skjólstaðings síns. Bókaði færsluritari um að hafa sagt líðan hans góða og að geðrannsókn væri í fullum gangi. Var þess getið að Páli Arnóri hafi líkað það vel. Klukkan 14:20 var bókað um beiðni Sævars um viðtal við réttargæslumann sinn. Reynt hafi verið að ná í Jón Oddsson og bókað að hann yrði ekki við fyrr en eftir klukkan 16:00. Klukkan 14:35 var bókað að Tryggvi Rúnar hafi verið tekinn til yfirheyrslu af Ívari Hannessyni vegna ávísanamisferlis.⁷⁶⁵ Bókað var að Tryggvi Rúnar hafi verið færður á klefa sinn klukkan 15:15. Klukkan 15:35 var bókað í fangelsisdagbókina að Sævar hafi verið tekinn til yfirheyrslu af Nirði og Sigurbirni Víði. Klukkan 17:00 var bókað að Hallvarður Einvarðsson, vararíkissaksóknari og Ívar Hannesson hafi komið úr Hafnarfjarðarhrauni, en þar hafi Hallvarður kynnt sér aðstæður. Fimmtán mínútum síðar var bókað um að Örn hafi farið inn á klefa til Magnúsar Leópoldssonar. Á sama tíma hafi Hallvarður tekið við yfirheyrslu yfir Sævari. Klukkan 17:55 var bókað að Hallvarður og Njörður hafi farið og Sigurbjörn Víðir haldið áfram með yfirheyrslu yfir Sævari. Var Sævar færður á klefa sinn klukkan 18:05 samkvæmt bókun í dagbók.

⁷⁶³ Dagbók nr. 4, bls. 98.

⁷⁶⁴ Bls. 1036. Sjá einnig handritaða punkta um símtalið á bls. 653.

⁷⁶⁵ Dagbók nr. 4, bls. 99.

Rannsóknargögn um yfirheyrsluna liggja ekki fyrir. Klukkan 18:07 var bókað að Njörður Snæhólm hafi farið með Páli Arnóri, réttargæslumanni, inn á klefa Kristjáns Viðars. Klukkan 18:10 var bókað að Sigurbjörn Eiríksson hafi verið færður fram til viðtals við réttargæslumann sinn, Inga Ingimundarson. Var Sigurbjörn færður á klefa sinn klukkan 18:30. Á sama tíma var Einar tekinn fram til viðtals við Ingvar Björnsson, réttargæslumann sinn. Klukkan 18:56 var Einar færður á klefa sinn og Valdimar tekinn fram til viðtals við réttargæslumann sinn tveimur mínútum síðar. Klukkan 19:00 var bókað í fangelsisdagbókina að Njörður og Páll Arnór hafi komið af klefa Kristjáns Viðars. Á sama tíma hafi Örn komið frá Magnúsi Leópoldssyni. Rannsóknargögn um vitjunina liggja ekki fyrir. Klukkan 19:06 var bókað að Valdimar hafi verið færður á klefa sinn. Tveimur mínútum síðar hafi Magnús verið færður fram til viðtals við lögfræðing sinn í tæpan hálf tíma.⁷⁶⁶ Klukkan 20:05 var bókað í dagbókina að Sævar hafi verið færður fram til viðtals við Jón Oddsson, réttargæslumann sinn, í áheyrn Sigurbjörns Víðis. Klukkan 21:45 var Sævar settur aftur á klefa sinn eftir viðtal við réttargæslumann sinn. Klukkan 21:55 var bókað að Sigurbjörn Víðir hafi farið inn á klefa til Kristjáns Viðars til klukkan 22:40. Rannsóknargögn um vitjunina liggja ekki fyrir. Bókað var í dagbókina að Jón Oddsson, réttargæslumaður Sævars, hafi hringt og spurt eftir Sigurbirni Víði klukkan 00:20.⁷⁶⁷

374. Miðvikudaginn 28. apríl 1976, var bókað í dagbók fangelsisins að Sigurbjörn Víðir hafi komið klukkan 11:15 og farið beint inn á klefa til Kristjáns Viðars. Var þess getið að Kristján ætti að mæta fyrir dóm í dag. Rannsóknargögn um vitjunina liggja ekki fyrir. Klukkan 12:40 var bókað að Sævar hafi verið færður til yfirheyrslu hjá Sigurbirni Víði og stóð hún yfir til klukkan 13:05. Klukkan 13:15 var bókað að Sigurbjörn Víðir hafi farið með Kristján Viðar fyrir rétt.⁷⁶⁸ Klukkan 13:30 var bókað um komu [BV], eiginkonu Magnúsar, með sendingu af fötum, kexi og fleiru.⁷⁶⁹
375. Þennan dag var sett dómþing í sakadómi Reykjavíkur og tekið fyrir dómsrannsókn vegna hvarfs Geirfinns. Af hálfu ákærvaldsins sótti þing Hallvarður Einvarðsson vararíkissaksóknari og Njörður Snæhólm aðalvarðstjóri. Þá var bókaður mættur Páll Arnór Pálsson, réttargæslumaður Kristjáns Viðars. Lagði dómari fram átta rannsóknarskýrslur lögreglu. Bókað var í þingbók að Kristján Viðar hafi komið fyrir dóminn klukkan 13:52.⁷⁷⁰ Skýrði Kristján Viðar frá því sem hann taldi sig hafa rifjað upp frá því hann hafi komið síðast fyrir dóminn. Bókað var að frásögn hans hafi verið í góðu samræmi við skýrslu hans hjá rannsóknarlögreglu dagsett 20. apríl 1976. Kvaðst Kristján Viðar muna eftir því að hafa verið í rifrildi við einhverja menn í slippnum í Keflavík. Þá kvaðst hann muna eftir að hafa veirð að rífast við Sævar. Kvaðst hann ekki muna hvers vegna en taldi ekki ólíklegt að það hafi snúist um slasaða manninn í Dráttarbrautinni. Kvaðst Kristján Viðar muna eftir því að hafa komið að Laugavegi 32 í blárri leigubifreið líkri þeirri sem [ViG] hafi stundum ekið.

⁷⁶⁶ Dagbók nr. 4, bls. 99b.

⁷⁶⁷ Dagbók nr. 4, bls. 100.

⁷⁶⁸ Dagbók nr. 4, bls. 100.

⁷⁶⁹ Dagbók nr. 4, bls. 100b.

⁷⁷⁰ Bls. 653_A.

Kvaðst Kristján halda að einungis tveir slíkir bílar hafi verið á Hreyfli á þessum tíma. Vék Kristján Viðar frá klukkan 15:08 og var dómþingi slitið.⁷⁷¹

376. Í dagbók fangelsisins við Síðumúla þennan dag, 28. apríl 1976, var bókað um komu eiginkonu Einars Bollasonar með fatasendingu klukkan 14:20. Klukkan 15:20 var bókað að Sigurbjörn Víðir hafi komið með Kristján Viðar úr sakadómi. Klukkan 21:25 var bókað að Ásgeir Friðjónsson dómari hafi komið og tekið Sævar til viðtals að beiðni Hallvarðs Einvarðssonar vararíkissaksóknara. Bókað var að Ásgeir Friðjónsson hafi farið klukkan 23:35. Rannsóknargögn um viðtal dómarans við Sævar liggja ekki fyrir.⁷⁷²
377. Fimmtudaginn 29. apríl 1976 var bókað í dagbók Síðumúlafangelsisins klukkan 09:50 að Sigurbjörn Víðir hafi flutt Valdimar Olsen í sakadóm Reykjavíkur. Fimm mínútum síðar var bókað að hringt hafi verið í Jón Bjarman fangelsisprest að beiðni Magnúsar.⁷⁷³
378. Þennan dag var háð dómþing í sakadómi Reykjavíkur og tekið fyrir dómsrannsókn vegna hvarfs Geirfinns. Af hálfu ákærvaldsins var mættur Hallvarður Einvarðsson og Njörður Snæholm. Þá var bókaður mættur Jón Zoëga, réttargæslumaður Valdimars Olsen. Kom Valdimar fyrir dóminn klukkan 10:12. Var Valdimar spurður út í kynni sín af [EGÓ], leigubifreiðastjóra. Kvaðst hann þekkja hann allnokkuð en ekki náíð.⁷⁷⁴ Aðspurður kvaðst hann ekki vita til þess að [EGÓ] hafi selt ávana- og fíkniefni. Aðspurður kvaðst Valdimar hafa vitað til þess að í eitt skipti hafi fíkniefni verið höfð um hönd á heimili sínu að Framnesvegi 61. Hafi það verið gestir systur sinnar sem hafi eitt sinn neytt slíkra efna. Kvaðst Valdimar hafa vísað þeim á dyr. Vék Valdimar frá klukkan 11:03 og var dómþingi slitið.⁷⁷⁵
379. Í fangelsisdagbókina þennan dag var bókað að Sigurbjörn Víðir hafi komið með Valdimar klukkan 11:10. Klukkan 11:35 var Sævar tekinn fram til viðtals við Sigurbjörn Víði. Var Sævar settur aftur á klefa sinn klukkan 12:10. Rannsóknargögn um viðtalið liggja ekki fyrir. Klukkan 15:00 var bókað að séra Jón Bjarman hafi farið inn á klefa til Magnúsar Leópoldssonar og rætt við hann til klukkan 16:15. Klukkan 17:05 var bókað að Sigurbjörn Víðir hafi farið inn á klefa til Tryggva Rúnars. Klukkan 17:55 var bókað að Kristján Viðar hafi verið færður fram til viðtals við Lárus Helgason, yfirlækni á Kleppi. Var Kristján Viðar færður á klefa sinn klukkan 19:50.⁷⁷⁶ Klukkan 20:10 var bókað að Lárus Helgason hafi farið eftir viðtal við Sigurbjörn Víði. Stuttu síðar hafi Sigurbjörn Víðir farið inn á klefa til Kristjáns Viðars til viðtals í dálitla stund. Klukkan 22:05 var bókað um símtal frá Hallvarði Einvarðssyni vararíkissaksóknara sem hafi spurt fréttu, sérstaklega af gæsluföngum á klefa númer

⁷⁷¹ Bls. 653_B.

⁷⁷² Dagbók nr. 4, bls. 100b.

⁷⁷³ Dagbók nr. 4, bls. 100b.

⁷⁷⁴ Bls. 653_C.

⁷⁷⁵ Bls. 653_D.

⁷⁷⁶ Dagbók nr. 4, bls. 101.

- tvö og 15. Færsluritari bókaði um að hafa sagt honum það sem hann vissi og þá helst frá lækni fangans á klefa númer tvö. Hafi Hallvarður verið ánægður að heyra það.⁷⁷⁷
380. Föstudaginn 30. apríl 1976 var bókað í dagbók fangelsisins að Sigurbjörn Víðir hafi flutt Tryggva Rúnar fyrir sakadóm Reykjavíkur klukkan 10:00.⁷⁷⁸ Þennan dag var dómþing sett og tekin fyrir rannsókn vegna hvarfs Guðmundar Einarssonar.⁷⁷⁹ Bókað var að Hallvarður Einvarðsson vararíkissaksóknari hafi sótt þing af hálfu ákærvaldsins ásamt Nirði Snæhólm aðalvarðstjóra. Þá voru bókaðir mættir Hilmar Ingimundarson og Örn Clausen, réttargæslumenn Tryggva Rúnars og Alberts. Klukkan 10:17 kom Tryggvi Rúnar og bókað að hann hafi skýrt frá á sama hátt og í skýrslu hans hjá rannsóknarlögreglu 9. janúar 1976. Kvaðst hann ekki muna í hvaða húsi þessi atburður hafi átt sér stað og ekki heldur hvernig hafi staðið á ferðum hans þangað. Tryggvi Rúnar sagðist muna að Kristján Viðar hafi verið að deila við mann og hafi þær deilur endað með átökum. Kvaðst Tryggvi Rúnar hafa slegið manninn niður og séð að Sævar hafi sparkað í höfuðið á honum. Hafi maðurinn ekki hreyft sig eftir þetta og hafi þeir félagar farið með hann fram í geymsluherbergi og rætt svo sín á milli hvað þeir skyldu gera. Kvaðst Tryggvi Rúnar ekki muna eftir því að hafa flutt manninn í bifreið Alberts Klahn. Tók Tryggvi Rúnar fram að hann hafi ætlað sér að ganga á milli þegar Kristján Viðar hafi verið í átökum við manninn og kvaðst halda að Sævar hafi beðið sig um það.⁷⁸⁰ Klukkan 10:49 var bókað að Albert hafi komið fyrir dóminn til samprófunar. Bókað var að gætt hafi verið ákvæða en þess getið að frekara samræmi milli Alberts og Tryggva Rúnars hafi ekki náðst. Viku þeir frá og var dómþingi slitið.⁷⁸¹
381. Í dagbók fangelsisins var bókað þennan sama dag að Páll Arnór Pálsson, réttargæslumaður Kristjáns Viðars, hafi rætt við skjólstæðing sinn ásamt Sigurbirni Víði milli klukkan 12:10 og 13:00. Klukkan 14:00 var bókað um komu Hallvarðs Einvarðssonar, Arnar Clausen, lögmanns, og Alberts Klahn Skaftasonar. Tíu mínútum síðar var bókað að Sævar hafi verið tekinn fram til viðtals við Sigurbjörn Víði, Hallvarð og Örn Clausen, réttargæslumann Alberts⁷⁸² Rannsóknargögn um viðtalið liggja ekki fyrir. Klukkan 14:40 var bókað að Albert Klahn hafi verið færður fyrir Sævar og framangreinda menn. Klukkan 15:40 var samprófun bókuð lokið og Sævar færður inn á klefa.⁷⁸³ Fyrir liggur skýrsla um samprófunina þar sem bókað var að Albert Klahn héldi fast við sinn fyrri framburð. Ræddi hann við Sævar og rakti fyrir hann ferðina frá því að Sævar hafi hringt í hann 27. janúar 1974. Hafi Sævar sagt framburð Alberts ósannan og spurt hann að því hvenær hann hafi fyrst komið heim til hans að Hamarsbraut 11. Hafi Albert sagt það hafa verið á aðfangadag jóla 1973 þegar hann hafi ekið Sævari frá Grýtubakka að Hamarsbraut. Kvað Sævar það rétt. Albert rakti svo ferð sem hann kvaðst hafa farið í ásamt Sævari, Tryggva Rúnari og Kristjáni

⁷⁷⁷ Dagbók nr. 4, bls. 101b.

⁷⁷⁸ Dagbók nr. 4, bls. 101b.

⁷⁷⁹ Bls. 270.

⁷⁸⁰ Bls. 271.

⁷⁸¹ Bls. 272.

⁷⁸² Dagbók nr. 4, bls. 101b.

⁷⁸³ Dagbók nr. 4, bls. 102.

Viðari um haustið 1974. Sagði hann að Sævar hafi komið til sín og beðið sig um að aka sér sem hann hafi gert. Sævar sagði framburð Alberts ósannindi og tóman uppspuna. Bókað var í skýrsluna að Sævar hafi neitað því harðlega að þetta hafi átt sér stað.⁷⁸⁴ Að kvöldi þessa dags var bókað í fangelsisdagbókina að faðir Magnúsar hafi komið með epli til hans klukkan 17:30 og beðið að heilsa.

382. Fyrir liggur skýrsla um yfirheyrslu yfir [BjB], hljómlistamanni. Kvaðst hann muna vel eftir því að hafa leikið með hljómsveit sinni, Kaktus, í Klúbbnum 19. nóvember 1974 á einkadansleik fyrir félag hjúkrunarnema. Kvað hann hljómsveitarmenn hafa tekið sér hvíld milli klukkan 23:15 til 23:45. Minnti hann fastlega að í pásunni hafi Magnús Leópoldsson gert upp við hljómsveitina. Hafi hljómsveitin verið á leið til Bandaríkjana 21. nóvember og því farið fram á að fá greitt strax um kvöldið. Lagði vitnið fram kvittun sem gæti hafa verið frá þeirri stundu.⁷⁸⁵
383. Þennan dag birtist frétt á forsíðu Morgunblaðsins um að kafarar hafi leitað í höfninni í Grindavík í tengslum við rannsóknina á hvarfi Geirfinns. Fram kom að rannsóknarlögreglan hafi ekki viljað upplýsa um tilefni leitarinnar.⁷⁸⁶
384. Laugardaginn 1. maí 1976 var bókað í dagbók fangelsisins við Síðumúla að Sigurbjörn Víðir, Lárus Helgason, yfirlæknir á Kleppi, og Guðsteinn fangelsislæknir hafi rætt saman milli klukkan 09:30 til 10:45. Á sama tíma var bókað að Lárus hafi tekið Kristján Viðar til viðtals ásamt Sigurbirni Víði.⁷⁸⁷ Bókað var í dagbókina að Lárus hafi farið klukkan 12:40. Klukkan 21:05 var Kristján Viðar færður fram til viðtals við Sigurbjörn Víði. Tíu mínútum seinna var bókað að Hallvarður Einvarðsson vararíkissaksóknari hafi farið í hornherbergið til Sigurbjörns Víðis og Kristjáns Viðars. Klukkan 23:05 var bókað að Hallvarður hafi farið en hann hafi verið að mestu einn með Kristjáni Viðari síðan hann hafi komið. Hafi Sigurbjörn Víðir tekið við viðtalinu aftur. Klukkan 00:20 var bókað að Sigurbjörn Víðir hafi skroppið frá og Kristján Viðar þá færður á klefa sinn aftur. Bókað var að hann hafi jafnframt verið látinn þvo sér. Rannsóknargögn um viðtalið liggja ekki fyrir. Bókað var klukkan 01:10 að Sigurbjörn Víðir hafi komið aftur og tekið Kristján Viðar aftur fram til viðtals í 20 mínútur. Rannsóknargögn um viðtalið liggja ekki fyrir.⁷⁸⁸
385. Sunnudaginn 2. maí 1976 var bókað í dagbók Síðumúlafangelsisins að Sævar hafi verið tekinn til yfirheyrslu klukkan 12:05. Bókað var að henni hafi lokið samtímis. Klukkan 17:20 var bókað í dagbókina að Kristján Viðar hafi verið tekinn fram til yfirheyrslu. Klukkan 18:15 var bókað um komu Hallvarðs Einvarðssonar. Fimmtán mínútum síðar var bókað að Örn hafi lesið yfir bréfið til Einars og það hafi verið í lagi. Klukkan 19:00 var bókað að Kristján Viðar hafi verið færður á klefa sinn og Hallvarður hafi farið. Rannsóknargögn um yfirheyrsluna liggja ekki fyrir. Klukkan 20:30 var bókað að Kristján Viðar hafi verið tekinn fram til viðtals við Hallvarð og Eggert. Klukkan 22:20 var bókað að Kristján Viðar hafi verið færður á klefa sinn með

⁷⁸⁴ Bls. 654.

⁷⁸⁵ Bls. 655.

⁷⁸⁶ Bls. 656.

⁷⁸⁷ Dagbók nr. 4, bls. 102.

⁷⁸⁸ Dagbók nr. 4, bls. 102b.

þeim fyrirmælum um að klæða sig og vera tilbúinn til ferðar út úr húsinu. Klukkan 22:45 var bókað að Sigurbjörn Víðir og Eggert hafi farið í ökuferð með Kristján Viðar. Klukkan 00:20 var bókað að þeir hafi komið til baka með Kristján Viðar en ekkert stoppað og flýtt sér á brott. Rannsóknargögn liggja ekki fyrir, hvorki um viðtalið né ökuferðina.⁷⁸⁹

386. Fyrir liggur skýrsla Njarðar Snæhólm, dagsett þennan dag, um leit að líkamsleifum Guðmundar Einarssonar. Fram kom að Njörður hafi farið ásamt 18 nemendum úr lögregluskólanum suður í hraun við Sædýrasafnið. Leitað hafi verið á svæðinu frá Sædýrasafninu að Reykjanesbraut og girðingu sem leggur yfir gamla veginn að gömlu ruslahaugum Hafnarfjarðar. Leitað hafi verið í einni röð, þrisvar sinnum svæðið endilangt og þrisvar sinnum þversum. Farið hafi verið í allar holur og gjótur, laust grjót og dauður mosi færður til. Fram kom að ekkert hafi fundist nema kindabein og rusl. Bókað var að leitinni hafi hætt klukkan 15:00 og þá hafi verið farið suður að Óttastaðagryfjum og leitað þar eina umferð, án árangurs. Þar hinum megin vegar hafi Gísli Guðmundsson og Borgþór Þórhallsson lögreglumenn verið að leit ásamt 30 skátum.⁷⁹⁰
387. Mánudaginn 3. maí 1976 var bókað í dagbók fangelsisins við Síðumúla að Kristján Viðar hafi verið sóttur klukkan 11:55 af Eggerti og Pálma og farið með hann í ökutúr. Klukkan 12:50 var bókað að komið hafi verið aftur með Kristján Viðar. Rannsóknargögn um ökutúrin liggja ekki fyrir. Klukkan 16:04 var bókað að Kristján Viðar hafi verið færður til yfirheyrslu hjá Sigurbirni Víði. Klukkan 18:50 var bókað að Kristján Viðar hafi verið færður á klefa sinn eftir að Sigurbjörn Víðir og Eggert hafi skipst á að yfirheyra hann. Rannsóknargögn um yfirheyrsluna liggja ekki fyrir.⁷⁹¹ Klukkan 20:30 var bókað í fangelsisdagbókina að Erla Bolladóttir hafi komið með Sigurbirni Víði. Klukkan 20:50 var bókað um komu Hallvarðs í fangelsið. Klukkan 23:40 var bókað að yfirheyrslum yfir Erlu væri lokið og að Hallvarður hafi að mestu séð um þær. Bókað var að skömmu síðar hafi Sigurbjörn Víðir og Eggert farið með Erlu heim til sín áður en hún yrði lokuð inn á klefa. Klukkan 23:55 var bókað að Kristján Viðar hafi verið tekinn til yfirheyrslu í stutta stund. Klukkan 00:18 var bókað í fangelsisdagbókina að komið hafi verið með Erlu Bolladóttur sem hafi verið í miklu uppnámi. Ákveðið hafi verið að setja hana inn á klefa númer fjögur. Vegna ástands Erlu hafi verið gerðar ýmsar ráðstafanir og lét færsluritari þess getið að talið hafi verið æskilegt að leitað yrði betur. Hafi Örn óskað eftir því að hringt yrði í Gunnar Guðmundsson, forstöðumann, eftir fyrirmælum um hvernig Erla skyldi búin undir þessa nótt í fangelsinu. Klukkan 00:40 var bókað að séra Jón Bjarman fangelsisprestur hafi komið að beiðni Erlu og með samþykki Arnar. Á sama tíma hafi verið hringt í Gunnar forstöðumann og haft samráð við hann um varúðarráðstafanir vegna Erlu. Hafi Gunnar sagst ætla að senda konu til að leita vel á Erlu. Gaf hann fyrirmæli um að klefi númer fjögur yrði athugaður mjög vel. Klukkan 01:12 var bókað að Benna hafi komið til að leita á Erlu. Klukkan 01:05 var bókað að Hallvarður hafi hringt og spurt hvort

⁷⁸⁹ Dagbók nr. 4, bls. 103.

⁷⁹⁰ Bls. 657.

⁷⁹¹ Dagbók nr. 4, bls. 103b.

Jón Bjarman væri kominn til Erlu. Færsluritari bókar að svo sé og að Hallvarður hafi ítrekað að Erlu yrði gætt mjög vel. Klukkan 01:45 hafi Erla farið inn á klefa eftir leit. Hafi séra Jón haldið samtalinu áfram inni á klefa Erlu. Klukkan 02:55 var bókað að séra Jón hafi farið og Erla væri allt önnur að sjá eftir samtalið við fangelsisprestinn. Bókað var að hún hafi tekið 15 milligrömm af Chloral og sofnað.⁷⁹² Bókað var í fangelsisdagbókina að séra Jón Bjarman hafi sagt Erlu Bolladóttur mega kalla eftir sér jafnt á nóttu sem degi ef hún ætti mjög erfitt. Þá var jafnframt bókað að Örn hafi sagt Sævari frá því að Erla sé í fangelsinu. Ef Sævar spyrji megi segja honum að Erla sé í fangelsi, en ekkert meir. Klukkan 07:45 var bókað að séra Jón Bjarman hafi hringt og athugað með líðan Erlu.⁷⁹³

388. Þriðjudaginn 4. maí 1976 var bókað í dagbók fangelsisins við Síðumúla að Hallvarður hafi hringt og spurt um líðan Erlu. Bókaði færsluritari um að hafa sagt líðan hennar góða og að hún hafi sofnað eftir að fangelsispresturinn hafi farið frá henni. Þá hafi hann gefið fyrirmæli um að Erla fengi lyf til þess að sofa af. Klukkan 10:10 var bókað um samtal færsluritara og Arnar Höskuldssonar. Hafi Örn sagt Erlu mega fá viðtal við fangelsisprestinn þegar hún vildi og sömuleiðis aðrir fangar, en þó í hófi. Bókað var að Örn hafi sagst ekki ætla að fá á sig vítur frá Hæstarétti fyrir að hafa neitað föngum um prest og aðrir dómarmar hafi fengið.⁷⁹⁴ Hafi Örn tekið sérstaklega fram að hann ætti eingöngu við séra Jón Bjarman. Klukkan 12:38 hafi Erla Bolladóttir verið tekin til yfirheyrslu af Hallvarði, Eggerti og Sigurbirni Víði.
389. Skýrsla um yfirheyrsluna liggur fyrir meðal rannsóknargagna, en Erla var yfirheyrð með réttarstöðu sakbornings. Tílefni yfirheyrslunnar var hvort Erla ætti hugsanlega að einhverju leyti meiri aðild að málinu en þegar hafi komið fram. Kvaðst Erla vilja skýra að nýju frá aðild sinni að Geirfinnsmálinu. Lýsti Erla því hvar hún hafi hitt Sævar fyrir utan Klúbbinn umrætt kvöld. Hafi ágreiningur verið á milli þeirra vegna þess að áform þeirra hafi ekki verið þau sömu. Kvaðst Erla hafa viljað gera eitthvað sérstakt um kvöldið, en Sævar hafi viljað hafa það öðruvísi. Greindi hún frá því að þau hafi sest í aftursæti bifreiðar sem hafi verið ekið að Vatnsstíg þar sem Kristján Viðar hafi komið inn í bifreiðina. Kvaðst Erla hafa verið klædd í síðbuxur, svarta þykka peysu og bláa, víða kápu með belti.⁷⁹⁵ Lýsti Erla því hvernig bifreiðinni hafi verið ekið mjög vestarlega á Hringbraut. Fannst henni mjög sennilegt að þau hafi farið heim til systkinanna Valdimars Olsen og [HMW]. Á Hringbrautinni hafi Erlu orðið það ljóst að Magnús Leópoldsson hafi verið undir stýri. Þá hafi göturnar glampað líkt og af bleytu eða háلكu, en myrkur hafi verið úti og kalt. Erla lýsti samtali milli Magnúsar og Sævars um mann sem hafi verið til vandræða og með stæla og talað um að þeir ættu ekki annan kost en að gera það sem hafi verið ákveðið. Skildist Erlu eins og það væru aðallega hagsmunir Magnúsar sem hafi verið í húfi varðandi þennan mann. Hafi Magnús haft það á orði að ekki væri neinu tauti við þennan mann komandi en hann og Einar hafi báðir verið búnir að reyna það án árangurs. Kvaðst Erla þá ekki hafa áttað

⁷⁹² Dagbók nr. 4, bls. 104.

⁷⁹³ Dagbók nr. 4, bls. 104b.

⁷⁹⁴ Dagbók nr. 4, bls. 104b.

⁷⁹⁵ Bls. 659.

sig á því hvaða Einar hafi verið rætt um. Þegar komið hafi verið til Keflavíkur hafi verið ekið niður í móti að sjónum. Dimmt hafi verið og lýsing léleg. Hafi Magnús og Kristján Viðar farið út úr bifreiðinni og Magnús sagt Sævari að gæta hennar. Hafi Sævar farið út úr bifreiðinni stuttu síðar. Kvaðst Erla hafa horft út um framrúðu bifreiðarinnar og séð þar Magnús og Sævar tala við einhvern mann sem hún hafi ekki þekkt.⁷⁹⁶ Kvaðst Erla hafa farið út úr bifreiðinni en ekki lokað dyrunum á eftir sér. Hafi Kristján Viðar staðið rétt hjá sér og hafi hún séð Einar bróður sinn rétt hjá. Fannst henni sem maðurinn sem Magnús og Sævar hafi rætt við hafa verið „sveitalegur“ í útliti og ekki eiga heima í þessum félagsskap. Hafi þeir verið með eitthvað handpat og bent niður að sjó. Á þeim tímapunkti hafi Erlu fundist sem hún hafi verið þarna um stund og síðan hafi hún verið komin hinum megin við bifreiðina. Skammt frá hafi tveir menn staðið, annar nokkuð stór og þrekinn með vindil í munnum. Hinn með fremur ljóst, hrokkið hár. Næsta sem hún man var að Sævar hafi rétt sér eitthvað þungt áhald sem hún hafi átt að nota á mann þann sem hann og Magnús hafi verið að tala við. Kvaðst Erla ekki muna hvernig áhaldið leit út, en Sævar hafi útskýrt fyrir sér hvernig hún hafi átt að halda á því. Eins hafi hann sýnt henni hvernig miða ætti áhaldinu á manninn. Kvaðst Erla telja að áhaldið hafi verið ríffill. Á þessum tímapunkti hafi maðurinn verið í slæmu ástandi líkt og þjarmað hafi verið að honum. Kvaðst Erla ekki muna hvernig það hafi átt sér stað. Maðurinn hafi ekki staðið uppréttur og virst máttlaus. Hafi Sævar sett ríffilinn í hendur hennar og hún miðað á manninn eins og Sævar hafi lagt fyrir. Þá hafi hún hleypt af. Lýsti Erla því hvernig ríffilinn hafi tekið kipp í höndum sér og hún riðað en Sævar varið hana falli. Kvaðst Erla hafa lokað augunum um leið og hún hleypti af. Erla kvaðst hafa verið svo nálægt manninum að hún hafi greinilega séð svip hans. Hafi hann gert sér grein fyrir því sem hafi verið að gerast og skelfing verið í svip hans og augnaráði. Kvaðst Erla ekki muna hvort maðurinn hafi fallið við, en Sævar hafi tekið strax af sér ríffilinn. Þá hafi Erlu tekist að læðast í burtu og leynast í mannlausu húsi ekki langt frá.⁷⁹⁷ Sagði Erla að athygli viðstaddra hafi beinst að manninum eftir að hún hafi hleypt af rífflinum og því hafi henni gefist færi á að læðast í burtu. Því næst lýsti Erla því að hún hafi dvalist í mannlausu húsinu um nóttina og fengið far með tveimur bifreiðum. Annars vegar frá Keflavík að Grindavíkurfleggjara, en þar hafi hún farið upp í vörubifreið sem hafi ekið henni til Hafnarfjarðar. Kvaðst hún muna að í vörubifreiðinni hafi verið fremur óþrifalegt og reykjarpípa í öskubakkanum. Kvaðst hún hafa tekið almenningsvagn úr Hafnarfirði til Reykjavíkur og þaðan heim til sín á Hjallaveg. Seinna um daginn hafi Sævar komið þangað og verið reiður yfir því hvar hún hafi verið alla nóttina. Kvaðst Erla ekki hafa fundið kápuna sína aftur eftir þessa ferð til Keflavíkur. Kvaðst hún hallast að því að Sævar hafi látið sig fara úr kápunni áður en hún hafi mundað ríffilinn. Kvaðst hún því hafa farið yfirhafnarlaus til borgarinnar. Greindi Erla frá því að hún og Sævar hafi farið til Kaupmannahafnar eftir atburðinn, en hún þó nokkru fyrr. Í millitíðinni hafi Sævar ekki minnst á Geirfinnsmálið og ekki viljað um það tala. Þegar þau hafi verið komin til Kaupmannahafnar hafi hann farið að fylgjast nánar með því.

⁷⁹⁶ Bls. 660.

⁷⁹⁷ Bls. 661.

Leið Erlu líkt og hún ætti að skammast sín fyrir eitthvað varðandi Geirfinnsmálið, en ekki getað gert sér grein fyrir af hverju. Bókað var að Erla hafi skoðað ljósmyndir og þeirra á meðal væri mynd af Geirfinni Einarssyni. Kvaðst Erla viss um að myndin væri af manni þeim sem hún hafi skotið úr rifflinum á. Kvaðst hún ekki vita hvað hafi orðið um hann eftir að hún skaut á hann.⁷⁹⁸ Greindi Erla frá því að hafa heyrt á tal Sævars í síma móður sinnar. Hafi hann sagt að flytja þyrfti líkið því mikið væri farið að leita að því. Hafi Sævar hlegið mikið í Kaupmannahöfn þegar fréttir hafi borist af því að hollenskur sjáandi hafi lýst því hvar Geirfinn væri að finna.⁷⁹⁹ Var yfirheyrslu lokið klukkan 14:20.

390. Bókað var í fangelsisdagbókina klukkan 13:00 að Njörður hafi hringt á vegum Arnar og tjáð færsluritari um að Benna mætti tala við Erlu ef hún vildi ræða við hana og þá í einrúmi inni á klefa ef hún vildi léttu af sér farginu hvort heldur sem væri um einkamál eða annað. Klukkan 15:15 var bókað að Erla hafi verið færð aftur á klefa sinn. Klukkan 16:45 var bókað að Erla hafi verið tekin fyrir af Erni og Hallvarði til gæsluvarðhaldsúrskurðar.⁸⁰⁰ Þennan dag var dómþing sett í sakadómi Reykjavíkur og tekið fyrir dómsrannsókn vegna hvarfs Geirfinns. Lagði dómari fram rannsóknarskýrslu. Bókað var að klukkan 16:47 hafi Erla Bolladóttir komið fyrir dóminn.⁸⁰¹ Hún hafi greint sjálfstætt frá málsatvikum og framburður hennar verið í samræmi við skýrslu hennar hjá rannsóknarlögreglunni. Var skýrslan lesin upp á dómþinginu og sagði Erla þar rétt eftir sér haft og staðfesti undirritun sína. Var þá kveðinn upp úrskurður þar sem sagði að ljóst þætti að Sævar, Kristján Viðar og Erla hafi ekki sagt allan sannleikann um för sína til Keflavíkur, en framburðir þeirra hafi verið nokkuð á reiki.⁸⁰² Hafi Erla nú játað að hafa miðað byssu á Geirfinn og hleypt af. Væri um alvarlega játningu að ræða og því nauðsynlegt að úrskurða hana í gæsluvarðhald í allt að 60 daga á meðan rannsókn stendur. Þá skyldi hún ganga undir geðrannsókn. Bókað var í þingbók að hún óskaði eftir því að Guðmundur Ingvi Sigurðsson, hæstaréttarlögmaður, yrði skipaður réttargæslumaður sinn. Vék hún frá klukkan 17:05. Klukkan 17:15 var Guðmundur Ingvi bókaður mættur fyrir dóminn. Óskaði hann eftir að bókað yrði að skjólstæðingur hans hafi ákveðið að kæra ekki úrskurðinn til Hæstaréttar.⁸⁰³ Var Erla færð á klefa sinn klukkan 17:30.⁸⁰⁴
391. Bókað var í dagbók fangelsisins sama dag klukkan 18:10 að Eggert hafi farið með Jón Zoëga, réttargæslumann Valdímars, inn á klefa til hans, en Sigurbjörn Víðir hafi farið með Jón Ólafsson og Inga Ingimundarson inn á klefa til Sigurbjörns, skjólstæðings þeirra. Bókað var klukkan 18:25 að Eggert hafi farið með Jón fram og inn á klefa til Einars Bollasonar með Ingvari Björnssyni, réttargæslumanni hans. Klukkan 18:35 var bókað að Jón og Ingi, réttargæslumenn Sigurbjörns, hafi komið fram ásamt Ingvari, réttargæslumanni Einars. Á sama tíma hafi Hafsteinn Baldvinsson farið inn á klefa til

⁷⁹⁸ Bls. 662.

⁷⁹⁹ Bls. 663.

⁸⁰⁰ Dagbók nr. 4, bls. 105.

⁸⁰¹ Bls. 653_D.

⁸⁰² Bls. 663_B.

⁸⁰³ Bls. 663_C.

⁸⁰⁴ Dagbók nr. 4, bls. 105.

Magnúasar skjólstæðings síns ásamt Sigurbirni Víði. Klukkan 18:40 var bókað að Páll Arnór Pálsson, réttargæslumaður Kristjáns Viðars hafi hringt og spurt um líðan hans. Klukkan 19:10 var bókað að Hafsteinn Baldvinsson og Sigurbjörn Víðir hafi komið fram af klefa Magnúasar. Bókað var um komu Ásgeirs Karlssonar lækni til Erlu milli klukkan 21:30 og 23:25. Kvaðst hann ætla að athuga með lyfjagjöf handa henni. Færsluritari bókar að haft yrði samband við lækni fangelsisins fyrir hana. Þá var bókað að hún hafi sofið alla nóttina.⁸⁰⁵

392. Þennan dag var birt frétt í Tímanum þar sem fjallað var um árangurslausa leit lögreglu að líki Guðmundar Einarssonar. Um 50 manns hafi tekið þátt í leitinni, nemar úr Lögregluskólanum og menn úr hjálparsveit skáta. Haft var eftir Erni Höskuldssyni að búast mætti við frekari leit að líki Guðmundar, en leitað hafi verið á þremur stöðum. Leit á tveimur svæðum hafi verið tilkomin vegna ábendinga fá bílstjóra sem hafi verið fenginn til þess að flytja líkið út í hraunið. Einnig hafi verið stuðst við framburð þriggja banamanna Guðmundar „eftir föngum“.⁸⁰⁶
393. Miðvikudaginn 5. maí 1976 var bókað í dagbók fangelsisins við Síðumúla að Sigurbjörn Víðir hafi farið með Einar Bollason í sakadóm Reykjavíkur klukkan 10:00. Fimmtán mínútum síðar kom Sigurbjörn Víðir aftur með Einar þar sem dómþingið yrði háð í fangelsinu. Klukkan 10:35 var Einar færður í skýrslutöku hjá Hallvarði og Sigurbirni Víði að viðstöddum réttargæslumanni sínum. Fyrir liggur skýrsla um yfirheyrsluna en þar kemur fram að Einari hafi verið gerð grein fyrir framburði Erlu um að hún hafi myrt Geirfinn og að Einar hafi verið þar mjög nálægt þegar atvikið hafi átt sér stað. Kvaðst Einar vera saklaus í þessu máli líkt og hann hafi haldið fram allt frá fyrstu yfirheyrslu.⁸⁰⁷ Klukkan 13:20 var bókað í fangelsisdagbókina að Sigurbjörn Víðir hafi farið með Einar fyrir sakadóm Reykjavíkur. Þennan dag var háð þinghald og tekið fyrir dómsrannsókn um hvarf Geirfinns. Af hálfu ákærvaldsins sótti þing Hallvarður Einvarðsson, vararíkissaksóknari og Njörður Snæhólm, aðalvarðstjóri. Þá var bókaður mættur Ingvar Björnsson, réttargæslumaður Einars. Kom Einar fyrir dóminn klukkan 14:00. Var Einari kynntur framburður Erlu Bolladóttur. Bókað var í þingbók að Einar hafi sagst ekkert kannast við atburðinn og ekkert vera við málið riðinn. Kvað hann framburð systur sinnar um veru sína á vettvangi umrætt sinn vera rangan. Einar vék frá klukkan 14:35 og var dómþingi slitið.⁸⁰⁸
394. Í dagbók fangelsisins þennan dag var bókað klukkan 14:50 var bókað að Sigurbjörn Víðir hafi komið með Einar Bollason úr sakadómi.⁸⁰⁹ Klukkan 15:10 var bókað að Sigurbjörn Víðir hafi farið með Erlu Bolladóttur í gleraugnaverslun. Hafi þau komið til baka klukkan 15:40. Fimm mínútum síðar hafi Hallvarður og Njörður tekið Erlu tali. Klukkan 16:20 var bókað að Hallvarður og Njörður hafi tekið Kristján Viðar fram og hafi Erla líka verið hjá þeim í viðtalinu. Á sama tíma var bókað að Jóna

⁸⁰⁵ Dagbók nr. 4, bls. 105b.

⁸⁰⁶ Bls. 664.

⁸⁰⁷ Bls. 665.

⁸⁰⁸ Bls. 665_A.

⁸⁰⁹ Dagbók nr. 4, bls. 106.

fangavörður hafi hringt vegna fréttar í Dagblaðinu um að Erla væri komin inn. Bókað var að hún hafi spurt hvort hún og Guðrún yrðu færðar inn í Síðumúlafangelsi aftur og færsluritari sagt svo ekki vera í náinni framtíð. Klukkan 17:45 var bókað í fangelsisdagbókina að samtali Njarðar og Hallvarðs við Erlu og Kristján Viðar hafi lokið og þau færð á klefa sína aftur. Bókað var að Njörður og Hallvarður hafi verið ánægðir með samtalið. Rannsóknargögn um samtalið liggja ekki fyrir. Klukkan 18:15 var bókað að Örn hafi komið og fært Erlu sælgæti. Fimm mínútum síðar var bókað að Njörður hafi komið og farið inn á klefa til Sævars. Hafi Njörður farið klukkan 19:20. Rannsóknargögn um vitjunina liggja ekki fyrir. Klukkan 20:15 er bókað í fangelsisdagbókina að Sigurbjörn Víðir hafi mætt með sendingu til Erlu. Bókað var að klukkan 21:25 hafi Kristján, Erla og Sævar mætt í samprófun. Klukkan 22:15 var bókað að Sævar og Kristján Viðar hafi verið færðir aftur á klefa. Rannsóknargögn um samprófunina liggja ekki fyrir. Klukkan 23:20 var bókað að Sigurbjörn Víðir hafi komið frá Kristjáni Viðari á klefa númer tvö og þess getið að Kristján hafi fengið tvær Mogadon töflur í stað Truxal. Klukkan 00:30 var bókað að Erla hafi verið færð á klefa og Sigurbjörn Víðir farið heim.

395. Þennan dag, 5. maí 1976, var [HMW], systir Valdimars Olsen, yfirheyrð sem vitni hjá lögreglu. Var tilefni yfirheyrslunnar bókað sem vitneskja hennar um ríffil í eigu Valdimars. Kvaðst hún halda að faðir hans hafi gefið honum ríffilinn en hann hafi verið geymdur á heimili þeirra að Framnesvegi. Greindi [HMW] frá atviki í byrjun ágúst 1973 þegar Kristján Viðar, Sævar og Albert hafi komið heim til sín á Framnesveginn en þá hafi Erla verið hjá sér. Um kvöldið hafi þær farið upp í Borgarfjörð á blót. Um nóttina hafi Kristján Viðar, Sævar og Tryggvi Rúnar komið í leigubifreið til þeirra í þeim tilgangi að skila henni rífflinum sem þeir sögðust hafa tekið af heimilinu. Var það Kristján Viðar sem gekkst við því að hafa tekið ríffilinn. Kvaðst hún ekki muna hvort hún hafi tekið við rífflinum þá eða hvort þeir hafi tekið hann og skilað honum seinna.⁸¹⁰
396. Sama dag birtist frétt á forsíðu Dagblaðsins þar sem fram kom að aðalvitni Geirfinnsmálsins, sambyliskona Sævars M. Ciesielski, væri komin í gæsluvarðhald vegna nýrra upplýsinga sem gætu varpað algjörlega nýju ljósi á hlut hennar í málinu og ástæðuna fyrir hvarfi Geirfinns.⁸¹¹
397. Fimmtudaginn 6. maí 1976 var bókað í dagbók fangelsisins við Síðumúla að Kristján Viðar hafi verið færður til skýrslutöku hjá Sigurbirni Víði, var þess getið að Hallvarður hafi verið viðstaddur.⁸¹² Klukkan 14:20 var bókað að séra Jón Bjarman hafi farið inn á klefa til Magnúsar Leópoldssonar. Klukkan 16:15 hafi Ingvar Björnsson, réttargæslumaður Einars, komið og fengið að ræða við skjólstæðing sinn í áheyrn Sigurbjörns Víðis. Bókað var að séra Jón hafi komið af klefa Magnúsar klukkan 16:20 og farið inn til Sigurbjörns Eiríkssonar. Á sama tíma var bókað að Jón Oddsson, réttargæslumaður Sævars, hafi hringt og spurt um skjólstæðing sinn. Lét færsluritari þess getið að ekkert væri að fréttu af Sævari. Bókað var að Jón lægi á Landakotsspítala

⁸¹⁰ Bls. 666.

⁸¹¹ Bls. 666_A.

⁸¹² Dagbók nr. 4, bls. 107.

á augndeild og óskaði eftir því að verða látinn vita ef eitthvað gerðist í sambandi við Sævar. Þá var bókað að í dag hafi Erlu verið lofað að hafa klefadyr hennar opnar eftir því sem hægt væri með þeim skilyrðum sem henni hafi verið sett að fara ekki á klefadyr annarra eða reyna að ná sambandi við þá. Hafi Erla lofað því að virða allar reglur sem henni hafi verið settar. Bókað var að þetta hafi gengið mjög vel í dag og yrði haft svona framvegis. Á sama tíma hafi Ingvar Björnsson, réttargæslumaður Einars, farið. Klukkan 16:55 var bókað að séra Jón Bjarman hafi komið frá Sigurbirni Eiríkssyni. Klukkan 18:15 var bókað um komu Ásgeirs Karlssonar sem hafi verið í vitjun til Erlu til klukkan 19:00.⁸¹³ Klukkan 21:00 var bókað að Erla hafi verið færð fram til samtals við Hallvarð Einvarðsson. Klukkustund síðar var bókað að séra Jón Bjarman hafi komið með Biblíu og sálmabók fyrir Sigurbjörn Eiríksson. Klukkan 22:40 var Erla færð aftur á klefa. Rannsóknargögn um samtalið liggja ekki fyrir. Klukkan 00:10 var bókað um komu Eggerts og Sigurbjörns Víðis. Fór Eggert klukkan 00:20, en Sigurbjörn Víðir klukkan 00:37 að loknu samtali við Kristján Viðar. Rannsóknargögn um samtalið liggja ekki fyrir. Bókað var klukkan 01:30 að Ari, fangavörður, hafi talað róandi við Erlu góða stund.

398. Þennan dag var bókað í rannsóknardagbók Eggerts og Sigurbjörns Víðis að [LV] hafi hringt og kvaðst vera aðilinn sem hafi haft samband 26. apríl 1976. Kvaðst hann standa við það sem hann hafi haft eftir [SÓE], fyrrum kærustu Tryggva Rúnars Leifssonar. Hafi hún greint honum frá því að Geirfinni hafi verið hent í sjóðandi hver, en Tryggvi Rúnar hafi ekki verið við það riðinn. Þá hafi hún sagst vitað lengi um morðið á Guðmundi. Kvaðst hann vera tilbúinn að staðfesta þessi ummæli [SÓE] í skýrslu.⁸¹⁴
399. Föstudaginn 7. maí 1976 var fært í dagbók Síðumúlafangelsisins klukkan 09:30 að Hallvarður Einvarðsson hafi tekið Kristján Viðar fram til viðtals. Fimm mínútum síðar hafi Kristján Viðar verið settur í klefa sinn þar til Sigurbjörn Víðir kæmi aftur. Rannsóknargögn um viðtalið liggja ekki fyrir. Klukkan 12:50 var bókað um komu Sigurbjörns Víðis. Var Kristján Viðar samstundis tekinn til yfirheyrslu við Hallvarð og Sigurbjörn Víði.⁸¹⁵ Meðal rannsóknargagna er skýrsla um yfirheyrsluna. Fram kemur að yfirheyrslan fari fram að ósk Kristjáns. Kvaðst hann vilja gefa skýrslu um það sem rifjast hafi upp í huga hans síðustu daga. Kvaðst Kristján Viðar muna það greinilega þegar hann og Sævar hafi farið að sendibifreiðinni sem hafi staðið á Vatnsstíg við Skúlagötu þá hafi hurðin á farangurshúsinu verið opin og þar inni nokkrir menn. Þekkti hann einn þeirra sem kunningja [ViS] sem hafi verið mikið í lyftingum. Bókað var eftir Kristjáni að hann hafi nú séð nokkrar ljósmyndir af lyftingarmönnum og hafi hann þekkt þar strax manninn sem var í sendibifreiðinni. Greindi Kristján Viðar frá því að nú fyndist honum sem hann hafi heyrt skothvell þar sem hann hafi staðið upp við bátinn í Dráttarbrautinni. Hafi menn verið að hlaupum og slegið hring utan um mann sem hafi verið mjög óttasleginn á svipinn, blóðugur í andliti og á höndum. Þegar Kristján Viðar hafi komið að hafi einn mannanna reynt að fela andlit sitt og snúið sér

⁸¹³ Dagbók nr. 4, bls. 107b.

⁸¹⁴ Bls. 1038.

⁸¹⁵ Dagbók nr. 4, bls. 108b.

frá honum. Kvaðst hann þess fullviss að sá maður hafi verið [SJGu], leigubifreiðastjóri, kallaður [S rauði].⁸¹⁶ Hafi maður komið til sín sem Kristján Viðari fannst stjórna mönnunum og hafi hann þá sagt við lyftingamanninn: „Jæja, strákar, þá leggjum við í hann.“ Lýsti Kristján honum sem suðrænum í útliti, en væri Íslendingur og hafi talað íslensku. Kvaðst Kristján Viðar hafa innt manninn eftir peningagreiðslu og hafi hann þá sagt að hann fengi enga peninga. Þá hafi hann spurt hvort hann ætti ekki að vinna við flutning á spíra og þá hafi maðurinn sagt að hann ætti ekki að gera neitt. Nokkru eftir þetta hafi hann komið að þremur mönnum að bogra yfir manni sem hafi legið á grúfu með blóðugt höfuð. Hafi þessir þrír menn unnið á þeim fjórða með spörkum og höggum. Einnig hafi verið búið að leggja til hans með hnífi og skera í fötin á bakhluta mannsins. Kvaðst Kristján Viðar hafa sagt við þá: „Hvað eruð þið að gera við manninn. Haldið þið að ég sé eitthvað fífl. Haldið þið að ég sjái ekki hvað þið gerið við manninn.“ Í því hafi komið maður sem hafi ætlað að ráðast á Kristján Viðar. Kvaðst hann þá hafa gripið um grjót og sagt manninum að hann myndi ekki hika við að beita því ef hann réðist á sig. Hafi maðurinn þá látið af fyrirætlan sinni og í sömu mund hafi komið að einn mannanna þriggja með hníf í hendi og beðið þá um að hætta. Hafi Sævar þá togað í Kristján Viðar að bifreiðinni og sagt honum að koma. Lýsti Kristján Viðar manninum með hnífinn sem kringluleitum, dökkhærðum með mikið og hátt enni og stórmynntum. Hafi hann verið klæddur í einhvers konar blússu eða sjóklæðnað og verið blautur um hárið. Þá hafi hann verið stórskorinn í andliti og með miklar augabrunir. Meðalmaður á hæð, sterklegur og samanrekinn. Fannst Kristján Viðari sem maðurinn gæti hafa verið [ÁHE].⁸¹⁷ Þá kvaðst Kristján Viðar vilja taka það fram að hann hafi séð umrædda þrjá menn færa þann sem hafi legið í jörðinni í því skyni að varpa honum fram af einhverjum bakka þar sem þeir hafi staðið. Í lokin kvaðst Kristján Viðar vilja skýra frá því að áður en þeir héldu á brott hafi Sævar sýnt sér byssu sem hann hafi verið með. Var yfirheyrslunni lokið klukkan 16:15.⁸¹⁸

400. Í fangelsisdagbókina þennan dag, 7. maí 1976, var bókað að Hallvarður hafi tekið Erlu til viðtals þar sem hún hafi verið stödd frammi. Klukkan 16:20 var bókað að Kristján Viðar hafi verið færður á klefa sinn að lokinni skýrslutöku. Klukkan 16:55 var bókað að Örn hafi farið inn til Magnúsar Leópoldssonar og Njörður inn til Sævars. Klukkan 17:30 var Kristján Viðar færður fram til viðtals við Hallvarð og manninn nýkomna, eins og það er bókað í fangelsisdagbók. Á sama tíma var bókað að Örn hafi komið fram frá Magnúsi. Klukkan 17:45 var bókað að Kristján Viðar hafi verið settur aftur inn á klefa. Rannsóknargögn um viðtalið og samprófunina liggja ekki fyrir. Klukkan 18:00 var bókað í dagbókina að Erla hafi verið tekin fram til samprófunar við ónefnda manninn í horninu, eins og það er orðað, í viðveru Arnar, Hallvarðs og Sigurbjörns Víðis. Á sama tíma hafi Jón Ólafsson, réttargæslumaður Sigurbjörns, komið með sælgæti til skjólstaðings síns.⁸¹⁹ Klukkan 18:10 var samprófun lokið og Erla færð aftur inn á klefa. Rannsóknargögn um samprófunina liggja ekki fyrir. Klukkan 18:30 var bókað að [SJGu] hafi verið settur inn á klefa númer tíu. Klukkan 18:45 bókaði

⁸¹⁶ Bls. 671.

⁸¹⁷ Bls. 672.

⁸¹⁸ Bls. 673.

⁸¹⁹ Dagbók nr. 4, bls. 108b.

færsluritari um að hafa sótt Njörð inn á klefa til Sævars, en hann hafði þá verið í vitjun hjá Sævari í tvær klukkustundir. Rannsóknargögn um vitjunina liggja ekki fyrir. Litlu síðar hafi Erla og Sævar verið tekin fram til viðtals í horninu undir stjórn Njarðar og Arnar. Klukkan 20:00 var bókað að viðtalið stæði enn yfir. Klukkan 21:00 var bókað að Sævar hafi verið settur inn á klefa að lokinni samprófun en Erla væri enn frammi til að ná henni upp, eins og það var orðað í færslunni. Fimmtán mínútum síðar var Kristján Viðar færður fram til Njarðar og klukkan 21:25 var Sævar færður fram til samprófunar við Kristján. Klukkan 22:10 var bókað í dagbókina að Erla hafi verið sett inn á klefa sinn eftir að hafa setið á tali við Hallvarð og Sigurbjörn Víði. Rannsóknargögn um viðtalið liggja ekki fyrir. Klukkan 22:40 var samprófun lokið og bókað að Sævar og Kristján Viðar hafi verið settir inn á klefa. Rannsóknargögn um samprófunina liggja ekki fyrir.⁸²⁰ Klukkan 22:40 var bókað að Sigurbjörn Víðir hafi farið inn á klefa til [SJGu] en svo strax þaðan inn á klefa til Sævars. Klukkan 00:05 var bókað að Sigurbjörn Víðir hafi komið fram í pásu. Fimm mínútum síðar var bókað um símtal frá Erni sem hafi spurt fréttu. Hafi hann verið ánægður með gang mála. Klukkan 00:20 var bókað að Sævar hafi verið færður fram til yfirheyrslu hjá Sigurbirni Víði, að eigin ósk. Skýrsla um yfirheyrsluna er meðal rannsóknargagna. Þar kemur fram að skýrslutakan fari fram að ósk Sævars og hann hafi lýst yfir vilja til að skýra frá sannleikanum í málinu. Greindi Sævar frá því sem áður hafði komið fram að hann hafi verið á gangi á Laugavegi í Reykjavík þegar kallað hafi verið til hans úr bifreið. Hafi það verið Einar Bollason sem hafi kallað úr aftursæti bifreiðarinnar, en í framsætinu hafi setið [ÁHE] og Magnús Leópoldsson hafi setið undir stýri. Hafi þeir ekið að veitingahúsinu Klúbbinum þar sem þeir hafi sest við borð og þá komið að Sigurbjörn Eiríksson. Ræddu þeir um dreifingu smyglaðs áfengis. Hafi [ÁHE] og Sigurbjörn spurt hvort hann gæti komið með þeim til Keflavíkur til að ná í varninginn og hvort hann gæti ekki dreift spíranum. Þá hafi hann verið beðinn um að hafa með sér aðstoðarmann. Kvaðst Sævar minna að þetta hafi verið á föstudegi, en rætt um að af þessu gæti orðið næsta þriðjudag á eftir. Seinnipart þriðjudags hafi Einar hringt til hans þeir mælt sér mót um kvöldið. Kvaðst Sævar þá hafa hringt til Kristjáns Viðars og beðið hann að koma með sér. Hafi hann hringt til hans á Laugaveg 32 og hafi einhver annar svarað í símann sem hafi svo náð í Kristján Viðar. Hafi Einar sótt hann ásamt Valdimar Olsen milli klukkan 21:00 og 22:00 um kvöldið á rauðri Fiat fólksbifreið. Hafi þeir ekið að Klúbbinum og tekið Erlu upp í bifreiðina.⁸²¹ Hafi þau ekið niður Laugavegin og að húsi númer 34 sem var sjoppa og hafi Sævar hringt þar í Kristján Viðar og beðið hann um að koma niður á Vatnsstíg sem hann hafi svo gert. Hafi Kristján Viðar sest inn í bifreiðina og þau ekið norður Vatnsstíg og stöðvað fyrir aftan bláa sendiferðabifreið. Kvaðst Sævar hafa farið úr bifreiðinni ásamt Kristjáni og þeir rætt við [ÁHE] sem hafi setið undir stýri og nokkra menn sem hafi verið í farangursgeymslu bifreiðarinnar. Hafi einn þeirra, sem Sævar sagði vera lyftingamann, sagst þurfa fara heim til sín á Hringbraut. Hafi þá verið ekið af stað vestur á Hringbraut. Á leiðinni hafi Valdimar Olsen lýst því yfir að það þýddi ekki annað en að

⁸²⁰ Dagbók nr. 4, bls. 109.

⁸²¹ Bls. 677.

hafa byssu meðferðis. Hafi Einar þá ekið heim til Valdimars á Framnesveg þar sem Valdimar hafi farið inn og sótt ríffil. Var svo ekið í samfloti við sendiferðabifreiðina suður til Keflavíkur. Þegar komið hafi verið í Dráttarbrautina hafi [SJGu]) staðið þar við ljósa fólksbifreið. Kvaðst Sævar þá hafa farið úr bifreiðinni ásamt Kristjáni Viðari og rætt við lyftingamanninn. Hafi Valdimar farið inn í fólksbifreiðina með [SJGu]. Kvaðst Sævar hafa farið inn í bifreiðina aftur og rætt við Erlu. Á sama tíma hafi Kristján Viðar, lyftingamaðurinn og [ÁHE] farið niður að bryggjunni en Einar og Valdimar staðið hjá og rætt saman.⁸²² Greindi Sævar frá því að þegar þau hafi komið að Dráttarbrautinni hafi bátur verið að fara frá bryggjunni og vissi hann ekki hverjir hafi verið um borð. Þegar báturinn hafi komið að hafi komið frá borði Sigurbjörn Eiríksson og tveir aðrir menn sem Sævar kvaðst ekki hafa þekkt, nema annar þeirra hafi síðar látið lífið á staðnum. Hafi Valdimar og [ÁHE] farið til þeirra og þeir rætt saman. Kom þá til átaka þar sem einn hafi legið eftir í jörðinni. Var Valdimar þá kominn með ríffilinn. Tók Sigurbjörn hann úr höndum Valdimars og hleypti af á manninn. Hafi Sævar þá fengið Kristján Viðar og Einar til að koma með sér í burtu, en Erla hafi þá verið horfin. Leituðu þeir að Erlu á bifreiðinni en án árangurs. Í lok skýrslunnar greindi Sævar frá því að Valdimar hafi sagt honum að um borð hafi verið Sigurbjörn, Magnús og [JR] auk tveggja manna frá Keflavík. Þá kvaðst Sævar ekki vita hvað hafi verið gert við manninn sem varð fyrir árásinni, þar sem þeir hafi farið skömmu eftir atburðinn.⁸²³ Klukkan 03:35 var bókað í dagbók fangelsisins að skýrslutöku yfir Sævari hafi lokið og hann settur inn á klefa. Klukkan 03:45 var bókað að Sigurbjörn Víðir hafi farið, að vonum nokkuð ánægður, eins og það er orðað í færslunni.⁸²⁴

401. Þennan dag, 7. maí 1976, var [PKKÞ] yfirheyrður af rannsóknarlögreglu. Tilefni yfirheyrslunnar var bókað sem hugsanleg nánari vitneskja hans um ferðir Kristjáns Viðars Viðarssonar að kvöldi 19. nóvember 1974. [PKKÞ] sagði Kristján Viðar hafa haldið mikið til að Laugavegi 32 á umræddum tíma. Síminn hafi hringt umræddan dag og hann svarað. Hafi það verið Sævar sem hafi hringt og spurt um Kristján Viðar. Hafi Sævar kynnt sig í símann auk þess sem vitnið hafi þekkt málróm hans. Vitnið kvað Kristján Viðar hafi talað í símann og greint sér svo frá því að Sævar hafi viljað fá hann með sér til Keflavíkur til að ná í spíritus. Hafi þetta verið seinnihluta dags en Kristján Viðar hafi farið um kvöldið en komið til baka um nóttina eða daginn eftir og þá hvorki með spíritus né peninga. Kvaðst vitnið ekki geta tímasett þetta nánar en sagði þetta hafa verið í nóvember og nokkrum dögum síðar hafi verið lýst eftir Geirfinni.⁸²⁵ Fannst vitninu sem Kristján Viðar hafi orðið hlédrægari en vanalega eftir þessa ferð. Hafi þeir aldrei rætt hvarf Geirfinns.⁸²⁶
402. Laugardaginn 8. maí 1976 var bókað í dagbók fangelsisins við Síðumúla að [SJGu]) hafi verið tekinn fram til viðtals við Eggert klukkan 09:00. Bókað var klukkan 10:05 að Sigurbjörn Víðir hafi tekið við af Eggerti. Klukkan 10:40 var [SJGu] settur á klefa

⁸²² Bls. 678.

⁸²³ Bls. 680.

⁸²⁴ Dagbók nr. 4, bls. 109b.

⁸²⁵ Bls. 674.

⁸²⁶ Bls. 675.

sinn aftur. Rannsóknargögn um viðtalið liggja ekki fyrir. Klukkan 11:05 var bókað að [SI], eiginkona Einars, hafi hringt og fengið samband við Örn. Bókað var klukkan 12:45 að Sævar hafi verið tekinn fram til viðtals í hornið til klukkan 13:10. Rannsóknargögn um viðtalið liggja ekki fyrir. Klukkan 13:30 var bókað að Hallvarður Einvarðsson vararíkissaksóknari og Njörður Snæhólm aðalvarðstjóri, hafi farið með Kristján Viðar suður í Keflavík. Á sama tíma var bókað að Örn hafi farið inn á klefa til Sævars.⁸²⁷ Bókað var í fangelsisdagbókina klukkan 14:30 að Guðsteinn læknir hafi komið og rætt við Erlu og Magnús Leópoldsson. Engar lyfjabreytingar hafi verið gerðar nema Erlu hafi verið gefin lystaukandi lyf. Bókað var um komu [SR], veitingamanns í Hressingarskálanum, með rjómatertu til Sigurbjörns Eiríkssonar. Færsluritari lét þess getið að hann hafi neitað að taka við rjómatertunni og hafi maðurinn verið óhress með það. Klukkan 14:45 var bókað að Guðsteinn læknir hafi farið og Örn hafi komið fram af klefa Sævars. Rannsóknargögn um vitjunina liggja ekki fyrir. Klukkan 15:15 var bókað að Erla og Einar Bollabörn hafi verið færð fram til Sigurbjörns Víðis til samprófunar. Bókað var í dagbókina að klukkan 15:55 hafi [SJGu] verið færður fyrir dóm. Þennan dag var dómþing sett í sakadómi Reykjavíkur og tekið fyrir dómsrannsókn vegna hvarfs Geirfinns. Lagði dómari fram sex rannsóknarlögregluskýrslur. [SJGu] kom fyrir dóminn klukkan 15:45 með réttarstöðu sakbornings. Kvaðst hann ekki hafa neina vitneskju um afdrif Geirfinns og sagðist ekki hafa verið staddur í Dráttarbrautinni í Keflavík í umrætt sinn og ekki muna til þess að hafa nokkurn tímann komið þangað. Ákvað dómari að [SJGu] yrði í haldi lögreglu í allt að sólarhring þar til ákvörðun yrði tekin um gæsluvarðhald.⁸²⁸

403. Í dagbók fangelsisins sama dag var bókað að Hallvarður og Njörður hafi komið með Kristján Viðar frá Keflavík klukkan 16:20. Rannsóknargögn um ökuferðina liggja ekki fyrir. Á sama tíma var bókað að Örn hafi verið öðru sinni inni á klefa Sævars. Klukkan 16:55 var bókað að Einar og Erla hafi verið færð á klefa sína eftir samprófun. Rannsóknargögn liggja ekki fyrir hvorki um vitjun á klefa til Sævars né samprófun Einars og Erlu. Klukkan 19:10 var bókað að Örn hafi farið inn á klefa til Sævars. Klukkan 19:25 var bókað um komu Hallvarðs og þess getið að hann hafi um leið tekið Erlu til viðtals. Bókað var klukkan 19:35 að Örn hafi farið. Rannsóknargögn um vitjun á klefa til Sævars liggja ekki fyrir.⁸²⁹ Bókað var í fangelsisdagbókina klukkan 20:15 að Erla hafi verið sett inn á klefa. Rannsóknargögn um viðtalið liggja ekki fyrir. Klukkan 23:00 var bókað að Hallvarður hafi hringt og spurt um Kristján, Sævar og Erlu. Var þess getið í færslunni að Hallvarður hafi beðið fangaverðina um að ná í séra Jón Bjarman fyrir Erlu ef Ásgeir Karlsson geðlæknir yrði ekki kominn fyrir klukkan 22:00. Gat færsluritari þess að hann hafi greint Hallvarði frá því að Erla hafi verið steinsofandi á þeim tíma og því hafi hann ekkert aðhafst. Hafi Hallvarður verið fylgjandi því.⁸³⁰

⁸²⁷ Dagbók nr. 4, bls. 109b.

⁸²⁸ Bls. 676_B.

⁸²⁹ Dagbók nr. 4, bls. 110.

⁸³⁰ Dagbók nr. 4, bls. 110b.

404. Fyrir liggur handrituð samantekt, sem ekki liggur fyrir hver ritaði, á því hvað Erla, Kristján Viðar og Sævar hafi sagt í skriflegum skýrslutökum um það hverjir hafi farið til Keflavíkur, í hvaða bifreið hafi verið farið, hvaða bifreiðar hafi verið fyrir í Dráttarbrautinni, hverjir hafi verið á staðnum, hverjir hafi farið út á bátum, hverjir hafi orðið eftir í landi og hverjir hafi lent í átökum við Geirfinn.⁸³¹
405. Sunnudaginn 9. maí 1976 var bókað í dagbók Síðumúlafangelsisins að Sigurbjörn Víðir hafi komið klukkan 10:30 og farið inn á klefa til Sævars. Klukkan 10:55 var bókað að Sigurbjörn Víðir hafi farið inn á klefa til Erlu í stutta stund. Rannsóknargögn um þessar vitjanir liggja ekki fyrir. Bókað var klukkan 12:45 að [SJGu] hafi verið tekinn fram til viðtals við Sigurbjörn Víði til klukkan 13:55.⁸³² Klukkan 20:50 var bókað um komu Eggerts, Hafsteins Baldvinssonar, réttargæslumanns Magnúsar, Jóns Zoëga, réttargæslumanns Valdimars, og Arnar fulltrúa. Klukkan 20:55 var bókað um komu Jóns Ólafssonar, réttargæslumanns Sigurbjörns. Bókað var klukkan 21:10 að Valdimar hafi verið tekinn fyrir dóm af Erni að viðstöddum Hallvarði og Jóni Zoëga.⁸³³ Var dómþing sett í sakadómi Reykjavíkur og tekið fyrir dómsrannsókn vegna hvarfs Geirfinns. Af hálfu ákærvaldsins sótti þing Hallvarður Einvarðsson. Þá voru bókaðir mættir Jón Zoëga, Jón Ólafsson og Hafsteinn Baldvinsson. Klukkan 21:09 kom Valdimar Olsen fyrir dóminn.⁸³⁴ Bókað var að Valdimar hafi verið kynntur framburður Erlu Bolladóttur um hennar þátt í málinu. Kvaðst Valdimar ekki kannast við atburðinn og framburður Erlu rifji ekkert upp fyrir sér. Bókað var í þingbókina að dómari hafi tilkynnt Valdimar um að hann væri laus úr gæsluvarðhaldi en lagt fyrir hann að halda sig á íslensku yfirráðasvæði og sæta almennu lögregluftirliti. Vék Valdimar frá klukkan 21:20, frjáls ferða sinna. Bókað var að Magnús Leópoldsson hafi komið fyrir dóminn klukkan 21:34. Var honum kynntur framburður Erlu Bolladóttur í málinu. Bókað var að Magnús hafi sagst ekkert kannast við þennan atburð. Tilkynnti dómari honum þá að hann væri laus úr gæsluvarðhaldi undir sömu formerkjum og Valdimar. Vék Magnús frá klukkan 21:40, frjáls ferða sinna.⁸³⁵ Í fangelsisdagbókina var bókað af því tilefni að fylgst hafi verið með bílaumferð í kringum húsið. Hafi græn Chevrolet bifreið sniglast um svæðið og í henni kona Magnúsar Leópoldssonar og bróðir. Þá hafi grænni Skoda bifreið verið ekið upp á planið og Magnús þá kallað til þeirra sem í bifreiðinni voru að hitta sig heima. Á sama tíma hafi komið svört Mercedes Benz bifreið og út úr henni stigið [ÁHE]. Bókað var í fangelsisdagbókina að starfsmönnum fangelsisins þætti nú greinilegt hvar opna bókin lægi, eins og það var orðað.⁸³⁶ Þá var bókað í þingbók sakadóms Reykjavíkur klukkan 22:20 að Sigurbjörn Eiríksson hafi komið fyrir dóminn og honum kynntur framburður Erlu. Kvaðst Sigurbjörn ekki kannast við atburðinn og aldrei hafa komið í Dráttarbrautina í Keflavík. Tilkynnti dómari Sigurbirni að hann væri laus úr gæsluvarðhaldinu en í farbanni og undir lögregluftirliti. Vék hann frá klukkan 23:00,

⁸³¹ Bls. 680_A–G.

⁸³² Dagbók nr. 4, bls. 110b.

⁸³³ Dagbók nr. 4, bls. 111.

⁸³⁴ Bls. 676_B.

⁸³⁵ Bls. 680_H.

⁸³⁶ Dagbók nr. 4, bls. 111b.

frjáls ferða sinna. Þá kom Einar fyrir dóminn klukkan 23:21 og kvaðst ekki hafa neinu við fyrri framburð sinn að bæta. Einari var sömuleiðis tilkynnt að hann væri frjáls ferða sinna en í farbanni og undir lögreglu eftirliti. Vék Einar frá klukkan 23:27, frjáls ferða sinna.⁸³⁷

406. Mánudaginn 10. maí 1976 var bókað að Svala Thorlacius hjá ríkissjónvarpinu hafi hringt og spurt hvort sakborningum í Geirfinnsmálinu hafi verið sleppt lausum. Bókað var að henni hafi verið tjáð um það. Klukkan 16:00 var bókað að Gylfi Ásmundsson sálfræðingur hafi komið og tekið Erlu Bolladóttur til viðtals. Á sama tíma kom sending til Sævars frá móður hans. Klukkan 16:15 var bókað í dagbók fangelsisins að Hallvarður vararíkissaksóknari hafi tekið Kristján Viðar til viðtals til klukkan 17:00. Rannsóknargögn um viðtalið liggja ekki fyrir. Bókað var um símtal frá Lárusi Helgasyni, yfirlækni á Kleppi, klukkan 17:10, um að hann kæmi á allra næstu dögum til viðtals við Kristján Viðar. Bókað var að Erla hafi verið færð á klefa sinn klukkan 17:40. Klukkan 19:20 var bókað um komu Arnar Höskuldssonar, að beiðni Erlu. Fór hann aftur 15 mínútum síðar. Klukkan 19:55 kom Hallvarður og fór inn á klefa til Erlu og ræddi við hana þar til klukkan 20:20.⁸³⁸ Rannsóknargögn um vitjunina liggja ekki fyrir. Klukkan 21:25 kom Örn aftur til viðtals við Erlu. Fór hann aftur klukkan 22:20, en ekki liggja fyrir rannsóknargögn um viðtalið. Bókað var klukkan 23:10 að hringt hafi verið í Sigurbjörn Víði að beiðni Kristjáns Viðars. Hafi Sigurbjörn sagst munu líta til hans í fyrramálið.⁸³⁹
407. Sakadómur Reykjavíkur sendi frá sér fréttatilkynningu sama dag. Þar sagði að umfangsmikil rannsókn hafi farið fram til að upplýsa um afdrif tveggja horfinna manna, Guðmundar Einarsonar og Geirfinns Einarssonar. Greint var frá stöðu rannsóknar á hvarfi Guðmundar, að þrír sættu gæsluvarðhaldi vegna málsins, en lík Guðmundar væri enn ófundið. Greint var frá framburði Kristjáns Viðars og Erlu um tildrög ökuferðar til Keflavíkur. Þá var gerð opinber játning Erlu Bolladóttur á morðinu á Geirfinni og því lýst hvernig hún hafi hleypt af riffli að Geirfinni að fyrirmælum Sævars. Þá var greint frá framburði Erlu um að henni hafi í kjölfarið sortnað fyrir augum, hún hafi misst byssuna í hendur Sævars, hlaupið á brott og falið sig. Loks hafi hún komist til Hafnarfjarðar og Reykjavíkur á puttanum, eins og áður hafi verið gerð grein fyrir. Í fréttatilkynningunni sagði að treglega hafi gengið að fá fram hjá Sævari hvað hafi gerst þarna sem og um afdrif Guðmundar. Fram kom að hann hafi orðið margsaga í þeim efnum. Þá var greint frá því að Magnúsi, Einari, Sigurbirni og Valdimar hafi öllum verið sleppt úr haldi lögreglu. Unnið væri áfram að rannsókn málsins og skorað á alla þá sem vitneskju hefðu um málin að gefa sig fram við lögreglu.⁸⁴⁰
408. Þriðjudaginn 11. maí 1976 var bókað í dagbók fangelsisins við Síðumúla að Njörður Snæhólm hafi farið með Erlu til tannlæknis klukkan 09:45. Komu þau aftur klukkan 11:00. Klukkan 12:00 var meðal annars bókað að Hallvarður hafi hringt og spurt um

⁸³⁷ Bls. 680_I.

⁸³⁸ Dagbók nr. 4, bls. 112.

⁸³⁹ Dagbók nr. 4, bls. 112b.

⁸⁴⁰ Bls. 682.

líðan Erlu. Bókaði færsluritari um að Hallvarður hafi fengið svar við því. Klukkan 13:20 var bókað að Sigurbjörn Víðir hafi komið og tekið Kristján Viðar fram til viðtals til klukkan 13:55. Rannsóknargögn um viðtalið liggja ekki fyrir. Klukkan 14:35 var bókað að Páll Arnór Pálsson, réttargæslumaður Kristjáns Viðars, hafi hringt og boðað komu sína. Gat færsluritari þess að hann hafi bent Páli Arnóri á að ræða við Sigurbjörn Víði áður um stöðu málsins og hafi Páll ætlað að gera það.⁸⁴¹ Klukkan 16:25 var bókað að Kristján Viðar hafi verið færður fram til viðtals við Pál Arnór, réttargæslumann sinn, í áheyrn Sigurbjörns Víðis. Bókað var um komu Ásgeirs Karlssonar geðlæknis til viðtals við Erlu milli klukkan 16:45 og 17:10. Á sama tíma var bókað að Kristján Viðar hafi verið færður á klefa. Klukkan 17:15 var Erla færð til viðtals við Gylfa Ásmundsson sálfræðing. Á sama tíma var bókað að Ásgeir geðlæknir hafi rætt við Örn og Sigurbjörn Víði að loknu viðtali sínu við Erlu. Klukkan 17:35 var bókað að Sigurbjörn Víðir hafi farið inn á klefa til Kristjáns Viðars. Þá var bókað klukkan 18:35 að Erla hafi verið færð á klefa sinn eftir viðtal við Gylfa sálfræðing.⁸⁴² Klukkan 20:30 var bókað í dagbókina að Sigurbjörn Víðir hafi komið í Síðumúlafangelsið klukkan 20:30 með [PÓE], móður Erlu, og barn hennar. Klukkan 21:15 var bókað að móðir Erlu hafi farið að loknu samtali þeirra mæðgna. Klukkan 22:30 var bókað um komu Arnar Höskuldssonar ásamt eiginkonu sinni. Fór hann klukkan 22:45 að loknu samtali við Erlu Bolladóttur.⁸⁴³

409. Þennan dag birtust fréttir í flestum prentmiðlum um fréttatilkynninguna sem sakadómur Reykjavíkur sendi frá sér daginn áður, 10. maí 1976. Í frétt Alþýðublaðsins sagði að ýmislegt væri gefið í skyn í fréttatilkynningunni en fátt eitt á hreinu. Þá kom fram sú afstaða að frásögn Erlu um að hafa misst ríffil í hendur unnusta sínum eftir að hafa framið ódæðið væri nokkuð ævintýraleg.⁸⁴⁴ Í Morgunblaðinu þennan dag var frétt um tilkynningu sakadóms og rætt við Örn og Hallvarð af því tilefni. Fram kom að það væri hald rannsóknarmanna að Sævar byggi yfir þeirri vitneskju sem gæti ef til vill leyst Geirfinnsmálið. Væri Sævar því lykilmáðurinn í málinu, en hann hafi verið mjög ófús til samvinnu við rannsóknarmenn til þessa. Önnur frétt var í sama blaði um viðtal blaðamanns Morgunblaðsins við [GSig], eiginkonu Geirfinns. Kvaðst hún ekki kannast við nein þeirra nafna sem fram hafi komið í fréttatilkynningu sakadóms Reykjavíkur. Hafi þessi nöfn aldrei verið nefnd á heimili þeirra hjóna. Kvaðst hún ekki hafa neina trú á því að Geirfinnur hafi verið í tygjum við þetta fólk, hann hafi ekki verið þannig maður. Eina skynsamlega skýringin að hennar mati væri sú að hann hafi heyrt eitthvað dularfullt í Klúbbinum, sunnudagskvöldið áður en hann hvarf.⁸⁴⁵ Inn í blaðinu þennan sama dag var frétt þar sem dregnar voru saman þær breytingar sem höfðu orðið á framburðum Sævars, Kristjáns Viðars og Erlu frá því blaðamannafundur sakadóms Reykjavíkur var 26. mars 1976.⁸⁴⁶ Í Dagblaðinu þennan dag voru birtar fréttir um líðan Magnúsar, Einars og Valdimars eftir að hafa verið sleppt úr

⁸⁴¹ Dagbók nr. 4, bls. 113.

⁸⁴² Dagbók nr. 4, bls. 113b.

⁸⁴³ Dagbók nr. 4, bls. 114.

⁸⁴⁴ Bls. 682.

⁸⁴⁵ Bls. 683–684.

⁸⁴⁶ Bls. 687.

gæsluvarðhaldi eftir 105 daga. Haft var eftir Einari að ósköp eðlilegt væri eftir svo langan tíma að taugarnar þyrftu tíma til að jafna sig. Kvað hann þó fjarri að hann hafi verið látinn sæta harðræði í varðhaldinu. Kvaðst hann bera fulla trú og traust til þeirra sem hefðu rannsóknina með höndum.⁸⁴⁷

410. Miðvikudaginn 12. maí 1976 var bókað í dagbók fangelsisins við Síðumúla að færsluritari hafi hringt í Hallvarð vararíkissaksóknara klukkan 14:45 og beðið hann um að ýta við Lárusi Helgasyni, yfirlækni á Kleppi, um að koma til Kristjáns Viðars. Hafi Hallvarður ætlað að gera það. Klukkan 15:00 hafi Hallvarður hringt og sagst hafa náð í Lárus sem hafi sagst munu koma í kvöld. Bókað var að Lárus hafi mælt mjög með því að Ingvar Kristjánsson geðlæknir tæki Sævar til bæna, eins og það var orðað í færslunni. Ætlaði Hallvarður að sjá til þess að Ingvari yrði skrifað bréf og hann beðinn um að taka „dýrið“ að sér, eins og það var orðrétt bókað. Fram kom að Lárus hafi sagt Ingvar vera góðan sálfræðing og utan þess hefði hann staðgóða þekkingu á afbrotasálfræði og yfirheyrslum í sambandi við það. Klukkan 15:10 var bókað að móðir Sævars hafi komið með sendingu til hans. Tíu mínútum síðar var bókað að Jón Oddsson, réttargæslumaður Sævars, hafi hringt og sagst vera að útskrifast af spítalanum. Bókað var að Jón vildi helst koma og taka Sævar með látum og hakka hann í sig, eins og það var bókað í dagbókina. Klukkan 15:45 var bókað um komu Páls Arnórs Pálssonar, réttargæslumanns Kristjáns Viðars. Fór hann inn á klefa til viðtals við skjólstæðings síns. Bókað var klukkan 17:00 að Lárus yfirlæknir hafi komið til viðtals við Kristján Viðar og hafi hann rætt stutta stund við Pál Arnór áður. Klukkan 17:30 var bókað um símtal frá Hallvarði sem hafi greint færsluritara frá því að hann væri búinn að boðsenda bréf til Ingvars Kristjánssonar geðlæknis „um að taka skoffnið hann Sævar að sér“, eins og það var orðrétt bókað í fangelsisdagbókina. Klukkan 18:05 var fært til bókar að Páll Arnór Pálsson hafi komið af klefa Kristjáns Viðars. Klukkan 18:10 var bókað að Kristján Viðar hafi verið færður fram til viðtals við Lárus yfirlækni. Var Kristján færður aftur á klefa sinn klukkan 19:30. Klukkan 21:40 var bókað að Sigurbjörn Víðir hafi tekið [SJGu] fram til viðtals til klukkan 22:30. Rannsóknargögn um viðtalið liggja ekki fyrir. Á sama tíma hafi Sigurbjörn Víðir farið inn á klefa til Kristjáns Viðars. Klukkan 22:50 hafi Sigurbjörn Víðir komið fram eftir vitjun á klefa Kristjáns Viðars. Rannsóknargögn um vitjunina liggja ekki fyrir.
411. Þennan sama dag var bókað í rannsóknardagbók Eggerts og Sigurbjörns Víðis um viðtal Eggerts við Guðjón Skarphéðinsson. Tjáði Guðjón Eggerti að Sævar hafi komið á skrifstofu Klúbbsins. Hafi Erla verið með honum en beðið í bifreiðinni. Greindi Guðjón frá því að Erla hafi sagt sér að Sævar hafi gefið Einari Bollasyni hljómplötu. Þá hafi Erla sagt honum að Sævar hafi verið á Snæfellsnesinu þegar gamli maðurinn hvarf, eins og það er orðað. Guðjón sagði [BÆ] líklegast vita hvað Sævar hafi verið að aðhafast fyrir austan fjall, en hann búi í Skunkinum, það er Gljúfurárholti í Ölfusi.⁸⁴⁸

⁸⁴⁷ Bls. 689.

⁸⁴⁸ Bls. 1045.

412. Sama dag birtist frétt á baksíðu Dagblaðsins um að mörgum spurningum væri ósvarað í Geirfinnsmálinu. Í fréttinni kom fram að Erla hafi viðurkennt að hafa skotið mann sem gæti hafa verið Geirfinnur Einarsson. Með fréttinni fylgdi andlistmynd af Erlu. Var því slegið fram að saga Erlu, eins og sakadómur Reykjavíkur hafi skrifað hana, virtist næsta ótrúleg. Þá var haft eftir Hafsteini Baldvinssyni, réttargæslumanni Magnúsar Leópoldssonar, að fréttatilkynningin væri beinlínis villandi um viss atriði. Benti hann á kafla í tilkynningunni þar sem sagði að Kristján Viðar og Erla hafi talið sig bera kennsl á Einar, Magnús, Valdimar og Sigurbjörn í Dráttarbrautinni. Lýsti Hafsteinn því yfir að Erlu og Kristjáni Viðari hafi alls ekki borið saman í framburði sínum fyrir dómi um þetta atriði. Rétt væri að Erla hafi borið um að hafa séð Magnús og stóran mann með vindil sem hún hafi talið geta verið Sigurbjörn, en Kristján Viðar hafi borið að hann hafi séð Einar og Valdimar á umræddum tíma. Hafsteinn fullyrti að það sem fram hafi komið við yfirheyrslur um þetta atriði væri í raun mjög á annan veg en skilið yrði af fréttatilkynningu sakadóms.⁸⁴⁹
413. Fimmtudaginn 13. maí 1976 var bókað í dagbók fangelsisins við Síðumúla að Sigurbjörn Víðir væri inni hjá Kristjáni Viðari klukkan 16:00. Rannsóknargögn um vitjunina liggja ekki fyrir. Klukkan 16:45 var bókað að Jón Oddsson, réttargæslumaður Sævars, hafi hringt í Sigurbjörn Víði. Klukkan 16:50 var bókað í dagbókina að Páll Arnór Pálsson, réttargæslumaður Kristjáns Viðars, hafi hringt og spurt fréttu af Kristjáni Viðari og Lárusi yfirlækni. Lét færsluritari þess getið að hann hafi lítið getað sagt honum um þeirra viðskipti, eins og það var orðað.⁸⁵⁰ Bókað var um komu Hallvarðs Einvarðssonar vararíkissaksóknara í fangelsið milli klukkan 20:00 og 20:20. Bókað var að hann hafi verið í kynnisferð, líkt og hann hafi orðað það sjálfur. Þá var bókað klukkan 22:15 um símtal [SI], eiginkonu Einars Bollasonar, vegna viðtals sem hún hafi átt við Gunnar Guðmundsson forstöðumann í dag varðandi Erlu Bolladóttur og einhver skilaboð í sambandi við það. Kvaðst færsluritari hafa sagt henni að hringja í fyrramálið til að ná sambandi við réttan Gunnar. Bókað var klukkan 23:30 að Eggert og Sigurbjörn Víðir hafi farið, en sá síðarnefndi hafi þá oft farið inn á klefa númer 20 og númer fjögur til að afla upplýsinga. Þá hafi Sigurbjörn Víðir einnig sótt fatasendingu fyrir Erlu sem færsluritari kvaðst hafa yfirfarið ásamt bréfi til hennar.⁸⁵¹
414. Sama dag var bókað í rannsóknardagbók Eggerts og Sigurbjörns Víðis um símtal frá [PJ], fyrrverandi lögregluþjóni í Kópavogi. Veitti hann upplýsingar um að [KrP] kafara hafi verið boðin ein milljón króna fyrir að sækja einhverja brúsa út á sjó, en [KrP] hafi ekki þáð boðið. Nefndur kafari hafi yfir bátum að ráða og búi yfir vitneskju um að annar bátur hafi verið fenginn til verksins.⁸⁵² Þá var bókað í rannsóknardagbókina að rætt hafi verið við [PL] sendibifreiðastjóra. Kvaðst hann hafa oftast en einu sinni sótt varning suður með sjó, en aldrei áfengi eða annað smygl. Hann hefði enga hugmynd um Geirfinnsmálið og kvaðst ekki muna eftir að hafa lagt í neina

⁸⁴⁹ Bls. 704.

⁸⁵⁰ Dagbók nr. 4, bls. 116.

⁸⁵¹ Dagbók nr. 4, bls. 116b.

⁸⁵² Bls. 1047.

ferð af Vatnsstígnum. Kvaðst hann þekkja [SJGu], leigubifreiðastjóra, en vissi ekki til þess að hann þekkti nokkuð til málsins. Loks var bókað þennan sama dag um upplýsingar þess efnis að [PS], fyrrverandi kærasta Tryggva Rúnars Leifssonar, hafi verið að hælast um af því að hafa sloppið vel frá viðtali við Sigurbjörn Víði rannsóknarlögreglumann. Hafi [PS] sagst vita hvernig atburðurinn hafi gerst og um felustað. Bókað var að þar ætti hún við um annaðhvort eða bæði lík þeirra Guðmundar og Geirfinns.⁸⁵³

415. Þennan dag, 13. maí 1976, birtust fréttir af rannsókn Geirfinnsmálsins í flestum prentmiðlum. Í Tímanum var frétt þar sem haft var eftir Ólafi Jóhannessyni dómsmálaráðherra að hann hafi á fundi með rannsóknaraðilum lýst því yfir sem vilja ráðuneytisins að rannsókn málsins yrði hraðað og ráðuneytið myndi veita alla þá aðstoð sem hugsast gæti við málsrannsóknina. Fullyrti ráðherra að engu yrði til sparað við að upplýsa málið.⁸⁵⁴ Þá var birt viðtal við Magnús Leópoldsson í Dagblaðinu sama dag þar sem haft var eftir honum að yfirheyrslurnar í Síðumúlafangelsinu hafi verið bestu stundirnar í gæsluvarðhaldinu, enda hafi vistin ekki átt við hann, frekar en aðra.⁸⁵⁵ Í leiðara Morgunblaðsins þennan dag sagði að eins og staða málsins blasti við öllum almenningi virtist rannsókn Geirfinnsmálsins hafa siglt í strand og við það yrði ekki unað. Þá sagði að svo virtist sem ungir og lítt reyndir menn hafi aðallega haft með höndum rannsókn málsins og þeirri spurningu varpað fram hvers vegna sakadómarar og rannsóknarlögreglumenn sem mestu reynsluna hefðu hafi ekki verið fengin meðferð málsins.⁸⁵⁶ Í Vísi var birt viðtal við Einar Bollason þar sem hann greindi frá vist sinni í Síðumúlafangelsinu. Fullyrti Einar að eitthvað bogið væri við þetta mál allt saman og kvað margt benda til að Erla væri ekki sjálfri sér samkvæm. Því til staðfestingar greindi Einar frá því að réttargæslumaður hans hafi spurt Erlu fyrir dómi hvort hún teldi sig hafa séð meðal annarra tvo landsþekkta lögreglumenn í Dráttarbrautinni og hafi hún þá talið það hugsanlegt að þeir hafi verið meðal þess fólks sem þar hafi verið umrætt kvöld. Í viðtalinu kvaðst Einar vilja leggja á það áherslu að sakadómarrinn hafi reynst sér eins vel og hægt væri að ætlast til af nokkrum manni. Sama væri að segja um rannsóknarlögreglumennina sem unnið hefðu að málinu. Þá sagði Einar fangaverðina í Síðumúlanum vera úrvalsmenn og hefði ekki yfir neinum þeirra að kvarta. Lýsti Einar því yfir að sér þætti ekki skrítið að almenningur tryði framburði vitna í málinu þó þau væru vafasöm, sérstaklega þar sem frásögn þeirra væru í megindráttum samhljóða þeim kjaftasögum sem hafi komist fljótlega á kreik eftir hvarf Geirfinns. Í lok viðtalsins gat Einar þess að óhætt væri að fullyrða að starfsliðið í Síðumúlafangelsinu gerði allt sem hægt væri til að létta þeim sem þar væru vistina. Aftur á móti væru klefarnir þröngir og í gæsluvarðhaldi fengju menn nánast ekkert samband að hafa við umheiminn, fengju engin blöð, hvorki að fylgjast með útvarpi né sjónvarpi og ekkert beint samband að hafa við ættingja eða vini.⁸⁵⁷

⁸⁵³ Bls. 1050.

⁸⁵⁴ Bls. 712.

⁸⁵⁵ Bls. 713.

⁸⁵⁶ Bls. 714.

⁸⁵⁷ Bls. 716.

416. Föstudaginn 14. maí 1976 var bókað í dagbók Síðumúlafangelsisins að milli klukkan 10:15 og 10:40 hafi Hallvarður vararíkissaksóknari komið og tekið Kristján Viðar til smá viðtals, eins og það var bókað. Rannsóknargögn liggja ekki fyrir um viðtalið. Bókað var að Hallvarður hafi farið klukkan 13:35, en hafi áður talað aðeins við Kristján Viðar. Klukkan 14:00 hafi [ÓSi], fulltrúi borgarfégeta og lyftingamaður, eins og það er bókað í færslunni, komið til að tala við Eggert. Klukkan 15:05 var bókað að Kristján Viðar hafi verið tekinn fram til viðtals við [ÓSi], Hallvarð og Eggert til klukkan 15:20.⁸⁵⁸ Rannsóknargögn um viðtalið liggja ekki fyrir önnur en færsla í rannsóknardagbók Eggerts og Sigurbjörns Víðis. Þar kemur fram að tilefni þess að [ÓSi] var kallaður til hafi verið það að Kristján Viðar hafi bent á hann á mynd af hópi lyftingamanna og talið hann einn þeirra sem hafi verið í eða við sendiferðabifreiðina við Vatnsstíginn. Kvaðst [ÓSi] vita hverjir Kristján Viðar, Sævar og Tryggvi Rúnar væru og hafa átt einhver samskipti við Kristján Viðar við veitingahús í borginni. Neitaði [ÓSi] því alfarið að hafa farið nokkurn tímann í sendibifreið til Keflavíkur.⁸⁵⁹ Bókað var í rannsóknardagbókina að [ÓSi] og Kristján Viðar hafi verið leiddir saman og kannast við hvorn annan. Bar Kristján Viðar það á [ÓSi] að hafa verið í sendibifreiðinni við Vatnsstíg, en hann staðfastlega neitaði því. Bókað var að [ÓSi] hafi verið gert það ljóst að hann væri sterklega grunaður um að hafa tekið þátt í þessari Keflavíkurferð en sleppt að viðtalinu loknu.⁸⁶⁰
417. Í dagbók fangelsisins þennan dag var bókað klukkan 15:45 að Gylfi Ásmundsson, sálfræðingur, hafi tekið Erlu til viðtals. Fimmtán mínútum síðar var bókað um komu Njarðar með póst til Sævars sem hann fengi ekki inn á klefa. Klukkan 16:45 var bókað að Gylfi sálfræðingur hafi farið. Bókað var í fangelsisdagbókina klukkan 17:50 að Kristján Viðar og Erla hafi verið tekin fram fyrir Hallvarð og Sigurbjörn Víði. Klukkan 18:45 var bókað að Eggert hafi farið að sækja Guðjón Skarphéðinsson að beiðni Hallvarðs. Fimm mínútum síðar var bókað að Erla og Kristján Viðar hafi verið færð á klefa sína. Rannsóknargögn um sampröfunina liggja ekki fyrir. Klukkan 19:00 var bókað um komu Eggerts með Guðjón Skarphéðinsson.
418. Fyrir liggur skýrsla um yfirheyrslu yfir Guðjóni Skarphéðinssyni, með réttarstöðu vitnis. Kvaðst hann hafa þekkt Sævar Ciesielski um nokkurt skeið. Fyrstu kynni þeirra hafi verið við skólann að Reykjanesi við Ísafjarðardjúp þar sem Sævar hafi verið nemandi en hann kennari. Síðan þá hafi þeir hist af og til. Greindi Guðjón frá því að Sævar hafi oftast en einu sinni fært það í tal við sig að taka þátt í fjársvikum gagnvart Pósti og Síma. Kvaðst Guðjón hafa hlegið að Sævari og hann þá móðgast og þeir ekki hist frá því um þjóðhátíð sumarið 1974 og þar til vorið 1975. Um sumarið 1975 hafi þeir átt meira saman að selda og hist öðru hvoru. Kvaðst Guðjón þó ekki hafa sóst eftir félagsskap Sævars. Slitnaði upp úr samskiptum þeirra í desember 1975 vegna fíkniefnamáls sem þá komst upp um. Greindi Guðjón frá því að sumarið 1975 hafi hið svokallaða Geirfinnsmál borist í tal þeirra á milli og þá hafi Sævar sagst allt vita um það mál. Kvaðst Guðjón hafa innt hann eftir vitneskju hans en þá hafi ekki verið meira

⁸⁵⁸ Dagbók nr. 4, bls. 117.

⁸⁵⁹ Bls. 1052.

⁸⁶⁰ Bls. 1053.

upp úr honum að hafa.⁸⁶¹ Þá hafi Sævar einu sinni haft á orði að enginn vandi væri að losna við menn fyrir fullt og allt á Íslandi. Hafi Sævar sagt að allt sem þyrfti að gera væri að kála þeim og urða þá svo suður í hrauni og þar myndust þeir aldrei. Kvaðst Guðjón ekki muna tilefnið að baki þessum orðum Sævars. Sérstaklega aðspurður um veru sína í nóvember 1974 og hvort hann hafi verið í eða við sendiferðabifreið á Vatnsstíg á þeim tíma ásamt Sævari, Erlu og Kristjáni Viðari kvaðst Guðjón hafa verið að standsetja íbúð á þeim tíma sem hann hafi keypt og þá verið flest eða öll kvöld heima. Kvaðst Guðjón alls ekki kannast við að hafa verið neitt í sambandi við slíka bifreið veturinn 1974 nema þegar hann hafi flutt búferlum. Sagðist Guðjón þekkja Erlu í sjón en ekki þekkja Kristján Viðar en þó vita að hann væri kunningi Sævars. Undir lok yfirheyrslunnar rifjaðist upp fyrir Guðjóni að Sævar hafi komið til sín í október 1974 á Land Rover bifreið sem hann hafi þá nýverið keypt. Hafi Sævar boðið honum að prófa að aka bifreiðinni en Erla hafi setið undir stýri. Minnti Guðjóni að það hafi verið þá sem hann hafi hitt Erlu í fyrsta sinn.⁸⁶² Var skýrslutökunni lokið klukkan 21:03 og var bókað í fangelsisdagbókina að Eggert og Sigurbjörn Víðir hafi farið með Guðjón heim klukkan 21:30.⁸⁶³

419. Þennan sama dag var bókað í dagbók Síðumúlafangelsisins að Kristján Viðar hafi verið tekinn fram klukkan 19:45 og færður á klefa sinn klukkan 20:05. Rannsóknargögn liggja ekki fyrir um tilefnið.⁸⁶⁴
420. Laugardaginn 15. maí 1976 var bókað í dagbók fangelsisins við Síðumúla að Kristján Viðar hafi verið færður fram í yfirheyrslu milli klukkan 16:20 og 16:40. Þá var bókað um komu [VK] í fangelsið klukkan 17:20 og hafi Eggert tekið hann í skýrslutöku. Á sama tíma hafi Hallvarður og Sigurbjörn Víðir farið inn á klefa til Kristjáns Viðars til að athuga hvort hann væri tilbúinn til að gefa skýrslu um tiltekin atriði.⁸⁶⁵ Fyrir liggur skýrsla um yfirheyrslu yfir [VK]. Bókað var að [VK] hafi sagst hafa rifjað upp samskipti sín við Sævar á þeim tíma sem Geirfínnur hvarf eftir að hafa lesið um málið í blöðunum. Kvaðst hann hafa haldið dagbók sem hann hafi skráð vinnustundir sínar í sem og sérstaka viðburði. Greindi vitnið frá því að samkvæmt dagbókinni hafi hann unnið til klukkan 19:30 þriðjudaginn 19. nóvember 1974 og farið svo á Kjarvalsstaði á Sögusýninguna til að horfa á kvikmyndina „Eldur í Heimaey“ með föður sínum og eiginkonu. Á Kjarvalsstöðum hafi hann hitt Sævar með móður sinni. Kvaðst vitnið ekki muna eftir því að aðrir hafi verið með Sævari. Hafi þeir ekki rætt lengi saman og ekki hist aftur um kvöldið. Aðspurður kvaðst hann halda að klukkan hafi verið rúmlega 20:00 eða 21:00. Kvikmyndin hafi verið sýnd fjórum sinnum þetta kvöld og kvaðst [VK] halda að hann hafi hitt þau mæðgin eftir fyrstu eða aðra sýninguna, en sýningartíminn hafi verið um 30 mínútur og liðið hafi 10 til 15 mínútur á milli sýninga. Þá kvaðst vitnið ekki muna betur en að í eitt skipti er hann hafi hitt Sævar hafi hann sagst vera að flýta sér þar sem hann væri að fara til Keflavíkur. Við það tilefni hafi hann komið til sín, eða þeir hist og þá hafi Sævar sagst hafa verið að koma

⁸⁶¹ Bls. 720.

⁸⁶² Bls. 721–722. Sjá einnig rannsóknardagbók bls. 1054.

⁸⁶³ Dagbók nr. 4, bls. 117b.

⁸⁶⁴ Dagbók nr. 4, bls. 117b.

⁸⁶⁵ Dagbók nr. 4, bls. 119.

úr Klúbbnum. Taldi vitnið að þetta hafi verið um klukkan 21:00 og því hafi hann furðað sig á því að Sævar hafi verið að koma svo snemma af veitingastaðnum. Gat [VK] ekki munað hvort þetta hafi verið sama kvöld og kvikmyndasýningin eða tvö aðskilin tilvik. Taldi hann það einnig hugsanlegt að Sævar hafi ekki sagst hafa verið að fara til Keflavíkur heldur hafi hann sagst hafa farið þangað, ef til vill daginn áður. Þá kvaðst [VK] hafa það á tilfinningunni að þegar hann hafi hitt Sævar að Kjarvalsstöðum hafi hann verið að flýta sér eitthvað og jafnvel ekki séð kvikmyndina. Bókað var að vitnið hafi afhent lögreglu dagbókina sína. Var yfirheyrslunni lokið klukkan 17:55.⁸⁶⁶

421. Í fangelsisdagbókina var bókað að Sigurbjörn Víðir hafi farið með [VK] klukkan 18:00 og á sama tíma hafi Hallvarður tekið Kristján Viðar til viðtals. Rannsóknargögn um viðtalið liggja ekki fyrir. Klukkan 18:35 var bókað að Eggert hafi tekið Kristján Viðar til skýrslutöku til klukkan 19:30. Fyrir liggur skýrsla um yfirheyrsluna þar sem í upphafi er bókað að þegar skýrsla var tekin af Guðjóni Skarphéðinssyni daginn áður, 14. maí 1976, hafi Kristján Viðar verið færður úr klefa sínum í herbergi við hliðina þess sem skýrslutakan af Guðjóni hafi farið fram í. Þannig hafi Kristjáni Viðari verið gert mögulegt að sjá Guðjón tvívegis á meðan yfirheyrslunni stóð og með þeim hætti að hann hafi getað virt Guðjón vel fyrir sér. Við það tilefni var Kristján Viðar inntur eftir því hvort hann hafi borið kennsl á Guðjón. Bókað var í skýrsluna að Kristján Viðar hafi þá sagst fullviss að þar væri kominn „útlendingslegi maðurinn“ sem hann hafi rætt um að hafi verið á Vatnsstíg og síðar í Dráttarbraut Keflavíkur.⁸⁶⁷ Í framhaldinu er bókað um yfirheyrslu yfir Kristjáni Viðari þennan dag, 15. maí 1976. Kvaðst Kristján Viðar fullviss um að maðurinn sem hann hafi séð í yfirheyrsluherberginu í gær og honum hafi verið tjáð að væri Guðjón Skarphéðinsson, væri sá sem hann hafi séð á tali við Sævar við sendiferðabifreiðina við Vatnsstíg og honum hafi fundist útlendingslegur í útliti. Hafi það verið hann sem hafi sagt við Sævar hvort ekki væri nægilegt pláss í bifreiðinni sem þeir hafi komið á, sem hafi verið rauðleit á litinn. Þá hafi hann jafnframt sagt eitthvað á þá leið; „Nú leggjum við í hann, strákar.“ Virtist Kristjáni Viðari sem Guðjón hafi stjórnað því sem þarna fór fram.⁸⁶⁸ Þá hafi Guðjón spurt hann og Sævar í Dráttarbrautinni hvort þeir hefðu eitthvað verið til sjós. Kvaðst Kristján Viðar hafa sagst hafa verið á „tappatogara“ en Sævar engu svarað. Síðan hafi hann gengið með Guðjóni niður á bryggjuna ásamt ökumanni bifreiðar hans og Sævars og fleirum til. Á bryggjunni hafi maður komið gangandi á móti þeim og þá hafi Guðjón sagt: „Hérna kem ég með einn“ og hafi þá átt við hann. Hafi þá maðurinn sagt bátinn fullmannaðan og kvaðst Kristján Viðar minnst þess að hafa séð hvítleitan bát með stýrishúsi leggja frá bryggju. Hafi þá Guðjón sagt: „Nú, mér skildist að það vantaði einn eða tvo.“ Hafi þá maðurinn sagt bátinn vera ofmannaðan og vera farinn út. Í kjölfarið hafi Guðjón sagt honum að standa við bát í Dráttarbrautinni. Nokkru síðar hafi átök orðið og maðurinn umkringdur eins og hann hafi áður lýst. Hafi Guðjón þá sagt Kristjáni Viðari að fara

⁸⁶⁶ Bls. 728–729.

⁸⁶⁷ Bls. 730.

⁸⁶⁸ Bls. 730.

að bifreiðinni því hann hefði ekkert að gera þarna. Kvaðst Kristján Viðar þá hafa sagt við Guðjón að hann hafi talið sig eiga verk að vinna. Taldi Kristján Viðar að hann hafi staðið upp við bátinn í um tvær klukkustundir. Lýsti Kristján Viðar því að fokið hafi í sig þegar Guðjón hafi neitað honum um greiðslu og sagt honum að snauta að bifreiðinni. Kvaðst Kristján Viðar hafa gert eins og Guðjón hafi fyrir sig lagt, en þá hafi enginn verið við bifreiðina. Hafi hann þá gengið um í myrkrinu og leitað að Sævari og þá komið auga á manninn liggjandi í jörðinni líkt og hann hafi áður lýst. Var yfirheyrslunni lokið klukkan 19:25.⁸⁶⁹

422. Þá var bókað að Sigurbjörn Víðir hafi komið klukkan 23:25 og farið inn til Kristjáns Viðar. Bókað var að Sigurbjörn Víðir hafi farið klukkan 23:40. Rannsóknargögn um vitjunina liggja ekki fyrir.⁸⁷⁰
423. Sunnudaginn 16. maí 1976 var bókað í dagbók Síðumúlafangelsisins að Örn hafi komið klukkan 16:50 og rætt við Erlu í 20 mínútur. Rannsóknargögn um viðtalið liggja ekki fyrir. Klukkan 23:00 var Sigurbjörn Víðir boðaður að beiðni Kristjáns Viðars. Á sama tíma mætti Hallvarður. Klukkan 23:20 var Kristján Viðar tekinn fram til viðtals af Sigurbirni Víði og Hallvarði.⁸⁷¹ Fyrir liggur skýrsla um yfirheyrsluna þar sem í upphafi var bókað um að [ÓSi] hafi mætt til yfirheyrslu hjá lögreglu 14. maí 1976. Hafi Kristján Viðar verið viðstaddur hluta yfirheyrslunnar, enda bent á vitnið sem einn þeirra sem hafi verið í sendibifreiðinni við Vatnsstíg.⁸⁷² Í framhaldinu var bókað um yfirheyrslu yfir Kristjáni Viðari sem fram hafi farið að hans eigin ósk. Kvaðst Kristján Viðar þess fullviss að maðurinn sem hann hafi séð í yfirheyrsluherberginu á föstudag og ræddi lítillaga við hafi verið sá sem hann hafði áður nefnt sem lyftingamann. Sagði Kristján Viðar að umræddur maður hafi verið inni í farmskýli sendibifreiðarinnar á Vatnsstíg ásamt fleiri mönnum sem hann hafi ekki getað borið kennsl á. Það hafi verið hann sem hafi sagt að hann og Sævar væru ekki miklir til vinnu. Var yfirheyrslu lokið á miðnætti.⁸⁷³ Var Kristján Viðar færður aftur á klefa sinn og Erla tekin fram til viðtals. Klukkan 00:50 var Erla aftur sett inn á klefa sinn. Rannsóknargögn um viðtalið við Erlu liggja ekki fyrir.
424. Mánudaginn 17. maí 1976 var bókað í fangelsisdagbókina klukkan 17:00 að Sigurbjörn Víðir hafi tekið Kristján Viðar til viðtals, en hann hafi gert boð eftir Sigurbirni Víði. Klukkan 17:25 var bókað að Kristján Viðar hafi verið færður aftur á klefa. Rannsóknargögn um viðtalið liggja ekki fyrir. Klukkan 17:30 var bókað í dagbókina að Ingvar Kristjánsson geðlæknir hafi komið en hann muni taka að sér geðrannsókn á Sævari. Hafi læknirinn rætt stuttlega við færsluritara og Sigurbjörn Víði áður en hann tók Sævar til viðtals.⁸⁷⁴ Klukkan 18:05 lauk Ingvar geðlæknir viðtali við Sævar og hann færður aftur á klefa sinn. Bókað var að Ingvar hafi óskað eftir að fá að skoða klefa svipaðan þeim sem Sævar væri vistaður í. Hafi honum

⁸⁶⁹ Bls. 732.

⁸⁷⁰ Dagbók nr. 4, bls. 119.

⁸⁷¹ Dagbók nr. 4, bls. 119b.

⁸⁷² Bls. 739.

⁸⁷³ Bls. 739.

⁸⁷⁴ Dagbók nr. 4, bls. 120.

fundist frekar vistlegt í fangelsinu og haft sérstaklega á orði hversu hreint væri allstaðar, önnur fangelsi væru mun óvistlegri og óhreinni. Aðspurður hafi hann sagst ekki vita hvenær hann kæmi aftur þar sem hann þyrfti að athuga margs konar skýrslur og skjöl áður. Klukkan 23:40 var hringt í séra Jón Bjarman fyrir Erlu sem kom klukkan 23:50 og ræddi við Erlu til klukkan 02:30.

425. Þennan dag var bókað í rannsóknardagbók Eggerts og Sigurbjörns Víðis að upplýsingar hafi borist frá Birgi Baldurssyni, gæslumanni í fangelsinu að Litla-Hrauni, að Tryggvi Rúnar og samfangi hans [BVA] hafi verið miklir trúnaðarvinir í fangelsinu. Hafi [BVA] lýst því yfir að vita ýmislegt um málin, eins og hann hafi orðað það. Bókað var að Njörður Snæhólm hafi tekið skýrslu af honum, en ekkert hafi komið þar fram sem máli hafi skipt.⁸⁷⁵
426. Þriðjudaginn 18. maí 1976 var bókað í dagbók fangelsisins við Síðumúla að Sigurbjörn Víðir hafi komið klukkan 10:50 með [GuBi] til yfirheyrslu. Klukkan 11:05 hafi Njörður og Hallvarður komið og blandað sér í yfirheyrsluna. Klukkan 12:00 hafi [GuBi] verið settur á klefa númer átta og gert matarhlé. Rannsóknargögn um yfirheyrsluna liggja ekki fyrir. Klukkan 13:40 hafi hann verið færður aftur fram til viðtals við Sigurbjörn Víði. Klukkan 14:00 var bókað í dagbókina að Páll Arnór Pálsson, réttargæslumaður Kristjáns Viðars, hafi hringt og spurt hvernig stæði með viðtal við skjólstæðing sinn. Bókað var að Páll Arnór mætti nú orðið ræða einslega við Kristján Viðar. Bókað var klukkan 14:05 að séra Jón Bjarman hafi hringt og spurt um líðan Erlu Bolladóttur og almennra fréttu. Á sama tíma hafi [GuBi] verið settur aftur á klefa. Rannsóknargögn um viðtalið liggja ekki fyrir. Þá hafi Kristján Viðar verið tekinn fram til skýrslutöku hjá Sigurbirni Víði.⁸⁷⁶ Fyrir liggur skýrsla um yfirheyrsluna þar sem Kristján Viðar lýsir því yfir að hann hafi hugsað mikið um málið og þá sérstaklega hvaða menn hafi verið í sendibifreiðinni á Vatnsstíg. Kvaðst hann þess nú fullviss að einn þeirra sem hafi verið í farmskýli sendibifreiðarinnar hafi verið [GuBi]. Kvaðst Kristján Viðar hafa verið með honum á sjó fyrir nokkrum árum á togaranum Margréti. Myndi hann einnig eftir því að hafa séð [GuBi] aka hvítri Volkswagen sendibifreið og þá hafi hann einnig hitt hann á Þórscafé. Kvaðst Kristján Viðar muna eftir því að þegar hann hafi séð [GuBi] í sendibifreiðinni að þá hafi hann sagt við Sævar að hann myndi ekki fara inn í bifreiðina vegna veru Guðmundar. Greindi Kristján Viðar frá því að [GuBi] hafi verið búinn að vera reiður út í hann fyrir að hafa lamið kunningja [GuBi]. Kvaðst Kristján Viðar líka muna eftir því að hafa spurt Sævar hvernig stæði á öllum þessum mannskap og þá hafi Sævar sagt það í lagi þar sem mennirnir þekktust ekki. Í lok skýrslunnar kvaðst Kristján Viðar vilja ítreka það að hann væri þess alveg fullviss að [GuBi] hafi verið í sendibifreiðinni og kvaðst tilbúinn að leggja eið að framburðinum. Var skýrslutökunni lokið klukkan 14:25.⁸⁷⁷
427. Bókað var í fangelsisdagbókina þennan dag að Páll Arnór Pálsson, réttargæslumaður Kristjáns Viðars, hafi komið klukkan 14:30. Hafi Kristján Viðar þá verið færður aftur á klefa sinn til viðtals við réttargæslumann sinn til klukkan 15:30. Bókað var klukkan

⁸⁷⁵ Bls. 1058.

⁸⁷⁶ Dagbók nr. 4, bls. 121.

⁸⁷⁷ Bls. 742.

15:20 að [GuBi] hafi verið tekinn fram til viðtals við Sigurbjörn Víði og Eggert.⁸⁷⁸ Klukkan 16:30 var bókað að [GuBi] hafi verið settur aftur á klefa sinn. Rannsóknargögn um viðtalið liggja ekki fyrir. Klukkan 18:30 var bókað að Kristján Viðar hafi verið tekinn fram til viðtals og stuttu síðar hafi [GuBi] verið færður fram til samprófunar við Kristján. Var Kristján Viðar færður á klefa sinn 15 mínútum síðar. Bókað var klukkan 18:55 að [GuBi] hafi verið færður á klefa sinn aftur. Rannsóknargögn liggja ekki fyrir um samprófunina. Klukkan 19:15 var bókað í fangelsisdagbókina að Eggert hafi farið eftir að hafa verið í góða stund inni hjá Erlu. Hafi hann komið aftur klukkan 19:55 og farið inn á klefa til Erlu. Rannsóknargögn um vitjunina liggja ekki fyrir. Þá var bókað klukkan 20:10 að Sigurbjörn Víðir hafi tekið [GuBi] fram til viðtals. Fyrir liggur skýrsla um yfirheyrsluna þar sem fram kemur að [GuBi] hafi verið kynntur framburður Kristjáns Viðars um að hann hafi verið í sendibifreið á Vatnsstíg ásamt fleiri mönnum 19. nóvember 1974. Kvað [GuBi] það vera algjör ósannindi hjá Kristjáni Viðari. Sagði hann það rétt hjá Kristjáni að þeir hafi verið saman á togaranum m/b Margréti sem gerður hafi verið út frá Norðfirði fyrir nokkrum árum. Hafi þeir verið ágætis kunningjar á þeim tíma. Greindi [GuBi] frá því að hann og [ABP] hafi orðið miklir vinir eftir að hann hafi flutt til Reykjavíkur. Þegar [ABP] hafi greint sér frá því að Kristján Viðar hafi farið illa með sig í áflogum hafi [GuBi] ákveðið að hætta samskiptum við Kristján. Rétt væri að þeir hafi hist í Þórscafé en þá hafi [GuBi] hunsað Kristján og ekkert viljað með hann hafa. Hafi Kristján Viðar reiðst við það og næstum komið til átaka á milli þeirra. Kvað [GuBi] það einnig rétt að hann hafi ekið hvítri Volkswagen sendibifreið, en það hafi verið á þeim tíma sem hann hafi unnið hjá Sláturfélagi Suðurlands. Ítrekaði [GuBi] að þetta væru algjör ósannindi hjá Kristjáni Viðari en kvaðst ekki geta komið auga á neina ástæðu fyrir því að hann væri að bera þetta upp á hann. Lauk yfirheyrslunni klukkan 20:50.⁸⁷⁹

428. Loks var bókað í fangelsisdagbókina þennan dag, 18. maí 1976, að Örn hafi komið klukkan 21:30 og rætt við Erlu Bolladóttur. Hafi hann farið klukkan 23:00. Þá var bókað um símtal frá Jóni Oddssyni, réttargæslumanni Sævars, klukkan 02:00. Hafi hann spurt um líðan Sævars.⁸⁸⁰
429. Meðal rannsóknargagna er handrituð skýrsla dagsett sama dag, 18. maí 1976, en að öðru leyti ómerkt. Í upphafi skýrslunnar er ritað nafn og heimilisfang móðurbróður Sævars, [ÁBG], Akraseli 27. Fram kemur í skýrslunni að [GuðGuðj] bóndi á Stóra-Hofi eigi lítinn rússneskan riffil sem hafi verið geymdur í bragga þar sem hefði verið hægt að ná í hann. Sævar hafi getað mátað riffilinn en hann hafi alltaf verið að koma austur með alls konar fólk á alls konar bifreiðum. Fullyrt að Sævar hafi reykt hass fyrir austan. Guðjón Skarphéðinsson hafi farið austur að Stóra-Hofi í fyrra með Sævari og þeir verið að ólöglegum veiðum. Hafi þeir tekið niður girðingu og ekið hring eftir hring á túninu. Veiddu þeir 15 silunga sem hafi svo verið kært á Selfossi.⁸⁸¹

⁸⁷⁸ Dagbók nr. 4, bls. 121.

⁸⁷⁹ Bls. 743.

⁸⁸⁰ Dagbók nr. 4, bls. 122.

⁸⁸¹ Bls. 744–745.

430. Miðvikudaginn 19. maí 1976 var bókað í dagbók fangelsisins að Sigurbjörn Víðir hafi tekið [GuBi] til yfirheyrslu. Var hann færður aftur á klefa sinn klukkan 09:30. Meðal rannsóknargagna er skýrsla um yfirheyrsluna þar sem fram kemur að [GuBi] hafi sagst halda fast við fyrri framburð sinn í málinu sem væri sannleikanum samkvæmur. Ítrekaði hann að framburður Kristjáns Viðars um veru sína í sendibifreið við Vatnsstíg væri ósannur með öllu.⁸⁸² Bókað var í fangelsisdagbókina að Páll Arnór Pálsson, réttargæslumaður Kristjáns Viðars, hafi hringt klukkan 10:15, og spurt um skjólstæðing sinn og útivist hans. Fimm mínútum síðar var bókað að séra Jón Bjarman hafi hringt vegna Sævars og rætt um hugsanlegt samband við hann. Bókað var klukkan 10:50 að Sigurbjörn Víðir hafi komið aftur og tekið [GuBi] strax aftur fyrir. Tíu mínútum síðar var bókað að [GuBi] hafi verið sleppt. Rannsóknargögn um viðtalið liggja ekki fyrir. Í dagbókina var bókað að hringt hafi verið í Örn klukkan 11:15 í sambandi við útivist fanga. Ákveðið hafi verið að Kristján Viðar, Tryggvi Rúnar og Erla fengju að fara út í um 15 mínútur á dag. Eftir nokkra daga yrði tekin ákvörðun um hvort Erla yrði flutt í Hegningarhúsið. Bókað var við sama tilefni að séra Jón Bjarman mætti tala við Sævar þegar honum hentaði en bara í eitt skipti. Ef fangelsispresturinn vildi ræða oftari við hann yrði að hafa samband við Örn.⁸⁸³ Klukkan 16:45 var bókað að Sigurbjörn Víðir hafi farið inn á klefa til Erlu. Klukkan 17:55 var bókað að Hallvarður hafi komið til viðræðna við Sigurbjörn Víði. Klukkan 18:25 var bókað að Hallvarður hafi farið og Sigurbjörn Víðir hafi þá farið aftur inn á klefa Erlu til klukkan 19:10. Rannsóknargögn um vitjanirnar liggja ekki fyrir. Bókað var klukkan 21:45 að hringt hafi verið í Örn vegna áriðandi upplýsinga sem Erla hafi sagst þurfa að koma á framfæri. Klukkan 22:15 var bókað að Örn hafi komið og talað við Erlu. Klukkan 22:45 var bókað að Örn og Hannes Thorarensen rannsóknarlögreglumadur hafi farið með Erlu í bíltúr. Klukkan 23:40 var bókað að komið hafi verið með Erlu úr bíltúrnum. Rannsóknargögn liggja ekki fyrir um ökuferðina.⁸⁸⁴
431. Í Dagblaðinu þennan dag, 19. maí 1976, var birt forsíðufrétt með fyrirsögninni: „Hvenær fær Jón Oddsson hrl. áheyrn dómismálaráðherra?“ Haft var eftir Jóni Oddssyni, réttargæslumanni Sævars, að hann hafi óskað eftir viðtali við dómismálaráðherra til að bera undir hann niðurstöður víðtækra rannsókna sem gerðar hafi verið í hinu svokallaða Geirfinnsmáli. Fram kom að vegna þagnarskyldu gæti Jón ekki skýrt Dagblaðinu frá þeirri athugun sem hann hafi gert á málinu. Í fréttinni var greint frá því að Erla Bolladóttir hafi starfað skamman tíma á skrifstofu Jóns. Þá kom einnig fram að Jón Oddsson hafi verið lögfræðingur jórdanska mannsins sem hafi farið ásamt Hauki Guðmundssyni, lögreglumanni og [GSig], eiginkonu Geirfinns, til fundar við alsjáanda í Jórdaníu á sínum tíma. Í lok fréttarinnar sagði að vegna sérstakrar þekkingar sinnar á málinu hafi Jón Oddsson lagt mikla vinnu í starf sitt, að öllum öðrum ólöstuðum. Nú væri það spurning hvenær dómismálaráðherra veitti honum áheyrn.⁸⁸⁵

⁸⁸² Bls. 747.

⁸⁸³ Dagbók nr. 4, bls. 122.

⁸⁸⁴ Dagbók nr. 4, bls. 122b.

⁸⁸⁵ Bls. 748.

432. Fimmtudaginn 20. maí 1976 var bókað í dagbók fangelsisins við Síðumúla klukkan 15:55 að séra Jón Bjarman hafi farið inn á klefa til Sævars. Bókað var að þegar presturinn hafi farið inn hafi Sævar afhent Guðjóni fangaverði bréf það sem Erla hafi skrifað honum og Örn hafi beðið Högna fangavörð um að afhenda Sævari. Lét færsluritari þess getið að til að fyrirbyggja misskilning hafi hann lesið bréfið yfir og í því hafi verið ekkert sem skemmt hefði getað málið. Heldur hefði það orðið málinu til framdráttar ef Sævar hefði tekið til greina það sem hún hafi skrifað. Klukkan 17:00 var bókað í fangelsisdagbókina að séra Jón hafi komið út frá Sævari en ekki haft erindi sem erfiði.⁸⁸⁶ Bókað var að milli klukkan 22:30 og 23:25 hafi Sigurbjörn Víðir rætt við Erlu inni á klefa hennar.⁸⁸⁷ Rannsóknargögn um vitjunina liggja ekki fyrir.
433. Föstudaginn 21. maí 1976 var bókað í fangelsisdagbókina að Jón Oddsson, réttargæslumaður Sævars, hafi hringt og viljað ræða við Sigurbjörn Víði eða Eggert. Bókað var að honum hafi verið bent á að hafa samband við sakadóm. Klukkan 10:40 var bókað að farið hafi verið með Kristján Viðar í heilarit á Eiríksgötu 29 í Reykjavík, á vegum Lárusar Helgasonar, yfirlæknis á Kleppi. Var komið aftur með Kristján klukkan 11:30. Bókað var klukkan 15:45 að Sigurbjörn Víðir hafi tekið Erlu til viðtals í horninu. Klukkan 16:30 var bókað um komu Gylfa Ásmundssonar sálfræðings sem hafi tekið Sævar til viðtals á klefa 15. Klukkan 17:10 var bókað að Erla hafi verið færð aftur á klefa sinn.⁸⁸⁸ Rannsóknargögn um viðtalið liggja ekki fyrir.
434. Þennan dag var birt frétt á baksíðu Dagblaðsins með fyrirsögninni: „Rannsóknin í ýmsu sem leiksýning sem þarf að stöðva – segir Jón Oddsson, lögfræðingur“. Í fréttinni var haft eftir Jóni Oddsyni, réttargæslumanni Sævars, að nauðsyn væri á algjörum þáttaskilum í rannsókn og allri meðferð hins svokallaða Geirfinnsmáls. Í viðtali við Dagblaðið sagði Jón að rannsóknin hafi að ýmsu leyti verið eins konar leiksýning sem yrði að stöðva þegar í stað. Greindi hann frá fundi sínum með dómsmálaráðherra, ráðuneytisstjóra og deildarstjóra dómsmálaráðuneytisins. Kvað hann viðræður þeirra einkum hafa snúist um undirstöðuatriði rannsóknar málsins frá réttarfarslegu og stjórnsýslulegu sjónarmiði. Þá kvaðst hann hafa átt fund í framhaldinu með Erni og Sigurbirni Víði. Hafi þeir rætt réttarfarslega meðferð málsins og borið saman fjárhagslegar upplýsingar. Kvaðst Jón hafa lagt fyrir Örn tillögur til nýrra rannsóknaraðferða. Gera þyrfti afar umfangsmikla rannsókn á fjármálalífi þjóðarinnar. Næði slík rannsókn óhjákvæmilega til þriggja banka, fjölda veitingahúsa, lögmannsskrifstofa, stórra fyrirtækja, mikilla gjaldeyrisviðskipta og jafnvel fjárfestinga erlendis. Haft var eftir Jóni að hann teldi stóran þátt málsins vera tengdan inn í embættismannakerfið, þar á meðal embætti lögreglustjórans í Reykjavík. Fullyrti Jón að þjóðin ætti í höggi við skipulagða „mafiu“ sem hefði leikið lausum hala í íslensku þjóðlífi og efnahagslífi í mörg ár. Fram kom að Jón hafi óskað eftir rannsókn á viðskiptum Sævars, skjólstaðings síns, við lögmann í Reykjavík sem að nafninu til veitti forstöðu fasteignasölu. Þá var orðrétt haft eftir Jóni: „Ég hefi rökstudda ástæðu til að láta kanna það hvort einangrun fanganna í Síðumúla var rofin með ógætilegri

⁸⁸⁶ Dagbók nr. 4, bls. 123.

⁸⁸⁷ Dagbók nr. 4, bls. 123b.

⁸⁸⁸ Dagbók nr. 4, bls. 124.

ráðningu fangavarða í byrjun árs og tengslum þeirra við laxveiðiviðskipti, gjaldeyrissölu ásamt fleiru.“ Kvaðst hann reiðubúinn að leiða til lykilverni ef öryggi þess yrði fullkomlega tryggt.⁸⁸⁹

435. Laugardaginn 22. maí 1976 var bókað í rannsóknardagbók Eggerts og Sigurbjörns Víðis um upplýsingar frá Jóni Zoëga, lögfræðingi og fyrrum réttargæslumanni Valdimars Olsen. Bókað var að Jón hafi greint frá því að [ÁHE] hafi mikið fengið lánaða sendiferðabifreið föður síns sem væri eigandi heildverslunar við Vatnsstíg. Greindi hann frá upplýsingum þess efnis að [ÁHE] hafi verið með uppköst í eina tíu daga eftir að fjórmeningarnir hafi verið handteknir, það er Magnús, Einar, Valdimar og síðar Sigurbjörn. Bókað var að upplýsingarnar hafi komið frá stúlku sem starfaði hjá Jóni Zoëga.⁸⁹⁰
436. Fyrir liggur bréf dagsett 23. maí 1976 frá móður Sævars, [SÓG], til Jóns Oddssonar, réttargæslumanns Sævars. Í bréfinu rakti hún æsku, skólagöngu og heilsufar Sævars á sex blaðsíðum.⁸⁹¹
437. Mánudaginn 24. maí 1976 var bókað í fangelsisdagbókina að Gylfi Ásmundsson sálfræðingur hafi komið klukkan 16:30 og rætt við Sævar til klukkan 17:25.⁸⁹² Bókað var um klukkan 21:00 í dagbókina að staðið hafi yfir leit á tveimur föngum, Sævari og [ÖS] vegna gruns eða ábendingar um bréfaskipti og tóbakssendingar á milli þeirra. Bókað var að við leit í klefum beggja hafi fundist bréf og jafnframt tóbak hjá Sævari, en slíkt ætti hann ekki að hafa. Voru klefar þeirra tæmdir af öllum munum og bókað að þeir mættu ekki hafa neitt hjá sér hvorki ritföng né nokkuð annað en það nauðsynlegasta til þrifnaðar. Fram kom í færslunni að Sævar þyrfti þó að hafa blýant til að ljúka við sálfræðiþróf en að því loknu ætti að taka af honum blýantinn. Aðspurður kvaðst Sævar hafa fengið tóbakið að mestu í gegnum salernin. Af því tilefni var bókað í fangelsisdagbókina að herða ætti framvegis þá reglu að leita vel á salernum eftir að menn hafi þurft þangað til þvotta eða annarra erinda. Bókað var að Sævar og [ÖS] hafi verið settir í fótajárn og yrðu þannig þar til annað yrði ákveðið. Í lok færslunnar var þess getið að tekið yrði við sendingum til Sævars, aðallega ávöxtum. Sæng hans hafi verið tekin af honum og teppi sett í staðinn. Bókað var að ekki yrði tekið við neinum sendingum til [ÖS], enda myndi hann losna 1. júní og þyrfti ekkert þangað til.⁸⁹³
438. Þriðjudaginn 25. maí 1976 var bókað í dagbók Síðumúlafangelsisins að Jón Oddsson, réttargæslumaður Sævars, hafi hringt klukkan 10:50 og spurt eftir ýmsum mönnum sem allir hafi átt það sameiginlegt að vera ekki viðstaddir, eins og það var orðað í færslunni. Klukkan 16:25 var bókað að hringt hafi verið í Örn fyrir Högna fangavörð vegna beiðni Sævars um viðtal við réttargæslumann sinn. Bókað var haft eftir Erni að Jón Oddsson væri veikur og að afstaða yrði tekin til þess ef hann yrði það í náinni

⁸⁸⁹ Bls. 749.

⁸⁹⁰ Bls. 1060.

⁸⁹¹ Bls. 752–758.

⁸⁹² Dagbók nr. 4, bls. 126.

⁸⁹³ Dagbók nr. 4, bls. 126b.

- framtið.⁸⁹⁴ Bókað var klukkan 02:45 að [ÖS] hafi brúkað kjaft um kvöldið og látið hringla í fótajárnunum svo aðrir fangar gætu ekki sofið. Bókað var að [ÖS] hafi verið járnaður milli rúmgafls og borðfótar í tvo klukkutíma en þá hafi hann viljað bæta ráð sitt.⁸⁹⁵
439. Miðvikudaginn 26. maí 1976 var bókað í fangelsisdagbókina að séra Jón Bjarman hafi hringt klukkan 09:35 vegna viðtals við Sævar. Hafi hann ætlað að hafa samband við Örn. Bókað var klukkan 10:35 að Kristján Viðar hafi verið færður fram til viðtals við Sigurbjörn Víði og Pál Arnór Pálsson, réttargæslumann sinn. Klukkan 11:05 var bókað að Kristján Viðar hafi verið færður aftur á klefa.⁸⁹⁶ Rannsóknargögn um viðtalið liggja ekki fyrir. Klukkan 16:30 var bókað að Sigurbjörn Víðir hafi talað við Kristján Viðar og Erlu á klefum þeirra.⁸⁹⁷ Rannsóknargögn um vitjanirnar liggja ekki fyrir.
440. Daginn eftir var bókað í dagbók Síðumúlafangelsisins klukkan 17:15 að Sævar hafi verið færður fram til viðtals við séra Jón Bjarman. Bókað var að litið hafi verið yfir klefa hans á meðan og hafi þá fundist bréf, eldspýtur og penni, þrátt fyrir ítarlega leit mánudagskvöldið 24. maí 1976. Var það fjarlæggt og á sama tíma skipt um dýnu og höfuðpúða. Klukkan 18:05 var bókað að Sævar hafi verið færður á klefa sinn aftur. Var leitað á honum og bókað að Sævari hafi þótt það alger skrípaleikur, eins og það var orðað í færslunni.⁸⁹⁸ Bókað var klukkan 00:20 að Sævar hafi verið færður af klefa númer 15 yfir á klefa númer 13, aðallega vegna sprungu í vegg milli klefa númer 15 og 16, sem væri orðin ansi jöskuð, eins og það var orðað í færslunni.
441. Föstudaginn 28. maí 1976 var bókað í dagbók fangelsisins við Síðumúla klukkan 09:35 að Páll Arnór Pálsson, réttargæslumaður Kristjáns Viðars hafi hringt vegna skjólstaðings síns. Bókað var klukkan 10:10 að hringt hafi verið í Hilmar Ingimundarson, réttargæslumann Tryggva Rúnars, að hans beiðni. Klukkan 13:20 var bókað að [SEK] frænka Kristjáns Viðars hafi komið með tóbak til hans. Þá var bókað að Sigurbjörn Víðir hafi tekið Erlu fram til viðtals klukkan 13:50.⁸⁹⁹ Bókað var klukkan 16:05 að séra Jón Bjarman færi austur á Litla-Hraun um kvöldið og kæmi hann við og tæki óskalista Kristjáns Viðars. Klukkan 18:40 var bókað um komu Hallvarðs Einvarðssonar vararíkissaksóknara. Fór hann aftur klukkan 19:35 eftir að hafa rætt við Sigurbjörn Víði og Erlu, en viðtal þeirra hafi enn staðið yfir frá því fyrr um daginn.⁹⁰⁰ Bókað var í fangelsisdagbókina að yfirheyrslu Sigurbjörns Víðis yfir Erlu hafi lokið klukkan 19:40 en eftir stutt hlé hafi þau haldið áfram viðræðum að hennar ósk.⁹⁰¹ Klukkan 21:40 var bókað að Sigurbjörn Víðir hafi farið að loknu viðtali við Erlu.

⁸⁹⁴ Dagbók nr. 4, bls. 127.

⁸⁹⁵ Dagbók nr. 4, bls. 127b.

⁸⁹⁶ Dagbók nr. 4, bls. 128.

⁸⁹⁷ Dagbók nr. 4, bls. 128b.

⁸⁹⁸ Dagbók nr. 4, bls. 129.

⁸⁹⁹ Dagbók nr. 4, bls. 129b.

⁹⁰⁰ Dagbók nr. 4, bls. 130.

⁹⁰¹ Dagbók nr. 4, bls. 130b.

442. Fyrir liggur skýrsla um yfirheyrsluna þar sem fram kemur að tilefni yfirheyrslunnar hafi verið samband hennar og Sævars við Guðjón Skarphéðinsson. Tók Erla það fram að hún vissi að samband hafi verið milli Sævars og Guðjóns áður en hún kynntist Sævari. Erla kvaðst hafa hitt Guðjón ásamt eiginkonu hans í fyrsta sinn í nóvember 1973. Hafi þau lýst því yfir að ekkert væri auðveldara en að stela úr skemmum Eimskipafélagsins við Sundahöfn. Kvaðst Erla næst hafa hitt Guðjón ásamt bróður hans þegar þeir hafi komið í júní eða júlí 1974 og sótt Sævar í veiðiferð austur í Þjórsá. Nokkru eftir hafi Guðjón hringt til hennar þar sem hún bjó að Álflheimum 40 og spurt um Sævar. Kvaðst Erla hafa sagst eiga von á honum eftir klukkustund. Hafi Guðjón þá sagt að sér lægi á að ná tali af Sævari og spurt hvort hann mætti ekki koma og bíða eftir honum. Kvaðst Erla hafa samþykkt það. Hafi Guðjón komið, gengið um herbergið og lýst velþóknun sinni á lesefni hennar sem hafi verið Íslandssögubækur. Hafi hann svo farið án þess að bíða Sævars.⁹⁰² Hafi Sævar hringt í Guðjón þegar hann kom svo heim og hafi þeir þá rætt saman um einhvers konar viðskipti í um klukkustund. Erla greindi frá því að Sævar hafi komið heim í apríl 1974 með póstpoka fullan af yfirstrikuðum ávísunum, stílaðar á fyrirtæki. Kvaðst hann ætla að ræða það við Guðjón hvernig nýta mætti ávísanirnar. Greindi Erla frá því að næst þegar hún hafi hitt Sævar hafi honum verið orðið ljóst að enginn möguleiki væri á því að hagnast á þessum ávísunum. Í ágúst 1974 hafi Sævar ákveðið að svíkja fé út úr Pósti og Síma og talað um að fá Guðjón til að leysa út féð. Hafi Sævar fengið tvær andlitsmyndir af Guðjóni til að nota í skilríki annars manns. Hafi Guðjón svo hætt við þar sem honum hafi þótt þetta of áhættusamt. Erla kvaðst hafa nokkrum sinnum keyrt Sævar á heimili Guðjóns þar sem hún hafi beðið langtímum saman út í bifreiðinni. Kvaðst Erla hafa innt Sævar eftir því hvað hafi farið þeim á milli og hafi hann alltaf sagt þá hafa verið að „ræða málin“. Erla greindi frá því að í nóvember 1974 hafi hún verið með Sævari í leit að jeppabifreið sem hentaði honum. Hafi þau farið á bílaleiguna Geysi í því skyni að leigja sér bifreið. Hafi Sævar kannast við afgreiðslumanninn og minnt hann á að hann hafi áður fengið hjá honum bifreið ásamt Guðjóni Skarphéðinssyni.⁹⁰³ Sagði Erla að afgreiðslumaðurinn hafi tekið við sér þegar hann heyrði nafn Guðjóns. Kvaðst Erla hafa ekið Sævari til Guðjóns á bílaleigubílum og hún beðið eins og áður lengi í bifreiðinni á meðan Sævar hafi dvalið inni hjá Guðjóni. Hafi þau fest kaup á Land Rover bifreið nokkrum dögum seinna og ekið til Guðjóns um kvöldið. Hafi Guðjón komið út og skoðað bifreiðina. Greindi Erla frá því að þeir hafi báðir sest í framsætið og Guðjón ávarpað hana „kerlingu“. Kvaðst Erla hafa ekið af stað en eftir smástund hafi Guðjón beðið um að fá að prófa bifreiðina. Hafi hann ekið um og síðan heim til sín. Kvaðst Erla hafa ekið Sævari nánast daglega til að hitta Guðjón eftir þetta. Sagði Erla að áður en þau hafi fengið bíl og áður en hún hafi fengið bílpróf hafi Sævar farið ferðir sínar einn og hringt stundum til að láta vita af sér. Þá hafi hann verið með Guðjóni og sagst vera að „útrétta“, „redda málunum“ eða „tékka á málunum“. Greindi Erla frá því að þegar Geirfinnsmálið hafi komið fyrst fram í fjölmiðlum hafi hún heyrt á tal Sævars og Guðjóns þar sem þeir hafi rætt um málið og sagt eitthvað á þá leið að

⁹⁰² Bls. 760.

⁹⁰³ Bls. 761.

„[þ]að væri nú meira hvað neðanjarðarhreyfingin (underground-ið) væri orðið framtakssamt og áberandi.“ Síðar þegar lík hafi fundist á Seltjarnarnesi þá hafi annar hvor þeirra talað um hvort þarna væri „annar Geirfinnur“. Erla kvað Sævar hafa hringt til Guðjóns þegar þau hafi verið í Kaupmannahöfn í febrúar 1975. Hafi Erla viljað fara heim til Íslands. Hafi Sævar spurt hvernig „ástandið“ væri og hvernig „málin stæðu“. Virtist Erlu sem Guðjón hafi sagt Sævari að það væri alls ekki ráðlagt fyrir hann að koma til Íslands. Hafi Sævar verið ákveðinn eftir samtalið að fara ekki til Íslands og þræbeðið hana um að vera kyrra. Greindi Erla frá því að þegar hún hafi komið til Íslands hafi hún hitt Guðjón á Mokka. Hafi hann spurt hvort Sævar hafi „flunkað“ öllu ytra. Kvaðst Erla ekki vita hverju hún ætti að svara þar sem hún hafi ekki vitað hvað hann hafi átt við. Þá hafi hann spurt hvort hún ætti von á Sævari heim og þá hvenær.⁹⁰⁴ Erla kvaðst hafa flutt á Grundarstíg í júní 1975 en þá hafi hún verið skilin við Sævar í um fimm vikur. Hafi Guðjón hringt og spurt um stúlku sem hafi áður haft sama símanúmer. Þegar hann hafi áttað sig að Erla væri í símanum hafi hann spurt hana fréttu af Sævari. Kvaðst Erla hafa sagt honum að Sævar væri hvergi á sínum vegum nema til þess að hafa í hótunum við sig. Hafi Guðjón sagt henni fréttir af Sævari og síðan sagt spyrjandi: „Það er fátt á milli ykkar Sævars.“ Kvaðst Erla hafa svarað því til að það væri aðeins eitt. Hafi Guðjón hlegið og sagt hana og Sævar hafa gerst lögbrotar sem ekki hefði komist upp um. Kvaðst Erla hafa svarað því þannig að það hafi komið út sem jákvætt svar. Hafi Guðjón endað samtalið á því að spyrja hvort hann ætti að skila kveðju til Sævars. Kvaðst Erla hafa beðið hann fyrir alla muni að láta hann ekki vita hvar hún væri niðurkomin. Í júlí 1975 hafi Sævar farið að venja komur sínar til hennar á Grundarstíginn. Á þeim tíma hafi Guðjón og Sævar verið í nánú sambandi, farið í veiðiferðir og á skemmtistaði. Hafi þeir falsað víxla saman og kvaðst Erla hafa falsað undirskrift fyrir Sævar. Hafi Sævar farið með Guðjóni, eiginkonu hans og dóttur, með ferjunni Smyrli til Bergen í Noregi í kringum 23. ágúst 1975. Hafi Sævar komið heim í byrjun september og sagst hafa skilið við Guðjón og fjölskyldu hans í Gautaborg í Svíþjóð og sagt að engu hefði verið hægt að koma í framkvæmd.⁹⁰⁵ Lýsti Erla bréfaskiptum Sævars og Guðjóns um kynningu á kvikmyndum. Sagði Erla að Sævar hafi farið tvívegis til Kaupmannahafnar í nóvember 1975, en ekki hitt á Guðjón. Lýsti Erla því að Sævar hafi sent út boð til Guðjóns í Frakklandi um að hafa samband við sig þar sem hann ætlaði með flugi til Lúxemborgar. Tafðist Sævar vegna gjaldeyrismála en fór loks út og var í tvær vikur. Komu þeir samferða til Íslands. Mundi Erla eftir því að þeir hafi „rætt málin“ um bifreið Guðjóns, sem þá var á leið til landsins, um hver myndi leysa hann út.⁹⁰⁶ Erla kvaðst hafa heimsótt Guðjón og eiginkonu hans í janúar 1976. Hafi Guðjón sagst ekki hafa haft hugmynd um hassið í bifreið sinni sem hafi fundist við komuna til landsins. Kvaðst Erla hafa sagt honum frá Guðmundarmálinu sem hafði þá verið upplýst. Skömmu síðar hafi farið að bera á rannsókn Geirfinnsmálsins í fjölmiðlum. Kvaðst Erla hafa mætt Guðjóni í Austurstræti og hann þá sagst vilja bjóða henni í kaffi á Tröð. Hafi Guðjón spurt mikið um upphaf rannsóknar málsins og kvaðst Erla hafa gefið

⁹⁰⁴ Bls. 762.

⁹⁰⁵ Bls. 763.

⁹⁰⁶ Bls. 764.

tvíræð og loðin svör. Hafi Guðjón beðið hana um að heimsækja sig við fyrsta tækifæri þegar hún hafi búið sig undir að fara. Hafi hún gert það skömmu síðar og hafi hann þá verið ákafur í að ræða það sama. Kvaðst Erla hafa þá gefið honum greinarbetri upplýsingar og Guðjón verið ánægður með þær. Lýsti Erla miklum áhuga Guðjóns á Rambler bifreið sem hún hafi átt. Kvaðst hún hafa látið hann fá bifreiðina þar sem hún hafi hvort eð er ekki hirt um að eiga hann sjálf. Kvaðst Erla hafa sagt Guðjóni að hún væri á förum erlendis til frambúðar og selt honum bifreiðina á 1.000 krónur, sem hafi verið hans hugmynd, formsatriða vegna.⁹⁰⁷ Klukkan 21:40 var bókað í fangelsisdagbókina að Sigurbjörn Víðir hafi farið að loknu viðtali við Erlu. Bókað var í fangelsisdagbókina að henni hafi verið gerð grein fyrir skilyrðum fyrir áframhaldandi lausagangi í fangelsinu eftir að hún hafi verið staðin að því að syngja innst inni á kvennagangi. Þá var bókað að við eftirleit á klefa númer 15 hafi fundist eldspýtur og bréfatætlur.⁹⁰⁸

443. Laugardaginn 29. maí 1976 var bókað í dagbók Síðumúlafangelsisins að Guðsteinn læknir hafi komið klukkan 08:30 og rætt við Kristján Viðar og fleiri gæsluvarðhaldsfanga til klukkan 09:00. Klukkan 18:45 var bókað að Ásgeir Karlsson geðlæknir hafi komið og talað við Erlu til klukkan 19:55.⁹⁰⁹
444. Daginn eftir var bókað í fangelsisdagbókina klukkan 21:30 að Kristján Viðar hafi verið færður fram til viðtals við Sigurbjörn Víði í 15 mínútur. Rannsóknargögn um viðtalið liggja ekki fyrir. Klukkan 21:40 var bókað að Ásgeir Karlsson geðlæknir hafi tekið Erlu til viðtals til klukkan 23:05.⁹¹⁰
445. Fyrir liggur símskeyti dagsett sama dag frá Jóni Oddssyni, réttargæslumanni Sævars, til Arnar Höskuldssonar, fulltrúa yfirsakadómara. Þar tilkynnti hann um komu sína aftur til Reykjavíkur og að hann yrði mættur á skrifstofu sína morguninn eftir. Í símskeytinu sagði orðrétt: „Er með miklar upplýsingar og óska eftir áframhaldandi góðri samvinnu.“⁹¹¹
446. Mánudaginn 31. maí 1976 var bókað í dagbók fangelsisins við Síðumúla að Sigurbjörn Víðir hafi farið með Erlu til að máta gleraugu klukkan 13:35. Klukkan 14:00 var bókað að móðir Sævars Sjálfelski, eins og það er bókað í dagbókinni, hafi komið með sendingu til sonar síns. Bókað var klukkan 16:10 að Ingvar Kristjánsson geðlæknir hafi rætt við Sævar stundarkorn. Klukkan 18:00 var bókað að samtali Ingvars og Sævars hafi lokið. Bókað var klukkan 20:50 að Sigurbjörn Víðir hafi farið inn á klefa til Tryggva Rúnars í 15 mínútur. Rannsóknargögn um vitjunina liggja ekki fyrir.
447. Þriðjudaginn 1. júní 1976 var bókað í dagbók Síðumúlafangelsisins að Sigurbjörn Víðir hafi tekið Tryggva Rúnar til yfirheyrslu milli klukkan 09:50 og 10:50.⁹¹² Rannsóknargögn um yfirheyrsluna liggja ekki fyrir. Klukkan 14:05 var bókað að

⁹⁰⁷ Bls. 765.

⁹⁰⁸ Dagbók nr. 4, bls. 130b.

⁹⁰⁹ Dagbók nr. 4, bls. 131.

⁹¹⁰ Dagbók nr. 4, bls. 131b.

⁹¹¹ Bls. 766.

⁹¹² Dagbók nr. 4, bls. 132b.

Tryggvi Rúnar hafi verið tekinn til yfirheyrslu en settur aftur á klefa sinn klukkan 15:00. Klukkan 16:25 var bókað að Ingvar Kristjánsson geðlæknir hafi komið til viðtals við Sævar. Lauk viðtali þeirra klukkan 17:35. Bókað var að Tryggvi Rúnar hafi verið tekinn til yfirheyrslu milli klukkan 20:45 og 22:10. Rannsóknargögn um yfirheyrsluna liggja ekki fyrir. Klukkan 22:55 var bókað að ræða þyrfti við lækni í sambandi við Tryggva Rúnar.⁹¹³

448. Daginn eftir, 2. júní 1976, var bókað í fangelsisdagbókina að Kristján Viðar hafi verið færður inn á klefa klukkan 16:10 eftir samtal við Pál Arnór Pálsson, réttargæslumann sinn. Bókað var að Sigurbjörn Víðir hafi verið viðstaddur. Klukkan 16:30 var bókað að Guðmundur Ingvi Sigurðsson, réttargæslumaður Erlu, hafi rætt við skjólstæðing sinn í áheyrn Sigurbjörns Víðis. Bókað var klukkan 17:22 að Sigurbjörn Víðir, Högni fangavörður, Kristján Viðar og Tryggvi Rúnar hafi rætt saman. Klukkan 19:00 var bókað að Kristján Viðar og Tryggvi Rúnar hafi verið færðir inn á klefa. Rannsóknargögn um samtal þeirra liggja ekki fyrir. Í athugasemd við færsluna var bókað að Högni hafi verið viðstaddur samtalið að ósk Sigurbjörns Víðis. Klukkan 19:30 var bókað að Sigurbjörn Víðir hafi rætt við Erlu.⁹¹⁴ Rannsóknargögn um viðtalið liggur ekki fyrir. Bókað var klukkan 00:50 að [Ha] á klefa númer 14 hafi verið fluttur á klefa númer 15 vegna gruns um kjaftagang á milli klefa númer 13 og 14. Bókað var að fangarnir hafi verið búnir að stækka sprungu á milli klefanna. Ætlunin hafi verið að færa [Ha] á klefa númer tíu, en það hafi ekki verið hægt vegna bilaðs ljóss.⁹¹⁵
449. Fimmtudaginn 3. júní 1976 var bókað í dagbók fangelsisins við Síðumúla að Sigurbjörn Víðir hafi komið klukkan 12:45 og talað við Tryggva Rúnar. Bókað var að Sigurbjörn Víðir hafi lokið samtalinu klukkan 13:55.⁹¹⁶ Rannsóknargögn um samtalið liggja ekki fyrir. Klukkan 21:00 var bókað í dagbókina að Kristján Viðar hafi verið færður fram til viðtals við Sigurbjörn Víði. Tíu mínútum síðar var bókað að Tryggvi Rúnar hafi verið færður fram til viðtals við Kristján Viðar og Sigurbjörn Víði. Klukkan 22:50 var bókað að Sigurbjörn Víðir hafi lokið viðtali sínu við Kristján Viðar og Tryggva Rúnar og þeir færðir inn á klefa sína.⁹¹⁷ Rannsóknargögn um viðtalið liggja ekki fyrir.
450. Föstudaginn 4. júní 1976 var bókað í fangelsisdagbókina að Sigurbjörn Víðir, Örn og Pálmi, boðunarmaður, hafi farið með Kristján Viðar í leiðangur suður á við, eins og það var orðað, klukkan 15:45. Var komið með hann aftur klukkan 16:55 og hafi þá Sigurbjörn Víðir tekið Kristján Viðar til viðtals í horninu. Klukkan 17:15 var bókað að Kristján Viðar hafi verið færður aftur á klefa sinn. Rannsóknargögn liggja ekki fyrir, hvorki um leiðangurinn né viðtalið. Á sama tíma var bókað að Sigurbjörn Víðir hafi rætt við Erlu inni á klefa. Bókað var að Sigurbjörn Víðir hafi farið klukkan 17:45. Rannsóknargögn um vitjunina liggja ekki fyrir. Klukkan 17:40 var bókað að Örn hafi

⁹¹³ Dagbók nr. 4, bls. 133.

⁹¹⁴ Dagbók nr. 4, bls. 133b.

⁹¹⁵ Dagbók nr. 4, bls. 134.

⁹¹⁶ Dagbók nr. 4, bls. 134.

⁹¹⁷ Dagbók nr. 4, bls. 134b.

hringt og boðað komu Hilmars Ingimundarsonar, réttargæslumanns Tryggva Rúnars, til viðtals við skjólstæðing sinn. Var þess getið að Sigurbjörn Víðir ætti að vera viðstaddur. Fimm mínútum síðar var bókað um símtal frá Hilmari og þess getið að menn hafi ekki komið sér saman um tímasetningu svo viðtalið yrði að bíða fram yfir helgi. Klukkan 19:30 var bókað að Sigurbjörn Víðir hafi hringt og beðið um mann á aukavakt um kvöldið vegna samprófunar. Bókað var að Hlynur Þór hafi gefið kost á sér.⁹¹⁸ Bókað var í dagbók fangelsisins að Sævar hafi verið losaður úr fótajárnum sem hann hafi haft síðan 24. maí 1976, eða í 11 daga. Klukkan 21:50 var bókað að Tryggvi Rúnar, Kristján Viðar og Sævar hafi verið teknir fram til samtals hjá Sigurbirni Víði og Hlyni Þór Magnússyni, fangaverði. Klukkan 23:50 var bókað að Tryggvi Rúnar og Kristján Viðar hafi verið færðir inn á klefa en Sævar klukkan 00:07.⁹¹⁹ Rannsóknargögn um samtalið liggja ekki fyrir.

451. Laugardaginn 5. júní 1976 var bókað í dagbók fangelsisins við Síðumúla að klukkan 10:45 hafi Sigurbjörn Víðir tekið Sævar fram til yfirheyrslu. Var Sævar færður á klefa sinn klukkan 12:00. Rannsóknargögn um yfirheyrsluna liggja ekki fyrir. Klukkan 16:30 var bókað að Sævar hafi verið færður aftur til yfirheyrslu hjá Sigurbirni Víði. Klukkustund síðar var Tryggvi Rúnar færður fram til samprófunar við Sævar. Klukkan 18:15 var bókað að þeir hafi báðir verið færðir aftur á klefa sína.⁹²⁰ Rannsóknargögn liggja ekki fyrir, hvorki um yfirheyrsluna yfir Sævari né samprófun Tryggva Rúnars og Sævars.
452. Daginn eftir var bókað í fangelsisdagbókina að Sigurbjörn Víðir hafi komið klukkan 10:30 og rætt við Kristján Viðar og Erlu inni á klefum þeirra og farið síðan heim. Rannsóknargögn um vitjanirnar liggja ekki fyrir. Bókað var klukkan 21:45 að Sigurbjörn Víðir hafi tekið Tryggva Rúnar til viðtals. Bókað var klukkan 23:40 að samtali Sigurbjörns Víðis og Tryggva Rúnars hafi lokið. Rannsóknargögn um samtalið liggja ekki fyrir.⁹²¹
453. Mánudaginn 7. júní 1976 var bókað í dagbók fangelsisins við Síðumúla að Sævar hafi verið færður fram til viðtals við Sigurbjörn Víði klukkan 13:45. Bókað var að litlu síðar hafi Tryggvi Rúnar verið færður fram til viðtals. Klukkan 17:15 var bókað í dagbókina að Sævar og Tryggvi Rúnar hafi verið færðir á klefa sína. Klukkan 20:05 var bókað að Sigurbjörn Víðir og Hlynur Þór, fangavörður, hafi farið með Kristján Viðar í leiðangur. Komu þeir tilbaka klukkan 22:20. Rannsóknargögn um leiðangurinn liggja ekki fyrir.⁹²²
454. Daginn eftir, 8. júní 1976, var bókað í fangelsisdagbókina klukkan 16:20 að lögð hafi verið skilaboð fyrir Pál Arnór Pálsson, réttargæslumann Kristjáns Viðars, um að hafa samband að hans beiðni. Klukkan 19:40 var bókað að Sigurbjörn Víðir hafi tekið Kristján Viðar til viðtals og stuttu síðar hafi Erla Bolladóttir bæst í hópinn, eins og það

⁹¹⁸ Dagbók nr. 4, bls. 135.

⁹¹⁹ Dagbók nr. 4, bls. 135b.

⁹²⁰ Dagbók nr. 4, bls. 135b.

⁹²¹ Dagbók nr. 4, bls. 136.

⁹²² Dagbók nr. 4, bls. 136b.

var orðað í færslunni.⁹²³ Klukkan 21:20 var bókað í dagbókina að Kristján Viðar og Erla hafi verið færð aftur á klefa.⁹²⁴ Rannsóknargögn um sampröfunina liggja ekki fyrir.

455. Miðvikudaginn 9. júní 1976 var bókað í dagbók fangelsisins við Síðumúla að Kristján Viðar hafi verið færður fram til viðtals við Pál Arnór Pálsson, réttargæslumann sinn, í áheyrn Víðis, milli klukkan 11:40 og 12:15. Bókað var að móðir Sævars hafi komið klukkan 15:10 með sendingu til hans og tekið óhrein föt. Klukkan 17:00 var bókað að Sævar hafi verið færður fyrir Örn og Hallvarð til framhaldsúrskurðar. Bókað var að Jón Oddsson réttargæslumaður hafi komið á sama tíma og verið viðstaddur. Var þinghald háð í sakadómi Reykjavíkur þennan dag og tekið fyrir rannsókn vegna hvarfs Guðmundar Einarssonar og kveðinn upp úrskurður. Vísað var til þess að Sævar, Kristján Viðar og Tryggvi Rúnari hafi allir viðurkennt að Guðmundur hafi látið lífið í átökum við þá. Þá sagði að rannsókn málsins væri enn ekki lokið, meðal annars ætti eftir að finna lík Guðmundar. Auk þess væri geðrannsókn ekki lokið. Var Sævar úrskurðaður í áframhaldandi 90 daga gæsluvarðhald.⁹²⁵ Bókaðir mættir voru Hallvarður Einvarðsson vararíkissaksóknari af hálfu ákærvaldsins og Jón Oddsson, réttargæslumaður Sævars. Kom Sævar fyrir dóminn klukkan 17:04 og var úrskurðarorðið lesið í heyranda hljóði og lýsti Sævar því yfir að hann hygðist ekki kæra úrskurðinn. Vék Sævar frá klukkan 17:10.⁹²⁶ Klukkan 17:30 var bókað í dagbók fangelsisins að Sævar hafi verið færður á klefa sinn. Fimm mínútum síðar var bókað að Hallvarður Einvarðsson vararíkissaksóknari hafi tekið Sævar fram til viðtals við Jón Oddsson, réttargæslumann sinn, í áheyrn Sigurbjörns Víðis. Klukkan 18:00 var bókað að Örn hafi farið eftir að hafa rætt við Erlu og Sævar. Rannsóknargögn um viðtölin liggja ekki fyrir.⁹²⁷ Bókað var í dagbókina klukkan 23:05 að Hallvarður hafi hringt vegna Sigurbjörns Víðis og Sævars.⁹²⁸
456. Daginn eftir, 10. júní 1976, var bókað í fangelsisdagbókina að hringt hafi verið í Lárus Helgason, yfirlækni á Kleppi, fyrir Kristján Viðar. Var þess getið að læknerinn væri erlendis næstu 10 daga og myndi veita Kristjáni áheyrn þegar hann kæmi til baka. Klukkan 15:10 var bókað að Sigurbjörn Víðir hafi tekið Tryggva Rúnar til viðtals.⁹²⁹ Var því lokið klukkan 15:30. Rannsóknargögn um viðtalið liggja ekki fyrir. Bókað var klukkan 16:40 að Sigurbjörn Víðir hafi tekið Kristján Viðar til viðtals. Rannsóknargögn um viðtalið liggja ekki fyrir. Þá var bókað klukkan 17:15 að Örn Höskuldsson hafi tekið Erlu til viðtals. Var samtali þeirra lokið klukkan 17:40. Rannsóknargögn um samtalið liggja ekki fyrir. Þá var bókað klukkan 18:10 að Sigurbjörn Víðir hafi tekið Kristján Viðar til viðtals til klukkan 19:00. Rannsóknargögn liggja ekki fyrir um viðtalið. Bókað var klukkan 23:00 að Sigurbjörn Víðir hafi tekið Kristján Viðar til samtals og Tryggva Rúnar hálf tíma síðar. Klukkan

⁹²³ Dagbók nr. 4, bls. 137.

⁹²⁴ Dagbók nr. 4, bls. 137b.

⁹²⁵ Bls. 272–273.

⁹²⁶ Bls. 274.

⁹²⁷ Dagbók nr. 4, bls. 138.

⁹²⁸ Dagbók nr. 4, bls. 138b.

⁹²⁹ Dagbók nr. 4, bls. 138b.

00:45 var bókað að Kristján og Tryggvi hafi verið færðir inn á klefa sína. Rannsóknargögn um samprófunina liggja ekki fyrir.⁹³⁰

457. Föstudaginn 11. júní 1976 var bókað í dagbók Síðumúlafangelsisins að Njörður Snæhólm hafi tekið Tryggva Rúnar til yfirheyrslu milli klukkan 12:55 og 13:15, ásamt óþekktum þriðja aðila.⁹³¹ Rannsóknargögn um yfirheyrsluna liggja ekki fyrir. Bókað var klukkan 22:20 að Kristján Viðar hafi verið færður fram til viðtals við Sigurbjörn Víði. Klukkan 23:35 var bókað að Tryggvi Rúnar hafi verið færður fram til þeirra. Klukkan 23:45 voru Kristján Viðar og Tryggvi Rúnar færðir á klefa sína.
458. Laugardaginn 12. júní 1976 var bókað í fangelsisdagbókina að Guðsteinn læknir hafi komið klukkan 09:30 og rætt við Tryggva Rúnar og Kristján Viðar meðal annarra. Klukkan 13:30 kom [ÓmL], bróðir Tryggva Rúnars, með sendingu til hans. Bókað var að Sigurbjörn Víðir hafi látið sækja Tryggva Rúnar og leyft þeim bræðrum að talast við. Klukkustund síðar fór [ÓmL] og var Tryggvi Rúnar þá færður á klefa sinn.⁹³² Klukkan 21:40 var Kristján Viðar færður fram til yfirheyrslu af Sigurbirni Víði. Var hann færður aftur á klefa sinn klukkan 22:55. Rannsóknargögn um yfirheyrsluna liggja ekki fyrir. Bókað var klukkan 23:05 að Sigurbjörn Víðir hafi tekið Tryggva Rúnar til yfirheyrslu til klukkan 23:50.⁹³³
459. Daginn eftir, 13. júní 1976, var bókað í dagbók fangelsisins við Síðumúla að Kristján Viðar hafi verið færður fram til skýrslutöku hjá Sigurbirni Víði. Bókað var að Kristján Viðar hafi verið færður á klefa sinn klukkan 15:45 og á sama tíma hafi Tryggvi Rúnar verið sóttur fram. Fóru Sigurbjörn Víðir og Örn með Tryggva Rúnar í bíltúr og komið aftur klukkan 18:20. Rannsóknargögn liggja ekki fyrir, hvorki um skýrslutökuna né bíltúrinn.⁹³⁴
460. Meðal rannsóknargagna liggja skrif Tryggva Rúnars í gæsluvarðhaldinu, svokölluð „játningaskýrsla“, sem að framan greinir. Fyrir liggur færsla í játningaskýrslu Tryggva Rúnars þennan sama dag. Á forsíðu færslunnar sagði: „Til minnis. Kæri Hr. Sigurbjörn Víðir Eggertsson. Frá Tryggva Rúnari Leifssyni“. Tryggvi Rúnar ritaði athugasemd á forsíðuna þar sem sagði orðrétt: „P.s. það sem mér rifjast upp og ég festi á blað, til minnis hjá mér og verði vonandi til góðs í þessu leiðindamáli sem við getum kallað „mál minnisleysisins hjá mér“ og ég held að það megi fullyrði Kristjáni. En svo er annar eins og við vitum sem veit meira og getur sagt hvernig þetta átti sér stað og ég fullyrði að hann geti vísað á hvar staðurinn er. En við verðum að trúa að þetta komi. Trú, von, kærleikur. Tryggvi.“⁹³⁵ Á næstu síðu játningaskýrslunnar ritaði Tryggvi Rúnar: „Spyrja Kristján um þegar við tölum saman um þessar spurningar.“ Tryggvi Rúnar ritaði fjórar spurningar. Í fyrsta lagi hvort þeir hafi getað farið með strætó til Hafnarfjarðar. Í öðru lagi kvaðst hann muna eftir þeim á rölti við Kópavogshælið við leit að Sævari. Í þriðja lagi hvort þeir hafi getað farið frá Kópavogshæli til

⁹³⁰ Dagbók nr. 4, bls. 139.

⁹³¹ Dagbók nr. 4, bls. 139b.

⁹³² Dagbók nr. 4, bls. 140.

⁹³³ Dagbók nr. 4, bls. 140b.

⁹³⁴ Dagbók nr. 4, bls. 140b–141.

⁹³⁵ Bls. 772.

Hafnarfjarðar í tveimur ferðum, annars vegar í leigubíl að Kópavogshæli og hins vegar með strætó til Hafnarfjarðar. Velti Tryggvi Rúnar því fyrir sér í fjórða lagi hvort það gæti hafa verið svo að þeir hafi farið með [ViG] í leigubíl að Kópavogshæli en farið síðan í bæinn aftur en væflast um og farið með strætó til Hafnarfjarðar. Loks setti Tryggvi Rúnar fram þá spurningu hvort þeir hafi ekki verið blankir.⁹³⁶ Tryggvi Rúnar ritaði aðra færslu í játningaskýrsluna þennan dag þar sem hann sagðist minna eða ráma í að þeir hafi verið að leita að húsinu sem Sævar hafi búið í. Hafi það komið einhvern veginn þegar hann hafi farið 13. júní að húsinu. Greindi Tryggvi Rúnar frá því að honum hafi fundist sem hann hafi kannast við húsið sem hafi staðið fyrir neðan. Hafi komið upp í huga hans líkt og þeir hafi sagt: „Spyrjum í þessu húsi“ og gamall maður hafi komið til dyra.⁹³⁷ Setti Tryggvi Rúnar fram þá spurningu hvort Kristján Viðar myndi eftir því. Í næstu færslu á eftir sagði orðrét: „Svo með Guðmund, hvort hann hafi verið með, veit ég ekki. En samt finnst mér eins og við höfum ekki verið tveir, að einhver hafi verið nálægur okkur, þó ég komi því ekki fyrir mig. Enda kannski ekki skrýtið því ég þekkti þennan mann ekki svo ég viti til, svo þá hef ég gefið honum lítinn gaum. Já, svo eftir rúmlega 2 ár auðvitað er ég óþolinmóður að muna þetta ekki, úr því ég var hér með í ferðum.“⁹³⁸

461. Mánudaginn 14. júní 1976 var bókað í dagbók Síðumúlafangelsisins að hringt hafi verið í Pál Arnór Pálsson, réttargæslumann Kristjáns Viðars, að hans beiðni klukkan 15:00.⁹³⁹ Daginn eftir var bókað í dagbókina að Páll Arnór hafi komið klukkan 11:20 og rætt við Kristján Viðar í áheyrn Sigurbjörns Víðis til klukkan 12:05. Bókað var um símtal klukkan 11:25 frá blaðamanni á dagblaðinu Vísi sem hafi viljað fá upplýsingar um hvort fangaverðirnir hefðu gert upptæk bréf til gæsluvarðhaldsfangna í Geirfinnsmálinu. Bókað var af færsluritari að blaðamaðurinn hafi ekki haft árangur sem erfiði, hann hafi ekki gefið honum neinar upplýsingar um slíkt.⁹⁴⁰ Klukkan 19:50 var bókað að Kristján Viðar hafi verið færður fram til viðtals við Sigurbjörn Víði. Bókað var að viðtalinu hafi lokið klukkan 20:40, en rannsóknargögn liggja ekki fyrir.⁹⁴¹
462. Miðvikudaginn 16. júní 1976 var bókað í dagbók Síðumúlafangelsisins að Jón Thors, deildarstjóri hjá dómsmálaráðuneytinu, hafi hringt og upplýst færsluritari um að [ÖS] sem setið hafi í fangelsinu hafi komið með bréf á ritstjórnarskrifstofu Vísis sem hafi stafað frá Sævari Ciesielski. Bókað var klukkan 10:02 að Sigurbjörn Víðir hafi hringt og spurt um heimilisfang [ÖS]. Klukkan 10:30 hafi Örn hringt og rætt um áður nefnd bréf og beðið fangaverði um að taka gæslufanga fastari tökum.⁹⁴² Hálf tíma síðar var bókað að Sigurbjörn Víðir og Eggert hafi sett [ÖS] í geymslu vegna bréfaviðskipta við dagblöðin. Bókað var klukkan 11:50 að Sigurbjörn Víðir hafi farið og haft með sér bréfin sem Sævar og [ÖS] smygluðu á milli klefa en fangaverðir hafi fundið og gert

⁹³⁶ Bls. 768.

⁹³⁷ Bls. 770.

⁹³⁸ Bls. 771.

⁹³⁹ Dagbók nr. 4, bls. 141.

⁹⁴⁰ Dagbók nr. 4, bls. 142.

⁹⁴¹ Dagbók nr. 4, bls. 142b.

⁹⁴² Dagbók nr. 4, bls. 142b.

upptæk. Þá var bókað klukkan 17:20 að Sigurbjörn Víðir og Eggert hafi komið og tekið [ÖS] til viðtals. Klukkan 19:40 bókar færsluritari í fangelsisdagbókina að svo virðist sem [ÖS] hafi ekki smyglað neinu bréfi út úr Síðumúlafangelsi heldur hafi hann skrifað bréfin eftir minni eftir að honum hafi verið sleppt lausum.⁹⁴³ Bókað var klukkan 20:50 að [HiL] hafi komið með sendingu til Tryggva Rúnars bróður síns. Klukkan 01:20 hafi Örn hringt og spurt fréttu, hafi hann beðið fangaverði um að halda fyrri taktík og slaka í engu á, eins og það var orðað í færslunni.⁹⁴⁴

463. Fyrir liggur minnisblað Kristjáns Péturssonar, deildarstjóra Tollgæslunnar á Keflavíkurlflugvelli og Gísla Pálssonar lögregluþjóns, dagsett sama dag, um viðræður þeirra við [MhilG] á Spáni vegna aðildar hennar að hasssmugli. Fram kom að Sævar hafi kyrkt stúlku í Vík í Mýrdal og kastað líki hennar í sjóinn til að villa um fyrir verknaðinum. Þá var bókað í minnisblaðið að skömmu eftir að Sævar og félagar hafi orðið Guðmundi Einarssyni að bana hafi Sævar farið með [HJP] í ferðalag. Hafi Sævar þá verið búinn að ákveða að drepa [HJP] vegna vitneskju hans um morðin og lausmælgu hans. Eftir að þeir hafi verið komnir á staðinn hafi [HJP] fengið hugboð um hvað hafi staðið til og leitað hjálpar. Bókað var í minnisblaðið að [MhilG] hefði þessar upplýsingar frá [MÁ]. Þá greindi [MhilG] frá því að Tryggvi Rúnar hafi keypt stóra kjötöxi rétt áður en Guðmundur hafi verið myrtur. Hafi öxin verið notuð til að búta í sundur líkama Guðmundar sem síðan hafi verið að einhverju leyti geymdur í ísskáp um stundarsakir. Þá var greint frá þeim upplýsingum að [HJP] hafi komið í heimsókn til Sævars stuttu eftir lát Guðmundar og þá verið boðið upp á blóðte sem sagt hafi verið úr nautablóði. Rétt á eftir hafi [HJP] verið spurður hvernig honum þætti blóðið úr Guðmundi. Kvaðst [MhilG] einnig hafa þetta eftir [MÁ]. Þá sagði hún lík Guðmundar vera grafið skammt frá húsinu þar sem hann lét lífið og sagði [SGÍ] vita um þann þátt málsins.⁹⁴⁵ Var minnisblaðið sent frá sakadómi í ávana- og fíkniefnamálum til Hallvarðs Einvarðssonar, vararíkissaksóknara, með bréfi dagsett sama dag.⁹⁴⁶ Áframsendi Hallvarður minnisblaðið til Arnar Höskuldssonar með bréfi dagsettu 18. júní 1976.⁹⁴⁷
464. Á Þjóðhátíðardaginn, 17. júní 1976, birtist frétt í Tímanum undir fyrirsögninni: „Bréfaskipti í Síðumúla“. Haft var eftir Erni Höskuldssyni að atvikið væri fyrst og fremst áfall fyrir yfirvöld í landinu sem enn hefðu ekki séð til þess að byggja almennilegt fangelsi. Fram kom að við leit í klefa þessa fanga hafi fundist nokkur bréf eða bréfsneplar skrifaðir af Sævari, en efni þeirra hafi verið ótengt þeim sakamálum sem Sævar væri talinn viðriðinn.⁹⁴⁸ Sama dag var birt frétt í Alþýðublaðinu um sama efni. Þar sagði að atvikið sýndi svo ekki yrði um villst að fangelsið við Síðumúla, sem ætti að vera öruggasta fangelsi landsins, fullnægði ekki þeim kröfum sem gerðar væru til húsnæðis þar sem fangar ættu að vera í einangrun. Haft var eftir Erni að þeir hafi margsinnis beðið um strangari gæslu í fangelsinu. Sagði hann menn vera langt í frá

⁹⁴³ Dagbók nr. 4, bls. 143.

⁹⁴⁴ Dagbók nr. 4, bls. 144.

⁹⁴⁵ Bls. 777.

⁹⁴⁶ Bls. 776.

⁹⁴⁷ Bls. 775.

⁹⁴⁸ Bls. 774.

ánægða með fangelsið, enda væri það hljóðbært og öll vinnuaðstaða slæm. Fram kom í fréttinni að því hefði verið haldið fram í öðru síðdegisblaði að Erla hafi komið bréfi til Sævars og því verið laumað undir klefahurð hans þegar enginn hafi átt að vera á ganginum, þá allra síst fangi. Kvaðst Örn ekki kannast við þessa fullyrðingu. Þá var haft eftir Jóni Oddssyni, réttargæslumanni Sævars, að einangrun fanganna væri alls ekki algjör, eins og dæmin sýndu. Hægt væri að koma skilaboðum á milli klefa og fangaverðir væru einnig „lekir“. Í niðurlagi fréttarinnar sagði að þessar nýjustu upplýsingar vektu upp grun um að gæslufangar hafi átt möguleika á sambandi sín á milli. Fullyrt var að ef slíkt hafi átt sér stað væri um alvarleg mistök að ræða sem engin leið væri að segja til um hvaða afleiðingar hefðu för með sér.⁹⁴⁹

465. Föstudaginn 18. júní var bókað í dagbók fangelsisins við Síðumúla að Sigurbjörn Víðir hafi komið klukkan 17:15 og talað við Erlu og Kristján Viðar. Rannsóknargögn um samtölin liggja ekki fyrir.⁹⁵⁰
466. Fyrir liggja handskrifadir punktar, sem ekki liggur fyrir hver ritaði, þar sem fram kemur að árdegisflæði í Keflavík 19. nóvember 1974 hafi verið klukkan 09:38 og síðdegisflæði klukkan 22:02. Þá sagði að háfjara væri sex klukkustundir og 35 mínútur eftir háflæði.⁹⁵¹
467. Þennan sama dag, 18. júní 1976, birtist frétt á baksíðu Dagblaðsins þar sem sagði að Örn Höskuldsson hafi sagt bréfin sem sögð hafi verið frá Sævari og fyrrum fangi hafi átt að hafa smyglað út úr fangelsinu hafi verið fölsuð. Fram kom að pilturinn sem hafi boðið Dagblaðinu bréfin til kaups fyrir hundrað þúsund krónur hafi verið settur í varðhald á ný.⁹⁵²
468. Sunnudaginn 20. júní var bókað í dagbók Síðumúlafangelsisins að hringt hafi verið til Arnar klukkan 13:00 og hann látinn vita að úrskurðir Kristjáns Viðars og Tryggva Rúnars rynnu út þann dag. Bókað var að því yrði sinnt. Hafi Örn hringt klukkan 14:40 og beðið fangaverði um að hafa samband við réttargæslumenn Kristjáns Viðars og Tryggva Rúnars vegna úrskurða seinna um daginn. Klukkan 18:15 var bókað um komu Arnar með dómarabókina og tók hann fyrst Kristján Viðar fyrir dóm og síðar Tryggva Rúnar. Var dómþing sett í sakadómi Reykjavíkur þennan dag og tekið fyrir rannsókn vegna hvarfs Guðmundar Einarssonar og kveðinn upp úrskurður. Vísað var til þess að Sævar, Kristján Viðar og Tryggvi Rúnari hafi allir viðurkennt að Guðmundur hafi látið lífið í átökum við þá. Þá hafi Kristján Viðar skýrt svo frá 7. apríl 1976 að Guðmundur hafi ekki látist af völdum átaka heldur hafi hann stungið Guðmund með hnífi. Þá sagði að rannsókn málsins væri enn ekki lokið, meðal annars ætti eftir að athuga málsatvik með tilliti til framburðar Kristjáns Viðars um hnífstunguna auk þess sem lík Guðmundar hafi ekki fundist. Auk þess væri geðrannsókn ekki lokið. Var Kristján Viðar úrskurðaður í áframhaldandi 90 daga gæsluvarðhald.⁹⁵³ Bókað var að Kristján Viðar hafi komið fyrir dóminn klukkan

⁹⁴⁹ Bls. 773.

⁹⁵⁰ Dagbók nr. 4, bls. 144b.

⁹⁵¹ Bls. 781.

⁹⁵² Bls. 782.

⁹⁵³ Bls. 274–276.

18:35. Aðrir voru ekki bókaðir mættir. Var úrskurðarorðið lesið í heyranda hljóði og bókað að Kristján Viðar hygðist ekki kæra úrskurðinn til Hæstaréttar Íslands. Vék hann frá klukkan 18:40.⁹⁵⁴ Í beinu framhaldi var kveðinn upp úrskurður á sömu forsendum yfir Tryggva Rúnari Leifssyni. Var bókað í þingbókina að úrskurðarorðið hafi verið lesið í heyranda hljóði og að Tryggvi Rúnar hygðist ekki kæra úrskurðinn. Enginn annar var bókaður mættur. Vék Tryggvi Rúnar frá klukkan 18:47.⁹⁵⁵ Í dagbók fangelsisins var bókað klukkan 18:45 að [JÓC], bróðir Sævars, einnig komið með sendingu til bróður síns.⁹⁵⁶ Klukkan 22:34 var bókað að Sigurbjörn Víðir hafi komið og talað við Erlu til klukkan 23:10.⁹⁵⁷

469. Mánudaginn 21. júní 1976 var bókað í dagbók fangelsisins við Síðumúla að Páll Arnór Pálsson, réttargæslumaður, hafi hringt klukkan 09:05 vegna úrskurðar um áframhaldandi gæsluvarðhald Kristjáns Viðars í gær. Boðaði Páll Arnór komu sína seinna um daginn. Klukkan 13:45 var bókað að Tryggvi Rúnar hafi verið sóttur af boðunarmanni og fluttur í sakadóm.⁹⁵⁸ Bókað var að komið hafi verið með Tryggva Rúnar úr sakadómi klukkan 14:30. Klukkan 16:25 var bókað að Sigurbjörn Víðir hafi farið inn á klefa til Kristjáns Viðars. Á sama tíma hafi Örn komið og farið inn á klefa til Tryggva Rúnars. Bókað var að þeir hafi komið fram klukkan 16:40. Rannsóknargögn um vitjanirnar liggja ekki fyrir.⁹⁵⁹ Klukkan 17:25 var Sævar tekinn fram til viðtals við Ingvar Kristjánsson geðlækni til klukkan 19:20. Klukkan 20:10 var bókað að Sigurbjörn Víðir og Eggert hafi komið með einhvern óþekktan í yfirheyrslu. Rannsóknargögn liggja ekki fyrir um yfirheyrsluna. Klukkan 21:50 var bókað að Kristján Viðar hafi verið færður fram til viðtals við Pál Arnór Pálsson, réttargæslumann sinn, í áheyrn Eggerts. Var Kristján Viðar færður á klefa sinn klukkan 22:35. Klukkan 23:25 var bókað í fangelsisdagbókina að Sigurbjörn Víðir hafi komið og rætt við Erlu inni á klefa hennar í klukkustund. Rannsóknargögn um vitjunina liggja ekki fyrir.⁹⁶⁰
470. Þriðjudaginn 22. júní 1976 var bókað í dagbók Síðumúlafangelsisins að Sigurbjörn Víðir og Eggert hafi farið í bíltúr með Kristján Viðar klukkan 11:00. Bókað var að þeir hafi komið tilbaka klukkan 11:35, en engin rannsóknargögn um bíltúrinn liggja fyrir. Á sama tíma var bókað að móðir Sævars hafi komið með sendingu til hans. Þá var bókað klukkan 13:00 að Kristján Viðar hafi verið færður fram til viðtals við Eggert.⁹⁶¹ Fyrir liggur skýrsla um yfirheyrsluna þar sem haft er eftir Kristjáni Viðari að hann vilji að nokkru leyti breyta framburði sínum sem hann hafi gefið 7. apríl 1976 um að hafa stungið Guðmund með hnífi sem hafi orðið hans bani. Kvað hann það ekki rétt og sagðist ekki hafa stungið Guðmund með hnífi eða öðru. Rétt væri að hann, Tryggvi Rúnar og Sævar hafi lent í átökum við Guðmund heima hjá Sævari í Hafnarfirði og

⁹⁵⁴ Bls. 274.

⁹⁵⁵ Bls. 276–277.

⁹⁵⁶ Dagbók nr. 5, bls. 1b.

⁹⁵⁷ Dagbók nr. 5, bls. 2.

⁹⁵⁸ Dagbók nr. 5, bls. 2.

⁹⁵⁹ Dagbók nr. 5, bls. 2b.

⁹⁶⁰ Dagbók nr. 5, bls. 3.

⁹⁶¹ Dagbók nr. 5, bls. 3b.

þau átök hefðu leitt til dauða Guðmundar. Kvaðst Kristján Viðar hafa greint rétt frá tilkomu hnífsins, en vildi ekki fullyrða um hvort hann hafi tekið hann með í þessa örlagaríku ferð til Hafnarfjarðar. Greindi Kristján Viðar frá því að hann og Tryggvi Rúnar hafi hitt Guðmund í Hafnarfirði en farið á mis við Sævar. Þeir hafi ekki hitt Sævar fyrr en þeir þrír hafi verið komnir að húsinu hjá Sævari. Kvaðst Kristján Viðar hafa áður lýst herbergjaskipan í húsinu, en ekki muna eftir þvottaherberginu. Sagði hann það geta stafað af sínu minnisleysi. Komið hafi til átaka milli Guðmundar, Tryggva Rúnars og Sævars inni í svefnherberginu út frá missætti í milli Sævars og Guðmundar. Átökin hafi borist fram í stofuna þar sem Kristján Viðar kvaðst hafa tekið þátt í þeim. Kvaðst hann ekki muna greinilega eftir því hvernig átökin hafi gengið fyrir sig í smáatriðum. Kvaðst hann muna eftir að Guðmundur hafi tekið sig hálstaki aftan frá. Myndi hann eftir Tryggva Rúnari yfir Guðmundi líkt og hann héldi honum niðri. Þá hafi Sævar sparkað í Guðmund liggjandi.⁹⁶² Hafi Sævar svo hlaupið fram á salernið og læst að sér. Lýsti Kristján Viðar því að hann og Tryggvi Rúnar hafi þá áttað sig á því að Guðmundur hafi ekki staðið upp og eitthvað alvarlegt væri að honum. Þegar Sævar hafi komið fram aftur hafi þeir rætt þann möguleika að hringja í lögregluna en ekki hafi orðið af því. Rámaði Kristján Viðar í að Tryggvi Rúnar hafi lagt það til að skilja Guðmund eftir á einhverjum húströppum. Hafi þeir ákveðið að sjá hvort Guðmundur myndi ekki hressast við og borið hann fram í geymsluherbergi. Fóru þeir síðan allir þrír úr húsinu um stund og kvaðst Kristján Viðar áður hafa lýst athöfnum þeirra þá. Þegar þeir hafi komið til baka hafi þeim verið það ljóst að Guðmundur væri látinn og ákváðu þeir þá að losa sig við líkið. Hringdi Sævar þá í Albert Klahn og hafi hann komið stuttu seinna. Lýsti Kristján Viðar því að á meðan þeir biðu Alberts hafi þeir vafið líkinu inn í eitthvað sem hafi líkst rúmlaki og Sævar lagði til. Kvaðst Kristján Viðar það hafa verið á þeirri stundu sem Erla hafi birst allt í einu en hann hafi áður greint frá því. Þá kvaðst hann áður hafa lýst líkflutningnum í bifreiðinni og Albert hafi verið á svartri Volkswagen bifreið föður síns. Kvaðst Kristján Viðar hafa spurt Albert hvort hann vissi hvað væri í gangi og sagði Kristján hann hafa kinkað kalli til samþykkis. Hafi Sævar stjórnað ökuferðinni og vísaði Kristján Viðar til skýrslu sinnar frá 7. apríl 1976 um ferðina sjálfa. Kvaðst hann þó ekki muna eftir því að þeir hafi klætt Guðmund úr nokkru. Bókað var eftir Kristjáni Viðari að lögreglan hafi nokkrum sinnum ekið með sig suður fyrir Hafnarfjörð til að athuga hvort hann kannaðist við einhvern stað þar sem Guðmundur hafi verið urðaður. Kvaðst Kristján vera mikið búinn að hugsa þetta og finnast helst koma til greina að þeir hafi ekið að rauðamalgryfju sem sér hafi verið sagt að heiti Lónakotsgryfja, en skammt frá henni væri gömul fjárborg hlaðin úr grjóti. Haft var eftir Kristjáni Viðari að farið hafi verið með sig á þennan stað og fyndist honum hann kannast við sig þar líkt og hann hafi komið þar áður.⁹⁶³ Kvaðst hann vera þess viss að það gæti ekki hafa verið nema í þessu tilviki. Þegar þeir hafi verið á ferð með líkið hafi að vísu verið myrkur. Sagði hann ferðina til baka og athafnir þeirra eftir það hafa verið, að því er hann best myndi, líkt og hann hafi síðast skýrt frá. Í lok skýrslunnar var bókað að ástæða þess að hann

⁹⁶² Bls. 783.

⁹⁶³ Bls. 784.

hafi breytt skýrslu sinni frá 7. apríl 1976 hafi verið sú að það sem hann hafi nú sagt væri hið sanna og rétta í málinu. Kvaðst Kristján Viðar ekki geta gert sér ljósa grein fyrir því hvers vegna hann hafi farið að tala um þennan hníf, einhvern veginn hafi honum fundist þá að hann hafi beitt honum. Bókað var að yfirheyrslunni hafi lokið klukkan 14:50.⁹⁶⁴ Í dagbók fangelsisins var bókað að Kristján Viðar hafi verið settur á klefa klukkan 16:45.⁹⁶⁵

471. Í dagbók fangelsisins þennan sama dag, 22. júní 1976, var bókað að Örn Höskuldsson hafi komið klukkan 16:20 og farið beint inn á klefa til Erlu. Hafi hann komið fram klukkan 16:40. Klukkan 17:40 var bókað um komu Ásgeirs Karlssonar geðlæknis sem hafi tekið Erlu til viðtals til klukkan 18:00. Var Erla þá færð á klefa sinn og Tryggvi Rúnar tekinn fram til viðtals við geðlækninn. Á sama tíma kom Sigurbjörn Víðir í fangelsið og tók Kristján Viðar fram til viðtals. Bókað var að Kristján Viðar hafi verið settur inn á klefa klukkan 19:00 að lokinni skýrslutöku.⁹⁶⁶ Rannsóknargögn um skýrslutökuna liggja ekki fyrir. Bókað var að Tryggvi Rúnar hafi verið færður á klefa sinn klukkan 19:15.⁹⁶⁷
472. Miðvikudaginn 23. júní 1976 var bókað í dagbók Síðumúlafangelsisins að [JÓC] bróðir Sævars hafi komið með sendingu til bróður síns, bók, blöð, tóbak, pípu og einhvern torkennilegan vökva á flösku, eins og það var bókað.⁹⁶⁸ Klukkan 16:10 var bókað að Sigurbjörn Víðir hafi tekið Kristján Viðar til viðtals til klukkan 16:25. Rannsóknargögn um viðtalið liggja ekki fyrir.⁹⁶⁹
473. Þennan dag var [SL] yfirheyrður af rannsóknarlögreglunni vegna rannsóknar á hvarfi Geirfinns. Kvaðst hann hafa kynnst Geirfinni við vinnu að Sigöldu veturinn 1973. Farið hafi vel með þeim og þeir kynnst vel. Greindi hann frá því að í október það ár hafi tveir menn komið að hitta Geirfynn. Hafi vitnið heyrt á tal Geirfinns við vinnufélaga þeirra um heimsóknina. Hafi Geirfynnur sagt þá hafa krafist einhverrar fjárhæðar af sér fyrir að hann þegði yfir einhverju sem vitnið kvaðst ekki vita hvað hafi verið. Vitnið kvað Geirfynn hafa fallið mikið í álit hjá sér eftir þetta og því væri þetta atvik greipt í minni hans.⁹⁷⁰
474. Fimmtudaginn 24. júní 1976 var bókað í dagbók fangelsisins við Síðumúla að Njörður Snæhólm hafi komið klukkan 13:40 og rætt við Kristján Viðar og Tryggva Rúnar. Bókað var að Njörður hafi farið klukkan 14:05 og Kristján Viðar og Tryggvi Rúnar verið færðir á klefa sína. Rannsóknargögn um viðtölin liggja ekki fyrir. Bókað var að klukkan 17:15 hafi Sævar verið tekinn fram til viðtals við Jón Oddsson, réttargæslumann sinn, í áheyrn Sigurbjörns Víðis. Klukkan 17:30 var bókað að Ásgeir Karlsson geðlæknir hafi komið til að ræða við Erlu og Tryggva Rúnar. Bókað var klukkan 18:00 að viðtali Sævars við réttargæslumann sinn hafi lokið og hann færður á

⁹⁶⁴ Bls. 785.

⁹⁶⁵ Dagbók nr. 5, bls. 4.

⁹⁶⁶ Dagbók nr. 5, bls. 4.

⁹⁶⁷ Dagbók nr. 5, bls. 4b.

⁹⁶⁸ Dagbók nr. 5, bls. 4b.

⁹⁶⁹ Dagbók nr. 5, bls. 5.

⁹⁷⁰ Bls. 786–788.

klefa. Fimm mínútum síðar var bókað um komu Lárusar Helgasonar, yfirlæknis á Kleppi, til viðtals við Kristján Viðar. Var Erla færð á klefa sinn klukkan 18:30 að loknu viðtali við Ásgeir geðlækni. Á sama tíma var Tryggvi Rúnar færður fram til viðtals við geðlækninn. Þá var bókað í dagbókina að Kristján Viðar hafi verið færður á klefa sinn að loknu viðtali við Lárus yfirlækni klukkan 19:05. Var Tryggvi Rúnar færður á klefa sinn klukkan 19:15 að loknu viðtali við Ásgeir geðlækni.⁹⁷¹

475. Fyrir liggur færsla í játningaskýrslu Tryggva Rúnars þennan sama dag. Þar segir orðrétt: „Skrifað 24/6 1976 af Tryggva Rúnari Leifssyni til vinar síns Sigurbjörns Víðis Eggertssonar. Samt ekki komið frá honum sjálfum heldur finnst mér þetta gott Víðir minn kær því þú átt fjölskyldu og ég les þetta oft sjálfur. Þinn vinur Tryggvi R. Leifsson.“ Á fjórum blaðsíðum ritaði Tryggvi Rúnar upp reglur upp úr bók sem væru til þess að skapa trúarlegt andrúmsloft á heimilinu, eins og hann orðaði það í játningaskýrslunni.⁹⁷²
476. Föstudaginn 25. júní 1976 bókaði færsluritari í dagbók fangelsisins við Síðumúla að klukkan 22:15 að hafa afhent Sævari bækur til lesturs frá bókasafni fangelsisins. Orðrétt var bókað að Sævar skyldi fá þær framvegis eða þar til hann hugsanlega misnotaði eitthvað í sambandi við þær eða annað yrði ákveðið. Tekið var fram að þetta ætti eingöngu við um þær bækur sem væru á bókasafni hússins, aðrar bækur fengi Sævar ekki og engar úr utanaðkomandi sendingum.⁹⁷³
477. Laugardaginn 26. júní 1976 var bókað í dagbók fangelsisins að Guðsteinn læknir hafi komið klukkan 09:20 og rætt við Erlu og Sævar meðal annarra.
478. Mánudaginn 28. júní 1976 var bókað í dagbók fangelsisins við Síðumúla að Sigurbjörn Víðir hafi verið í húsi mest allan daginn og meðal annars talað við Erlu.⁹⁷⁴ Rannsóknargögn um viðtalið liggja ekki fyrir. Bókað var klukkan 20:45 að Ásgeir Karlsson geðlæknir hafi tekið Erlu til viðtals. Klukkan 22:30 var bókað að Ásgeir geðlæknir hafi farið að loknu viðtali við Erlu. Fimm mínútum síðar var bókað að Sigurbjörn Víðir hafi rætt við Erlu til klukkan 23:00.⁹⁷⁵
479. Þriðjudaginn 29. júní 1976 var bókað í dagbók fangelsisins við Síðumúla að Guðsteinn læknir hafi hringt klukkan 10:10 og spurt hvort einhver skyndileg breyting hafi orðið á heilsufari Sævars síðan á laugardag þegar hann hafi talað við hann síðast. Færsluritari kvaðst hafa svarað því sem satt væri að hann hefði ekki orðið var við neinar breytingar á heilsu Sævars. Bókað var að tilefni fyrirspurnar læknisins hafi verið að Jón Oddsson, réttargæslumaður Sævars, hafi hringt og lýst yfir efasemdum um gott heilsufar skjólstæðings síns og óskað eftir allsherjar úttekt læknisins á líkama Sævars. Klukkan 13:10 var bókað að Jón M. Gunnarsson, rannsóknarlögreglumaður og Gísli H. Guðjónsson, starfsmaður sakadóms, hafi komið með tæki sem kallaðist lygamælir. Hafi þeir tekið til viðtals fangann [GuBj] og prófuðu meðal annars tækið í

⁹⁷¹ Dagbók nr. 5, bls. 6.

⁹⁷² Bls. 789–792.

⁹⁷³ Dagbók nr. 5, bls. 7.

⁹⁷⁴ Dagbók nr. 5, bls. 8b.

⁹⁷⁵ Dagbók nr. 5, bls. 9.

viðtalinu og var útkoman sú að [GuBj] hafi logið flestu því sem hann hafi verið spurður um. Bókað var að þeir hafi farið klukkan 14:30 eftir að hafa prófað lygamælirinn á Hlyni Þór, fangaverði, að hans eigin ósk. Var þess getið að Hlynur hafi logið fremur litlu, en þó svolítið, eins og það var orðað í færslunni. Klukkan 14:30 var bókað í fangelsisdagbókina að Kristján Viðar hafi verið færður fram til skýrslutöku hjá Sigurbirni Víði. Bókað var að hann hafi verið færður aftur á klefa klukkan 16:15. Rannsóknargögn um skýrslutökuna liggja ekki fyrir. Klukkan 17:20 var bókað að Kristján Viðar hafi verið aftur tekinn fram til yfirheyrslu hjá Sigurbirni Víði. Klukkan 17:30 var bókað að Erla hafi verið færð fram til viðtals við Ásgeir Karlsson, geðlækni. Var hún færð aftur á klefa klukkan 18:55 og á sama tíma hafi Tryggvi Rúnar verið færður fram til viðtals við Ásgeir. Bókað var klukkan 19:10 að Kristján Viðar hafi verið færður inn á klefa sinn.⁹⁷⁶ Rannsóknargögn um yfirheyrsluna liggja ekki fyrir.

480. Pennan dag voru hjónin [EÁ] og [ReS] yfirheyrð af rannsóknarlögreglunni vegna rannsóknar á hvarfi Geirfinns Einarssonar. Greindu þau frá því að hafa einhvern tímamann á tímabilinu október 1974 til janúar 1975 á sunnudegi milli klukkan 14:00 og 16:00 verið í bíltúr og ekið gamla veginn suður Vatnsleysuströndina. Þegar þau hafi komið í Flekkuvík hafi þau séð dekkbát á að giska sex til sjö smálestir, og á honum þrjú menn. Þegar þau hafi borið að hafi komið fát á mennina og þeir sleppt stjóra sem þeir hafi verið að bisa við að draga inn og siglt beint út. Breitt hafi verið yfir stefni bátsins svo þau hafi hvorki séð nafn né númer á bátnum. Hafi þeim fundist þetta furðulegar aðfarir en ekki gert nokkuð með þessar upplýsingar fyrr en auglýst hafi verið eftir upplýsingum í tengslum við Geirfinnsmálið nú í vor. Í viðauka við skýrsluna var bókað að þetta hefði örugglega verið nokkuð fyrir jólin 1974.⁹⁷⁷
481. Miðvikudaginn 30. júní 1976 var bókað í dagbók fangelsisins við Síðumúla að Sigurbjörn Víðir hafi komið og talað við Sævar og Tryggva Rúnar. Var þess getið að eftir að Sævar hafi verið settur inn á klefa sinn hafi Kristjáni Viðari verið bætt í hópinn. Bókað var klukkan 18:45 að Tryggvi Rúnar og Kristján Viðar hafi verið færðir á klefa sína í bili að minnsta kosti, eins og það var bókað.⁹⁷⁸ Rannsóknargögn um samprófunina liggja ekki fyrir.
482. Fyrir liggur fimm blaðsíðna færsla í játningaskýrslu Tryggva Rúnars dagsett þennan sama dag sem stíluð er til Sigurbjörns Víðis með orðunum: „Kæri Víðir!“. Greindi Tryggvi Rúnar frá upplýsingum um nokkra menn sem Sigurbjörn Víðir hafði spurt hann um.⁹⁷⁹
483. Sama dag birtust fréttir á forsíðum Vísis og Dagblaðsins um að sakadómur Reykjavíkur hafi tilkynnt fjórmennungunum um að þeir væru frjálsir ferða sinna og þyrftu ekki lengur að sæta eftirliti lögreglu. Fram kom að Örn hafi verið inntur eftir því hvers vegna eftirlitið hefði verið fellt niður en hann hefði ekki viljað greina frá því. Haft var eftir Erni að lítið nýtt hafi komið fram í rannsókn málsins undanfarnar vikur.

⁹⁷⁶ Dagbók nr. 5, bls. 9b.

⁹⁷⁷ Bls. 793–794.

⁹⁷⁸ Dagbók nr. 5, bls. 10.

⁹⁷⁹ Bls. 795–799.

Orðrétt var haft eftir honum í Vísi: „Við einbeitum okkur nú að því að ganga frá gögnum vegna morðsins á Guðmundi Einarssyni og málum sem þeirri rannsókn eru tengd.“ Þá upplýsti Örn um að geðrannsókn yfir einum aðila sem nú sætu í gæsluvarðhaldi vegna málsins væri lokið, en geðrannsókn hinna væri langt komin. Blaðamaður Vísis spurði Örn hvort hann væri bjartsýnni nú en áður um hvort Geirfinnsmálið myndi upplýsast. Svaraði Örn blaðamanninum á þá leið að hann væri svartsýnni nú en fyrr, en að sjálfsögðu myndu menn ekki leggja árar í bát heldur halda áfram að því að vinna að rannsókninni.⁹⁸⁰

484. Fimmtudaginn 1. júlí 1976 var bókað í dagbók fangelsisins við Síðumúla klukkan 15:20 að Páll Arnór Pálsson, réttargæslumaður Kristjáns Viðars, hafi hringt og spurt um líðan skjólstaðings síns. Þá var bókað klukkan 22:00 að Sigurbjörn Víðir hafi farið með Kristján Viðar. Bókað var að þeir hafi komið til baka klukkan 23:35. Rannsóknargögn um ferðina liggja ekki fyrir. Bókað var að Sigurbjörn Víðir hafi farið klukkan 00:30 og maður sem með honum var, eins og það er bókað í dagbókina.⁹⁸¹
485. Föstudaginn 2. júlí 1976 var bókað í fangelsisdagbókina að Páll Arnór Pálsson, réttargæslumaður Kristjáns Viðars, hafi hringt klukkan 09:20 og spurt eftir Sigurbirni Víði í tengslum við austurferð Kristjáns. Bókað var í dagbókina klukkan 16:35 að Erla hafi verið færð til viðtals við Sigurbjörn Víði í horninu. Lauk viðtalinu klukkan 17:35 og var Erla sett inn á klefa. Rannsóknargögn um viðtalið liggja ekki fyrir.⁹⁸² Klukkan 19:40 var bókað að Kristján Viðar hafi verið færður til viðtals við Sigurbjörn Víði. Klukkan 20:20 hafi Sigurbjörn Víðir farið og þá nýlega talað við Kristján Viðar og Tryggva Rúnar. Rannsóknargögn liggja ekki fyrir um þessi viðtöl.⁹⁸³
486. Fyrir liggur færsla dagsett sama dag í játningaskýrslu Tryggva Rúnars. Stílaði hann færsluna til Sigurbjörns Víðis. Fram kom að það eina sem hann gæti ímyndað sér væri að hann hafi verið í leðurjakkanum sínum sem hann hafi keypt af [ViG] leigubílstjóra. Kvaðst Tryggvi Rúnar ekki geta ímyndað sér aðra yfirhöfn en leðurjakkann á þessu tímabili því hann hafi alltaf verið í honum.⁹⁸⁴ Þá kvaðst hann halda að hann hafi verið í peysu sem hann ætti ennþá, röndótttri. Tryggvi Rúnar sagðist ekki vita í hvaða buxum hann hafi verið í, hann hafi átt alls konar gallabuxur. Kæmi hann engum sérstökum fyrir sig í huganum hvernig sem hann reyndi.⁹⁸⁵ Varðandi skótau sagðist Tryggvi Rúnar örugglega hafa verið í uppháu leður hermannaskónum sem Sævar hafi stolið og gefið sér. Kvaðst hann hafa skilið þá eftir á Litla-Hrauni þar sem komið hafi verið gat á þá.⁹⁸⁶ Greindi Tryggvi Rúnar frá því að hann hafi yfirleitt alltaf verið í leðurjakkanum og skónum. Hann hafi farið í þessu á ball sem og í vinnuna hjá Glit, en

⁹⁸⁰ Bls. 800–801.

⁹⁸¹ Dagbók nr. 5, bls. 11.

⁹⁸² Dagbók nr. 5, bls. 11b.

⁹⁸³ Dagbók nr. 5, bls. 12.

⁹⁸⁴ Bls. 802.

⁹⁸⁵ Bls. 803.

⁹⁸⁶ Bls. 804.

þar hafi hann starfað um það leyti sem þessi atburður hafi átt að ske, eins og hann orðaði það.⁹⁸⁷

487. Á baksíðu Dagblaðsins þennan sama dag var frétt um að rannsóknarmönnum í Geirfinnsmálinu hafi verið fjölgað. Þá var stutt viðtal við móðir Sævars þar sem haft var eftir henni að hún tryði á sakleysi Sævars. Þá hafi Jón Oddsson, réttargæslumaður Sævars, sagt henni að Sævar hafi aldrei játað á sig morðið á Guðmundi Einarssyni.⁹⁸⁸
488. Laugardaginn 3. júlí 1976, var bókað í dagbók fangelsisins við Síðumúla að Guðsteinn læknir hafi komið klukkan 09:45 og rætt við Sævar og Tryggva Rúnar meðal annarra. Bókað var að lyfjum hafi verið breytt og vísað til lyfjaskrár.⁹⁸⁹ Bókað var klukkan 10:30 að Tryggvi Rúnar hafi verið færður til viðtals við Sigurbjörn Víði til klukkan 11:20 og var þá færður á klefa sinn aftur. Rannsóknargögn um yfirheyrsluna liggja ekki fyrir. Á sama tíma var Sævar færður fram til viðtals við Sigurbjörn Víði. Klukkan 16:51 var bókað um komu Arnar sem hafi farið inn á klefa til Erlu til úrskurðar. Bókað var að hún hafi verið úrskurðuð í áframhaldandi 60 daga gæsluvarðhald. Fyrir liggur endurrit úr þingbók sakadóms Reykjavíkur þar sem fram kemur að dómþing hafi verið sett þennan dag og tekið fyrir dómsrannsókn vegna hvarfs Geirfinns Einarssonar. Kveðinn hafi verið upp úrskurður þar sem raktir voru framburðir Sævars, Kristjáns Viðars og Erlu um Keflavíkurferðina og þá menn sem þau hafi sagst hafa hitt þar fyrir. Rakið var að Kristján Viðar hafi tekið framburð sinn til baka en síðan kannast aftur við að hafa farið í umrædda ferð. Þá hafi Sævar sagt skýrslur sínar ekki byggðar á hans eigin vitneskju heldur því sem Erla hafi skýrt honum frá af sinni eigin reynslu. Loks var reifaður framburður Erlu um að hún sjálf hafi miðað riffli á Geirfinn og hleypt af. Fram kom að rannsókn málsins væri ekki nærri lokið og þá væri geðrannsókn á Sævari, Kristjáni Viðar og Erlu ólokið. Var Erla úrskurðuð í áframhaldandi 60 daga fangelsi. Bókað var í þingbókina að Erla hafi komið fyrir dóminn klukkan 17:05. Hafi úrskurðarorðið verið lesið í heyrenda hljóði og Erla lýst því yfir að hún hygðist ekki kæra úrskurðinn til Hæstaréttar Íslands. Vék hún frá klukkan 17:10. Bókað var í fangelsisdagbókina að Eggert og Sigurbjörn Víðir hafi komið klukkan 21:10 ásamt bróður Tryggva Rúnars og ræddu þeir allir saman við Tryggva til klukkan 21:40. Klukkan 22:35 var bókað að bróðir Tryggva Rúnars hafi komið og rætt við Sigurbjörn Víði.⁹⁹⁰
489. Sunnudaginn 4. júlí 1976 var bókað í fangelsisdagbókina að Hallvarður Einvarðsson hafi komið og rætt við Kristján Viðar og Erlu. Rannsóknargögn liggja ekki fyrir um viðtölin. Bókað var klukkan 15:00 að Ásgeir Karlsson geðlæknir hafi komið og talað við Erlu og Tryggva Rúnar. Klukkan 17:00 var bókað að Ásgeir geðlæknir hafi farið.⁹⁹¹ Kom Ásgeir geðlæknir aftur klukkan 20:45 og tók Tryggva Rúnar til viðtals í klukkustund. Klukkan 22:25 var bókað um komu Hallvarðs sem hafi rætt við

⁹⁸⁷ Bls. 805.

⁹⁸⁸ Bls. 813.

⁹⁸⁹ Dagbók nr. 5, bls. 12.

⁹⁹⁰ Dagbók nr. 5, bls. 12.

⁹⁹¹ Dagbók nr. 5, bls. 13.

Sigurbjörn Víði og Ásgeir geðlækni. Bókað var klukkan 22:35 að Erla hafi verið færð fram til viðtals við Ásgeir í klukkustund.⁹⁹²

490. Mánudaginn 5. júlí 1976 var bókað í dagbók fangelsisins við Síðumúla að klukkan 17:45 Kristján Viðar hafi verið færður fram til viðtals við Sigurbjörn Víði. Klukkan 22:35 var bókað um lok viðtalsins, en rannsóknargögn liggja ekki fyrir. Á sama tíma var bókað að Sigurbjörn Víðir hafi rætt við Tryggva Rúnar og Erlu inni á klefum. Hafi Sigurbjörn Víðir farið klukkan 23:00. Rannsóknargögn liggja ekki fyrir um vitjanirnar. Á sama tíma var bókað að Kristján Viðar hafi óskað eftir því að fá að tala við lögfræðing sinn.⁹⁹³
491. Þennan dag birtist frétt á forsíðu Mánudagsblaðsins undir fyrirsögninni: „Banamaður Geirfinns er ófundinn ennþá.“ Fram kom að líkurnar á því að Geirfinnsmálið myndi upplýsast færu óðum minnkandi. Fullyrt var að rannsóknarmenn væru þess fullvissir að Erla Bolladóttir hafi ekki orðið Geirfinni að bana og játning hennar væri eintómur uppspuni.⁹⁹⁴
492. Þriðjudaginn 6. júlí 1976 var bókað í fangelsisdagbókina að bróðir Sævars hafi komið klukkan 15:00 með kökubita í tilefni af afmæli hans þann dag. Bókað var klukkan 16:50 að séra Jón Bjarman hafi tekið Sævar og Erlu til viðtals samkvæmt leyfi frá Erni. Bókað var að séra Jón hafi farið klukkan 18:40 að loknum viðtölum og þess getið að hann yrði í sumarfrí frá 8. til 26. júlí.
493. Þennan dag, 6. júlí 1976, sendi Ásgeir Friðjónsson, dómari í sakadómi í ávana- og fíkniefnamálum, upplýsingaskýrslu lögreglunnar í Reykjavík um framburð [FKS], dagsett sama dag. Fram kom að [FKS] hafi greint svo frá að Kristján Viðar hafi rætt um hvarf Guðmundar við ýmsa aðila að Laugavegi 32, án þess þó að skýra nánar hvað við væri átt eða við hverja hann hafi rætt. Hafi [FKS] bætt því við að eflaust hafi Kristján Viðar rætt um hvarf Geirfinns við sömu aðila og á sama stað.⁹⁹⁵
494. Sama dag var bókað í rannsóknardagbók Eggerts og Sigurbjörns Víðis að þeir hafi rætt við eiganda fornverslunar við Grettisgötu í Reykjavík vegna ísskáps sem núverandi eigandi hússins við Hamarsbraut 11 í Hafnarfirði, [SL], hafi selt skömmu eftir að hann hafi keypt húsið. Kvaðst fornsalinn kannast við að hafa keypt ísskápin af [SL] en sagðist hafa selt hann aftur og hafa enga hugmynd um hver kaupandinn hafi verið.⁹⁹⁶
495. Miðvikudaginn 7. júlí 1976 var bókað í dagbók Síðumúlafangelsisins að Gylfi Gunnarsson sálfræðingur hafi komið og rætt við Sævar milli klukkan 16:40 og 18:10. Bókað var klukkan 23:20 að sálfræðiprófið hafi verið tekið frá Sævari.⁹⁹⁷
496. Þennan dag var bókað í rannsóknardagbók Eggerts og Sigurbjörns Víðis að rætt hafi verið við [SGÍ] sem búið hafi að Þverbrekku 4 í Kópavogi á undan Erlu og Sævari. Bókað var að [SGÍ] hafi sagst þekkja Erlu lítið, en þó kannast við hana. Kvað hún Erlu

⁹⁹² Dagbók nr. 5, bls. 13b.

⁹⁹³ Dagbók nr. 5, bls. 14.

⁹⁹⁴ Bls. 814–815.

⁹⁹⁵ Bls. 817.

⁹⁹⁶ Bls. 1064.

⁹⁹⁷ Dagbók nr. 5, bls. 14b–15.

ekki hafa rætt við sig um Geirfinnsmálið eða hvarf Guðmundar. Þó hafi hún hitt hana öðru hvorum megin við áramótin og þá hafi þetta borist í tal og Erla sagt Sævar vita allt um þessa hluti, en hún sjálf vissi lítið.⁹⁹⁸ Bókað var í rannsóknardagbókina að rætt hafi verið við [MJM] sem hafi haft umráð yfir íbúð þeirri sem Erla og Sævar hafi búið í um tíma í Kaupmannahöfn á árinu 1974 og fram á það næsta. Kvaðst hún ekki muna eftir því að þau hafi rætt um hvarf Guðmundar við sig, en aftur á móti hefðu þau rætt Geirfinnsmálið. Kvaðst hún þó ekki muna eftir neinu sérstöku í því sambandi og fannst henni þau hafa rætt málið líkt og flest allir hafi gert á þessum tíma. Greindi [MJM] frá því að Erla hafi rætt oft en einu sinni við sig um póstsvikamálið og hafi hún lagt sig fram við að sannfæra hana um að hún væri ekkert við það riðin. Hafi [MJM] fundist skrítið að Erla skyldi hafa verið að tala um þetta yfirleitt. Í janúar 1975 hafi [EÓ] kunningi þeirra komið út og sagt þeim að ljótar sögur gengu um Erlu í sambandi við póstsvikamálið. Hafi Erla þá orðið æst og sagt eins gott fyrir fólk að vera ekkert að blaðra um hluti því það gæti hreinlega horfið.⁹⁹⁹

497. Daginn eftir var bókað í fangelsisdagbókina að Tryggvi Rúnar hafi verið sóttur klukkan 08:10 og fluttur á Kleppsspítala í læknisskoðun og síðan í heilalínurit að Eiríksgötu 29. Var komið með hann aftur í fangelsið klukkan 11:30. Á sama tíma var bókað að Bjarni Matthíasson rannsóknarlögreglumaður hafi tekið sálfræðiþróf frá Tryggva Rúnari og Sævari og farið með inn á Klepp til Gylfa Ásmundssonar sálfræðings.¹⁰⁰⁰ Bókað var klukkan 20:20 að fangaverðir hafi orðið varir við köll á ganginum sem komið hafi frá klefa númer átta og 13. Bókað var að fangarnir á tilgreindum klefum hafi verið alvarlega áminntir og gerð grein fyrir framhaldsaðgerðum af hálfu fangavarða. Klukkan 21:45 var bókað að [ÓmL], bróðir Tryggva Rúnars, hafi rætt við Sigurbjörn Víði og Tryggva Rúnar í horninu.¹⁰⁰¹ Lauk viðtali Tryggva Rúnars við bróður sinn klukkan 22:25 og var bókað að Tryggvi Rúnar hafi verið færður á klefa sinn. Bókað var klukkan 01:00 að Eggert og Sigurbjörn Víðir hafi komið með [GJT], annan þeirra sem rætt hafi verið um að setja inn, og tekið hann til yfirheyrslu. Bókað var klukkan 01:50 að yfirheyrslunni hafi lokið og hann hafi verið settur á klefa númer átta, en sá fangi sem þar hafi verið fyrir hafi verið færður á klefa númer 20 fyrr um kvöldið. Klukkan 01:55 var bókað að Sigurbjörn Víðir og Eggert hafi farið, en komið aftur klukkan 05:50 og stoppað í 15 mínútur.¹⁰⁰²
498. Föstudaginn 9. júlí 1976 var bókað í dagbók fangelsisins við Síðumúla að Eggert og Sigurbjörn Víðir hafi komið klukkan 10:20 og tekið [GJT] til viðtals. Fyrir liggur skýrsla um yfirheyrsluna, en tilefnið var bókað sem kunningsskapur hans við [HJÞ]. Fram kom að vitninu væri kunnugt um að [HJÞ] hafi verið góður kunningi Sævars. Kvaðst hann sjálfur kannast við Sævar, en lítið þekkja hann. Hafi [HJÞ] ekki sagt sér mikið af samskiptum þeirra nema það að hann væri hræddur um líf sitt. Kvaðst vitnið halda að það væri eitthvað í sambandi við Sævar. Hafi [HJÞ] greint honum frá því að Sævar hafi hóttað honum lífláti. Kvaðst vitnið ekki vita hvers vegna. Kvaðst hann

⁹⁹⁸ Bls. 1065.

⁹⁹⁹ Bls. 1067.

¹⁰⁰⁰ Dagbók nr. 5, bls. 15.

¹⁰⁰¹ Dagbók nr. 5, bls. 15b.

¹⁰⁰² Dagbók nr. 5, bls. 16.

þekkja Erlu mun betur en Sævar, en hvorki hún né Sævar hafi sagt sér frá ferðum þeirra eða gerðum. Minntist hann þess ekki að þau hafi nokkurn tímann minnst á Geirfinn eða Guðmund. Var yfirheyrslunni lokið klukkan 11:10.¹⁰⁰³ Á sama tíma var bókað í fangelsisdagbókina að [GJT] hafi verið færður á klefa og Sigurbjörn Víðir hafi tekið [HJP] til skýrslutöku í horninu. Fyrir liggur skýrsla um yfirheyrsluna þar sem fram kemur að tilefnið sé ummæli vitnisins um gerðir Sævars og Erlu. Kvaðst [HJP] þekkja Sævar náðið og talið hann vin sinn en þó aldrei hafa treyst honum og aldrei vitað fullkomlega hvar hann hefði hann. Þá kvaðst [HJP] þekkja Erlu töluvert og treysta henni mun betur en Sævari. Eftir að fréttir hafi borist af hlutdeild þeirra í mannhvörfunum hafi hann ekki lengur talið þau til vina sinna. Kvaðst hann vel geta trúað þeim báðum til að hafa átt hlutdeild í málunum, sér í lagi Sævari. Greindi vitnið frá því að þegar þeir hafi umgengist hvað mest þá hafi Sævar oft talað um að láta fólk hverfa og beinlínis um að drepa fólk. Hafi hann talið það mjög auðvelt hér á landi án þess að það kæmist nokkurn tímann upp. Kvaðst vitnið ekki muna hvaða aðferðir Sævar hafi nefnt, en mundi eftir því að Sævar hafi talað um að fá erlendan aðila, svo sem frá Púertó Ríkó, til að vinna verkið og borga honum fyrir.¹⁰⁰⁴ Greindi hann frá því að Sævar hafi hóttað sér lífláti þegar þeim sinnaðist í eitt sinn. Kvaðst vitnið muna eftir því að Sævar hafi sagt sér að vara sig svo ekki færi fyrir honum líkt og Guðmundi og Geirfinni. Kvaðst vitnið á þeim tíma ekki hafa tekið neitt mark á þessu þar sem hann hafi ekki vitað að Sævar hafi átt þátt í hvarfi þeirra.¹⁰⁰⁵ Þá greindi vitnið frá heimsókn sinni til Sævars og Erlu þar sem þau þá bjuggu í Hafnarfirði, sennilegast í fyrrihluta febrúar 1974. Kvað vitnið Sævar ekki hafa verið heima þar sem hann hafi þá verið í gæsluvarðhaldi. Var Erla heima og taldi vitnið ábyggilegt að [HeG] hafi einnig verið á staðnum. Kvaðst [HJP] muna eftir að hafa séð blóð í gólfteppinu í svefnherberginu og á kæliskáp sem hafi verið þar inni. Kvaðst vitnið einhverra hluta vegna hafa farið að gramsa í kæliskápnnum og fundið þar tvo taupoka utan af hassi. Var þá ákveðið að sjóða pokana þar sem soðið hafi svipuð áhrif og neysla hassefnis. Sagðist [HJP] hafa strax tekið eftir blóðblettum á taupokunum og hafi Erla sagt blóðið vera nautsblóð. Kvaðst vitnið hafa drukkið soðið með bestu lyst en mundi ekki hvort Erla eða [HeG] hafi drukkið það. Greindi vitnið frá því að Erla hafi sagt blóðið í teppinu og á kæliskápnnum hafa komið eftir að Sævar hafi verið að handleika nautakjöt. Í vetur hafi Erla hins vegar sagt honum að blóðið hafi í raun verið mannsblóð. Var yfirheyrslunni lokið klukkan 14:50.¹⁰⁰⁶

499. Í fangelsisdagbókina var bókað að [HJP] hafi verið settur á klefa klukkan 12:20 en færður aftur í skýrslutöku til Eggerts klukkan 13:15.¹⁰⁰⁷ Bókað var klukkan 15:30 að [HJP] hafi verið sleppt lausum. Þá var bókað að Gylfi Ásmundsson sálfræðingur hafi rætt við Sævar inni á klefa númer 13, vegna aðstæðna í húsinu, milli klukkan 16:20 og 17:15. Þá var bókað um komu Sigurbjörns Víðis og Hilmars Björnssonar lögreglumanns með [GEÞB]. Var hann tekinn til skýrslutöku í horninu klukkan 18:00.

¹⁰⁰³ Bls. 818–819.

¹⁰⁰⁴ Bls. 820.

¹⁰⁰⁵ Bls. 821.

¹⁰⁰⁶ Bls. 823.

¹⁰⁰⁷ Dagbók nr. 4, bls. 16.

Fyrir liggur skýrsla um yfirheyrsluna þar sem tilefni yfirheyrslunnar er bókað sem kunningssskapur vitnisins við Kristján Viðar og Tryggva Rúnar. Greindi vitnið frá samkvæmi sem hann hafi verið staddur í heima hjá Kristjáni Viðari að Grettisgötu í Reykjavík, skömmu eftir hvarf Guðmundar. Hafi Sævar einnig verið þar staddur og nokkrar stúlkur. Hafi hvarf Guðmundar komið til tals og kvaðst vitnið muna eftir því að Kristján Viðar hafi þá sagt að hann vissi um málið og að hann hefði látið Guðmund hverfa. Minnti vitninu að ástæðan þar að baki hafi eitthvað verið tengd fíkniefnum. Mundi vitnið eftir því að hafa spurt Kristján Viðar að því hvað hann hefði gert við líkið og hafi hann þá sagt að þeir hefðu sett það í hraunið við Grindavíkuraflleggjarann af Keflavíkurveginum. Kvaðst vitnið minna að Kristján Viðar hafi nefnt Sævar í þessu sambandi, en kvaðst ekki muna eftir að Tryggvi Rúnar hafi verið nefndur á nafn. Kvaðst vitnið hafa ráðið það af tali Kristjáns Viðars að Guðmundur hafi ekki verið sá fyrsti sem hafi horfið af hans völdum. Greindi vitnið frá því að þegar Kristján Viðar hafi talað um þetta mál í samkvæminu þá hafi sér þótt það svo fjarstæðukennt að hann hafi ekkert mark tekið á því. Kvaðst vitnið hafa heyrt það frá mörgum aðilum að Sævar hafi verið í fjárhagslegum tengslum við eigendur Klúbbsins og hafi það verið nefnt í tengslum við Geirfinnsmálið. Lauk yfirheyrslunni klukkan 19:00.¹⁰⁰⁸ Bókað var í fangelsisdagbókina að Sigurbjörn Víðir og Hilmar lögreglumaður hafi farið með vitnið að yfirheyrslunni lokinni klukkan 19:20.¹⁰⁰⁹

500. Fyrir liggja handritaðir punktar, sem ekki liggur fyrir hver ritaði, um það sem Erla sagðist hafa heyrt þegar Sævar hafi verið að rífast við einhvern mann í fangelsinu. Kvaðst Erla hafa heyrt þá tala saman og þekkt rödd Sævars. Hélt hún að það hafi verið [ViG] og hafi heyrt Sævar þá segja: „Alveg eins og Kristján og Erla.“ Þá hafi hinn svarað: „En Tryggvi?“ Þá kvaðst Erla hafa heyrt einhvern uppgjafartón í Sævari og þá hafi hinn maðurinn sagt: „Það var ég sem fór með þetta fyrir þig fyrir tveimur árum.“ Síðan hafi hann sagt: „Þú viðurkennir það, er það ekki?“ Síðan hafi þeir talað um eitthvað fleira sem hún hafi ekki heyrt.¹⁰¹⁰
501. Laugardaginn 10. júlí 1976 var bókað í dagbók Síðumúlafangelsisins að Guðsteinn læknir hafi komið klukkan 10:00 og rætt við Sævar og breytt smávegis lyfjagjöf. Það kvöld var bókað í fangelsisdagbókina að sálarástand Erlu hafi verið með verra móti í nótt. Hafi verið gerðar tilraunir til að stöðva hennar táraflóð, eins og það er orðað í færslunni, en án árangurs lengi vel. Bókað var að Erlu hafi verið gefið 1 stykki Diazepam 10 mg og hún róast heldur við það en svefn hafi verið óreglulegur.¹⁰¹¹
502. Mánudaginn 12. júlí 1976 var bókað í fangelsisdagbókina að farið hafi verið með Erlu í heilalínurit klukkan 12:50. Bókað var að Sigurbjörn Víðir hafi tekið Kristján Viðar til viðtals milli klukkan 13:25 og 14:20. Tíu mínútum síðar var bókað að komið hafi verið með Erlu til baka. Klukkan 14:35 var Tryggvi Rúnar færður fram til viðtals við Sigurbjörn Víði. Var viðtalinu lokið klukkan 14:50. Rannsóknargögn um viðtölin við Kristján Viðar og Tryggva Rúnar liggja ekki fyrir, önnur en færsla í rannsóknardagbók

¹⁰⁰⁸ Bls. 824–825.

¹⁰⁰⁹ Dagbók nr. 5, bls. 16b.

¹⁰¹⁰ Bls. 826.

¹⁰¹¹ Dagbók nr. 5, bls. 17.

Eggerts og Sigurbjörns Víðis. Bókað var að Sigurbjörn Víðir hafi farið inn á klefa til Erlu klukkan 16:00. Tuttugu mínútum síðar var bókað að þau hafi flutt sig fram í horn. Var Erla færð aftur á klefa sinn klukkan 16:45. Rannsóknargögn liggja ekki fyrir, hvorki um vitjunina á klefa Erlu né viðtalið önnur en bókun í rannsóknardagbókina. Þar kemur fram að þennan dag hafi Erlu, Kristjáni og Tryggva verið sýnd grunnteikning af kjallarafbúðinni að Hamarsbraut 11 í Hafnarfirði og niðurröðun á húsgögnum í hana, svo og afstöðu af geymslunni og öðru því sem í kjallaranum var. Var þess getið að niðurröðunin hafi verið samkvæmt frásögn Erlu. Bókað var að Kristján Viðar og Tryggvi hafi báðir talið röðun húsgagna í íbúðinni verið rétta eftir því sem þeir best myndu. Kristján Viðar hafi reyndar talið að einn stóll í stofunni hafi staðið á öðrum stað. Var það borið undir Erlu og aðspurð sagði hún það mjög sennilega rétt hjá Kristjáni Viðari. Bókað var að þau hafi verið spurð um hvar Guðmundur Einarsson hafi legið á gólfinu. Orðrétt var bókað: „Nú að sjálfsgöðu Erla hún gat ekki um það sagt. Það hefur aldrei komið fram að hún hafi vitað um það eða séð, þegar átökin áttu sér stað, en þeim bar saman Tryggva Rúnari og Kristjáni um þann stað þar sem að þeir bentu báðir á sama staðinn á teikningunni, þar sem Guðmundur er sagður hafa legið eftir átökin áður en hann var borinn fram í geymsluna.“ Var þess getið að Erla hafi verið spurð hvort hún hafi einhvern tímann, og þá hvar, hreinsað blóð í íbúðinni. Hafi Erla svarað því fyrst að þeir skyldu spyrja [HJP] um það. Síðan hafi hún bent á að sig minnti að hún hafi hreinsað upp blóð á gólfinu eða úr teppinu í innra herberginu þar sem ísskápurinn og eldunarplatan hafi líka verið. Þá kvaðst hún ekki frá því að hafa hreinsað blóð af ísskápnum. Hafi hún ekki verið klár á því hvernig þetta blóð hafi komið til.¹⁰¹²

503. Klukkan 18:00 var bókað að Sigurbjörn Víðir hafi komið ásamt Gísla H. Guðjónssyni, rannsóknarlögglumanni með lygamæliapparatið eins og það var orðað. Bókað var að Erla hafi verið fyrst tekin fyrir. Klukkan 19:15 var bókað að Erla hafi verið færð inn í varðstjóraherbergi til að ljúka við krossapróf. Á sama tíma hafi Tryggvi Rúnar verið tekinn fram og beitt fyrir apparatið, eins og það var bókað. Þá var einnig bókað að [JÓC] bróðir Sævars hafi hringt tvisvar þennan dag útaf penna sem hann hafi sagst hafa lánað Sævari einhvern tímann.¹⁰¹³ Bókað var að fangaverðir hafi ekki fundið pennann í farangri Sævars. Þá hafi móðir Sævars hringt og verið frekar hátt uppi á geðinu, eins og það var orðað í færslunni, og spurt meðal annars hvort allt óhreina tauið hans Sævars hefði verið sent til Þýskalands. Klukkan 20:40 var orðrétt bókað: „Fór Gísli Guðjónsson, sálf.“ Bókað var klukkan 23:30 að Sævari hafi verið boðin lyfin að venju en hann neitað að taka þau í tvígang. Af þessu tilefni bókaði færsluritari orðrétt í fangelsisdagbókina: „Í votta viðurvist tjáði hann okkur að um væri að kenna hjartveiki sinni. En áður hefur komið fram, að mati læknis, að ekkert sé að hjartanu í honum. Sævar fær engin lyf þar til annað verður ákveðið af lækni. Hins vegar er það mitt mat, og jafnvel annarra, að ekkert hjarta sé í Sævari Ciesielski!“¹⁰¹⁴

¹⁰¹² Bls. 1070.

¹⁰¹³ Dagbók nr. 5, bls. 18.

¹⁰¹⁴ Dagbók nr. 5, bls. 18b.

504. Sama dag, 12. júlí 1976, var bókað í rannsóknardagbók Eggerts og Sigurbjörns Víðis að 9. júlí 1976 hafi Sævar og [AR], sem sæti í gæsluvarðhaldi vegna morðs, orðið uppvísir að því að vera að kallast á milli klefa undir klefahurðunum. Bókað var að fangaverðir hafi heyrt lítið hvað þeim fór á milli, en þó heyrt að [AR] hafi kallað á Sævar og sagt að Njörður hefði sagt sér að Kristján Viðar væri reiður út í hann þar sem hann fengist ekki til að greina frá sínum hlut í málinu sem verið væri að rannsaka. Bókað var að Erla hafi heyrt á tal þeirra tveggja að nokkru leyti. Hafi Erla heyrt Sævar nefna sig og Kristján Viðar á nafn og heyrt [AR] nefna Tryggva Rúnar. Hafi henni virst sem [AR] væri ekki sáttur við hvernig málin stæðu og hvernig Sævar hafi hagað sér.¹⁰¹⁵
505. Þá birtist frétt þennan dag á baksíðu Dagblaðsins undir fyrirsögninni: „Dómsmálaráðherra „kippir í spottann“: Einn færasti sérfræðingur V-Þýskalands vinnur að rannsókn Geirfinnsmálsins.“ Fram kom að sérfræðingurinn Schütz hafi komið til landsins fyrir rúmri viku til þess að viðað að sér gögnum en haft hafi verið samband við hann um jólaleytið árið á undan. Mikil leynd hafi hvílt yfir ráðningu hans og var fullyrt í fréttinni að heimildir Dagblaðsins hermdu að Ólafur Jóhannesson, dómsmálaráðherra, hafi persónulega gengist fyrir því að hann yrði ráðinn. Fram kom að Schütz starfaði í Wiesbaden þar sem væri að finna eina fullkomnustu rannsóknarstofu heims. Hafi Schütz farið með talsvert af gögnum þangað, meðal annars eitthvað af fötum Sævars.¹⁰¹⁶
506. Þriðjudaginn 13. júlí 1976 var bókað í dagbók Síðumúlafangelsisins að Sigurbjörn Víðir hafi komið klukkan 14:55 og talað við Tryggva Rúnar og Erlu á klefum þeirra. Rannsóknargögn liggja ekki fyrir um þessar vitjanir. Klukkan 15:55 var bókað að Sigurbjörn Víðir hafi sótt Ingvar Kristjánsson geðlækni. Bókað var klukkan 16:20 að Sævar hafi verið færður fram til viðtals við Ingvar geðlækni. Klukkan 17:10 var bókað að Sigurbjörn Víðir hafi farið inn á klefa til Kristjáns Viðars. Bókað var að Örn hafi komið klukkan 17:20 og farið inn á klefa til Tryggva Rúnar í 15 mínútur. Rannsóknargögn um vitjunina liggja ekki fyrir. Klukkan 17:40 var bókað að Sigurbjörn Víðir hafi komið fram af klefa Kristjáns. Rannsóknargögn liggja ekki fyrir um vitjunina. Bókað var að Sigurbjörn Víðir hafi rætt við Erlu frá klukkan 17:50 til 18:05. Bókað var um komu Gísla Guðjónssonar, rannsóknarlögreglumanns og sálfræðings, klukkan 18:20. Fimm mínútum síðar var bókað um lok samtals Sævars og Ingvars Kristjánssonar geðlæknis.¹⁰¹⁷ Klukkan 18:50 var bókað að Kristján Viðar hafi verið færður fram til Gísla Guðjónssonar í apparatið, eins og það var orðað í færslunni. Var Kristján Viðar færður aftur á klefa sinn klukkan 20:35 og með próf með sér sem Gísli Guðjónsson hafi lagt fyrir hann. Fimm mínútum síðar var bókað að Gísli hafi farið og boðað komu sína aftur næsta dag til að sækja prófið.
507. Í rannsóknardagbók Eggerts og Sigurbjörns Víðis var bókað þennan dag að leitað hafi verið aðstoðar vestur-þýsks sérfræðings og rannsóknarlögreglumanns að nafni Schütz. Hafi hann óskað eftir því að fá teppin af Hamarsbraut 11 í Hafnarfirði til rannsóknar í

¹⁰¹⁵ Bls. 1069.

¹⁰¹⁶ Bls. 828.

¹⁰¹⁷ Dagbók nr. 5, bls. 19.

Þýskalandi. Bókað var að haft hafi verið samband við verslunina Axminster um teppaskiptin, en þess getið að þeir myndu vera viðstaddir og taka ljósmyndir um leið og teppin yrðu tekin af. Myndu Axminster sjá um að pakka teppunum inn til sendingar og leggja ný teppi á íbúðina.¹⁰¹⁸

508. Sama dag var frétt um komu erlenda sérfræðingsins á forsíðu Þjóðviljans. Þar kom fram að Baldur Möller, ráðuneytisstjóri í dómsmálaráðuneytinu, hafi staðfest það sem rétt að dómsmálaráðherra hafi haft forgöngu um að þýski sakamálasérfræðingurinn kæmi til landsins.¹⁰¹⁹ Fullyrt var í frétt blaðsins að ekki fengist séð hvernig þýski sérfræðingurinn ætti að koma að gagni. Mergurinn málsins væri sá að alvöru rannsókn, eins og það var orðað, hafi ekki hafist fyrr en einu og hálfu ári eftir að atburðurinn hafi átt sér stað. Þegar svo langur tími væri liðinn væri nær ógerlegt að fá botn í málið nema fyrir heppni.¹⁰²⁰
509. Miðvikudaginn 14. júlí 1976 var bókað í dagbók Síðumúlafangelsisins að Erla hafi verið flutt á Kleppsspítala til lækni- og blóðtöku klukkan 08:55. Var komið með hana til baka klukkan 09:40. Bókað var klukkan 11:00 að Jón Oddsson, réttargæslumaður Sævars, hafi komið ásamt bandarískum sendiráðsfulltrúa.¹⁰²¹ Var þess getið að þessir aðilar ættu að tala við Sævar. Klukkan 11:05 var Sævar færður fram til viðtals við réttargæslumann sinn og sendiráðsfulltrúann í áheyrn Hlyns Þórs, fangavardar. Bókað var að væntanlega ætti Sævar að taka ákvörðun um ríkisfang sitt. Var Sævar færður aftur á klefa sinn klukkan 11:55. Bókað var um komu Páls Arnórs Pálssonar, réttargæslumanns Kristjáns Viðars, klukkan 16:00. Ræddi hann við Kristján Viðar í áheyrn Sigurbjörns Víðis. Var Kristján Viðar færður aftur á klefa sinn klukkan 16:45.¹⁰²²
510. Daginn eftir var bókað í fangelsisdagbókina klukkan 04:30 að Sævar hafi heyrt bank fyrir utan húsið. Hafi það verið athugað en ekkert fundist.¹⁰²³
511. Föstudaginn 16. júlí 1976 var bókað í dagbók fangelsisins við Síðumúla að farið hafi verið með Sævar í heilalínurit klukkan 08:30. Þá var bókað klukkan 09:20 að komið hafi verið með Sævar til baka. Á sama tíma var bókað að við yfirferð á klósetti og baði hafi fundist brúnt bréf í poka, falið við vask inni á baðinu. Í bréfinu hafi fundist duft með rauðum ögnum sem benti til þess að um væri að ræða skammt af kvöldlyfjum Sævars sem hann hafi reynt að fela þarna. Bókað var að í kvöldlyfjum Sævars hafi verið þrjár 50 mg Largactil töflur með rauðri húð, tvær Somadril töflur og ein 5 mg Diazepam tafla.¹⁰²⁴ Í færslunni var rakið að bréfpakkinn hafi verið þurr sem benti til þess að hann hafi ekki verið þarna lengi, en Sævar hafi farið í bað kvöldið áður. Bókað var að Sævar hafi ekki fengið nein lyf síðan 12. júlí 1976, en þá hafi hann alfarið neitað lyfjum. Bókað var að Sævar hafi viðurkennt að þetta væri frá sér komið, en hafi

¹⁰¹⁸ Bls. 1071.

¹⁰¹⁹ Bls. 829.

¹⁰²⁰ Bls. 830.

¹⁰²¹ Dagbók nr. 5, bls. 19b.

¹⁰²² Dagbók nr. 5, bls. 20.

¹⁰²³ Dagbók nr. 5, bls. 20b.

¹⁰²⁴ Dagbók nr. 5, bls. 20b.

ekki komið með fullkomna skýringu á því hvenær eða hvers vegna hann hafi látið þetta þarna. Eins vantaði skýringu á því hvernig hann hafi komist yfir bréfið. Bókað var að Sævar hafi sagt einn varðstjórnari hafa misst það úr lyfjaglasinu og á borðið hjá sér og skilið það eftir þar. Var þess getið að þær sendingar sem Sævar hafi fengið og færsluritari hafi afgreitt til hans hafi verið teknar úr öllum pokum og umbúðum sem hægt hafi verið að skrifa á og látvar í glæra plastpoka sem væru til notkunar í fangelsinu. Tíu mínútum síðar var bókað um komu Arnar sem hafi talað stutta stund við Erlu og Tryggva Rúnar á klfum þeirra. Rannsóknargögn um vitjanirnar liggja ekki fyrir. Bókað var klukkan 14:00 að Sigurbjörn Víðir hafi farið með Tryggva Rúnar út í leiðangur og í heimsókn til ömmu hans. Komu þeir til baka klukkan 14:55. Bókað var klukkan 16:25 að Tryggvi Rúnar hafi verið fluttur á Litla-Hraun í samræmi við ákvörðun Arnar Höskuldssonar. Klukkan 17:00 var bókað að Erla og Sævar hafi verið færð fram til samtals í horninu í áheyrn Sigurbjörns Víðis og Eggerts. Var þess getið með bókun klukkan 20:00 að samtal þeirra stæði enn yfir. Bókað var í dagbókina klukkan 20:15 að Erla og Sævar hafi verið færð á klfu sína. Rannsóknargögn um samtal þeirra liggja ekki fyrir. Fimm mínútum síðar var bókað að Sigurbjörn Víðir hafi farið inn á klfu til Erlu til klukkan 21:05. Rannsóknargögn liggja ekki fyrir um vitjunina. Á sama tíma var bókað að Erla hafi fengið 10 mg Diazepam vegna þess hve slæm á taugum hún væri, eins og það var orðað í færslunni.¹⁰²⁵

512. Laugardaginn 17. júlí 1976 var bókað í dagbók Síðumúlafangelsisins að Guðsteinn læknir hafi komið klukkan 09:30 og rætt við Erlu. Tuttugu mínútum síðar var bókað að Erla hafi verið færð fram til viðtals við Sigurbjörn Víði. Klukkan 10:00 var Sævar færður fram í hornið til Erlu og Sigurbjörns Víðis.¹⁰²⁶ Klukkan 12:00 var bókað að Erla og Sævar hafi verið færð á klfu sína. Rannsóknargögn liggja ekki fyrir um samtal þeirra.
513. Daginn eftir var bókað í fangelsisdagbókina að Erla hafi verið færð fram til viðtals við Sigurbjörn Víði klukkan 09:20. Klukkan 09:45 var bókað að Sævari hafi verið bætt við í hornið, eins og það var orðað í færslunni. Bókað var klukkan 12:55 að Erla og Sævar hafi verið færð á klfu sína.¹⁰²⁷ Rannsóknargögn um samtal þeirra liggja ekki fyrir.
514. Mánudaginn 19. júlí 1976 var bókað í dagbók fangelsisins við Síðumúla að lyf hafi verið sótt í apótekið, 300 stykki af Magnýl, 100 stykki af Methylpenicillin og 2000 g Chloral. Bókað var að Sigurbjörn Víðir hafi tekið Erlu og Sævar fram til samprófunar milli klukkan 13:30 og 19:25.¹⁰²⁸ Klukkan 20:20 var bókað að Sigurbjörn Víðir og Hlynur Þór fangavörður hafi farið úr húsi með Erlu og Sævar. Bókað var að Sævar væri járnaður við Hlyn. Komu þau til baka klukkan 22:50 samkvæmt bókun í dagbók, en rannsóknargögn um ferðina liggja ekki fyrir.¹⁰²⁹

¹⁰²⁵ Dagbók nr. 5, bls. 21b.

¹⁰²⁶ Dagbók nr. 5, bls. 21b.

¹⁰²⁷ Dagbók nr. 5, bls. 22.

¹⁰²⁸ Dagbók nr. 5, bls. 22b.

¹⁰²⁹ Dagbók nr. 5, bls. 23.

515. Daginn eftir, 20. júlí 1976, var bókað í fangelsisdagbókina að Sævar og Erla hafi verið færð fram til samprófunar klukkan 10:20. Klukkan 12:50 var bókað að Sigurbjörn Víðir og Hlynur Þór hafi farið með Erlu og Sævar í leiðangur og hafi Sævar verið járnaður við Hlyn. Bókað var um komu þeirra til baka klukkan 14:30 og þess getið að Erla og Sævar hafi verið færð í hornið. Klukkan 16:10 var bókað að Erla og Sævar hafi verið færð á klefa sína. Rannsóknargögn liggja ekki fyrir, hvorki um svokallaða samprófun né leiðangurinn. Klukkan 20:39 var bókað að Sigurbjörn Víðir hafi rætt við Sævar og Erlu til klukkan 22:20.¹⁰³⁰ Rannsóknargögn um samtalið liggja ekki fyrir.
516. Miðvikudaginn 21. júlí 1976 var bókað í dagbók Síðumúlafangelsisins að Sævar hafi verið færður fram til yfirheyrslu hjá Sigurbirni Víði klukkan 10:00 en færður aftur á klefa sinn klukkan 10:15. Rannsóknargögn um yfirheyrsluna liggja ekki fyrir. Klukkan 14:35 var bókað að Sigurbjörn Víðir og Hallvarður vararíkissaksóknari hafi farið eftir að hafa rætt stutta stund við Erlu. Rannsóknargögn um viðtalið liggja ekki fyrir. Bókað var klukkan 17:40 að Erla hafi verið færð fram til tals við Sigurbjörn Víði. Tíu mínútum síðar var bókað að Sævar hafi verið færður fram til tals við Erlu og Sigurbjörn Víði. Bókað var að yfirheyrslu yfir Sævari og Erlu hafi lokið klukkan 19:40 og þau sett á klefa sína. Rannsóknargögn liggja ekki fyrir um yfirheyrsluna yfir þeim.¹⁰³¹
517. Fimmtudaginn 22. júlí 1976 bókaði færsluritari í fangelsisdagbókina klukkan 08:45 um að hann hafi í samráði við Sigurbjörn Víði og áður tekna ákvörðun Arnar Ármanns, varðstjóra, samþykkt að Sævar fengi að reykja fjórar til fimm sígarettur á dag þar til annað yrði ákveðið. Bókað var klukkan 10:15 að Erla hafi verið tekin til yfirheyrslu af Sigurbirni Víði. Klukkan 10:35 var Sævar færður fyrir Sigurbjörn Víði til yfirheyrslu saman með Erlu.¹⁰³² Bókað var klukkan 12:00 að Sævar hafi verið færður fram á klefa sinn. Var Erla áfram til yfirheyrslu og loks færð á klefa sinn klukkan 12:30. Rannsóknargögn um yfirheyrslurnar yfir þeim liggja ekki fyrir. Bókað var klukkan 14:30 að Páll Arnór Pálsson, réttargæslumaður Kristjáns Viðars, hafi komið en farið aftur klukkan 15:00. Var þess getið að hann hafi ekki haft erindi sem erfiði en búist við að koma aftur. Klukkan 17:40 var bókað um komu móður Sævars með sendingu til hans af ávöxtum og sokkum.¹⁰³³ Klukkan 17:55 var bókað að Kristján Viðar hafi verið færður fram til viðtals við Lárus Helgason, yfirlækni á Kleppi, til klukkan 18:10. Fimm mínútum síðar var Kristján Viðar færður fram til viðtals við Pál Arnór Pálsson, réttargæslumann sinn, í áheyrn Sigurbjörns Víðis. Lauk samtali þeirra klukkan 19:30. Bókað var klukkan 20:25 að Sævar og Erla hafi verið færð fram til yfirheyrslu hjá Sigurbirni Víði. Lauk yfirheyrslunni klukkan 21:15 samkvæmt bókun, en rannsóknargögn liggja ekki fyrir.¹⁰³⁴
518. Þennan dag fóru Njörður og Örn til Keflavíkur og tóku [GKJ] tali. Í skýrslu um viðtalið kom fram að hún teldi að maður sem unnið hefði í Klúbbnum væri

¹⁰³⁰ Dagbók nr. 5, bls. 23.

¹⁰³¹ Dagbók nr. 5, bls. 23b.

¹⁰³² Dagbók nr. 5, bls. 24.

¹⁰³³ Dagbók nr. 5, bls. 24b.

¹⁰³⁴ Dagbók nr. 5, bls. 25.

ískyggilega líkur þeim sem hafi komið í Hafnarbúðina 19. nóvember 1974 og fengið að hringja. Hafi hann ekki átt neitt að éta fyrir hvarf Geirfinns, en eftir hvarfið hafi hann allt í einu verið kominn með nýtt hús, kindur og tólf hross. Greindi hún frá því að hún teldi Kristján Viðar vita meira um Geirfinnsmálið en hann hafi látið uppi.¹⁰³⁵

519. Fyrir liggur bréf frá Jóni Oddssyni, réttargæslumanni Sævars, til Arnar Höskuldssonar, dagsett sama dag, 22. júlí 1976. Í bréfinu sagðist Jón ítreka margítrekuð tilmæli sín um að skjólstæðingur sinn yrði yfirheyrður fyrir dómi, að honum viðstöddum, eða þá að teknar yrðu af honum lögregluskýrslur vegna framburðar hans. Áréttaði hann hinar ýmsu umkvartanir varðandi vistun Sævars og varðhald í fangelsinu. Loks óskaði hann eftir því að fá aðstöðu til að kynna sér gögn málsins.¹⁰³⁶
520. Föstudaginn 23. júlí 1976 var bókað í dagbók fangelsisins við Síðumúla að Kristján Viðar hafi verið fluttur á Kleppsspítala í blóðrannsókn klukkan 08:20. Var komið til baka með hann klukkan 08:40. Klukkan 09:30 var bókað að Sigurbjörn Víðir hafi tekið Sævar til yfirheyrslu. Bókað var klukkan 10:00 að Sigurbjörn Víðir hafi tekið Erlu fram líka og væru þau hjónaleysin bæði í horninu, eins og það var orðað í færslunni.¹⁰³⁷ Bókað var að Sævar og Erla hafi verið færð á klefa sína klukkan 11:40. Rannsóknargögn um yfirheyrslurnar liggja ekki fyrir. Bókað var klukkan 13:30 að Sigurbjörn Víðir og Hlynur Þór hafi farið suður í hraun með Erlu og Sævar. Komu þau til baka klukkan 15:00. Rannsóknargögn um leiðangurinn liggja ekki fyrir. Klukkan 21:45 var bókað að Erla hafi verið færð fram til tals við Sigurbjörn Víði og Hallvarð vararíkissaksóknara. Rannsóknargögn um viðtalið liggja ekki fyrir. Klukkan 22:35 var bókað að Sævar hafi verið færður fram til viðtalsins. Hafi þau verið sett á klefa sína að lokinni yfirheyrslu klukkan 23:50. Rannsóknargögn liggja ekki fyrir um viðtalið.¹⁰³⁸
521. Daginn eftir var bókað í fangelsisdagbókina að Guðsteinn læknir hafi komið klukkan 09:30. Á sama tíma hafi Sævar verið færður fram til viðtals við Sigurbjörn Víði. Var viðtalinu lokið klukkan 10:00 og var Sævar færður á klefa sinn. Rannsóknargögn liggja ekki fyrir um viðtalið. Bókað var klukkan 10:15 að Guðsteinn læknir hafi farið eftir að hafa breytt lyfjum og bætt einum við á lyfjaskrá.¹⁰³⁹ Klukkan 10:50 var Sævar færður fram til viðtals við Ingvar Kristjánsson geðlækni til klukkan 12:10. Bókað var klukkan 12:20 að Hallvarður hafi komið og ætlað að hitta á Sigurbjörn Víði. Lét færsluritari þess getið að hann hafi rætt um stöðu Sævars í Guðmundarmálinu af vissum ástæðum. Fór Hallvarður klukkan 19:15 án þess að hitta á Sigurbjörn Víði, en hann hafi ráðgert að mæta.¹⁰⁴⁰ Bókað var að Hallvarður hafi hringt klukkan 20:05 og boðað komu sína. Hafi hann sagst langa til að tala við Sævar og vantaði aðstoðarmann. Bókað var að það yrði afgreitt. Klukkan 20:40 var bókað um komu Hallvarðs og tekið fram að hann hafi hinkrað með viðtalið á meðan annir væru sem mestar með fangana. Bókað var klukkan 21:05 að Sigurbjörn Víðir hafi komið óvænt og hafi þeir tekið

¹⁰³⁵ Bls. 831–832.

¹⁰³⁶ Bls. 832_A.

¹⁰³⁷ Dagbók nr. 5, bls. 25.

¹⁰³⁸ Dagbók nr. 5, bls. 26.

¹⁰³⁹ Dagbók nr. 5, bls. 26.

¹⁰⁴⁰ Dagbók nr. 5, bls. 26b.

- Sævar fram í horn til viðtals. Bókað var klukkan 00:15 að Sævar hafi verið látinn á klefa sinn. Rannsóknargögn um yfirheyrsluna liggja ekki fyrir.¹⁰⁴¹
522. Sunnudaginn 25. júlí 1976 var bókað í dagbók fangelsisins við Síðumúla að Erla hafi verið færð í hornið til Sigurbjörns Víðis og Hallvarðs klukkan 11:10. Var hún færð aftur á klefa sinn klukkan 11:55. Bókað var klukkan 14:00 að Sævar hafi verið færður fyrir Hallvarð til yfirheyrslu og aftur á klefa sinn klukkan 15:55. Rannsóknargögn liggja ekki fyrir um þessar yfirheyrslur. Bókað var klukkan 16:10 að Erla og Kristján Viðar hafi verið færð fyrir Hallvarð.¹⁰⁴² Voru þau færð aftur á klefa sinn klukkan 17:20. Rannsóknargögn um yfirheyrsluna liggja ekki fyrir. Bókað var að Hallvarður hafi ekki haft árangur sem erfiði, eins og það var orðað í færslunni, og farið klukkan 17:30. Klukkan 21:30 var bókað að Hallvarður hafi hringt og spurt fréttu, bókaði færsluritari að ekkert væri fréttu.¹⁰⁴³
523. Mánudaginn 26. júlí 1976 var bókað í dagbók Síðumúlafangelsisins að Sigurbjörn Víðir hafi talað við Erlu og Sævar milli klukkan 10:00 og 11:45, en rannsóknargögn liggja ekki fyrir. Bókað var klukkan 13:30 að Sigurbjörn Víðir og Högni fangavörður hafi farið með Erlu og Sævar út í hraun. Komu þau til baka klukkan 14:45. Bókað var að Erla hafi verið sett á klefa klukkan 15:00 eftir samtalið og Sævar tíu mínútum síðar. Rannsóknargögn liggja ekki fyrir, hvorki um leiðangurinn út í hraun né samtölin.¹⁰⁴⁴
524. Daginn eftir var bókað í fangelsisdagbókina að Sigurbjörn Víðir hafi komið klukkan 08:00 og rætt við Sævar og Erlu. Rannsóknargögn um viðtalið liggja ekki fyrir. Bókað var klukkan 09:30 að Ingvar Kristjánsson geðlæknir hafi tekið Sævar til viðtals til klukkan 10:30. Klukkan 13:35 var bókað að Sigurbjörn Víðir hafi komið aftur til viðtals við Sævar og Erlu. Bókað var klukkan 14:50 að Sævar hafi verið settur inn á klefa sinn. Var Erla færð inn á klefa sinn klukkan 16:45 eftir samtalið við Sigurbjörn Víði. Rannsóknargögn liggja ekki fyrir um samtalið. Bókað var að Ásgeir Karlsson geðlæknir hafi komið klukkan 18:00 og rætt við Erlu til klukkan 18:45.¹⁰⁴⁵ Klukkan 21:50 var bókað að Hallvarður, Sigurbjörn Víðir og Högni fangavörður hafi farið suður í hraun. Komu þeir til baka klukkan 23:05. Rannsóknargögn um leiðangurinn liggja ekki fyrir.
525. Miðvikudaginn 28. júlí 1976 var bókað í dagbók fangelsisins við Síðumúla að Erla hafi verið færð fram til viðtals við Sigurbjörn Víði klukkan 12:50. Bókað var að Erla hafi verið færð aftur á klefa sinn klukkan 14:15.¹⁰⁴⁶ Rannsóknargögn liggja ekki fyrir um viðtalið. Tíu mínútum síðar var bókað að Sævar hafi verið tekinn fram til viðtals við Sigurbjörn Víði. Bókað var að Sævar hafi verið færður aftur á klefa sinn klukkan 15:00, en rannsóknargögn um viðtalið liggja ekki fyrir. Bókað var klukkan 17:10 að Jón Oddsson, réttargæslumaður Sævars, hafi komið og rætt við Sigurbjörn Víði til klukkan 18:15. Á sama tíma var bókað að Sigurbjörn Víðir hafi farið inn á klefa til

¹⁰⁴¹ Dagbók nr. 5, bls. 27.

¹⁰⁴² Dagbók nr. 5, bls. 27.

¹⁰⁴³ Dagbók nr. 5, bls. 27b.

¹⁰⁴⁴ Dagbók nr. 5, bls. 28.

¹⁰⁴⁵ Dagbók nr. 5, bls. 28b.

¹⁰⁴⁶ Dagbók nr. 5, bls. 29.

Kristjáns Viðars. Klukkan 18:25 var bókað að Sigurbjörn Víðir og Hallvarður hafi farið með Kristján Viðar suður í hraun. Komu þeir til baka klukkan 19:30, en rannsóknargögn um leiðangurinn liggja ekki fyrir.

526. Fimmtudaginn 29. júlí 1976 var bókað í dagbók fangelsisins við Síðumúla að Sigurbjörn Víðir hafi komið klukkan 08:20 og farið rétt síðar að ræða við Erlu inni á klefa hennar. Rannsóknargögn um vitjunina liggja ekki fyrir. Bókað var klukkan 09:25 að blaðamaður hafi hringt og spurt eftir Erni og þýskum glæpamálasérfræðingi, eins og það var orðað í færslunni, sem hafi komið með honum til landsins kvöldið áður. Klukkan 11:20 var bókað um símtal frá Erni þar sem ræddur hafi verið flutningur á Sævari til lækniSSkoðunar morguninn eftir. Bókað var að Gúndi boðunarmaður hafi neitað að flytja Sævar. Færsluritari lét þess getið að boðunarmanninum væri ekki treystandi með Sævar í heilaritið og því gætu þeir Örn og félagar átt hann, eins og það var orðað.¹⁰⁴⁷ Bókað var klukkan 18:10 að Ásgeir Karlsson geðlæknir hafi komið og rætt við Erlu inni á klefa hennar til klukkan 19:45. Bókað var klukkan 22:00 að Sævar hafi verið færður fram til viðtals við Hallvarð og Hlyn Þór, fangavörð. Klukkan 22:45 var bókað um komu Sigurbjörns Víðis sem hafi talað við Erlu í tíu mínútur og farið svo. Rannsóknargögn liggja ekki fyrir um vitjunina. Bókað var klukkan 23:30 að Sævar hafi verið færður aftur á klefa sinn. Rannsóknargögn um viðtalið liggja ekki fyrir.¹⁰⁴⁸
527. Bókað var í dagbók fangelsisins við Síðumúla, 30. júlí 1976, að Jón M. Gunnarsson og Sigurbjörn Víðir, rannsóknarlögreglumenn, hafi flutt Sævar í lækniSSkoðun og blóðtöku á Kleppsspítala klukkan 08:25. Bókað var klukkan 08:45 að Hallvarður hafi rætt við Erlu á klefa hennar til klukkan 09:30. Rannsóknargögn um vitjunina liggja ekki fyrir. Bókað var að komið hafi verið með Sævar til baka klukkan 09:10. Klukkan 11:00 bókaði færsluritari, Gunnar Guðmundsson, forstöðumaður Síðumúlafangelsisins, að hann hafi tekið Erlu fram í horn til viðtals. lét hann þess getið að Erla hafi óskað eftir viðtali um sérstakt málefni. Var Erla færð á klefa sinn klukkan 11:20. Rannsóknargögn um viðtalið liggja ekki fyrir. Bókað var klukkan 17:15 að sótt hafi verið lyf, Tetracyclin, Dalmadorm 30 mg og Polaramine. Klukkan 21:45 var bókað að Sigurbjörn Víðir hafi rætt við Erlu í smástund. Var þess getið að Sigurbjörn Víðir væri á leið í sumarfrí og yrði í tvær vikur.
528. Laugardaginn 31. júlí 1976 var bókað í dagbók Síðumúlafangelsisins að Guðsteinn læknir hafi komið klukkan 09:25 og rætt meðal annars við Erlu. Bókað var að læknirinn hafi farið eftir að hafa aukið við lyfjagjöf Erlu.
529. Sunnudaginn 1. ágúst 1976 var bókað í dagbók fangelsisins að Eggert hafi komið með [BPP] klukkan 14:40. Var þess getið að Eggert og Hallvarður hafi tekið hann tali í yfirheyrsluherberginu, en rannsóknargögn liggja ekki fyrir um viðtalið. Bókað var klukkan 16:10 að Eggert og Hallvarður hafi farið með [BPP].¹⁰⁴⁹

¹⁰⁴⁷ Dagbók nr. 5, bls. 29b.

¹⁰⁴⁸ Dagbók nr. 5, bls. 30.

¹⁰⁴⁹ Dagbók nr. 5, bls. 32.

530. Á þessum tíma birtist viðtal við [ÖS], fyrrum fanga sem skrifaðist á við Sævar í gæsluvarðhaldinu, í tímaritinu Samúel. Í viðtalinu var rakið samtál blaðamanns tímaritsins við [ÖS] þar sem sá síðarnefndi las upp úr bréfi sem hann sagði stafa frá Sævari og snúast um frásögn Erlu um morðið á Guðmundi. Hafi Sævar greint frá því sem Erla hafi orðið vitni að þegar hún hafi beðið eftir Sævari að Hamarsbraut 11 á meðan hann fönðraði eitthvað í kjallara hússins með félögum sínum. Er henni hafi verið litið niður í kjallarann hafi hún séð þá vera að pakka líki inn í lak.¹⁰⁵⁰ Fullyrti [ÖS] að Sævar hafi í bréfi sínu lýst þessum framburði sem hinu mesta rugli og sagt þetta allt saman vera eitthvað sem Erlu hafi dreymt. Hafi Sævar reynt að segja bæði henni og lögreglunni það allan tímann. Í viðtali við blaðamann kvaðst [ÖS] hafa þurft að skaffa Sævari pappír og penna, Sævar hafi ekki haft neitt slíkt í klefa sínum en [ÖS] kvaðst hafa allt til alls. Um aðferðina við bréfasmyglið kvaðst [ÖS] hafa náð heilum þræði úr lakinu á beddanum sínum, bundið greiðu við annan endann en bréfið við hinn. Síðan hafi hann smeygt greiðunni undir dyrnar og skutlað henni yfir ganginn. Greiðan hafi runnið beint undir klefadyrnar hjá Sævari, sem hafi dregið þráðinn inn og þar með bréfið. [ÖS] kvaðst hafa upplýst Sævar um marga hluti varðandi rannsóknina á Geirfinnsmálinu. Greindi hann frá því að upp hafi komist um bréfaskipti þeirra og kvaðst hann hafa verið settur í handjárn og fótajárn og sýndi blaðamanni mar sem hann sagði vera eftir fótajárnin. Þá hafi Sævar verið sviptur sígarettum og sagði [ÖS] blaðamanni frá því að Sævar hafi iðulega beðið sig um að senda sér sígarettu yfir. Fullyrti hann að fangelsisreglur segðu til um að ekki mætti svipta fanga sígarettum, en fangarnir hefðu ekki fengið að sjá reglurnar þegar þeir hafi beðið um það. [ÖS] greindi einnig frá því að Sævar hafi sent sér eyðublöð sem honum hafi borið að fylla út í tengslum við geðrannsókn. Hafi Sævari fundist spurningarnar fáránlegar og nefndi [ÖS] sem dæmi spurningu um hvort Sævari fyndist sem einhver fylgdist með honum. Fullyrti [ÖS] að ekki væri hægt að svara spurningunni. Ef Sævar hefði svarað játandi yrði hann talinn haldinn ofsóknarbrjálæði, en ef hann hefði svarað neitandi þá yrði hann talinn lygari, enda undir eftirliti í gæsluvarðhaldinu. Sagði hann Sævar hafa neitað því að gangast undir þetta próf. Skoðun sín væru sú að Sævar væri haldinn ofsóknarbrjálæði. Sævar teldi að unnið væri markvisst að því að gera hann brjáláðan svo hægt væri að loka hann inni til æviloka. Þá óttaðist hann líka einhverja fyrir utan fangelsið. [ÖS] greindi blaðamanni frá því að hann teldi Sævar stundum ljúga og nefndi hann sem dæmi að Sævar hafi spurt sig í bréfskiptum þeirra á milli hvort hann hafi ekki heyrt barsmíðar og dynki skömmu áður. Hafi Sævar sagt að fangaverðirnir væru að angra hann svo hann færi á taugum. Kvaðst [ÖS] ekki hafa heyrt neitt en sagðist hafa átt að heyra það sem hefði farið fram í næstu klefum. Í lok viðtalsins var greint frá því að tímaritið Samúel hafi fallist á að kaupa bréfin, en viljað ganga úr skugga um að þau væri ófölsuð. Hafi [ÖS] verið handtekinn áður og því ekkert orðið af viðskiptunum. Gat blaðamaður þess að hann hafi játað fyrir lögreglu að hafa falsað bréfin sem hann hafi falboðið, en hins vegar hafi lögreglan viðurkennt að bréfaskipti hefðu átt sér stað milli Sævars og [ÖS].¹⁰⁵¹

¹⁰⁵⁰ Bls. 862.

¹⁰⁵¹ Bls. 865.

531. Í sama tölublaði tímaritsins Samúel var birt grein undir heitinu: „Erla drap ekki Geirfinn – morðingjarnir ganga enn lausir.“ Fullyrt var í upphafi greinarinnar að upplýsingarnar sem hún byggðist á væru fengnar eftir mjög áreiðanlegum leiðum. Í greininni sagði að fljótlega eftir að Erla hafi játað á sig morðið á Geirfinni hafi komið í ljós að framburður Erlu stæðist ekki. Hún væri ekki morðinginn. Öll rök bentu til þess að morðingi eða morðingjar Geirfinns gengju enn lausir. Þeirri spurningu var svo varpað fram hvers vegna Erla sæti enn í varðhaldi ef ljóst væri að hún væri ekki morðinginn. Settar voru fram nokkrar mögulegar ástæður þess, í fyrsta lagi til þess að vernda hana, í öðru lagi væri ekki ólíklegt að hún gæti enn gefið upplýsingar og í þriðja lagi væri líklegt að lögreglan vildi ekki að það kæmi fram að játning hennar væri röng.¹⁰⁵² Í greininni kom einnig fram að þegar þau Sævar og Erla hafi verið handtekin vegna fjársvikamálsins hafi Erla gefið upplýsingar sem hafi komið upp um morðið á Guðmundi sem leitt hafi til handtöku. Síðar hafi hún snúið sér til rannsóknarlögreglunnar útaf ógnunum frá mönnum sem hún hafi sagt við viðriðna hvarf Geirfinns. Hafi hún nefnt nöfn í því sambandi og þegar Sævar og Kristján Viðar hafi verið yfirheyrðir hafi þeim borið nokkuð saman við framburð Erlu um ferðina til Keflavíkur, atburðina í Dráttarbrautinni og hópinn þar. Fullyrt var í greininni að vafinn á tilvist hópsins í Dráttarbrautinni og ferðinni þangað gæti því vart verið réttlætanlegur.¹⁰⁵³
532. Þriðjudaginn 3. ágúst 1976 var bókað í fangelsisdagbókina að hringt hafi verið í séra Jón Bjarman fyrir Sævar og Kristján Viðar. Hafi það verið með leyfi Arnar. Bókað var að presturinn kæmi um kvöldið. Bókað var klukkan 10:30 að Högni fangavörður hafi afgreitt umsókn hjá Félagsmálastofnun um peninga fyrir Erlu meðal annarra.¹⁰⁵⁴ Klukkan 13:50 var bókað að Páll Arnór Pálsson, réttargæslumaður Kristjáns Viðars, hafi hringt og sagt sakadóm ekki hafa tíma til að sinna samtali þeirra. Klukkan 16:00 var bókað að sótt hafi verið lyf í apótek fyrir Erlu og Kristján Viðar. Bókað var klukkan 20:20 að séra Jón Bjarman hafi komið og talað við Sævar og Kristján Viðar í samræmi við heimild. Bókað var að hann hafi litið til Erlu. Fór presturinn klukkan 22:10.¹⁰⁵⁵
533. Fyrir liggur bréf, dagsett sama dag, frá Erlu til Arnar Höskuldssonar, fulltrúa sakadóms Reykjavíkur. Með bréfinu vildi Erla minna Örn á að þegar einhverju væri lofað, þá væri það skuldbinding. Sagði Erla að loforð virtist ekki skipta Arnar hætishót. Vildi hún benda Erni á að svikin loforð við fanga væru enn verri þar sem fanginn gæti ekkert að gert. Kvað hún erfiðara að ná tali af Erni en sjálfum forsætisráðherranum. Fullyrti hún að Örn bæri ábyrgð á hrakandi andlegri heilsu sinni, sem þó væri ekki góð fyrir, ef hann ekki hætti ekki að svíkja loforð. Í lok bréfsins bað hún Örn um að hafa beint samband við sig, augliti til auglitis, áður en dagurinn rynni á enda. Að öðrum kosti myndi hún túlka það sem algjört virðingarleysi gagnvart sér.¹⁰⁵⁶

¹⁰⁵² Bls. 866.

¹⁰⁵³ Bls. 867.

¹⁰⁵⁴ Dagbók nr. 5, bls. 32b.

¹⁰⁵⁵ Dagbók nr. 5, bls. 33.

¹⁰⁵⁶ Bls. 868.

534. Þennan dag var bókað í rannsóknardagbók Eggerts og Sigurbjörns Víðis um símtal frá [PA] sem spurt hafi hvort Einar Bollason og Geirfinnur Einarsson hafi þekkt. Kvaðst [PA] hafa gist ásamt félagum sínum í heimavistarskóla að Finnbogastöðum á Hornströndum þar sem rekið væri sumarhótel. Hafi þeir að gamni skoðað gestabók staðarins og séð þar færslu dagsetta 17. ágúst 1973 með nöfnunum Einar Bollason og Geirfinnur Einarsson, með orðunum: „Þökkum ágæta fyrirgreiðslu.“ Bókað var í rannsóknardagbókina að sendur hafi verið rannsóknarlögreglumaður norður til að fá gestabókina afhenta og leita allra upplýsinga um þessar nafnritanir. Var þess getið í færslunni að einungis stundarfjórðungur væri í akstri úr Trékyllisvík yfir að Eyri við Ingólfsfjörð, en þar væri höfn þar sem flutningaskip gætu athafnað sig. Fram kom að nafnritunin hafi verið borin undir ekkju Geirfinns en hún hafi ekki treyst sér til að segja til um hvort Geirfinnur hafi sjálfur ritað nafn sitt.¹⁰⁵⁷
535. Þá var bókað sama dag í rannsóknardagbókina að Högni, fangavörður í Síðumúlafangelsi, hafi undanfarna daga rætt nokkuð við Sævar að hans ósk. Fram kom að Sævar hafi mikið rætt um [EÓ] og haldið því fram að hann gæti veitt lögreglunni afgerandi upplýsingar í Geirfinnsmálinu og þá um leið sannað sakleysi Sævars í því máli. Hafi Sævar sagst ekki síður hafa vitneskju sína í Geirfinnsmálinu frá [EÓ] en frá Erlu. Bókað var að Sævar hafi talið sig geta fengið [EÓ] til að tjá sig og segja sannleikann ef hann fengi sjálfur að tala við hann.¹⁰⁵⁸
536. Sama dag, 3. ágúst 1976, bókaði Eggert í rannsóknardagbókina að hann hafi farið með Karli Schütz og Pétri Eggerz til Keflavíkur þar sem þeir hafi rætt við Kristján Pétursson deildarstjóra og Hauk Guðmundsson rannsóknarlögreglumann. Þá hafi þeir komið við á Hamarsbraut 11 í Hafnarfirði í bakaleiðinni og rætt við [SL], kunningja Geirfinns.¹⁰⁵⁹ Bókað var í annarri færslu í rannsóknardagbókinni um samtalið við [SL]. Fram kom að [SL] hafi greint þeim frá tengslum sínum við Geirfinn og samstarf þeirra á þungavinnuvélum við Sigöldu. Þá bar hann um að hafa heyrt á tal Geirfinns og annars samstarfsmanns þeirra. Fannst honum sem Geirfinnur hafi krafist peninga fyrir að þegja yfir eiturfjóm eða áfengi. Kvaðst [SL] hafa heyrt upphæðina 300 til 400 þúsund krónur. Kvað hann þetta samtali hafa farið fram um miðjan nóvembermánuð 1974.¹⁰⁶⁰
537. Meðal rannsóknargagna er minnisblað frá Karli Schütz til Arnar Höskuldssonar um rannsókn Geirfinnsmálsins og rannsakendur, dagsett sama dag. Fram kom að Kristján Pétursson deildarstjóri hafi ekki gefið neinar raunhæfar vísbendingar í Geirfinnsmálinu. Hafi hann þó sett fram nokkrar kenningar sem hann hafi ekki rökstutt frekar.¹⁰⁶¹
538. Miðvikudaginn 4. ágúst 1976 var bókað í dagbók Síðumúlafangelsisins að Eggert og Skúli Steinsson fangavörður hafi farið með Erlu suður í hraun klukkan 10:15. Komu

¹⁰⁵⁷ Bls. 1075–1076.

¹⁰⁵⁸ Bls. 1077.

¹⁰⁵⁹ Bls. 1078.

¹⁰⁶⁰ Bls. 1079–1082.

¹⁰⁶¹ Bls. 869–871.

þau til baka klukkan 12:15. Rannsóknargögn um hraunferðina liggja ekki fyrir.¹⁰⁶² Hálf tíma síðar var bókað að Eggert hafi hringt og beðið um pláss fyrir Tryggva Rúnar, en hann kæmi að austan um kvöldið. Þá var þess getið að Jóhann fangavörður hafi vakið athygli færsluritara á því að skæri lægju inni hjá Erlu og væru búin að vera þar á aðra viku. Bókaði færsluritari að sér þætti þetta ekki gott, sérstaklega þegar Erla færi svona langt niður og gæti skaðað sig, eins og það var orðað. Klukkan 20:10 var bókað að Örn hafi komið við en farið án þess að tala við Erlu eins og hann hafi ætlað sér. Hafi hann hætt við það þegar hann hafi frétt af hegðun hennar.¹⁰⁶³ Bókað var klukkan 22:55 að komið hafi verið með Tryggva Rúnar frá Litla-Hrauni sem ætti að vistast í fangelsinu um óákveðinn tíma vegna málsrannsóknar og blóðtöku. Bókað var að Tryggvi Rúnar hafi verið látinn á klefa númer sjö.¹⁰⁶⁴

539. Fyrir liggur skýrsla dagsett þennan dag, 4. ágúst 1976, um yfirheyrslu yfir [TG], staðarhaldara að Finnbogastöðum vegna innritunar í gestabók. Fram kom að hann gæti alls ekki munað eftir Einari og Geirfinni, enda væri fólk alltaf að koma og fara. Kvaðst hann ekki hafa séð nöfnin í gestabókinni fyrr en gestir sumarhótelsins hafi bent honum á þau fyrir viku.¹⁰⁶⁵
540. Þá liggur fyrir skýrsla Karls Schütz til Arnar, dagsett sama dag, um símtal við Bundeskriminalamt í Wiesbaden, Þýskalandi. Í skýrslunni sagði að við fald á frakka Kristján's Viðars hafi fundist margir blóðflekki sem væri örugglega mannablóð af A blóðflokki. Fram kom að gera þyrfti samanburðarblóðprufu sem allra fyrst á Sævari, Tryggva Rúnar, Erlu og Kristjáni Viðari. Þá yrði að gera strax könnun á því í hvaða blóðflokki Guðmundur var. Bókað var í skýrsluna að gagnstætt framburði Erlu, þá hefði ekki fundist nein merki um mannablóð á svefnherbergisteppi. Einn dropi af blóði hafi fundist í teppi af ganginum, en ekki lægi fyrir af hvaða blóðflokki. Í skýrslu Schütz kom fram að innan í Volkswagen fólksbifreið hafi fundist spor eða slóð (þ. Spureträger). Svörun við Benzidin forprófi hafi reynst jákvæð. Þar sem fundist hafi eggjahvítefni úr mannslíkama væri mjög líklegt að einnig væri um að ræða mannablóð. Bókað var að verið væri að reyna að finna blóðflokk.¹⁰⁶⁶
541. Þennan dag var bókað í rannsóknardagbók Eggerts og Sigurbjörns Víðis að samþykkt hafi verið af Erni, Hallvarði og Karli Schütz að fjórir fangaverðir úr Síðumúlafangelsi yrðu fengnir til sérstakrar leitar á gömlu sorphaugunum sunnan Hafnarfjarðar. Bókað var að fangaverðirnir hefðu leitað á staðnum og tilkynnt síðar um að lík Guðmundar Einarssonar væri nokkuð örugglega ekki á þessu svæði. Fram kom að frekari leit hafi ekki verið talin þjóna tilgangi á svæðinu, í það minnsta ekki að sinni.¹⁰⁶⁷
542. Fimmtudaginn 5. ágúst 1976 var bókað í dagbók fangelsisins við Síðumúla klukkan 12:30 að Örn hafi verið beðinn um að tala við Erlu. Bókað var klukkan 17:15 að Örn hafi komið til að tala við Erlu en farið aftur klukkan 19:00. Rannsóknargögn um

¹⁰⁶² Dagbók nr. 5, bls. 33b.

¹⁰⁶³ Dagbók nr. 5, bls. 34.

¹⁰⁶⁴ Dagbók nr. 5, bls. 34b.

¹⁰⁶⁵ Bls. 972–973.

¹⁰⁶⁶ Bls. 974.

¹⁰⁶⁷ Bls. 1083.

samtalið liggja ekki fyrir.¹⁰⁶⁸ Bókað var klukkan 21:00 að Páll Arnór Pálsson, réttargæslumaður Kristjáns Viðars, hafi komið til viðtals við skjólstaðing sinn í áheyrn Eggerts. Var viðtalinu lokið klukkan 22:05. Fimm mínútum síðar var bókað að Erla hafi verið færð fram til viðtals við Eggert. Klukkan 23:15 var bókað að Sævar hafi verið tekinn fram og blandað í samræðurnar í horninu, eins og það var orðað í fangelsisdagbók. Voru þau færð aftur á klefa sína klukkan 23:30.¹⁰⁶⁹ Rannsóknargögn liggja ekki fyrir önnur en færsla í rannsóknardagbók Eggerts og Sigurbjörns Víðis, en þar sagði að Erla hafi verið mjög miður sín og grátið á meðan samræðum þeirra stóð. Hafi hún hamrað stöðugt á því að Sævar gæti upplýst hvar lík Guðmundar væri, því það væri öruggt að hann vissi um það. Hafi hún einnig sagt að Sævar hafi sparkað í höfuðið á Guðmundi. Bókað var í rannsóknardagbókina að Sævar hafi viðurkennt að átök hafi átt sér stað og lík Guðmundar hafi verið fjarlægð úr íbúðinni. Neitaði hann því að hafa sparkað í Guðmund og að hafa farið með lík Guðmundar á brott með Alberti, Tryggva Rúnari og Kristjáni Viðari. Var þess getið að annar árangur hafi ekki orðið af samtali þeirra Sævars og Erlu.¹⁰⁷⁰

543. Pennan dag bókaði Eggert einnig í rannsóknardagbókina að hann hafi rætt við móður Guðmundar Einarssonar í síma. Aðspurð hafi hún sagst ekki vita til þess að Guðmundur hafi legið á sjúkrahúsi eða farið í blóðrannsókn.¹⁰⁷¹ Sama dag var bókað að Erla og Sævar hafi bæði gefið í skyn að nafngreindur eigandi samnefnds innflutnings- og heildsölufyrirtækis, kynni að vera viðriðinn ólöglegan innflutning á áfengi og ef til vill eiturfjum. Bókað var um framburð Sævars um nafngreinda starfsmenn fyrirtækisins og tengsl þeirra við fjármögnun eiturfjakaupa.¹⁰⁷²
544. Daginn eftir, 6. ágúst 1976, var bókað í dagbók fangelsisins við Síðumúla klukkan 14:10 að læknir hafi komið og tekið blóðprufu hjá Kristjáni Viðari, Tryggva Rúnari, Sævari og Erlu.
545. Sama dag voru bókaðar tvær færslur í rannsóknardagbók Eggerts og Sigurbjörns Víðis. Fram kom að Eggert hafi farið til Ytri-Njarðvíkur og rætt við [EBSk], fyrrum vinnuveitanda Geirfinns. Bókað var um skoðun á vinnuskýrslum Geirfinns með tilliti til innritunar Geirfinns í gestabók á sumarhótelu á Hornströndum ásamt Einari Bollasyni, 17. ágúst 1973. Fram kom að [EBSk] hafi fyrstur fundið bifreið Geirfinns eftir hvarf hans. Hafi sporhundur rakið slóð Geirfinns að Hafnarbúðinni en síðan ekki getað fundið hana aftur. Kvaðst [EBSk] hafa athugað bifreið Geirfinns áður en lögreglan hafi framkvæmt rannsókn á henni.¹⁰⁷³ Þá bókaði Eggert í rannsóknardagbókina um að hafa farið í heimsókn til foreldra Guðmundar Einarssonar, ásamt Karli Schütz og Pétri Eggerz. Bókað var að móðir Guðmundar hafi afhent lögreglu lokk úr hári sínu og hárbursta sem hafi verið í eigu Guðmundar og móðir hans hafi nær eingöngu notað síðan.¹⁰⁷⁴ Foreldrar Guðmundar sögðu son sinn

¹⁰⁶⁸ Dagbók nr. 5, bls. 34b.

¹⁰⁶⁹ Dagbók nr. 5, bls. 35.

¹⁰⁷⁰ Bls. 1087.

¹⁰⁷¹ Bls. 1084.

¹⁰⁷² Bls. 1085.

¹⁰⁷³ Bls. 1088–1090.

¹⁰⁷⁴ Bls. 1091.

hafa verið þjattaðan, töldu hann aldrei hafa tekið inn eiturlyf, en hann hafi verið mótfallinn slíku. Bókað var að þau gætu ekki gert sér nokkra grein fyrir því hvers vegna Guðmundur hafi horfið.¹⁰⁷⁵

546. Fyrir liggur bréf frá sýslumanninum í Norður-Múlasýslu til Arnar Höskuldssonar, dagsett þennan dag, 6. ágúst 1976. Var bréfið svar við fyrirspurn Arnar um barnshvarf frá Böðvarsdal í Vopnafirði 1941. Fram kom að barnið, [RKE], hafi horfið í júní 1941 þegar hann hafi verið á göngu með systur sinni. Gerð hafi verið dauðaleit að barninu sem hafi staðið árangurslaus í nokkra daga. Sagði í bréfinu að ekki hafi verið talið líklegt að hann hafi hrapað í sjó, en nefnd hafi verið sem hugsanleg orsök hins dularfulla hvarfs að hann hafi grafist undir skriðu.¹⁰⁷⁶
547. Laugardaginn 7. ágúst 1976 var bókað í dagbók Síðumúlafangelsisins klukkan 12:45 bókaði færsluritari um samtál sitt við Eggert um austurferð Tryggva Rúnars. Aðspurður hafi Eggert sagt ferðina þurfa að bíða fram yfir helgi. Bókað var klukkan 14:05 að Guðsteinn læknir hafi komið og meðal annars talað við Tryggva Rúnar, Kristján Viðar og Sævar til klukkan 14:40.¹⁰⁷⁷ Vísað var til lyfjaskrár um breytingar læknisins á lyfjagjöf.¹⁰⁷⁸
548. Þennan dag var bókað í rannsóknardagbók Eggerts og Sigurbjörns Víðis að Karl Schütz hafi rætt við Albert Klahn á skrifstofu Arnar Höskuldssonar í sakadómi Reykjavíkur. Fram kom í færslunni að Schütz hafi bent Alberti á að hann teldi hann ekki beinlínis vera afbrotamann. Hafi Albert verið mjög ánægður með það. Þá hafi Schütz sagst hafa kynnt sér framburð Alberts í málinu mjög nákvæmlega og fullyrt að það væri staðreynd að Albert hafi þar ekki alltaf sagt satt. Kvaðst Albert ekki geta gert sér grein fyrir því í hverju það lægi að hann hefði ekki sagt satt. Bætti hann því við að hann vissi ekki hvar lík Guðmundar væri grafið. Bókað var í rannsóknardagbókina að nokkur orðaskipti hafi orðið milli Schütz og Alberts út af þessu. Hafi Schütz viljað meina að Albert hlyti að vita hvert hann hafi farið með líkið, en Albert sagst alls ekki geta munað það. Schütz tryði því ekki. Albert hafi þá sagst vilja óska þess að honum væri mögulegt að muna hvert farið hafi verið með líkið. Benti Schütz þá Alberti á að innan skamms yrði hafin mjög nákvæm leit að líki Guðmundar með mannskap á tækjum. Slík leit væri kostnaðarsöm og væri ábyrgð Alberts þar á mjög mikil. Fram kom að Albert héldi því fram að hann myndi sum atriði í tengslum við líkflutninginn mjög vel en önnur ekki. Hafi hann sagst vera ruglaður í staðháttum, sérstaklega eftir að hafa farið á staðina.¹⁰⁷⁹ Hafi Schütz þá bent honum á að líkflutningur væri það áhrifamikill verknaður að hann hlyti að muna hvert hafi verið farið. Bókað var að Schütz hafi gefið Alberti tækifæri til að leiðrétta það sem væri rangt í framburði sínum en með því myndi staða hans batna gagnvart yfirvöldum. Hafi Albert sagst ekki geta munað nánar atvik heldur en hann hafi þegar skýrt frá og óskað eftir allri mögulegri aðstoð til að muna betur. Í framhaldinu var bókað orðrétt: „Segist í rauninni ekkert

¹⁰⁷⁵ Bls. 1092.

¹⁰⁷⁶ Bls. 875.

¹⁰⁷⁷ Dagbók nr. 5, bls. 36.

¹⁰⁷⁸ Dagbók nr. 5, bls. 36b.

¹⁰⁷⁹ Bls. 1094.

hafa munað um þessa hluti er handtakan fór fram en minnið hafi komið síðan.“ Þegar Schütz hafi bent á ósamræmi í framburðum hans hjá lögreglu hafi Albert sagst halda að hann hafi tvívegis ekið einhverju fyrir Sævar og féлага, en hafi í upphafi ruglað tilvikunum saman. Sagðist Albert muna fyrir víst hvað hafi verið sett í Toyota bifreið og hvað í Volkswagen bifreið. Kvaðst hann hárviss um að hafa farið í hraunið í bæði skiptin. Í Toyota bifreiðina hafi verið settir fleiri en einn dökkur poki. Kvaðst Albert ekki hafa vitað hvað hafi verið í pokunum fyrr en í bakaleiðinni, en þá hafi Sævar sagt sér að það hafi verið lík.¹⁰⁸⁰ Hafi Sævar, Kristján Viðar og Tryggvi Rúnar hóttað sér lífláti ef hann segði frá. Kvaðst Albert ekki viss um hvort pokarnir hafi verið fleiri en einn eða einn poki sem margir hafi haldið á. Bókað var að Schütz hafi þá sagt Albert koma nú með þriðju útgáfuna sem væri mjög alvarlegt. Albert sagði það alveg öruggt að Erla hafi aldrei farið með út í hraun, hvorki í Toyota bifreiðinni né Volkswagen bifreiðinni. Aðspurður kvaðst Albert aldrei hafa farið í ferðir út í hraun nema í þessum tveimur tilvikum með lík og svo síðar með rannsóknarlögreglumönnum. Greindi Albert frá því að ferðin á Volkswagen bifreiðinni hafi verið farin á undan. Albert sagðist gera sér grein fyrir erfiðleikunum við að koma líki fyrir á gólfinu á milli fram- og aftursætis í Volkswagen bifreið. Kvaðst hann hafa setið í bifreiðinni á meðan. Lýsti hann því svo að fyrst hafi verið reynt að setja líkið í farangursgeymsluna en það hafi ekki tekist. Taldi hann hugsanlegt að hann hafi farið út úr bifreiðinni til að opna farangursgeymsluna. Benti Schütz á ósamræmi í útskýringum Alberts og taldi Albert það hugsanlegt að hann hafi eitthvað hagrætt hlutunum, en það væri óafvitandi. Greindi Albert frá því að í fyrri flutningnum hafi hann farið til hægri út af Keflavíkurveginum og síðan til vinstri. Hann hafi alls ekki farið á sama stað í bæði skiptin.¹⁰⁸¹ Taldi hann að sennilega hafi liðið tveir til sex mánuðir á milli ferðanna, þó vissi hann það ekki. Bókað var að Albert hafi í fyrstu talið að hann hafi farið á Toyota bifreiðinni í fyrri ferðina, en það hafi verið útilokað þegar í ljós hafi komið að faðir hans hafi ekki verið orðinn eigandi að þeirri bifreið þá. Bókað var að Schütz hafi þá sagt það ljóst að ferðin á Volkswagen bifreiðinni hafi verið farin frá húsi Sævars og ferðin á Toyota bifreiðinni líka, en þá hafi Sævar verið fluttur. Kvaðst Albert sér finnast sem Sævar hafi búið þar enn. Aðspurður kvaðst Albert telja að Kristján Viðar hafi setið fyrir aftan hann og haft fæturna uppi á einhverju. Kvaðst hann ekki hafa tekið eftir neinni vondri lykt í bifreiðinni. Hafi gluggarnir verið opnir og Sævar hafi eitthvað átt við gluggana. Albert sagðist ekki hafa heyrt neinn kvarta undan vondri lykt. Mundi Albert ekki hvernig hafi verið staðið að ferðinni á Toyota bifreiðinni, hvort hann hafi farið einn heim til Sævars eða sótt þá féлага til Kristjáns Viðars eða annars staðar.¹⁰⁸² Bókað var að Albert hafi sagt að í undirritaðri skýrslu, þar sem talað væri um einn poka, hafi verið eins og honum hafi fundist á þeim tíma. Núna fyndist honum pokarnir hafa getað verið fleiri. Lýsti Albert því að þegar komið hafi verið að brekkunni þar sem hann hafi ekki talið sér fært að aka lengra þá hafi hann snúið bílnum við og bakkað að brekkunni. Hafi hann þá farið sjálfur út og opnað farangursgeymsluna eða rétt einhverjum lyklana út um gluggann. Hafi bifreiðin þá

¹⁰⁸⁰ Bls. 1095.

¹⁰⁸¹ Bls. 1096.

¹⁰⁸² Bls. 1097.

snúið þannig að hann hafi horft á Keflavíkurvegin. Þegar ferðin á Volkswagen bifreiðinni hafi verið farin kvaðst Albert hafa ekið að hliðinu á Sædýrasafninu og þeir félagar reynt að opna, en án árangurs. Þá hafi verið snúið við og ekið stutt til baka og stöðvað. Hafi Sævar gefið fyrirmæli um hvert hafi verið ekið og hvar stöðvað. Hafi pokinn verið tekinn úr Volkswagen bifreiðinni og gengið með hann út í hraun. Hafi Kristján Viðar, Tryggvi Rúnar og Sævar verið í burtu í um hálf tíma eða lengur. Þegar þeir hafi komið til baka hafi hann ekið þeim til baka heim til Sævars. Bókað var að Albert hafi ekki getað gert sér grein fyrir hversu langur tími hafi liðið milli ferðanna en talið ólíklegt að tíu mánuðir hafi liðið á milli ferðanna. Kvaðst hann ekki vilja útiloka þann möguleika.¹⁰⁸³ Bókað var að viðtalið hafi farið fram milli klukkan 10:30 og 15:00.¹⁰⁸⁴

549. Sama dag, 7. ágúst 1976, var bókað í rannsóknardagbókina að eftir að viðtalinu var lokið hafi Eggert, Schütz, Albert og Pétur Eggerz farið að Sædýrasafninu um gamla Keflavíkurvegin í Kúagerði og að Lónakotsgrýfjunni. Bókað var að Albert hafi talið sig hafa stöðvað Volkswagen bifreiðina við Sædýrasafnið og var því sett varða þar. Lýst var í færslunni hvernig þeirri leið hafi verið fylgt sem Toyota bifreiðinni hafi verið ekið og á þann stað þar sem Albert taldi mjög sennilegt að hann hefði stöðvað á. Síðan óku þeir aftur af stað og fóru ógreiðfæran veg að rauðarmalargryfju, en þar hafi vegurinn endað. Í grennd hafi verið gömul upphlaðin fjárborg. Bókað var að Albert hafi ekkert kannast við sig. Eftir þetta hafi verið haldið aftur á skrifstofur sakadóms.¹⁰⁸⁵ Bókaði Eggert um að hafa farið aftur með Albert suður nýja Keflavíkurvegin. Fóru þeir heim að fjárhúsi og hlöðu sem hafi staðið nokkuð frá aðalveginum. Bókað var að Albert hafi ekki kannast við nokkurn skapaðan hlut, eins og það var orðað.¹⁰⁸⁶
550. Sunnudaginn 8. ágúst 1976 var bókað í dagbók Síðumúlafangelsisins klukkan 16:20 að Hallvarður vararíkissaksóknari hafi rætt við Erlu að hennar beiðni, en hún hafi séð hann þegar hún hafi farið á salernið. Bókað var að þau hafi rætt saman í tvær til þrjár mínútur. Klukkan 16:40 var bókað að Hallvarður hafi farið. Lét færsluritari þess getið að hann hafi ekki náð að ræða við Hallvarð þar sem hann hafi verið að tala við Sævar með litlum árangri. Klukkustund síðar var bókað í fangelsisdagbókina að Erla væri laus úr innilokun í kvöld og mætti fara fram.
551. Fyrir liggur tillaga Schütz um áætlun að víðtækri leit í hrauninu, dagsett sama dag. Þar kom fram að eins og málið stæði væri ekki útilokað að lík Guðmundar væri falið í hrauninu við Hafnarfjörð. Sú staðreynd að sakborningar hafi neitað að láta uppi felustaðinn og jafnvel reynt að villa um fyrir lögreglunni leiddi til þess að dregin yrði sú ályktun að lík Geirfinns væri að finna á sama stað. Gera þyrfti skipulagða leit að líkunum með aðferðum sem kostuðu mikið fé og mannafla. Þá var gerð grein fyrir því hvernig undirbúa skyldi leitina.¹⁰⁸⁷

¹⁰⁸³ Bls. 1098.

¹⁰⁸⁴ Bls. 1099.

¹⁰⁸⁵ Bls. 1099.

¹⁰⁸⁶ Bls. 1100.

¹⁰⁸⁷ Bls. 879–881.

552. Mánudaginn 9. ágúst 1976 var bókað í dagbók fangelsisins við Síðumúla að Tryggvi Rúnar hafi verið fluttur austur á Litla-Hraun.¹⁰⁸⁸
553. Fyrir liggur skýrsla dagsett þennan dag um yfirheyrslu yfir [GSig], eiginkonu Geirfinns, framkvæmda af Schütz á heimili [GSig]. Skýrslan var unnin af Sigurbirni Víði.¹⁰⁸⁹ Skýrslan felur ekki í sér nýjar upplýsingar.
554. Meðal rannsóknargagna liggja niðurstöður Rannsóknastofu Háskólans, dagsettar þennan dag, um blóðflokkun frá Kristjáni Viðari, Erlu, Tryggva Rúnari, Sævari og foreldrum Guðmundar Einarssonar. Þar kom fram að allir aðilar hafi verið í O blóðflokki nema Sævar og móðir Guðmundar sem hafi verið í B blóðflokki.¹⁰⁹⁰
555. Þriðjudaginn 10. ágúst 1976 var bókað í dagbók Síðumúlafangelsisins að Sigurbjörn Víðir og Hilmar hafi farið með Sævar til tannlæknis klukkan 10:45. Bókað var að þeir hafi komið til baka klukkan 12:00.¹⁰⁹¹
556. Daginn eftir var bókað í fangelsisdagbókina klukkan 13:45 að Eggert hafi hringt og beðið færsluritara um að fara inn til Erlu og fá staðfestingu á ákveðnu heimilisfangi þar sem hún hafi leigt og nafnið á leigusala hennar.
557. Fyrir liggur skýrsla Schütz dagsett sama dag, 11. ágúst 1976, um samtal Schütz og Péturs Eggerz við Erlu í fangelsinu. Fram kom að Erla hafi í upphafi kvartað undan því að hún hefði hingað til ekki átt tækifæri á því að sjá barn sitt. Við síðustu yfirheyrslu hafi dómarrinn sem yfirheyrði hana sagt að hún fengi ekki að sjá barn sitt fyrir en hún hefði rætt við Schütz. Aðspurð hafi hún sagst hafa lögfræðing sem hefði einungis rætt við hana einu sinni. Hafi það verið, að mati Erlu, til þess eins að sýna henni að hann væri á lífi. Bókað var að Erlu hafi verið álasað fyrir að hafa áður fyrr komið með fjölmarga framburði sem hún hafi síðan breytt eða tekið til baka. Enginn gæti vitað hvenær og hvort hún segði satt eða hvort hún kæmi af ásettu ráði með rangan framburð. Bókað var að Erla hafi oft lagt áherslu á að hún reyndi að segja sannleikann þegar hún hafi áður fyrr sagt eitthvað rangt eða ósatt hafi það verið vegna þess að hún hefði haldið að þar með myndi allt ganga mun fljótar fyrir sig og hún gæti þá farið heim. Bókað var í skýrsluna að Erla hafi virst skilja þessa mótsögn. Hafi hún lagt sífellt áherslu á að það væri fastur vilji hennar að segja nú einungis sannleikann. Bókað var að fast hafi verið lagt að henni að nefna sönnunargögn um ferðina til Keflavíkur. Hafi Erla þá nefnt skyndilega að rauða kápan sín sem hún hafi týnt í Keflavík 19. nóvember 1974 væri í eigu [BPP], en hann hafi ekið fólksbifreiðinni til Keflavíkur.¹⁰⁹² Hafi Erla, Sævar og Kristján Viðar verið farþegar í bifreiðinni. Bókað var eftir Erlu að það væri ekki rétt sem hún hefði áður sagt að Magnús Leópoldsson hefði ekið bifreiðinni. Kvaðst Erla þekkja [BPP] persónulega og muna nákvæmlega eftir því að hann hafi ekið bifreiðinni. Hafi Sævar fundið kápuna hennar og látið [BPP] fá hana. Greindi Erla frá því að Sævar og [BPP] hafi rætt á leiðinni til Keflavíkur að

¹⁰⁸⁸ Dagbók nr. 5, bls. 37b.

¹⁰⁸⁹ Bls. 884–888.

¹⁰⁹⁰ Bls. 876–877.

¹⁰⁹¹ Dagbók nr. 5, bls. 38.

¹⁰⁹² Bls. 889.

fjarlægja þyrfti einhvern mann. Bókað var í skýrsluna að Erla hafi margoft verið hvött til að segja sannleikann. Hafi hún haldið sig við það að samtalið hafi átt sér stað á milli þeirra.¹⁰⁹³

558. Sama dag var fært til bókar í rannsóknardagbók Eggerts og Sigurbjörns Víðis um heimsókn Eggerts, Schütz og Péturs Eggerz til [SÖ], íbúðareiganda að Hjallavegi 31 í Kópavogi og fyrrum leigusala Erlu. Greindi [SÖ] frá því að leigusamningur við Erlu hafi gilt frá 15. ágúst 1974 til þriggja mánaða. Hafi hann sagt Erlu upp húsaleigunni með tilskildum fyrirvara en hún ekki farið úr íbúðinni fyrr en í kringum 20. nóvember 1974. Hafi Erla farið mjög snögglega úr íbúðinni. Kvaðst leigusalinn í eitt skipti í byrjun desember sama ár hafa séð Sævar í íbúðinni eftir að Erla hafi verið flutt út.¹⁰⁹⁴
559. Meðal rannsóknargagna liggur fyrir ódagsett handritað bréf frá Tryggva Rúnari til Sigurbjörns Víðis. Byrjaði Tryggvi bréfið á því að biðja Sigurbjörn Víði fyrirgefningar á því að hafa ekki skrifað honum fyrr, en hann hafi komist strax í steypuvinnu við komuna á Litla-Hraun. Ritaði Tryggvi Rúnar um hvað það hafi gert honum gott eftir að hafa verið innilokaður í sjö mánuði. Sagðist hann vera kominn í gott líkamlegt form eftir vinnuna en einnig væri spilaður fótbolti og væri hann búinn að skora 105 mörk í 15 leikjum. Orðrétt ritaði Tryggvi Rúnar: „En það er allt gott að fréttu, ég segi frá meira seinna eins og ég var búinn að tala um við þig, minn kæri vinur. Ég var og er þér mjög þakklátur fyrir það sem þú hefur gert fyrir mig.¹⁰⁹⁵ Þó sérstaklega að heimsækja ömmu sem ég var mjög ánægður því allir tóku mér vel eins og þú veist.“ Í bréfinu lýsti Tryggvi Rúnar dvöl sinni á Litla-Hrauni sem paradís eftir alla þessa innilokun. Fram kom að þegar hann hafi komið suður um daginn til að gefa blóðsýni hafi honum verið sagt að hann væri í fríi. Vonaði hann að Sigurbjörn Víðir hafi notið sumarfrísins. Orðrétt ritaði Tryggvi Rúnar: „Ég ætla að skrifa þér meira næst svo vona ég fái smá línur frá þér því þú varst mér sá vinur í raun sem ég gleymi seint. Kær kveðja frá mér, Tryggvi.“¹⁰⁹⁶ Í eftirskrift bréfsins bað Tryggvi Rúnar fyrir kveðju til Hlyns, Högna og Jóhanns, fangavarða. Þá bað hann Sigurbjörn um að athuga fyrir sig hvort Örn Höskuldsson hafi kannað fyrir sig kaup á ríkisskuldabréfum. Kvaddi hann með orðunum: „Jæja kæri vinur. Bið að heilsa þér og þinni fjölskyldu. Þinn vinur, Tryggvi Rúnar.“¹⁰⁹⁷
560. Fimmtudaginn 12. ágúst 1976 var bókað í dagbók fangelsisins við Síðumúla að farið hafi verið með Sævar til tannlæknis klukkan 15:55.¹⁰⁹⁸ Var komið með hann til baka klukkan 17:05. Klukkan 17:20 var bókað um símtal frá Gísla Guðjónssyni, starfsmanni sakadóms, sem hafi spurt um líðan tveggja gæsluvarðhaldsfanga. Var þess getið að Gíslu hefði heimild yfirsakadómarara til að tala við þá og prófa sín lygataeki á

¹⁰⁹³ Bls. 890.

¹⁰⁹⁴ Bls. 1101–1102.

¹⁰⁹⁵ Bls. 806.

¹⁰⁹⁶ Bls. 807.

¹⁰⁹⁷ Bls. 808.

¹⁰⁹⁸ Dagbók nr. 5, bls. 39.

þeim, eins og það var orðað. Bókað var klukkan 18:20 að móðir Sævars hafi komið með sendingu sem hafi verið hringt eftir fyrir hann, sveskjur, kex og ávexti.¹⁰⁹⁹

561. Fyrir liggur skýrsla [MBe], dagsett sama dag, þar sem fram kom að innritun nafna Geirfinns og Einars Bollasonar í gestabók sumarhótelis að Finnbogastöðum hafi verið gerð af sömu persónu. Hafi samanburður innritunarinnar við skriftarsýnishorn nefndra manna leitt í ljós að þeir hafi ekki skrifað umrædda færslu í dagbók hótelsins.¹¹⁰⁰
562. Föstudaginn 13. ágúst 1976 var bókað í dagbók Síðumúlafangelsisins að fangaverðirnir Skúli og Högni hafi komið við klukkan 08:00 á leið sinni suður í hraun.¹¹⁰¹ Bókað klukkan 11:00 að Högni og Skúli hafi komið til baka og farið beint í sakadóm Reykjavíkur.¹¹⁰²
563. Meðal rannsóknargagna er bréf, dagsett sama dag, frá Schütz til doktors Driessen hjá Bundeskriminalamt, Wiesbaden í Þýskalandi með beiðni um rannsókn á framangreindri gestabók ásamt nokkrum skriftarsýnishornum til samanburðar.¹¹⁰³
564. Laugardaginn 14. ágúst 1976 var bókað í fangelsisdagbókina að Guðsteinn læknir hafi komið klukkan 09:15 og tekið meðal annars Sævar til viðtals. Fór hann aftur klukkan 10:10. Klukkan 11:20 var bókað að Hlynur Þór fangavörður hafi komið fram með bréf frá Erlu til Arnar. Væri bréfið lokað aftur að hennar ósk. Bókað var að Erni hafi verið tilkynnt um þetta. Bókað var að Örn hafi komið klukkan 13:00 og sótt bréfið frá Erlu.¹¹⁰⁴ Bréfið frá Erlu til Arnar er meðal rannsóknargagna og er dagsett sama dag klukkan 02:00. Í bréfinu segir orðrétt: „Ég bið þig frammar öllu að taka orð mín trúanleg, því sönn eru þau, óþægilega sönn, játning, sem lestur Biblíunnar og annarra góðra bóka hafa knúið mig til að gera frammi fyrir Guði og mönnum. Hér kemur það og taktu vel eftir.“ Greindi Erla frá því að eftir Guðmundarmálið hafi henni fundist hún vera yfirgefin í slæmu andlegu ástandi. Hafi hún áttað sig fyrst á því þegar rannsakendur hafi hætt að hafa afskipti af sér. Kvaðst hún hafa séð Sævar í nýju ljósi sem sökudólg allra óupplýstra mála. Hafi Sævar sérstaklega vakið tortryggni sína í Geirfinnsmálinu þar sem hann hafi ætíð sýnt málinu hinn einkennilegasta áhuga, líkt og hún orðaði það í bréfinu. Í framhaldinu ritaði Erla orðrétt: „Til að byrja með vakti ég athygli á þessu máli, til að vekja athygli á mér sjálfri. Síðan sá ég, eða gerði, í hugskotsjónum mínum mynd af atburðinum og lifði mig inn í hana. Sagði ykkur frá því aftur og aftur svo hún mótaðist æ fastar í höfði mínu. Tilvist mín, eða nærvera, þessa umræddu nótt er tilbúningurinn einn. Uppspuni. Byrjaði þegar þú spurðir mig hvort ég hefði verið þarna.“ Kvaðst Erlu aldrei hafa létt eins mikið eins og þegar hún hafi lýst því yfir fyrir dómi að hún væri ekki viss varðandi Einar. Hann hafi verið tengiliðurinn í ímyndun sinni milli Sævars og málsins. Lýsti Erla því yfir að hún játaði þetta núna fyrir honum, en smáatriði gæti hún útskýrt augliti til auglitis. Játning hennar um að hafa skotið mann hafi verið vísvitandi uppspuni. Kvaðst Erla tilbúin til að þola

¹⁰⁹⁹ Dagbók nr. 5, bls. 39b.

¹¹⁰⁰ Bls. 891–892.

¹¹⁰¹ Dagbók nr. 5, bls. 39b.

¹¹⁰² Dagbók nr. 5, bls. 40.

¹¹⁰³ Bls. 893–894.

¹¹⁰⁴ Dagbók nr. 5, bls. 40b.

refsingu fyrir það sem hún hefði gert, en fyrst og fremst óskaði hún þess að Örn vitjaði hennar svo hún gæti gefið játningu sína í smáatriðum og eiðsvarna ef þess þyrfti. Í lok bréfsins ritaði Erla: „Örn viltu leggjast svo lágt að tala við stúlku sem hefur leitt þig á villigötur í starfi þínu og opinberlega, þó ég sé varla verð þess, nema því aðeins að ég hefi játað. Þín einlæg og eftirvæntingarfull, Erla Bolladóttir.“¹¹⁰⁵

565. Bókað var í fangelsisdagbókina klukkan 13:30 að Örn hafi spurt hvort framkvæmd einangrunar væri ekki eitthvað strangari en áður. Gat færsluritari þess að honum hafi verið svarað að svo væri. Bókað var að Örn hafi þá orðrétt sagt: „Gott, frekar herða á en hitt.“ Var þess getið að fangaverðirnir Skúli og Jóhann hafi verið við leit suður í hrauni í dag að beiðni Arnar.¹¹⁰⁶
566. Daginn eftir, 15. ágúst 1976, var bókað í dagbók Síðumúlafangelsisins að bréf hafi komið á borðið til færsluritara frá Erlu til Arnar.¹¹⁰⁷ Bréfið frá Erlu er meðal rannsóknargagna og er dagsett sama dag klukkan 12:00. Í upphafi bréfsins lýsir Erla því yfir að bréfið sem hún hafi skrifað honum daginn áður, 14. ágúst 1976, hafi verið yfirsjón af hennar hálfu. Sagðist Erla sitja og hugsa mikið um þessi mál og furða sig á því hvers vegna enginn talaði við sig. Kvaðst Erla ekki vita hvað væri að gerast. Hún yrði í senn örvæntingarfull og reið út í tilveruna og hafi skrifað bréfið frá 14. ágúst 1976 í framhaldi af slíkum hugsunum. Orðrétt ritaði Erla: „Ég tek það hér með til baka í von um fyrirgefningu þína, ég get ímyndað mér þvílíka reiði slíkt bréf hefur valdið þér.“ Kvaðst hún eftir sem áður leitast við að halda fótum sínum jörðu nær, eins og hún orðaði það, og segja afdráttarlausan sannleikann, eins og hún hafi gert hingað til að undanskildu bréfinu frá því deginum áður. Í niðurlagi bréfsins vonaðist Erla að Örn fyrirgæfi sér og veitti sér viðtal um barnið sitt sem hún lifði fyrir.¹¹⁰⁸
567. Fyrir liggur ódagsett uppritun Gunnars Guðmundssonar, forstöðumanns Síðumúlafangelsisins, á handritaðri frásögn Erlu Bolladóttur um Guðmundarmálið. Uppritunin er rituð í fyrstu persónu en handritið er ekki meðal rannsóknargagna. Fram kemur að Erla hafi fengið far heim á gamalli Mercedes Benz bifreið með kunningjum [AÚJ] og [Ó] eftir að hafa verið í Klúbbnum og einhverju partyi. Kvaðst Erla hafa séð ljós í glugganum á íbúðinni en hún talið Sævar vera í hasskaupaferð. Hafi hún því litið inn um gluggann og um leið séð Sævar sparka í höfuð manns sem hafi legið hreyfingarlaus á grúfu. Hafi hún séð Kristján Viðar og Tryggva Rúnar bregða fyrir og ekki þorað inn fyrr en þeir hafi verið farnir úr kjallaranum. Hafi hún því beðið drykklanga stund úti í garði. Erla kvaðst hafa skriðið inn um þvottahússgluggann og hafi verið dimmt þar sem og í öllu húsinu. Um það leyti hafi hún heyrt í Sævari og Kristjáni í forstofunni. Kvaðst hún hafa legið hreyfingarlaus í öllum fötunum í laklausu rúminu. Þegar hún hafi heyrt þá fara inn í þvottahús hafi hún farið fram í fremri stofuna og síðan fram á gang þegar þeir hafi verið komnir inn í geymslu. Þegar hún hafi birst í þvottahúsdyrnum hafi þeir þrír staðið með mannlíkama á milli sín sem búið hafi verið að koma fyrir í lakinu hennar. Kvaðst Erla hafa séð blett myndast

¹¹⁰⁵ Bls. 901–902.

¹¹⁰⁶ Dagbók nr. 5, bls. 40b.

¹¹⁰⁷ Dagbók nr. 5, bls. 41.

¹¹⁰⁸ Bls. 903.

við afturenda mannsins sem hafi stækkað og fundið vonða lykt. Hafi Kristján bölvað nærveru hennar en Sævar þá sagt honum að vera rólegan. Hafi þeir borið mannslíkamann út á milli sín og Sævar stuggað við henni svo hún hafi dottið. Hafi Kristján Viðar komið aftur og talað eitthvað um orðinn hlut. Kvaðst Erla hafa sagst ekkert ætla að skipta sér af þessu og farið upp í rúm. Þá hafi Sævar komið og sagt henni að fara í pelsinn og skóna og koma með þeim. Kvaðst Erla hafa gert strax það sem hann hafi verið sagt og farið út með Sævari. Hafi bíll Alberts staðið opinn vinstra megin og líkið legið á gólfinu. Lýsti Erla því hvar Kristján Viðar hafi setið vinstra megin, hún í miðjuna og Tryggvi hægra megin. Hafi Sævar sest í framsætið og byrjað að gefa Alberti fyrirmæli um hvert skyldi ekið. Lýsti Erla ferðum þeirra um Hafnarfjörð með mannslíkamann á gólfi bifreiðarinnar. Hafi bíllinn verið afturþungur. Greindi Erla svo frá að þegar þau hafi stöðvað bifreiðina hafi forarpyttur verið fyrir framan. Lýsti Erla því hvernig Kristján, Sævar og Tryggvi hafi farið í kringum pyttinn en hún vaðið drulluna og komið upp á gras. Hafi þau gengið með líkið í 20 til 25 mínútur, fyrst á grasi, svo í hrauni. Hafi Sævar sagt til um hvar ætti að fela líkið. Kvaðst Erla hafa sest á stein og horft út á sjóinn. Hafi Sævar tekið lakið með sér til baka. Hafi þau komið aftur á Hamarsbrautina og Sævar fleygt lakinu. Kvaðst Erla hafa orðið hrædd við Sævar í fyrstu en hann hafi sagt henni að hún þyrfti aldrei að segja frá. Kvaðst Erla hafa lagst fyrir og farið út í öskutunnu þegar birta tók og hafi hún þá séð lakið. Kvaðst hún hafa farið aftur inn og ekki skilið hvers vegna hún hafi athugað öskutunnurnar. Hafi Sævar komið á sunnudagskvöldinu og faðmað sig innilega. Kvaðst Erla ekkert hafa botnað í hvað hafi skeð, en sagt Sævari frá slitrótttri martröð sem hana hafi dreymt nóttinni áður. Hafi Sævari verið hinn tillitssamasti, þau horft á sjónvarp og farið svo að sofa.¹¹⁰⁹

568. Þennan dag, 15. ágúst 1976, gaf Erla undirritaða yfirlýsingu í sambandi við Geirfinnsmálið. Greindi Erla frá því að hún, [BPP] og Sævar hafi farið að Ásvallagötu heim til Guðjóns Skarphéðinssonar. Þaðan hafi þau ekið um borgina, niður Laugavegin og að Vatnsstíg. Hafi Sævar farið út þar en komið strax aftur. Skömmu síðar hafi Kristján Viðar komið inn í bifreiðina og óku þau þá niður Vatnsstíginn, en stöðvuðu bifreiðina þar sem Guðjón hafi staðið og beðið eftir þeim. Sagði Erla að Sævar og Kristján Viðar hafi farið út að ræða við Guðjón. Óku þau svo saman til Keflavíkur, en Guðjón hafi farið í annarri bifreið. Fullyrti Erla að hrokkinhærði maðurinn sem hún hafi alltaf talað um sem einn þeirra sem hafi verið í Dráttarbrautinni hafi verið [GBe]. Kvaðst Erla þekkja hann í sjón. Þá kvaðst hún halda að [RJ] væri sá sem hafi verið með vindilinn. Hann hafi staðið milli hennar og Einars. Sagði Erla að [JA] hafi líka verið þarna og hafi Sævar sagt að þeir hafi átt í smyglinu. Bætti Erla því við að þarna hafi auðvitað verið líka Magnús Leópoldsson og Sigurbjörn Eiríksson. Greindi Erla frá því að Geirfinnur hafi ætlað að fara en hafi verið stöðvaður og þá hafi komið til átaka. Hafi þrekvaxinn maður með hendur eins og hramma, sem Erla taldi að hafi verið Sigurbjörn Eiríksson, barið Geirfinn með hnefunum. Hafi Magnús Leópoldsson ekkert gert nema að halda Geirfinni. Þegar Geirfinnur hafi verið kominn á hnén hafi Sævar barið hann aftan frá í höfuðið og axlir

¹¹⁰⁹ Bls. 904–905.

með spýtu. Kvaðst Erla geta ímyndað sér að nagli hafi verið í spýtunni því Geirfinnur hafi veinað við hvert högg uns hann hafi sigið saman. Erla kvaðst ekki þekkja Sigurbjörn og [JA] í sjón, en Sævar hafi sagt sér hverjir þeir væru. Kvaðst hún ekki hafa þorað að nefna [GBe] á nafn fyrr. Kvaðst Erla ekki muna eftir að hafa séð Valdimar Olsen í Dráttarbrautinni. Þá vissi hún ekki hvað hafi orðið af [BPP] sem hafi ekið bifreiðinni eða Kristjáni Viðari. Þá hafi hún ekki séð Guðjón Skarphéðinsson í fjörunni. Erla kvaðst ekki vita hvert smyglið hafi verið en halda að það hafi verið kristall eða morfín ásamt spíra. Sagðist hún telja að Sævar og Guðjón hafi átt þarna kristalla sem hafi átt að fara áfram til Stokkhólms til [AS] dreifingaraðila og kunningja Guðjóns. Erla kvaðst ekki vita hvernig Sævar hafi þekkt mennina sem hafi verið þarna. Undir yfirlýsinguna rituðu sem vottar Gunnar Guðmundsson, forstöðumaður og Hlynur Þór Magnússon, fangavörður.¹¹¹⁰

569. Mánudaginn 16. ágúst 1976 bókaði færsluritari í upphafi dags í dagbók fangelsisins við Síðumúla að honum hafi láðst að geta þess daginn áður að Erla hafi verið lokuð inni og klefi hennar ætti að vera læstur með lykli eins og annarra fanga. Hún fengi að fara út í garð á sama hátt og hafi verið. Bókað var að Páll Arnór Pálsson, réttargæslumaður Kristjáns Viðars, hafi farið inn á klefa til viðtals við skjólstaðing sinn í áheyrn rannsóknarlögreglumanns milli klukkan 17:40 og 18:20.¹¹¹¹
570. Fyrir liggur endurrit Hlyns Þórs, fangavarðar, á handriti Erlu dagsett þennan dag, klukkan 14:25. Endurritið er í fyrstu persónu frásögn. Greindi Erla frá því að 19. nóvember 1974 hafi hún og Sævar hafi tekið leigubifreið frá Breiðholti inn á Klúbbinum. Þar hafi hún þvælst um stund á meðan Sævar hafi verið út um allt að „tékka á málunum“. Hafi þau tekið aðra leigubifreið en sleppt henni á horninu á Snorrabraut og Grettisgötu og gengið upp á Bergþórugötu heim til [BPP]. Kvaðst Erla hafa beðið fyrir utan. Hafi Sævar og [BPP] komið út saman og þau farið upp í bifreið sem [BPP] hafi haft til umráða. Hafi Erla setið í aftursæti en Sævar í framsæti. Greindi Erla frá því að þaðan hafi þau ekið upp á Ásvallagötu til Guðjóns Skarphéðinssonar þar sem Sævar hafi farið inn og út aftur skömmu síðar. Hafi þau ekið niður Laugaveg og að Vatnsstíg þar sem Kristján Viðar hafi komið æðandi inn í bifreiðina. Þá hafi þau ekið af stað, en stöðvað aftur nokkru neðar þar sem Guðjón hafi beðið þeirra. Hafi Sævar og Kristján Viðar rætt við hann. Var síðan ekið af stað til Keflavíkur. Þegar komið hafi verið í Dráttarbrautina hafi [BPP] og Kristján Viðar farið úr bifreiðinni en hún og Sævar hafi beðið í bifreiðinni. Sagði Erla að Sævar hafi ekki beint orðum sínum að sér alla leiðina, en rætt hafi verið um bifreiðar og manninn þráláta sem ekki hafi verið hægt að koma vitinu fyrir. Hafi Sævar haldið í höndina á henni og gert það alla leiðina suður eftir þrátt fyrir að hún hafi ítrekað reynt að losa hana. Í þann mund hafi Magnús Leópolldsson rekið höfuðið inn í bifreiðina og lýst Sævar ábyrgan fyrir henni. Hafi Sævar jánkað því og farið úr bifreiðinni. Kvaðst Erla hafa farið hægra megin úr bifreiðinni og séð Kristján Viðar.¹¹¹² Þá hafi verið þarna [GBe], stór og mikill maður með lúkur, Geirfinnur Einarsson, [JA], [RJ] og að sögn Sævars hafi

¹¹¹⁰ Bls. 906.

¹¹¹¹ Dagbók nr. 5, bls. 41b.

¹¹¹² Bls. 907.

Valdimar Olsen verið þarna. Hafi Sævar einnig sagt að stóri maðurinn með lúkurnar hafi verið Sigurbjörn Eiríksson. Sagði Erla það einnig hafa verið hans sögn að Einar Bollason bróðir hennar hafi verið þarna. Greindi Erla frá því að Sævar, Magnús og Geirfinnur hafi virst ósammála. Þá lýsti Erla því hvernig Geirfinnur hafi verið laminn með sama hætti og daginn áður. Fannst Erlu sem Geirfinnur hafi sent sér bænaraugnarád allan tímann. Að barsmíðunum loknum hafi Sævar komið til sín og sagt henni að koma sér í burtu því þeir væru hér allir og hafi síðan talið upp alla mennina í Dráttarbrautinni. Hafi Sævar svo sagt: „Þetta er ekki fyrir kvenfólk.“ Kvaðst Erla hafa kiknað í hnjúnum og ekki geta staðið undir sér svo Sævar hafi stutt hana þar til hún hafi jafnað sig. Hafi Sævar sagt henni að fara á puttanum og hafi virst hræddur um hana. Þá sagði hún Sævar hafa gefið það í skyn að Geirfinnur hafi farið í sjóinn. Í lok handritsins hafi Erla ritað orðrétt: „Þetta er allt satt og rétt, samkvæmt minni bestu vitund.“¹¹¹³

571. Fyrir liggur annað skjal dagsett sama dag og ritað af Hlyni Þór fangaverði, þar sem hann ritaði upp eftir handriti Erlu skrifuðu sama dag, þar sem hún hafi reynt að rifja upp því sem næst orðrétt samtalið við Sævar í fjörunni í Keflavík eftir lát Geirfinns.¹¹¹⁴ Þá liggur fyrir skjal þar sem Hlynur Þór fangavörður bókar um svör Erlu við nánari spurningum sínum um lýsingar á bifreiðum og bátum í Dráttarbrautinni. Lét Hlynur Þór þess getið að spurningar hans hafi á engan hátt verið leiðandi. Hafi Erla sagt enga leið að sjá nafn eða númer bátsins vegna dimmu. Þá hafi hún sagt þrjár bifreiðar hafa verið á vettvangi, tvær fólksbifreiðar og eina sendiferðabifreið. Einhver þeirra hafi verið rauður. Sendiferðabifreiðin hafi verið með stórum framrúðum og ekki frambyggður, hugsanlega drapplitaður.¹¹¹⁵
572. Bókað var í rannsóknardagbók Eggerts og Sigurbjörns Víðis þennan dag um ferð til Keflavíkur til skoðunar á bátum m/b Unu Maríu GK 979 sem Sævar hafi bent á sem líkan þeim báti sem hafi legið við bryggjuna í Dráttarbrautinni umrætt kvöld. Bókaði Eggert að hann hafi myndað bátinn. Þá hafi hann farið yfir alla skráða báta fimm til 15 smálestir brúttó, samkvæmt sjómannaalmanaki fyrir árið 1976. Komið hafi í ljós að á öllu landinu væru 278 slíkir bátar til, þar af væru 39 skráðir í Gullbringusýslu.¹¹¹⁶
573. Þriðjudaginn 17. ágúst 1976 var bókað að Eggert og Hannes hafi farið með Sævar til tannlæknis milli klukkan 15:15 og 16:15. Bókað var klukkan 15:15 að fimm rannsóknarlögreglumenn ásamt Erni, Schütz og Pétri Eggerz túlki, hafi komið í Síðumúlafangelsið til leitar á föngum og á fangaklefum. Bókað var klukkan 15:25 að mikil og víðtæk leit hafi hafist. Allir fangar og klefa þeirra hafi verið rannsakaðir af mikilli nákvæmni, eins og það var orðað. Bókað var að fangaverðir á vakt hafi einnig tekið þátt í leitinni. Bókað var að hjá Kristjáni Viðari hafi fundist lyf, sennilega Diazepam 10 mg. Þá hafi allir skrifaðir pappírar verið gerðir upptækir. Rannsóknargögn liggja ekki fyrir um leitina, önnur en bókun í rannsóknardagbók Eggerts og Sigurbjörns Víðis. Þar kemur fram að allsherjarleit hafi verið framkvæmd í

¹¹¹³ Bls. 908.

¹¹¹⁴ Bls. 909.

¹¹¹⁵ Bls. 910.

¹¹¹⁶ Bls. 1103.

öllum fangaklefum og einnig hafi verið leitað nákvæmlega á föngunum. Í klefa Kristjáns Viðars hafi fundist nokkuð af harðfiski sem mætti fela í bréf eða eitthvað þess háttar, jafnvel lyf, eins og það var orðað í færslunni. Einnig hafi fundist í fórum hans tíu töflur sem hann hafi sagst hafa fengið hjá [FW], þegar hann hafi farið til tannlæknis. Aðspurður hafi Kristján Viðar sagt töflurnar vera Diazepam. Hafi hann sagt þær upphaflega hafa verið 13 talsins, en hann hafi þegar innbyrt þrjár. Bókað var að nokkuð af skrifuðu máli hafi verið gert upptækt úr klefa Kristjáns Viðars og þess getið að Haraldur Árnason, frá tæknideild rannsóknarlögreglunnar, hefði það til skoðunar. Úr klefa Erlu hafi verið tekið nokkuð af lesmáli sem Sigurbjörn Víðir hefði til athugunar. Bókað var að ákveðið hafi verið að fylgjast náið með sendingum til Kristjáns Viðars í fangelsið og myndi rannsóknarlögreglumennirnir sjálfir sjá um það.¹¹¹⁷

574. Bókað var klukkan 17:10 að Skúli fangavörður hafi farið með Schütz og Pétur Eggerz túlk inn á klefa til Sævars. Hafi Schütz sagt Sævari að fá pappír og penna hjá fangavörðum til skrifa minnispunkta fyrir yfirheyrslurnar og muna að ljúga ekki. Lét færsluritari þess getið að Sævar fengi ekki pappír og penna fyrr en heimild þar um bærst frá Erni.¹¹¹⁸
575. Fyrir liggur svokölluð athugasemdaskýrsla Karls Schütz, dagsett sama dag, til Arnar Höskuldssonar þar sem bókað er að ósamræmi í framburðum hinna grunuðu í Geirfinnsmálinu leiddi til þess að finna yrði raunhæfar sannanir og fleiri vitni. Fram kom að allir aðilar sem vitað væri að hafi keypt smyglað áfengi væru vitni. Yfirheyra þyrfti þessa aðila til þess að reyna að komast að því eftir hvaða leiðum áfengið hafi farið áður en það hafi komist í þeirra hendur.¹¹¹⁹ Í skýrslu dagsettri sama dag sagði að finna þyrfti eiganda og hugsanlega áhöfn bátsins sem hafi landað áfengi, sennilega miklu magni, við slippinn í Keflavík. Bókað var í skýrsluna að ef báturinn kæmi í leitirnar yrði að leggja hald á hann strax og gera á honum tæknifræðilegar rannsóknir.¹¹²⁰ Þá kom fram í annarri skýrslu að réttargæslumaður Sævars hafi afhent rannsóknarlögreglunni í Reykjavík umslag sem Sævar hafi sennilega sjálfur sent frá Kaupmannahöfn á heimilisfang sitt. Bókað var að móðir Sævars hafi afhent réttargæslumanninum umslagið. Í skýrslunni sagði að á umslaginu væru ýmsar athugasemdir sem Sævari hafi sennilega skrifað sjálfur. Hefðu þær þýðingu fyrir rannsóknina.¹¹²¹
576. Meðal rannsóknargagna er einnig skýrsla Karls Schütz, dagsett sama dag, 17. ágúst 1976, með tillögu að blaðayfirlýsingu rannsóknardeildarinnar í Reykjavík þar sem biðlað er til almennings að veita allar upplýsingar um kringumstæður Geirfinns og sambönd hans við annað fólk. Í tillögunni komu fram fjórar spurningar sem beint yrði til almennings. Í fyrsta lagi hvort Geirfinnur hafi verið í sambandi við einhverja aðila sem hann hafi haldið leyndu og þá hvort þeir aðilar hafi verið eigendur að litlum eða

¹¹¹⁷ Bls. 1106.

¹¹¹⁸ Dagbók nr. 5, bls. 42b.

¹¹¹⁹ Bls. 911.

¹¹²⁰ Bls. 913.

¹¹²¹ Bls. 917.

meðalstórum bátum. Í öðru lagi hvort einhver vissi til þess að Geirfinnur hafi ljóstrað upp um eitthvað og stofnað sér þannig í hættu. Í þriðja lagi hvort einhver vissi hvenær eða hvar Geirfinni hafi verið greitt fyrir að þegja um eitthvað. Loks í fjórða og síðasta lagi var sett fram spurningin um hver þekkti aðila sem vissu um ólöglega löndun áfengis eða annars varnings. Í lok tillögunnar var bókað að farið yrði með allar vísbendingar sem trúnaðarmál. Neðanmáls í skýrsluna var bókað að rætt hafi verið um gagnsemi blaðayfirlýsingarinnar á fundi sama dag, 17. ágúst 1976. Hafi skoðanir verið skiptar en orðið ofan á að fresta birtingu þar til aðgerðir til leitar að líkunum yrðu framkvæmdar.¹¹²²

577. Þennan sama dag bókaði Eggert í rannsóknardagbókina um að hafa heimsótt [AF], móður Guðmundar Einarssonar, í þeim tilgangi að athuga hvort hugsanlegt gæti verið að Guðmundur hafi verið ranglega fedraður. Bókað var í rannsóknardagbókina að athugunin hafi verið gerð með tilliti til blóðflokkagreiningar. Var þess getið að móðir Guðmundar hafi sagt það algjörlega útilokað. Einnig var bókað í sömu færslu um ónæði sem móðir Guðmundar hafi orðið fyrir af símhringingum á heimili þeirra eftir að Guðmundur hafi horfið. Kvað hún stundum hafa verið hringt þrisvar á dag, ýmist að degi eða kvöldi til. Stundum hafi liðið nokkrir dagar á milli hringinga. Aldrei hafi verið sagt neitt í símann nema í síðustu hringingunni sem hafi borist en þá hafi karlmannsrödd sagt í símann: „Haltu kjafti.“¹¹²³
578. Miðvikudaginn 18. ágúst 1976 var bókað í dagbók Síðumúlafangelsisins að klukkan 16:10 hafi verið pöntuð lyf, Somadril, Chloral, Polaramine og Methylpenicillin.¹¹²⁴ Tuttugu mínútum síðar var bókað um fyrirmæli frá Erni og Schütz um að Sævar ætti að fá pappír og penna til að búa sig undir væntanlegar yfirheyrslur. Lét færsluritari þess getið að hann hafi látið Sævar fá eitt stórt blokkarblað sem hann ætti að skila heilu til baka. Ef Sævar þyrfti annað blað fengi hann það gegn því að skila hinu fyrra. Bókað var að blöðin ættu að geymast í fangelsinu þar til að yfirheyrslunni kæmi, en þá fengi Sævar blöðin afhent í viðurvist þess lögreglumanns sem myndi yfirheyra hann. Á sama tíma var bókað að Kristján Viðar hafi fengið send hegningarlögin í gær, sérprentun frá 1976, blá að lit. Bókað var að samkvæmt fyrirmælum Arnar mætti Kristján Viðar fá hana, en ekki grænu bókina með sömu lögum, eins og það var orðað. Bókað var í dagbókina klukkan 19:45 að Ingvar Kristjánsson geðlæknir hafi komið og rætt við Sævar til klukkan 21:10. Var þess getið með sérstakri bókun þennan dag að Benna hefði leyfi frá Erni til að tala við Erlu inni í klefa í einrúmi ef hún kæmi daginn eftir. Þá var bókað að framvegis yrði fangelsið algjörlega lokað fyrir öðru en gæsluvarðhaldsföngum og engar heimsóknir leyfðar. Sendingar yrðu vandlega yfirfarnar að venju. Ákvörðun þessa efnis hafi verið tekin á fundi yfirsakadómara, forstöðumanns fangelsisins og deildarstjóra dómsmálaráðuneytisins.¹¹²⁵
579. Fyrir liggur skýrsla Karls Schütz til Arnar dagsett sama dag um tæknirannsóknir á byssum í eigu Valdimars Olsen. Bókað var að rannsókn lögreglu hafi leitt í ljós að

¹¹²² Bls. 915–916.

¹¹²³ Bls. 1104.

¹¹²⁴ Dagbók nr. 5, bls. 43b.

¹¹²⁵ Dagbók nr. 5, bls. 43b.

[ÁHE] vinur Valdimars hafi sótt skambyssu í eigu þess síðarnefnda að kvöldi 26. janúar 1976, daginn sem Valdimar hafi verið handtekinn. Hafi byssunni verið komið fyrir í geymsluhólfi. Þá hafi riffill í eigu Valdimars verið tekinn í vörslur lögreglu. Í niðurlagi skýrslunnar var bókað að vopnin yrðu rannsökuð af glæpatæknifræðingi sem kæmi til landsins 21. ágúst 1976.¹¹²⁶

580. Þennan sama dag birtist frétt á forsíðu Morgunblaðsins um að tíu manna starfshópur hjá sakadómi Reykjavíkur ynni nú að rannsókn Geirfinnsmálsins. Fram kom að hópurinn ynni undir forystu Karls Schütz og algerlega eftir ákveðnum kerfum sem Schütz hafi þróað og notað með góðum árangri við að upplýsa sakamál í Vestur-Þýskalandi. Í hópnum væru auk Karls Schütz, Örn Höskuldsson, fulltrúi við sakadóm Reykjavíkur, rannsóknarlögreglumennirnir Eggert N. Bjarnason, Ívar Hannesson, Jónas Bjarnason, Grétar Sæmundsson og Sigurbjörn Víðir Eggertsson úr rannsóknarlögreglunni í Reykjavík, Rúnar Sigurðsson við lögreglustjóraembættið og loks íslenskur túlkur. Hafi hópurinn tekið formlega til starfa 11. ágúst 1976 og muni einbeita sér að Geirfinnsmálinu en einnig ljúka vinnu við Guðmundarmálið, sem væri á lokastigi og yrði afhent ríkissaksóknara innan skamms. Fram kom að ríkissaksóknari myndi væntanlega síðar gefa út ákæru á hendur þeim sem hafi viðurkennt að hafa myrt Guðmund.¹¹²⁷
581. Fimmtudaginn 19. ágúst 1976 var bókað í dagbók fangelsisins við Síðumúla að Eggert og Sigurbjörn Víðir hafi farið með Sævar til tannlæknis klukkan 15:35.¹¹²⁸ Bókað var að þeir hafi komið til baka klukkan 16:50. Klukkan 19:15 hafi Sigurbjörn Víðir komið til að tala við sitt fólk, eins og það var orðað. Bókað var að Sigurbjörn Víðir hafi sagt færsluritari að taka við öllum sendingum en láta lögregluna skoða sígarettur og harðfisk, annað ættu fangaverðir að skoða mjög vel sjálfir áður en það færi inn á klefana. Bókað var klukkan 20:00 að Erla hafi verið færð fram til viðtals við Sigurbjörn Víði. Fyrir liggur skýrsla um viðtalið, undirrituð af Sigurbirni Víði, þar sem fram kemur að Erlu hafi verið sýndar myndir af ýmsum tegundum af sendibifreiðum. Hafi Erla bent á ljósmynd af Mercedes Benz sendibifreið, merkt númer níu. Bókað var að varðandi lit á bifreiðinni hafi Erla bent á lit númer 17 á litaspjaldi. Hafi Erla sagt bifreiðina vera mjög líka þeirri sem hafi verið í Dráttarbrautinni umrætt kvöld. Bókað var að samtalinu hafi lokið klukkan 20:20.¹¹²⁹ Á sama tíma var bókað í fangelsisdagbókina að Erla hafi verið færð inn á klefa og Sævar tekinn fram til viðtals. Meðal rannsóknargagna er skýrsla um viðtalið, undirrituð af Sigurbirni Víði. Bókað var að Sævari hafi verið sýndar ljósmyndir af sendibifreiðum. Haft var eftir Sævari að hann væri rangi maðurinn í þessu máli og gæti ekki sagt til um það að bifreið hafi verið í Dráttarbrautinni í Keflavík 19. nóvember 1976 þar sem hann hafi ekki verið þar. Bókað var í niðurlagi skýrslunnar að tekið skyldi fram að Sævar hafi virst mjög óstyrkur á taugum. Var samtalinu bókað lokið klukkan 20:27.¹¹³⁰ Á sama tíma var bókað í dagbók fangelsisins við Síðumúla að Sævar hafi verið færður á

¹¹²⁶ Bls. 1107.

¹¹²⁷ Bls. 1108.

¹¹²⁸ Dagbók nr. 5, bls. 44.

¹¹²⁹ Bls. 1112.

¹¹³⁰ Bls. 1113.

klefa sinn og Kristján Viðar hafi verið tekinn fram. Fyrir liggur skýrsla um viðtalið, undirrituð af Sigurbirni Víði. Fram kemur að Kristján Viðar hafi sagt að engin af bifreiðunum á myndunum væru líkar þeirri sem hafi verið í Dráttarbrautinni 19. nóvember 1974. Kvað hann bifreiðina hafa verið með farangurshúsi sem hefði verið aðskilið frá stýrishúsinu og nokkuð hærra en það. Einnig hafi vélarhúsið verið talsvert stærra. Þá kvaðst Kristján Viðar vera viss um að sendibifreiðin hafi verið blá á litinn. Bókað var að samtalinu hafi lokið klukkan 20:40.¹¹³¹ Á sama tíma var bókað í fangelsisdagbókina að Kristján Viðar hafi verið færður á klefa sinn.¹¹³²

582. Fyrir liggur skýrsla Ívars Hannessonar, lögreglumanns, dagsett sama dag, um samtal sitt við [EBSk], vinnuveitanda Geirfinns. Bókað var að ekkert nýtt hafi komið fram, en tekin hafi verið vinnubók Geirfinns frá árinu 1974.¹¹³³ Einnig liggur fyrir skýrsla um viðtal við [GSig], eiginkonu Geirfinns, dagsett sama dag.¹¹³⁴ Ber skýrslan engar nýjar upplýsingar með sér.
583. Meðal rannsóknargagna liggur fyrir skýrsla dagsett sama dag, 19. ágúst 1976, frá Bundeskriminalamt í Wiesbaden um innritun í gestabók sumarhótelis á Finnbogastöðum. Fram kom að afla þyrfti frekari gagna og upplýsinga svo hægt væri að komast að niðurstöðu um hver hafi ritað í gestabókina. Miðað við gögnin sem lögju fyrir gæti undirskrift Geirfinns hafa verið fölsuð.¹¹³⁵
584. Föstudaginn 20. ágúst 1976 var bókað í dagbók Síðumúlafangelsisins að bróðir Sævars hafi komið með salthnetur, vindla og fleira til hans.¹¹³⁶
585. Meðal rannsóknargagna er endurrit úr sakadómsbók fyrir bæjarfógetaembættið á Ísafirði og sýslumannsembættið á Ísafirði vegna rannsóknar á innritun í gestabók á sumarhótelinu að Finnbogastöðum. Í þinghaldinu var upplýst með framburði nokkurra manna að flokkstjóri vinnuflokks sem hafi verið að störfum við mælingar á staðnum hafi ritað inn nöfn Einars Bollasonar og Geirfinns Einarssonar í júlímánuði 1976. Hafi það verið gert í gáska og af gáleysi.¹¹³⁷
586. Laugardaginn 21. ágúst 1976 var bókað í fangelsisdagbókina að fangaverðirnir Erlingur, Skúli og Guðjón hafi farið suður í hraun klukkan 09:00. Bókað var að þeir hafi komið til baka klukkan 12:40 en ekki haft árangur sem erfiði.¹¹³⁸
587. Mánudaginn 23. ágúst 1976 var bókað í dagbók Síðumúlafangelsisins að Sigurbjörn Víðir hafi komið milli klukkan 12:40 og 12:55 fyrir beiðni færsluritara, Gunnars forstöðumanns, sem hafi viljað inna hann skýringa á því hvers vegna leit í sendingum á sígarettum og harðfiski til gæslufanga ætti að fara í gegnum lögreglu. Bókaði Gunnar um svör Sigurbjörns um að lögreglan muni leita að hugsanlegum orðsendingum í þessum sendingum til Kristjáns Viðars. Gat Gunnar þess í færslunni

¹¹³¹ Bls. 1115.

¹¹³² Dagbók nr. 5, bls. 44b.

¹¹³³ Bls. 1110.

¹¹³⁴ Bls. 1115.

¹¹³⁵ Bls. 1111.

¹¹³⁶ Dagbók nr. 5, bls. 45.

¹¹³⁷ Bls. 1116–1119.

¹¹³⁸ Dagbók nr. 5, bls. 45.

að [KJ] amma Kristjáns Viðars og dóttir hennar væru hafnar yfir allan grun.¹¹³⁹ Klukkan 14:45 var bókað um að Örn hafi hringt að beiðni Gunnars. Bókaði Gunnar um að hafa rætt vangaveltur sínar við Örn um hvort ekki væri tímabært að fara með Erlu á nýja staðinn til að gefa henni kost á að benda á staðinn þar sem líkið væri falið. Gat Gunnar þess í bókuninni að Örn hafi tekið því vel. Þá hafi Örn beðið um að algjör leynd myndi hvíla yfir því til hvaða tannlæknis Kristján Viðar færi og hvenær hann færi þangað. Klukkan 17:25 var bókað að Benna hafi komið og talað við Erlu inni á klefa hennar með leyfi Arnar. Gat Gunnar Guðmundsson þess að hafa áður talað við Erlu og síðan við Kristján Viðar. Bókað var að Benna hafi komið út frá Erlu klukkan 19:30. Rannsóknargögn um vitjunina liggja ekki fyrir.

588. Fyrir liggur skýrsla Sigurbjörns Víðis dagsett sama dag, um athugun á því hvort [VSH], vinur eiginkonu Geirfinns, hefði hreint sakavottorð.¹¹⁴⁰
589. Þennan dag, 23. ágúst 1976, sendi Páll Arnór Pálsson, réttargæslumaður Kristjáns Viðars, bréf til yfirsakadómarans í sakadómi Reykjavíkur. Var afrit bréfsins sent ríkissaksóknara. Í bréfinu kom fram að rannsókn á hvarfi Guðmundar hafi verið mjög erfið og í ofanálæg hafi fléttast inn í hana rannsókn á hvarfi Geirfinns. Kristján Viðar væri búinn að vera í gæsluvarðhaldi í átta mánuði og það allan tímann í einangrun. Hann hafi margsinnis skýrt frá öllu sem hann vissi um þessi mannhvörf og geðrannsókn væri lokið. Því væri ekki að sjá neina ástæðu til þess að halda honum í algjörri einangrun lengur. Slík einangrun þjónaði engum öðrum tilgangi en að brjóta Kristján Viðar niður andlega. Benti Páll Arnór á að Tryggvi Rúnar væri á Litla-Hrauni og Alberti Klahn hafi verið sleppt lausum og sagði um fortakslaust misrétti að ræða. Gerði Páll Arnór þá kröfu að Kristján Viðar yrði tafarlaust fluttur úr einangrun í Síðumúlafangelsinu og sætti ekki verri meðferð en aðrir gæslufangar með sömu brot að baki.¹¹⁴¹ Greindi Páll Arnór frá því að hann hafi margsinnis gert kröfu um að fá afhent gögn. Í vor hafi hann loks fengið nokkrar skýrslur um hvarf Guðmundar. Þá hafi honum gengið mjög erfiðlega að fá upplýsingar um stöðu rannsóknar. Strax í upphafi rannsóknar hafi það komið ítrekað fyrir að Kristján Viðar hafi ekki fengið að ræða við hann þrátt fyrir brýna beiðni hans þar um. Þá hafi beiðni Kristjáns um að Páll Arnór yrði viðstaddur yfirheyrslur verið vísað á bug. Í bréfi Páls Arnórs kom fram að steininn hafi síðan tekið úr þegar hann hafi lesið í blöðum að dómsrannsókn á hvarfi Geirfinns væri að hefjast. Kvaðst hann hafa haft samband við fulltrúa yfirsakadómarara og óskað eftir að vera kallaður til þegar Kristján Viðar yrði yfirheyrður. Hafi fulltrúinn sagt það óþarfa þar sem Kristján Viðar hefði réttarstöðu vitnis í málinu. Síðar hafi hann komist að því að Kristján Viðar hafi verið tekinn til yfirheyrslu án þess að haft hafi verið samband við hann, en Kristján hafi krafist þess að Páll Arnór yrði viðstaddur. Hafi Kristján Viðar verið mjög sleginn eftir yfirheyrsluna. Auk rannsóknardómara hafi hann verið spurður spjörum um af vararíkissaksóknara og réttargæslumönnum annarra gæsluvarðhaldsfanga í málinu. Hafi það vakið athygli Kristjáns að réttargæslumennirnir hafi verið með skjöl málsins fyrir framan sig, en

¹¹³⁹ Dagbók nr. 5, bls. 46.

¹¹⁴⁰ Bls. 1123.

¹¹⁴¹ Bls. 1120.

honum hafi þá verið kunnugt um að réttargæslumaður sinn hafi engin skjöl fengið. Kvaðst Páll Arnór hafa krafist þess að vera viðstaddur dómsrannsóknina sem hafi leitt til þess að hann hafi verið boðaður 28. apríl 1976 þegar tekin hafi verið stutt skýrsla af Kristjáni Viðari einum. Hafi honum þá verið ljóst að Kristján hafi verið spurður sem sakaður maður en ekki sem vitni.¹¹⁴² Síðan þá hafi ekkert markvert gerst við rannsókn málanna og hann ekki fengið endurrit yfirheyrslna í dómi. Kvaðst Páll Arnór mjög ósáttur með meðferðina á Kristjáni Viðari og samskipti sín við sakadóm Reykjavíkur sem réttargæslumaður hans. Sagði hann alla þessa meðhöndlun bera keim af ómengdu rannsóknarréttarfari sem væri í algjörri andstöðu við meginreglur opinbers réttarfars. Gerði hann skýlausa kröfu um að fá aðgang að öllum gögnum um skjólstæðing sinn svo hann gæti sinnt réttargæslustarfi sínu. Þá gerði hann kröfu um að fá að vera viðstaddur allar yfirheyrslur yfir skjólstæðingi sínum og að yfirsakadómari tryggði að því yrði sinnt. Í lok bréfsins ítrekaði hann kröfu sína um að skjólstæðingur sinn nyti sanngirni í gæsluvistinni og benti á að hann ætti enga sök á þeim drætti sem hefði orðið.¹¹⁴³

590. Þriðjudaginn 24. ágúst 1976 var bókað í dagbók fangelsisins við Síðumúla að Eggert hafi hringt klukkan 10:25 vegna bréfa Sævars sem hann hafi sagst halda að Schütz vildi sjá áður en Sævar yrði tekinn til yfirheyrslu.¹¹⁴⁴ Bókað var klukkan 12:45 að Sigurbjörn Víðir hafi tekið bréfin sem Sævar hafi verið búinn að skrifa og Schütz ætlaði að lesa áður en til yfirheyrslu kæmi. Bókað var að bréfin kæmu aftur í fangelsið að lestrinum loknum. Þá var orðrétt bókað: „Sævar má alls ekki vita af því að þau hafi farið þennan útúrkrók.“ Klukkan 13:25 var bókað að Haraldur Árnason hafi komið til að ræða við Kristján Viðar. Bókað var að samtalið hafi verið óformlegt og farið fram inni á klefa Kristjáns. Þá var bókað klukkan 14:45 að Jónas Bjarnason og Eggert hafi farið með Sævar til tannlæknis. Komu þeir til baka klukkan 16:25. Bókað var klukkan 17:15 að Haraldur Árnason hafi farið af klefa Kristjáns Viðars eftir langt viðtal.¹¹⁴⁵ Rannsóknargögn um viðtalið liggja ekki fyrir. Bókað var klukkan 20:15 að Gunnar Guðmundsson forstöðumaður og Sigurbjörn Víðir hafi farið með Erlu suður í hraun til athugunar á ákveðnum stað, eins og það var orðað. Bókað var að þau hafi komið aftur klukkan 21:40.¹¹⁴⁶ Rannsóknargögn liggja ekki fyrir um ferðina.
591. Fyrir liggur skýrsla dagsett þennan dag um viðtal Sigurbjörns Víðis við [JK]. Tilefni yfirheyrslunnar var bókað sem yfirlýsing [JK] við lögreglu um að hann væri hræddur vegna Geirfinnsmálsins. Bókað var að þegar hann hafi látið þau orð falla hafi hann verið í vinnu hjá [JR] sem hafi verið orðaður við málið. Greindi hann svo frá að hann og sonur [GuA] væru góðir vinir. Hafi móðir vinar síns komið að máli við sig og sagt að vinnuveitandi hans [JR] og hans vinir væru glæpamenn sem væru viðriðnir Geirfinnsmálið. Hafi honum ekki staðið á sama þar sem hann hafi mikið unnið í

¹¹⁴² Bls. 1121.

¹¹⁴³ Bls. 1122.

¹¹⁴⁴ Dagbók nr. 5, bls. 47.

¹¹⁴⁵ Dagbók nr. 5, bls. 47b.

¹¹⁴⁶ Dagbók nr. 5, bls. 48.

Valhöll þar sem [JR] væri framkvæmdastjóri.¹¹⁴⁷ Greindi vitnið frá samskiptum [JR] og Sigurbjörns Eiríkssonar.¹¹⁴⁸

592. Meðal rannsóknargagna er skýrsla dagsett sama dag, 24. ágúst 1976, um viðtal Haraldar Árnasonar við [MarG], dóttur [GuA]. Var tilefnið að leita upplýsinga um orð og athafnir föður hennar varðandi Geirfinnsmálið. Bókað var að [MarG] hafi staðfest skýrslu sem tekin hafi verið af henni 22. október 1975. Greindi [MarG] frá því að um það bil tveimur vikum eftir að lögreglan hafi tekið skýrslu af föður hennar vegna ummæla hans um aðild að hvarfi Geirfinns hafi hún spurt hann hvers vegna hann hafi ekki sagt lögreglunni sannleikann. Hafi faðir hennar þá sagst ekki vilja sitja einn í fangelsi meðan aðrir aðildarmenn gengju lausir. Bókaði Haraldur í niðurlagi skýrslunnar um að [MarG] hafi virst í fullkomnu jafnvægi og ekki annað að sjá en að hún vildi að sannleikurinn kæmi fram.¹¹⁴⁹
593. Þá liggur fyrir skýrsla Karls Schütz um niðurstöður rannsóknar á gestabók sumarhótelsins að Finnbogastöðum, dagsett þennan dag. Í skýrsluna var bókað um gögn sem aflu þyrfti svo hægt væri að fá öruggar niðurstöður um undirskriftirnar.¹¹⁵⁰
594. Miðvikudaginn 25. ágúst 1976 var bókað í dagbók Síðumúlafangelsisins að ferðin í gær hafi verið neikvæð að sögn Sigurbjörns Víðis. Klukkan 17:05 var bókað um komu móður Sævars sem hafi sótt óhrein föt af syni sínum.¹¹⁵¹
595. Fyrir liggur skýrsla dagsett sama dag um yfirheyrslu rannsóknarlögreglunnar yfir [SKoH]. Var tilefni yfirheyrslunnar bókað sem vera hans í húsi í Kópavogi þar sem rætt hafi verið um hvarf Geirfinns og viðstöddum hótað lífláti ef þeir segðu frá því sem um hafi verið rætt. Í upphafi skýrslunnar lýsti vitnið því yfir að hann vissi ekkert um Geirfinnsmálið. Kvaðst hann þó hafa heyrt allskyns söguburð, enda hafi mikið verið rætt um þetta mál. Upplýsti hann um afplánun sína á Litla-Hrauni á tímabili og sagði fangana hafa smjattað mikið á þessu máli, eins og það var orðað í skýrslunni. Kvað vitnið alls konar sögur hafa verið á kreiki, meðal annars um að Kristján Viðar hafi stungið Geirfinn og lík hans hafi verið bútað niður. Greindi [SKoH] frá því að Tryggvi Rúnar hafi komið á Litla-Hraun skömmu áður en honum hafi verið sleppt þaðan og hafi hann ekkert viljað tjá sig um málið. Um veru sína í umræddu húsi í Kópavogi kvaðst vitnið hafa sótt þangað samkvæmi þegar hann hafi verið í mikilli óreglu. Kvaðst hann ekki minnst þess að hvarf Geirfinns hafi verið rætt þar.¹¹⁵²
596. Meðal rannsóknargagna liggur fyrir skýrsla dagsett þennan sama dag, 25. ágúst 1976, um viðtal Haraldar Árnasonar rannsóknarlögreglumanns við [GuðB], fyrrum eiginkonu [GuA]. Var tilefni samræðnanna að leita upplýsinga um orð og athafnir [GuA] í sambandi við Geirfinnsmálið. Greindi [GuðB] frá því að í byrjun júnímánaðar 1975 hafi verið hringt til [GuA]. Hafi hann svarað og sagt: „Ég kem.“ Síðan hafi hann skipt um skoðun og sagst ekki ætla að fara og beðið [GuðB] um að segja að hann væri

¹¹⁴⁷ Bls. 1125.

¹¹⁴⁸ Bls. 1126.

¹¹⁴⁹ Bls. 1128–1129.

¹¹⁵⁰ Bls. 1130–1131.

¹¹⁵¹ Dagbók nr. 5, bls. 49.

¹¹⁵² Bls. 1132–1133.

farinn ef „Bjössi“ myndi hringja. Þegar hún hafi spurt um hvaða mann hann ætti við hafi [GuA] sagt að „Bjössi“ væri „Bjössi í Klúbbnum“. Hafi maður sem hún taldi hafa verið Sigurbjörn Eiríksson hringt tvisvar til þrisvar sinnum þann dag og spurt eftir [GuA]. Nokkrum dögum síðar hafi hún rætt við [RÁM], fyrrum sambýlismann [GrB], og hafi hann sagt henni að Sigurbjörn hafi viljað ræða við [GuA] útaf Geirfinnsmálinu.¹¹⁵³

597. Þennan dag sendi Páll Arnór Pálsson, réttargæslumaður Kristjáns Viðars, orðsendingu til ríkissaksóknara ásamt afriti af bréfi sínu til yfirsakadómara frá því 23. ágúst 1976. Spurðist hann fyrir um hvort ekki væri tímabært að halda áfram dómsrannsókn á hvarfi Geirfinns. Fram kom að fyrirspurninni væri komið á framfæri vegna þess að honum hafi skilst að skjólstaðingi sínum væri haldið í einangrun vegna þess að Geirfinnsmálið væri enn óupplýst.¹¹⁵⁴
598. Fimmtudaginn 26. ágúst 1976 var bókað í dagbók fangelsisins við Síðumúla að Sigurbjörn Víðir og Eggert hafi farið með Sævar til tannlæknis klukkan 15:00 og komið aftur klukkan 15:40.¹¹⁵⁵
599. Daginn eftir var bókað í dagbók Síðumúlafangelsisins klukkan 13:10 að Haraldur Árnason hafi farið inn á klefa til Kristjáns Viðars. Bókað var að Haraldur hafi farið klukkan 15:15. Fyrir liggur samantektarskýrsla um vitjunina þar sem fram kemur að viðtalið hafi farið fram að ósk Kristjáns Viðars. Þess var ekki getið að gætt hafi verið ákvæða um réttarstöðu Kristjáns Viðars. Bókað var að Kristján Viðar hafi sagst mikið hafa hugsað um Guðmundar- og Geirfinnsmálið. Kvaðst hann nú minnst þess að í ágúst 1974 hafi Sævar komið heim til sín að Grettisgötu 82. Hafi Sævar sagt honum að koma með sér í þurrkherbergið í kjallara hússins. Þar hafi staðið tveir pokar úr efni eins og notað væri í sjóstakka. Kvaðst Kristján Viðar hafa spurt Sævar hvort þýfi væri í pokunum en þá hafi Sævar svarað orðrétt: „Það er maður í pokunum.“ Kvaðst Kristján Viðar hafa sagt Sævari að hann yrði að koma þessu út úr húsinu hið fyrsta. Hafi Sævar þá sagt honum að hringja í Albert Klahn. Kvaðst Kristján hafa hringt en til svara hafi verið [JIG] vinkona Alberts og hjá henni stödd [HeG]. Hafi Albert komið í símann og sagst koma þá þegar. Þegar Albert hafi komið á staðinn hafi Tryggvi Rúnar þegar verið kominn. Kvaðst Kristján Viðar ekki gera sér grein fyrir hvort þeir hafi komið saman. Taldi Kristján Viðar fyrir víst að pokarnir hafi verið tengdir Tryggva Rúnari því Sævar hafi lýst því yfir að það sem í þeim væri hafi verið verk Tryggva. Bókað var í skýrsluna að aðspurður hafi Kristján Viðar ekki vitað hvernig Sævar hafi komist óséður með pokana í kjallara hússins. Sagði hann læsingu á bakdyr hússins hafa verið í ólagi og Sævar vitað að nóg væri að ýta þéttingsfast á hurðina svo hún opnaðist.¹¹⁵⁶ Greindi Kristján Viðar frá því að á meðan þeir hafi beðið eftir Alberti Klahn hafi Sævar sagt honum að sækja hníf sem Kristján kvaðst hafa sótt í herbergið sitt. Hafi Sævar opnað annan pokann og sett hnífinn ofan á það sem í honum hafi verið og lokað síðan pokanum. Þegar Albert hafi komið hafi þeir Sævar og Tryggvi tekið

¹¹⁵³ Bls. 1134.

¹¹⁵⁴ Bls. 1135_A.

¹¹⁵⁵ Dagbók nr. 5, bls. 49b.

¹¹⁵⁶ Bls. 1138.

pokana og farið með þá í gula Toyota bifreið í eigu föður Alberts. Hafi Tryggvi Rúnar látið sem honum hafi verið fullkunnugt um tilkomu pokanna. Sagði Kristján Viðar þá alla hafa farið með pokana suður í Hafnarfjarðarhraun eftir fyrirsögn Sævars. Kvaðst hann ekki vita nákvæmlega hvert hafi verið farið, en ekið var suður fyrir álverið í Straumsvík og beygt þar til vinstri út af veginum og einhvern spöl eftir malarvegi. Þegar bifreiðin hafi verið stöðvuð hafi hann og Albert beðið í bifreiðinni en Sævar og Tryggvi farið með pokana út í hraunið og falið þá þar. Kvaðst Kristján Viðar ekki hafa neitt annað fyrir sér en orð Sævars um innihald pokanna, en sagðist sjálfur hafa verið í slæmu ástandi vegna langvarandi áfengis- og lyfjaneyslu. Af þeirri ástæðu væru allir atburðir líkt og í móðu fyrir sér. Myndi hann þó greinilega eftir að hafa verið sannfærður um að Sævar segði satt um innihaldið. Kvaðst Kristján Viðar vilja benda á að Sigurbjörn Eiríksson og [GrB] hefðu haft aðgang að íbúð að Grettisgötu 78 og að greiður aðgangur væri á milli bakdyra húsanna. Þetta væri hins vegar aðeins hugarfóstur sitt og hann hefði ekkert fyrir sér í því að pokarnir væru þaðan komnir.¹¹⁵⁷

600. Í fangelsisdagbókina þennan dag var bókað klukkan 16:00 að Gunnar forstöðumaður og Hlynur Þór fangavörður hafi farið með Erlu suður í hraun til leitar. Bókað var að þau hafi komið til baka klukkan 18:15. Rannsóknargögn um leitarferðina liggja ekki fyrir.
601. Laugardaginn 28. ágúst 1976 var bókað í dagbók Síðumúlafangelsisins að Haraldur hafi komið klukkan 21:55 og talað við Kristján Viðar. Bókað var að samtali þeirra hafi lokið klukkan 00:30. Engin rannsóknargögn eru fyrirbyggjandi um viðtalið.
602. Fyrir liggur skýrsla Ívars Hannessonar, lögreglumanns, dagsett sama dag um samtal sitt við [EBSk], vinnuveitanda Geirfinns. Var tilefni viðtalsins orðrómur þess efnis að Geirfinnur hafi einhvern tímann fundið lík við vinnu á Sandgerðis- eða Miðnesheiði. Kvaðst [EBSk] aldrei hafa heyrt slíkt, en myndi athuga vinnubækur um hvenær Geirfinnur hafi verið að störfum á þessum slóðum. Kvaðst hann einnig munu ræða þetta við starfsmenn sína.¹¹⁵⁸
603. Meðal rannsóknargagna liggur fyrir ódagsett yfirlit yfir bifreiðaeign þeirra sem bendlaðir hafi verið við Geirfinnsmálið.¹¹⁵⁹
604. Mánudaginn 30. ágúst var í dagbók fangelsisins við Síðumúla bókað um komu Péturs Eggerz, Karls Schütz, Jónasar Bjarnasonar og doktors Kissling klukkan 11:25. Bókað var að doktor Kissling hafi breitt úr tækjum sínum, smásjá og fleiru, á varðstofuskrifborðið. Var Sævar færður til þeirra og tekin af honum rithandarsýnishorn og fleira. Var Sævar færður aftur á klefa sinn klukkan 11:40 og Kristján Viðar færður fram til fjórmenninganna, eins og það var orðað. Bókað var að Kristján Viðar hafi verið settur á klefa sinn klukkan 12:10 og fjórmenningarnir farið. Rannsóknargögn liggja ekki fyrir um þessa aðgerð. Fyrir liggur skýrsla dagsett þennan dag um viðtal rannsóknarlögreglunnar við Kristján Viðar. Fram kom að hann hafi greint frá því að hafa farið á blárri sendiferðabifreið 19. nóvember 1974. Hafi

¹¹⁵⁷ Bls. 1139.

¹¹⁵⁸ Bls. 1140.

¹¹⁵⁹ Bls. 1142–1143.

yfirbyggingin að aftan verið hærrí en stýrishúsið, ekki hafi verið opið á milli yfirbyggingarinnar og stýrishússins. Hurðir hafi verið aftan á yfirbyggingunni og einnig á vinstri hlið bifreiðarinnar. Sendibifreiðin hafi litið vel út, en slæm fúkkalykt hafi verið í húsinu aftur í. Bókað var í skýrsluna að Kristjáni Viðari hafi verið sýndar ljósmyndir af sendiferðabifreiðum. Hafi hann bent á GMC sendiferðabifreið sem hann hafi sagt sams konar þeirri sem hann hafi verið í umrætt kvöld. Hafi hún verið það há að aftan að hann hafi talið að hún hafi verið með drifi á öllum hjólum. Bókað var í skýrsluna að við athugun hafi komið í ljós tvær bifreiðar umræddrar gerðar á landinu, væru þær í eigu sitthvors aðilans, báðir undir eftirliti hjá fíkniefnadeild lögreglunnar vegna gruns um fíkniefnasölu. Var þess getið að annar eigandinn hafi eitt sinn átt heima að Grettisgötu 82, í sama húsi og Kristján Viðar. Hafi sá selt bifreiðina í júlí 1975.¹¹⁶⁰

605. Pennan dag var bókað í fangelsisdagbókina klukkan 13:15 að hringt hafi verið til Páls Arnórs Pálssonar, réttargæslumanns Kristjáns Viðars, sem hafi sagst munu hafa samráð við Harald Árnason um komutíma.¹¹⁶¹ Klukkan 13:55 var bókað um komu móður Sævars með fatasendingu til hans. Klukkan 18:30 var bókað að Sigurbjörn Víðir hafi náð í Tryggva Rúnar niður í Hegningarhús. Hafi þeir komið í Síðumúlafangelsið klukkan 19:00.¹¹⁶²
606. Þriðjudaginn 31. ágúst 1976 var bókað í dagbók fangelsisins við Síðumúla að Páll Arnór Pálsson, réttargæslumaður Kristjáns Viðars, hafi hringt og boðað komu sína í dag til viðtals við Kristján Viðar ef hann næði sambandi við Harald Árnason til að vera viðstaddan samtalið. Klukkan 14:55 var bókað um símtal til morðdeildar sakadóms, eins og það var orðað, um flutning á Sævari til tannlæknis, en hann hafi átt að mæta klukkan 14:00. Bókað var um svör þess efnis að fresta yrði tannlæknisheimsókninni. Klukkan 16:05 var bókað að Páll Arnór Pálsson, réttargæslumaður, og Haraldur Árnason hafi komið til viðtals við Kristján Viðar.¹¹⁶³ Bókað var klukkan 16:35 að [HV], fyrrum refsifangi á Litla-Hrauni, hafi komið með 5.000 krónur sem hann hafi viljað gefa Kristjáni Viðari fyrir sigarettum. Bókaði færsluritari um að hafa sett peningana í skáp Kristjáns. Klukkan 17:15 var bókað að Páll Arnór og Haraldur hafi komið fram af klefa Kristjáns Viðars eftir rúmlega klukkustundarlangt viðtal. Lét færsluritari þess getið með bókun á sama tíma um að hafa hringt í Örn og sagt honum að Benna ætti að koma í kvöld og ræða við Erlu í ótakmarkaðan tíma. Bókað var að Tryggvi Rúnar hafi verið færður fyrir Sigurbjörn Víði milli klukkan 17:27 og 17:58. Rannsóknargögn liggja ekki fyrir um viðtalið. Klukkan 18:10 var bókað að Erla hafi verið færð fyrir Sigurbjörn Víði og aftur á klefa sinn klukkan 18:35. Þá var bókað um komu Benu klukkan 19:25 sem hafi farið strax inn á klefa til Erlu. Klukkan 20:10 var bókað að Benna hafi farið að viðtalinu loknu. Rannsóknargögn um vitjunina liggja ekki fyrir.

¹¹⁶⁰ Bls. 1144.

¹¹⁶¹ Dagbók nr. 5, bls. 52.

¹¹⁶² Dagbók nr. 5, bls. 52b.

¹¹⁶³ Dagbók nr. 5, bls. 53b.

607. Miðvikudaginn 1. september 1976 var bókað í dagbók Síðumúlafangelsisins að Sigurbjörn Víðir og Eggert hafi farið með Sævar til tannlæknis klukkan 14:54. Klukkan 15:25 var bókað að Erla hafi verið færð fram til viðtals við Örn. Þennan dag var þinghald háð í sakadómi Reykjavíkur og tekið fyrir dómsrannsókn vegna hvarfs Geirfinns.¹¹⁶⁴ Bókað var að dómari hafi lagt fram 34 skjöl. Klukkan 15:25 var bókað um komu Erlu fyrir dóminn. Þá var þess getið með bókun í þingbók að Guðmundur Ingvi Sigurðsson, skipaður réttargæslumaður Erlu væri erlendis. Þá væri ríkissaksóknara kunnugt um þinghaldið. Haft var eftir Erlu að hún vildi taka til baka framburð sinn þess efnis að hún hafi skotið úr byssu á Geirfynn. Kvaðst hún hafa borið svo um vegna þess að hún hafi haldið að þar með væri málið leyst og hún fengi sinn dóm. Kvaðst hún ekki hafa þorað að segja sannleikann. Bókað var að Erla óskaði eftir því að tekin yrði af sér skýrsla þar sem hún kvaðst hafa nýlega skrifað rannsóknarlögreglumanni bréf þar sem sannleikurinn kæmi fram. Bókaði dómari um ákvörðun sína um að fela Sigurbirni Víði að taka skýrsluna. Úrskurður var kveðinn upp í þinghaldinu þar sem fram kom að framburður Kristjáns Viðars, Erlu og Sævar um ferð til Keflavíkur og atvik í Dráttarbrautinni í Keflavík væru sífellt á reiki. Hafi Erla nú tekið til baka framburð sinn um að hafa skotið Geirfynn. Rannsókn málsins hafi tekið mjög langan tíma og verið mjög erfið, ekki síst vegna hins reikula framburðar þeirra þriggja um málsatvik. Fram kom að augljóst væri að þau hafi enn ekki sagt sannleikann um atburðina umrætt kvöld í Dráttarbrautinni. Nauðsynlegt væri að ná samræmi í framburði þeirra þriggja þar sem ekki annað væri við að styðjast við rannsókn málsins enn sem komið væri. Var Erla úrskurðuð í 90 daga áframhaldandi gæsluvarðhald. Lýsti Erla því yfir að hún hygðist ekki kæra úrskurðinn og vék hún frá klukkan 15:40.¹¹⁶⁵ Í fangelsisdagbókina var bókað að komið hafi verið með Sævar frá tannlækni klukkan 15:45. Á sama tíma var bókað um að Örn hafi úrskurðað Erlu í 90 daga áframhaldandi gæsluvarðhald. Klukkan 16:05 var bókað að Sigurbjörn Víðir og Haraldur hafi farið með Kristján Viðar út í hraun. Bókað var um komu bróður Sævars klukkan 18:10 með sendingu til hans. Klukkan 19:10 var bókað að komið hafi verið með Kristján Viðar úr hraunferð. Rannsóknargögn liggja ekki fyrir um hraunferðina.¹¹⁶⁶ Bókað var að Erla hafi verið færð fram til yfirheyrslu hjá Sigurbirni Víði klukkan 20:40. Var yfirheyrslunni lokið klukkan 23:55 og Erla sett inn á klefa sinn.¹¹⁶⁷
608. Skýrsla um yfirheyrsluna liggur fyrir meðal rannsóknargagna, undirrituð af Erlu. Kvaðst hún mikið hafa hugsað um málið síðan tekin hafi verið af henni skýrsla 4. maí 1976. Hafi hún nú komist að því að það sem fram kæmi í þeirri skýrslu væri ekki alls kostar rétt. Lýsti Erla því yfir að dauða Geirfinns hafi borið að með öðrum hætti og vildi hún skýra frá því eftir besta minni. Lýsti hún upphafi ferðarinnar til Keflavíkur sem hafi hafist að Grýtubakka 10. Þaðan hafi hún og Sævar farið í leigubifreið að Klúbbinum. Kvaðst hún ekki muna hvað þau hafi aðhafst þar. Þaðan hafi þau farið í leigubifreið að Grettisgötu. Þar fóru þau úr bifreiðinni og lýsti Erla nákvæmlega hvaða

¹¹⁶⁴ Bls. 813_C.

¹¹⁶⁵ Bls. 1144_A–D.

¹¹⁶⁶ Dagbók nr. 5, bls. 55.

¹¹⁶⁷ Dagbók nr. 5, bls. 55b.

leið þau hafi gengið að Bergþórugötu 27 þar sem þau hafi rætt við [BPP] kunningja Sævars. Kvaðst Erla hafa beðið fyrir utan á meðan en síðar hafi þeir komið út og þau farið saman í bifreið [BPP]. Hafi þau ekið að Ásvallagötu þar sem Guðjón Skarphéðinsson hafi búið. Kvaðst Erla hafa beðið í bifreiðinni ásamt [BPP] á meðan Sævar hafi farið inn að ræða við Guðjón.¹¹⁶⁸ Þegar Sævar hafi komið inn í bifreiðina aftur hafi þau ekið um og stöðvað næst að Vatnsstíg þar sem Kristján Viðar hafi komið inn í bifreiðina. Hafi hann sest við hlið Erlu í aftursæti bifreiðarinnar, en Sævar setið í framsætinu við hliðina á [BPP] sem hafi setið undir stýri. Nokkru norðar á Vatnsstíg hafi bifreiðin verið stöðvuð og fóru Kristján Viðar og Sævar út að ræða við Guðjón sem hafi staðið þar á gangstétt. Í framhaldinu hafi verið ekið í gegnum Hafnarfjörð og til Keflavíkur. Minnti Erlu að tekið hafi verið bensín á Reykjavíkurveginum. Greindi Erla frá því að hafa heyrt á tal Sævars og [BPP] um mann sem hafi verið með stæla og búið væri að reyna að tala um fyrir en gera þyrfti það sem búið hafi verið að ákveða. Lýsti Erla því að þegar komið hafi verið í Dráttarbrautina hafi verið þar fyrir tvær bifreiðar. Kvaðst Erla nokkuð viss um að önnur þeirra hafi verið rauð fólksbifreið en hin hafi verið frambyggð sendibifreið, nokkuð stór með stóra framrúðu og drapplituð eftir því sem Erlu minnti. Lýsti Erla því hvernig [BPP] og Kristján Viðar hafi farið úr bifreiðinni og Magnús Leópolldsson hafi rekið höfuðið inn í bifreiðina og sagt Sævari að gæta hennar. Var frásögn hennar sú sama og í handriti hennar¹¹⁶⁹ dagsettu 16. ágúst 1976 sem endurritað var af Hlyni Þór fangaverði sama dag.¹¹⁷⁰ Næst greindi Erla frá því að hún hafi farið út úr bifreiðinni og séð Magnús, Sævar og Geirfinn ræða saman. Kvaðst hún hafa séð að þeir hafi ekki verið sammála. Þegar Geirfinnur hafi ætlað að fara í burtu hafi Magnús gripið í handlegg honum og Sævar gengið fyrir hann. Lýsti Erla því hvar hún hafi séð sex menn í Dráttarbrautinni. Kvaðst hún hafa kannast við einn þeirra sem bróðir sinn, Einar Bollason. Þá hafi einn þeirra verið [GBe]. Einn þeirra hafi verið samanrekinn og stór og kvaðst Erla ekki þekkja hann. Þegar átökin hafi byrjað hafi sá samanrekni gengið til Magnúsar og Sævars og byrjað að berja Geirfinn þar til hann hafi fallið á hné. Sævar hafi þá byrjað að berja Geirfinn með spýtu þar til hann hafi sigið saman. Hafi Sævar komið til sín í kjölfarið og sagt við sig að þeir væru allir þarna og hafi talið upp, Valdimar Olsen, Sigurbjörn Eiríksson, Magnús Leópolldsson, [RJ], [GBe], [JA] og Einar bróðir hennar. Hafi Sævar síðan sagt henni að fara og þá hafi hún falið sig í einhverju húsi líkt og hún hafi greint frá í fyrri skýrslum. Sagði hún það allt saman satt og rétt og sama gildi um frásögn hennar um ferð sína til Reykjavíkur daginn eftir. Kvaðst hún ekki muna eftir að hafa séð [BPP] og Kristján Viðar í Dráttarbrautinni á meðan átökunum hafi staðið. Hafi hún séð Kristján Viðar ganga í áttina að Geirfinni þegar hún hafi rætt við Sævar. Kvaðst hún ekki hafa séð Guðjón í Dráttarbrautinni. Lýsti hún því hvar hún hafi séð bát við bryggjuna. Kvaðst hún ekki muna hvernig báturinn hafi verið nema hann hafi verið eins og trilla, þó talsvert stærri og með stýrishúsi að aftan. Í lok yfirheyrslunnar kvaðst Erla vilja

¹¹⁶⁸ Bls. 1148.

¹¹⁶⁹ Málsgrein 570.

¹¹⁷⁰ Bls. 1149.

taka það fram að hún þekkti ekki Sigurbjörn Eiríksson og [JA] í sjón, en Sævar hafi sagt sér hverjir þeir væru.¹¹⁷¹

609. Fyrir liggur skýrsla, dagsett sama dag, 1. september 1976, um viðtal við [EJ] verkstjóra Geirfinns að Sigölduvirkjun. Greindi hann þar frá kynnum sínum af Geirfinni og bar honum góða sögu en sagði hann hafa verið dulann og fáskiptinn mann. Hafi hann aldrei vitað til þess að Geirfinnur hafi verið með smyglað áfengi og ekki heyrt um slíkt.¹¹⁷² Einnig liggur fyrir skýrsla um viðtal rannsóknarlögreglunnar við samstarfsmann Geirfinns að Sigölduvirkjun. Ber skýrslan engar nýjar upplýsingar með sér.¹¹⁷³
610. Þennan dag var birt frétt á forsíðu Morgunblaðsins þess efnis að þýski rannsóknarlögreglumaðurinn, doktor Kissling, sem hingað hafi komið til þess að aðstoða við rannsókn Geirfinnsmálsins hafi lokið störfum og væri farinn til Þýskalands. Haft var eftir Erni Höskuldssyni að hann kæmi aftur ef á þyrfti að halda. Aðspurður hvort einhver hreyfing hafi orðið á rannsókn Geirfinnsmálsins sagði Örn að nógu mikið væri að gera. Þá hafi Örn svarað því til að doktor Kissling hafi ekki farið með nein atriði til rannsóknar í Þýskalandi.¹¹⁷⁴
611. Fimmtudaginn 2. september 1976 var bókað í dagbók Síðumúlafangelsisins klukkan 14:45 að Sigurbjörn Víðir og Grétar Sæmundsson rannsóknarlögreglumaður hafi farið með Sævar til tannlæknis. Komu þeir til baka klukkan 17:05.¹¹⁷⁵ Klukkan 17:10 var bókað að Hilmar Ingimundarson, réttargæslumaður Tryggva Rúnars, hafi komið til að tala við skjólstaðing sinn að viðstöddum Sigurbirni Víði. Bókað var að Tryggvi Rúnar hafi strax verið færður til viðtalsins. Bókað var að Tryggvi Rúnar hafi verið færður aftur á klefa sinn klukkan 17:40.¹¹⁷⁶
612. Fyrir liggur skýrsla Ívars Hannessonar um símtal hans við [EdH] þennan dag. Bókað var að [EdH] væri mjög góð vinkona [GSig], eiginkonu Geirfinns. Fram kom að Ívar hafi borið undir hana ummæli [SiE] um sögu þess efnis að Geirfinnur hafi fundið lík við uppgröft í Sandgerðis- eða Miðnesheiði. Kvaðst [EdH] aldrei heyrt þá sögu, en hafa heyrt talað um að Geirfinnur hafi komist að einhverju um smyglhring sem talið væri búið að uppræta. Hafi hún heyrt þessa sögu í Keflavík í maí 1975 og eins fyrir norðan á Sauðárkróki. Kvaðst hún ekkert vita meira um hvaða smyglhring hafi verið um að ræða.¹¹⁷⁷
613. Þennan dag birtist frétt á forsíðu Morgunblaðsins undir fyrirsögninni: „Karl Schütz: Tel mögulegt að Geirfinnsmálið upplýsist“. Haft var eftir Schütz að hann hafi sagt líkurnar meiri ef hann hefði verið kvaddur til fyrr. Sagði hann tæknilega hlið sakamálarannsóknna hér á landi vera á eftir samtímanum og tæknideild rannsóknarlögreglunnar vera vanbúna til að takast á við meiriháttar afbrot í líkingu við

¹¹⁷¹ Bls. 1151.

¹¹⁷² Bls. 1145–1146.

¹¹⁷³ Bls. 1147.

¹¹⁷⁴ Bls. 1152.

¹¹⁷⁵ Dagbók nr. 5, bls. 56.

¹¹⁷⁶ Dagbók nr. 5, bls. 56b.

¹¹⁷⁷ Bls. 1153.

þau sem hafi rekið hvert annað undanfarið. Fram kom að Schütz vildi lítið ræða rannsókn sína á Geirfinnsmálinu þar sem það væri enn á rannsóknarstigi. Hafi hann sagt erfitt hversu langt væri liðið frá atburðunum og því lítt hægt að beita tæknilegum aðferðum við rannsókn málsins. Þær upplýsingar sem þegar lægju fyrir bæru með sér algjört misræmi í framburði þeirra sem bendlaðir væru við málið. Engu að síður teldi hann möguleika á að upplýsa málið að fullu.¹¹⁷⁸

614. Föstudaginn 3. september 1976 var bókað í dagbók fangelsisins við Síðumúla að Tryggvi Rúnar hafi verið færður fyrir Sigurbjörn Víði klukkan 13:23 og aftur á klefa sinn klukkan 13:35.¹¹⁷⁹ Rannsóknargögn um viðtalið liggja ekki fyrir. Þá var bókað að Sævar hafi beðið um lögfræðing og prest en þess getið að hann ætlaði að láta sér nægja annan hvorn. Bókað var klukkan 14:25 að Guðsteinn læknir hafi komið og talað við Kristján Viðar og Tryggva Rúnar, meðal annarra til klukkan 15:30. Klukkan 16:20 var bókað að Sigurbjörn Víðir hafi komið og sótt bréf frá Tryggva Rúnari og farið strax aftur.¹¹⁸⁰
615. Laugardaginn 4. september 1976 var bókað í dagbók Síðumúlafangelsisins klukkan 14:55 að Karl Schütz hafi farið ásamt friðu föruneysi, en síðastur hafi gengið Kristján Viðar Viðarsson, eins og það var orðað í færslunni. Bókað var klukkan 16:45 að þráskák Högna og Sævars hafi endað með sigri Högna. Hafi Högni hlotið kúlupenna að launum frá Sævari. Klukkan 17:50 var bókað að Haraldur hafi komið með Kristján Viðar. Rannsóknargögn um ferðir Kristjáns Viðars þennan dag liggja ekki fyrir.¹¹⁸¹
616. Daginn eftir var bókað í fangelsisdagbókina klukkan 13:55 að Gísli Guðjónsson, sálfræðingur, hafi komið. Klukkan 14:20 var orðrétt bókað: „Sævar Ciesielski færður fram til dýptarmælingar með leyfi viðkomandi aðila.“ Var Sævar færður á klefa sinn klukkan 16:15. Fimmtán mínútum síðar var bókað að Gísli Guðjónsson, sálfræðingur, hafi farið með alla mæla slæma á taugum, eins og það var orðað í færslunni.
617. Mánudaginn 6. september 1976 var bókað í dagbók Síðumúlafangelsisins að Haraldur hafi komið klukkan 11:20 til að ræða við Kristján Viðar. Bókað var klukkan 12:55 að Sigurbjörn Víðir og Haraldur hafi farið með Kristján til tannlæknis. Rannsóknargögn liggja ekki fyrir um viðtal Haraldar og Kristjáns Viðars. Bókað var að þeir hafi komið til baka klukkan 13:40. Klukkan 14:35 var bókað að Karl Schütz, Pétur Eggerz og Haraldur hafi farið með Kristján Viðar. Bókað var klukkan 17:50 að Sævar hafi verið færður fram til viðtals við Jón Oddsson, réttargæslumann sinn, í áheyrn Sigurbjörns Víðis til klukkan 18:40. Bókað var klukkan 18:32 að Schütz, Pétur Eggerz og Haraldur hafi komið til baka með Kristján Viðar úr ökuferð. Meðal rannsóknargagna liggur fyrir skýrsla unnin af Schütz um ökuferðina, dagsett sama dag. Þar kom fram að farið hafi verið með Kristján Viðar í fólksbifreið að Vatnsstíg til að skýra þar frá vitneskju sinni um undirbúning ferðarinnar til Keflavíkur. Bókað var að Kristján Viðar hafi greint frá því að Sævar hafi hringt til hans um fjögurleytið umræddan dag. Hafi Sævar spurt

¹¹⁷⁸ Bls. 1154–1155.

¹¹⁷⁹ Dagbók nr. 5, bls. 56b.

¹¹⁸⁰ Dagbók nr. 5, bls. 57.

¹¹⁸¹ Dagbók nr. 5, bls. 58.

hvort hann væri reiðubúinn að taka þátt í áfengismáli en heilmikinn pening væri að hafa upp úr því. Hafi [PKKP], vinur Kristjáns Viðars, verið hjá honum og hafi Kristján spurt Sævar hvort hann mætti koma með. Hafi Sævar neitað því og kvaðst Kristján Viðar þá hafa sagst ekki ætla að taka þátt. Hafi Sævar þá svarað orðrétt: „Ég hringi enn einu sinni í þig, hugsaðu um það.“ Greindi Kristján Viðar frá því að [PKKP] hafi hvatt sig til að taka þátt þar sem þetta gæfi af sér peninga. Um klukkan 20:00 hafi Sævar hringt í annað sinn og [PKKP] svarað símanum en rétt Kristjáni tólið. Hafi Sævar þá spurt hvort hann kæmi með og þegar hann hafi játað því hafi Sævar sagt honum að koma strax. Kristján Viðar sagði Sævar hafa komið á fólksbifreið og beðið sín á Vatnsstígnum. Hinum megin götunnar hafi staðið sendiferðabifreið þeirrar gerðar sem hann hafi bent á 4. september 1976. Hafi bifreiðin verið skemmd að aftan, mögulega af skothöggi. Kvaðst Kristján hafa litið inn í vörugymslu bifreiðarinnar og þar hafi verið nokkrir menn sem hann hafi ekki þekkt. Hafi einn þeirra lagt sig fram um að fela sig fyrir honum.¹¹⁸² Bókað var í skýrsluna að Kristjáni hafi þótt maðurinn líkjast manni að nafni [GuBi] sem hafi verið með honum á togaranum Von í nóvember eða desember 1971. Hafi sendibifreiðin ekið á undan áleiðis til Keflavíkur. Hafi Kristján farið í bifreið með Sævari, Erlu og ókunnugum öikumanni. Kristján Viðar kvaðst ekki þekkja Magnús Leópoldsson og gæti því ekki sagt að hann hafi ekið bifreiðinni, en fullyrti að ökumaðurinn hafi litið út eins og útlendingur. Aðspurður um tegund bifreiðarinnar kvaðst Kristján Viðar ekki hafa þekkt tegundina, en stærð bifreiðarinnar hafi verið svipuð og Ford Cortina. Þá sagðist hann muna vel að bifreiðin hafi verið rauð á litinn. Bifreiðin hafi ekki haft lóðréttan hraðamæli. Bókað var í skýrsluna að Kristján Viðar hafi sagst muna nú vel eftir því, eftir að hafa hugsað um það vel síðastliðna nótt, að Sævar hafi stöðvað bifreiðina í Keflavík fyrir framan kaffihús, sem væri frekar nokkurs konar veitingastofa. Hafi Sævar beðið hann um að hringja í ókunnugan mann úr þessari kaffistofu. Hafi Sævar sagt sér númerið en hann ekki getað munað það. Hafi Sævar þá skrifað númerið á miða. Kristján Viðar sagði Sævar líka hafa sagt sér nafnið á manningnum, sem hafi verið erfitt og óvenjulegt. Orðrétt sagði í skýrslunni: „Þegar hann hugsar sig betur um, þá gæti verið, að nafnið hafi verið Geirfinnur.“ Hafi Sævar sagt sér að segja aðeins nokkur ákveðin orð og þá myndi maðurinn skilja það undir eins. Að því loknu ætti hann að leggja strax á. Kvaðst Kristján Viðar hafa farið inn á kaffihúsið og spurt konu sem þar hafi verið hvort að slíkt nafn væri til. Hann hafi hringt og sagt það sem honum hafi verið skipað að segja, en hann myndi ekki lengur hvað það hafi verið. Kristján sagðist ekki muna hvað maðurinn hafi sagt við sig. Þá myndi hann ekki lengur hvort hann hafi greitt fyrir símtalið, en það gæti hafa verið.¹¹⁸³ Jafnframt kvaðst Kristján vera búinn að gleyma símanúmerinu og ekki vita hvað hafi orðið um miðann sem Sævar hafi látið hann fá. Kristján sagðist hafa selt leðurjakkann sem hann hafi verið í við þetta tækifæri. Ættingi hans sem hafi setið inni um þetta leyti hafi fengið buxurnar sem hann hafi verið í umrætt kvöld. Um atburðina í Dráttarbrautinni í Keflavík sagðist Kristján Viðar vera þeirrar skoðunar að trilla hafi verið staðsett smáspöl frá hafnarbakkanum. Hann,

¹¹⁸² Bls. 1165.

¹¹⁸³ Bls. 1166.

Sævar og ókunnugi ökumaðurinn hafi farið út úr bifreiðinni, en Erla orðið eftir fyrir beiðni Sævars. Þá hafi komið til þeirra maður sem hafi litið út eins og útlendingur. Hafi það verið sami maður og hann hafi séð við sendiferðabifreiðina í Reykjavík. Sá hafi spurt þá hvort þeir væru sjómenn og kvaðst Kristján Viðar hafa játað því en Sævar hafi þagað. Hafi Kristján Viðar skilið spurninguna þannig að hann ætti að fara á trilluna. Á sama tíma hafi komið að lítill maður með breiðar axlir í gulri sjómannaúlpu eða -kápu og blandað sér í málin. Lýsti Kristján Viðar hvar hann, Sævar, útlendingurinn og sá með breiðu axlirnar hafi staðið við efri endann á hafnarbakkanum. Maðurinn með breiðu axlirnar hafi þá sagt að komið væri nóg af sjómönnum, ef til vill of margir. Kvaðst Kristján Viðar ekki muna hvort Sævar hafi farið um borð, en sér hafi verið skipað að bíða uppfrá þar til hans yrði þörf. Kristján Viðar sagðist hafa staðið upp við hliðina á skipi. Hann hafi ekki tekið eftir bardaga í Dráttarbrautinni, en taldi mögulegt að hann hafi átt sér stað á bak við skipið sem hann hafi staðið upp við. Aðspurður hvort hann hafi ekki heyrt neitt slíkt eiga sér stað, hafi hann svarað því til að hann hafi farið upp eftir til að leita að Sævari. Þegar hann hafi komið til baka hafi hann séð mann liggja á jörðinni. Þrír menn, klæddir eins og sjómenn, hafi staðið bognir hjá. Þrír aðrir sjómenn hafi komið hlaupandi upp frá hafnarbakkanum. Kvaðst Kristján Viðar hafa spurt hvað væri um að vera og hafi þá einn svarað því til að honum kæmi það ekki við. Aðspurður um hvert hafi verið farið með manninn kvaðst Kristján Viðar ekki geta svarað því. Bókað var í skýrsluna að þegar spurt hafi verið um þetta atriði hafi Kristján ekki einungis verið taugaóstyrkur heldur líka dálítið árásargjarn og gripinn undarlegum æsingi, eins og það var orðað. Bókað var að Kristján Viðar hafi verið minntur á fyrri framburð sinn um að maður í plastumbúðum hafi verið lagður í sendiferðabifreiðina. Kvaðst Kristján hafa sagt það í kjölfar þess að menn með barefli hafi komið inn í klefann til sín. Aðspurður kvað hann mennina hafa verið fangaverði. Þeir hafi ekki slegið hann en viljað umfram allt fá út úr honum að hann hlyti að þekkja Magnús Leópolðsson þar sem hann hafi verið svo oft í Klúbbinum. Kristján Viðar sagðist hafa farið aftur með sömu fólksbifreið til Reykjavíkur. Hafi þeir sömu verið í bifreiðinni, en þó hafi Erla ekki verið með. Kvaðst Kristján Viðar hafa verið mjög reiður við Sævar þar sem hann hafi ekki fengið neina peninga fyrir þetta allt saman og viljað gera út um málin við Sævar á heimleiðinni. Hafi hann skuldað Sævari 60.000 krónur og talið sig nú hafa greitt skuldina. Greindi Kristján frá því að honum hafi verið ekið að leigubifreið í Reykjavík þar sem hann hafi haldið heimferðinni áfram.¹¹⁸⁴ Í niðurlagi skýrslunnar var bókað að framangreindar útskýringar Kristjáns Viðar hafi verið árangur mjög langs og tregs samtals, eins og það var orðað. Hann hafi svarað mörgum spurningum, sem ekki var getið í skýrslunni, þannig að hann myndi ekki meira. Kristján Viðar hafi sagst hafa gert sér far um að segja sannleikann, en á mörgum sviðum vissi hann hreinlega engin smáatriði lengur.¹¹⁸⁵

¹¹⁸⁴ Bls. 1168.

¹¹⁸⁵ Bls. 1169.

618. Bókað var í dagbók fangelsisins þennan dag, 6. september 1976, klukkan 18:32, að Schütz hafi talað stutta stund við Sævar en farið síðan. Bókað var að Sævar hafi verið færður á klefa sinn klukkan 18:40.¹¹⁸⁶ Rannsóknargögn um samtalið liggja ekki fyrir.
619. Þennan dag tók Ívar Hannesson skýrslu af [SSM], þjóni, um kynni hans af Geirfinni.¹¹⁸⁷ Ber skýrslan engar nýjar upplýsingar með sér.
620. Með bréfi dagsettu 6. september 1976 ritaði Finnur Torfi Stefánsson héraðsdómslögmaður dómsmálaráðuneytinu bréf fyrir hönd skjólstæðings síns [GK] sem sat í gæsluvarðhaldi í Síðumúlafangelsinu. Í bréfinu kom fram að strax í upphafi gæsluvarðhalds hefði skjólstæðingurinn óskað eftir reglum fangelsisins til að fara eftir en verið tjáð að þær væru engar en starfsmenn þess sett sér húsreglur. Til orðahnippinga hafi svo komið milli hans og fangavarða 24. ágúst 1976, sem hafi endað á þann máta að hann var járnaður í bak og fyrir og svo þjarmað að honum þannig að hann hafi hljóðað. Fangaverðir hafi ekki látið af þeim verkum fyrr en fangar í aðliggjandi klefum hafi mótmælt þar sem þeir gætu ekki sofið fyrir sársaukaópum hans. Meðal annars af þessari ástæðu krafðist lögmaðurinn þess að ráðuneytið myndi sjá til þess að aðbúnaður hans yrði bættur og rannsókn látin fara fram og þeim refsað sem ábyrgð bæru.¹¹⁸⁸
621. Þriðjudaginn 7. september 1976 var bókað í dagbók Síðumúlafangelsisins að Jón Bjarman hafi hringt vegna Sævars og sagst hafa leyfi Arnar til að heimsækja hann. Bókað var að heimsóknin hafi verið að beiðni móður Sævars. Bókað var klukkan 13:35 að Haraldur og Rúnar hafi farið með Kristján Viðar til lækni og síðan í bíltúr, eins og það var orðað. Bókað var klukkan 13:45 að Sævar hafi verið tekinn fram til viðtals við Örn, Eggert og Jón Oddsson, réttargæslumann sinn.¹¹⁸⁹ Fyrir liggur að dómþing var sett í sakadómi Reykjavíkur þennan dag og tekið fyrir rannsókn vegna hvarfs Guðmundar. Bókað var að dómari hafi lagt fram niðurstöður geðrannsóknna á Kristjáni Viðari og Tryggva Rúnari auk annarra skjala. Jón Oddsson, réttargæslumaður Sævars, var bókaður mættur.¹¹⁹⁰ Var kveðinn upp úrskurður á dómþinginu þar sem fram kom að rannsókn málsins væri ekki lokið. Enn væri óljóst hvort Guðmundur hafi látið lífið vegna átaka eða hvort hann hafi verið stunginn með hnífi. Þá sagði að dómnum hafi borist niðurstöður geðrannsóknar á Kristjáni Viðari og Tryggva Rúnari, en geðrannsókn á Sævari væri enn ólokið.¹¹⁹¹ Var Sævar úrskurðaður í áframhaldandi 90 daga gæsluvarðhald. Bókað var að Sævar hafi komið fyrir dóminn klukkan 13:50 og úrskurðarorðið hafi verið lesið í heyranda hljóði. Loks var bókað um að Sævar myndi hafa samráð við réttargæslumann sinn um kæru á úrskurðinum til Hæstaréttar Íslands. Vék Sævar frá klukkan 14:00.¹¹⁹² Klukkan 13:53 var bókað í fangelsisdagbókina að Sævar hafi verið úrskurðaður í áframhaldandi 90 daga gæsluvarðhald. Bókað var klukkan 17:30 að Sævar hafi verið færður fram til

¹¹⁸⁶ Dagbók nr. 5, bls. 60.

¹¹⁸⁷ Bls. 1164.

¹¹⁸⁸ Bls. 1173_A.

¹¹⁸⁹ Dagbók nr. 5, bls. 60.

¹¹⁹⁰ Bls. 278.

¹¹⁹¹ Bls. 279.

¹¹⁹² Bls. 280.

viðtals við Jón Oddsson, réttargæslumann sinn, og Sigurbjörn Víði. Bókað var um komu Páls Arnórs Pálssonar, réttargæslumanns Kristjáns Viðars, klukkan 18:00. Sex mínútum seinna komu Haraldur og Rúnar með Kristján Viðar úr ökuferðinni. Var hann samstundis færður á klefa sinn til viðtals við réttargæslumann sinn, í áheyrn Haraldar til klukkan 19:20.¹¹⁹³

622. Fyrir liggur skýrsla, dagsett sama dag, um ökuferð Kristjáns Viðars til Keflavíkur. Var tilefni ferðarinnar bókað sem framburður Kristjáns Viðars um að hafa hringt í einhvern aðila sem hann ekki þekkti, þegar hann, Sævar, Erla og óþekktur ökumaður komu til Keflavíkur að kvöldi 19. nóvember 1974. Fram kom í upphafi skýrslunnar að Kristján Viðar hafi talið sig hafa fengið afnot af síma í kaffiveitingastofu í Keflavík sem hafi verið í sérstæðu húsi. Hafi Kristján sagt að inni í veitingastofunni, sem hann hafi álitid að hafi verið gerð fyrir verkafólk, hafi verið afgreiðsluborð líkt og í verslun ásamt veitingasal. Þá sagði hann afgreiðslustúlkuna hafa verið í bláum vinnuslopp, en þó kynni liturinn að hafa verið annar. Bókað var í skýrsluna að ekið hafi verið eftir leiðsögn Kristjáns Viðars þar til komið hafi verið að húsi Kaupfélags Suðurnesja. Hafi Kristján Viðar sagst kannast við sig þar. Var þess getið í skýrslunni að við það hús hafi bifreið Geirfinns fundist og væri Hafnarbúðin þar örskammt frá. Næst hafi verið ekið að Hafnarbúðinni þar sem farið hafi verið inn. Bókað var að Kristján hafi sagt að allir staðhættir kæmu sér kunnuglega fyrir sjónir og hafi hann álitid Hafnarbúðina vera staðinn þar sem hann hafi fengið afnot af síma umrætt kvöld. Enda hefði hann ekki komið til Keflavíkur nema tvisvar áður en ferðin að kvöldi 19. nóvember 1974 hafi verið farin. Bókað var að þeir hafi dvalið um stund í Hafnarbúðinni og hafi Kristján Viðar þá greint lögreglumönnum frá umræddu símtali. Var framburður hans í samræmi við það sem hann hafði greint frá í ökuferðinni daginn áður. Bókað var að Kristján myndi ekki hvort Sævar eða ókunnugi ökumaðurinn hafi skrifað miðann með nafninu og símanúmerinu.¹¹⁹⁴ Kvaðst hann telja að það hafi verið ökumaðurinn. Hafi honum verið sagt að hringja í númerið og segja ákveðna setningu eða orð við manninn og leggja síðan á, en maðurinn myndi skilja við hvað væri átt. Kristján sagðist hafa gert þetta og einnig hafa átt einhver orðaskipti við afgreiðslustúlku í Hafnarbúðinni. Bókað var að Kristján hafi talið sig minnst þess að barn hafi svarað í símann þegar hann hafi spurt eftir manninum. Hafi barnið þá kallað: „Pabbi, pabbi“ og þá hafi rétti aðilinn komið í símann. Taldi hann að Hafnarbúðin hafi verið sá staður sem hann hafi hringt úr.¹¹⁹⁵
623. Bókað var í fangelsisdagbókina þennan dag, 7. september 1976, að Sævar hafi verið færður á klefa sinn að loknu viðtali klukkan 20:15, en engin rannsóknargögn liggja fyrir um viðtalið. Bókað var að Sævar hafi sagst ekki ætla að neyta fæðu fyrr en hann fengi blekpenna, sæng, pappír og lak. Þá var þess getið að um klukkan 21:00 hafi silfurpappír innan úr sígarettupakka fundist inni á salerni, bakvið rakvélastatíf. Hafi bréfmiðinn verið undirritaður „S.M.C.“ og stílaður á óþekktan aðila. Hafi miðinn verið rétt læsilegur þar sem krotað hafi verið ofan í silfurpappírinn með hörðum hlut. Var

¹¹⁹³ Dagbók nr. 5, bls. 60.

¹¹⁹⁴ Bls. 1174.

¹¹⁹⁵ Bls. 1175.

bókað að Sævar hafi ekki komið inn á salernið síðan fyrir vaktaskipti. Bókað var að Haraldur hafi komið klukkan 20:55 til að skoða sendingu til Kristjáns Viðars sem láðst hafi að skoða fyrr um daginn.¹¹⁹⁶

624. Miðvikudaginn 8. september 1976 var bókað í dagbók fangelsisins við Síðumúla að Jón Oddsson, réttargæslumaður Sævars, hafi hringt klukkan 09:25 og beðið fyrir þau skilaboð til Sævars að hann vildi ekki kæra gæsluvarðhaldsúrskurðinn yfir honum sem kveðinn hafi verið upp daginn áður.¹¹⁹⁷ Bókað var klukkan 14:38 að Sigurbjörn Víðir hafi tekið bréfið, merkt Sævari, sem getið hafi verið um í færslu kvöldið áður. Klukkan 16:20 var bókað að Jón Oddsson, réttargæslumaður Sævars, hafi hringt og spurt hvernig skjólstæðingur sinn hafi tekið því að hann hafi ekki kært úrskurðinn. Bókaði færsluritari um að hafa sagt Jóni að Sævar hafi tekið því vel.
625. Fimmtudaginn 9. september 1976 var bókað í fangelsisdagbókina að séra Jón Bjarman hafi hringt og boðað heimsókn sína til Sævars klukkan 16:00.¹¹⁹⁸ Klukkan 16:10 var bókað að séra Jón Bjarman hafi farið inn á klefa til Sævars til viðtals við hann. Bókað var að hann hafi komið fram klukkan 17:15. Bókað var klukkan 20:15 að [ÁI] hafi verið tekinn fram til tals við Gísla Guðjónsson, rannsóknarlögreglumann. Lauk viðtalinu klukkan 22:40. Bókað var að Gísli Guðjónsson hafi farið inn á klefa til Sævars. Klukkan 23:00 var bókað að Gísli Guðjónsson hafi farið.¹¹⁹⁹ Rannsóknargögn um vitjunina liggja ekki fyrir.
626. Fyrir liggur skýrsla, dagsett sama dag, um ferð Ívars Hannessonar, Karls Schütz og Péturs Eggerz til Keflavíkur til viðtals við [GSig], eiginkonu Geirfinns. Bókað var að Schütz hafi spurt [GSig] sérstaklega út í það hvort hringt hafi verið í Geirfynn eftir að hann kom heim frá vinnu 19. nóvember 1974. Greindi [GSig] frá því að hún teldi það nær öruggt að Geirfynnur hafi svarað í símann um klukkan 19:30. Hafi hún ekki heyrt neitt af samtalinu. Á sama tíma hafi hún verið í eldhúsinu að tína af borðinu og búa sig undir uppvask. Kvaðst [GSig] aldrei hafa verið spurð út í þetta atriði fyrr en nú. Bókað var í sömu skýrslu að Schütz hafi rætt við son Geirfinns.¹²⁰⁰ Ber skýrslan engar frekari nýjar upplýsingar með sér.
627. Í sömu ferð ræddu þeir Ívar og Schütz við [GKJ], fyrrverandi afgreiðslustúlku í Hafnarbúðinni. Fyrir liggur skýrsla, dagsett 9. september 1976, um viðtalið þar sem bókað var að Schütz hafi sérstaklega spurt um símtalið úr Hafnarbúðinni 19. nóvember 1974. Kvaðst [GKJ] muna örugglega að rigning hafi verið umræddan dag og mikið hafi verið að gera við afgreiðslu á mat. Myndi hún að á þessum tíma hafi margir komið inn í Hafnarbúðina og fengið lánaðan síma, en það hafi allt verið sjómenn og hafi hún þekkt þá alla. [GKJ] kvaðst muna eftir konu sem hafi komið um klukkan 19:00 með ungan son sinn með sér. Hún hafi keypt franskar kartöflur og tekið með sér í poka. Kvaðst [GKJ] síðar hafa heyrt að umrædd kona hafi séð ókunnugan mann í sendiferðabifreið þarna utan við Hafnarbúðina. Greindi [GKJ] frá því þegar ókunnugur

¹¹⁹⁶ Dagbók nr. 5, bls. 61.

¹¹⁹⁷ Dagbók nr. 5, bls. 61.

¹¹⁹⁸ Dagbók nr. 5, bls. 62.

¹¹⁹⁹ Dagbók nr. 5, bls. 63.

¹²⁰⁰ Bls. 1176–1177.

maður hafi komið og fengið að hringja. Var framburður hennar í samræmi við það sem hún hafði áður borið um. Kvaðst [GKJ] minnst þess að hafa spurt manninn hvort eitthvað væri fyrir hann og þá hafi hann svarað því til að hann ætlaði ekkert að versla. Hélt hún að maðurinn hafi farið út strax eftir að símtalinu hafi lokið.¹²⁰¹ [GKJ] sagðist ekki muna útlit mannsins nú, en hafa álitnið að hann hafi verið utanbæjarmaður þar sem hann hafi greitt 20 krónur fyrir símtalið til samræmis við það sem símtal kostar í Reykjavík, en símtalið hafi kostað 15 krónur í Hafnarbúðinni. Kvaðst [GKJ] hafa tekið eftir því að hár mannsins hafi verið blautt. Hún myndi vel eftir því þegar Geirfinnur hafi komið, enda hefði verið lítið að gera og hún þekkt hann vel. Kvaðst [GKJ] hafa verið í bláum vinnusloppi við afgreiðslu í Hafnarbúðinni þennan dag.¹²⁰²

628. Einnig liggur fyrir skýrsla, dagsett sama dag, um viðtal Ívars og Schütz við [ÁEG], vitni úr Hafnarbúðinni. Kvaðst hún muna að rigning hafi verið úti umrætt kvöld.¹²⁰³ Ber skýrslan engar nýjar upplýsingar með sér að öðru leyti.
629. Þennan sama dag, 9. september 1976, mætti til yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglunni [PKKÞ]. Bókað var að hann hafi verið sérstaklega beðinn um að rifja upp þegar hringt hafi verið til Kristjáns Viðars 19. nóvember 1974. Var þess getið að vitnið hafi áður verið kallað til skýrslugjafar. Bókað var eftir [PKKÞ] að hann og Kristján Viðar væru góðir kunningjar og hafi verið búnir að vera lengi á Laugavegi 32 um haustið 1974. Kvað hann þá alltaf hafa verið undir áhrifum lyfja og áfengis. Í framhaldinu skýrði hann frá því að milli klukkan 20:30 til 21:00 hafi dyrabjallan hringt og Kristján Viðar farið til dyra. Hafi Sævar verið búinn að hringja til hans fyrr um daginn og ræða um ferð þar sem væri peningavon og spíri. Minnti [PKKÞ] að Kristján Viðar hafi komið aðeins upp og farið svo aftur með þeim sem hafi hringt. Kvaðst hann hafa orðið forvitinn og farið að glugga á stafni hússins og horft á eftir Kristjáni þar sem hann hafi verið að ganga að bifreið sem hafi staðið á Vatnsstígnum. Fullyrti vitnið að Kristján hafi verið í leðurjakka. Hafi hann átt tvo á þessum tíma, svartan og dökkbrúnan. [PKKÞ] kvaðst ekki geta sagt til um það með vissu hvernig maðurinn sem hafi verið með Kristjáni Viðari hafi litið út því hann hafi ekki séð hann fyrr en hann hafi farið inn í bifreiðina. Hafi honum virst sem maðurinn hafi verið frekar hár. Bifreiðin hafi verið rauðbrún fólksbifreið, lík þeirri sem kunningi sinn ætti sem væri af gerðinni Mercedes Benz. Hafi hann farið úr glugganum og ekki athugað þetta frekar. Þá kvaðst hann ekki muna eftir að hafa séð fleira fólk þarna á gangstéttinni við Vatnsstíginn eða við bifreiðina.¹²⁰⁴ Greindi [PKKÞ] frá því að Kristján Viðar hafi komið heim einhvern tímum um nóttina og þá hafi hann vaknað og spurt Kristján að því hvort hann hafi fengið peninga, en þeir hafi verið alveg blankir. Hafi Kristján þá sagt að hann hafi enga peninga fengið. Kvaðst vitnið halda að [HBI] sem hafi einnig sofð í herberginu hafi vaknað við Kristján. Greindi vitnið frá því að sér hafi fundist Kristján Viðar hafa eftir þetta verið eitthvað leiður og meira inn í sjálfan sig. Þá hafi honum fundist hann auka pilluátið og vilja vera sem mest í vímu. Sagði hann þá ekki hafa rætt þetta

¹²⁰¹ Bls. 1181.

¹²⁰² Bls. 1182.

¹²⁰³ Bls. 1183.

¹²⁰⁴ Bls. 1178.

ferðalag frekar. [PKKÞ] kvaðst löngu seinna hafa rætt þetta við [HBI] og hafi hún þá fullyrt um að þetta hafi verið 19. nóvember sem Kristján Viðar hafi farið í þetta ferðalag. Sjálfur gæti hann alls ekki munað hvenær um haustið þetta hafi verið. Í lok skýrslunnar greindi [PKKÞ] frá því að daginn sem Sævar hafi hringt í Kristján Viðar og hann hafi svarað í símann hélt hann að Kristján hafi talað um að eiga von á manni þarna á Laugaveginum um klukkan hálfnúu eða níu um kvöldið. Orðrétt var bókað eftir [PKKÞ]: „Þegar ég hugsa betur um þetta man ég að Kristján var orðinn óþolinmóður um kvöldið og farinn að tala um hvort þeir ætluðu ekki að fara að koma. Hann var eitthvað að tala um að það ætti að fara þessa ferð í Hafnarfjörð.“¹²⁰⁵

630. Meðal rannsóknargagna liggur fyrir ódagsett skýrsla rannsóknarnefndar Reykjavíkur um bíla. Þar kemur fram að athugun hafi verið gerð í spjaldskráum bifreiðaeftirlitsins í kjölfar framburðar [PKKÞ] um rauða Mercedes Benz fólksbifreið á Vatnsstíg að kvöldi 19. nóvember 1974. Haft var uppi á tveimur slíkum bifreiðum og var önnur þeirra með ljósbrúnum leðursætum og lóðréttum hraðamæli.¹²⁰⁶
631. Föstudaginn 10. september 1976 var bókað í dagbók Síðumúlafangelsisins að Guðsteinn læknir hafi komið klukkan 13:30 og rætt við Sævar meðal annarra. Fimm mínútum síðar var bókað um samtalið við starfskonu Félagsmálastofnunar vegna tóbaks fyrir Sævar. Klukkan 16:55 var bókað að Tryggvi Rúnar hafi verið færður fyrir Sigurbjörn Víði. Bókað var að Tryggvi hafi verið færður á klefa sinn klukkan 17:23. Rannsóknargögn um viðtalið liggja ekki fyrir. Í lok dags var bókuð athugasemd í fangelsisdagbókina þess efnis að breyting hafi orðið á högum Sævars þann dag og fengi hann að hafa tóbakið og eldfærin inni á klefa sínum. Þá væri meiningin að hann fengi að fara út í 15 mínútur á dag. Var þess getið að samráð hafi verið haft við Örn.¹²⁰⁷
632. Daginn eftir var bókað í fangelsisdagbókina að Kristján Viðar hafi verið færður fyrir Schütz og Pétur Eggerz klukkan 13:57. Var Kristján Viðar færður á klefa sinn klukkan 15:05. Tíu mínútum síðar var Erla tekin fram til viðtals en færð aftur á klefa klukkan 16:37.¹²⁰⁸ Rannsóknargögn um þessi viðtöl liggja ekki fyrir.
633. Sunnudaginn 12. september 1976 var bókað í dagbók fangelsisins við Síðumúla klukkan 16:55 að Erla hafi verið færð fyrir Schütz og Pétur Eggerz í hornið. Hafi Sigurbjörn Víðir komið til baka klukkan 17:07 og farið rակleitt í hornið, eins og það var orðað. Klukkan 17:20 var bókað að Schütz, Sigurbjörn Víðir og Pétur Eggerz hafi farið með Erlu. Kom Sigurbjörn Víðir með Erlu aftur í fangelsið klukkan 19:45. Rannsóknargögn liggja ekki fyrir um ferðina.¹²⁰⁹
634. Daginn eftir, 13. september 1976, var bókað í dagbók Síðumúlafangelsisins að Schütz, Pétur Eggerz og Sigurbjörn Víðir hafi tekið Erlu til viðtals klukkan 12:05. Klukkan 12:50 var bókað að Haraldur og Rúnar hafi flutt Kristján Viðar til tannlæknis og fleira,

¹²⁰⁵ Bls. 1179.

¹²⁰⁶ Bls. 1180.

¹²⁰⁷ Dagbók nr. 5, bls. 63b.

¹²⁰⁸ Dagbók nr. 5, bls. 64.

¹²⁰⁹ Dagbók nr. 5, bls. 64b.

eins og það var orðað. Bókað var að Erla hafi verið sett inn á klefa sinn klukkan 13:15. Rannsóknargögn liggja ekki fyrir um viðtalið. Bókað var klukkan 17:05 að Haraldur og Rúnar hafi komið til baka með Kristján Viðar. Klukkan 19:35 var bókað að Páll Arnór Pálsson, réttargæslumaður Kristjáns Viðars, hafi hringt og boðað komu sína til viðtals við Kristján Viðar ef leyfi fengist. Á sama tíma bókaði færsluritari athugasemd þess efnis að Eggert Bjarnason hafi veitt Gísla Guðjónssyni, rannsóknarlögreglumanni og sálfræðingi, leyfi til að taka viðtal við Sævar.¹²¹⁰

635. Þriðjudaginn 14. september 1976 var bókað í dagbók fangelsisins við Síðumúla klukkan 13:00 að tekið hafi verið sjónvarpsviðtal við Karl Schütz og Pétur Eggerz fyrir utan fangelsið. Bókað var að Haraldur hafi flutt Kristján Viðar til læknis. Klukkan 13:15 var bókað að pöntuð hafi verið lyf hjá Guðsteini lækni, Librax. Klukkan 14:20 var bókað að Haraldur hafi komið til baka með Kristján Viðar frá háls-, nef- og eyrnalækni. Að gefnu tilefni bókaði færsluritari um að rannsóknarlögreglumenn ræddu sín á milli á lægri nótnum er þeir væru inni á göngunum.¹²¹¹ Klukkan 17:45 var bókað um komu bróður Sævars með sendingu til hans. Klukkan 19:55 var bókað að Jónas Bjarnason, rannsóknarlögreglumaður, hafi sótt Sævar og farið með hann í lygamælipróf. Bókað var að Páll Arnór Pálsson, réttargæslumaður Kristjáns Viðars, hafi komið klukkan 20:30 og rætt við annan skjólstaðing sem vistaður hafi verið í Síðumúlafangelsinu til klukkan 21:10. Bókað var klukkan 21:20 að Jónas og Rúnar, rannsóknarlögreglumenn, hafi komið með Sævar úr lygamæliprófi.¹²¹²
636. Fyrir liggur skýrsla, dagsett sama dag, um viðtal við [SjT], nána vinkonu [GSig], eiginkonu Geirfinns. Var tilefni viðtalsins bókað sem orð og athafnir [GSig] daginn sem Geirfinnur hafi horfið og dagana þar á eftir. Greindi [SjT] frá því að um klukkan 20:00 umrætt kvöld hafi [GSig] komið til hennar ásamt syni sínum. Hafi hún verið að koma af bókasafninu. [SjT] kvaðst ekki muna hvað [GSig] hafi dvalið lengi en taldi hana hafa farið um klukkan 22:00. Hafi þær horft á sjónvarpið og taldi [SjT] að þær hafi verið að horfa á ítalskan framhaldsmyndaflokk um listamanninn Leonardo da Vinci. Þennan dag hafi hún verið til vinnu í Hafnarbúðinni og kvaðst ekki muna eftir neinu sérstöku öðru en því að um morguninn, milli klukkan 08:30 og 09:00 hafi komið þrír eða fjórir vinnuklæddir menn sem hún taldi sig ekki hafa séð áður.¹²¹³ Greindi [SjT] lögreglunni frá því að á þessu tímabili hafi oft komið í Hafnarbúðina útlendingslegur maður sem talað hafi íslensku með erlendum hreim. Hafi hann verið laglegur, meðalmaður á hæð, dökkur yfirlitum og sennilega sólbrenndur. Maðurinn hafi verið klæddur í bláan mittisjakka með breiðum skinnkraga. Kvaðst hún muna sérstaklega eftir maninum því hann hafi sagt henni að hann hafi verið rekinn frá Bandaríkjunum vegna vopnaðs ráns og hassreykinga. [SjT] sagði [GSig] hafa verið á allan hátt eðlileg umrætt kvöld. Morguninn eftir hafi hún hringt til [SjT] og beðið hana um að koma því Geirfinnur hafi ekki skilað sér heim um nóttina. Hafi það aldrei

¹²¹⁰ Dagbók nr. 5, bls. 66.

¹²¹¹ Dagbók nr. 5, bls. 66b.

¹²¹² Dagbók nr. 5, bls. 67.

¹²¹³ Bls. 1148.

komið fyrir áður. Fór [SjT] að heimili þeirra og hafi þá [GSig] gengið um gólf og virst í miklu uppnámi. Hafi þær ákveðið að hafa samband við [EBSk], vinnuveitanda Geirfinns í stað þess að leita til lögreglunnar strax.¹²¹⁴ Hafi þær ekki náð í hann fyrr en síðari hluta dagsins og hafi [EBSk] tilkynnt hvarf Geirfinns til lögreglunnar. Bókað var í skýrsluna að [SjT] hafi verið innt mjög náíð eftir upplýsingum um samband [GSig] og [VSH].¹²¹⁵ Að öðru leyti ber skýrslan engar nýjar upplýsingar með sér.

637. Þennan dag var tekin skýrsla af [TBK], refsifanga á Kvíabryggju. Tilefni yfirheyrslunnar var hugsanlegur kunningssskapur hans við Geirfynn eða hugsanleg vitneskja um hvarf hans. [TBK] kvaðst hafa kynnst Geirfinni skömmu fyrir hvarf hans. Hafi Geirfynnur komið til hans um nótt eftir dansleik og boðið sér spíritus til kaups. Kvaðst [TBK] telja að Geirfynnur hafi verið að koma af dansleik. Hafi Geirfynnur haft orð á því að honum væri kunnugt um að [TBK] stæði í sölu og dreifingu á fíkniefnum og lyfjum og vissi að honum væri treystandi. Hafi Geirfynnur boðið honum spíritus til sölu og skilið eftir símanúmerið sitt.¹²¹⁶ Kvaðst [TBK] hafa ritað númerið á miða, en teldi öruggt að hann væri búinn að glata honum. Sagðist hann hafa það fyrir reglu að skrifa alltaf símanúmer aftur á bak svo aðrir gætu ekki áttað sig á þeim. Kvaðst hann viss um að símanúmerið hafi verið heima hjá Geirfinni, en ekki á vinnustað hans. Hafi þeir komist að samkomulagi um að þegar hann hringdi í Geirfynn til þess að fá spíritus þá myndi Geirfynnur ákveða afhendingarstaðinn sem hafi síðan alltaf reynst vera við Hafnarbúðina í Keflavík milli klukkan 21:00 og 21:30. Hafi Geirfynnur sagt honum að spírinn væri í tveggja til þriggja lítra brúsum og hver brúsi kostaði 5.000 krónur. Greindi vitnið frá því að hafa þrívægis keypt spíra af Geirfinni og hafi afhendingin farið fram við Hafnarbúðina á framangreindum tíma. Kvaðst hann síðast hafa keypt spíritus af Geirfinnu um hálfum mánuði fyrir hvarf hans. Sagði [TBK] að Geirfynnur hafi alltaf komið fótgangandi að Hafnarbúðinni og með spírabrúsann í plastpoka. Kvaðst hann ekki vita hvaðan Geirfynnur hafi fengið spírann, en hafa talið hann koma af Keflavíkurflugvelli.¹²¹⁷ Um afdrif Geirfinns kvaðst vitnið ekkert vita um nema af sögusögnum og kvaðst ekki reiðubúinn að tjá sig um þær að sinni. Þá kvaðst hann þekkja Erlu og Sævar í sjón, en hafa rætt við Tryggva Rúnar.¹²¹⁸
638. Miðvikudaginn 15. september 1976 var bókað í dagbók fangelsisins við Síðumúla klukkan 19:30 að Sigurbjörn Víðir hafi farið með Erlu í Hegningarhúsið til vetursetu þar, eins og það var orðað.¹²¹⁹ Bókað var klukkan 20:15 að Sigurbjörn Víðir hafi fyrir hönd Hegningarhússins fengið tvö stykki Polaramine og þrjá skammta af Chloral fyrir hönd Hegningarhússins vegna Erlu.¹²²⁰
639. Þennan dag birtist frétt á baksíðu Dagblaðsins um að einn banamanna Guðmundar væri í opinni gæslu á Litla-Hrauni. Fram kom að Tryggvi Rúnar væri búinn að vera í um tvo mánuði á Litla-Hrauni þar sem hann hafi notið allra sömu fríðinda og frelsis,

¹²¹⁴ Bls. 1185.

¹²¹⁵ Bls. 1186–1187.

¹²¹⁶ Bls. 1188.

¹²¹⁷ Bls. 1189.

¹²¹⁸ Bls. 1190.

¹²¹⁹ Dagbók nr. 5, bls. 67.

¹²²⁰ Dagbók nr. 5, bls. 68.

eins og það var orðað, og aðrir fangar sem þar væru í afplánun. Í fréttinni sagði að þáttur Tryggva Rúnars væri að fullu rannsakaður en þó hafi hann nokkrum sinnum verið fluttur til Reykjavíkur til yfirheyrslu hjá Karli Schütz og Erni Höskuldssyni. Fram kom að Sævar og Kristján Viðar væru enn í öryggisgæslu í Reykjavík, enda ættu þeir einnig hlut að hvarfi Geirfinns Einarssonar.¹²²¹ Sama dag var í Alþýðublaðinu birt viðtal við Karl Schütz þar sem hann lýsti því yfir að efla þyrfti rannsóknarlögregluna á Íslandi. Þyrfti hún að læra sérstaka tækni og taktík í sambandi við yfirheyrslur. Kvaðst Schütz reiðubúinn að kenna og leggja á ráðin ef þess yrði óskað. Tók hann fram að ekki væri unnt að gefa neinar upplýsingar um Geirfinnsmálið til fjölmiðla á meðan það væri enn til rannsóknar. Kvaðst hann ekki hafa breytt um skoðun sína á málinu og sagði enn möguleika fyrir hendi til þess að leysa það. Schütz sagðist vera búinn að lesa öll gögn í málinu og fullyrti að bóúð hafi verið að vinna geysimikið starf áður en hann hafi komið að borðinu. Aðspurður um hvort hann muni halda áfram þar til málið myndi upplýsast sagði Schütz orðrétt: „Þegar bóúð er að afla nægilegra sannana í málum er það lagt fyrir saksóknara, ekki satt. Þá er starfi rannsóknarlögreglu lokið og málið fer til dómara. Ef ekki tekst að afla nægra sannana er yfirleitt ekki hægt að ljúka málum á þennan hátt. Ég dreg það í efa að ég geti dvalið það sem eftir er ævinnar á Íslandi til þess að leysa þetta mál.“ Hafi Schütz að lokum kímt.¹²²²

640. Fimmtudaginn 16. september 1976 var bókað í dagbók Síðumúlafangelsisins að Kristján Viðar hafi verið færður til viðtals við Harald klukkan 13:35. Bókað var að Kristján hafi verið færður á klefa sinn klukkan 15:15.¹²²³ Rannsóknargögn um viðtalið liggja ekki fyrir. Bókað var klukkan 18:35 að Tryggvi Rúnar hafi verið færður fyrir Sigurbjörn Víði. Var hann færður aftur á klefa sinn klukkan 19:00. Klukkan 19:30 var bókað að Haraldur hafi komið með [PKKÞ] til samprófunar við Kristján Viðar. Bókað var að Kristján hafi verið tekinn strax fram. Klukkan 22:35 var bókað að samprófun Kristjáns Viðars og [PKKÞ] hafi lokið og þess getið að Haraldur og [PKKÞ] hafi farið.¹²²⁴ Rannsóknargögn um samprófunina, sem stóð yfir í rúmar þrjár klukkustundir, liggja ekki fyrir.
641. Meðal rannsóknargagna liggur fyrir bréf, dagsett sama dag, frá [SvGa] til Arnar Höskuldssonar. Í bréfinu til Arnar greindi [SvGa] frá því að hafa dvalið á hóteli hér á landi og kvaðst hafa skoðað vandlega gestabók hótelsins meðal annars. Fram kom að í gestabókinni hafi vakið athygli hans nöfn Geirfinns Einarssonar og Einars Bollasonar sem rituð hafi verið með sitt hvorri rithöndinni 26. júní 1976. Kvaðst bréfritarinn ekki halda því fram að nöfnin væru skrifuð af viðkomandi mönnum. Sagði hann að um gáleysislegan leikaraskap gæti verið að ræða eða þá að þetta hafi verið af ráðum gert af manni eða mönnum sem hafi af einhverri ástæðu viljað beina athyglinni frá einum aðila til annars. Bréfritarinn kvaðst hafa tekið rithandarsýnishorn af báðum nöfnunum sem lögreglan gæti nálgast hjá sér.¹²²⁵

¹²²¹ Bls. 1192.

¹²²² Bls. 1193.

¹²²³ Dagbók nr. 5, bls. 68.

¹²²⁴ Dagbók nr. 5, bls. 68b.

¹²²⁵ Bls. 1194–1197.

642. Þennan sama dag, 16. september 1976, var birt frétt á forsíðu Tímans um að einn banamanna Guðmundar Einarssonar hafi verið á Litla-Hrauni en væri nú kominn í einangrun á ný. Haft var eftir Erni að ákveðið hafi verið að flytja umræddan fanga yfir á Litla-Hraun til að létta af honum einangruninni, án þess þó að sleppa honum alveg. Hafi hann verið þar í stuttan tíma en væri aftur kominn í einangrun í Reykjavík. Í fréttinni kom fram að á Litla-Hrauni gæti hann fengið að hringja og taka á móti gestum. Kvað Örn það alls ekki einsdæmi að gæsluvarðhaldsfangar væru fluttir yfir á Litla-Hraun.¹²²⁶
643. Föstudaginn 17. september 1976 var bókað í dagbók fangelsisins við Síðumúla klukkan 11:45 að starfsmaður Félagsmálastofnunar hafi hringt og tilkynnt um að ákveðið hafi verið að láta Sævar fá peninga fyrir einum pakka af sígarettum á dag í eina viku meðan verið væri að athuga málið nánar. Var þess getið hvenær sækja mætti peningana. Klukkan 14:35 var bókað um símtal frá Eggert vegna beiðni Sævars um lögfræðing. Bókað var eftir Eggerti að lögfræðingurinn hafi talað við Sævar síðastliðinn þriðjudag. Sævar gæti ekki fengið lögfræðing að svo komnu máli, enda lægi ekkert á því. Þá var á sama stað bókað um þær upplýsingar að Gísli Guðjónsson myndi sennilega tala við Sævar í vor þegar hann kæmi til baka erlendis frá, en hann færi að utan á morgun og yrði yfir veturinn. Klukkan 15:05 var bókað um símtal frá móður Sævars sem hafi spurt um óhreinan þvott af Sævari. Bókað var að hún kæmi þann dag að sækja hann.¹²²⁷ Bókað var um komu [JÓC], bróður Sævars með sendingu til hans klukkan 17:15. Fimmtán mínútum síðar var bókað um að Kristján Viðar hafi verið færður fyrir Örn að viðstöddum Páli Arnóri Pálssyni, réttargæslumanni hans og Sigurbirni Víði.¹²²⁸ Þennan dag var dómþing sett í sakadómi Reykjavíkur og tekið fyrir rannsókn vegna hvarfs Guðmundar. Bókað var að dómari hafi lagt fram tvær skýrslur. Bókaður var mættur Páll Arnór Pálsson, réttargæslumaður Kristjáns Viðars. Þá kom Kristján Viðar fyrir dóminn klukkan 17:30. Var Kristjáni Viðari bent á misræmi í framburðarskýrslum hans á dóm skjali númer sjö og átta. Kvaðst Kristján Viðar ekki vita hvar hnífur hans væri nú niðurkominn. Þá kvaðst hann hafa sagst hafa notað hnífinn á Guðmund vegna þess að sér hafi þá fundist það. Bókað var að Kristján Viðar minnti að hann hafi tekið hnífinn af Sævari í Kópavogi umrætt sinn og verið með hann á Hamarsbraut 11.¹²²⁹ Kveðinn var upp úrskurður í þinghaldinu þar sem fram kom að geðrannsókn yfir Sævari væri enn ólokið. Var Kristján Viðar úrskurðaður í áframhaldandi 90 daga gæsluvarðhald.¹²³⁰ Bókað var í þingbók að Kristján Viðar vildi ekki kæra úrskurðinn til Hæstaréttar Íslands. Vék hann frá klukkan 18:00.¹²³¹
644. Klukkan 18:05 var bókað í fangelsisdagbókina að Kristján Viðar hafi verið færður á klefa sinn. Bókað var klukkan 18:08 að Tryggvi Rúnar hafi verið færður fyrir Örn og Sigurbjörn Víði en á sama tíma hafi Páll Arnór, réttargæslumaður Kristjáns Viðars,

¹²²⁶ Bls. 1198.

¹²²⁷ Dagbók nr. 5, bls. 69.

¹²²⁸ Dagbók nr. 5, bls. 69b.

¹²²⁹ Bls. 281.

¹²³⁰ Bls. 282.

¹²³¹ Bls. 283.

farið.¹²³² Bókað var í þingbók sakadóms að Tryggvi Rúnar hafi komið fyrir dóminn klukkan 18:07. Kvaðst hann ekki muna eftir að Kristján Viðar hafi verið með hníf á Hamarsbraut 11 umrætt sinn. Sagðist hann ekki muna frekar hvert þeir félagar hafi farið með lík Guðmundar. Bókað var að Tryggvi Rúnar hafi þó sagst muna eftir að hafa séð fjárborg og hafi það getað verið umrætt sinn en gæti líka verið í annað sinn eða annars staðar.¹²³³ Var Tryggvi Rúnar úrskurðaður í áframhaldandi 90 daga gæsluvarðhald. Bókað var að hann vildi ekki kæra úrskurðinn til Hæstaréttar Íslands. Vék Tryggvi Rúnar frá klukkan 18:21.¹²³⁴ Bókað var í fangelsisdagbókina að Tryggvi Rúnar hafi verið færður á klefa sinn klukkan 18:25. Klukkan 19:35 var bókað að Sigurbjörn Víðir hafi farið með dót sem Erla hafi átt eftir í Síðumúlafangelsinu.¹²³⁵

645. Fyrir liggur skýrsla Rúnars Sigurðssonar, rannsóknarlögreglumanns, dagsett þennan dag, 17. september 1976. Í skýrslunni kemur fram að hann hafi farið til Keflavíkur ásamt Jónasi Bjarnasyni, rannsóknarlögreglumanni, til að staðreyna framburð [TBK], refsifanga á Kvíabryggju. Fram kom í skýrslunni að komið hafi í ljós að [TBK] hafi ekki búið á tilteknu heimilisfangi haustið 1974 heldur hafi það verið 1975. Þá var ekki hægt að staðreyna fullyrðingar [TBK] um að hann hafi áframselt spíra.¹²³⁶
646. Laugardaginn 18. september 1976 var bókað í dagbók Síðumúlafangelsisins að Guðsteinn læknir hafi komið milli klukkan 08:15 og 09:30 og hafi Sævar verið færður fyrir hann meðal annarra. Bókað var klukkan 20:20 að Gunnar Guðmundsson, forstöðumaður fangelsisins, hafi farið inn á klefa til Kristjáns Viðars að hans ósk. Lauk viðtali þeirra klukkan 21:20. Rannsóknargögn liggja ekki fyrir um viðtalið, en bókað var í fangelsisdagbók að Gunnar hafi náð símasambandi við Harald sem hafi sagst koma til að taka skýrslu af Kristjáni Viðari. Bókað var að Haraldur hafi komið klukkan 22:00 og var Kristján Viðar færður fyrir hann klukkan 22:20. Bókað var að yfirheyrslu yfir Kristjáni Viðar hafi lokið klukkan 04:40. Bókað var að Haraldur hafi farið klukkan 05:50.¹²³⁷
647. Fyrir liggur skýrsla, dagsett 19. september 1976 en ótímasett og óundirrituð, um viðtal við Kristján Viðar. Bókað var í upphafi skýrslunnar að viðtalið hafi farið fram að beiðni hans sjálfs. Kvaðst hann hafa hugsað mikið um atburðinn að Hamarsbraut 11 þegar Guðmundur hafi beðið bana. Vísaði hann til þess sem hann hafi áður borið um hvernig hann og Tryggvi Rúnar hafi hitt Guðmund. Greindi Kristján Viðar frá því að eftir því sem hann myndi best þá hafi átökin byrjað út frá því að Sævar hafi stolið veski Guðmundar en við það hafi Guðmundur ráðist á Sævar og Tryggvi Rúnar gengið á milli þeirra. Hafi Sævar flúið Guðmund og beðið hann og Tryggva um að koma Guðmundi út. Kvaðst Kristján Viðar hafa beðið Guðmund um að fara í góðu, en hann hafi brugðist hinn versti við. Hafi Guðmundur þá tekið Kristján Viðar hálstaki aftan frá og hert að. Kvaðst Kristján Viðar hafa beðið Guðmund um að sleppa sér, en hann

¹²³² Dagbók nr. 5, bls. 69b.

¹²³³ Bls. 283.

¹²³⁴ Bls. 285.

¹²³⁵ Dagbók nr. 5, bls. 69b.

¹²³⁶ Bls. 1199.

¹²³⁷ Dagbók nr. 5, bls. 70b.

hafi þá hert fastar svo hann hafi ekki náð andanum. Sagði Kristján Viðar að allar tilraunir hans til að losa sig hafi reynst árangurslausar en Guðmundur hafi haldið honum föstum og sveigt hann aftur á bak. Lýsti Kristján Viðar því hvernig hann hafi verið hættur að heyra, orðið máttlaus og fundið að hann væri við það að missa meðvitund. Hafi þá gripið hann óstjórnleg hræðsla. Kvaðst Kristján þá hafa með hægri hendi dregið upp hníf úr slíðri sem var áfast beltinu hans og rekið hann aftur fyrir sig. Hafi hann fundið hvernig hnífurinn hafi lent í Guðmundi. Við það hafi Guðmundur rekið upp hljóð og losað hálstakið. Þegar á þessu hafi staðið hafi þeir verið við norðurvegg stofunnar. Kvaðst Kristján Viðar hafa stokkið yfir í herbergið. Hafi Guðmundur stokkið á eftir honum og náð taki á tölu á frakka sem Kristján Viðar hafi verið í en við það hafi hann fallið á gólfið. Hafi talan slitnað af frakkanum og Guðmundur haldið henni í krepptum hnefanum. Kvaðst Kristján Viðar hafa áttað sig á því hvað hafi gerst og sagðist hafa hnigið niður í stól í mikilli geðshræringu. Hafi Guðmundur legið hreyfingarlaus á gólfinu. Skyrta hans hafi verið blóðug ofan við beltisstað og kvaðst Kristján Viðar hafa fundið óþef líkt og saurlykt sem þó hafi verið sterkari og römm.¹²³⁸ Einnig hafi hann heyrt hljóð koma frá Guðmundi sem Kristján Viðar hafi sagt mjög erfitt að lýsa. Hafi það verið einna líkast garnagauli eða prumphljóði og minnt hann á þegar loftbólur kæmu upp úr vatni, en þó hafi það verið herra og öðruvísi. Í því hafi Tryggvi Rúnar komið inn í stofuna. Kvaðst Kristján Viðar þá hafa farið að leita að Sævari og meðal annars farið út á tröppur til að gá að honum. Sagðist hann hafa fundið Sævar læstan inni á salerni og sagt honum að koma fram og sjá hvað hafi gerst. Hafi þeir farið inn í stofu þar sem Tryggvi Rúnar hafi staðið upp við skrifborð og starað á Guðmund. Kvaðst Kristján hafa spurt hvort ekki væri best að hringja á lögregluna og hafi Tryggvi Rúnar þá jánkað því en Sævar engu svarað. Hafi óþefurinn verið orðinn svo sterkur að þeir hafi ákveðið að bera Guðmund inn í geymsluherbergið. Hafi þeir komið Guðmundi fyrir í sitjandi stellingu í einu horni geymslunnar. Greindi Kristján Viðar frá því að þar hafi þeir skilið Guðmund eftir á meðan þeir hafi farið út úr íbúðinni vegna ólyktarinnar. Hafi þeir fallið frá því að hringja í lögregluna. Hafi Tryggvi Rúnar stungið upp á því að lík Guðmundar yrði skilið eftir á nærliggjandi húströppum. Kvaðst Kristján Viðar hafa lagt til að flytja líkið í Hellisgerði en Sævar talið það of mikla áhættu. Minnti Kristján Viðar að þeir hafi farið með leigubifreið að nætursölu B.S.H. við Reykjavíkurveg og nokkru síðar með sömu bifreið til baka. Hafi þeir þá farið beint inn í geymsluherbergið og tekið til við að búa um Guðmund í ljósu rúmlaki eða voð. Kristján Viðar kvaðst muna að þeir hafi þurft að kreppla Guðmund saman svo hægt væri að koma voðinni utan um hann og hafi Kristján þá heyrt braka í bakinu á Guðmundi. Meðan á þessu stóð hafi þeir heyrt umgang frammi og hafi Sævar þá sagt Erlu hafa komið heim í millitíðinni.¹²³⁹ Hafi Sævar sagt Kristjáni að ræða við hana og kvaðst hann hafa sagt Erlu hvað hafi gerst og hún hlustað þegjandi á. Kvaðst Kristján Viðar hafa sagt við hana að hann skyldi hringja á lögregluna ef hún það vildi. Hafi hún sagst ekki skipta sér af þessu og farið inn í svefnherbergi. Þá kvaðst Kristján Viðar hafa heyrt í bifreið Alberts Klahn og

¹²³⁸ Bls. 1200.

¹²³⁹ Bls. 1201.

áttað sig á því að Sævar hafi hringt í hann áður en þeir hafi farið út, en ekki hafi liðið langur tími frá því þeir hafi komið til baka og þar til Albert hafi komið á bifreiðinni. Greindi Kristján Viðar frá því að Sævar hafi farið út að ræða við Albert og komið svo til baka og sagt að allt væri í lagi. Kvaðst Kristján þá hafa rætt við Albert og spurt hvort hann vissi hvað hann væri að fara út í og hafi Albert játað því. Síðan hafi hann aðstoðað Sævar og Tryggva Rúnar við að ganga frá líkinu. Hafi Sævar rétt honum veski Guðmundar. Kvaðst Kristján Viðar vera sannfærður um að Sævar hafi verið að leita í veskinu þegar hann hafi læst sig inni á salerninu fyrir um kvöldið. Einnig kvaðst Kristján Viðar vera viss um að Sævar hafi verið búinn að gera Guðmundi eitthvað áður en átök hans og Guðmundar hafi hafist. Þegar líkið hafi verið komið í voðina hafi þeir borið það saman út í Volkswagen bifreið Alberts. Hafi þeir lagt líkið á gólfíð milli sætanna og Sævar sest fram í en hann og Tryggvi Rúnar hafi sest aftur í. Þegar þeir hafi verið lagðir af stað hafi Kristján Viðar munað að sér hafi ekki tekist að losa tak Guðmundar á tölunni og því nefnt þetta við Tryggva Rúnar sem hafi ætlað að sjá hvað hægt væri að gera þegar þeir myndu stöðva bifreiðina. Hafi Albert ekið eftir leiðsögn Sævars og kvaðst Kristján Viðar vera viss um að þeir hafi ekið eftir Keflavíkurveginum. Mundi hann eftir því að þeir hafi verið komnir út á Álftanes og þá hafi hann sagt að þeir skyldu ekki haga sér eins og fífl því forsetinn byggi þar og því skyldu þeir fara eitthvað annað. Hafi þá verið ekið til baka. Mundi Kristján Viðar að ekið hafi verið Sædýrasafnsafleggjarann en þar hafi þeir líka snúið við og ekið suður Keflavíkurveg. Kvaðst hann nokkuð viss um að ekið hafi verið suður fyrir álverið í Straumsvík því hann hafi séð sjávarpollana sem væru rétt sunnan við álverið á leiðinni til baka. Kristján Viðar kvaðst ekki geta sagt nánar hvar þeir hafi lagt Guðmund, en hann Tryggvi og Sævar hafi farið með hann út í hraunið á meðan Albert hafi beðið í bifreiðinni.¹²⁴⁰ Lýsti Kristján Viðar því hvar þeir hafi sett Guðmund í mannhæðardjúpa gjótu og lagt yfir líkama hans stóra steinhellu og síðan minni steina yfir höfuðið. Minnti hann að Tryggvi Rúnar hafi losað töluna úr hendi Guðmundar og rétt honum hana. Þá kvaðst Kristján Viðar minna að Albert hafi ekið Sævari að Hamarsbraut 11 að þessu loknu en þeir beðið í bifreiðinni á meðan. Hafi Sævar komið aftur inn í bifreiðina og þeir ekið inn í Reykjavík. Sagði Kristján Viðar að Tryggvi Rúnar hafi komið með sér heim að Grettisgötu 82, en Sævar farið áfram með Alberti. Í niðurlagi skýrslunnar lýsti Kristján Viðar því yfir að þetta væri atburðarásin eins og hann myndi hana best þó svo að sumt af því sem hafi gerst væri eins og þokukennt fyrir hugskotssjónum hans. Kvaðst hann vonast til þess að geta lagað það sem hann hafi hugsanlega rangminnt og bætt í eyðurnar eftir því sem minni hans skýrðist.¹²⁴¹

648. Meðal rannsóknargagna liggur fyrir önnur skýrsla um viðtal við Kristján Viðar þennan sama dag, 19. september 1976. Skýrslan er ótímasett og óundirrituð. Bókað var að viðtalið hafi farið fram að ósk Kristjáns. Greindi Kristján Viðar frá því að í ágúst 1974 hafi Tryggvi Rúnar komið til sín á Grettisgötu 82 ásamt manni sem hann gæti ekki komið fyrir sig hver hafi verið. Kvaðst Kristján Viðar muna að Sævar hafi verið þarna líka. Maðurinn hafi verið milli fertugs og fimmtugs, dökkhærður og stuttklipptur með

¹²⁴⁰ Bls. 1202.

¹²⁴¹ Bls. 1203.

frekar þykkt hár. Fannst honum eins og maðurinn hafi verið farinn að grána í vöngum. Hann hafi verið meðalmaður á hæð, frekar grannvaxinn og með lítið höfuð. Sagði Kristján Viðar lýsinguna á manninum vera eins og hann minnti helst. Hafi þeir setið að drykkju fram eftir nóttu en þá hafi maðurinn fengið höfuðhögg af hans völdum. Kvaðst Kristján Viðar vilja taka það fram að um slys hafi verið að ræða og engin átök hafi átt sér stað. Kristján kvaðst hafa verið að handleika járntein sem hann hafi tekið af skúrbyggingu í garðinum að Grettisgötu. Hafi Kristján verið að vingsa honum og þá hafi hann rekist óvart í höfuð mannsins. Kvaðst Kristján Viðar halda að maðurinn hafi farið út úr íbúðinni vegna þessa og Tryggvi Rúnar með honum. Taldi Kristján Viðar að Sævar hafi einnig farið með þeim. Kvaðst Kristján Viðar ekkert hafa munað fyrr en um morguninn þegar Sævar hafi skyndilega komið inn í herbergið hans og bað hann um að fylgja sér niður í kjallara. Hafi Kristján Viðar verið klæddur og eitthvað undir áhrifum áfengis.¹²⁴² Þegar þeir hafi komið niður hafi Kristján séð tvo poka standa við þurrkherbergið sem hafi verið appelsínugulir á litinn og úr svipuðu efni og notað væri í sjóklæðnað. Hnýtt var fyrir pokana með hvítum reimum. Kristján Viðar sagði pokana hafa verið útroðna, um 30 sentimetrar að þvermáli og 50 til 60 sentimetrar á hæð. Kvaðst hann hafa spurt Sævar hvað þetta væri og þá hafi hann svarað orðrétt: „Það er maður í þessum pokum og þeir eru splunkunýir, keyptir í Ellingsen.“ Kristján Viðar sagðist hafa haldið að Sævar væri að gera að gamni sínu en sagt að ef hann meinti það sem hann hafi sagt þá skyldi hann koma þessu út úr húsinu með hraði. Hafi Sævar þá reiðst og sagt Tryggva Rúnar hafa sagt að maðurinn hafi dáið af völdum höggingsins sem Kristján hafi veitt honum. Hafi maðurinn skyndilega dottið niður eftir að hann og Tryggvi Rúnar hafi farið út úr íbúðinni og nú væri búið að koma honum fyrir í pokunum. Þegar Sævar hafi gert sig líklegan til að fara hafi Kristján Viðar stoppað hann þar sem hann hafi ekki vitað annað en að þetta væri rétt hjá honum. Kvaðst Kristján ekki hafa munað greinilega atburðina kvöldið áður. Hafi Sævar þá farið að tala um Guðmundarmálið og að Kristján hafi stungið Guðmund til bana á heimili Sævars. Hafi Sævar þá sagt að nú væri best að losa sig við hnífinn og sagt Kristjáni Viðari að sækja hann. Kvaðst Kristján hafa rétt Sævari hnífinn sem hafi sett hann í slíðrinu ofan í annan pokann. Að fyrirmælum Sævars hafi Kristján Viðar hringt í Albert Klahn og beðið hann um að koma að Grettisgötu 82. Um það leyti hafi Tryggvi Rúnar komið og hafi hann og Sævar borið pokana út í bifreið Alberts sem hafi verið gul Toyota. Hafi Albert ekið þeim þremur og pokunum út í Hafnarfjarðarhraun þar sem Sævar og Tryggvi Rúnar hafi borið pokana út í hraunið. Kvaðst Kristján Viðar ekki vita hvar lík þetta hafi verið hlutað í sundur og sett í pokana. Hafi hann aðeins haft orð Sævars fyrir því að lík hafi verið í pokunum. Sagði hann engin ummerki um slíkan verknað í kjallaranum heima hjá sér, en þó vildi hann ekki fullyrða um það.¹²⁴³ Þá kvaðst Kristján Viðar vilja benda á að umræddur járntein væri geymdur í skáp undir vaski í íbúðinni síðast þegar hann hafi vitað.¹²⁴⁴

¹²⁴² Bls. 1204.

¹²⁴³ Bls. 1205.

¹²⁴⁴ Bls. 1206.

649. Mánudaginn 20. september 1976 var bókað í dagbók Síðumúlafangelsisins að Haraldur og Grétar Sæmundsson, rannsóknarlögreglumenn, hafi sótt Kristján Viðar klukkan 12:40. Bókað var að þeir hafi komið til baka klukkan 13:35, en engin rannsóknargögn liggja fyrir um ferðina. Bókað var klukkan 13:50 að Rúnar Sigurðsson, rannsóknarlögreglumaður, hafi tekið Sævar til tals í horninu.¹²⁴⁵ Í skýrslu um yfirheyrsluna, dagsett sama dag, kemur fram að tilefnið hafi verið hvort Sævar myndi hvoru megin Guðmundur hafi verið settur inn í bifreiðina þegar hann hafi verið fluttur frá Hamarsbraut 11. Kvaðst Sævar telja að Albert hafi ekið bifreiðinni að húsinu þannig að framendinn hafi snúið niður, eins og það var orðað í skýrslunni. Ályktaði Sævar því að Guðmundur hafi verið settur inn í bifreiðina vinstra megin. Tók hann fram að Albert hafi komið inn í forstofuna. Var yfirheyrslunni lokið klukkan 19:00.¹²⁴⁶ Á sama tíma var bókað í fangelsisdagbókina að Sævar hafi verið færður á klefa sinn. Bókað var klukkan 20:50 að Kristján Viðar hafi verið færður fyrir Harald og Pál Arnór Pálsson, réttargæslumann. Klukkan 21:10 var bókað í fangelsisdagbókina að rabbi Rúnars og Sævars hafi lokið, eins og það var bókað. Ekki liggur fyrir hvenær samtal þeirra hófst. Þá liggja ekki fyrir rannsóknargögn um samtalið.
650. Fyrir liggur skýrsla um yfirheyrslu yfir Kristjáni Viðari, dagsett sama dag klukkan 22:15, en þá var liðin ein klukkustund og 25 mínútur frá því Kristján Viðar var tekinn til yfirheyrslu hjá Haraldi. Rannsóknargögn um upphaf yfirheyrslunnar liggja ekki fyrir. Bókað var að skýrsla um viðtal við hann dagsett 19. september 1976 þar sem hann bar um atburðina að Hamarsbraut 11, hafi verið lesin fyrir hann. Bókað var eftir Kristjáni Viðari að hann teldi skýrsluna að öllu leyti rétta en vildi þó bæta því við að Guðmundur hafi sagt sér að Sævar hafi tekið veski hans. Hafi hann því leitað að Sævari áður en átökin hafi hafist og einnig eftir þau. Þá kvaðst hann ekki vilja fullyrða að þeir hafi ekið út á Álftanes, en sagðist minnst þess að hafa sagt þessi orð um forsetann og bústað hans. Aðspurður kvaðst Kristján Viðar muna það greinilega að lík Guðmundar hafi verið sett inn í bifreiðina um hurðina hægra megin og tekið út sömu leið. Í lok skýrslunnar var bókað eftir Kristjáni Viðari að hann hafi ekki vísitandi þagað yfir atburðarásinni heldur hafi þetta rifjast upp fyrir honum smám saman. Bókað var að yfirheyrslunni hafi lokið klukkan 23:00 Var þess getið í skýrslunni að Páll Arnór Pálsson, réttargæslumaður Kristjáns Viðars hafi verið viðstaddur yfirheyrsluna, en hann ritaði ekki undir hana.¹²⁴⁷ Í fangelsisdagbók þennan dag var bókað að Kristján Viðar hafi verið færður á klefa sinn klukkan 01:10 að lokinni yfirheyrslu.¹²⁴⁸ Fyrir liggur skýrsla um yfirheyrslu yfir Kristjáni Viðari dagsett sama dag, klukkan 00:20. Bókað var að Kristjáni væri kunnugt um tilefnið. Var þess getið að skýrsla um viðtal við hann dagsett 19. september 1976, þar sem hann hafi borið um að hafa slegið í höfuð manns með járnteini, hafi verið lesin fyrir hann. Kvað Kristján Viðar skýrsluna vera rétta að öllu leyti. Vildi hann þó bæta því við að þegar Tryggvi Rúnar hafi komið á staðinn virtist Kristjáni sem hann vissi allt um tilveru og innihald pokanna tveggja.

¹²⁴⁵ Dagbók nr. 5, bls. 71b.

¹²⁴⁶ Bls. 1209.

¹²⁴⁷ Bls. 1207–1208.

¹²⁴⁸ Dagbók nr. 5, bls. 72.

Kvaðst Kristján Viðar vilja taka það fram að Sævar og Tryggvi Rúnar hafi ekki það boð hans um hjálp við að bera pokana út í hraunið og fannst honum sem þeir kærðu sig ekki um nærveru hans. Af endurriti skýrslunnar verður ekki ráðið hvenær skýrslutökunni lauk en samkvæmt bókun í fangelsisdagbók var Kristján Viðar færður á klefa sinn klukkan 01:10.¹²⁴⁹

651. Fyrir liggur skýrsla, dagsett þennan dag 20. september 1976, um leit að líki Guðmundar sem fram hafi farið 18. sama mánaðar. Í skýrslunni kom fram að 25 lögreglumenn hafi farið til leitarinnar og var leitarsvæðinu lýst nákvæmlega. Fram kom að fundist hafi hvítur taubútur með hnappagati og vasaklútur sem lögregla hafi haldlagt.¹²⁵⁰ Þá liggur fyrir skýrsla Eggerts dagsett sama dag þess efnis að á tímabilinu 6. febrúar til og með 18. september 1976 hafi verið farnar að minnsta kosti 28 ferðir í Hafnarfjarðarhraun til leitar að líki Guðmundar. Fram kom að í það minnsta 11 ferðum hafi Erla, Sævar, Tryggvi Rúnar, Albert eða Kristján Viðar verið með í för. Þrátt fyrir það hafi leit að líkamsleifum engan árangur borið.¹²⁵¹
652. Meðal rannsóknargagna er skýrsla Sigurbjörns Víðis dagsett sama dag, um viðtal við foreldra Guðmundar Einarssonar. Bókað var að Sigurbjörn Víðir hafi sýnt þeim jakka og vasaklút sem fundist hafi í Kapelluhrauni 18. september 1976. Sögðust hjónin fullviss um að jakkinn væri ekki sá sem Guðmundur hafi verið í og vissu ekki til þess að Guðmundur hafi átt eins vasaklút og fundist hafi.¹²⁵²
653. Karl Schütz ritaði svokallaðar vikuskýrslur til Ólafs Jóhannessonar, dómsmálaráðherra, til að halda honum upplýstum um framgang starfa rannsóknarnefndar Reykjavíkur. Fyrsta vikuskýrslan var dagsett þennan dag en þar kom fram að 18. september 1976 milli klukkan 09:00 og 16:00 hafi skipulögð leit farið fram í hrauninu í Hafnarfirði eftir lýsingum vitna og sakborninga. Bókað var að lík eða líkamshlutar hafi ekki fundist. Við leit á svæði vestan álversins í Straumsvík hafi þó fundist rifinn karlmannsjakki, hluti af rifinni skyrtu og ljóst efni, ef til vill rúmlak eða koddaver.¹²⁵³ Bókað var að jakkinn og rifrildið af skyrtunni yrði borið undir foreldra Guðmundar. Var þess getið að Erla og sumir gerendanna, eins og það var orðað, hafi verið samhljóða í framburði sínum um að líkið af Guðmundi hafi verið lagt í ljóst lak eða svipað efni. Af þeim sökum yrði efnið sem fannst við leitina borið undir móður Erlu til samanburðar við það sem notað hafi verið til innpökkunar á líki Guðmundar. Bókað var að ef nauðsyn krefði yrði óskað eftir tæknirannsókn á lakinu hjá Bundeskriminalamt í Wiesbaden. Þá var þess getið að fundist hafi við leitina leifar af beinagrindum af sauðfé og hesti. Þá kom fram í skýrslunni að frakki Kristjáns Viðars væri til blóðrannsóknar í Wiesbaden. Framburður lægi fyrir um að Guðmundur hafi slitið hnapp af frakka Kristjáns Viðars. Hafi Kristján sagst hafa saumað hnappinn aftur á síðar. Í skýrslunni kom fram að þegar væri búið að óska eftir samanburðarrannsókn á tvinnapráðum sem notaðir hafi verið til að festa hnappana á frakkann. Í skýrslunni

¹²⁴⁹ Bls. 1217.

¹²⁵⁰ Bls. 1210–1211.

¹²⁵¹ Bls. 1212.

¹²⁵² Bls. 1213.

¹²⁵³ Bls. 1214.

sagði einnig að greining á framburðum væri í vinnslu og við þá vinnu væri notast við Raumraffer-kerfi. Fram kom að greiningin yrði að líkindum send ríkissaksóknara á næstu dögum. Á sama tíma yrði ríkissaksóknara send skýrsla um eftirfarandi sýnileg sönnunargögn, í fyrsta lagi blóðflekki á frakkafaldi Kristjáns Viðars, í öðru lagi blóðkám á hliðarvegg í bifreiðinni sem lík Guðmundar var flutt í, í þriðja lagi blóðflekki á teppi á gangi í íbúð Sævars og í fjórða og síðasta lagi niðurstöður um greiningu á hári úr Guðmundi.¹²⁵⁴ Í sérstökum kafla í skýrslunni greindi Schütz frá stöðu rannsóknar Geirfinnsmálsins. Þar kom fram að vinnu við endurskipulagningu á málskjölum væri næstum því lokið. Í málinu væru sjö sakborningar auk þess sem fjölmargir lægju undir grun. Í því samhengi mætti nefna að útbúin hafi verið nafnaskrá (d. Karteikarten, e. indexcards) með um það bil 600 nöfnum yfir áhugaverða einstaklinga. Þar á meðal væri nafn Guðjóns Skarphéðinssonar. Mögulegt væri að Guðjón væri útlendingslegi maðurinn sem hafi skipulagt sjóferð á fiskibáti sem farin hafi verið út frá Dráttarbrautinni í Keflavík til að sækja smyglað áfengi. Einnig gæti hann hafa farið fyrir þeim hópi manna sem hafi farið í sendiferðabifreið frá Reykjavík til Keflavíkur og tekið þátt í atburðarásinni. Fram kom að Kristján Viðar hafi borið kennsl á Guðjón sem útlendingslega manninn þegar þeir hafi verið leiddir saman. Þessu til viðbótar væri Guðjón eiturlyfjainnflytjandi og vinur Sævars. Í niðurlagi skýrslunnar sagði að leit að áreiðanlegu vitni um morðið á Geirfinni hafi enn sem komið er engan árangur borið. Unnið væri að leit að bifreið sem Sævar, Kristján Viðar, Erla og óþekktur ökumaður hafi fari í til Keflavíkur umrætt kvöld. Auk þess væri enn leitað að sendiferðabifreið og bát sem einnig hafi komið við sögu.¹²⁵⁵

654. Þriðjudaginn 21. september 1976 var bókað í dagbók fangelsisins við Síðumúla að Tryggvi Rúnar hafi verið færður til viðtals við Rúnar Sigurðsson, rannsóknarlögrelumann, klukkan 13:25. Bókað var klukkan 14:43 að Karl Schütz, Pétur Eggerz og Haraldur hafi farið með Kristján Viðar.¹²⁵⁶ Klukkan 14:45 var bókað í fangelsisdagbókina að Tryggvi Rúnar hafi verið færður á klefa sinn. Fyrir liggur skýrsla um yfirheyrsluna þar sem fram kom að tilefnið væri hvort hann myndi hvoru megin Guðmundur hafi verið settur inn í bifreiðina er lík hans var flutt út í Hafnarfjarðarhraun og hvoru megin hann hafi verið tekinn úr bifreiðinni. Haft var eftir Tryggva Rúnari að hann hafi reynt að gera sér grein fyrir þessari hlið málsins en gæti ekki munað þetta atriði. Kvaðst hann hvorki geta munað eftir bifreiðinni né Alberti Klahn eða flutningi á líki Guðmundar úr íbúðinni og ökuferðinni út í hraun.¹²⁵⁷
655. Í fangelsisdagbókina var bókað þennan dag að Sævar hafi verið færður fyrir Rúnar klukkan 15:20. Þá hafi verið komið til baka með Kristján Viðar klukkan 15:40. Rannsóknargögn liggja ekki fyrir um ferðir Kristjáns Viðars þennan dag. Klukkan 16:15 var bókað um komu Jónasar Bjarnasonar, rannsóknarlögrelumanns, með Albert Klahn í fangelsið. Var þess getið að þeir hafi farið í hornið ásamt Rúnari, eins og það var orðað. Fyrir liggur skýrsla um yfirheyrslu yfir Alberti Klahn, dagsett sama dag.

¹²⁵⁴ Bls. 1215.

¹²⁵⁵ Bls. 1216.

¹²⁵⁶ Dagbók nr. 5, bls. 72b.

¹²⁵⁷ Bls. 1218.

Var tilefnið það hvort Albert myndi hvoru megin Guðmundur hafi verið settur inn í bifreiðina er hann hafi verið fluttur út í Hafnarfjarðarhraun og hvoru megin hann hafi verið tekinn út úr bifreiðinni. Bókað var eftir Alberti að hann minntist þess að hafa bakkað að húsinu og að Guðmundur hafi verið settur inn í bifreiðina hægra megin. Kvaðst Albert vilja geta þess að hann hafi ekki farið út úr bifreiðinni, en stýrið væri vinstra megin í bifreiðinni. Þá vildi hann geta þess að farið hafi verið með Guðmund út úr bifreiðinni hægra megin en hann hafi setið kyrr í bifreiðinni á meðan.¹²⁵⁸ Í sérstakri skýrslu rannsóknarnefndarinnar kom fram að eftir skýrslutökuna hafi Albert óskað eftir því við Rúnar Sigurðsson, rannsóknarlögreglumann, að fá að koma öðru hvoru og ræða málin ef það gæti orðið til þess að rifja frekar upp fyrir honum þannig að hann gæti gefið frekari skýringar við ýmsum hlutum sem ekki væru komnir á hreint.¹²⁵⁹ Bókað var í dagbók Síðumúlafangelsisins að farið hafi verið með Albert Klahn klukkan 17:55. Fimm mínútum síðar var bókað að Kristján Viðar hafi verið færður fyrir Rúnar.¹²⁶⁰ Fyrir liggur skýrsla um yfirheyrsluna, dagsett sama dag. Í upphafi var bókað að tilefni yfirheyrslunnar væri hvort Kristján myndi hvoru megin Guðmundur hafi verið settur inn í bifreiðina sem hann hafi verið fluttur í frá Hamarsbraut 11 og út í Hafnarfjarðarhraun og hvoru megin hann hafi verið tekinn út úr bifreiðinni. Kvaðst Kristján Viðar minnast þess að Guðmundur hafi verið settur inn í bifreiðina hægra megin og tekinn út úr bifreiðinni sömu megin þegar komið hafi verið út í Hafnarfjarðarhraun. Myndi hann að Sævar hafi farið fyrstur út úr bifreiðinni og beygt stólbakið fram svo þeir kæmust út, en Albert hafi setið vinstra megin í bifreiðinni þar sem stýrið hafi verið. Var yfirheyrslunni lokið klukkan 18:10.¹²⁶¹

656. Þennan sama dag athugaði Jónas Bjarnason, rannsóknarlögreglumaður, aðstæður við sorphauga Hafnarfjarðar með tilliti til þess hvort þar gæti verið að finna lík Guðmundar eða lakið sem líkið var flutt í. Skýrsla liggur fyrir um athugunina þar sem fram kemur að rætt hafi verið við starfsmenn sorphauganna og verkstjóran á staðnum. Í samtali við þá hafi komið fram að sorpinu væri ýtt daglega með jarðýtu og rótað yfir það eins og við væri komist. Þá kæmi oft upp eldur í haugunum og þá brynni allt sem brunnið gæti. Hafi verkstjórinn talið það útilokað að leit á haugunum í þessum tilgangi gæti borið árangur.¹²⁶²
657. Sama dag, 21. september 1976, vitjaði Sigurbjörn Víðir Erlu í Hegningarhúsið og sýndi henni líndúk sem lögreglan hafi fundið í Kaphelluhrauni 18. september 1976. Fyrir liggur skýrsla um vitjunina þar sem bókað var að líndúkurinn gæti hafa verið úr sængurfatnaði eða skyrtu. Fram kom að hann hafi spurt Erlu hvort hún þekkti þennan líndúk eða kannaðist við hann. Bókað var að Erla hafi sagst ekkert kannast við líndúkinn og sagt að hann væri ekki úr hennar búskap.¹²⁶³

¹²⁵⁸ Bls. 1219.

¹²⁵⁹ Bls. 1220.

¹²⁶⁰ Dagbók nr. 5, bls. 72b.

¹²⁶¹ Bls. 1221.

¹²⁶² Bls. 1222.

¹²⁶³ Bls. 1223.

658. Fyrir liggur skýrsla, ódagsett en unnin af Karli Schütz, um hlutlæg sönnunargögn í Guðmundarmálinu. Var skýrslunni skipt upp í tvo kafla annars vegar með heitinu „Jákvæð spor“ og hins vegar „Neikvæð spor“. Fram kom undir kaflaheitinu „Jákvæð spor“ að við rannsókn á gólfteppi úr íbúðinni að Hamarsbraut 11 hafi, þrátt fyrir hversu langt liðið væri frá atburðinum, fundist dropi sem hafi óvefengjanlega verið mannsblóð. Vegna mikilla óhreininda í gólfteppinu hafi ekki reynst unnt að gera blóðflokkagreiningu á blóðdropanum. Var þess getið að sérstök vísindaleg greinargerð frá tæknideild Bundeskriminalamt í Wiesbaden yrði send síðar. Þá sagði að í skýrslunni að margir dropar af mannsblóði úr A-blóðflokki hafi fundist við fald á frakka Kristjáns Viðars. Var þess getið að sérstök vísindaleg greinargerð frá tæknideild Bundeskriminalamt í Wiesbaden yrði send síðar um það atriði. Fram kom að fólksbifreiðin sem Albert Klahn hafi flutt lík Guðmundar í hafi verið svört af gerðinni Volkswagen og fundist í Reykjavík. Hafi lögregla lagt hald á bifreiðina og allir hreyfanlegir hlutir innan úr bifreiðinni hafi verið sendir til Wiesbaden til tæknirannsóknar. Við þá rannsókn hafi fundist mikið af eggjahvítuefni úr manni í blóðstroki (d. Blut-Wischspur) á klæðningu innan á bílhurðinni. Ekki hafi reynst unnt að gera blóðflokkagreiningu, en sérstök vísindaleg greinargerð yrði send síðar.¹²⁶⁴ Þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir hafi ekki tekist að komast yfir blóð úr Guðmundi til þess að gera samanburðarblóðgreiningu. Leitað hafi verið til allra hugsanlegra aðila, svo sem lækna, sjúkrahúsa, blóðbanka og fleira. Vegna þessa hafi tæknideild Bundeskriminalamt í Wiesbaden framkvæmt blóðflokkagreiningu úr höfuðhárnum Guðmundar sem fengin hafi verið úr hárbursta sem hafi verið í hans eigu. Sú greining hafi sýnt fram á að Guðmundur hafi verið í blóðflokki A eða AB. Yrði greinargerð einnig send síðar um þetta atriði. Þá kom fram í skýrslunni að hnappur sem Guðmundur hafi rífið af frakka Kristjáns Viðars í átökum þeirra hafi samkvæmt framburði Kristjáns verið saumaður aftur á frakkann. Hafi þráðurinn og saumurinn sem hafi verið notaður við það verið sendur til rannsóknar BKA Wiesbaden og greinargerð um niðurstöðurnar yrði send síðar. Loks var bókað undir kaflanum „Jákvæð spor“ að framburður sakborninganna um lýsingu á Guðmundi þegar hann hafi verið særður og eftir að hann hafi látist hafi verið borinn undir, doktor Jónas Hallgrímsson, meinafræðing við Háskóla Íslands. Hafi hann sagt lýsingar þeirra læknisfræðilega réttar og hvorki getað fundið þær upp, lesið sér til um þær né komið sér saman um þær. Um þetta atriði var í skýrslunni vísað til athugasemdashýrslu Schütz, dagsett sama dag. Auk þess var þess getið að meinafræðingurinn væri reiðubúinn að gera vísindalega greinargerð væri þess óskað. Undir kaflaheitinu „Neikvæð spor“ kom fram að leitin að líki Guðmundar hafi ekki enn borið árangur. Margar ferðir hafi verið farnar til leitar, þar á meðal tvær skipulagðar leitir þar sem 70 manns hafi tekið þátt. Í 17 skipti hafi rannsóknarlögreglumenn leitað og í 11 skipti hafi þeir leitað ásamt sakborningunum Sævari, Kristjáni, Tryggva, Albert og vitninu Erlu. Fram kom að rætt hafi verið við starfsmenn sorphreinsunar Hafnarfjarðar sem hafi talið það algjörlega vonlaust að finna búi af laki með mannsaur sem Erla hafi fundið í sorptunnu. Þá sagði að hnífurinn sem Kristján Viðar hafi sagst hafa sært Guðmund

¹²⁶⁴ Bls. 1224.

með alvarlegu sári hafi enn ekki fundist, en að hans sögn hafi hann verið falinn í sjópoka í Hafnarfjarðarhrauni í ágúst 1974. Loks kom fram að blóðrannsókn við Háskóla Íslands hafi leitt í ljós að enginn sakborninganna hafi blóð úr flokki A.¹²⁶⁵

659. Þá liggur fyrir svokölluð athugasemdaskýrsla Schütz, dagsett þennan dag 21. september 1976, sem var fylgiskjal með framangreindri skýrslu. Þar kom fram að áberandi mikið samræmi væri í framburði sakborninganna og Erlu um lýsingu á ástandi Guðmundar þegar hann hafi verið alvarlega særður og einnig eftir andlát hans. Hafi þau sagt vonda, beiska lykt hafa gosið upp, líkri saurlykt, auk þess sem myndast hafi brúnleitur vatnsblettur. Hafi Erla sagst hafa fundið bút af lakinu, sem lík Guðmundar hafi verið vafið í, með mannsaur í sorptunnu morguninn eftir. Í skýrslu Schütz voru teknar upp setningar úr framburði Kristjáns Viðars um lýsingu á ástandi Guðmundar eftir að hann hafi stungið hann; „skyrtnan varð blóðug fyrir ofan beltið“, „vond beisk lykt eins og saurlykt gaus upp“, „Ég heyrði hljóð líkt og frá loftbólum, sem stíga upp í vatni, en herra.“ Þá var dregið fram að Kristján Viðar hafi greint frá því í yfirheyrslu að Guðmundur hafi rifið hnappa af frakka Kristjáns og hafi hnappurinn enn verið í lófa hans þegar líkið hafi verið flutt í bifreiðinni. Hafi Tryggvi Rúnar tekið hnappinn úr lófa Guðmundar og fengið Kristjáni hann.¹²⁶⁶ Loks hafi Tryggvi Rúnar lýst því að Sævar hafi sparkað í Guðmund með skó á fætinum sem hafi legið á gólfinu og hitt hann rétt fyrir ofan eyrað. Úr munni Guðmundar hafi runnið blóð. Í skýrsluna var bókað að framangreindar lýsingar hafi verið bornar undir doktor Jónas Hallgrímsson, meinafræðing. Í fyrsta lagi hafi hann efnislega sagt að ef sparkað væri fast í höfuð manns sem lægi á gólfi væri hugsanlegt að höfuðkúpubotn hans myndi brotna, en við það særast þunnar slímhúðir í koki og þá kemur blóð úr munni. Í öðru lagi hafi hnífstungan hægra megin í kvið sennilega hafa myndað sár á þarmi. Í slíkum tilvikum væri einkennandi að út gengi loft sem þarmurinn væri fullur af og við það heyrðist titrandi hljóð sem orsakaðist af þunnum veggjum þarmanna, sem Kristján Viðar hafi lýst sem: „loftbólum sem koma upp í vatni.“ Í þriðja lagi væri einnig rétt að við stungusár gæti runnið út vökvi sem líktist brúnleitri kvoðu og ætti það einkum við þegar hnífstunga hittir á ristil. Í fjórða lagi hafi meinafræðingurinn sagt að ef saurinn sem fundist hafi í lakbútnum hafi ekki verið þunnfljótandi heldur mótaður væri útilokað að hann hafi komið út úr stungusárinu. Hugsanlegt væri að hann hafi komið út um endaparminn eftir venjulegri leið, en slíkt kæmi oft fyrir þegar hinn látni hafi komist í mikla geðshræringu eða verið gripinn mikilli skelfingu fyrir andlátíð.¹²⁶⁷ Loks kom fram að þrátt fyrir að lík væri orðið stirt væri hægt að taka hnapp úr greip þess með valdi. Sinarnar væru svo teygjanlegar að þær gæfu eftir föstu taki, en myndu loka hendinni aftur. Í lok skýrslunnar var bókað um álit meinafræðingsins um að lýsingin á því sem hafi gerst rétt fyrir og eftir dauða Guðmundar væri áberandi rétt lýsing leikmanna sem ekki hafi verið unnt að afla sér með viðtölum, lestri eða öðrum hætti. Benti þetta eindregið til þess að framburður þessara aðila væri sannleikanum samkvæmur um þessi atriði. Bókað var að Pétur Eggerz hafi verið viðstaddur

¹²⁶⁵ Bls. 1226.

¹²⁶⁶ Bls. 1227.

¹²⁶⁷ Bls. 1228.

samræður Schütz og doktor Jónasar Hallgrímssonar. Þá kom fram að hann væri reiðubúinn að gera vísindalega greinargerð um þessi atriði.¹²⁶⁸

660. Fyrir liggur rannsóknarskýrsla frá doktor Ekkehard Kissling hjá Bundeskriminalamt í Wiesbaden til rannsóknarnefndar Reykjavíkur, dagsett þennan dag, 21. september 1976, um rannsókn á sönnunargögnum varðandi morðmál Guðmundar. Í skýrslunni var að finna lista yfir hluti sem rannsakaðir voru af tæknideild; buxur í eigu Sævars, buxur og peysa af Tryggva Rúnari, frakka, tvær skyrtur og skó af Kristjáni Viðari, ýmsa hluti úr innanklæðningu Volkswagen fólksbifreiðar, handfang, öskubakka, nokkra skrautlista, fjórar gólfmottur, fjögur hlífðaráklæði, gólfteppi úr svefnherbergi, stofu og gangi íbúðar að Hamarsbraut 11, hnífsblað og ljósmyndaalþúm. Í skýrslunni sagði að rannsaka hafi átt framangreind sönnunargögn til að leita að blóðleifum og leifum af saur eða eftir uppköst. Leit að blóði hafi verið gerð í smásjá og með benzidín prófi sem gæfi mjög góða svörun við forprófun.¹²⁶⁹ Hafi rannsókn leitt það í ljós að ekkert blóð hafi fundist á fatnaði sakborninganna nema á frakka Kristjáns Viðars. Á frakkanum hafi fundist fjórir blóðdropar á innanverðu vinstra framstykki rétt við fóðurfaldinn. Samkvæmt líffræðilegri eggjahvítugreiningu, svokölluðu Ulenluth prófi [Uhlenhuth prófi], hafi blóðdroparnir reynst vera mannsblóð. Rannsókn samkvæmt gleypni-skolunaraðferð (d. Absorptions-Elutions) hafi sýnt blóðflokk A. Vegna þess hve lítið magn hafi verið af efninu hafi ekki reynst unnt að gera á því nánari greiningu. Í rannsóknarskýrslunni kom fram að margir hlutar úr klæðningu Volkswagen bifreiðarinnar hafi verið fyrir hendi. Hafi einn hlutinn verið merktur: „Úr VW Bifr. Innan af vinstri hurð.“ Á hlutanum hafi fundist svartar leifar sem hafi gefið jákvæða svörun við Benzidín forprófun. Ekki hafi verið hægt að gera nánari blóðgreiningu, en tekist hafi að fá sönnun fyrir eggjahvítuefni úr manni sem bendi til að um mannsblóð hafi verið að ræða. Hafi nánari rannsóknir ekki leitt neitt sérstakt í ljós, en hugsanlegt væri að hér væri um að ræða leifar af miklu meira blóðmagni. Á öðrum hlutum klæðningarinnar og öðrum sönnunargögnum hafi ekki fundist leifar sem máli hafi skipt. Í lok skýrslunnar kom fram að við rannsókn á gólfteppi úr íbúðinni að Hamarsbraut 11 hafi fundist þykkur blóðdropi í teppi úr forstofu sem við rannsóknir hafi reynst mannsblóð. Vegna óhreininda hafi ekki verið unnt að gera nánari greiningu á honum. Þá hafi ekkert komið út úr rannsóknum á hnífsblaði sem þýðingu gæti haft í málinu.¹²⁷⁰
661. Loks barst þennan sama dag, 21. september 1976, rannsóknarskýrsla frá doktor Ekkehard Kissling um rannsókn á blóðsýnum og mannshári í sambandi við morð Guðmundar Einarssonar. Fram kom í skýrslunni að eftirtalin sönnunargögn hafi verið lögð fram til blóðvatnsrannsóknar: hárbursti með stálhárur, höfuðhár móður Guðmundar til samanburðar, rakvél, höfuðhár og skegghár bróður Guðmundar til samanburðar, blóðsýni úr Kristjáni Viðari, Erlu, Tryggva Rúnari, Sævari og foreldrum Guðmundar. Um niðurstöður rannsóknar á hárbursta sagði í skýrslunni að í rannsóknarbeiðni hafi komið fram að burstinn hafi einungis verið notaður af

¹²⁶⁸ Bls. 1230.

¹²⁶⁹ Bls. 1231.

¹²⁷⁰ Bls. 1232.

Guðmundi á meðan hann lifði. Eftir lát hans hafi burstinn ekki verið hreinsaður og eingöngu notaður af móður hans. Hafi rannsóknin lotið að því að athuga hvort blóðflokkagreining væri möguleg af hárum úr burstanum. Í skýrslunni var aðferðarfræðin að baki rannsókninni rakin í smáatriðum. Niðurstaðan var sú að A- og B-efni hafi fundist í hárum úr burstanum. Þar sem móðir Guðmundar hafi verið í B-blóðflokki gætu A-efnin ekki verið frá henni, heldur kæmi þar eingöngu til greina fólk í A- eða AB-blóðflokki. Ef í hárburstanum hafi örugglega engin önnur hár verið en Guðmundar og móður hans hafi Guðmundur samkvæmt því verið í A- eða AB-blóðflokki. Um rannsókn á hárum og skeggmylsnu úr rakvél sagði að ekki hafi verið unnt að gera neina sundurgreiningu á gerð efnisins og blóðvatnsrannsókn hafi ekki komið til greina.¹²⁷¹ Niðurstöður rannsóknar á blóðsýnum hafi leitt í ljós að Kristján Viðar, Erla, Tryggvi Rúnar og faðir Guðmundar hafi verið í O blóðflokki, en Sævar og móðir Guðmundar hafi verið í B blóðflokki.¹²⁷²

662. Miðvikudaginn 22. september 1976 var bókað í dagbók Síðumúlafangelsisins að Albert Klahn hafi komið klukkan 13:50 til fundar við Rúnar Sigurðsson og Jónas Bjarnason, rannsóknarlögreglumenn. Fyrir liggur samantektarskýrsla um samtal þeirra þar sem fram kom að eftir nokkrar viðræður hafi verið farið með Albert út í Hafnarfjarðarhraun. Var akstursleiðinni lýst nokkuð nákvæmlega. Bókað var að þegar komið hafi verið í Kúagerði hafi Albert virst kannast við það svæði en fundist það hafa breyst nokkuð ef um sama stað hafi verið að ræða. Var þess getið að þeir hafi verið þar í nokkurn tíma áður en haldið var aftur til Reykjavíkur.¹²⁷³ Í annarri samantektarskýrslu, ódagsettri, en ritaðri af Jónasi Bjarnasyni, kom fram að farið hafi verið með Albert til leitar að tveimur pokum sem hann hafi sagst hafa flutt fyrir Sævar, Tryggva Rúnar og Kristján Viðar á Toyota bifreið föður síns á árinu 1974, líklegast í september. Var því nákvæmlega lýst hvaða leið hafi verið ekið og lýsingum Alberts á aðstæðum gerð skil. Fram kom í skýrslunni að rætt hafi verið við landeiganda sem upplýst hafi að mikil efnistaka hafi átt sér stað á svæðinu. Bókað var einnig um samtal við verkstjóra Vegagerðarinnar sem hafi haft umsjón með efnistöku á svæðinu.¹²⁷⁴ Haft var eftir honum að það svæði sem Albert hafi bent á hafi breyst allmikið síðan 1974 en mikið efni hafi verið tekið í Keflavíkurvegin.¹²⁷⁵
663. Bókað var í fangelsisdagbókina klukkan 15:50 þennan dag að Haraldur og Grétar hafi flutt Sævar til viðtals við Schütz í sakadómi Reykjavíkur. Klukkan 18:35 var bókað að Grétar, Sigurbjörn Víðir og Pétur Eggerz hafi komið með Sævar úr sakadómi.¹²⁷⁶ Rannsóknargögn um viðtalið liggja ekki fyrir.
664. Fyrir liggur samantektarskýrsla Rúnars Sigurðssonar, rannsóknarlögreglumanns, dagsett 23. september 1976, um viðtal við Albert Klahn í húsakynnum sakadóms. Greindi Albert frá því að honum hafi verið kunnugt um að Erla hafi verið með

¹²⁷¹ Bls. 1235.

¹²⁷² Bls. 1236.

¹²⁷³ Bls. 1220.

¹²⁷⁴ Bls. 1261.

¹²⁷⁵ Bls. 1262.

¹²⁷⁶ Dagbók nr. 5, bls. 73b.

farmiða, áfengi og gjaldeyri kvöldið áður en lögreglan hafi handtekið hana í seinna skiptið. Vissi hann ekki hvar hún hafi fengið þessa hluti en kvaðst ætla að kanna það nánar. Kvaðst Albert hafa verið við vinnu í Bolungarvík í ágúst 1974 ásamt Sævari. Bókað var í skýrsluna að við könnun hafi komið í ljós að það hafi verið árið á undan, 1973, sem Albert hafi verið í Bolungarvík. Þegar Albert hafi verið greint frá þessu hafi hann sagt það geta verið en minni sitt væri ekki betra en þetta.¹²⁷⁷

665. Meðal rannsóknargagna liggur fyrir fylgibréf frá Karli Schütz með yfirliti yfir framburð sakborninga og vitna í Guðmundarmálinu. Fram kom að yfirlitið væri gert í rétttri tímaröð (d. Raumraffer-system) og ætti að gefa ljósa yfirsýn yfir framburði sem oft bæri ekki alveg saman í nokkrum atriðum eða stönguðust jafnvel á. Yfirlitið næði yfir allan þýðingarmikinn framburð sem fram hafi komið fyrir 18. september 1976. Í fylgibréfinu sagði að tilgangurinn með yfirlitinu væri þríþættur, í fyrsta lagi til að skýra einstök atriði í framburði mismunandi aðila, sem bæri alveg saman eða væru svipuð, til þess að geta dæmt um hvort atburðirnir gætu verið hreinn tilbúningur eða hvort öruggt væri að þeir hafi gerst svo hægt væri að fella dóm um þá. Í öðru lagi væri tilgangurinn sá að varpa ljósi á skort á sönnunum (eyður í yfirheyrslum) og í þriðja lagi til að sýna fram á þýðingarmikil atriði sem stönguðust á. Þá var einnig meðfylgjandi bréfi Schütz upptalning og mat á sönnunargögnum sem fundist hafi í millitíðinni, dagsett 21. september 1976 og gerð var grein fyrir hér að framan. Yfirlitið yfir framburði sakborninga og vitna í Guðmundarmálinu liggur fyrir meðal rannsóknargagna.
666. Föstudaginn 24. september 1976 var bókað í dagbók fangelsisins við Síðumúla klukkan 16:15 að bróðir Sævars hafi komið með berjapoka. Var þess getið að berin yrðu ekki afhent fyrr en að minnsta kosti eftir vaktaskipti. Tíu mínútum síðar var bókað um komu móður Sævars með föt á hann, ávexti, kex og sælgæti. Bókað var að sendingin biði einnig kvöldsins.
667. Séra Jón Bjarman fangelsisprestur ritaði dómsmálaráðuneytinu bréf dagsett þennan dag og fór þess á leit að ráðuneytið myndi þegar í stað láta fara fram könnun á framkvæmd viðurlaga við agabrotum í Síðumúlafangelsinu. Tilefni þessarar óskar voru frásagnir tveggja fanga í sálgæsluviðtölum við Jón sem hafi kvartað undan því að þeir hafi verið beittir ótilhlýðilegri harðýðgi vegna agabrota á reglum sem þeir báru um að hafa ekki verið kynntar. Annar þeirra, [ÖS], greindi séra Jóni frá málsatvikum 3. september 1976 er hann kom að máli við hann á Litla-Hrauni þar sem [ÖS] var að afplána refsingu. Sá síðarnefndi, [GK], hafi greint séra Jóni frá málsatvikum 23. september sama ár, í samtali þeirra sem fram fór í Hegningarhúsinu þar sem [GK] sæti enn í gæsluvarðhaldi. Séra Jón tók það fram að ekki væri vitað til þess að mennirnir þekktust, né hefðu talast við auk þess sem afbrot þeirra væru sitthvors eðlis. [GK] hefði raunar kvartað bæði við réttargæslumann sinn og rannsóknardómara. Lýsing beggja manna á atvikum hafi þó nánast verið sú sama. Þeir hafi verið færðir í einangrunarklefa, lagðir þar á gólf, járnaðir á höndum og fótum og festir annars vegar við stólfót sem skrúfaður hafi verið fastur við gólfið og hins vegar við rúmfót á

¹²⁷⁷ Bls. 1220.

naglföstum járnbekk sem hafi verið í klefanum. [GK] hafi verið haldið svona í um það bil fjórar klukkustundir en [ÖS] hafi ekki tiltekið hve lengi honum hafi verið haldið á þennan máta. Séra Jón gat þess að hann hefði kynnt sér lög og gildandi reglur og kvaðst ekki sjá að fyrirætlum laga eða reglna hafi verið fylgt áður en viðurlögum var beitt auk þess sem séra Jón sá ekki að þessi viðurlög væru verjandi í ljósi ákvæðanna. Séra Jón vísaði til þess að ráðuneytinu væri kunnugt um hið óeðlilega ástand sem ríkt hefði í fangelsinu við Síðumúla allt frá 23. desember 1975. Gat hann þess að margir þeirra fanga sem hafi verið í gæsluvarðhaldi á þessu tímabili hafi kvartað undan harðræði og því að vera haldið í stöðugum ótta, bæði í sambandi við framkvæmd gæslunnar og við yfirheyrslur og rannsóknaraðgerðir í sambandi við mál sín. Bréf þetta kvaðst séra Jón senda af vandlega yfirveguðu ráði en brýna nauðsyn bæri til að kannað yrði af óvilhöllum aðila hvort í þessum tilvikum og öðrum hafi verið beitt ótilhlýðilegri harðýðgi við gæslufanga. Eins kvað hann gott ef unnt væri að fá upplýsingar um hvort sérstakar reglur giltu um fangelsið við Síðumúla 28 og hverjar þær væru ef svo háttaði til.¹²⁷⁸

668. Daginn eftir var bókað í fangelsisdagbókina að Guðsteinn læknir hafi komið klukkan 17:07 og tekið til viðtals Tryggva Rúnar og Sævar meðal annarra. Bókað var að læknirinn hafi farið klukkan 18:00.¹²⁷⁹
669. Mánudaginn 27. september 1976 var bókað í dagbók fangelsisins í Síðumúla klukkan 10:15 að pantað hafi verið Tryptizol hjá Guðsteini lækni. Klukkan 10:45 var bókað um símtal frá Erni Höskuldssyni vegna ósk Schütz og féлага um að Kristján Viðar fengi segulband til að hlusta á músík. Bókað var að skilyrðin yrðu þau að Kristján Viðar hlustaði á segulbandið í gegnum heyrnatól. Ef nokkurn tímann heyrðist í tækinu fram á gang yrði það tekið af honum tafarlaust.¹²⁸⁰ Færsluritari, Gunnar Guðmundsson, forstöðumaður, bókaði athugasemd í fangelsisdagbókina þennan dag um að honum hafi borist afrit af bréfi sem séra Jón Bjarman, fangelsisprestur, hafi sent dóms- og kirkjumálaráðuneytinu og dagsett hafi verið 24. september 1976. Bókað var að í bréfinu hafi presturinn kært þá fyrir illa meðferð á gæsluföngum. Hafi hann tilgreint sérstaklega fangana [ÖS] og [GK]. Bókað var orðrétt: „Einnig drepur hann lauslega á aðra fanga og meðferð okkar og lögreglumanna á þeim.“ Var þess getið að bréfið hafi verið sett í möppu merktri „ýmiskonar bréf“ og bókað að fangaverðir ættu að kynna sér efni þess. Bókað var klukkan 16:12 að Kristján Viðar hafi verið færður fyrir Harald. Klukkan 16:25 var bókað að Jón Oddsson, réttargæslumaður Sævars, hafi hringt og spurt hvernig skjólstæðingur sinn hefði það. Bókað var að Jóni hafi verið sagt að Sævar hefði það gott miðað við aðstæður. Bókað var að Kristján Viðar hafi verið færður aftur á klefa sinn klukkan 19:15. Rannsóknargögn um yfirheyrsluna liggja ekki fyrir. Bókað var klukkan 19:47 að Tryggvi Rúnar hafi verið færður fyrir Sigurbjörn Víði.¹²⁸¹ Var Tryggvi Rúnar færður aftur á klefa sinn klukkan 20:00.¹²⁸² Rannsóknargögn um yfirheyrsluna liggja ekki fyrir.

¹²⁷⁸ Bls. 1237_A–B.

¹²⁷⁹ Dagbók nr. 5, bls. 75b.

¹²⁸⁰ Dagbók nr. 5, bls. 76b.

¹²⁸¹ Dagbók nr. 5, bls. 77.

670. Þennan dag var tekið viðtal við [JIG] á heimili hennar. Skýrsla um viðtalið liggur fyrir meðal rannsóknargagna. Fram kemur að tilefni viðtalsins hafi verið framburður Kristján Viðars um að hann hafi hringt heim til Alberts Klahn til að fá hann til að flytja poka heiman frá sér að Grettisgötu 82 og [JIG] hafi svarað símanum. Hafi [HeG] verið hjá henni þegar símtalið hafi átt sér stað. [JIG] neitaði að þetta símtal hafi átt sér stað og kvaðst aldrei hafa talað við Kristján Viðar í símann. Hafi hún búið að Laugavegi 24 á tímabilinu 1. maí 1974 og fram til 15. mars 1975. Enginn sími hafi verið í íbúðinni og því hafi Kristján Viðar ekki getað hafa hringt þangað. Þá hafi hún einungis verið gestur á heimili Alberts á þeim tíma og af þeim sökum hefði hún ekki svarað í símann þar. [JIG] greindi frá því að eftir áramótin 1973, 1974 hafi Sævar farið að heimsækja [HeG]. Það hafi sennilega verið í febrúar 1974, þegar Sævar hafi verið í gæsluvarðhaldi, að Erla og [HeG] hafi hist í gleðskap heima hjá Erlu að Hamarsbraut. Hafi þær sennilega þá komist að því að þær höfðu báðar verið með Sævri. Seinna hafi hún heyrt það frá [HJP] að þarna hafi verið drukkið „blóðte“. Loks greindi [JIG] frá því að fyrir nokkrum dögum hafi [HeG] sagt sér frá því að á því tímabili sem Sævar hafi heimsótt hana á Kópavogshælið hafi hann komið með skyrtu sem í hefðu verið blóðblettir.¹²⁸³ Fyrir liggur skýrsla um viðtal við [HeG] af sama tilefni. Bókað var að hún myndi ekki eftir að hafa vitað til þess að [JIG] hafi svarað símtali frá Kristjáni Viðari.¹²⁸⁴
671. Meðal rannsóknargagna liggur fyrir önnur skýrsla dagsett sama dag, 27. september 1976, um skyrtu af Sævri sem blóð hafi verið í. Fram kom í skýrslunni að [HeG] hafi aðspurð sagt það vera rétt að Sævar hafi komið til sín með svarta skyrtu sem hann hafi síðar sagt henni að henda. Hafi hún gefið bróður sínum skyrtuna. Fram kom í skýrslunni að rætt hafi verið við bróður [HeG] og hafi hann afhent lögreglunni umrædda skyrtu sem hafi verið svört, úr gerfiefni og með leggingum framan á öxlum. Kvaðst hann ekki muna eftir neinum blettum í skyrtunni. Bókað var að einnig hafi verið rætt við móður [HeG] og hafi hún sagst margoft hafa þvegið skyrtuna en hún hafi verið eins og ný. Kvaðst hún enga bletti hafa séð í henni.¹²⁸⁵
672. Þriðjudaginn 28. september 1976 var bókað í dagbók Síðumúlafangelsisins klukkan 19:20 að Sigurbjörn Víðir hafi tekið Tryggva Rúnar tali, eins og það var orðrétt bókað. Á sama tíma var bókað í fangelsisdagbókina að Tryggvi Rúnar hafi ekki matast í dag þar sem hann væri ósáttur við kerfið. Var Tryggvi færður á klefa sinn klukkan 20:00. Rannsóknargögn um viðtalið liggja ekki fyrir.¹²⁸⁶
673. Fyrir liggur að sama dag skipaði dómsmálaráðherra Steingrím Gaut Kristjánsson héraðsdómara sem sérstakan dómara til að fara með rannsókn vegna kæra um ótilhlýðilega beitingu viðurlaga við agabrotum í fangelsinu við Síðumúla 28.
674. Þennan dag var [HeG] yfirheyrð af rannsóknarlögreglunni í Reykjavík. Fyrir liggur skýrsla um yfirheyrsluna þar sem fram kom að hún hafi aðeins þekkt Sævar af afspurn

¹²⁸² Dagbók nr. 5, bls. 77b.

¹²⁸³ Bls. 1238–1239.

¹²⁸⁴ Bls. 1240.

¹²⁸⁵ Bls. 1241.

¹²⁸⁶ Dagbók nr. 5, bls. 78.

þar til í janúar 1974 þegar hann hafi komið erlendis frá. Eftir það hafi samband þeirra orðið nánara og staðið í viku eða 10 daga. Hafi hann yfirleitt komið á hverri nóttu til hennar á Kópavogshælið þar sem hún hafi búið en stoppað stundum mjög stutt. Hafi samband þeirra staðið milli þess er hann hafi komið að utan í janúar 1974 og þar til hann hafi verið settur í gæsluvarðhald 4. febrúar sama ár. [HeG] sagði Sævar yfirleitt hafa komið einn og á mismunandi tímum. Á þessu tímabili myndi hún eftir því að þegar hún hafi komið af vakt klukkan 21:00 þá hafi Sævar verið í herberginu og þrír aðrir með honum. Kvaðst hún hafa þekkt Kristján Viðar og Tryggva Rúnar. Sá fjórði hafi verið maður á aldursbilinu 20 til 30 ára, en hún kvaðst ekki muna frekar eftir útliti hans. Kvaðst hún halda að Kristján Viðar hafi þekkt hann. Þá hafi Sævar einu sinni komið til sín og þá hafi Albert Klahn og Kristján Viðar verið með honum og einnig fjórði maður. Hafi það verið ungur maður sem henni hafi fundist sem ætti ekki heima í þessum félagsskap. Kvaðst [HeG] hafa hugleitt það síðan hvort það hafi getað verið Guðmundur Einarsson.¹²⁸⁷ Kvaðst hún ekki muna útlit hans að öðru leyti en að hann hafi verið dökkhærður með meðalsítt hár og dökkklæddur. Hann hafi verið hægur og fátalaður, en undir áhrifum áfengis eins og flestir það kvöld. Kvaðst hún telja að þetta hafi verið á föstudags- eða laugardagskvöldi á framangreindu tímabili. Sagði [HeG] það geta verið að Albert hafi verið kominn á undan hinum og þeir hafi verið að spyrja eftir honum en þeir hafi verið á ganginum fyrir framan herbergi [JIG], vinkonu Alberts. Á þessu tímabili hafi Sævar verið mjög undarlegur og stundum þegar hann hafi komið til hennar hafi hann ætt um gólf og farið svo aftur. Kvaðst [HeG] muna eftir því að Sævar hafi í eitt skipti sagt við hana að hann hafi drepíð mann. Þegar hún hafi spurt nánar út í það hafi hann ekki svarað neinu sem mark hafi verið á takandi, en hafi þó sagt að það hafi verið erlendis. Síðar hafi hún frétt af því að Sævar hafi verið að grobba sig af því að hafa drepíð mann og talað um að auðvelt væri að láta menn hverfa. Greindi [HeG] frá því að í eitt skipti þegar Sævar hafi komið til sín síðla nætur á þessu tímabili, frá 23. janúar 1974 og þar til 4. febrúar sama ár, hafi hann beðið hana um að þvo svarta skyrtu. Kvaðst hún ekki muna að hann hafi beðið hana um að þvo neitt sérstakt úr henni. Hafi skyrtan verið sett inn í skáp og þegar hún hafi spurt hvort hann ætlaði ekki að taka skyrtuna þá hafi Sævar sagt henni að henda henni. Kvaðst [HeG] hafa skoðað skyrtuna þegar Sævar hafi verið kominn í gæsluvarðhald í febrúar 1974 og muna að þá hafi verið einhverjir dökkir blettir framan á henni. Treysti hún sér ekki til að segja til um hvort þarna hafi verið um að ræða blóð eða ekki. [HeG] kvaðst vita að Sævar hafi einnig verið með Erlu á sama tíma og þau hafi verið að hittast. Minnti hana að hún hafi komið ásamt [HJP] heim til Erlu í Hafnarfirði þegar Sævar hafi verið í gæsluvarðhaldi í febrúar 1974. Síðan þá hafi [HJP] spurt hana hvort hún myndi ekki eftir blóðinu. Sagði [HeG] að einhver hryllingur hafi verið í [HJP] í þessu sambandi. Kvaðst hún ekki geta munað eftir því sem hann hafi talað um. Hafi hún og [HJP] drukkið eitthvað úr flösku heima hjá Erlu, áfengi eða einhvers konar vímugjafa en Erla hafi ekki viljað drekka þetta. Kvaðst hún muna að þetta hafi verið eitthvað ólystugt, en myndi ekki eftir blóði í því sambandi.¹²⁸⁸

¹²⁸⁷ Bls. 1242.

¹²⁸⁸ Bls. 1243–1244.

675. Miðvikudaginn 29. september 1976 var bókað í dagbók Síðumúlafangelsisins klukkan 19:55 að Grétar Sæmundsson hafi tekið Sævar til yfirheyrslu. Bókað var klukkan 01:05 að viðtali Grétars og Sævars hafi lokið, en rannsóknargögn liggja ekki fyrir.¹²⁸⁹
676. Bókað var í ódagsetta samantektarskýrslu, ritaða af Jónasi Bjarnasyni, að dagana 28. og 29. september 1976 hafi verið leitað mjög nákvæmlega á framangreindu efnistökusvæði sem Albert Klahn hafi bent rannsóknarlögreglunni á, en án árangurs.¹²⁹⁰
677. Daginn eftir, 30. september 1976, var bókað í dagbók fangelsisins að pöntuð hafi verið lyf hjá Guðsteini lækni klukkan 10:00, Chloral og Diazepam 5 mg. Bókað var klukkan 13:50 að Rúnar Sigurðsson hafi komið og tekið Sævar til tals.¹²⁹¹ Klukkan 20:35 var bókað að Grétar hafi hringt og spurt fréttu af yfirheyrslu. Bókað var klukkan 21:45 að Jón Oddsson, réttargæslumaður Sævars, hafi komið að beiðni Rúnars og hafi hann blandast í hornið, eins og það var orðað í færslunni. Klukkan 22:45 var bókað að yfirheyrslu og viðtali Sævars hafi lokið og hann hafi verið settur inn á klefa sinn. Var þess getið í bókuninni að yfirheyrslan hafi staðið lengur yfir en lögboðnar sex klukkustundir en það hafi verið með vitund og vilja Sævars og vottað af Jóni Oddssyni, réttargæslumanni hans, og færsluritari, Erni Ármanni Sigurðssyni.¹²⁹²
678. Fyrir liggur skýrsla um yfirheyrsluna yfir Sævari þennan dag. Var tilefni yfirheyrslunnar framburður hans og vitneskja um hvarf Guðmundar. Í upphafi kvaðst Sævar vilja nú skýra frá því sem hafi skeð 26. janúar og aðfaranótt 27. janúar 1974. Kvaðst hann hafa verið staddur hjá kunningjakonum sínum að Vesturgötu 24 og þar hafi Albert Klahn einnig verið. Hafi Albert verið á leið til Kristjáns Viðars en hann ætlað að starfsmannabústaðnum að Kópavogshæli. Kvaðst Sævar hafa tekið leigubifreið þangað og hitt [HeG]. Hafi þau drukkið áfengi saman. Um klukkustund síðar hafi Kristján Viðar komið og kvaðst Sævar hafa vitað að Tryggvi Rúnar hafi verið með honum í leigubifreið. Taldi Sævar það hugsanlegt að [ViG] hafi ekið þeim, en hann hafi umgengist þá nokkuð mikið á þeim tíma. Þá sagði Sævar það geta verið að Guðmundur Einarsson hafi verið með þeim í bifreiðinni. Erindi Kristjáns Viðars hafi verið að fá hjá honum peninga að láni. Sagðist Sævar hafa svarað honum að hann hefði ekki neina peninga á sér og kvaðst muna eftir að hafa átt í einhverjum orðaskiptum við Kristján vegna þessa en hann hafi svo farið. Kvaðst Sævar þá hafa hugleitt hvort þeir myndu ekki fara að Hamarsbrautinni og leita að peningum þar, en íbúðin hafi nær alltaf verið opin og því mjög auðvelt að komast þar inn. Kvaðst Sævar vilja geta þess að hann hafi verið með 80.000 krónur á sér í peningum, en hann hafi ekki viljað lána Kristjáni Viðari peninga þar sem hann greiddi yfirleitt ekki skuldir sínar. Hafi peningarnir komið til vegna hassölu.¹²⁹³ Kvaðst Sævar hafa farið fljótlega og tekið leigubifreið frá Kópavogsbíó að Hamarsbraut. Þegar hann hafi komið að húsinu hafi hann mætt Kristjáni Viðar, Tryggva Rúnari og einhverjum manni sem

¹²⁸⁹ Dagbók nr. 5, bls. 78b.

¹²⁹⁰ Bls. 1262.

¹²⁹¹ Dagbók nr. 5, bls. 79.

¹²⁹² Dagbók nr. 5, bls. 79b.

¹²⁹³ Bls. 1245.

hann vissi núna að hafi verið Guðmundur Einarsson. Þeir hafi verið á leiðinni út þegar hann hafi komið að en þeir allir snúið aftur inn í íbúðina. Kvaðst Sævar hafa sagt þeim að þeir gætu ekki verið þarna þar sem Erla væri húsráðandi og hún myndi ekki kæra sig um veru þeirra í íbúðinni. Hafi Kristján Viðar verið jákvæður gagnvart þessum ummælum hans, en Tryggvi Rúnar og Guðmundur hafi brugðist illa við. Hafi einhver orðaskipti átt sér stað inni í stofunni og mundi Sævar að Guðmundur hafi búið sig undir að fljúga á hann. Hafi Kristján Viðar þá ráðist á hann og hafi þeir slegist á gólfinu. Sævar sagðist þá hafa farið strax inn á salerni og lokað að sér. Þaðan hafi hann heyrt nokkuð brölt, hávaða og stunur frá áflogunum. Kvaðst hann hafa heyrt stunur bæði frá Kristjáni og Guðmundi. Eftir nokkra stund hafi Tryggvi Rúnar kallað á hann og verið kominn inn í þvottahúsið til þess að leita að honum. Kvaðst Sævar einnig minnst þess að Kristján hafi komið á salernið og kallað: „Heyrðu, Sævar!“ Kvaðst Sævar þá hafa farið með Kristjáni Viðari fram í stofu og séð þá hvar Guðmundur hafi legið á gólfinu og búið að breiða yfir hann lak. Mundi Sævar að Kristján Viðar hafi sagt að Guðmundur væri dáinn. Hafi Kristján Viðar skýrt frá því að maðurinn hefði komið sér í gólfið og náð á sér haustaki. Hafi Kristján ekki getað gert sér grein fyrir hvað hafi skeð. Greindi Sævar frá því að þegar Kristján Viðar hafi komið að Kópavogshælinu fyrr um kvöldið hafi hann veitt því athygli að hann hafi verið með hníf. Hafi þetta verið gamall byssustingur, 40–45 sentímetra langur, sem Kristján Viðar hafi keypt þegar þeir voru í Kaupmannahöfn 1973. Hafi hulstrið utan um hann verið um það bil sjö sentímetrar á breidd. Mundi Sævar að Kristján Viðar hafi verið í brúnum frakka og með hnífinn hægra megin. Sævar sagði þá hafa rætt hvort þeir ættu að kalla til lögreglu eða ekki. Hafi þeir síðan ákveðið að bíða með það og var Guðmundur dreginn inn í þvottahús. Kvaðst Sævar muna eftir að hafa nefnt að hann væri hræddur um að Erla gæti komið heim. Eftir að Guðmundi hafi verið komið fyrir í þvottahúsinu hafi þeir farið út og ekið í burtu í leigubifreið sem Sævar kvaðst hafa hringt á skömmu áður. Kvaðst Sævar vilja geta þess að hann hafi séð blóð í lakinu og fundið sterka lykt sem hann myndi eftir að hafa fundið þegar hann hafi verið í sveit og væri einna líkust saurlykt. Sagði Sævar að Guðmundur hafi legið á bakinu þegar þeir hafi farið að handleika hann og draga hann fram í geymsluherbergið. Hafi hann og Tryggvi Rúnar tekið í sitthvora öxlina á Guðmundi og Kristján Viðar hafi tekið undir fæturna.¹²⁹⁴ Þannig hafi Guðmundur verið borinn fram í geymsluherbergið. Síðan hafi þeir farið í leigubifreiðina og beint í nætursöluna þar sem Sævar kvaðst hafa keypt sér Coca Cola. Mundi hann að þeir hafi ekkert rætt atburðinn í leigubifreiðinni og þeir hafi verið mjög niðurdregnir út af þessu. Þegar þeir hafi komið aftur að Hamarsbrautinni hafi Erla verið komin heim og mundi Sævar að Kristján Viðar hafi farið að ræða við hana. Hafi það komið til umræðu milli hans, Kristjáns Viðars og Tryggva Rúnars að leggja Guðmund á bersvæði þar sem hann myndi finnast. Hafi þeir horfið frá þeirri hugmynd þar sem þeir töldu að hægt yrði að rekja slóðina til þeirra. Hafi síðan verið ákveðið að hringja til Alberts Klahn. Kvaðst Sævar muna að Kristján Viðar hafi staðið í þvottahúsdyrnunum og sagt honum að hringja í Albert. Kvaðst Sævar hafa hringt í Albert og sagt honum að áriðandi væri að hann

¹²⁹⁴ Bls. 1246.

kæmi og hann fengi hassmola fyrir. Eftir það hafi hann farið inn í svefnherbergi og rætt við Erlu. Áflog hafi orðið og maður dáíð en það hafi verið slys. Hafi Erla verið undir áhrifum áfengis og hún lögst fyrir en Kristján Viðar hafi þá verið búinn að greina henni frá atburðinum. Ákveðið hafi verið á meðan beðið var eftir Alberti að fara með líkið af Guðmundi út í hraunið sunnan Hafnarfjarðar. Þegar Albert hafi ekið niður húsasundið að Hamarsbraut 11 hafi hann blikkað ljósunum svo þeir hafi orðið varir við það úr svefnherberginu. Hafi Kristján Viðar farið strax út og talað við Albert og útskýrt fyrir honum hvað hafi komið fyrir. Taldi Sævar að Albert hafi komið inn í forstofu og hafi hann og Tryggvi Rúnar borið manninn út en hann hafi farið að ræða við Erlu. Hafi Erla komið fram á gang. Hafi Tryggvi Rúnar og Albert haldið í sitthvorn endann á lakinu og mundi Sævar að Kristján Viðar hafi sagt við sig að fara með Erlu inn í svefnherbergi til að fyrirbyggja að hún fengi lost þegar hún sæi Guðmund. Kvaðst Sævar hafa farið með hana inn í herbergi, tekið utan um hana og sagt henni að hún skyldi ekki vera hrædd. Hann myndi fara með þeim en koma strax aftur. Þetta væri hrottalegur atburður en hefði verið slys. Sævar sagði Albert hafa verið að loka farangursgeymslunni á bifreiðinni þegar hann hafi komið út og Kristján Viðar og Tryggvi Rúnar hafi farið inn í bifreiðina vinstra megin. Hafi framendi bifreiðinnar snúið til suðurs og hafi hann gengið fram fyrir bifreiðina og sest inn í hana hægra megin. Hafi Tryggvi Rúnar setið beint fyrir aftan hann, en Kristján Viðar fyrir aftan Albert. Sævar kvaðst muna að þeir hafi ekið veginn sem hafi legið að Sædýrasafninu og eins að þeir hafi farið afleggjarann sem hafi legið að Álverinu.¹²⁹⁵ Kvaðst Sævar reiðubúinn að fara eina ferð enn með lögreglunni út í Hafnarfjarðarhraun og gera ítrekaða til raun til þess að finna þann stað sem Guðmundur hafi verið settur á. Hafi þeir allir farið út úr bifreiðinni þegar komið hafi verið á þann stað þar sem Guðmundur var tekinn út úr bifreiðinni. Kvaðst Sævar ekki geta greint frá staðnum nákvæmlega. Kristján Viðar og Tryggvi Rúnar hafi tekið í sitthvorn enda á lakinu sem Guðmundur hafi verið vafinn inn í og borið hann út í hraun. Hann og Albert hafi gengið stuttan spöl á eftir þeim en snúið svo aftur að bifreiðinni og biðu þar í um 20 mínútur. Hafi þeir komið með lakið til baka og kvaðst Sævar muna að það hafi verið gult á litinn. Strax hafi verið haldið heim á leið og kvaðst Sævar hafa farið úr bifreiðinni við Hamarsbrautina og hafa tekið lakið með sér og hent því í sorptunnuna utan við húsið. Kvaðst Sævar hafa farið inn og rætt lítillaga við Erlu frameftir nóttu en farið síðan aftur að Kópavogsbústaðnum þar sem hann hafi sofið það sem eftir var af nóttinni. Þegar Erla hafi komið heim úr vinnu að kvöldi 27. janúar 1974 hafi þau rætt um atburðarásina og kvaðst Sævar muna að Erla hafi verið hrædd um að Tryggvi Rúnar og Kristján Viðar myndu koma aftur að Hamarsbrautinni. Bókað var í lok skýrslunnar að Sævar vildi geta þess að hann hafi verið staddur á Vesturgötu 24 um klukkan 22:00 að kvöldi 26. janúar 1974. Kvaðst hann telja að hann hafi verið kominn í Kópavogsbústaðinn milli klukkan 22:30 og 23:00. Hafi hann dvalið þar í um klukkustund þegar hann hafi svo farið að Hamarsbrautinni og kvaðst því telja að klukkan hafi verið um miðnætti þegar þangað hafi verið komið. Bókað var í lokin að Sævari væri ljóst að yfirheyrslan hafi staðið yfir í meira en sex klukkustundir

¹²⁹⁵ Bls. 1247.

samfleytt, en hann hafi óskað eftir því að haldið yrði áfram uns skýrslunni væri lokið hvað sem tímanum hafi liðið.¹²⁹⁶

679. Föstudaginn 1. október 1976 var bókað í dagbók Síðumúlafangelsisins að Jónas og Rúnar hafi farið með Sævar í bílferð klukkan 13:10. Bókað var klukkan 16:40 að [SÓG] móðir Sævars hafi komið með kex, ópal, epli, appelsínur, tvö súkkulaði, tyggigúmmí og sveskjur. Klukkan 17:10 var bókað að Rúnar hafi komið með Sævar úr ökuferð.¹²⁹⁷ Fyrir liggur ódagsett samantektarskýrsla þar sem fram kemur að farið hafi verið með Sævar í hraunið sunnan Hafnarfjarðar þennan dag. Bókað var að við yfirheyrslu daginn áður hafi hann látið í ljós vilja sinn til að gera sitt besta til að vísa á hvar hann og félagar hans hafi urðað lík Guðmundar. Bókað var að ekið hafi verið suður í hraunið á móti Álverinu. Hafi vegurinn endað í rauðamalargryfju og þar hafi Sævar sagst kannast við sig. Hafi Sævar sagt þá alla fjóra hafa tekið lík Guðmundar út úr bifreiðinni sem hafi verið vafið í lök og grátt plast. Haft var eftir Sævari að Tryggvi og Kristján Viðar hafi tekið í sitthvorn enda laksins og gengið með líkið milli sín út í hraunið og komið tómhentir til baka. Hafi Sævar sagst minnst þess sérstaklega að hafa séð greinilega turna Álversins í Straumsvík í umrætt sinn. Bókað var í samantektarskýrsluna að leitað hafi verið vandlega á þessum stað, en frá þeim stað sem Sævar hafi bent lögreglunni á hafi turnarnir blasað við. Hafi leitinn ekki borið árangur en á meðan henni stóð hafi Sævar af og til haft orð á því að líkið hafi sennilega verið lagt þarna í sprungu til bráðabirgða en síðan flutt. Bókað var í skýrsluna að Sævar hafi ekki fengist til að tjá sig um það frekar og sagst ekki hafa tekið þátt í þeim flutningi.¹²⁹⁸
680. Laugardaginn 2. október 1976 var bókað í dagbók Síðumúlafangelsisins að Guðsteinn læknir hafi komið klukkan 08:50 og talað við Tryggva Rúnar meðal annarra til klukkan 09:30. Bókað var að læknirinn hafi breytt lyfjum og var vísað til lyfjaskrár um það. Bókað var klukkan 11:08 að Jóna fangavörður hafi hringt og spurt eftir Sigurbirni Víði. Var þess getið að hún þyrfti endilega að tala við hann vegna Erlu. Klukkan 13:15 var bókað að Grétar Sæmundsson, rannsóknarlögreglumaður, hafi komið til að tala við Sævar og var hann færður fyrir Grétar fimm mínútum síðar. Bókað var að Sævar hafi verið færður á klefa sinn klukkan 16:12 að viðtali loknu.¹²⁹⁹ Rannsóknargögn um viðtalið liggja ekki fyrir. Færsluritari, Gunnar Guðmundsson, bókaði um að hafa sagt Sigurbirni Víði frá því að Jóna fangavörður hafi verið að reyna að ná í hann vegna Erlu. Hafi Sigurbjörn Víðir ætlað að athuga það. Eftir miðnætti var bókað í dagbók fangelsisins að nokkur þung högg hafi heyrst um nóttina en engin skýring hafi fengist á þeim.¹³⁰⁰
681. Þennan dag hóf Tryggvi Rúnar að halda dagbók um vist sína í Síðumúlafangelsinu. Dagbókin liggur fyrir meðal rannsóknargagna. Þennan dag ritaði Tryggvi Rúnar færslu í dagbókina um að tíminn í einangrun væri orðinn ansi langur, nærri 10 og hálfur

¹²⁹⁶ Bls. 1248.

¹²⁹⁷ Dagbók nr. 5, bls. 80.

¹²⁹⁸ Bls. 1262–1263.

¹²⁹⁹ Dagbók nr. 5, bls. 80b.

¹³⁰⁰ Dagbók nr. 5, bls. 81.

mánuður. Hann væri saklaus af því sem hafi verið borið upp á hann en reyndar hafi sumt komið í ljós en það varðaði smærri mál. Orðrétt bókaði Tryggvi Rúnar: „Ég vona að [...] það fari að koma ljósar línur í þetta svo það sé hægt að afmá mig og mína af þessum leiðindaráburði og reyndar líka fyrir almenningi því nafn mitt hefur verið vel skrifað og kryddað í sumum blöðum hér!“¹³⁰¹

682. Sama dag birtist frétt á forsíðu Morgunblaðsins um að rannsóknarlögreglan í Reykjavík hafi fengið heimild dómsmálaráðuneytisins til að festa kaup á tækjabúnaði sem gerði lögreglunni kleift að hafa not af tölvu Skýrsluvéla ríkisins og Reykjavíkurborgar. Væri Geirfinnsmálið eitt það fyrsta sem færi í tölvuvinnslu. Fram kom að tölvan yrði mötuð á öllum upplýsingum sem rannsóknarlögreglan hefði yfir að ráða í skráum sínum og gætu lögreglumenn þannig fengið upplýsingar á augabragði, en við núverandi kerfi gæti leit að upplýsingum tekið jafnvel heilu dagana. Haft var eftir Erni Höskuldssyni að tilkoma tölvuútbúnaðarins væri bylting í vinnubrögðum sakadóms. Fram kom að Ólafur Jóhannesson, dómsmálaráðherra, hafi beitt sér fyrir því að rannsóknarlögreglan fengi afnot af tölvu. Var haft eftir Erni að rannsóknarlögreglumenn væru ráðherraum afar þakklátir fyrir hans þátt í málinu.¹³⁰²
683. Sunnudaginn 3. október 1976 var bókað í fangelsisdagbókina klukkan 13:25 að Grétar hafi hringt og spurt um Rúnar. Bókað var að úr því Rúnar hafi ekki komið hafi Grétar búist við því að Sævar yrði látinn eiga sig í dag, eins og það var orðað í færslunni. Bókað var klukkan 01:30 að Kristján Viðar hafi hringt og sagst ekki getað sofið fyrir höfuðverk. Færsluritari gat um að hafa gefið honum eitt stykki Dolviran. Kvartaði Kristján Viðar einnig undan höggum sem væri verið að berja í vegg, eins og það var orðað.¹³⁰³
684. Mánudaginn 4. október 1976 var bókað í dagbók Síðumúlafangelsisins að pöntuð hafi verið lyf klukkan 08:15. Bókað var klukkan 11:10 að Grétar hafi hringt og sagst koma strax eftir matinn til að tala við Sævar. Bókað var klukkan 12:30 að Sævar hafi verið færður fyrir Grétar. Klukkan 13:04 var bókað að farið hafi verið með Kristján Viðar til tannlæknis. Klukkan 13:30 var bókað í fangelsisdagbókina að Örn hafi komið og farið í hornið til Grétars, eins og það var orðað í færslunni. Bókað var að Örn hafi farið aftur klukkan 14:13. Var Sævar færður á klefa sinn klukkan 14:40. Rannsóknargögn um yfirheyrsluna liggja ekki fyrir. Tíu mínútum síðar var bókað að Sigurbjörn Víðir hafi farið með Sævar til tannlæknis. Klukkan 15:30 var bókað að Rúnar hafi komið með Kristján Viðar frá tannlækni og farið með hann beint í hornið til yfirheyrslu. Fimmtán mínútum síðar var bókað að Kristján Viðar hafi verið færður á klefa sinn. Rannsóknargögn um yfirheyrsluna liggja ekki fyrir. Bókað var klukkan 16:10 að Eggert og Sigurbjörn Víðir hafi komið með Sævar frá tannlækni.¹³⁰⁴ Færsluritari bókaði að Sigurbjörn Víðir hafi komið fyrirmælum frá Erni Höskuldssyni áfram um að Sævar fengi afhent tvö ensk blöð og enska bók. Var bókað að það yrði gert. Klukkan 17:50 var bókað að lögreglumáður hafi komið með dót í eigu Tryggva Rúnars sem

¹³⁰¹ Bls. 1248_A–C.

¹³⁰² Bls. 1249.

¹³⁰³ Dagbók nr. 5, bls. 81b.

¹³⁰⁴ Dagbók nr. 5, bls. 82.

hafi verið hjá rannsóknarlögreglunni. Bókað var klukkan 21:30 að Rúnar hafi tekið Sævar fyrir til klukkan 01:15 en þá hafi Sævar verið færður á klefa sinn. Rannsóknargögn liggja ekki fyrir um yfirheyrsluna.¹³⁰⁵

685. Fyrir liggur ódagsett samantektarskýrsla þar sem fram kemur að þennan dag, 4. október 1976, hafi verið farið með Albert Klahn í hraunið sunnan Hafnarfjarðar, en hann hafi viljað reyna að benda á þann stað þar sem hann hafi ekið líki Guðmundar í janúar 1974. Hafi Albert sagst kannast við landslagið af veginum suður af Álverinu. Bókað var að Albert hafi talið sig hafa snúið við á veginum rétt áður en hann hafi komið að rauðamalgryfjum og stöðvað bifreiðina. Hafi Sævar, Tryggvi Rúnar og Kristján Viðar tekið Guðmund út úr bifreiðinni og þeir síðan horfið út í hraunið. Kvaðst hann hafa séð nokkuð lengi til þeirra þar sem umbúðirnar utan um líkið hafi verið ljósleitar.¹³⁰⁶ Þá var bókað í samantektarskýrsluna að sama dag hafi verið farið með Kristján Viðar á sama stað og hafi hann sagt staðinn vera mjög líkan þeim er þeir hafi farið með lík Guðmundar á. Bókað var að daginn eftir hafi Kristján Viðar sagst viss um að þetta hafi verið staðurinn.¹³⁰⁷
686. Þriðjudaginn 5. október 1976 var bókað í dagbók fangelsisins við Síðumúla að Jónas Bjarnason og Rúnar Sigurðsson, rannsóknarlögreglumenn, hafi komið til að sækja Sævar til að fara með hann í ferðalag, eins og það var orðað. Bókað var klukkan 11:15 að Haraldur hafi hringt og beðið fyrir skilaboð til Kristjáns Viðars um að ekkert yrði af því sem til hafi staðið um kvöldið. Gat færsluritari þess að hann lofaði að koma skilaboðunum til hans. Bókað var klukkan 11:55 að Rúnar og Jónas hafi komið með Sævar til baka. Fyrir liggur ódagsett samantektarskýrsla þar sem fram kemur að farið hafi verið með Sævar í Fossvogskirkjugarð. Bókað var í skýrsluna að kvöldið áður hafi Sævar viðurkennt við yfirheyrslu hjá Rúnari að lík Guðmundar hafi verið flutt þangað í ágúst 1974. Hafi Sævar vísað Haraldi og Rúnari á stað nálægt miðju kirkjugarðsins þar sem hann taldi Guðmund grafinn. Bókað var að haft hafi verið samband við yfirverkstjóra kirkjugarðanna í Reykjavík sem hafi athugað staðinn og sagt að ekki hafi verið hróflað við umræddu leiði eða svæðinu í kringum það.¹³⁰⁸
687. Bókað var í fangelsisdagbókina þennan dag klukkan 14:50 að Sigurbjörn Víðir hafi farið með Sævar til tannlæknis. Var þess getið að Eggert hafi beðið út í bifreiðinni á meðan. Klukkan 15:30 var bókað að starfsmaður Félagsmálastofnunar hafi hringt og sagt að sækja mætti peninga fyrir tóbakskaupum handa Sævari, 3.200 krónur. Bókað var að Sigurbjörn Víðir hafi lofað að sækja peningana. Bókað var klukkan 15:50 að Sigurbjörn Víðir hafi komið með Sævar. Klukkan 17:00 var bókað að Jón Oddsson, réttargæslumaður Sævars, hafi hringt og spurt um Sævar. Bókað var að réttargæslumaðurinn hafi fengið fremur loðin svör þegar hann hafi farið að spyrja um leit og annað í þeim dúr. Klukkan 17:50 var bókað að Örn hafi hringt og beðið um að Albert Klahn yrði vistaður í fangelsinu í það minnsta í nótt. Bókað var klukkan 18:55 að Sigurbjörn Víðir og Grétar hafi komið með Albert Klahn í geymslu. Bókað var að

¹³⁰⁵ Dagbók nr. 5, bls. 82b.

¹³⁰⁶ Bls. 1263.

¹³⁰⁷ Bls. 1264.

¹³⁰⁸ Bls. 1264.

hann hafi verið settur á klefa númer átta og þess getið að eftirlit yrði að hafa með honum vegna sjálfsmorðshugleiðinga.¹³⁰⁹ Á bilinu klukkan 20:10 til 20:35 var bókað að Sigurbjörn Víðir, Grétar Sæmundsson, Rúnar Sigurðsson og Örn Höskuldsson hafi komið í fangelsið. Bókað var klukkan 21:00 að Sævar hafi verið færður fram til yfirheyrslu. Fimm mínútum síðar var bókað að Sigurbjörn Víðir hafi farið inn á klefa númer átta.

688. Þennan dag var Albert Klahn yfirheyrður á skrifstofu rannsóknarlögreglunnar í Reykjavík milli klukkan 11:15 og 15:30. Í skýrslu um yfirheyrsluna var bókað að Albert hafi verið enn á ný spurður og beðinn um að rifja upp aðild sína að hvarfi Guðmundar. Greindi hann frá því sem áður hafði komið fram að Sævar hafi hringt í hann um nótt í janúar 1974. Hafi hann spurt Albert hvort hann vildi keyra fyrir sig lík. Kvaðst Albert hafa neitað því. Hafi Sævar þá lagt að sér að koma heim til sín að Hamarsbraut 11, en ekki talað meira um lík í þessu sambandi. Hafi Alberti skilst að hann ætti að aka Sævari eitthvert og fá hassmola. Kvaðst hann hafa fallist á það og farið á Volkswagen bifreið föður síns. Albert sagðist hafa lagt bifreiðinni á planið fyrir ofan húsið og gengið niður fyrir húsið og bankað eða hringt dyrabjöllunni og hafi Sævar komið til dyra. Hafi Sævar bannað honum að koma inn og sagt honum að koma með bifreiðina að kjallaratröppunum. Greindi Albert frá því hann hafi náð í bifreiðina og ekið henni að kjallaratröppunum þannig að vinstri hlið bifreiðarinnar hafi snúið að húsinu. Hafi Sævar komið út og beðið hann um að opna húddið eða lok farangursgeymslunnar. Minnti Albert að hann hafi fyrst tekið í handfang inni í bifreiðinni en svo farið út og opnað lokið. Komu þá út Kristján Viðar og Tryggvi Rúnar með eitthvað á milli sín sem þeir hafi sett í farangursgeymsluna. Hafi það verið svo fyrirferðamikið að ekki hafi verið hægt með nokkru móti að loka farangursgeymslunni. Hafi því ekki verið um annað að ræða en að setja þetta inn í bifreiðina og kvað Albert það geta verið að hann hafi átt hugmyndina að því.¹³¹⁰ Það sem Kristján og Tryggvi hafi borið á milli sín hafi verið í laki og virst bundið saman til endanna. Kvaðst Albert ekki hafa séð í það sem hafi verið innanundir. Hann kvaðst ekki geta lýst því hvað hafi komið yfir hann eða lýst tilfinningum sínum. Hann mundi að Sævar hafi talað um líkflutning og hafi séð að það sem í lakinu var hafi getað verið lík. Hafi hann reynt að bægja þessum hugsunum frá sér, enda alltaf reynt að blanda sér ekki í afbrotamál þeirra. Albert kvaðst hafa reynt að byggja sig upp þannig að það gæti ekki verið að þeir hafi verið með lík. Hafi Sævar haft orð á því að dauður maður væri í lakinu. Kvaðst Albert hafa forðast að tala nokkuð um þetta við hann. Albert taldi sig muna það fyrir víst að flutningurinn, eins og það var orðað í skýrslunni, hafi verið settur vinstra megin inn í bifreiðina og einhver af strákunum hafi farið hægra megin inn í bifreiðina til að taka á móti. Albert kvaðst ekki hafa hjálpað til en sagðist hafa þurft að laga flutninginn til svo hann gæti lagt sætisbakið í rétta stellingu. Lýsti Albert því hvaða leið þeir hafi ekið út úr Hafnarfirði og hvar hann hafi stöðvað bifreiðina við hliðið að Sædýrasafninu. Þar hafi Sævar og Tryggvi Rúnar farið úr bifreiðinni og reynt að opna hliðið. Hafi Kristján Viðar talað um hvort þeir væru orðnir vitlausir að ætla

¹³⁰⁹ Dagbók nr. 5, bls. 83.

¹³¹⁰ Bls. 1250.

þar inn. Hafi þeir þá hætt við og farið aftur inn í bifreiðina. Lýsti Albert því hvar hann hafi ekið út á Keflavíkurveg en snúið við hjá Álverinu og ekið þá í átt að Hafnarfirði, en farið út af veginum til hægri, ekið áfram um 500 metra en snúið þar við og stöðvað bifreiðina. Þar hafi flutningurinn verið tekinn úr bifreiðinni. Albert sagði Sævar, Kristján Viðar og Tryggva Rúnar hafa farið með flutninginn á brott og hafi Kristján Viðar sagt honum að horfa ekki á eftir þeim. Kvað hann framenda bifreiðarinnar hafa snúið að Álverinu og hafi strákarnir farið til vinstri út frá bifreiðinni. Þegar þeir hafi komið til baka hafi Sævar verið með lakið meðferðis og sett það í farangursgeymslu bifreiðarinnar. Hafi þeir síðan ekið til baka að Hamarsbraut 11. Kvaðst Albert halda að Sævar hafi sett lakið í öskutunnu. Hélt Albert að hann hafi síðan ekið Tryggva Rúnari og Kristjáni Viðari heim til Kristjáns. Bókað var orðrétt í skýrsluna: „Það hefur nú verið að rifjast upp fyrir mér að verið geti að ég hafi farið fleiri ferðir líkra erinda fyrir strákana.“ Í framhaldinu greindi Albert frá því að sig rámaði í að hafa síðar farið með sömu stráka suður í hraun, en þá hafi verið meðferðis tveir tómir, svartir pokar. Hafi Sævar og Tryggvi Rúnar farið út í hraun og sótt eitthvað í pokana sem hafi verið látnir hver utan yfir annan. Hafi Kristján Viðar verið með sér í bifreiðinni. Kvaðst Albert muna að farið hafi verið út á Álftanes og þar hafi verið tekin gröf rétt við hliðina á bifreiðinni. Væri þetta allt saman mjög óljóst fyrir honum, en hann gæti mögulega rifjað þetta upp.¹³¹¹

689. Fyrir liggur skýrsla um yfirheyrslu yfir Sævari þennan dag þar sem fram kemur að hún hafi hafist klukkan 21:10. Var tilefni yfirheyrslunnar bókað sem hvarf Guðmundar. Greindi Sævar frá því að hann og Kristján Viðar hafi setið við Iðnó í byrjun ágústmánaðar 1974, drukkið áfengi og rætt það sem hafi gerst í janúarmánuði að Hamarsbraut 11. Hafi þeir rætt um að flytja líkamsleifar Guðmundar úr Hafnarfjarðarhrauni í kirkjugarð. Hafi þeir verið sammála um að koma honum fyrir í Fossvogskirkjugarði. Hafi þeir einnig rætt hvort líkamsleifarnar hafi fundist, en þeir hafi skilið hann eftir í gráum pokum í hraunsprungu, en ekki falið hann. Hafi þeir farið heim til Alberts Klahn og beðið hann um að aka þeim út í Hafnarfjarðarhraun til að finna þann stað þar sem líkamsleifar Guðmundar hafi verið skildar eftir. Kvaðst Sævar vilja taka það fram að þeir hafi tekið með sér tvo stóra, svarta plastpoka. Hafi þeir farið á Toyota bifreið sem faðir Alberts hafi átt. Greindi Sævar frá því að þeir hafi ekið um í nokkurn tíma og eftir nokkra leit hafi þeir fundið staðinn sem hafi verið handan við Álverið, skammt frá rauðamalgryfju. Ekki hafi verið hægt að greina að nokkuð hafi verið hreyft við líkamsleifunum. Greindi Sævar frá því að þeir hafi tekið pokana og sett þá ofan í svörtu pokana sem þeir hafi haft meðferðis. Hafi þeir sett líkamsleifarnar í farangursgeymslu bifreiðarinnar og ekið heim til Kristjáns Viðars að Grettisgötu 82. Kvaðst Sævar halda að klukkan hafi verið á milli 19:00 og 20:00. Hafi Sævar, Kristján Viðar og Albert haldið kyrru fyrir á heimili Kristjáns fram undir miðnætti. Fóru þeir þá akandi af stað með tvær skóflur sem voru í kjallaranum að Grettisgötu 82. Kvaðst Sævar muna að önnur skóflan hafi verið stunguskófla en hin venjuleg mokstursskófla. Lýsti Sævar því hvar þeir óku yfir Öskjuhlíð og að hliði sem hafi verið fyrir neðan Fossvogskapellu. Hafi þeir bakkað að hliðinu og farið út úr

¹³¹¹ Bls. 1252.

bifreiðinni. Albert og Kristján Viðar hafi haldið á pokanum í sameiningu en Sævar kvaðst hafa haldið á skóflunum. Lýsti Sævar því með nákvæmum hætti hvaða leið þeir hafi gengið. Sagði hann þá hafa fundið stað ekki langt frá grafreit með mörgum steiptum krossum, þar sem franskir sjómenn hafi verið jarðaðir 40 árum áður. Kvaðst hann muna að þeir hafi grafið um 60 til 70 sentímetra ofan í jörðina, sett pokann niður og mokað yfir. Kvaðst hann muna að þeir hafi slétt yfirborðið vel, bæði með skóflunum og fótunum svo ekki myndi bera á greftrinum. Lýsti Sævar leiðinni til baka með nákvæmum hætti. Sagði hann þá hafa sett skóflurnar inn í bifreiðina og ekið aftur heim til Kristjáns að Grettisgötu 82. Kvað hann þá hafa sett skóflurnar aftur í kjallarann. Hafi Albert dvalið í nokkurn tíma en síðan farið heim. Sævar sagðist hafa verið um nóttina hjá Kristjáni Viðari. Kvaðst Sævar vilja geta þess að um mánuði síðar hafi hann farið aftur í Fossvogskirkjugarð ásamt Kristjáni Viðari og ömmu hans sem hafi ætlað að vitja leiðis. Hafi þeir leitað að staðnum þar sem þeir hafi grafið líkamsleifarnar en ekki fundið hann. Bókað var í lok skýrslunnar að yfirheyrslunni hafi lokið klukkan 22:15.¹³¹² Í dagbók Síðumúlafangelsisins var bókað að Örn, Eggert, Sigurbjörn Víðir, Jónas og Haraldur hafi farið á miðnætti. Bókað var klukkan 02:20 að Sævar hafi verið færður á klefa sinn og um svipað leyti hafi Grétar og Rúnar farið.¹³¹³ Rannsóknargögn liggja ekki fyrir um yfirheyrslu Sævars milli klukkan 22:15 og 02:20.

690. Meðal rannsóknargagna liggur fyrir ódagsett samantektarskýrsla þar sem fram kemur að þennan dag, 5. október 1976, hafi Jónas Bjarnason, Grétar Sæmundsson og Örn Höskuldsson farið með Albert Klahn út á Álftanes til að athuga þann stað sem hann hafi sagt félagi sína hafa grafið gryfju, sett eitthvað í hana og mokað yfir. Bókað var að staðurinn hafi komið heim og saman við lýsingu Alberts. Fram kom í samantektarskýrslunni að rannsóknarlögreglumenn hafi grafið holur í sandinn hér án árangurs. Nota þyrfti vélgröfu ef leit ætti að koma að fullum notum.¹³¹⁴
691. Miðvikudaginn 6. október 1976 var bókað í dagbók fangelsisins við Síðumúla að Grétar Sæmundsson, rannsóknarlögreglumaður, hafi farið með Albert Klahn.¹³¹⁵ Fyrir liggur skýrsla dagsett sama dag um yfirheyrslu yfir Alberti. Tilefni yfirheyrslunnar var bókað sem fyrst og fremst það atriði hvar lík Guðmundar væri nú. Haft var eftir Alberti að eftir skýrslutökuna daginn áður hafi hann farið ásamt rannsóknarlögreglumönnum suður á Álftanes. Þar hafi hann vísað á stað í fjöru þar sem hann hafi tekið þátt í að grafa hlut sem hann taldi geta hafi verið lík. Kvaðst Albert nú telja þetta rangt og þarna hafi verið um ímyndun hans að ræða. Þrátt fyrir það kvaðst Albert minnst þess að farið hafi verið með hlut sem gæti hafa verið lík og hann grafinn. Kvaðst Albert muna eftir því að Sævar hafi komið til sín um sumar og beðið sig um að aka honum. Hafi Albert farið á Toyota bifreið föður hans heim til Kristjáns Viðars. Kvaðst Albert hafa ekið um undirgang bak við húsið þar sem hann hafi stoppað stutt á meðan náð hafi verið í tóma, svarta plastpoka og eina eða tvær skóflur. Albert kvaðst ekki muna hvert hann hafi ekið svo. Næsta sem hann myndi var

¹³¹² Bls. 1254.

¹³¹³ Dagbók nr. 5, bls. 83b.

¹³¹⁴ Bls. 1264.

¹³¹⁵ Dagbók nr. 5, bls. 84.

að hann hafi hjálpað við að bera flutning sem kominn hafi verið í plastpokana úr bifreiðinni. Þá kvaðst hann muna að hafa tekið þátt í að grafa þetta, en hvar það hafi verið kvaðst Albert ekki muna fyrir víst. Rámaði hann þó í að þetta hafi verið flutt í kirkjugarð og taldi hann að þar kæmi helst til greina Hafnarfjarðarkirkjugarður, en í þessu sambandi myndi hann eftir garðvegg. Taldi Albert að þarna hafi verið um að ræða lík Guðmundar. Kvaðst Albert muna fyrir víst að Sævar og Kristján Viðar hafi verið með honum við flutninginn. Minnti hann einnig að Tryggvi Rúnar hafi verið með, en kvaðst þó ekki viss.¹³¹⁶ Albert sagðist ekki geta gefið neina skýringu á því hvers vegna þetta hafi farið að rifjast upp fyrir sér núna en taldi að aðalorsök þess væri sú að hann hafi óttast refsingu. Hann hafi reynt að byrgja þetta inni. Væri honum nú ljóst að hann hafi barist á móti því að segja sannleikann um þetta mál. Orðrétt var haft eftir Alberti: „Mér finnst að núna við þessar síðustu yfirheyrslur að eitthvað sé að mér í höfðinu. Ég veit að ég tók þátt í þessu og að ég ætti að geta sagt skýrt frá öllu, en þótt ég reyni að leggja mig fram þá á ég erfitt með að greina á milli hugarburðar og veruleika.“ Í lok skýrslunnar var bókað eftir Alberti að hann hafi frá barnsaldri neytt margvíslegra fíkniefna og eiturfjafa sem kynni að eiga sinn þátt í því að hann myndi þessi mál óskýrt. Bókað var að yfirheyrslunni hafi lokið klukkan 09:45.¹³¹⁷

692. Bókað var í fangelsisdagbókina þennan dag klukkan 10:45 að Eggert og Haraldur hafi komið og sótt lykla sem hafi verið geymdir í skáp Kristjáns Viðars.¹³¹⁸ Fyrir liggur önnur skýrsla dagsett þennan dag um yfirheyrslu yfir Alberti Klahn. Bókað var að hún hafi byrjað klukkan 11:30. Haft var eftir Alberti að hann hafi þennan morgun reynt að rifja upp ferðir sínar í sambandi við flutning á líki Guðmundar og síðar líkamsleifum hans. Kvaðst hann standa við framburð sinn um að hafa komið heim til Sævars og sagðist ekki vilja bæta neinu við þann framburð. Albert greindi frá því að Sævar og Kristján Viðar hafi komið til sín seinnihluta dags nokkrum mánuðum eftir að hann hafi flutt lík Guðmundar. Kvaðst hann ekki muna hvað þeir hafi rætt, en hann hafi ekið þeim í Toyota bifreið föður hans. Hafi þeir fyrst ekið heim til Kristjáns Viðars og minnti Alberti að þangað hafi verið sóttir plastpokar, en þó myndi hann þetta ekki örugglega. Þá kvaðst Albert halda að hann hafi komið með skóflur sem faðir hans hafi átt, minnti hann að það hafi verið stunguskóflu og steypu- eða malarskófla. Kvaðst hann ekki muna vel hvort skóflurnar hafi verið teknar með strax eða sóttar síðar. Eftir þetta hafi verið farið í Hafnarfjarðarhraun og mundi Albert eftir því að það hafi tekið þá nokkurn tíma að finna staðinn. Nú minnti hann að Tryggvi Rúnar hafi verið kominn með þeim og hann og Sævar hafi fundið staðinn. Þó kvaðst hann ekki muna þetta örugglega. Albert sagðist ekki hafa verið með þegar líkamsleifarnar hafi verið sóttar heldur hafi hann beðið í bifreiðinni. Kvaðst hann halda að Kristján Viðar hafi verið hjá honum.¹³¹⁹ Hafi þeir sett pokann í farangursgeymsluna og ekið aftur heim til Kristjáns Viðars. Kvaðst Albert ekki þora að fullyrða um staðinn í Hafnarfjarðarhrauninu en halda að þetta hafi verið á móti Álverinu, langt þar úti í hrauninu. Albert sagðist ekki muna hvað þeir hafi gert heima hjá Kristjáni, en minnti að komið hafi til tals að fara í

¹³¹⁶ Bls. 1255.

¹³¹⁷ Bls. 1256.

¹³¹⁸ Dagbók nr. 5, bls. 84b.

¹³¹⁹ Bls. 1257.

bíó. Mundi hann þó ekki eftir því að af því hafi orðið. Hafi það verið seint um kvöldið eða snemma nætur sem þeir hafi farið í Fossvogskirkjugarð. Mundi Albert eftir að hafa farið inn á planið við Fossvogskapellu og síðan að hliði. Hafi hann og Kristján Viðar tekið pokann úr farangursgeymslunni og borið hann að hliðinu eða stutt inn í garðinn. Kvaðst Albert muna óljóst þennan burð en muna þó að hann hafi farið inn í bifreiðina og minnti hann að Kristján hafi komið rétt á eftir honum. Þá mundi hann örugglega eftir að hafa séð Sævar og Tryggva Rúnar þar sem þeir hafi verið að grafa, en þá hafi hann setið inni í bifreiðinni og fylgst með þeim út úr hliðarrúðuna. Albert kveðst ekki hafa verið ölvaður eða undir annars konar áhrifum og hélt örugglega að sama hafi átt við um hina. Minnti Alberti að eftir þetta hafi verið farið heim til Kristjáns og síðan rámaði hann í að hafa ekið Sævari og Tryggva eitthvað. Albert sagðist ekki muna hvað hafi orðið um verkfærin, en taldi líkur með því að þau hafi endað aftur heima hjá honum.¹³²⁰ Kvaðst Albert ekki viss um að þessar skóflur væru enn til og minnti hann að önnur skóflan, örugglega steypu- eða malarskóflan, hafi verið með brotnu skafti. Þá greindi Albert frá því að hann myndi eftir að hafa farið út á Álftanes og eftir gröf við hlið bifreiðarinnar, en myndi ekki hvort eitthvað hafi verið sett í þá gröf eða tekið úr henni. Í þeirri ferð hafi verið Sævar, Kristján Viðar og Tryggvi Rúnar. Haft var eftir Alberti að hann hafi vísað rannsóknarlögreglunni á stað sem honum þætti líklegur. Kvaðst Albert muna að auðvelt hafi verið að aka þar að, ekið væri á milli tveggja húsa áður en komið væri á staðinn. Í lok skýrslunnar kvaðst Albert hafa sagt það sem hann best myndi í þessu sambandi, en þó gæti samhengið eitthvað hafa ruglast. Var yfirheyrslunni lokið klukkan 12:15.¹³²¹

693. Þennan dag, 6. október 1976, var bókað í dagbók fangelsisins við Síðumúla að Eggert og Grétar hafi farið með Sævar til tannlæknis klukkan 14:45. Bókað var klukkan 15:10 að Sigurbjörn Víðir hafi sótt 3.200 krónur fyrir Sævar til Félagsmálastofnunar. Klukkan 15:15 var bókað að Rúnar hafi sótt eigur Alberts Klahn í fangelsið, en hann væri frjáls ferða sinna. Tíu mínútum síðar var bókað að Eggert og Grétar hafi komið til baka með Sævar.¹³²² Klukkan 20:30 var bókað að Sævar hafi verið færður til viðtals við Rúnar og Jónas. Var Sævar færður aftur á klefa sinn klukkan 22:57.¹³²³ Fyrir liggur ódagsett samantektarskýrsla þar sem fram kemur að þennan dag hafi Sævar verið yfirheyrður frekar um hvert lík Guðmundar hafi verið flutt. Fram kom að Sævar hafi sagst fullviss um að Guðmundur hafi verið grafinn á þeim stað sem hann hafi vísað þeim á eða þá mjög nálægt.¹³²⁴ Hefði hann til viðmiðunar stóra steinkrossa sem þarna væru. Bókað var í samantektarskýrsluna að Sævar hafi sagst vera viss um að hnífur Kristjáns Viðars, byssustingurinn, hafi verið látinn í plastpokann hjá líki Guðmundar áður en þeir hafi grafið hann í kirkjugarðinum.¹³²⁵ Þá var bókað í samantektarskýrsluna að Jónas Bjarnason og Rúnar Sigurðsson hafi farið með Albert Klahn í Fossvogskirkjugarð. Fram kom að Albert hafi bent lögreglumönnum á sama

¹³²⁰ Bls. 1258.

¹³²¹ Bls. 1259.

¹³²² Dagbók nr. 5, bls. 84b.

¹³²³ Dagbók nr. 5, bls. 85.

¹³²⁴ Bls. 1264.

¹³²⁵ Bls. 1265.

hlið og Sævar hafi sagt þá hafa stoppað við. Hafi Albert sýnt lögreglumönnunum hvernig hann hafi lagt bifreiðinni sem hafi komið heim og saman við lýsingar Sævars. Þegar Alberti hafi verið bent á að ekki hafi verið hægt að sjá inn í garðinn fyrir gróðri hafi hann sagst hafa farið inn fyrir hliðið og þannig séð til félaga sinna. Bókað var að nokkru síðar hafi Albert viðurkennt að hafa farið með þeim inn í garðinn og hjálpað til við gröftinn. Bókað var að Albert hafi ekki getað sagt til um hvar þeir hafi grafið, þrátt fyrir lögreglan hafi verið lengi með hann í garðinum.¹³²⁶

694. Miðvikudaginn 6. október 1976 var dómþing sakadóms Reykjavíkur háð í dómsalnum í Hegningarhúsinu við Skólavörðustíg 9 af Steingrími Gaut Kristjánssyni dómara vegna rannsóknar á kæru um ótilhlýðilega meðferð gæslufanga. Fyrir dóminn mætti sem vitni [GK] gæsluvarðhaldsfangi. Bar hann um málsatvik 24. ágúst 1976 er leiddu til þess að honum hafi hitnað í hamsi og farið niðrandi orðum um fangaverði Síðumúlafangelsisins. Það hafi síðan leitt til þess að hann hafi verið fluttur í annan klefa og hlekkjaður fastur við rúmfót og borðfót og hafður þannig þónokkra stund þar til hann hafi beðist velvirðingar gagnvart einum fangavarðanna en [GK] bar um að hafa ekki vitað af hvaða sökum hann hefði átt að gera það en kosið að gera það allt að einu til að losna úr hlekkjunum. Kvaðst hann hafa verið fjórar klukkustundir í hlekkjunum og marist undan þeim en ekki haft vit á að biðja um lækni.¹³²⁷
695. Fimmtudaginn 7. október 1976 var bókað í fangelsisdagbókina að Haraldur og Rúnar hafi farið með Sævar í öku- og labbitúr, eins og það var orðað, klukkan 09:55. Bókað var að komið hafi verið til baka með Sævar klukkan 10:55.¹³²⁸ Rannsóknargögn um öku- og labbitúrinn liggja ekki fyrir. Klukkan 14:20 var bókað að Sigurbjörn Víðir hafi farið með Sævar til tannlæknis. Komu þeir til baka klukkan 15:10. Klukkan 16:30 var bókað að hringt hafi verið í Háaleitisapótek og pantað lyf, Gelatum Alumini, B-Combin og 200 stk. Phenytoin. Klukkan 17:00 var bókað að hringt hafi verið í Harald fyrir Kristján Viðar vegna beiðni hans um lögfræðing. Þremur mínútum síðar var bókað að Haraldur hafi hringt og borið þau skilaboð að ekkert yrði af því sem hafi verið fyrirhugað með Kristján Viðar í kvöld þar sem Lárus Helgason, yfirlæknir á Kleppi, væri ekki á landinu. Bókað var að Haraldur hafi vonast til að þetta yrði á þriðjudagskvöld.¹³²⁹ Klukkan 21:15 var bókað að Rúnar hafi tekið Sævar til viðtals. Bókað var klukkan 00:30 að Sævar hafi verið færður á klefa.¹³³⁰ Rannsóknargögn um viðtalið liggja ekki fyrir.
696. Fyrir liggur ódagsett samantektarskýrsla þar sem fram kemur að þennan dag hafi verið fenginn maður með málmleitartæki til að reyna að finna lík Guðmundar í kirkjugarðinum, en eins og fram hafi komið hafi hnífur Kristjáns Viðars verið grafinn með. Bókað var að leitinn hafi engan árangur borið þar sem steypustyrktarjárn væru í steinveggjum umhverfis leiðin og þau hafi truflað málmleitartækið.¹³³¹

¹³²⁶ Bls. 1265.

¹³²⁷ Bls. 1431_C–F.

¹³²⁸ Dagbók nr. 5, bls. 85b.

¹³²⁹ Dagbók nr. 5, bls. 86.

¹³³⁰ Dagbók nr. 5, bls. 86b.

¹³³¹ Bls. 1265.

697. Föstudaginn 8. október 1976 var bókað í dagbók Síðumúlafangelsisins að Kristján Viðar hafi verið færður til viðtals við Pál Arnór Pálsson, réttargæslumann sinn, í áheyrn Rúnars. Bókað var að Páll Arnór hafi farið klukkan 21:50. Var Kristján Viðar færður á klefa sinn klukkan 22:20. Rannsóknargögn liggja ekki fyrir um viðtal við Kristján milli klukkan 21:50 og 22:20. Á sama tíma fór Rúnar inn á klefa til Sævars til klukkan 23:20.¹³³² Rannsóknargögn um vitjunina liggja ekki fyrir.
698. Meðal rannsóknargagna er ódagsett samantektarskýrsla þar sem fram kemur að Jónas og Ívar Hannesson, rannsóknarlögreglumenn, hafi farið aftur þennan dag með Albert Klahn í Fossvogskirkjugarð þar sem hann hafi talið sig geta muna frekar eftir ferðinni í garðinn sumarið 1974. Bókað var um nákvæma leiðarlýsingu Alberts. Þá hafi Albert lýst því hvar hann hafi setið á steinvegg og reykt. Þá hafi hann sagst muna eftir leiði með keðju í kringum. Hafi hann sett fótinn upp á keðjuna og ruggað honum til.¹³³³
699. Sama dag birtist frétt á forsíðu Tímans um að rannsóknarlögreglan hafi verið við leit í Fossvogskirkjugarði. Haft var eftir yfirverkstjóra Kirkjugarða Reykjavíkur að þrír lögreglumenn hafi óskað eftir leyfi til að ganga um garðinn. Hafi þeir sagst vera að leita að fíkniefnum. Í fréttinni kom fram að Örn Höskuldsson hafi hvorki vilja staðfesta né neita því aðspurður hvort rétt væri að leitin í kirkjugarðinum hafi verið á þeirra vegum.¹³³⁴
700. Laugardaginn 9. október 1976 var bókað í dagbók Síðumúlafangelsisins að Guðsteinn læknir hafi komið milli klukkan 09:25 og 09:45 og rætt við Tryggva Rúnar meðal annarra. Bókað var að pöntuð hafi verið lyf, Dulcolax, Diazepam 10 mg og Tanderil. Klukkan 10:15 var bókað að Örn hafi komið að beiðni Sævars og Rúnars Sigurðssonar, rannsóknarlögreglumanns.¹³³⁵ Bókað var að Sævar hafi verið færður fram til Rúnars og Arnar klukkan 11:15. Tíu mínútum síðar var Sævar færður á klefa sinn. Rannsóknargögn liggja ekki fyrir um viðtalið. Bókað var klukkan 17:45 að Rúnar hafi rætt við Sævar. Klukkan 18:20 var bókað að [SÓG], móðir Sævars, hafi komið með sendingu af fötum, kexi og fleiru til sonar síns. Bókað var að Rúnar hafi farið klukkan 18:40.¹³³⁶ Rannsóknargögn um viðtal við Sævar liggja ekki fyrir.
701. Daginn eftir var bókað í fangelsisdagbókina að hringt hafi verið í Rúnar að beiðni Kristjáns Viðars klukkan 19:40.¹³³⁷ Bókað var klukkan 20:30 að Kristján Viðar hafi verið færður fram til Rúnars. Var Kristján færður aftur á klefa sinn klukkan 22:15.¹³³⁸
702. Fyrir liggur ódagsett samantektarskýrsla, rituð af Jónasi, þar sem fram kom að hann og Ívar hafi farið í Fossvogskirkjugarð til að athuga aðstæður. Bókað var að þeir hafi skrifað upp númer þeirra staða sem helst kæmu til greina miðað við lýsingar Alberts Klahn. Hafi þeir afhent yfirverkstjóra kirkjugarðsins upplýsingarnar og hafi hann ætlað að athuga þær nánar. Bókað var í samantektarskýrsluna að síðdegis þennan dag

¹³³² Dagbók nr. 5, bls. 87b.

¹³³³ Bls. 1265.

¹³³⁴ Bls. 1260.

¹³³⁵ Dagbók nr. 5, bls. 87b.

¹³³⁶ Dagbók nr. 5, bls. 88.

¹³³⁷ Dagbók nr. 5, bls. 87b.

¹³³⁸ Dagbók nr. 5, bls. 88.

hafi Jónas og Ívar farið aftur með Albert í kirkjugarðinn. Rammaði Albert ákveðið svæði af þar sem hann hafi talið öruggt að þeir hafi ekki farið út fyrir með byrði sína. Kvaðst hann telja að hann hafi hjálpað til að bera inn í garðinn. Bókað var að farið hafi verið með Albert út í hraunið sunnan við Álverið á þann stað þar sem hann hafi áður verið búinn að benda á sem líklegan felustað líksins. Fram kom að Albert hafi gengið nokkuð hiklaust frá bifreiðinni og út í hraunið um 50 metra vegalengd þar til hann hafi komið að hárrí klettaborg. Hafi Albert talið að líkið hafi legið þar þegar það hafi verið sótt. Greindi Albert frá því að líkið hafi verið vafið inn í plastdúk, en ekki plastpoka. Bókað var orðrétt í lok skýrslunnar: „[Albert] kvaðst nú eftir að hafa farið að rifja þetta upp fyrir sér vera alveg viss um að þeir hafi farið í Fossvogskirkjugarðinn, en áður hafi þetta algjörlega verið þurrkað úr minni sínu.“¹³³⁹

703. Mánudaginn 11. október 1976 var bókað í dagbók fangelsisins við Síðumúla að Rúnar og Grétar hafi komið klukkan 10:45 og farið inn á klefa til Sævars.¹³⁴⁰ Bókað var að Rúnar og Grétar hafi farið klukkan 11:45. Rannsóknargögn um vitjunina liggja ekki fyrir. Fimmtán mínútum síðar var bókað að Guðsteinn læknir hafi komið með tilvísun fyrir Tryggva Rúnar á Grétar Ólafsson, lækni á Domus Medica. Í fangelsisdagbókina var bókað klukkan 13:35 að könnun færi fram á sannleiksgildi kæru Finns Torfa Stefánssonar, héraðsdómslögmanns, fyrir hönd [GK] og kæru séra Jóns Bjarman, einnig fyrir hönd [GK] og [ÖS] fyrir illa meðferð á gæsluföngum. Bókað var að Gunnar Guðmundsson, forstöðumaður fangelsisins, væri mættur til yfirheyrslu. Bókað var að Gunnar forstöðumaður hafi komið úr yfirheyrslu klukkan 14:40. Bókað var í fangelsisdagbókina þennan dag að Steingrímur Gautur Kristjánsson setudómari í málum er varða fangaverði, eins og það var orðað, hafi yfirheyrt Ara Ingimundarson og Jón Baldvin.¹³⁴¹ Var athugasemd bókuð um að Steingrímur kæmi næst 22. og 25. október og héldi yfirheyrslum áfram. Bókað var klukkan 19:45 bróðir Sævars hafi komið með sendingu til hans.¹³⁴²
704. Þennan dag var Albert Klahn yfirheyrður á skrifstofu rannsóknarlögreglunnar klukkan 16:30. Fyrir liggur skýrsla um yfirheyrsluna þar sem bókað var að Albert hafi verið að reyna að rifja frekar upp fyrir sér flutning á líki Guðmundar úr hrauninu og í Fossvogskirkjugarð. Kvaðst Albert ekki enn hafa komst að fullnaðarniðurstöðu um hvort hann hafi lagt af stað í umrædda ferð frá Hamarsbraut 11 eða frá heimili Kristjáns Viðars. Eftir því sem hann hugsaði meira um málið væri hann nokkurn veginn alveg viss um að Tryggvi Rúnar hafi ekki verið með í ferðinni. Kvaðst Albert örugglega hafa verið á Toyota bifreið föður hans og dagsbirta hafi verið þegar þeir hafi farið suður eftir. Albert kvaðst muna óljóst eftir að hafa farið með strákunum frá bifreiðinni og út í hraunið en kvaðst muna eftir að hafa séð Guðmund í frekar djúpri gjótu eða laut. Mosi eða eitthvað því um líkt hafi verið ofan á honum. Taldi Albert að þeir hafi velt Guðmundi í plast eða svartan dúk, en ekki sett hann í poka. Þegar þeir hafi verið komnir í Fossvogskirkjugarðinn hafi Albert séð að snæri hafði verið vafið

¹³³⁹ Bls. 1265–1266.

¹³⁴⁰ Dagbók nr. 5, bls. 89.

¹³⁴¹ Dagbók nr. 5, bls. 89b.

¹³⁴² Dagbók nr. 5, bls. 90.

utan um Guðmund á þremur stöðum, en hann vissi ekki hvernig það hafi komið til. Albert kvaðst muna að hann og Kristján Viðar hafi borið pokann inn í kirkjugarðinn en Sævar hafi haldið á skóflunum. Bókað var um lýsingu Alberts á leiðinni um kirkjugarðinn. Kvaðst hann muna að Sævar og Kristján Viðar hafi grafið aflanga gryfju niður með austurhlið steinveggs eða kants, en á meðan kvaðst Albert hafa setið á steinvegg vestan við þá. Mundi hann eftir leiði rétt hjá með slakri keðju í kringum. Albert kvaðst ekki muna þegar mokað hafi verið ofan í gryfjuna og taldi því að hann hafi verið þá kominn inn í bifreiðina aftur, enda hafi honum fundist sem hann hafi séð Kristján Viðar og Sævar í gegnum girðinguna.¹³⁴³ Kvaðst hann ekki muna eftir því að verkfærin hafi verið sett í bifreiðina en taldi að um tvær skóflur hafi verið að ræða. Önnur þeirra hafi alltaf verið í bifreiðinni en sú hafi verið brotin. Fram kom að Albert hafi afhent lögreglunni brotnu skófluna. Hafi holan sem þeir hafi grafið þarna ekki verið djúp, en Albert kvaðst ekki vera viss um að hún hafi verið komin í fulla dýpt þegar hann hafi farið frá.¹³⁴⁴

705. Mánudaginn 11. október 1976 var dómþing sakadóms Reykjavíkur háð í fangelsinu við Síðumúla 28 af Steingrími Gaut Kristjánssyni dómara vegna rannsóknar á kæru um ótilhlýðilega meðferð gæslufanga. Fyrir dóminn mætti Gunnar Guðmundsson forstöðumaður áminntur um sannsögli en jafnframt gætt ákvæða 2. mgr. 77. gr. um meðferð opinberra mála. Gunnar tók það fram í upphafi að hann hefði verið í fríi þegar þeir atburðir gerðust sem vörðuðu [ÖS]. Aðspurður um hvaða reglur giltu um agaviðurlög og öryggisráðstafanir í Síðumúlafangelsinu bar hann um það álit sitt að reglugerð um fangelsi frá 1957 hafi ekki gilt um þetta fangelsi og þar sem dómsmálaráðuneytið hafi ekki brugðist við hafi hann orðið að mynda þær reglur sem hagnýttar hafi verið í fangelsinu. Þær reglur kvað hann einfaldar, lögð væri áhersla á að fangar sýndu kurteisi, þá væri þeim sýnd kurteisi á móti; ef þeir væru með uppsteyt yrði að taka á því. Ef áminningar um bættu hegðun dygðu ekki til væri gripið til harðari ráðstafana og fangar þá handjárnaðir við rúmfót og fótjárnnum brugðið um stólfót. Kvað hann það rangt að fangar væru strekktir þar sem svo stutt væri milli rúmfótar og stólfótar. Lýsti hann síðan þeirri framgöngu [GK] sem hafi verið slík að grípa hefði þurft til þessara ráðstafana.¹³⁴⁵ Sama dag kom Ari Ingimundarson fangavörður fyrir dóm í fangelsinu við Síðumúla. Bar hann um aðkomu sína að því að beita [GK] agaviðurlögum en hann hafi hins vegar verið í vaktfríi þegar [ÖS] hafi verið settur í fótjárn en verið viðstaddur þegar hann hafi verið handjárnaður og festur við rúmfót og borðfót.¹³⁴⁶ Þennan dag kom [ÖS] refsifangi fyrir dóm í fangelsinu við Síðumúla. Kvaðst hann hafa verið í gæsluvarðhaldi í Síðumúlafangelsinu. Þar hefði hann verið í klefa beint á móti Sævari Ciesielski en er hann hafi verið fluttur í annan klefa hafi komist upp að þeir hafi staðið í bréfaskiptum. Af þeim sökum hafi hann verið hafður í fótjárnnum í eina viku, frá sunnudegi til sunnudags, auk þess sem hann hafi verið sviptur sigarettum og lesmáli. Að degi liðnum hafi hann vafið koddaveri um fótjárnin en fangaverðir fjarlægð það. Hann hafi á þessum tíma verið farinn að snúa

¹³⁴³ Bls. 1267.

¹³⁴⁴ Bls. 1268.

¹³⁴⁵ Bls. 1431_G-I.

¹³⁴⁶ Bls. 1431_I-J.

sólarhringnum við og því verið að ganga um gólf í járnunum að nóttu til, að auki hafi samskipti milli hans og fangavörðar vaxið stig af stigi þannig að hann hafi haft hnjóðsyrði yfir við fangavörðinn. Það hafi leitt til þess að hann hafi verið lagður á gólfið og strekktur milli borðs og rúms. Ekki var honum ljóst hve lengi hann var hafður svona en að 15 mínútum liðnum hafi hann farið að finna fyrir miklum sársauka, þeim mesta sem hann hefði kynnst, kvaðst hann hafa tárast af reiði og sársauka en ekki hljóðað. Kvaðst hann hafa kallað og beðið um að fara á salernið en fengið neitun, sagðist hann hafa kallað svo hátt að líklega hefðu allir heyrt. Í þessu sambandi gat [ÖS] þess að þessi meðferð hafi verið léttvæg í samanburði við þá sem Sævar hefði fengið að hans sögn í bréfum þeim sem hann hefði sent [ÖS]. Hann hafði jafnframt eftir Sævari að reynt væri að stressa hann á taugum en [ÖS] kvaðst sjálfur hafa heyrt að barið hafi verið bylmingshögg á klefavegginn hjá Sævari. Gæsluvarðhaldi [ÖS] hafi lokið þannig að kveðinn var upp dómur yfir honum og hann við svo búið látinn laus. Á þeim tíma hafi hann haft bréf frá Sævari undir höndum sem hann hafi sýnt þremur nafngreindum félögum sínum og svo reynt að selja til fjölmiðla. Áður en til þess kom hafi Eggert Bjarnason rannsóknarlögreglumaður komið heim til hans og flutt hann í Síðumúlafangelsið. Í bifreiðinni hafi Eggert innt hann eftir bréfunum en hann sagt ekki kannast við nein bréf. Eggert hafi þá slegið hann þrisvar sinnum utan undir með flötum lófa. Við yfirheyrslu í Síðumúlafangelsinu viðurkenndi hann að hafa bréfin undir höndum en knúið hafi verið á um að hann skrifaði undir yfirlýsingu um að bréfin væru fölsuð. Hann hafi í kjölfarið verið úrskurðaður í úttekt refsingar sem hann átti ólokna. Til þess að forðast húsleit undirritaði hann yfirlýsinguna en sagðist jafnframt hafa selt bréfin. Loks gat hann þess að greinin í Samúel sem sett hafi verið upp sem viðtal við hann hafi verið uppspuni að mestu leyti enda hafi ekkert viðtal átt sér stað.¹³⁴⁷

706. Sama dag, 11. október 1976, birtist frétt á forsíðu Vísis undir fyrirsögninni: „Lík Guðmundar ekki falið í hrauninu“. Í fréttinni kom fram að rannsóknarmenn teldu nú nær fullvíst að lík Guðmundar væri ekki í Hafnarfjarðarhrauni eins og áður hafi verið talið heldur hafi þeir, sem sök hafi átt á dauða hans, flutt líkið úr hrauninu og flutt það á einhvern annan stað. Hafi athyglin beinst að Fossvogskirkjugarði og fleiri stöðum. Í fréttinni sagði að gæsluvarðhaldsfangarnir virtust enn rugla saman ferðum sínum í sambandi við líkflutninga og því hafi rannsóknarmenn átt í erfiðleikum með að átta sig á því hvort þeir væru að ræða um flutninga á sama líki eða hvort þeir hafi átt hlut að fleiri mannhvörfum og fleiri líkflutningum. Fram kom að geðrannsókn á gæsluföngunum fjórum hafi lokið og væru þau öll talin sakhæf en erfitt hafi reynst að skilgreina persónuleika þeirra enda hafi rannsóknarlögreglan ekki í annan tíma átt skipti við erfiðari fanga. Í lok fréttarinnar sagði að margt benti til þess að það hafi verið samantekin ráð hjá gæsluföngunum að láta hneppa fjórmeningana í gæsluvarðhald vegna Geirfinnsmálsins.¹³⁴⁸
707. Þriðjudaginn 12. október 1976 var bókað í dagbók Síðumúlafangelsisins að Steingrímur Gautur Kristjánsson, „okkar ágæti dómari“, eins og það var orðað, hafi

¹³⁴⁷ Bls. 1431_K–L.

¹³⁴⁸ Bls. 1269.

hringt og beðið um að Erlingur Þór, Ari Ingimundarson og Jón Baldvin Sveinsson yrðu í fangelsinu á morgun klukkan 10:30 til að járna [ÖS] á sama hátt og þeir hafi gert í vor og fyrirbyggjandi kæra hverfist um. Á tímabilinu 20:30 til 20:35 var bókað um komu Lárusar Helgasonar, yfirlæknis á Kleppi, Ingvars Kristjánssonar geðlæknis, Ásgeirs Karlssonar geðlæknis, Páls Arnórs Pálssonar, réttargæslumanns Kristjáns Viðars og Haraldar Árnasonar rannsóknarlögreglumanns.¹³⁴⁹ Bókað var klukkan 20:50 að Kristján Viðar hafi verið færður fram til læknanna í viðurvist Páls Arnórs, réttargæslumanns, og Haraldar. Klukkan 21:30 var bókað að Kristján hafi verið færður inn á klefa sinn og að Haraldur hafi rætt þar við hann í 15 mínútur. Rannsóknargögn liggja ekki fyrir, hvorki um viðtal Kristjáns Viðars við læknana né vitjun Haraldar á klefa hans í kjölfarið. Bókað var að Tryggvi Rúnar hafi verið færður fram til viðtals við læknana klukkan 21:40 og var Sigurbjörn Víðir viðstaddur. Klukkan 21:50 var bókað að Páll Arnór Pálsson, réttargæslumaður Kristjáns Viðars, hafi farið inn á klefa til skjólstæðingsins. Bókað var að Tryggvi Rúnar hafi verið færður á klefa sinn klukkan 21:55. Rannsóknargögn liggja ekki fyrir um viðtalið. Á sama tíma var bókað að Haraldur hafi farið að sækja Erlu Bolladóttur. Komu þau klukkan 22:20. Tíu mínútum síðar var Erla færð til viðtals við læknana. Viðstaddur var Guðmundur Ingvi Sigurðsson, réttargæslumaður Erlu og Sigurbjörn Víðir. Bókað var að Haraldur hafi farið inn á klefa til Kristjáns Viðars og Páls Arnórs. Var viðtali Erlu við læknana lokið klukkan 23:00. Rannsóknargögn liggja ekki fyrir um viðtalið. Á sama tíma lauk samtali Kristjáns Viðars og Páls Arnórs. Bókað var klukkan 23:25 að Erla, Haraldur og Guðmundur Ingvi, réttargæslumaður Erlu, hafi farið. Klukkan 23:50 var bókað að Tryggvi Rúnar hafi verið færður fram til viðtals við Sigurbjörn Víði. Var hann færður á klefa sinn klukkan 00:20.¹³⁵⁰ Rannsóknargögn liggja ekki fyrir um viðtalið.

708. Fyrir liggur upplýsingaskýrsla, rituð af Pétri Eggerz, sendiherra, um viðtal Karls Schütz þennan dag, 12. október 1976, við Vilmund Gylfason, blaðamann. Fram kom að [GKJ], afgreiðslustúlka í Hafnarbúðinni hafi haft samband við Vilmund og sagt lögregluna ekki hafa gefið þeim upplýsingum sem hún hefði fram að færa nægilegan gaum. Hafi Vilmundur ætlað að skrifa grein um málið en hafi fallið frá því eftir að hafa fengið þær upplýsingar að Karl Schütz, Pétur Eggerz og Ívar Hannesson, rannsóknarlögreglumaður, hafi átt langt samtal við [GKJ]. Í skýrslunni sagði að Vilmundi væri það ljóst að konan væri ekki mjög greind og hafi hann þurft að setja saman frásagnir hennar eins og púsluspil. Í skýrsluna voru bókuð atriði úr frásögnum [GKJ] sem Vilmundur hafi viljað koma á framfæri við lögreglu.¹³⁵¹
709. Mánudaginn 13. október 1976 var bókað í dagbók fangelsisins við Síðumúla að lögreglan í Hafnarfirði hafi komið með [ÖS] frá Litla-Hrauni til að láta járna hann í ásýnd Steingríms Gauts Kristjánssonar dómara vegna kæru sem fram hafi komið um illa meðferð á gæsluföngum í Síðumúlafangelsi. Bókað var að [ÖS] hafi verið járnaður af sömu mönnum og um vorið. Bókað var að Erlingur varðstjóri hafi verið yfirheyrður klukkan 11:13. Hafi [ÖS] verið samprófaður með Erlingi klukkan 11:27. Bókað var að

¹³⁴⁹ Dagbók nr. 5, bls. 91.

¹³⁵⁰ Dagbók nr. 5, bls. 91b.

¹³⁵¹ Bls. 1270–1271.

Ari hafi verið yfirheyrður milli klukkan 11:40 og 11:47. Var þá Jón Baldvin færður fyrir dómarrann til klukkan 12:00 en þá var þinghaldinu slitið.¹³⁵² Bókað var klukkan 13:40 að Rúnar hafi tekið Sævar fyrir. Bókað var að Haraldur hafi komið klukkan 16:40 til að ræða við Kristján Viðar. Klukkan 17:30 var bókað að Haraldur hafi farið inn á klefa til Kristjáns Viðars þar sem hann hafi verið orðinn leiður á því að bíða eftir horninu, en Rúnar væri þar inni að messa yfir Sævari, eins og það var orðað í færslunni. Bókað var að Sævar hafi verið færður á klefa klukkan 17:40. Yfirheyrslan stóð yfir í fjórar klukkustundir en rannsóknargögn um hana liggja ekki fyrir. Bókað var klukkan 17:45 að Haraldur og Kristján Viðar hafi fært sig í hornið. Á sama tíma var bókuð athugasemd í fangelsisdagbókina þess efnis að Jón Oddsson, réttargæslumaður Sævars, kæmi morguninn eftir ásamt bandarískum ræðismanni til að tala við Sævar. Þyrfti hornið að vera laust á þeim tíma. Bókað var klukkan 18:35 að Kristján Viðar hafi verið færður á klefa sinn.¹³⁵³

710. Meðal rannsóknargagna er svokölluð athugasemdaskýrsla rituð af Karli Schütz, dagsett 13. október 1976. Fram kom að þennan dag hafi Schütz rætt við Erlu í áheyrn Sigurbjörns Víðis og Pétur Eggerz. Hafi Erla í upphafi samtalsins greint frá því að hafa fengið sprautu 12. október 1976 hjá geðlækni til þess að geta munað betur eftir atburðum sem hún gæti ekki lengur rifjað upp. Hafi Sigurbjörn Víðir verið viðstaddur ásamt nokkrum réttargæslumönnum. Kvaðst Erla muna eftir því að hafa borið um að hafa ekki verið stödd í Keflavík þegar morðið á Geirfinni hafi hugsanlega verið framið. Hafi hún meðal annars sagst hafa verið heima hjá sér þennan þriðjudag. Héldi hún nú einnig fast við það sem hún hafi sagt, að hún standi í engu sambandi við þetta mál, ekki heldur sem vitni. Hafi hún komið með sinn fyrri framburð eingöngu vegna þess að Sævar hafi viljað að hún gerði það. Hafi hann gefið henni fyrirmæli um slíkt er þau voru í Kaupmannahöfn. Fram kom í skýrslunni að Erla hafi lýst sig reiðubúna til að skrifa á blað öll atriði þessara fyrirmæla næstu daga. Bókað var að henni hafi verið afhent mörg pappírblöð. Fram kom að Schütz hafi greint Erlu frá því að Sævar hafi dregið það í efa að hún segði núna allan sannleikann. Aðspurður hafi Sævar sagst reiðubúinn að taka við skriflegri yfirlýsingu frá Erlu þess efnis að hún hafi nú í nokkurn tíma sagt lögreglunni rétt frá og ekki lengur í samræmi við óskir hans.¹³⁵⁴ Meðfylgjandi skýrslunni var handrituð yfirlýsing Erlu til Sævars, undirrituð af Erlu og dagsett sama dag. Lýsti Erla því yfir að eftir langa og yfirvegaða umhugsun hafi hún sagt allan sannleikann í Geirfinnsmálinu eftir að hún hafi fengið að sjá barn sitt hjá móður hennar. Lagði Erla áherslu á að hér væri um hinn raunverulega sannleika að ræða. Bað hún Sævar um að segja líka allan sannleikann í þessu máli. Nauðsynlegt væri fyrir hana að sinna móðurhlutverkinu gagnvart dóttur þeirra sem þyrfti nauðsynlega á henni að halda. Kvaðst Erla minna Sævar á að hún hefði áður skýrt frá öllu í þessu máli í samræmi við óskir hans, en það gerði hún ekki lengur. Henni hafi

¹³⁵² Dagbók nr. 5, bls. 92.

¹³⁵³ Dagbók nr. 5, bls. 92b.

¹³⁵⁴ Bls. 1274.

verið sagt að Sævar hafi óskað eftir skriflegri yfirlýsingu frá henni um afstöðu hennar í dag.¹³⁵⁵

711. Miðvikudaginn 13. október 1976 var sakadómur Hafnarfjarðar háður í skrifstofu dómsins að Strandgötu 31 af Steingrími Gaut Kristjánssyni dómara vegna rannsóknar á kæru um ótilhlýðilega meðferð gæslufanga. Dómþingið var haldið í kjölfar tilraunar þar sem [ÖS] var hlekkjaður fastur við borðfót annars vegar og rúmfót hins vegar. Tilraun þessi hafi verið framkvæmd í klefa númer átta sem sé samkvæmt upplýsingum Gunnars Guðmundssonar forstöðumanns nákvæmlega eins og klefi númer níu sem [ÖS] hafi verið járnaður í. Þeir sem járnudu [ÖS] á sínum tíma voru Erlingur Þ. Guðmundsson varðstjóri og fangaverðirnir Ari Ingimundarson og Jón B. Sveinsson. Þennan dag mætti Erlingur Þór Guðmundsson fyrir dóminn og gætt var ákvæða 2. mgr. 77. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála. Kvaðst Erlingur hafa ákveðið að [ÖS] yrði færður í járn, 26. maí 1976. Tildrög þess voru að fanginn hafi verið í fótjárnnum og gengið í hringi í klefanum að næturlagi með þeim afleiðingum að hringlaði í hlekkjunum en að aðrir fangar hafi kvartað yfir að verða ekki svefnsamt af þessum sökum nóttina á undan. [ÖS] hafi neitað að verða við fyrirmælum um að hætta að ganga þannig að handjárn hafi verið sett á hann líka og hendurnar hlekkjaðar við rúmfót og fætturnir við borðfót. Bar hann á móti því að handjárn hefðu verið nýtt til að hlekkja fætur hans og eins að handjárnin hafi verið höfð opinn þannig að þau gætu helst að úlnliðum fangans. Samprófun milli Erlings og [ÖS] um nánari framkvæmd hlekkjunarinnar reyndist árangurslaus. Fangaverðirnir Ari Ingimundarson og Jón Baldvin Sveinsson báru um sína aðkomu að framkvæmd þessarar strekkingar.¹³⁵⁶
712. Fimmtudaginn 14. október 1976 var bókað í dagbók Síðumúlafangelsisins að Jón Oddsson, réttargæslumaður Sævars og bandaríski ræðismaðurinn hafi komið klukkan 13:30 og tekið Sævar til viðtals ásamt Rúnari og Harald. Bókað var að Sævar hafi verið færður á klefa sinn klukkan 14:20. Rannsóknargögn um viðtalið liggja ekki fyrir. Klukkan 14:30 var bókað að Haraldur og Rúnar hafi farið með Kristján Viðar í bíltúr.¹³⁵⁷ Bókað var að þeir hafi komið til baka klukkan 17:30 og farið með Kristján Viðar í hornið í yfirheyrslu. Klukkan 17:45 var bókað að Rúnar hafi farið inn á klefa til Sævars.¹³⁵⁸ Fyrir liggur skýrsla um yfirheyrslu yfir Kristjáni Viðari, dagsett sama dag. Kvaðst Kristján Viðar minnst þess að hafa farið í ágúst 1974 ásamt Sævari og Alberti Klahn í Fossvogskirkjugarð til að grafa þar eitthvað. Kvaðst Kristján Viðar muna að þetta hafi verið seinni hluta dags, milli klukkan 18:00 og 19:00. Sagðist hann halda að þeir hafi verið að grafa Guðmund Einarsson, en þó myndi hann ekki eftir því að hafa sótt hann út í Hafnarfjarðarhraun þangað sem hann hafi verið fluttur fyrst. Kristján Viðar kvaðst ekki muna eftir að hafa verið að grafa sjálfur. Þá kvaðst hann muna það fyrir víst að hafa rifist við Sævar og viljað að líkið af Guðmundi, eða það sem hafi verið grafið, yrði tekið upp aftur þar sem hugsanlega hafi verið um leiði að ræða á þeim stað sem þeir hafi grafið á. Kvaðst Kristján Viðar hvorki muna

¹³⁵⁵ Bls. 1276.

¹³⁵⁶ Bls. 1431_M–N.

¹³⁵⁷ Dagbók nr. 5, bls. 93.

¹³⁵⁸ Dagbók nr. 5, bls. 93b.

aðdragandann að ferð þeirra í kirkjugarðinn né það sem á eftir fór. Kvaðst hann vonast til að minni sitt myndi skýrast og hann myndi muna atburðina í smáatriðum og í samhengi. Var yfirheyrslunni lokið klukkan 19:25.¹³⁵⁹ Bókað var í fangelsisdagbókina að Kristján Viðar hafi verið færður á klefa sinn klukkan 19:50. Klukkan 19:10 var bókað að Rúnar hafi komið af klefa númer 13 og sagst hafa heyrt mannamál í gegnum lofttúðu á klefanum. Hafi Sævar sagt honum að þetta væri nokkuð algengt. Í framhaldinu var bókað um grun um samskipti tveggja fanga á klefum sínum.¹³⁶⁰ Rannsóknargögn um vitjunina á klefa Sævars liggja ekki fyrir. Klukkan 20:55 var bókað að Sævar hafi verið færður fram til yfirheyrslu hjá Rúnari. Klukkan 00:40 var bókað að Sævar hafi verið færður á klefa sinn.¹³⁶¹ Rannsóknargögn um yfirheyrsluna liggja ekki fyrir.

713. Þennan dag, 14. október 1976, var [ÁG] yfirheyrður á skrifstofu rannsóknarlögreglunnar. Fyrir liggur skýrsla um yfirheyrsluna. Var tilefnið bókað sem vitneskja hans um hvernig nafnrítanir Geirfinns Einarssonar og Einars Bollasonar hafi verið tilkomnar í gestabók Hótelis Bjarkalundar. Greindi vitnið frá því að hafa áður verið yfirheyrður um nafnrítanir í gestabók að Finnbogastöðum og kvaðs engu við framburð sinn að bæta. Kvað hann sama aðila standa að baki innritun í gestabók í Bjarkalundi. Kvaðst hann ekki vita ástæðuna að baki en taldi að um kjánaskap hafi verið að ræða.¹³⁶² Þennan sama dag var einnig yfirheyrð sem vitni [BT] um hvort hún hafi á einhverjum tíma verið í gleðskap hjá [SJT] og hvort hún hafi þekkt [VSH] og vitað um kynni hans við [GSig], eiginkonu Geirfinns.¹³⁶³ Ber skýrslan engar nýjar upplýsingar með sér.
714. Meðal rannsóknargagna liggur fyrir handritað bréf Erlu Bolladóttur dagsett sama dag þar sem hún rakti ýmis samtöl. Fram kom að í janúar 1975 hafi hún og Sævar verið stödd að heimili [Sr] og [PB] í Kaupmannahöfn ásamt [EÓ] og einhverjum fleirum sem hún kvaðst ekki muna hverjir voru. Þar hafi [EÓ] talað um [JA] og hlutverk hans sem milliliðs í spírasmygli. Hafi [EÓ] haft uppi getgátur um slys er gæti hafa hent Geirfinn í spíraflutningum. Við það tilefni hafi Sævar sagt að illa færi fyrir mönnum sem ekki kynnu að hegða sér samkvæmt aðstæðum og hafi hann þar átt við Geirfinn. Greindi Erla frá því að í febrúar sama ár hafi hún og Sævar farið inn á SAS hótelið í Kaupmannahöfn. Hafi Sævar viljað athuga gang Geirfinnsmálsins í Morgunblaðinu. Hafi þau lesið frétt um hollenskan sjáanda sem hafi sagt lík Geirfinns vera í um 16 metra fjarlægð frá bryggjustólpa. Hafi Sævar þá sagt sjáandann lélegan því líkið væri ekki að finna þar. Hafi Sævar sagt að menn eins og Geirfinn ætti að binda við eitthvað þungt og fleygja á hafsbotn.¹³⁶⁴ Þá greindi Erla frá því að Sævar hafi í apríl 1975 á heimili [G] og [GuðE] sagt að mönnum eins og Geirfinni ætti að ryðja úr vegi fyrir að reyna að eyðileggja viðskipti annarra með gaspri. Á sama tíma hafi þau verið stödd að Grýtubakka 10 þegar móðursystir Sævars, [SóGu], hafi komið í heimsókn ásamt

¹³⁵⁹ Bls. 1277.

¹³⁶⁰ Dagbók nr. 5, bls. 93b.

¹³⁶¹ Dagbók nr. 5, bls. 94.

¹³⁶² Bls. 1278.

¹³⁶³ Bls. 1280.

¹³⁶⁴ Bls. 1281.

manni sínum. Hafi hún sagst hafa heyrt að „Leirfinnur“ væri Magnús Leópoldsson. Greindi Erla frá því að hún hafi farið inn í herbergi með Sævari og sagt honum að Magnús Leópoldsson, Sigurbjörn Eiríksson, Valdimar Olsen, [ÁHE] og [JR] væru allir kunningjar Einars bróður síns og yrði hún ekki hissa þó þeir væru bendlaðir við smygl. Hafi þá Sævar talað um að auðvitað hafi Einar Bollason verið með í smyglinu, þaðan hafi hann fengið alla þá peninga sem hann hafi notað í að kaupa einbýlishús. Talaði Sævar einnig um hversu vel hafi verið staðið að Geirfinnsmálinu þar sem ekkert hafi enn komist upp. Greindi Erla frá því í bréfinu að eftir því sem Sævar hafi talað meir þeim mun skýrari mynd hafi hún gert sér af því hvernig málið hafi atvikast. Hafi hún sett þessar hugmyndir sínar fram sem staðreyndir í Geirfinnsmálinu. Tók Erla fram að í þessu samtali hafi Sævar haft á orði eiturfjasmygl sem hafi átt að vera tengt spírasmyglinu, en að því hafi staðið [RJ], [GBe] og [BP]. Í lok bréfsins ritaði Erla að þetta væri allt sem hún gæti sagt með öruggri vissu. Fleiri samtöl af þessu tagi kynnu að hafa átt sér stað, en hún myndi þau ekki nógu vel til að geta skýrt frá þeim.¹³⁶⁵

715. Fyrir liggur samantektarskýrsla, undirrituð af Sigurbirni Víði, um yfirheyrslu yfir Erlu 15. október 1976 þennan dag klukkan 13:10 á skrifstofu rannsóknarlögreglunnar. Bókað var að stjórnandi yfirheyrslunnar hafi verið Karl Schütz en viðstaddir hafi verið Sigurbjörn Víðir, Pétur Eggerz og Auður Gestsdóttir, túlkur. Fram kom að í upphafi skýrslutökunnar hafi Erla afhent Schütz bréf sem hún hafi skrifað honum til útskýringar á því hvernig hún teldi sig hafa haft margt af því sem hún hafi sagt í málinu eftir Sævari. Bókað var í skýrsluna að Erlu hafi verið bent á framburð hennar í málunum sem finna mætti í málskjölum og hafi Schütz hvatt hana til að segja allan sannleikann. Benti Schütz henni á að margt í framburði hennar væri í samræmi við það sem aðrir hafi sagt. Hafi Schütz sagt ekki annað koma til greina að hans áliti en að annaðhvort hafi hún farið til Keflavíkur eða einhver hafi sagt henni mjög nákvæmlega frá þessari ferð og þá skyldi hún segja hver það hafi verið. Ítrekaði Schütz við Erlu að segja allan sannleikann og hafi hún þá svarað orðrétt: „Þá hef ég farið til Keflavíkur.“ Hafi Schütz beðið Erlu um að skrifa bréf með öllum upplýsingum um málið og hafi Erla sagst ætla gera það. Bókað var í skýrsluna að á meðan yfirheyrslunni hafi staðið hafi Erla verið mjög óstyrk og grátið. Kvað hún það sem haft væri eftir henni í málskjölum hafa verið hugarburð hjá sér, en þó vissi hún ekki hvort sumt af því væri raunveruleiki.¹³⁶⁶
716. Bókað var í fangelsisdagbókina þennan dag klukkan 16:15 að Rúnar og Haraldur hafi komið með ávexti og kex handa Kristjáni Viðari og Sævari. Fimm mínútum síðar var bókað að Sævar hafi verið færður út úr húsinu í fylgd Rúnars og Haralds.¹³⁶⁷ Klukkan 17:55 var bókað að Rúnar og Haraldur hafi komið aftur með Sævar. Rannsóknargögn um ferðina liggja ekki fyrir. Bókað var klukkan 18:00 að Tryggvi Rúnar hafi verið færður fram til viðtals við Sigurbjörn Víði. Bókað var klukkan 18:30 að Tryggvi Rúnar hafi verið færður á klefa sinn. Rannsóknargögn um viðtalið liggja ekki fyrir.

¹³⁶⁵ Bls. 1282–1283.

¹³⁶⁶ Bls. 1287.

¹³⁶⁷ Dagbók nr. 5, bls. 94b.

Klukkan 19:10 var bókað að Kristján Viðar hafi verið færður fram til viðtals við Harald. Klukkan 23:55 var bókað að skýrsla hafi verið undirrituð í horninu og Kristján Viðar hafi verið færður til klefa síns.¹³⁶⁸ Skýrsla um yfirheyrsluna liggur fyrir meðal rannsóknargagna. Fram kom að yfirheyrslan hafi farið fram að ósk Kristjáns Viðars. Kvaðst Kristján Viðar minnst þess nú að þegar hann, Sævar, Erla og bifreiðastjórinn hafi verið stödd við Hafnarbúðina í Keflavík umrætt kvöld hafi hann verið beðinn um að hringja í Geirfinn. Mundi Kristján Viðar eftir að hafa fengið miða sem bifreiðastjórinn hafi skrifað á nafnið Geirfinnur og símanúmer. Hafi honum verið sagt að þetta væri engin vitleysa og hann ætti að hringja og spyrja eftir manningu. Hafi Sævar sagt honum að segja einhverja ákveðna setningu sem maðurinn myndi skilja. Kvaðst Kristján Viðar ekki muna setninguna en minna að í henni hafi verið orðin: „Við erum komnir“. Kristján Viðar kvaðst hafa farið inn í Hafnarbúðina og fengið lánaðan síma. Myndi hann ekki eftir afgreiðslustúlkunni en minna að hún hafi ekki verið ung og kvaðst viss um að hún hafi verið í bláum vinnusloppi. Kristján Viðar kvaðst hafa hringt í númerið á miðanum, barn hafi svarað, hann hafi spurt eftir Geirfinni og þá hafi barnið kallað: „pabbi“. Þá hafi einhver maður komið í símann og kvaðst Kristján þá hafa sagt þessa fyrirfram ákveðnu setningu. Kvaðst Kristján muna að Geirfinnur hafi spurt orðrétt: „Er Maggi staddur þarna?“ Kvaðst Kristján Viðar þá hafa sagt: „Það er enginn hérna, ég er hérna einn.“ Hafi Geirfinnur þá spurt hann um nafn en Kristján sagt það engu máli skipta og lagt á. Kvaðst Kristján Viðar þá hafa farið út í bifreiðina og greint þeim frá símtalinu. Hafi bifreiðastjórinn sýnt þessu áhuga og spurt Kristján Viðar hvort Geirfinnur hafi sagt þetta. Síðan hafi bifreiðastjórinn farið inn í Hafnarbúðina og fannst Kristjáni Viðari líkt og hann hafi farið inn að hringja útaf þessum orðaskiptum hans og Geirfinns. Tók Kristján Viðar það fram að hann væri ekki viss um að Geirfinnur hafi sagt nafnið Maggi, en minnti það sterklega.¹³⁶⁹ Þá kvaðst Kristján Viðar hafa það á tilfinningunni að einhver hafi komið upp í bifreiðina hjá þeim við Hafnarbúðina. Hafi bifreiðastjórinn sagt: „Þarna kemur hann.“ Fannst Kristjáni Viðari sem maður hafi komið frá bifreið sem hafi verið stöðvuð skammt frá. Hafi hann ekki séð þetta vel vegna myrkurs og þá hafi hann einnig verið undir áhrifum lyfja. Í lok skýrslunnar var bókað að Kristján hafi sagst ekki geta munað fleiri atriði, en myndi skýra frá þeim jafnóðum og minni hans myndi skýrast. Var skýrslutökunni lokið klukkan 23:40.¹³⁷⁰

717. Meðal rannsóknargagna liggur fyrir athugasemdashýrsla Karls Schütz dagsett þennan dag, 15. október 1976. Í skýrslunni kom fram að það sem Erla hafi skrifað niður um fyrirmælin sem Sævar hafi gefið henni og hvaðan hún hafi fengið svona yfirgripsmikla þekkingu á því sem gerst hafi í Keflavík, snerti ekkert framburð hennar. Fram kom að í samtali Erlu við Sigurbjörn Víði hafi hún sagst aldrei hafa fengið bein fyrirmæli heldur hafi Sævar talað við sjálfan sig og oft endurtekið það sama. Þannig hafi hún ályktað að hún ætti að segja fram í svipuðum dúr. Í skýrsluna bókaði Schütz um að hafa bent Erlu ákveðið á andstæður í framburði hennar í viðurvist Péturs Eggerz,

¹³⁶⁸ Dagbók nr. 5, bls. 95.

¹³⁶⁹ Bls. 1288.

¹³⁷⁰ Bls. 1289.

Sigurbjörns Víðis og túlksins, Auðar Gestsdóttur. Fram kom að þá hafi hún enn lýst því yfir að hafa aldrei fengið bein fyrirmæli frá Sævari. Eftir áminningu hafi hún enn lýst því yfir að hafa ekki verið í Keflavík og að hún héldi fast við það. Hafi Erla sagt að enginn tryði henni og að hún vissi varla lengur hvað hún ætti að segja. Fram kom að hún hafi verið hvött til að segja loks frá því hvaða aðilar hefðu sagt henni í einstökum smáatriðum frá því sem hafi gerst. Hafi hún þá sagt orðrétt: „Ég hef búið það allt til.“ Þegar henni hafi verið sagt að hún gæti ekki hafa fundið upp þessi einstöku atriði sem borið hafi saman við framburð annarra hafi Erla farið í mikla geðshræringu. Bókað var í skýrsluna að ljúka hafi þurft yfirheyrslunni á þeim tímamarki.¹³⁷¹ Á seinni síðu athugasemdaskýrslunnar bókaði Schütz eftir Erlu, ýmist efnislega eða orðrétt. Hafi Erla sagt: „Ég held fast við það að ég var ekki í Keflavík.“ Fram kom að þegar Erlu hafi verið sagt að hún gæti ekki hafa vitað um ýmis smáatriði sem hún hafi borið um nema með því að hafa verið á staðnum hafi hún sagt: „Nú, þá hef ég bara verið í Keflavík, ég man bara ekkert eftir því.“ Þegar Erla hafi verið spurð hvaðan hún hefði öll einstök atriði hafi hún sagt: „Ég hef fengið upplýsingar úr ýmsum áttum.“ Bókað var að því hafi verið haldið fram við Erlu að hún væri nú sem fyrr að vernda Sævar. Hafi hún þá sagt: „Nei, ég er ekki að vernda hann. Ég er að vernda sjálfa mig.“ Aðspurð hvort hún væri hrædd við Sævar hafi Erla svarað: „Nei, ég er ekki hrædd við neinn.“ Aðspurð hvort hún vildi sýna svonefndum undirheimum samheldni, eins og það var orðað, hafi Erla sagst ekki vera í neinum undirheimum. Fram kom að minnst hafi verið á samtalið sem Erla hafi lýst milli ökumannsins og Sævars þar sem rætt hafi verið um að ryðja einhverjum úr vegi. Hafi Erla verið spurð hvernig hún hafi fengið vitneskju um þetta samtali ef hún hafi ekki verið með í ferðinni. Bókað var að Erla hafi þá svarað: „Hefur Sævar viðurkennt það?“ Fram kom að Erla hafi orðið æst þegar henni hafi verið sagt að yfirheyrslan yrði að taka enda. Hafi hún þá virst ætla í móðursýkiskast. Hafi Erla lamið ítrekað í borðið og æpt grátandi: „Enginn trúir mér hérna.“ Á leiðinni í fangelsið hafi Erla hóttað sjálfsmorði í áheyrn Sigurbjörns Víðis. Bókað var að fangelsisstjóra hafi verið tilkynnt strax um það. Í lok skýrslunnar var bókað að um klukkustund eftir að Erla hafi verið komin í fangelsið hafi hún lagt fram bréf og óskað eftir að þau yrðu fengin Karli Schütz.¹³⁷²

718. Bréfin sem Erla óskaði eftir að fengin yrðu Schütz liggja fyrir meðal rannsóknargagna. Voru þau til nánari útskýringa á samtölum þeim sem hún hafi áður ritað varðandi Geirfinnsmálið. Vildi hún benda á að þegar hún hafi svikið fé frá Pósti og Síma hafi Sævar ekki sagt: „Þú segist ekki hafa gert það“ heldur: „þú gerðir það ekki“. Sama hafi gilt um Geirfinnsmálið. Sævar hafi ekki sagt hvað hún ætti að segja heldur hafi hann haft uppi fullyrðingar um hvernig hlutirnir hefðu atvikast í Keflavík. Af samtali þeirra í Breiðholti hafi hún skilið það svo að þar hafi verið um að ræða hluti sem hún ætti að segja ef hún yrði spurð þar sem hún hafi áður dregið þá ályktun af samtölum í Kópavogi og á SAS hóteli í Kaupmannahöfn að Sævar væri viðriðinn málið. Í lok bréfsins ritaði Erla orðrétt: „Ekki man ég til þess að hann hafi sagt söguna í smærri

¹³⁷¹ Bls. 1290.

¹³⁷² Bls. 1291.

atriðum, þess vegna er þetta það eina sem ég hafði fyrir mér í Geirfinnsmálinu. Restin var tilbúningur minn. Þetta er SANNLEIKUR.¹³⁷³

719. Í öðru bréfi sem Erla afhenti Schütz þennan dag kom fram að Erla hafi lesið í blöðunum, löngu fyrir Geirfinnsmálið, að Klúbburinn seldi smyglað áfengi. Fyrir utan Klúbbinn hafi hún séð stóra sendiferðabifreið. Hafi [EÓ] í Kaupmannahöfn sagt að Geirfinnur hafi verið viðloðinn spírasmygl. Einnig hafi spíri verið settur á tank á leynilegum stað með trillubáti. Þegar hún hafi farið til Keflavíkur í bifreið með Sigurbirni Víði og Eggerti hafi hún giskað á Dráttarbrautina eftir að vera búin að fara á nokkra aðra staði. Greindi Erla frá því að Dráttarbrautin hafi komist best heim við lýsinguna sem hún hafði gefið á staðháttum. Þegar hún hafi lýst staðnum hafi hún verið meðvituð um að klettur væru víða í sjó við strendur Keflavíkur, enda hafi hún komið oft þangað. Hina fólksbifreiðina hafi hún haft í frásögninni þar sem þarna áttu að vera fleiri menn og taldi hún upp Einar, Magnús, Sigurbjörn, Valdimar, [JA], [RJ] og [GBE]. Greindi Erla frá því að samtalið sem hún hafi sagt hafa átt sér stað á leiðinni hafi eingöngu verið það sem Sævar hafi sagt sér um Geirfinnsmálið. Hafi það verið hennar hugmynd að segja að sendiferðabíllinn hafi staðið á bryggjunni. Hafi hún giskað á það, enda ekki erfitt. Erla sagðist ekki geta gefið neina skýringu á húsinu sem hún hafi sagst hafa farið inn í. Í lok bréfsins ritaði Erla orðrétt: „Ef þetta er ekkert í áttina, þá er ég hætt að reyna að útskýra, þá þýðir það ekkert. Annars er ég reiðubúin að skrifa meira ef mér er sagt um hvað.“¹³⁷⁴
720. Þennan sama dag teiknaði Erla sætaskipun í Land Rover bifreiðinni þar sem Kristján Viðar hafi setið milli hennar og Geirfinns. Gaf hún þar í skyn að Guðjón Skarphéðinsson hafi geta verið ökumaðurinn.¹³⁷⁵ Inn á teikninguna ritaði Erla orðrétt: „Er við stoppuðum við Hafnarbúðina í Keflavík steig Kristján út úr bílnum og [...]. Er hann kom aftur var í fylgd með honum annar maður, sem ég held að hafi verið Geirfinnur. Kristján færði sig nær mér til að maðurinn gæti sest inn.“ Orðrétt ritaði hún: „Ég man, að í nóvember, stuttu eftir að ég fékk Land Roverinn, þá fékk Guðjón Skarphéðinsson að prófa hann, það er möguleiki, að hann hafi keyrt til Keflavíkur. Ég get ekki komið því fyrir mig, því ég ruglast alltaf á ímynduninni um Magnús Leópoldsson.“¹³⁷⁶
721. Fyrir liggur önnur athugasemdarskýrsla Karls Schütz, dagsett sama dag, 15. október 1976. Í skýrslunni kom fram að tæknideild Bundeskriminalamt í Wiesbaden hafi verið beðin um að athuga hvort ummerki fyndust á frakka Kristjáns Viðars sem styddu framburð hans, um að hafa saumað hnapp aftur við frakkann eftir að Guðmundur hafi rifið hann af í átökum þeirra. Bókað var í skýrsluna um árangur rannsóknarinnar. Fram kom að hnappar frakkans, að einum undanskildum, hafi allir verið saumaðir í verksmiðju. Fjórdi hnappur að ofan á vinstra framstykki frakkans hafi sýnt tvenns konar saumaskap sem hafi verið gerður í sitthvoru lagi. Hafi rannsókn bent til að hnappurinn hafi sennilegast losnað, en aldrei slitnað alveg af, og verið þá festur aftur

¹³⁷³ Bls. 1284.

¹³⁷⁴ Bls. 1285.

¹³⁷⁵ Bls. 1763.

¹³⁷⁶ Bls. 1286.

af leikmanni með svörtum tvinna, án þess að notuð hafi verið áhöld og saumagarn frá verksmiðjunni.¹³⁷⁷

722. Meðal rannsóknargagna er önnur vikuskýrsla Schütz, dagsett sama dag, til Ólafs Jóhannessonar, dómsmálaráðherra. Fram kom að Schütz hafi komið aftur til Reykjavíkur 11. október 1976. Þá sagði að sönnunargögn í Guðmundarmálinu hafi verið send frá Reykjavík til tæknideildar Bundeskriminalamt í Wiesbaden. Í skýrslunni greindi Schütz frá samkomulagi við forstöðumann Bundeskriminalamt í Wiesbaden um leyfi fyrir notkun á rannsóknarforritum í tölvu á Íslandi. Fram kom að hann myndi leggja fram skýrslu um tillögur sínar um stofnun embættis rannsóknarlögreglu á Íslandi og þjálfun lögreglumanna 19. eða 20. október 1976. Í skýrslunni sagði að rannsóknarnefnd Reykjavíkur hafi einbeitt sér að því undanfarnar tvær vikur að finna lík Guðmundar Einarssonar. Hafi það reynst nauðsynlegt þar sem Sævar hafi borið um að hafa flutt lík Guðmundar ásamt Kristjáni Viðari og Alberti Klahn í ágúst 1974 úr Hafnarfjarðarhrauni yfir í Fossvogskirkjugarð. Staðarlýsingum Sævars í kirkjugarðinum hafi verið fylgt eftir en leit hafi ekki borið árangur.¹³⁷⁸ Leitað yrði á öðrum mögulegum stöðum í kirkjugarðinum fram að helgi. Fram kom að Örn Höskuldsson, rannsóknardómari, myndi afhenda öll sönnunargögn í Guðmundarmálinu til saksóknara 19. október 1976. Frá og með þeim tímapunkti myndi rannsóknarnefndin eingöngu einbeita sér að frekari rannsókn á Geirfinnsmálinu. Í lok skýrslunnar kom fram að mikil ólga hafi ríkt meðal rannsóknarlögreglumanna í Reykjavík síðan 13. október 1976. Gat Schütz þess að af umræðum að dæma teldi hann spennuna stafa af tilkynningu um stofnun rannsóknarlögreglu í Reykjavík sem skipuð yrði nýútskrifuðum lögreglumönnum.¹³⁷⁹
723. Laugardaginn 16. október 1976 var bókað í dagbók fangelsisins við Síðumúla að Guðsteinn læknir hafi komið klukkan 08:25 og rætt við Kristján Viðar og Sævar meðal annarra. Bókað var að læknirinn hafi breytt lyfjum og var vísað til lyfjaskrár um það. Klukkan 09:10 var bókað að Sigurbjörn Víðir hafi farið eftir stutt samtal við Tryggva Rúnar. Rannsóknargögn liggja ekki fyrir um samtalið. Bókað var klukkan 09:35 að Sigurbjörn Víðir hafi hringt og fengið upplýsingar um hvenær samtali Kristjáns Viðars og Haraldar hafi lokið kvöldið áður. Klukkan 14:10 var bókað að Karl Schütz og Pétur Eggerz hafi komið í fangelsið. Var Kristján Viðar færður þeim strax í hornið, eins og það var orðrétt bókað. Klukkan 15:30 var bókað að Rúnar hafi farið inn á klefa til Sævars til að tala við hann. Tuttugu mínútum síðar var bókað að Rúnar hafi farið. Rannsóknargögn um vitjunina liggja ekki fyrir. Bókað var klukkan 16:20 að Kristján Viðar hafi verið færður aftur á klefa sinn. Fyrir liggur skýrsla um yfirheyrsluna þar sem bókað er að skýrslutakan hafi hafist klukkan 15:15 og lokið klukkan 16:30. Var tilefnið bókað sem yfirhöfnin sem Kristján Viðar hafi verið í þegar Guðmundi hafi verið ráðinn bani. Bókað var að Kristjáni Viðari hafi verið sýndur græn-brúnn taufurakki og hafi Kristján Viðar sagt frakkann vera í sinni eigu. Kvaðst hann hafa verið í honum kvöldið sem hann hafi orðið Guðmundi að bana að

¹³⁷⁷ Bls. 1292–1293.

¹³⁷⁸ Bls. 1295.

¹³⁷⁹ Bls. 1296.

Hamarsbraut 11. Aðspurður hvers vegna hann hafi verið í frakka inni í íbúð kvað hann það ekkert athugavert að sínu mati, það hafi hann oft gert. Bókað var að Kristjáni Viðari hafi verið gerð grein fyrir niðurstöðum rannsóknar um að það hafi aldrei losnað hnappur af frakkanum og því gæti framburður hans um að hnappurinn hafi verið í hendi Guðmundar ekki verið réttur. Bókað var að Kristján Viðar hafi gefið þær skýringar að samkvæmt hans bestu vitund hafi þetta verið svona. Sagði hann það geta verið að hnappurinn hafi verið úr annarri flík sem hann hafi verið í umrætt kvöld. Kvaðst hann ekki viss um í hvers konar jakka hann hafi verið, það gæti hafa verið leðurjakki. Minnti Kristján Viðar fastlega að það hafi vantað hnapp á þennan svarta leðurjakka. Leðurjakkinn væri ekki lengur í hans eigu og kvaðst hann ekki vita hvar hann væri niðurkominn. Myndi hann það nákvæmlega að frakkinn sem hann hafi verið í þegar hann hafi slegist við Guðmund hafi verið óhneptur. Kvaðst Kristján Viðar halda fast við það að hann hafi gert tilraun til að ná hnappinum úr hendi Guðmundar í íbúðinni. Hafi hann talað um hnappinn við Tryggva Rúnar í bifreiðinni. Kvaðst hann einnig halda fast við það að Tryggvi Rúnar hafi síðar afhent honum hnappinn. Hvað hafi orðið af hnappinum kvaðst Kristján Viðar ekki vita. Aðspurður um hver hafi saumað hnappinn fastan á frakkann hans kvaðst Kristján Viðar ekki vita það og sagði það hugsanlegt að hann hafi gert það sjálfur eða amma hans.¹³⁸⁰ Auk skýrslunnar liggur fyrir athugasemdaskýrsla um yfirheyrsluna, rituð af Karli Schütz og dagsett sama dag. Fram kom að Kristján Viðar hafi stöðugt verið minntur á ósamræmi milli framburðar hans og niðurstöðu tæknirannsóknar á frakkanum. Þrátt fyrir það hafi Kristján haldið fast við það að hnappurinn hafi ekki bara losnað í átökum við Guðmund, heldur alveg slitnað af og Tryggvi Rúnar hafi síðan tekið hnappinn úr hendi Guðmundar. Þegar hann hafi síðan verið spurður hvort hnappurinn hafi getað dottið af einhverri annarri flík hafi Kristján Viðar viðurkennt að frakkinn hafi verið opinn og hnappurinn því getað hafa dottið af jakka hans, líklega svörtum leðurjakka. Bókað var í athugasemdaskýrsluna að Haraldur Árnason, rannsóknarlögreglumaður, hafi greint frá því að umræddur leðurjakki væri í vörslum lögreglunnar. Við skoðun á leðurjakkanum hafi komið í ljós að á hann vantaði einn hnapp sem upprunalega hafi verið á honum.¹³⁸¹

724. Bókað var í fangelsisdagbókina klukkan 16:25 þennan dag að Tryggvi Rúnar hafi verið færður fram til viðtals við Schütz og co., eins og það var orðað í færslunni.¹³⁸² Klukkan 16:55 var bókað að Tryggvi Rúnar hafi verið færður á klefa sinn. Rannsóknargögn um viðtalið liggja ekki fyrir. Bókað var klukkan 17:45 að Rúnar Sigurðsson, rannsóknarlögreglumaður, hafi tekið Sævar til skýrslutöku. Bókað var að skýrslutökunni hafi lokið klukkan 19:45 og Sævar hafi verið settur inn á klefa. Rannsóknargögn um skýrslutökuna liggja ekki fyrir. Klukkan 19:30 var bókað í fangelsisdagbókina að Jóna hafi hringt til að athuga hvort í lagi væri að ónáða Sigurbjörn Víði sem væri heima. Færsluritari lét þess getið að hann teldi það í lagi

¹³⁸⁰ Bls. 1297–1298.

¹³⁸¹ Bls. 1299.

¹³⁸² Dagbók nr. 5, bls. 95b.

fyrst erindið væri í sambandi við Erlu.¹³⁸³ Klukkan 20:15 var bókað í fangelsisdagbókina að Sigurbjörn Víðir hafi komið við á leið í Hegningarhúsið.¹³⁸⁴ Rannsóknargögn um viðtal við Erlu umræddan dag liggja ekki fyrir önnur en athugasemdaskýrsla Karls Schütz sem liggur fyrir á þýsku. Í skýrslunni kom fram að þennan dag um klukkan 19:30 hafi Sigurbjörn Víðir fengið símtal frá fangelsinu þar sem Erla væri vistuð. Hafi hann fengið þær upplýsingar að Erla hefði lýst yfir sterkri þörf til að gefa Schütz mikilvægar upplýsingar í Geirfinnsmálinu þetta kvöld. Bókað var að Schütz og Pétur Eggerz hafi farið í fangelsið og Sigurbjörn Víðir hafi þá þegar verið kominn. Hafi samtalið hafist klukkan 20:30. Haft var orðrétt eftir Erlu: „Núna langar mig til að segja síðasta hluta sannleikans. Það var Sævar sem gaf mér fyrimæli. Ég átti alltaf og gagnvart hverjum sem var, þegar Geirfinnsmálið bæri á góma, að segja að Sigurbjörn Eiríksson, Magnús Leópoldsson, Einar Bollason, [ÁHE], [JR] og Valdimar Olsen hefðu átt hlut að máli. Hann sagði þetta við mig eftir ferðina til Keflavíkur, einmitt þegar leitað var að G. Samtalið átti sér stað í litla herberginu í íbúð móður hans. Ég stend ennþá fast við það sem ég sagði, að ég tók ekki þátt í þessari ferð. En ég veit að Sævar fór til Keflavíkur. Hann sagði mér það að vísu ekki berum orðum vegna þess að hann treysti mér ekki nógu vel. En ég veit að hann fór frá mér eina nótt, það var nóttina 19.11.1974 sem hann var fjarverandi. Hann kom til baka í íbúðina mína að Hjallavegi næsta morgun um klukkan 10:00.“ Undir yfirheitinu „Skýringa óskað:“ bókaði Schütz um orðréttu spurningu til Erlu: „Hvernig stendur á því að þér munið svona vel eftir þessari nótt og sérstaklega að þér vitið að S. væri í Keflavík? Auk þess var hann örugglega oft fjarverandi að næturlagi.“ Bókað var orðrétt eftir Erlu: „Um þær mundir var hann ekki oft fjarverandi frá mér. Við áttum Land Rover og ég ók honum um allt. Ég gat því fylgst vel með honum. Að mínu mati hefur hann farið með [BPP] og Kristjáni. Ég ræð þetta af því að hann var á þeim tíma oft með [BPP]. En á sama tíma var hann ekki vinur Kristjáns og því þótti mér það eftirtektarvert að hann skyldi aftur hafa sett sig í samband við Kristján þessa daga.“¹³⁸⁵ Undir yfirheitinu „Skýringa óskað:“ bókaði Schütz aðra orðréttu spurningu til Erlu: „Samkvæmt framburði Kristjáns var hann með Erlu í bílnum á leiðinni til Keflavíkur. Hann ætlaði að hefja samtal við hana. En hún tók því eiginlega fálega.“ Orðrétt bókaði Schütz um svar Erlu: „Kristján lýgur ef hann heldur þessu fram.“ Fram kom að Erlu hafi verið tilkynnt um að samtalinu yrði að ljúka. Hún gæti, ef hún vildi greina frá fleiru, gefið skýrslu síðar eða skrifað slíkt niður sjálf. Bókað var að Erla hafi þá hrópað skyndilega og sagt háum rómi: „Sævar sagði mér með hverjum hann ók til Keflavíkur. Það voru Kristján Viðar Viðarsson og [SSH] og [BPP]. Sævar varaði mig við og sagði að ef ég myndi ræða þetta myndi ég spilla fyrir stórum viðskiptum.“¹³⁸⁶ Rannsóknargögn liggja ekki fyrir um hvenær yfirheyrslunni lauk.

725. Mánudaginn 18. október 1976 var bókað í dagbók Síðumúlafangelsisins klukkan 13:20 að sending hafi borist Sævari, ávextir og fleira frá móður hans. Klukkan 13:40 var bókað að Haraldur og Rúnar hafi farið inn á klefa til Sævars. Ekki er bókað

¹³⁸³ Dagbók nr. 5, bls. 96.

¹³⁸⁴ Dagbók nr. 5, bls. 96b.

¹³⁸⁵ Bls. 1300 og 1301_A.

¹³⁸⁶ Bls. 1301 og 1301_A.

hvenær þeir hafi komið fram af klefa Sævars. Klukkan 17:35 var bókað um komu Rúnars aftur í Síðumúlafangelsið og tuttugu mínútum síðar var bókað að Sævar hafi verið færður fram til yfirheyrslu hjá Rúnari. Á sama tíma, klukkan 17:55, var bókað um símtal við Steingrím Gaut Kristjánsson, setudómara í rannsókn á kæru vegna illrar meðferðar á gæsluföngum. Bókað var í fangelsisdagbókina að dómari hafi tilkynnt um fyrirætlun sína að láta mæla klefa númer níu og að láta lækni skoða járnin, eins og það var orðað í færslunni. Bókað var klukkan 18:45 að Sævar hafi verið færður á klefa sinn.¹³⁸⁷ Rannsóknargögn um vitjun á klefa Sævars þennan dag sem og yfirheyrslu liggja ekki fyrir.

726. Meðal rannsóknargagna liggja handritaðir punktar, ómerktir og ódagsettir, en síðasta færslan í skjalinu er dagsett þennan dag. Skjalið inniheldur persónuupplýsingar um [BPP]. Fram koma dagsetningar á yfirheyrslum yfir Erlu þar sem hún bar um að [BPP] hafi farið til Keflavíkur í umrætt sinn. Við dagsetninguna 18. október 1976 er ritað að Erla hafi borið um að [BPP], og [SSH] hafi farið til Keflavíkur. Þá er ritað undir sömu dagsetningu að Sævar hafi sagst hafa verið með [BPP] 19. nóvember 1974 á Land Rover.¹³⁸⁸
727. Þriðjudaginn 19. október 1976 var bókað klukkan 13:45 að Rúnar hafi hringt og beðið fyrir þau skilaboð til Sævars að hann gæti ekki komið í dag eins hann hafi lofað vegna anna. Klukkan 14:25 var bókað í fangelsisdagbókina að Rúnar og Jónas Bjarnason, rannsóknarlögreglumenn, hafi komið og farið með Sævar í viðringu, eins og það var orðað. Bókað var klukkan 15:20 að Rúnar og Jónas hafi komið með Sævar úr Vatnsmýrinni. Rannsóknargögn liggja ekki fyrir um viðringuna. Bókað var klukkan 16:05 að starfsmenn tæknideildar rannsóknarlögreglunnar hafi komið í fangelsið á vegum Steingríms Gauts Kristjánssonar, setudómara. Hafi þeir teiknað upp, mælt og myndað klefa númer níu.¹³⁸⁹ Bókað var klukkan 20:00 að [ÓmL] hafi komið með sendingu til Tryggva Rúnars bróður síns.¹³⁹⁰
728. Fyrir liggur samantektarskýrsla, dagsett sama dag, með efnisatriðum úr sjö framburðarskýrslum Erlu varðandi vitneskju hennar um hvarf Geirfinns Einarssonar og ferð hennar til Keflavíkur 19. nóvember 1974.¹³⁹¹
729. Meðal rannsóknargagna er skýrsla um yfirheyrslu yfir [IJ], fiskifræðingi. Var tilefni yfirheyrslunnar bókað sem kunningsskapur vitnisins við Sævar. Kvaðst vitnið kannast nokkuð við Sævar en ekki þekkja hann persónulega. Hafi hann eitt sinn lánað Sævari 100.000 krónur í greiðaskyni sem Sævar hafi greitt skömmu síðar. Hafi hann ekki vitað tilganginn að baki lánaðfyrirgreiðslunni. Fram kom að [IJ] hefði á leigu geymsluhólf í Landsbanka Íslands. Kvaðst hann aldrei hafa geymt neitt fyrir Sævar og nota hólfíð lítið. Bókað var að vitnið hafi veitt heimild til leitar í hólfinu.¹³⁹² Ekkert fannst í hólfinu sem tengist málinu.

¹³⁸⁷ Dagbók nr. 5, bls. 97b.

¹³⁸⁸ Bls. 1302.

¹³⁸⁹ Dagbók nr. 5, bls. 98b.

¹³⁹⁰ Dagbók nr. 5, bls. 99.

¹³⁹¹ Bls. 1303–1308.

¹³⁹² Bls. 1309.

730. Þá liggja fyrir þrjár skýrslur dagsettar þennan dag um yfirheyrslur af vitnum í Keflavík í tilefni af upplýsingum sem Vilmundur Gylfason hafi veitt rannsóknarlögreglunni. Í fyrstu skýrslunni er bókað um yfirheyrslu yfir mæðgum, um atvik sem dóttirin hafi orðið vitni að vorið 1975 þegar hún hafi verið 11 ára gömul að leik við Dráttarbrautina í Keflavík. Hafi hún þá séð tvo menn koma á árabát að bryggjunni. Hafi þeir tekið plastbrúsa úr bátnum og sett þá í hvíta sendiferðabifreið. Hafi vitnið séð tvær byssur í bátnum og eitthvað sem hún hafi talið vera fugla.¹³⁹³ Í annarri skýrslu er bókað um yfirheyrslu yfir Magnúsi Gíslasyni, fyrrum fréttaritari Vísis og þáverandi fréttaritari Dagblaðsins. Fram kom að hann hafi greint lögreglunni frá því að [SjT], vinkona [GSig], eiginkonu Geirfinns, hafi sagt honum að morguninn eftir hvarf Geirfinns hafi hún farið til [AÓ], lækni, og fengið róandi lyf handa [GSig]. Þá kvaðst vitnið hafa aðstoðað lögregluna í Keflavík þegar dregin hafi verið upp mynd af manni þeim sem hringt hefði úr Hafnarbúðinni 19. nóvember 1974. Hann hafi mikið verið hjá [GKJ], afgreiðslustúlku í Hafnarbúðinni, sem hafi gefið eftirfarandi lýsingu á manninum: „Neðri augnlína bein og strekkt upp, sambrýndur, munnbreiður með þunnar varir, haka þver, eyru nokkuð útistandandi, hár rauðbirkið og sveipir í því.“ Þá kvað vitnið [GKJ] hafa talað um að mótað hafi fyrir skalla er hún hafi séð á bakhluta mannsins. Einnig hafi hún talað um blett eða vörtu á annarri kinn.¹³⁹⁴ Í þriðju skýrsluna var bókað um yfirheyrslu yfir [SJÁ]. Tilefni yfirheyrslunnar var ferð hennar að Hafnarbúðinni í Keflavík 19. nóvember 1974. Fram kom að Haukur Guðmundsson, rannsóknarlögreglumaður hafi rætt við vitnið á sínum tíma. Greindi hún frá því hafa komið Hafnarbúðinni umræddan dag og hafi sonur hennar farið inn en hún beðið út í bifreiðinni á meðan. Hafi klukkan verið um 18:30 til 19:00. Á sama tíma hafi stór Mercedes Benz sendiferðabifreið stöðvað rétt hjá bifreið hennar. Hafi ökumaðurinn verið í ljósum buxum og ljósum leðurjakka, um 180 til 185 sentímetrar á hæð, með skollitað hár, nokkuð þybbinn í vexti og um 35 ára gamall. Taldi hún líklegt að hún myndi þekkja manninn aftur, enda teldi hún sig hafa séð hann aftur í Reykjavík á sömu bifreið. Hafi bifreiðin verið ljós á litin með ljósari rönd á hliðinni. Þá hafi bifreiðin verið með gluggum á hliðum. Kvað hún manninn hafa komið aftur út úr Hafnarbúðinni á undan syni hennar.¹³⁹⁵ Hafi þau mæðginin síðan farið að svokallaðri „Þórðarsjoppu“, en þar hafi sami maður setið í bifreið sinni fyrir utan. Fram kom í skýrslunni að lögreglan hafi einnig rætt við soninn og hafi hann sagt manninn hafa beðið um afnot af síma í Hafnarbúðinni. Hafi hann síðan hringt stutt símtal, greitt fyrir og gengið út. Fram kom að vitnunum hafi fundist maðurinn líkur leirmyndinni þegar hún hafi birst í fyrsta sinn í sjónvarpi.¹³⁹⁶
731. Meðal rannsóknargagna liggur fyrir handritað bréf Erlu, dagsett sama dag, 19. október 1976, klukkan 14:45. Þar lýsti Erla því yfir, sem dóttir [ÞÓE] og móðir [JEM], að hún vildi skýra frá Geirfinnsmálinu af fyllstu einlægni svo það myndi upplýsast og hún gæti orðið laus. Ritaði Erla að hún hafi farið til Keflavíkur 19. nóvember 1974 ásamt Sævari, Kristjáni og þriðja manni sem hana minnti fastlega að hafi verið [BPP]. Þó

¹³⁹³ Bls. 1310.

¹³⁹⁴ Bls. 1311–1312.

¹³⁹⁵ Bls. 1314.

¹³⁹⁶ Bls. 1315.

gæti hún ekki fullyrt um það þar sem hún ætti erfitt með að kalla fram mynd bílstjórans í huganum. Fram kom að hún myndi ekki heldur á hvaða bifreið þau hafi verið en taldi mögulegt að þau hafi verið á Land Rover bifreið sem var í hennar eigu. Greindi Erla frá því að ekið hafi verið um borgina og meðal annars komið við hjá Guðjóni Skarphéðinssyni að Ásvallagötu í Reykjavík og [VK] að Kirkjuteigi. Síðan hafi verið ekið í gegnum Hafnarfjörð og komið við í nætursölu þar. Rámaði hana í að við komuna til Keflavíkur hafi verið stöðvað við Hafnarbúðina. Þó væri hún ekki viss um það atriði þar sem hún hafi komið þangað áður. Loks hafi verið ekið að Dráttarbrautinni. Greindi Erla frá því í bréfinu að þar hafi verið fyrir fólksbifreið, sem hana minnti að hafi verið rauð, og inni í henni hafi verið einhver sem hún hafi ekki séð. Lýsti Erla því hvar sendiferðabifreið hafi staðið innst á bryggjunni og þar hafi verið einhver hreyfing á manni. Þá hafi bátur staðið við bryggjuna. Í fjörunni hafi verið tveir menn á tali. Hafi bílstjórinn og Kristján Viðar farið út úr bifreiðinni en Sævar verið um kyrrt í stutta stund. Síðan hafi Sævar gengið í átt að mönnunum tveimur.¹³⁹⁷ Greindi Erla frá því að þegar hún hafi farið úr bifreiðinni hafi hún veitt mönnunum í fjörunni athygli. Hafi sá, sem hún teldi hafa verið Geirfinn, snúið að henni, en Sævar og hinn maðurinn hafi snúið bakinu í hana. Lýsti Erla Geirfinni sem „sveitamannslegum“ og íklæddan úlpu. Taldi hún hinn manninn hafa verið [SSH] því hann kæmi henni ávallt í hug. Hafi hann verið klæddur í leður- eða leðurlíkisjakka. Sævar hafi verið í leðurjakka og kápu utan yfir sem hún hafi átt. Ritaði Erla að svo hafi virst sem mennirnir hafi deilt um eitthvað. Hafi Sævar þá komið til hennar og sagt henni að fara heim á puttanum. Lýsti Erla minningu sinni um að hafa fundið til máttleysis í hnjám og verið við það að falla svo Sævar hafi þurft að styðja við hana. Hafi þau þrætt eitthvað, en Sævar síðan yfirgefið hana og farið til mannanna þriggja. Þá hafi hún tekið eftir [BPP] sem hafi staðið á lengdar og virst fylgjast með mönnunum. Mundi Erla eftir að hafa verið hrædd eftir að hafa heyrt samtal bílstjórans og Sævars um að ryðja þyrfti manni úr vegi sem ekki tæki sönsu. Hafi þeir sagt hann ekki vilja þiggja peninga og ... Greindi Erla frá því að hafa flúið í rautt hús skammt frá þar sem hún hafi kastað upp og liðið mjög illa á sál og líkama.¹³⁹⁸ Kvaðst Erla hafa ástæðu til að ætla að Sævar hafi gefið sér eitthvað deyfilyf umrætt kvöld. Morguninn eftir hafi hún farið á puttanum til Hafnarfjarðar og þaðan með strætisvagni að Hjallavegi. Hafi Sævar komið þangað um hádegið og rifist yfir því að hún hafi ekki verið komin heim fyrr. Ritaði Erla um að hafa spurt Sævar hvað hafi gerst þegar fréttir hafi farið að berast um hvarf Geirfinns. Hafi Sævar engu svarað. Þegar fréttir tók að berast af áfengissmygli hafi Sævar sagt henni að segja hverjum sem spyrði að Einar Bollason, Valdimar Olsen og eigendur Klúbbsins stæðu að málinu. Í lok bréfsins tók Erla fram að hún hafi aldrei séð [SSH] fyrir þennan atburð. Hins vegar hafi hún séð hann einu sinni síðan þá en það hafi verið í kvikmyndahúsi í Reykjavík.¹³⁹⁹

732. Miðvikudaginn 20. október 1976 var bókað klukkan 12:55 að Tryggvi Rúnar hafi verið færður fram til viðtals við Sigurbjörn Víði. Bókað var að Tryggvi hafi verið

¹³⁹⁷ Bls. 1316.

¹³⁹⁸ Bls. 1317.

¹³⁹⁹ Bls. 1318.

færður aftur á klefa sinn klukkan 13:10. Rannsóknargögn um viðtalið liggja ekki fyrir.¹⁴⁰⁰ Fyrir liggur ódagsett upplýsingaskýrsla undirrituð af Rúnari Sigurðssyni, rannsóknarlögreglumanni, þar sem fram kemur að haft hafi verið samband frá Síðumúlafangelsi klukkan 17:00 þennan dag og þess óskað að Haraldur Árnason, rannsóknarlögreglumaður, kæmi og talaði við Kristján Viðar. Fram kom að þar sem Haraldur hafi ekki verið viðstaddur hafi Rúnar hringt í fangavörð og beðið hann um að athuga hvort Kristján vildi tala við sig í fjarveru Haraldar. Skömmu síðar hafi þau skilaboð borist að Kristján hafi viljað tala við Rúnar.¹⁴⁰¹ Í dagbók fangelsisins við Síðumúla var bókað klukkan 17:10 að Rúnar hafi farið inn á klefa til Kristjáns Viðars.¹⁴⁰² Í samantektarskýrslu sinni gat Rúnar þess að hann hafi farið inn á klefa til Kristjáns. Eftir stuttar umræður hafi Kristján Viðar farið að tala um Geirfinnsmálið og farið að skýra frá ýmsu því máli tengdu. Kvaðst Rúnar þá hafa haft samband við sakadóm Reykjavíkur og beðið fyrir skilaboð til Schütz þar að lútandi. Hafi Schütz þá óskað eftir því að Kristján Viðar yrði fluttur í sakadóm til viðtals við sig.¹⁴⁰³ Í fangelsisdagbókina var bókað klukkan 18:32 að Rúnar hafi farið með Kristján Viðar til Karls Schütz í sakadóm Reykjavíkur.¹⁴⁰⁴ Í samantektarskýrslunni kom fram að Schütz hafi rætt í nokkra stund við Kristján Viðar að viðstöddum Rúnari og Pétri Eggerz sem hafi túlkað samtölin. Að því loknu hafi þeir farið til Keflavíkur og að Dráttarbrautinni. Hafi Kristján Viðar lýst nánar því sem hann hafði þegar greint frá. Hafi þeir verið þar milli klukkan 21:00 og 21:30, en þá hafi verið nokkuð lágsjávað en eftir athugun hafi komið í ljós að háfjara hafi verið um klukkan 22:25. Síðan hafi verið ekið aftur til Reykjavíkur og Kristján Viðar verið færður á klefa sinn. Var þess sérstaklega getið í lok samantektarskýrslunnar að Kristján Viðar hafi skýrt frá af fúsum og frjálsum vilja.¹⁴⁰⁵ Bókað var í fangelsisdagbókina klukkan 22:40 að Rúnar hafi komið með Kristján Viðar aftur í fangelsið.¹⁴⁰⁶

733. Jafnframt liggur fyrir athugasemdaskýrsla rituð af Karli Schütz og dagsett sama dag um viðtal hans við Kristján Viðar þennan dag. Í skýrslunni kemur fram að Kristján Viðar hafi óskað eftir rannsóknarlögreglumanni til yfirheyrslu eftir hádegi þennan dag. Hafi Rúnar farið til Kristjáns Viðars og komist að því að hann óskaði eftir því að gefa framburð í Geirfinnsmálinu. Hafi Kristján greint frá því að maður hafi dottið niður í Keflavík, en hann hafi ekki slegið hann. Hafi maðurinn legið nálægt sjónum og aðrir menn hafi staðið hjá honum. Hafi Rúnar farið með Kristján Viðar á skrifstofu rannsóknarlögreglunnar þar sem hann hafi greint nánar frá í viðurvist Rúnars, Schütz og Péturs Eggerz. Haft var eftir Kristjáni Viðar að hann hafi gengið um Dráttarbrautina og upp á hæð. Hafi reiður maður gengið til hans og hafi það verið Geirfinnur. Kristján Viðar sagði Geirfinn hafa sagt við sig: „Heldurðu að ég viti ekki hver þú ert? Þú ert bölvæð fifl.“ Fannst Kristjáni sem Geirfinnur hafi ætlað að slá sig

¹⁴⁰⁰ Dagbók nr. 5, bls. 100.

¹⁴⁰¹ Bls. 1340.

¹⁴⁰² Dagbók nr. 5, bls. 100b.

¹⁴⁰³ Bls. 1340.

¹⁴⁰⁴ Dagbók nr. 5, bls. 100b.

¹⁴⁰⁵ Bls. 1340.

¹⁴⁰⁶ Dagbók nr. 5, bls. 101.

og hafi hann því tekið skref aftur á bak. Hafi Geirfinnur þá fallið aftur fyrir sig. Orðrétt var bókað eftir Kristjáni Viðari: „Ég sló hann ekki. Það er alveg satt, hann datt af sjálfu sér niður.“ Kvaðst Kristján ekki hafa heyrt hann æpa. Lýsti hann því hvar hann hafi gengið niður og að Geirfinni þar sem hann hafi legið við sjóinn.¹⁴⁰⁷ Kvað Kristján Viðar hann geta hafa verið blóðugan. Geirfinnur hafi verið meðvitundarlaus en Kristján Viðar kvaðst ekki vita hvort hann hafi verið dáinn. Hafi tveir sjómenn staðið yfir honum sem hann hafi ekki þekkt. Þá hafi fjórir eða fimm aðrir menn komið af bryggjunni, en þá hafi hann ekki þekkt heldur. [GuSka] hafi einnig staðið hjá Geirfinni. Hafi mennirnir farið að rífast við sig. Hafi Sævar þá gripið í hann aftan frá og sagt honum að fara. Kvaðst Kristján Viðar þá hafa farið með Sævari að bifreið þeirra sem hafi staðið ofar. Sagði hann það geta verið að Geirfinnur hafi verið í síðri úlpu. Geirfinnur hafi sest inn í bifreið þeirra í Keflavík. Lýsti Kristján Viðar því að hann hafi setið aftur í fyrir miðju en Geirfinnur og Erla hafi setið sitthvoru megin við sig. Kvaðst hann muna eftir því núna að hafa boðið Erlu pillu á leiðinni sem hún hafi afþakkað. Aðspurður kvaðst Kristján Viðar ekki halda að [BPP] hafi verið með í ferðinni. [BPP] hafi ekki ekið bifreiðinni, því Kristján Viðar hafi rætt við öikumanninn og hefði þekkt hann ef um [BPP] hefði verið að ræða. Haft var orðrétt eftir Kristjáni Viðari: „En kannski að hann hafi verið með. Ég man það ekki vel. Ég held að Sævar segi kannski rétt frá ef ég tala við hann og segi honum að Geirfinnur hafi dottið niður af sjálfu sér.“ Bókað var í athugasemdaskýrsluna að Kristján Viðar hafi verið dálítið æstur í frásögn sinni. Hann hafi talað mjög hratt og oft ekki beðið eftir þýðingum túlksins á því sem hann hafi sagt. Fyrst hafi framburður Kristjáns Viðars verið nokkuð samhengislaus en skýrst þegar hann hafi verið spurður eftir einstökum smáatriðum.¹⁴⁰⁸ Fram kom að Kristján Viðar hafi gjarnan viljað sýna vettvanginn í myrkri og fara um klukkan 19:00 til Keflavíkur. Bókað var að Kristján Viðar hafi verið handjarnaður við Rúnar og sagt að ganga nákvæmlega eins upp á hæðina og hann hafi gert að kvöldi 19. nóvember 1974. Var því lýst í athugasemdaskýrslunni hvar Kristján Viðar hafi gengið niður lága brekku í Dráttarbrautinni og þaðan upp á mjög bratta hæð. Í miðri brekku hafi hann tekið eftir íbúðarhúsum sem hafi staðið þar og sagt: „Þessi hús fara í taugarnar á mér.“ Hafi Kristján Viðar stöðugt reynt að átta sig á sjávarmálinu því hann hafi talið Geirfinn hafa legið rétt við sjóinn eftir fallið. Hafi hann stöðvað á mjög brattri brekku í hæðinni og sagt það geta hafa verið þann stað. Bókað var að hugsanlegt væri að maður sem félli niður af þessum stað gæti hafa hlotið alvarleg meiðsli. Var vettvangsskoðuninni lokið að því búnu. Í lok skýrslunnar var bókað um að Kristján Viðar hafi margsinnis verið spurður hvert Geirfinnur hafi verið fluttur eftir atburðinn. Hafi Kristján endurtekið hvað eftir annað að hann gæti ekki munað það.¹⁴⁰⁹

734. Bókað var í fangelsisdagbókina þennan dag að klukkan 19:30 hafi Tryggvi Rúnar verið færður fyrir Sigurbjörn Víði. Bókað var að Tryggvi Rúnar hafi verið færður á klefa sinn klukkan 21:15. Rannsóknargögn um yfirheyrsluna liggja ekki fyrir.¹⁴¹⁰

¹⁴⁰⁷ Bls. 1327.

¹⁴⁰⁸ Bls. 1328.

¹⁴⁰⁹ Bls. 1329.

¹⁴¹⁰ Dagbók nr. 5, bls. 101.

735. Þennan dag var [BÞÞ] yfirheyrður sem vitni. Var tilefni yfirheyrslunnar bókað sem samskipti hans við Sævar í nóvember 1974. Greindi vitnið frá því að hafa undanfarnar vikur dvalið á Kleppsspítala en þar væri hann í lyfjameðferð. Kvaðst vitnið eiga mjög erfitt með að muna það sem hafi gerst á umræddum tíma. Taldi hann það kunna stafa af sljóleika vegna lyfja. Fram kom að [BÞÞ] hafi lagt fram vinnubækur sínar frá þessum tíma en þar hafi komið fram að hann hafi ekki verið til vinnu milli 16. nóvember og 26. nóvember 1974. Kvaðst [BÞÞ] ekki muna betur en að hafa skrúpað í vinnunni þá daga. Mundi hann ekki eftir að hafa átt samskipti við Kristján Viðar eða Sævar á þeim tíma. Aðspurður hvort hann hafi ekið þeim til Keflavíkur á umræddum tíma kvaðst vitnið ekki muna eftir að hafa gert það, hvorki fyrr né síðar. Rámaði hann í að hafa ekið Sævari, Erlu og einum í viðbót á Land Rover bifreið Sævars í eitt sinn inn á Kirkjuteig, en Sævar hafi átt þar erindi. Kvaðst hann muna eftir að Sævar hafi eitt sinn talað um Geirfinnsmálið þannig að svo hafi virst sem hann byggi yfir einhverri vitneskju. Ekki hafi Sævar greint nánar frá þeirri vitneskju sinni. Þá mundi [BÞÞ] ekki eftir því að flík af Erlu hafi komist í hans hendur.¹⁴¹¹ Neðst í skýrslu um yfirheyrsluna var bókað að [BÞÞ] hafi verið samvinnuþýður, rólegur og dauflegur en greinilega óstyrkur á taugum. Bókað var að rætt hafi verið við geðlækninn sem annaðist hann á Kleppsspítala. Hafi læknirinn sagt lyf þau sem [BÞÞ] tæki inn verkuðu ekki sljóvgandi á minni hans heldur þvert á móti ættu þau að skerpa minni hans.¹⁴¹² Í sérstakri upplýsingaskýrslu sem rituð var af sama tilefni kom fram að móðir [BÞÞ] hafi munað eftir blárri kápu sem henni hafi verið sagt að væri í eigu Sævars.¹⁴¹³ Var móðir [BÞÞ], [HÁV] yfirheyrð af þessu tilefni sama dag, 20. október 1976. Í skýrslu um yfirheyrsluna kom fram að hún hafi tekið eftir blárri kápu í herbergi sona sinna. Kápan hafi verið dökkblá, fremur stutt úr poplín efni eða þvíumlíku. Kvaðst hún hafa spurt hver ætti kápuna og fengið þau svör að Sævar ætti hana og hann myndi örugglega sækja hana. Fannst henni líklegt að hún hafi fyrst orðið kápunnar vör í nóvember eða desember 1974. Talsvert löngu seinna hafi Sævar verið staddur á heimilinu og þá hafi annar sona hennar spurt hvar kápan væri, en þá hafi Sævar verið í þeim erindum að sækja kápuna. Greindi vitnið frá því að [BÞÞ] hafi verið heima um tíma í nóvember 1974, þá hafi hann rakað af sér allt hárið og lokað sig af fram yfir áramótin. Kvaðst hún enga skýringu hafa á þunglyndisköstum sonar síns.¹⁴¹⁴
736. Meðal rannsóknargagna liggja fyrir skýrslur um yfirheyrslur þennan dag yfir [GSig], eiginkonu Geirfinns og [SJGe], syni þeirra.¹⁴¹⁵ Bera skýrslurnar engar nýjar upplýsingar með sér.
737. Fyrir liggur skýrsla um viðtal Jónasar Bjarnasonar við yfirverkstjóra hjá kirkjugörðum Reykjavíkur, dagsett sama dag, 20. október 1976. Fram kom að yfirverkstjórinn hafi verið beðinn um að láta starfsmenn sína athuga ákveðin svæði í Fossvogskirkjugarði

¹⁴¹¹ Bls. 1321–1322.

¹⁴¹² Bls. 1322.

¹⁴¹³ Bls. 1320.

¹⁴¹⁴ Bls. 1330–1331.

¹⁴¹⁵ Bls. 1323–1326.

sem sakborningar í Guðmundarmáli hafi bent á. Jafnframt hafi honum verið veittar upplýsingar um hvernig gengið hafi verið frá líkinu.¹⁴¹⁶

738. Fimmtudaginn 21. október 1976 var bókað í dagbók Síðumúlafangelsisins að Kristján Viðar hafi verið færður fram til yfirheyrslu hjá Rúnari og Haraldi klukkan 11:30. Fyrir liggur skýrsla um yfirheyrsluna þar sem fram kom að Kristján Viðar vildi skýra frá því sem hafi gerst í Dráttarbrautinni umræddan dag, en hann hafi áður greint frá aðdragandanum, ferðinni til Keflavíkur og því þegar hann hafi hringt úr Hafnarbúðinni. Greindi Kristján Viðar frá með svipuðum hætti og áður um að hafa farið út úr bifreiðinni í Dráttarbrautinni ásamt Sævari, Geirfinni og bifreiðastjóranum. Hafi Erla beðið í bifreiðinni. Hafi þeir allir gengið í átt að bryggjunni þegar „útlendingslegur maður“ hafi spurt hver þeirra hafi verið til sjós. Kvaðst Kristján Viðar hafa gefið sig fram en aðrir hafi þagað. Hafi hann fylgt manninum út á bryggju en á móti þeim hafi komið lágvaxinn, þybbinn maður á aldrinum 40 til 50 ára, íklæddur gula, mittissíða sjóblússu. Hafi „útlendingslegi maðurinn“ sagst vera með einn en þybbni maðurinn hafi þá sagst engan vanta og báturinn væri meira að segja lagður af stað. Kvaðst Kristján Viðar hafa séð bát leggja af stað frá bryggjunni. Þá hafi útlendingslegi maðurinn farið með hann milli tveggja báta og sagt sér að bíða þar. Kvaðst Kristján Viðar hafa beðið þar í um eina til eina og hálfu klukkustund. Hafi maðurinn tvívegis komið og sagt honum að vera um kyrrt en loks sagt honum að fara að bifreiðinni. Kvaðst Kristján Viðar hafa gengið upp á hamar vinstra megin við Dráttarbrautina en þá hafi Geirfinnur komið til hans. Var Kristján Viðar viss um að Geirfinnur hafi ekki verið sjóklæddur.¹⁴¹⁷ Hann hafi verið mjög æstur og fannst Kristjáni Viðar skapofsi Geirfinns stafa af því að hann hafi verið þarna á hamrinum. Hafi Geirfinnur kallað hann ónöfnum og verið ógnandi. Fékk Kristján Viðar það á tilfinninguna að hann væri kominn óþægilega nálægt hamarsbrúninni. Hafi Geirfinnur haldið áfram að „ausa úr skálum reiði sinnar“, eins og það var orðrétt bókað í skýrsluna. Kvaðst Kristján Viðar hafa spurt Geirfinn hvort hann hafi gert honum eitthvað og hafi hann þá engu svarað. Hafi Geirfinnur komið hratt að honum og kvaðst Kristján ekki hafa gert sér grein fyrir hvort Geirfinnur hafi ætlað að slá sig eða þrífa í sig. Hafi Kristján Viðar fleygt sér undan og við það hafi Geirfinnur horfið. Varð honum þá ljóst að Geirfinnur hafi fallið fram af hamarsbrúninni. Kvaðst Kristján Viðar engin hljóð hafa heyrt frá Geirfinni og hafa ekkert séð vegna myrkurs. Hafi hann gengið til baka og á þann stað þar sem hann hafi talið Geirfinn hafa fallið. Hafi tveir sjóklæddir menn staðið yfir honum þar sem hann hafi legið endilangur á bakinu um þremur metrum frá hamrinum. Fannst Kristjáni Viðari sem annar þeirra hafi verið þybbni maðurinn af bryggjunni. Fannst Kristjáni Viðari sem Geirfinnur hafi verið blóðugur um höfuðið, en ekki andlitið. Kvaðst hann hvorki þá né síðar hafa sagt nokkrum frá því að hafa verið uppi á hamrinum með Geirfinni. Í þessu hafi komið að fjórir eða fimm sjóklæddir og blautir menn. Þá hafi Sævar einnig komið þarna að og útlendingslegi maðurinn síðastur. Greindi Kristján Viðar frá því að mennirnir tveir sem fyrstir hafi komið að Geirfinni hafi viljað hann í burtu. Hafi Kristján ekki hlýtt

¹⁴¹⁶ Bls. 1319.

¹⁴¹⁷ Bls. 1337.

þeim. Þegar framangreindir fjórir eða fimm menn hafi komið að hafi einn þeirra gert sig líklegan til að ráðast á hann. Lýsti Kristján Viðar því að Sævar hafi togað í hann og gengu þeir saman að bifreiðinni. Hafi þeir beðið þar um stund þar til bifreiðastjórinn hafi komið og ekið til Reykjavíkur. Sagðist Kristján Viðar ekki vita hvað hafi orðið af Erlu. Kristján Viðar kvaðst ekki hafa þekkt neinn í Dráttarbrautinni nema Sævar og Erlu. Manninn sem hafi fallið fram af hamrinum hafi hann séð í fyrsta sinn þegar hann hafi komið inn í bifreiðina við Hafnarbúðina. Hafi hann ekki átt nein orðaskipti við hann í bifreiðinni, en maðurinn hafi rætt við bifreiðastjóran.¹⁴¹⁸ Greindi Kristján Viðar frá því í lok yfirheyrslunnar að þegar hann hafi farið úr Dráttarbrautinni hafi Geirfinnur legið í fjörunni. Vissi Kristján ekki hvað hafi orðið um hann. Þá vildi hann geta þess að hann hafi ekki tekið þátt í neinum flutningi á áfengi. Hafi hann verið settur úr bifreiðinni við verslun ÁTVR við Laugarásveg í Reykjavík. Var yfirheyrslunni lokið klukkan 13:00.¹⁴¹⁹ Í samantektarskýrslu sem liggur fyrir meðal rannsóknargagna kom fram að Haraldur og Rúnar hafi tekið lögregluskýrslu af Kristjáni Viðari þennan dag varðandi þau atriði sem fram hafi komið í yfirheyrslu daginn áður, 20. október 1976.¹⁴²⁰

739. Bókað var í fangelsisdagbókina að Rúnar og Haraldur hafi farið með Sævar fyrir Karl Schütz klukkan 13:55. Klukkan 14:55 var bókað að Rúnar og Jónas hafi komið með Sævar til baka í fangelsið. Rannsóknargögn um viðtalið liggja ekki fyrir. Bókað var klukkan 15:05 að Sigurbjörn Víðir og Haraldur hafi farið með Tryggva Rúnar til læknis. Hafi þeir komið til baka klukkan 16:10. Klukkustund síðar var bókað um komu Guðsteins læknis með tilvísun fyrir myndatöku á höfði Kristjáns Viðars á Landspítala.¹⁴²¹ Klukkan 19:00 var bókað að Sigurbjörn Víðir hafi komið með Penbritin fyrir Tryggva Rúnar, í færslunni var vísað til lyfjaskrár.¹⁴²²
740. Fyrir liggur skýrsla dagsett sama dag, 21. október 1976, um yfirheyrslu yfir Erlu í Hegningarhúsinu. Fram kom að Sigurbjörn Víðir og Ívar hafi rætt við Erlu og beðið hana um greinargóða lýsingu á kápunni sem hún hafi sagt vera heima hjá [BPP]. Bókað var um ítarlega lýsingu Erlu á kápunni sem hafi verið blá á litinn með tveimur vösum. Hafi kápan verið gjöf til hennar frá [HMW].¹⁴²³ Einnig liggur fyrir skýrsla um viðtal við móður Erlu, [PEÓ], sem hafi verið spurð út í bláa kápu í eigu Erlu. Mundi hún eftir kápunni og kvaðst halda að [HMW] hafi gefið Erlu kápana.¹⁴²⁴ Sama dag ræddi rannsóknarlögreglan við [HMW] og liggur fyrir skýrsla um viðtalið. Fram kom að vitnið hafi gefið Erlu talsvert af fatnaði og kvaðst muna eftir að hafa gefið Erlu dökkbláa kápu. Lýsti [HMW] kápunni en sagði það langt síðan hún hafi gefið Erlu kápana og því gæti hún ekki lýst henni betur.¹⁴²⁵

¹⁴¹⁸ Bls. 1338.

¹⁴¹⁹ Bls. 1339.

¹⁴²⁰ Bls. 1340.

¹⁴²¹ Dagbók nr. 5, bls. 102.

¹⁴²² Dagbók nr. 5, bls. 102b.

¹⁴²³ Bls. 1334.

¹⁴²⁴ Bls. 1335.

¹⁴²⁵ Bls. 1336.

741. Meðal rannsóknargagna liggur fyrir skýrsla, dagsett þennan dag, 21. október 1976, um yfirheyrslu yfir [BPP], bifreiðastjóra, um kynni hans af Geirfinni.¹⁴²⁶ Ber skýrslan engar nýjar upplýsingar með sér.
742. Þá liggja fyrir handritaðir punktar, sem ekki er vitað hver hafi ritað, um yfirheyrslu yfir [BPP] þennan dag á skrifstofu rannsóknarlögreglunnar í Reykjavík. Ritað var að ekkert nýtt hafi komið fram fyrir utan það að vitnið hafi sagst hafa rætt við móður sína kvöldið áður og hafi hún greint honum frá kápunni. Hafi [BPP] sagst ráma í kápu en ekki muna hvernig hún hafi komið á heimilið eða hver hafi sótt hana. Fram kom að við yfirheyrsluna hafi [BPP] verið mjög óstyrkur, hann hafi roðnað og hvítnað til skiptis og hendur hans skolfið.¹⁴²⁷
743. Föstudaginn 22. október 1976 var bókað í dagbók fangelsisins við Síðumúla klukkan 08:20 að Rúnar og Haraldur hafi farið með Kristján Viðar í höfuðmyndatöku á Borgarspítalann. Um klukkan 09:15 var bókað um að komið hafi verið með Kristján til baka í fangelsið. Bókað var klukkan 10:30 að Rúnar, Schütz og Pétur Eggerz hafi tekið Sævar til viðtals. Klukkan 12:15 var bókað að Sævar hafi verið færður aftur á klefa sinn.¹⁴²⁸ Fyrir liggur samantektarskýrsla Rúnars um viðtalið þar sem fram kom að Sævar hafi neitað því að hafa verið í Keflavík 19. nóvember 1974 og hafa vitað nokkuð um hvarf Geirfinns. Bókað var að nokkrar viðræður hafi átt sér stað milli Sævars og Schütz um ýmis atriði tengd málinu. Sérstaklega aðspurður hafi Sævar sagst kannast við að kápa í eigu Erlu hafi verið hjá [BPP]. Hafi hann sagst hafa farið sjálfur með hana þangað en mundi ekki eftir að hafa sótt hana þangað. Hafi Sævar sagst hafa gengið sjálfur í umræddri kápu. Í lok samantektarskýrslunnar var bókað að viðræðurnar hafi tekið um það bil klukkustund.¹⁴²⁹
744. Þennan dag var bókað í fangelsisdagbókina klukkan 13:25 að færsluritari, Gunnar Marinósson, hafi rætt við Örn Höskuldsson um heimild til að nota bréf sem réttarskjal. lét færsluritari þess getið að Örn hafi leyft það fúslega, en umrætt bréf hafi verið gert upptækt við leit í fangaklefa fyrr á árinu. Á sama tíma var bókað að Haraldur hafi rætt við Kristján Viðar inni á klefa. Bókað var klukkan 13:40 að Finnbogi Sigurðsson og Hlynur Þór Magnússon, fyrrum fangaverðir, hafi komið vegna réttarhalda. Bókað var um komu Steingríms Gauts Kristjánssonar, umboðsdómara, í máli um illa meðferð á gæsluföngum, klukkan 13:55. Bókað var klukkan 14:10 að Gunnar Marinósson hafi verið færður til yfirheyrslu hjá Steingrími Gauti. Bókað var að Gunnar hafi komið úr réttinum klukkan 14:50 og á sama tíma hafi Örn Ármann farið til yfirheyrslu. Klukkan 15:05 var bókað að Örn Ármann hafi komið fram og inn hafi farið Finnbogi Sigurðsson. Að þeirri yfirheyrslu lokinni hafi Hlynur Þór Magnússon mætt fyrir dómaramann klukkan 15:15. Bókað var að yfirheyrslunni hafi lokið klukkan 15:35, en þá hafi Guðjón Ágúst farið til yfirheyrslu. Á sama tíma var bókað að móðir Sævars hafi komið með sendingu til hans. Bókað var klukkan 15:45 að dómþingi hafi verið slitið í horninu og hafi Steingrími Gauti verið boðinn kaffisopi. Bókað var klukkan 16:00 að

¹⁴²⁶ Bls. 1341.

¹⁴²⁷ Bls. 1343.

¹⁴²⁸ Dagbók nr. 5, bls. 103.

¹⁴²⁹ Bls. 1344.

Haraldur hafi fært sig í hornherbergið með Kristján Viðar. Rannsóknargögn um vitjun á klefa Kristjáns Viðars liggja ekki fyrir. Fyrir liggur skýrsla, dagsett sama dag, þar sem fram kemur að Kristján Viðar hafi mætt til yfirheyrslu klukkan 16:55 þennan dag. Í upphafi skýrslunnar var bókað um að Kristján vildi breyta skýrslu sinni frá 16. október 1976. Hafi hann farið þess á leit að skýrslan yrði eyðilögð þar sem hún væri ónákvæm. Greindi Kristján Viðar frá því að honum þætti nú augljóst að hnappurinn sem hafi slitnað af yfirhöfn hans hafi komið af leðurjakka sem hann hafi verið í innanundir frakkanum. Kvaðst hann muna eftir að hafa verið í dökkbrúnum leðurjakka innan undir frakkanum. Kvaðst hann muna það greinilega núna að efri hnappinn af tveimur hafi vantað á leðurjakkann eftir þennan atburð að Hamarsbrautinni. Hafi hann lánað [HV] leðurjakkann í byrjun febrúar 1974 og vissi hann til þess að [HV] hafi skipt á leðurjakkann við [KjB] á rauðum flauelsjakka. Kvaðst Kristján því síðast hafa vitað af leðurjakkannum í fórum [KjB]. Fullyrti Kristján Viðar að frásögn hans um hnappinn væri sönn, en hann hafi viljað leiðrétta misminni sitt um af hvaða flík hnappurinn hafi slitnað. Kvaðst hann fullviss um þetta atriði núna og minnst þess að hnappurinn hafi lengi á eftir verið laus í vasa leðurjakkans. Bókað var að skýrslutökunni hafi lokið klukkan 17:36.¹⁴³⁰ Í dagbók fangelsisins var bókað klukkan 18:40 að Kristján Viðar hafi verið færður fram á klefa sinn að lokinni skýrslutöku.¹⁴³¹

745. Fyrir liggur samantektarskýrsla Sigurbjörns Víðis um vitjun á klefa Sævars þennan dag, 22. október 1976, milli klukkan 18:10 og 18:15. Bókað var að Sævar hafi sagst hafa sótt bláu kápuna til [BPP]. Hafi Sævar talið sig hafa farið með kápuna á heimili móður sinnar, en þó væri hann ekki viss.¹⁴³² Fyrir liggur önnur samantektarskýrsla, rituð af Sigurbirni Víði, um viðtal hans og Ívars Hannessonar við [SÓG], móður Sævars klukkan 19:15 sama dag. Fram kom að hún hafi ekki munað eftir blárrí kápu í eigu Erlu en hafi veitt lögreglu leyfi til að leita í íbúð sinni og geymslu. Bókað var að leitinn hafi engan árangur borið.¹⁴³³
746. Meðal rannsóknargagna liggur fyrir samantektarskýrsla Sigurbjörns Víðis um viðtal hans, Schütz og Péturs Eggerz við Erlu í Hegningarhúsinu þennan dag milli klukkan 13:45 og 14:45. Fram kom að Erlu hafi verið sýnd kápa, áþekk þeirri sem hún hafi sagst hafa átt og Sævar hafi verið í á leiðinni til Keflavíkur. Hafi Erla sagt kápuna vera mjög svipaða sinni en greint frá muninum á flíkunum tveimur. Bókað var að fyrst hafi Erla sagt það möguleika að þau hafi farið á Land Rover jeppabifreið hennar og Sævars til Keflavíkur en síðar í viðtalinu hafi hún sagt þau hafa farið á henni. Með í bifreiðinni hafi verið Sævar, Kristján Viðar og [BPP] sem hafi ekið bifreiðinni. Hafi Sævar setið í framsætinu en hún fyrir aftan og hafi hann haldið fast í hendi hennar. Hafi Erla greint frá því að bifreiðin hafi verið stöðvuð við skilti við Keflavíkurhöfn sem á stóð: „Hér er vigt.“ Hafi ökumaðurinn þá farið út úr bifreiðinni og þau beðið talsverða stund eftir honum. Þá hafi maður komið inn í bifreiðina sem hún hafi ekki þekkt. Hann hafi komið inn hægra megin aftur í og hafi hún þá fært sig til hliðar að

¹⁴³⁰ Bls. 1346–1347.

¹⁴³¹ Dagbók nr. 5, bls. 104.

¹⁴³² Bls. 1348.

¹⁴³³ Bls. 1349.

Kristjáni Viðari. Hafi Erla ályktað að um hafi verið að ræða Geirfinn Einarsson. Aðspurð hvort Kristján hafi ekki farið út úr bifreiðinni hafi Erla sagst ekki muna eftir því og fundist það ótrúlegt. Hafi hún sagst alveg örugg um að Sævar hafi verið í bláu kápunni sinni. Hafi hún ekki séð kápuna eftir þessa ferð. Hafi Sævar sagt sér að kápan væri heima hjá [BPP].¹⁴³⁴ Var bókað í samantektarskýrsluna að Erla hafi sagst álykta að blóð hafi getað verið í kápunni og þess vegna hafi Sævar ekki látið sig fá hana aftur.¹⁴³⁵

747. Meðal rannsóknargagna er þriðja vikuskýrsla Schütz, dagsett sama dag, 22. október 1976, til Ólafs Jóhannessonar, dómsmálaráðherra. Í upphafi skýrslunnar kom fram að Kristján Viðar hafi nú bætt eftirfarandi atriðum við framburð sinn. Þann 19. nóvember 1974 um klukkan 22:00 hafi hann að fyrirmælum Sævars hringt á heimili Geirfinns frá Hafnarbúðinni í Keflavík. Eftir komuna til Keflavíkur hafi hann farið úr bifreiðinni við Hafnarbúðina. Símanúmer Geirfinns hafi hann fengið frá Sævari. Myndi Kristján Viðar eftir því að afgreiðslustúlkan hafi verið klædd í bláan vinnuslopp. Í vikuskýrsluna var ritað innan sviga að þetta tiltekna atriði í framburði Kristjáns væri í samræmi við staðreyndir málsins. Hafi Kristján Viðar sagst hafa fengið fyrirmæli frá Sævari um að segja einungis eina setningu í símann sem hafi innihaldið orðin: „Við erum komnir“, en Geirfinnur hafi átt að vita hvað við væri átt. Hafi barn svarað símanum og síðan kallað: „Pabbi“. Hafi Geirfinnur þá komið í símann og Kristján Viðar sagt umrædda setningu. Hafi Geirfinnur þá spurt: „Er Maggi þarna?“ Hafi Kristján Viðar þá sagt: „Enginn er hér. Ég er einn.“ Þegar Geirfinnur hafi spurt aftur hafi Kristján Viðar lagt á og farið aftur inn í bifreiðina sem hafi beðið fyrir utan. Skömmu síðar hafi maður nálgast og komið inn í bifreiðina.¹⁴³⁶ Bókað var í vikuskýrsluna að þann 20. október 1976 hafi Kristján Viðar gefið eftirfarandi framburð að eigin frumkvæði. Að hann hafi verið í Dráttarbrautinni 19. nóvember 1974 ásamt nokkrum mönnum. Á meðan hann hafi beðið hafi hann gengið upp á hæð sem hafi verið til móts við Dráttarbrautina. Skyndilega hafi Geirfinnur birst uppi á hæðinni og sagt reiðilega við Kristján Viðar: „Heldurðu að ég viti ekki hver þú ert? Þú ert bölvað fifl.“ Hafi Kristján sagst halda að Geirfinnur hafi sagt þetta vegna þess að hann hafi verið þarna uppi á hæðinni. Hafi Geirfinnur hagað sér líkt og hann ætlaði sér að ráðast á Kristján Viðar. Við það hafi hann fallið aftur á bak fram af hamarsbrúninni. Hafi Kristján Viðar sagst hafa farið niður hæðina og fyrir hamarinn þar sem Geirfinnur hafi legið meðvitundarlaus nálægt sjónum. Hafi Kristján sagt að Geirfinni hafi eitthvað blætt. Þegar hann hafi komið að hafi tveir sjóklæddir menn staðið hjá Geirfinni og síðan hafi komið fjórir eða fimm menn frá bryggjunni sem hann hafi ekki þekkt. Hafi Sævar þá beðið hann um að fara aftur að bifreiðinni. Kristján Viðar hafi sagst ekkert vita um hvað gert hafi verið við Geirfinn eftir það. Fram kom í vikuskýrslu Schütz að vettvangurinn sem Kristján hafi gefið lýsingar á hafi verið skoðaður. Bókað var að fall fram af umræddri hamarsbrún væri líklegt til að valda alvarlegum áverkum. Þá var bókað að ekki væri hægt að staðreyna sannleiksgildi

¹⁴³⁴ Bls. 1345.

¹⁴³⁵ Bls. 1345_A.

¹⁴³⁶ Bls. 1351.

frásagnar Kristjáns Viðars. Bókað var að lýsingar Kristjáns Viðars, gott ástand hans og það að framburður hans hafi verið í samræmi við staðreyndir í málinu (blár vinnusloppur og kall á „pabba“) gerðu það að verkum að ákveðin atriði í framburði hans væru trúverðug. Í sérstökum kafla í vikuskýrslunni var bókað að Erla hafi bætt eftirfarandi atriðum við framburð sinn. Fram kom að Erla hafi sagst hafa farið til Keflavíkur 19. nóvember 1974. Hafi Sævar lagt fyrir hana að segja að Magnús Leópoldsson, Valdimar Olsen, Sigurbjörn Eiríksson, Einar Bollason, [JR] og fleiri hafi verið þátttakendur í verknaðinum.¹⁴³⁷ Bókað var í vikuskýrsluna að framangreindir menn ættu ekki aðild að málinu. Fram kom að þetta kvöld hafi Erla týnt bláu kápunni sinni en Sævar hafi verið í henni á leiðinni til Keflavíkur. Hafi Erla sagt að Sævar hafi sagt kápuna vera hjá [BPP] sem hafi einnig verið með í för. Mögulega hafi kápan gleymst í bifreiðinni og því hafi [BPP] tekið hana með sér. Hafi rannsókn lögreglu leitt í ljós að kápan hafi í raun verið á heimili [BPP]. Hafi móðir [BPP] borið um í skýrslutöku hjá lögreglu að Sævar hafi sótt kápuna á heimili hennar um vorið 1975. Hafi hún lýst kápunni með þeim sama hætti og Erla hafi gert. Bókað var að Sævar hafi nú staðfest að kápan hennar Erlu hafi verið heima hjá [BPP]. Fram kom að Erla hafi borið um að við komuna til Keflavíkur 19. nóvember 1974 hafi maður farið úr bifreiðinni og gengið í áttina að Hafnarbúðinni. Hafi hann komið aftur skömmu síðar og stuttu eftir það hafi annar maður komið inn í bifreiðina sem hún hafi ekki þekkt. Hafi Erla talið hann vera Geirfinn Einarsson. Bókað var í skýrsluna að enn léki vafi á um sannleiksgildi framburðar Erlu, þó einstakir hlutar frásagnarinnar ættu sér stoð annars staðar. Í lok vikuskýrslunnar kom fram að í athugun væri hjá bankastofnunum í Reykjavík hvort Sævar ætti reikninga eða öryggishólf á sínu nafni eða undir dulnefni.¹⁴³⁸

748. Laugardaginn 23. október 1976 var bókað í dagbók Síðumúlafangelsisins að Guðsteinn læknir hafi komið klukkan 10:15. Hafi hann haft lítið að gera en hafi talað við Kristján Viðar.¹⁴³⁹ Bókað var klukkan 10:50 að móðir Sævars hafi hringt og spurt hvers konar teiknipenna Sigurbjörn Viðir hafi óskað eftir fyrir Sævar. Þá hafi hún spurt hvort fötin hafi passað sem hún hafi komið með daginn áður. Á sama tíma var bókað að Sævar hafi verið færður fram til yfirheyrslu hjá Rúnari. Bókað var að Sævar hafi verið færður á klefa sinn klukkan 12:15. Rannsóknargögn um yfirheyrsluna liggja ekki fyrir. Bókað var klukkan 13:15 að Pétur Eggerz, sendiherra, hafi hringt og spurt hversu lengi Rúnar hafi verið með Sævar í viðtali.¹⁴⁴⁰
749. Sunnudaginn 24. október 1976 tóku Ívar Hannesson, rannsóknarlögreglumaður, Karl Schütz og Pétur Eggerz viðtal við [PÓI], kunningja Geirfinns. Bókað var að Schütz hafi beðið hann um að segja frá öllu í sambandi við Geirfinn, vinnuna, kunningsskap þeirra, og heimsókn hans til Geirfinns að kvöldi 19. nóvember 1974.¹⁴⁴¹ Greindi [PÓI] frá því að daginn sem Geirfinnur hvarf hafi þeir verið við vinnu í grjótnámu í Sandgerði. Hafi komið þar að fólksbifreið af gerðinni Chevrolet Nova, græn á litinn.

¹⁴³⁷ Bls. 1352.

¹⁴³⁸ Bls. 1353.

¹⁴³⁹ Dagbók nr. 5, bls. 104b.

¹⁴⁴⁰ Dagbók nr. 5, bls. 105.

¹⁴⁴¹ Bls. 1354–1357.

Að öðru leyti ber skýrslan engar nýjar upplýsingar með sér. Ræddu einnig sömu menn við [KGuðm], vörubifreiðastjóra sem var flokksstjóri í grjótnámu í Sandgerði þar sem Geirfinnur vann vikuna fyrir hvarf hans.¹⁴⁴² Ber skýrslan engar nýjar upplýsingar með sér.

750. Mánudaginn 25. október 1976 var bókað í dagbók fangelsisins við Síðumúla að Rúnar, Jónas og Ragnar, ljósmyndari rannsóknarlögreglunnar, hafi komið klukkan 11:40 og tekið myndir af Sævari á ganginum. Bókað var klukkan 12:20 að Haraldur og Halldór Sigurðsson, rannsóknarlögreglumaður, hafi farið með Kristján Viðar.¹⁴⁴³ Bókað var að Haraldur og Rúnar hafi komið til baka með Kristján Viðar klukkan 16:07. Meðal rannsóknargagna liggur fyrir skýrsla Haraldar Árnasonar um sakbendingu í tæknideild rannsóknarlögreglunnar. Bókað var að tilefni sakbendingarinnar hafi verið framburður Kristjáns Viðars um að hafa hringt til Geirfinns úr Hafnarbúðinni að kvöldi 19. nóvember 1974. Í skýrslunni kom að eftirtalin vitni hafi verið kvödd til sakbendingarinnar; [GKJ], afgreiðslustúlka í Hafnarbúðinni, [ÁEG], sjónarvottur í Hafnarbúðinni og [SJÁ], sem hafi talið sig hafa séð ókunnan mann við Hafnarbúðina í umrætt sinn og síðar sama kvöld við Þórðarsjoppu. Fram kom í skýrslunni að sex nemar úr Lögregluskóla ríkisins hafi verið fengnir til aðstoðar. Hafi þeir verið valdir þannig að hæð þeirra og aldur hafi verið í nokkru samræmi við hæð og aldur Kristjáns Viðars. Hafi þess einnig verið gætt að klæðaburður þeirra væri ekki í ósamræmi við klæðaburð Kristjáns. Bókað var að þess hafi verið vandlega gætt að vitnin annars vegar og lögreglumennirnir og Kristján Viðar hins vegar myndu ekki hittast fyrr en við sakbendinguna. Þá hafi vitnin ekki getað talast við fyrr en að lokinni skýrslutöku. Sérstaklega var bókað í lok skýrslunnar að athygli væri vakin á framburði [SJÁ] um ljósmyndir sem lagðar hafi verið fyrir hana í skýrslutökunni. Þá var bókað að Páll Arnór Pálsson, réttargæslumaður Kristjáns Viðars, hafi verið viðstaddur sakbendinguna.¹⁴⁴⁴
751. Fyrir liggja skýrslur um yfirheyrslur yfir vitnunum þremur að lokinni sakbendingu. Voru framburðir vitnanna samhljóða um að þekkja ekki neinn af þeim mönnum sem þann sem hringt hafi í Hafnarbúðinni umrætt kvöld.¹⁴⁴⁵ Kvaðst [ÁEG] vilja taka það fram að hún teldi að hún myndi ekki þekkja manninn sem hafi komið inn í Hafnarbúðina aftur þar sem hún væri mjög gleymin á mannsandlit.¹⁴⁴⁶ Bókað var í skýrslu um yfirheyrslu yfir [SJÁ] að hún hafi sagt manninn sem hún hafi séð við Hafnarbúðina og síðar við Þórðarsjoppu hafa verið nokkuð stærri og þreknari. Bókað var um að vitnið hafi skoðað myndir af hópi manna og hafi henni fundist mynd númer 34 vera líkust manninum. Kvaðst hún þekkja manninn fyrir Magnús Leópoldsson. Sagðist hún ekki hafa séð Magnús með eigin augum, en hafa séð myndir af honum í blöðum.¹⁴⁴⁷

¹⁴⁴² Bls. 1358.

¹⁴⁴³ Dagbók nr. 5, bls. 106b.

¹⁴⁴⁴ Bls. 1360.

¹⁴⁴⁵ Bls. 1360–1362.

¹⁴⁴⁶ Bls. 1361.

¹⁴⁴⁷ Bls. 1362.

752. Í dagbók fangelsisins þennan dag, 25. október 1976, var bókað að Sigurbjörn Víðir hafi komið klukkan 16:45 til að lesa upp úr dagbók fangelsisins frá því í desember 1975. Bókað var að klukkan 16:50 hafi Sigurbjörn Víðir farið inn á klefa númer sex til að tala við Tryggva Rúnar. Bókað var að Sigurbjörn Víðir hafi farið klukkan 17:14. Rannsóknargögn um vitjunina liggja ekki fyrir.¹⁴⁴⁸
753. Þennan dag var [ÞÓI] tekinn til viðtals af lögreglu. Fyrir liggur skýrsla um viðtalið dagsett sama dag. Haft var eftir [ÞÓI] að hann hafi mikið hugsað um fólksbifreiðina sem komið hafi í grjótnámuna 19. nóvember 1974. Hafi hann talið fyrir víst að bifreiðin hafi verið með G-númeri.¹⁴⁴⁹ Þá liggur fyrir skýrsla, dagsett sama dag, um viðtal lögreglu við [EEH]. Fram kom að vitnið hafi unnið á vörubifreið og keyrt grjót úr námunni þar sem Geirfinnur hafi unnið áður en hann hvarf. Kvaðst hann muna eftir því að græn Chevrolet Nova bifreið hafi komið í grjótnámuna umræddan dag. Hafi verkstjórinn á staðnum farið inn í bifreiðina og henni síðan verið ekið burt. Hafi ökumaðurinn verið fullorðinn maður og með honum í bifreiðinni hafi verið þrír eða fjórir karlmenn. Bar vitnið um að hafa rætt við Geirfinn um morguninn og muna það örugglega að Geirfinnur hafi verið óvenju léttur í skapi og ræðinn. Hafi Geirfinnur talað um að hann væri kominn yfir verstu skuldarnar í sambandi við íbúðakaupin.¹⁴⁵⁰
754. Meðal rannsóknargagna liggur fyrir skjal, dagsett þennan dag, með heitinu: „Nákvæmt yfirlit yfir síðustu stundir Geirfinns Einarssonar. (19.11.1974).“¹⁴⁵¹ Þá liggur fyrir sams konar skjal, ódagsett, með heitinu: „Yfirlit yfir síðustu stundir Geirfinns í rétttri tímaröð (19.11.1974).“¹⁴⁵² Bera framangreind skjöl engar nýjar upplýsingar með sér.
755. Þennan dag, 25. október 1976 var dómþing sett í sakadómi Reykjavíkur og tekið fyrir dómsrannsókn á hvarfi Guðmundar Einarssonar. Bókað var í þingbók að dómariinn hafi lagt fram 26 skjöl, þar á meðal niðurstöðu geðrannsóknar á Sævari.¹⁴⁵³
756. Fyrir liggur ódagsett skýrsla Ingvars Kristjánssonar geðlæknis um geðrannsókn á Sævari Marinó Ciesielski.¹⁴⁵⁴ Að beiðni sakadóms Reykjavíkur rannsakaði Ingvar geðheilbrigði Sævars Marinós Ciesielski. Geðrannsóknin fór fram á tímabilinu 31. maí til 3. september 1976. Í skýrslunni kom fram að Sævar hafi búið við erfiðar félagslegar aðstæður. Hann hafi að mestu verið alinn upp hjá foreldrum sínum, bandarískum föður sínum og íslenskri móður fram til ársins 1967, oft við bág kjör vegna strjállar atvinnu föður hans einkum vegna óreglu. Hann hafi að auki verið erfiður með víni, lagt hendur á móður Sævars sem og syni þeirra, þar með talið Sævar. Eftir skilnað flutti faðir hans til Bandaríkjanna þar sem hann hafi látist af slysförum tveimur árum síðar. Vegna bágs efnahags hafi móðir Sævars þurft að vinna sem varð til þess að uppeldi sonanna hafi farið verulega forgörðum. Sævar var sagður seinþroska bæði andlega og líkamlega. Í skýrslu læknisins var gerð grein fyrir skólagöngu Sævars en þar hafi hann

¹⁴⁴⁸ Dagbók nr. 5, bls. 107.

¹⁴⁴⁹ Bls. 1364.

¹⁴⁵⁰ Bls. 1365–1366.

¹⁴⁵¹ Bls. 1367–1368.

¹⁴⁵² Bls. 1369.

¹⁴⁵³ Bls. 1370–1372.

¹⁴⁵⁴ Bls. 1156–1163. Sjá líka dóm, bls. 367–370.

komist í kynni við einstaklinga á líkum aldri sem hafi verið í ýmsum óknyttum, meðal annars lagt stund á reykingar, lyktað af þynni og jafnvel sinnt búðapjófnum. Í þessum félagsskap hafi þeir Kristján Viðar og Albert Klahn Skaftason báðir verið líka. Skólaganga hafi verið brokkgeng allt frá byrjun og Sævar oft farið milli skóla. Þrettán ára hafi hann verið svo erfiður móður sinni að hún fór með hann í viðtal hjá Þórði Möller geðlækni. Þórður mun hafa talið hann eiga við aðlögunarvandkvæði að stríða (maladaptatio odelescene) og mögulega vera geðvilltan (psychopat). Næsta skólaár hafi hann verið í heimavistarskóla í Breiðuvík á vegum Félagsmálastofnunar, ári síðar hafi hann farið til náms að Reykjanesi við Ísafjarðardjúp. Honum mun hafa verið vikið úr skóla um júl vegna agabrots og ekki lagt stund á nám eftir það. Atvinnuþátttaka að námi loknu var sáralítill, stopul fyrsta árið en nær engin eftir það. Samkvæmt upplýsingum frá móður hans flutti hann að heiman 1971. Árið 1972 mun hafa orðið mikil breyting á lífi Sævars er hann eignaðist nýjan kunningjahóp fólks sem var honum eldra og fremra að menntun. Í þessum félagsskap hafi hann kynnst frekar fíkniefnum. Fór svo að hann hóf að stunda fíkniefnasölu og innflutning, hass og LSD í félagi með öðrum sem munu hafa útvegað fé í þessi viðskipti. Alls mun hann hafa farið fjórar ferðir til útlanda frá haustinu 1973 til janúar 1974 til fíkniefnakaupa. Sævar mun hafa lýst sjálfum sér sem viðkvæmum manni elskum að skepnum og mönnum sem hafi óbeit á ofbeldi. Geðlæknirinn lét þess getið að hafa oft rætt við Sævar um afbrot þau, sem hann væri grunaður um aðild að og að hann hafi staðfastlega neitað að eiga þar nokkurn hlut að máli. Sævari hafi verið tíðrætt um framkomu lögreglunnar við sig og sagt hana hafa beitt sig þvingunum til þess að skrifa undir játningar. Um almennt heilsufar Sævars var frá því greint að á árunum 1971 og 1972 hafi borið á kvíða og hjartsláttarköstum. Hann hafi verið skoðaður af læknum og einkenni hans ekki talin líkamlegs eðlis heldur andlegs og var geðlæknismeðferð ráðlögð. Slíkri meðferð hafi hann hins vegar verið afhuga. Í skýrslunni kom fram að sálfræðileg athugun hafi verið gerð af Gylfa Ásmundssyni sálfræðingi á vegum geðlæknisins í maí til júlí 1976. Atferli Sævars og viðbrögðum við prófunum var lýst á þann veg að geðtengsl hafi verið góð á yfirborðinu, en ómögulegt að ná nokkrum dýpri geðtengslum. Sævar hafi stöðugt reynt að „manipulera“ sálfræðinginn og verið tungulipur í betra lagi og hafi reynt að komast hjá því að taka sálfræðilegu prófin með ýmsum ráðum. Samvinna við hann hafi því verið brösótt og rannsókn seinleg. Hegðun hans og viðbrögð öll hafi verið dæmigerð fyrir psychopatiskan persónuleika með ákaflega flatt tilfinningalíf. Lögð hafi verið fyrir Sævar sálfræðipróf sem leiddu þá niðurstöðu í ljós að ekkert benti til meiriháttar geðveiki (e. psychosis) eða vefrænna truflana á greind eða persónuleika. Starfhæf greind var talin fremur lök, greindarvísitala 84 en þó talið að líkur væru til þess að hann væri greindari að eðlisfari. Djúpstæðar truflanir hafi komið fram á persónuleika hans sem lýstu sér meðal annars í grunnu tilfinningalífi, tillitsleysi við aðra og andfélagslegu atferli. Læknisskoðun og læknisfræðilegar rannsóknir leiddu ekkert óeðlilegt í ljós. Geðlæknirinn lýsti Sævari sem lágvöxnum, grönnum manni með fölan litarhátt. Tengsl við hann hafi verið góð á yfirborðinu og oftast komið fyrir sem drjúgur og kumpánlegur. Samvinna við hann hafi verið fremur örðug, þar eð honum hafi verið gjarnt að vaða úr einu í annað á yfirborðslegan hátt og oft í litlu samhengi. Hann hafi

verið var um sig og jafnvel tortrygginn, sérstaklega vegna sálfræðiþrófanna sem honum sýndist standa stuggur af. Aldrei varð vart neinna truflana á hugsun eða skynjun. Hann virtist í meðallagi greindur, áttun hans, einbeiting og minni virtist allt með eðlilegum hætti. Niðurstaða rannsóknarinnar var að Sævar væri hvorki fáviti né geðveikur (psychotiskur), en haldinn geðvillu (e. personality disorder, antisocial type). Ekkert hafi komið fram er bent gæti til þess, að geðvillan stafaði af vefrænum orsökum. Sævar var því talinn sakhæfur í almennum skilningi. Framtíðarhorfur Sævars með tilliti til geðvillu hans voru taldar óvissar. Ekki var mælt með geðlæknismeðferð þar sem árangur væri óviss. Reynsla sýni, að dragi úr andfélagslegu atferli eða það hverfi með aldri, sjaldnast þó fyrir þrítugt.

757. Fyrir liggur handrituð skýrsla, dagsett sama dag, sem ekki er vitað hver ritaði. Fram kom að skýrsluritari hafi farið með [BÞÞ] til Keflavíkur eftir hádegi þennan dag ásamt Ívari Hannessyni, rannsóknarlögreglumanni og Jóni Tynes, félagsráðgjafa á Kleppi. Fram kom að [BÞÞ] hafi verið sýnd Hafnarbúðin, Dráttarbrautin og Brekkubraut 15. Hafi hann alveg neitað að hafa komið að þessum stöðum með Sævari og Kristjáni Viðari. Neitaði hann alveg að hafa farið með þeim til Keflavíkur. Þá kvaðst hann lítið muna frá þessum tíma og lítið muna eftir umræddri bláu kápu. Bókað var orðrétt í lok skýrslunnar: „Dauf viðbrögð, óstyrkur.“¹⁴⁵⁵
758. Meðal rannsóknargagna liggur fyrir handrituð yfirlýsing Erlu. Er dagsetningin 25. október 1976 rituð með annarri rithönd á skjalið. Yfirlýsing þessi er efnislega í samræmi við bréf sem Erla ritaði 19. október sama ár. Ritaði Erla að hún hafi farið ásamt Sævari og Kristjáni til Keflavíkur 19. nóvember 1974. Hún gæti hvorki munað hver hafi ekið bifreiðinni né aðdraganda ferðarinnar. Sagðist hún viss um að þau hafi farið á Land Rover bifreið hennar. Stoppað hafi verið í nætursölu í Hafnarfirði, en þaðan ekið að Hafnarbúðinni í Keflavík. Þar hafi ökumaðurinn farið út og komið aftur eftir drykklanga stund til baka við annan mann, eins og Erla ritaði það orðrétt. Kvaðst hún ekki hafa þekkt manninn en hann hafi slegist í för með þeim til Dráttarbrautarinnar. Þar hafi allir farið úr bifreiðinni nema hún og Sævar. Skömmu síðar hafi Sævar farið úr bifreiðinni. Nokkru seinna þegar hún hafi farið úr bifreiðinni hafi hún séð Sævar á tali við tvo menn. Taldi Erla að annar þeirra hafi verið [SSH] en hinn Geirfinnur. Þá kvaðst hún hafa séð [BÞÞ] á lengdar í úlpu með skinni á hettunni. Hafi Sævar gengið til hennar og sagt henni að fara heim strax á puttanum. Ritaði Erla að þá hafi hún orðið máttlaus og vart getað staðið. Síðan hafi Sævar yfirgefið hana og farið aftur til mannanna. Þá hafi hún farið í burtu.¹⁴⁵⁶
759. Þriðjudaginn 26. október 1976 var bókað klukkan 14:05 að Rúnar og Jón Oddsson, réttargæslumaður Sævars, hafi farið inn á klefa til hans. Klukku tíma síðar var bókað að Rúnar og Jón Oddsson hafi farið.¹⁴⁵⁷ Rannsóknargögn liggja ekki fyrir um vitjunina. Bókað var í fangelsisdagbókina klukkan 20:33 að Haraldur hafi farið með

¹⁴⁵⁵ Bls. 1373.

¹⁴⁵⁶ Bls. 1359.

¹⁴⁵⁷ Dagbók nr. 5, bls. 108b.

Kristján Viðar. Var bókað um komu þeirra til baka í fangelsið klukkan 03:50.¹⁴⁵⁸
Rannsóknargögn liggja ekki fyrir um ferðir Kristjáns Viðars.

760. Fyrir liggur skýrsla um yfirheyrslu yfir [SSH], dagsett sama dag. Bókað var að [SSH] hafi verið yfirheyrður með réttarstöðu sakbornings. Var bókað að hann hafi sérstaklega verið spurður um kunningsskap sinn við Sævar, Erlu og Kristján Viðar og hugsanlega ferð til Keflavíkur 19. nóvember 1974. Lýsti hann kynnum sínum af Sævari og Kristjáni Viðar sem hafi aðallega verið í gegnum kunningsskap þeirra við syni [SSH]. Kvaðst hann ekkert þekkja Erlu, en hafa séð hana í eitt sinn aka inn á bifreiðastæði við Austurbæjarskóla á Land Rover bifreið ásamt Sævari. Hafi bifreiðin bilað og staðið um tíma á bifreiðastæðinu þar til hún hafi verið dregin í burtu. Greindi [SSH] frá því að honum og Sævari hafi sinnast og vegna þess hafi þeir ekki talast við í nokkurn tíma.¹⁴⁵⁹ Kvaðst hann telja að þeim hafi lent saman tæplega tveimur áður en Sævar hafi farið í fangelsi. Fullyrti [SSH] að hann hafi síðast farið til Keflavíkur fyrir 15 árum síðan og þá sem viðgerðarmaður fyrir Póst og Síma. Kvað hann það með öllu ósatt að hann hafi farið til Keflavíkur á umræddum tíma.¹⁴⁶⁰
761. Þennan dag, 26. október 1976, var tekin skýrsla af [BPP]. Bókað var að tilefni skýrslutökunnar hafi verið að spyrja hann um bláa kápu í eigu Erlu. Kvaðst hann ekki muna hvernig kápan hafi komist í herbergi hans, en taldi sennilegt að það hafi verið um haustið 1974. Kvaðst hann fullviss um að hann hafi ekkert ekið Sævari, Kristjáni Viðari eða Erlu í sambandi við Geirfinnsmálið. Kvaðst hann enga vitneskju hafa um það mál.¹⁴⁶¹
762. Sama dag ritaði Tryggvi Rúnar færslu í dagbók sína. Ritaði Tryggvi Rúnar um samtalið sitt við Guðjón Lúther, fangavörð, klukkan 07:00 þennan dag. Hafi Tryggvi spurt hann út í bréf sem hann hafi skrifað, hvort nokkuð væri í þeim sem ætti að stoppa þau. Ritaði hann í færsluna að Guðjón hafi neitað því og boðist til að fara með þau í póst fyrir hann.
763. Þennan dag var birt frétt á forsíðu Vísis um að aðild gæsluvarðhaldsfanganna að hvarfi Geirfinns væri að skýrast. Var Kristján Viðar nafngreindur sem sá sem hafi haft símasamband við Geirfynn. Greint var frá því að Kristján Viðar og Geirfynnur hafi verið að bíða komu smyglbáts í Dráttarbrautinni þegar þeir hafi lent í áflogum og hafi Geirfynnur hrapað niður af kletti. Fram kom að um afdrif Geirfinns væri ekki vitað að öðru leyti en talið væri að Sævar byggi yfir vitneskju um það atriði. Greint var frá því að Erlu og Kristjáni Viðari hafi verið gefin sprautu til að fá þau til að tala óþvingað um atburðina, en án árangurs. Í lok fréttarinnar sagði að rannsókn Guðmundarmálsins væri lokið en hún hafi leitt í ljós að lík Guðmundar hafi verið komið fyrir í Hafnarfjarðarhrauni en síðar flutt í Fossvogskirkjugarð. Yrði málið sent ríkissaksóknara til ákvörðunar von bráðar.¹⁴⁶²

¹⁴⁵⁸ Dagbók nr. 5, bls. 109.

¹⁴⁵⁹ Bls. 1374.

¹⁴⁶⁰ Bls. 1375.

¹⁴⁶¹ Bls. 1376–1377.

¹⁴⁶² Bls. 1379.

764. Miðvikudaginn 27. október 1976 var bókað í dagbók Síðumúlafangelsisins klukkan 10:00 að hringt hafi verið í Félagsmálastofnun vegna peninga fyrir tóbaki handa Sævari. Bókað var klukkan 11:50 að Hilmar Ingimundarson, réttargæslumaður Tryggva Rúnars, hafi rætt við skjólstæðing sinn í áheyrn Sigurbjörns Víðis. Bókað var klukkan 12:13 að Tryggvi Rúnar hafi verið færður aftur á klefa sinn. Þennan dag ritaði Tryggvi Rúnar í dagbók sína að um tólfleytið hafi hann talað við Hilmar um þetta allt saman frá grunni, að hann væri saklaus af þessu og hann hefði sagt ósatt þegar hann hafi borið um átökin. Með flutninginn hefði hann aldrei tjáð sig um, einfaldlega af því hann hafi ekki munað eftir honum. Orðrétt ritaði Tryggvi Rúnar: „Vildi [ég] ekki vera að flækja þessu meira með að búa til sögu um flutninginn eftir þeirra innskotum, þ.e.a.s. fara eftir því sem ég var búinn að heyra.“ Hafi Hilmar spurt hvers vegna hann væri í Síðumúlafangelsinu. Ritaði Tryggvi um að hafa sagt honum að hann hefði verið sendur í bæinn til að gefa betri skýringu á þessum pokum, eins og hann orðaði það í dagbókinni. Síðan hafi honum ekkert frekar verið tjáð um þetta nema að hann hafi ekki verið viðriðinn þessa poka. Vildi hann frekar fara á Skólavörðustíginn, þar væri vistin betri en í Síðumúlafangelsinu.¹⁴⁶³ Hafi Hilmar ætlað að athuga það fyrir hann og ritaði Tryggvi um að hann vonaði að Hilmar myndi standa við það, þó hann hefði mikið að gera. Fram kom að Tryggvi Rúnar hafi farið út í garð milli klukkan 16:10 og 16:35 og rætt við Ingimund, fangavörð, allan tímann.¹⁴⁶⁴
765. Klukkan 12:55 var bókað í fangelsisdagbókina að Rúnar hafi sótt Sævar fyrir Karl Schütz.¹⁴⁶⁵ Fyrir liggur skýrsla dagsett sama dag um yfirheyrslu yfir [BPP] klukkan 15:15. Bókað var að [BPP] hafi verið sérstaklega spurður um ferðir sínar 19. nóvember 1974 og hvort hann hafi farið til Keflavíkur þann dag. Kvaðst hann hafa mikið hugsað um málið undanfarið og vera alveg viss um að hafa ekki farið til Keflavíkur umræddan dag og hafa aldrei farið þangað með Sævari. Kvaðst hann oft hafa komið til Keflavíkur, bæði fyrir og eftir þennan tíma. Sagði hann minni sitt ekki það slæmt að hann teldi að hann hefði munað eftir ferð með Sævari þangað suður eftir.¹⁴⁶⁶
766. Bókað var í fangelsisdagbókina klukkan 16:55 að 3.500 krónur hafi borist frá Félagsmálastofnun til tóbakskaupa fyrir Sævar.¹⁴⁶⁷ Klukkan 18:00 var bókað að Rúnar hafi komið til baka með Sævar og farið beint með hann í hornið, eins og það var orðað. Rannsóknargögn um yfirheyrsluna í sakadómi þennan dag liggja ekki fyrir. Var þess getið í dagbókarfærslunni að áður en Rúnar hafi tekið Sævar tali hafi hann hringt í sakadóm Reykjavíkur. Hafi menn þar verið farnir að vera hræddir um Rúnar en þó sérstaklega Sævar. Orðrétt var bókað: „Kunnu sumsé betur við að vita [af] honum á viðkunnanlegum stað.“¹⁴⁶⁸ Klukkan 23:00 var bókað að Sævar hafi verið færður á klefa sinn að lokinni yfirheyrslu. Fyrir liggur skýrsla þar sem fram kemur að Sævar hafi verið til yfirheyrslu milli klukkan 18:00 og 22:00 þennan dag. Ekki er bókað

¹⁴⁶³ Bls. 1386_A.

¹⁴⁶⁴ Bls. 1386_B.

¹⁴⁶⁵ Dagbók nr. 5, bls. 110.

¹⁴⁶⁶ Bls. 1380.

¹⁴⁶⁷ Dagbók nr. 5, bls. 109b.

¹⁴⁶⁸ Dagbók nr. 5, bls. 110.

hvenær yfirheyrslu hafi lokið. Í upphafi skýrslunnar kom fram að Sævar vildi nú skýra sjálfstætt frá þeirri vitneskju sinni um hvarf Geirfinns. Greindi Sævar frá því að 18. nóvember 1974 hafi Kristján Viðar hringt í hann og spurt hvort hann væri ekki til í að taka þátt í áfengissmygli í Keflavík daginn eftir. Kvaðst Sævar hafa játað því og spurt hvort Erla mætti ekki koma með. Hafi Kristján sagt það í lagi. Hafi Kristján beðið Sævar um að hafa samband við sig daginn eftir, 19. nóvember 1974, að Laugavegi 32. Kvaðst Sævar hafa skýrt Erlu frá þessu. Greindi Sævar frá því að hafa hringt til Kristjáns daginn eftir og sagt honum að hann ætlaði að fara að Kjarvalsstöðum um kvöldið en myndi vera kominn heim að Hjallavegi 31 um klukkan rúmlega 21:00. Hafi Kristján Viðar sagt við Sævar að hann yrði sóttur um klukkan 21:30. Hafi það staðið og sagði Sævar að hann og Erla hafi farið að bifreiðinni og þá hafi ökumaður hennar sagt: „Ert þú Sævar?“ Kvaðst Sævar hafa játað því og þau þá sest inn í bifreiðina. Var hann ekki viss um af hvaða tegund bifreiðin hafi verið, en hún hafi verið fjögurra dyra og brúnleit. Gæti hafa verið Volvo, Fiat eða Cortina. Var bifreiðinni ekið að Vatnsstíg og hafi ökumaðurinn beðið Sævar um að sækja Kristján Viðar. Kvaðst Sævar hafa gengið að Laugavegi 32 og hringt þar dyrabjöllunni. Hafi Kristján komið til dyra, klæddur í hvítan loðskinnsfrakka. Gengu þeir saman og settust inn í bifreiðina. Hafi Sævar sest í framsætið en Kristján Viðar fyrir aftan hann í aftursætið. Hafi Erla setið fyrir aftan ökumanninn.¹⁴⁶⁹ Vildi Sævar geta þess sérstaklega að þegar hann hafi verið sóttur hafi hann rætt við ökumanninn á leiðinni að Vatnsstíg. Hafi þeir rætt um áfengissmyglið og kvaðst Sævar muna að ökumaðurinn hafi þá greint sér frá því hverjir stæðu að baki smyglinu. Sagðist Sævar áður hafa gefið upp nöfn þessara manna í skýrslu. Hafi ökumaðurinn skýrt honum frá því að smyglið færi fram á trillubáti, en áfengið væri geymt í húsi í Keflavík og ekki stæði til að fara í neina bátsferð þetta kvöld. Hafi ökumaðurinn síðan eytt umræðunni og farið að ræða önnur mál. Lýsti Sævar ökuleiðinni til Keflavíkur. Sagði hann að þeir hafi rætt um það á leiðinni að hitta þyrfti ákveðinn mann á tilteknum tíma í Keflavík. Kvaðst Sævar vilja geta þess að ökumaðurinn hafi ekið greitt líkt og hann væri að flýta sér. Lýsti Sævar því fyrir rannsakendum hvaða leið hafi verið ekin að söluturni í Keflavík. Hafi ökumaðurinn þá rétt Kristjáni Viðari bréfmíða, sagt honum að hringja í Geirfinn og segja honum að koma fótgangandi að Hafnarbúðinni. Hafi Kristján gert það en komið aftur stuttu seinna og sagt þetta vera í lagi. Kvaðst Sævar vilja geta þess að hann hafi ekki verið viss um hvort Geirfinnur hafi átt að fá einhverja peninga eða hvort hann hafi átt að afhenda þá. Mundi Sævar eftir því að skyndilega hafi maður komið inn í bifreiðina, sem hann vissi nú að hafi verið Geirfinnur. Hafi ökumaðurinn heilsað honum og Geirfinnur þá sest við hlið Kristjáns Viðars í aftursætið. Hafi Kristján Viðar, ökumaðurinn og Geirfinnur rætt saman í bifreiðinni og fannst Sævari sem það hafi eitthvað neikvætt komið upp sem þeir hafi ekki viljað ræða í áheyrn hans og Erlu. Að endingu hafi verið ekið að Dráttarbrautinni og fannst Sævari sem smyglið hefði átt sér stað fyrr um kvöldið. Hafi hann séð sendibifreið með kassalagaðri yfirbyggingu. Hafi ökumaðurinn gengið að sendibifreiðinni og rætt við einhverja menn þar.¹⁴⁷⁰ Síðan

¹⁴⁶⁹ Bls. 1381.

¹⁴⁷⁰ Bls. 1382.

hafi hann tekið tvo stóra plastbrúsa úr sendibifreiðinni og sett þá yfir í farangursgeymslu bifreiðar sinnar. Sagði Sævar að ökumaðurinn, Geirfinnur og Kristján Viðar hafi gengið í áttina að sendiferðabifreiðinni en hann og Erla hafi orðið eftir í bifreiðinni. Skyndilega hafi þau veitt því athygli að átök hafi byrjað og séð hvar Kristján Viðar hafi slegið Geirfinn á meðan annar maður hafi tekið hann hálstaki. Þá hafi nefndur ökumaður einnig slegið Geirfinn. Lýsti Sævar manningum sem tekið hafi Geirfinn hálstaki sem í kringum fertugt, herðabreiðum, dökkhærðum og varabykkum, með kringlótt andlit. Kvaðst Sævar hafa getað lýst honum því hann og Erla hafi farið úr bifreiðinni og gengið að mönnum. Hafi hann síðan veitt því athygli að Erla hafi verið horfin. Kvaðst Sævar hafa gengið til Kristjáns Viðars og spurt hvað væri í gangi og hafi hann þá sagt eitthvað ósamkomulag hafa komið upp. Hafi Sævar þá sagst vilja komast í burtu því Erla væri horfin. Hafi hann þá séð Geirfinn liggja hreyfingarlausan á jörðinni. Kvaðst Sævar hafa spurt Kristján Viðar hvort hann hafi lamið hann en hann hafi neitað því. Hafi hann kallað á Erlu án árangurs. Greindi Sævar frá því að þegar hann, Kristján Viðar og ökumaðurinn hafi verið komnir aftur í bifreiðina hafi hann séð hvar tveir menn hafi sett Geirfinn aftur í sendiferðabifreiðina. Kvaðst Sævar hafa veitt því athygli að kápa Erlu hafi legið í aftursætinu. Hafi þeir ekið um og leitað að Erlu án árangurs. Hafi ökumaðurinn ekið að húsi og farið þar inn. Kvaðst Sævar hafa lent í orðaskaki við þá þar sem hann hafi viljað finna Erlu vegna þess hve illa klædd hún hafi verið en þeir hafi verið því mótfallnir. Hafi Kristján Viðar sagt honum að það hefði átt að ná í miklu meira áfengi, Geirfinnur hafi átt að fá þessa tvo plastbrúsa sem settir hefðu verið í bifreiðina. Kvaðst Sævar vita að samkomulag þess efnis hafi verið gert í Klúbbnum 17. nóvember 1974. Hafi Geirfinnur hitt Kristján Viðar og ökumanninn það kvöld en síðan hafi Geirfinnur ekki getað staðið við sinn hlut. Sagði Sævar það sína skoðun að Geirfinnur hafi gefið þeim símanúmer sitt í Klúbbnum. Hafi verið búið að skrifa miðann þegar hann var afhentur Kristjáni Viðari í bifreiðinni.¹⁴⁷¹ Kvaðst Sævar hafa heyrt Kristján Viðar og Geirfinn ræða um samkomulag sem gert hafi verið í Klúbbnum. Sævar sagðist hafa farið fram á það við ökumanninn að fá að vera eftir í Keflavík vegna Erlu, en hann hafi neitað honum því. Þegar hann hafi farið úr bifreiðinni við Hjallaveg 31 í Kópavogi hafi hann gleymt kápunni í aftursætinu. Kvaðst Sævar hafa vaknað við það um morguninn þegar Erla hafi komið upp í rúm. Mundi hann eftir að hafa spurt hana hvernig hún hefði komið í bæinn og þá hafi hún sagst hafa komið á puttanum. Aðspurð hafi hún sagst hafa hlaupið í burtu þegar hún hafi séð slagsmál og mann liggja á jörðinni. Þá hafi hún skýrt Sævari frá dvöl sinni í húsi í Keflavík um nóttina. Kvaðst Sævar muna eftir að hafa farið til Kristjáns Viðars 20. nóvember 1974 og sótt til hans kápuna. Hafi hann farið þaðan til [BPP] og beðið hann um að aka sér aftur að Hjallavegi en hann hafi ekki verið með bifreið. Kvaðst Sævar þá hafa skilið kápuna eftir hjá [BPP]. Hafi hann svo sótt kápuna um vorið 1975. Sævar sagðist ekki vita hvað hafi orðið um Geirfinn eftir að hann var settur í sendiferðabifreiðina, og hvort hann hafi þá verið látinn eða ekki. Kvaðst hann ekkert áfengi hafa fengið fyrir ferðina, en það hafi verið samkomulag hans og Kristjáns Viðars. Hafi hann farið til Kaupmannahafnar í desember, en Erla hafi þá verið farin á

¹⁴⁷¹ Bls. 1383.

undan honum. Vildi Sævar geta þess að þegar hann hafi komið heim frá Kaupmannahöfn hafi hann spurt Kristján Viðar hvað hafi orðið af Geirfinni. Hafi Kristján Viðar þá sagst ekki vita það. Hafi samtali þeirra átt sér stað við Menntaskólann við Amtmannsstíg. Í lok skýrslunnar var bókað að Sævari væri ljóst að skýrslutakan hafi staðið yfir lengur en sex klukkustundir. Hafi hann verið til yfirheyrslu að Borgartúni 7 frá klukkan 13:00 til 18:00, en þá hafi hann verið fluttur í Síðumúla til þessarar skýrslutöku sem hafi lokið klukkan 22:00. Bókað var að Sævar hafi gefið samþykki sitt til þess að haldið yrði áfram.¹⁴⁷²

767. Sama dag klukkan 23:40 var í fangelsisdagbókina bókað um komu Karls Schütz og Péturs Eggerz til tals við rannsóknarlögreglumennina Ívar, Rúnar og Jónas. Klukkan 00:50 var bókað að Sævar hafi verið færður í hornið, eins og það var orðað. Bókað var að Jónas og Ívar hafi farið fimm mínútum síðar. Klukkan 01:34 var bókað að Sævar hafi verið færður á klefa sinn. Rannsóknargögn um yfirheyrsluna liggja ekki fyrir.
768. Þennan dag birtist forsíðufrétt í Dagblaðinu um að sjónarvottar í Hafnarbúðinni hafi ekki allir verið yfirheyrðir. Þá var fullyrt í fyrirsögn að leirmyndin hafi verið skáldskapur frá upphafi. Fram kom að einn þriggja sjónarvotta sem hafi séð manninn í Hafnarbúðinni hafi ekki verið yfirheyrður af rannsóknarlögreglunni. Væri sjónarvotturinn stúlka sem hafi setið í Hafnarbúðinni ásamt vinkonu sinni, en sú hafi verið kvödd til yfirheyrslu og sakbendingar hjá lögreglu. Fram kom að leirmyndin sem gerð hafi verið hafi ekki verið að fyrirsögn sjónarvottanna tveggja sem lögregla hafi yfirheyrt vegna málsins. Hafi sjónarvottarnir þrír staðfest það við blaðamann Dagblaðsins að maðurinn sem komið hafi inn í Hafnarbúðina umrætt kvöld hafi ekki verið Kristján Viðar Viðarsson. Vitnað var í frétt Vísis frá því deginum áður um að Kristján Viðar hafi játað að hafa hringt til Geirfinns að undirlagi Sævars. Fram kom að Örn Höskuldsson hafi ekki staðfest réttmæti þeirrar frásagnar. Í lok fréttarinnar sagði að Dagblaðið hafi áður skýrt frá því að framburður gæsluvarðhaldsfanganna hafi verið mjög á reiki og þeir hafi oftast en einu sinni tekið framburð sinn til baka.¹⁴⁷³ Sama dag birtist frétt á forsíðu Alþýðublaðsins þar sem haft var eftir Erni Höskuldssyni að rannsókn Guðmundarmálsins væri lokið og málið hafi verið sent saksóknara auk 24 annarra mála þar sem sömu aðilar ættu hlut að. Á sama stað birtist fréttadálkur þar sem haft var eftir Erni að frétt Vísis frá deginum áður hafi ekki komið frá sakadómi og hann vildi ekki staðfesta efni hennar.¹⁴⁷⁴
769. Fimmtudaginn 28. október 1976 var bókað í dagbók Síðumúlafangelsisins að Sævar hafi verið færður til yfirheyrslu hjá Rúnari og Haraldi klukkan 15:00.¹⁴⁷⁵ Fyrir liggur skýrsla um yfirheyrsluna þar sem bókað er að hún hafi hafist klukkan 14:45 þennan dag. Var tilefni yfirheyrslunnar hvarf Geirfinns. Greindi Sævar frá því að Guðjón Skarphéðinsson hafi haft samband í nóvember 1974 og innt hann eftir því hvort hann gæti selt fyrir hann spíra. Hafi Sævar sagst ætla að athuga málið og hafa greint Kristjáni Viðari frá fyrirspurn Guðjóns. Hafi Sævar látið Kristján fá símanúmer

¹⁴⁷² Bls. 1384.

¹⁴⁷³ Bls. 1385.

¹⁴⁷⁴ Bls. 1386.

¹⁴⁷⁵ Dagbók nr. 5, bls. 111.

Guðjóns. Hafi Kristján Viðar hringt til sín 18. nóvember 1974 að Hjallavegi 31 og sagt mann í Keflavík, Geirfinn að nafni, vilja kaupa spíra. Hafi Sævar þá skrifað símanúmer Geirfinns hjá sér. Seinnipart sama dags hafi hann hringt í Guðjón sem hafi sagst geta útvegað spírann. Kvaðst Sævar hafa gefið Guðjóni símanúmer Geirfinns, en Guðjón hafi viljað hafa símasamband við hann. Sagði Sævar að Guðjón hafi hringt í sig á heimili móður sinnar daginn eftir, 19. nóvember 1974. Kvaðst Sævar hafa sagt Guðjóni að hann væri að fara á kvikmyndasýningu að Kjarvalsstöðum með móður sinni og Erlu. Hafi Guðjón þá sagst hafa hringt í Geirfinn og ákveðið hefði verið stefnumót við hann klukkan 21:30 um kvöldið. Hafi þeir ákveðið að Guðjón myndi sækja hann og Erlu að Hjallavegi 31 um klukkan 21:00. Kvaðst Sævar hafa hringt í Kristján Viðar frá Kjarvalsstöðum og hafi þá [PKKÞ] svarað símanum.¹⁴⁷⁶ Hafi Guðjón sótt þau á umsömdum tíma og taldi Sævar að hann hafi verið á brúnni Citroen bifreið með ljósum toppi. Kvaðst Sævar muna eftir því að hafa sest í framsætið en Erla í aftursætið. Var stöðvað við Vatnsstíg og gekk Sævar að húsi Kristjáns Viðars og hringdi þar dyrabjöllunni. Hafi [PKKÞ] komið til dyra og Sævar þá kallað til Kristjáns um að koma. Hafi þeir gengið saman að bifreiðinni og kvaðst Sævar áður hafa lýst klæðnaði Kristjáns í umrætt sinn. Hafi Guðjón verið klæddur í leðurjakka og hvíta peysu. Bókað var í skýrsluna um nákvæmar lýsingar Sævars á ökuleiðinni til Keflavíkur. Á leiðinni hafi Guðjón sagt Geirfinn hafa verið eitthvað neikvæðan í símann og hafi þeir rætt það sín á milli að ef hann yrði ekki eins og maður myndu þeir sýna honum fulla hörku. Hafi þeir einnig rætt það að Geirfinnur gæti verið hættulegur, þeir hafi þó ekki rætt um að drepa hann. Kvaðst Sævar minnst þess að Kristján Viðar hafi tekið þátt í samræðunum. Greindi Sævar frá því að Guðjón hafi sagt sér hverjir stæðu að baki smyglinu og kvaðst Sævar vera búinn að greina frá nöfnum þeirra í lögregluskýrslu.¹⁴⁷⁷ Einnig hafi hann sagt honum að smyglið yrði sótt á báti. Kvaðst Sævar ekki þekkja þá aðila. Kvaðst Sævar telja að klukkan hafi verið 22:10 eða 22:15 þegar komi hafi verið til Keflavíkur. Ekið hafi verið beint að Hafnarbúðinni, en stefnumótið við Geirfinn hafi verið ákveðið klukkan 21:30 og því hafi sú áætlun farið út um þúfur. Kvaðst Sævar hafa stungið upp á því að Kristján Viðar hringdi í Geirfinn. Hafi Guðjón skrifað símanúmer hans á bréfmiða og afhent Kristjáni. Kvaðst Sævar hafa séð þegar Guðjón skrifaði nafn Geirfinns og símanúmerið og hafi tölurnar 31 komið þar fyrir. Talað hafi verið um að Geirfinnur skyldi koma gangandi á staðinn. Hafi Kristján Viðar farið inn í Hafnarbúðina og komið út skömmu síðar eftir að hafa rætt við Geirfinn. Skömmu síðar hafi Geirfinnur komið að bifreiðinni og sest í aftursætið. Var þá ekið að Dráttarbrautinni og á leiðinni hafi verið rætt um spíra. Hafi Guðjón gengið í átt að sendiferðabifreið sem hafi verið í Dráttarbrautinni, en þau hin beðið í bifreiðinni. Kvaðst Sævar hafa séð Guðjón ræða við einhvern mann í sendibifreiðinni en síðan hafi hann sótt tvo plastbrúsa úr yfirbyggingu bifreiðarinnar. Kvaðst Sævar telja að í þeim hafi verið spíri, en brúsarnir hafi verið undan maurasýru. Hafi Guðjón sett brúsana í farangursgeymsluna á bifreið sinni. Hafi þeir svo allir gengið að sendibifreiðinni og rætt um greiðslu fyrir spírann. Hafi þá herðabreiður og

¹⁴⁷⁶ Bls. 1387.

¹⁴⁷⁷ Bls. 1388.

þybbinn maður, sem Sævar kvaðst áður hafa lýst í lögregluskýrslu, hafa spurt hvort hann hafi verið til sjós. Fannst Sævari sem maðurinn hafi tekið sig fyrir annan mann.¹⁴⁷⁸ Kristján Viðar hafi þekkt manninn og sagðist Sævar hafa séð þá tala saman úti á götu og þá hefði maðurinn komið í heimsókn til Kristjáns á árinu 1973. Sagði Sævar að Kristján Viðar hefði svarað fyrir hann og sagt að hann hafi ekki verið til sjós. Á þessum stað í skýrslunni er bókað orðrétt haft eftir Sævari um samtal milli þybbna mannsins og Guðjóns. Fram kom að sá þybbni hafi ekki þekkt Geirfinn. Þá var bókað orðrétt eftir Sævari um samtal milli Guðjóns og Geirfinns þar sem Guðjón hafi spurt hann hvort hann ætlaði sér ekki að „taka þessa“, en Geirfinnur hafi engu svarað. Hafi þá Guðjón sagt: „Hvaða vitleysa er þetta eiginlega?“ og horft á Sævar og Kristján Viðar. Hafi þá Kristján Viðar talað við Geirfinn og spurt hann orðrétt: „Vorum við ekki búnir að ræða þetta í Klúbbnum?“ Hafi Geirfinnur þá jánkað því en sagst ekkert vilja með þetta gera og sagst þekkja Sigurbjörn í Klúbbnum. Þá hafi sá þybbni sagt við Geirfinn að hann skyldi þegja yfir þessu. Hafi Geirfinnur þá engu svarað og gert sig líklegan til að fara. Lýsti Sævar því nákvæmlega hvar hver og einn hafi staðið í Dráttarbrautinni og afstöðu hvers og eins. Greindi Sævar frá því að Geirfinnur hafi ýtt Kristjáni Viðar úr vegi og hafi hann þá slegið til Geirfinns og höggið lent á andliti hans. Kvaðst Sævar þá hafa stokkið á Geirfinn og slegið hann í andlitið. Hafi Geirfinnur þá þrifið í hann og fleygt honum frá. Kvaðst Sævar hafa séð Geirfinn slá Kristján Viðar í kviðinn og andlitið. Þá hafi hann staðið upp aftur, stokkið á Geirfinn og slegið hann. Þá hafi þybbni maðurinn komið aftan að Geirfinni og tekið hann hálstaki. Á þeim tímapunkti hafi Guðjón verið kominn með 50 til 60 sentímetra langan lurk sem hann hafi slegið Geirfinn í höfuðið með. Kvaðst Sævar hafa heyrt sársaukastunu koma frá Geirfinni og séð að hann hafi orðið máttlaus. Hafi þybbni maðurinn haldið Geirfinni uppi með hálstaki, dregið hann aftur á bak og sleppt honum svo en þá hafi Geirfinnur dottið niður hreyfingarlaus. Í þann mund hafi Kristján Viðar komið með barefli og slegið Geirfinn tveimur höggum og kvaðst Sævar halda að þau hafi farið í höfuð honum. Hafi Kristján þá áttað sig á því að hann væri meðvitundarlaus. Kvaðst Sævar eiga erfitt með að lýsa þessu í samhengi þar sem þetta hafi gerst á örstuttum tíma. Hafi hann og Kristján Viðar farið að huga að Geirfinni og séð að hann var algjörlega meðvitundarlaus. Greindi Sævar frá því að Kristján hafi þuklað á Geirfinni, horft svo á hann og hrist höfuðið. Kvaðst Sævar hafa tekið því þannig að Geirfinnur væri dáinn. Hafi Kristján og þybbni maðurinn tekið undir sitthvorn handlegg Geirfinns og sett hann inn í farangursrými sendibifreiðarinnar. Sagðist Sævar hafa gengið til baka að bifreiðinni með Guðjóni og þá áttað sig á því að Erla væri farin.¹⁴⁷⁹ Hafi Kristján síðan komið og sagt þeim að ákveðið hafi verið að fara heim til hans að Grettisgötu 82 og myndi sendibifreiðin koma þangað. Hafi þeir ekið um og leitað Erlu en án árangurs. Hafi Sævar séð kápu hennar í aftursætinu auk brúnnar hliðartösku. Hafi Guðjón komið við í einhverju húsi í Keflavík, dvalið þar í 10 til 15 mínútur, en síðan hafi þeir haldið til Reykjavíkur. Var klukkan orðin rúmlega 01:00 þegar þeir komu að Grettisgötu. Kvaðst Sævar minnst þess að hafa óskað eftir

¹⁴⁷⁸ Bls. 1389.

¹⁴⁷⁹ Bls. 1390.

Því við Guðjón og Kristján Viðar að verða eftir í Keflavík vegna Erlu, en þeir hafi aftekið það með öllu. Þegar þeir hafi komið að Grettisgötu 82 hafi sendibifreiðin komið þar að eins og ákveðið hafði verið. Í farangursrýminu hafi verið fimm brúsar með spíritus og hafi þybbni maðurinn hjálpað honum og Kristjáni Viðari að bera brúsana í kjallarageymsluna. Hafi þybbni maðurinn og Kristján Viðar tekið lík Geirfinns og sett það í geymsluna. Greindi Sævar frá því að líkinu hafi verið vafið inn í gólfteppi svo aðeins höfuðið hafi staðið upp úr. Kvaðst Sævar hafa séð á honum áverka í andliti og blóðtaum líkt og hann hafi legið á grúfu. Hafi þeir farið upp í íbúð Kristjáns þegar þeir hafi lokið við að ganga frá líkinu inn í geymsluna og læst þangað inn. Hafi þeir fljótlega komist að samkomulagi um að koma Geirfinni fyrir.¹⁴⁸⁰ Bókað var í skýrsluna um upptalningu Sævars á þeim urðunarstöðum sem þeir hafi rætt. Hafi Guðjón stungið upp á að fara með hann austur í Grafning. Lýsti Sævar leiðinni sem farin var og þeim stað þar sem Geirfinnur hafi verið dysjaður. Hafi Guðjón ekið honum heim að Hjallavegi 31 um nóttina. Kvaðst Sævar hafa gleymt kápunni og hliðartöskunni í bifreið Guðjóns. Lýsti Sævar samtali hans og Erlu þegar hún kom um morguninn daginn eftir með sama hætti áður. Kvaðst hann ekki hafa greint Erlu frá því sem hafi gerst. Greindi Sævar frá símtali hans og Guðjóns daginn um Geirfinn og urðunarstaðinn. Kvaðst Guðjón ætla að ræða við Kristján Viðar. Um kvöldið hafi Guðjón komið með kápu og töskuna að Hjallavegi. Daginn eftir, 21. nóvember 1974, hafi þeir ákveðið að hittast heima hjá Kristjáni um kvöldið. Sagði Sævar að þegar hann hafi komið hafi þybbni maðurinn, Guðjón og Kristján Viðar verið þar fyrir. Hafi Kristján og þybbni maðurinn sett Geirfinn í svarta plastpoka. Hafi þeir brotið hann saman og sett hann í poka. Hvítt nælon band hafi síðan verið vafið utan um pokana og settir á það margir hnútar. Var þá ákveðið að lík Geirfinns yrði flutt austur í Grafning, 23. nóvember 1974.¹⁴⁸¹ Þann dag hafi Guðjón sótt hann að Hjallavegi 31 og óku þeir að heimili Kristjáns Viðars að Grettisgötu 82. Þar hafi þybbni maðurinn og Kristján Viðar verið fyrir. Hafi Guðjón farið með bifreiðina garðmegin að húsinu og þeir hinir borið Geirfinn úr geymslunni og inn í bifreiðina. Sagði Sævar að lík Geirfinns hafi verið sett í aftursætið, en þar hafi setið Kristján Viðar og þybbni maðurinn. Hafi hann sjálfur sest í framsæti bifreiðarinnar. Hafi þeir ekið austur í Grafning. Kvaðst Sævar muna að Guðjón hafi verið með stórt kúbein til að losa grjót, en önnur verkfæri hafi þeir ekki haft meðferðis. Taldi Sævar að farið hafi verið með Geirfinn 300 til 400 metra frá veginum. Héldu þeir síðan aftur til Reykjavíkur. Vorið 1975 hafi hann hitt Guðjón og hafi þeir þá meðal annars rætt urðunarstaðinn. Þar sem aðeins hafi verið sett grjót yfir líkið var möguleiki á að plastpokarnir sæjust. Greindi Sævar frá því að hann og Guðjón hafi því farið austur að Gljúfurárholti í Ölfusi til að fá lánaðar skóflur hjá [BÆ], kunningja hans. Hafi skóflurnar reynst í láni hjá bónda á næsta bæ og því hafi ekkert orðið úr ferð þeirra. Sagði Sævar að sér vitanlega hafi lík Geirfinns ekki verið hreyft síðan. Kvaðst Sævar hafa stolið klaufhamri með svörtu handfangi í umræddri ferð. Greindi Sævar frá því að Guðjón hafi ætlað að láta sig fara í apótekið á Selfossi, en hann hafi guggnað á því. Kvaðst Sævar hafa sett hamarinn í

¹⁴⁸⁰ Bls. 1391.

¹⁴⁸¹ Bls. 1392.

bárujárnsklæddan skúr sem væri samfastur apótekinu. Bókað var eftir Sævari að hann hafi vísað lögreglu á þann stað svo hægt væri að staðreyna þessa sögu hans. Kvaðst Sævar muna eftir því að hafa játað það fyrir [BÆ] að hafa stolið klaufhamrinum þegar hann hafi gengið á hann.¹⁴⁸² Aðspurður um klæðaburð Geirfinns 19. nóvember 1974 kvaðst Sævar ekki geta tjáð sig um að öðru leyti en að hann hafi verið dökklæddur. Í lok skýrslunnar er bókað um að Sævar teldi sendiferðabifreiðina hafa verið R-34711, en honum hafi verið sýndar myndir af mörgum bifreiðum. Minntist hann þess ekki að hafa séð ökumann bifreiðarinnar og því gæti hann ekki fullyrt hver hafi ekið henni umrætt kvöld. Bókað var að skýrslutökunni hafi lokið klukkan 00:00. Var bókuð athugasemd um að Sævari hafi verið kynnt að hann hafi verið lengur en sex klukkustundir til yfirheyrslu, en hann hafi gefið leyfi sitt til þess að halda áfram.¹⁴⁸³ Á eftir undirritun Sævars á skýrsluna var bókað um viðbótarframburð hans. Fram kom að Sævar hafi viljað bæta því við að hann hafi sett klaufhamarinn við hliðina á dælu sem hafi verið í framangreindum skúr. Kúbeinið sem notað hafi verið til að losa um grjót hafi verið tekið af heimili Kristjáns og kvaðst Sævar halda að því hafi verið skilað aftur þangað. Þá kvaðst hann vilja leiðrétta það að farið hafi verið á Land Rover bifreið hans til Keflavíkur og hafi Guðjón ekið henni. Hafi verið talið betra að fara á jeppabifreið þar sem nokkur snjór hafi verið. Loks greindi Sævar frá því að hann og Erla hafi farið til Keflavíkur í nóvember 1975 til að kaupa dollara. Þá hafi Erla sýnt honum húsið sem hún hafi dvalið í 19. nóvember 1974. Kvaðst Sævar telja að hann gæti bent lögreglunni á húsið en maður sem hafi búið þarna hafi verið kallaður [S] og var fyrrum unnusti Erlu.¹⁴⁸⁴ Bókað var í fangelsisdagbókina að Sævar hafi verið færður á klefa sinn klukkan 00:15.¹⁴⁸⁵

770. Fyrir liggur skýrsla Karls Schütz dagsett sama dag, 28. október 1976, þar sem fram kemur að vegna framburðar Sævars hafi fallið grunur á [PL] um að hafa verið viðriðinn morðið á Geirfinni. Hafi [PL] verið staddur með bifreið sína af gerðinni GMC við Dráttarbrautina í Keflavík og flutt Geirfynn þaðan, látinn eða særðan. Bókaði Schütz um að safna yrði saman tilteknum gögnum áður en farið yrði í aðgerðir gegn hinum grunaða. Fram kom að rannsóknin ætti að njóta forgangs og vera unnin af ítrustu leynd.¹⁴⁸⁶
771. Fyrir liggur athugasemdaskýrsla Karls Schütz dagsett þennan dag um viðtal við Erlu. Bókað var að viðstaddir hafi verið Schütz, Sigurbjörn Víðir og Pétur Eggerz. Bókað var að Erla hafi borið um að hafa horft á bíómynd 19. nóvember 1974 ásamt Sævari og móður hans. Hafi Sævar verið búinn að skýra frá því hvernig bíómynd það hafi verið. Hafi þau farið um klukkan 20:30 og ekið mömmu Sævars heim um klukkan 20:40. Kvaðst Erla hafa ekið Land Rover bifreið þeirra í umrætt sinn. Um klukkan 21:00 hafi þau farið til [VK], kunningja Sævars. Kvaðst Erla hafa beðið úti í bifreiðinni á meðan en síðan hafi Sævar sótt hana inn. Hafi hún rætt við frú [K], á meðan Sævar hafi rætt við [VK] um kvikmyndir. Hafi þeir rætt saman í um klukkustund. Hafi klukkan verið

¹⁴⁸² Bls. 1393.

¹⁴⁸³ Bls. 1394.

¹⁴⁸⁴ Bls. 1394.

¹⁴⁸⁵ Dagbók nr. 5, bls. 111b.

¹⁴⁸⁶ Bls. 1397.

um 22:00 þegar þau hafi farið og ekið eitthvað um bæinn. Greindi Erla frá því að þau hafi stoppað einhvers staðar en hún myndi ekki hvar, kannski við Óðinsgötu. Bókað var í athugasemdaskýrsluna að þarna hafi Erla gert hlé á frásögn sinni og sagst ekki hafa stoppað við Óðinsgötu. Aðspurð hvort einhver hafi komið upp í bifreiðina og hver það hafi verið hafi Erla orðið þögn og dregið sig í hlé. Hafi hún grátið og slegið höndum fyrir andlit sitt. Loks hafi hún sagt að hún gæti ekki sagt til um hvort hún hafi verið við Óðinsgötu. Aðspurð hver óþekkti maðurinn hafi verið sem hafi verið með henni, Sævari og Kristjáni Viðari í ferðinni til Keflavíkur hafi Erla engu svarað. Bókað var í skýrsluna að þá hafi fundi verið slitið.¹⁴⁸⁷ Á seinni blaðsíðu athugasemdaskýrslunnar var yfirheitið: „Viðbót“. Þar var bókað að Erla hafi verið spurð hvort hún hafi heyrt eða tekið eftir símtali sem Sævar hafi átt við Kristján Viðar 19. nóvember 1974. Haft var eftir Erlu að hún hafi sagt að stuttu áður en þau hafi farið á kvikmyndasýninguna hafi Sævar hringt úr íbúð móður sinnar til Kristjáns. Hafi hún heyrt eitthvað af því sem hann hafi sagt. Kvaðst hún halda að það hafi verið um klukkan 19:30. Sævar hafi þá spurt Kristján Viðar hvort hann vildi koma með til Keflavíkur. Sennilega hafi Kristján Viðar ekki verið á því þar sem hún hafi heyrt Sævar segja: „Hugsaðu málið.“¹⁴⁸⁸

772. Á forsíðu Tímans þennan dag, 28. október 1976, var birt frétt undir fyrirsögninni: „Þetta er fráleitt“. Var fyrirsögnin höfð eftir Hauki Guðmundssyni, rannsóknarlögreglumanni, þegar hann var spurður ályts á fullyrðingu Dagblaðsins frá því deginum áður um að lögreglan hafi látið undir höfuð leggjast að yfirheyra sjónarvott í Hafnarbúðinni. Fram koma að Haukur hafi ekki viljað tjá sig um þá fullyrðingu Dagblaðsins að leirmyndin hafi verið skáldskapur frá upphafi. Með fréttinni var birt ljósmynd af Hauki sem tekin var í upphafi rannsóknar Geirfinnsmálsins. Þar heldur Haukur á teikningu sem unnin var eftir lýsingu sjónarvotta af manningnum sem hringdi í Hafnarbúðinni 19. nóvember 1974. Mynd af leirstyttunni er innfelld. Fram kom í texta við myndina að sé teikningin borin saman við leirmyndina megi glöggst sjá hve ólíkar þær hafi verið, „svo ekki sé sterkara að orði komist“, eins og það var orðað. Var fullyrt að þessi ólíka teikning styrki fullyrðingu manna um að leirmyndin hafi verið skáldskapur frá upphafi.¹⁴⁸⁹
773. Sama dag var birt forsíðufrétt í Dagblaðinu undir fyrirsögninni: „Sá sem hringdi hefur tvívegis sést síðan“. Fram kom að hið minnsta fjórar teikningar hafi verið gerðar í þágu rannsóknar málsins. Ein þeirra hafi verið leirmyndin, en sú mynd hafi aldrei verið samþykkt af þeim sjónarvottum sem til hafi verið kvaddir sem vitni. Hafi sjónarvottarnir talið eina teikninguna líkjast manningnum sem hringt hafi úr Hafnarbúðinni. Sú mynd hafi verið gerð í Keflavík en hafi enn ekki birst. Þá sagði í fréttinni að annar sjónarvottanna teldi sig hafa séð manninn sem hringdi tvívegis eftir hvarf Geirfinns. Sá hafi verið yfirheyrdur, en ekki enn látinn gera grein fyrir ferðum sínum umrætt kvöld. Í lok fréttarinnar kom fram að lögreglan hafi afhent fjölmiðlum gamla mynd af Geirfinni og hafi dregið það í 16 mánuði að leggja fram tiltölulega nýja

¹⁴⁸⁷ Bls. 1395.

¹⁴⁸⁸ Bls. 1396.

¹⁴⁸⁹ Bls. 1398.

mynd af hinum horfna manni. Fram kom að engar viðhlítandi skýringar hafi verið gefnar á því af hálfu lögreglu.¹⁴⁹⁰

774. Föstudaginn 29. október 1976 var bókað í dagbók fangelsisins við Síðumúla að Sigurbjörn Víðir hafi litið stutta stund inn til Tryggva Rúnars klukkan 08:25 og farið síðan. Rannsóknargögn um vitjunina liggja ekki fyrir en fyrir liggur færsla í dagbók Tryggva Rúnars þennan dag. Ritaði Tryggvi Rúnar um að hafa hringt bjöllunni og beðið um Sigurbjörn Víði sem hafi komið inn. Bað Tryggvi hann um að spyrja Örn hvort hann mætti ekki allavega fara í lausagæslu á Skólavörðustíg 9. Þætti honum skrítið að þurfa að hanga svona í einangrun. Hafi Sigurbjörn Víðir tekið undir það með honum að það væri lítið spennandi og ætlað að spyrja Örn um þetta.¹⁴⁹¹ Á sama tíma var bókað um að Jónas og Haraldur hafi farið saman út í buskann, eins og það var orðað í færslunni.¹⁴⁹² Meðal rannsóknargagna liggur fyrir upplýsingaskýrsla Jónasar um ferð austur í Grafning til athugunar á sannleiksgildi sögu Sævars, eins og það var orðað um að hafa farið ásamt fleirum 23. nóvember 1974 með lík Geirfinns austur í Grafning og urðað það þar. Fram kom að Sævar hafi gert lauslegan uppdrátt af staðnum og eftir honum hafi líkið verið urðað milli Hagavíkur og Villingavatns. Hafi þeir svipast um, en svæðið hafi verið stórt og uppdráttur Sævars ógreinilegur.¹⁴⁹³ Bókað var í fangelsisdagbókina klukkan 13:35 að komið hafi verið með augndropa og lúðulýsispillur fyrir Kristján Viðar sem hann mætti hafa inni á klefa sínum. Klukkan 14:50 var bókað að Haraldur og Grétar Sæmundsson, rannsóknarlögreglumenn, hafi farið með Sævar í ökutúr. Bókað var að Rúnar hafi komið með Sævar til baka úr reisunni, eins og það var orðað, klukkan 18:50. Í framangreindri upplýsingaskýrslu kemur fram að þar sem ekkert markvert hafi fundist við leitina hafi Sævar verið fluttur austur af Grétari og Harald. Hafi Sævar látið þá aka sér yfir svæðið án þess að hann hafi getað bent á ákveðin stað. Þegar þeir hafi verið staddir upp á allhárri melöldu norðan við Ölfusvatnsá hafi Sævar sagt þá vera komna á staðinn þar sem þeir hafi tekið líkið úr bifreiðinni. Hafi Sævar síðan gengið áfram en hafi ekki verið öruggur um hvar hann ætti að leita. Hafi hann síðan stoppað í litlu gildragi þar sem mikið af mold og lausu grjóti hafi verið. Kvaðst hann öruggur um að þar hafi þeir urðað Geirfinn. Bókað var að grjóti hafi verið rutt til en án árangurs. Mikið af lausagrjóti hafi verið þarna en skýrsluritari bókaði um að hann hafi ekki getað greint að hreyft hafi verið við nokkru á staðnum.¹⁴⁹⁴ Bókað var í upplýsingaskýrsluna að Sævar hafi látið þess getið að hafa farið austur ásamt Guðjóni Skarphéðinssyni í maí eða júní 1975 til að fela lík Geirfinns betur með því að moka yfir það mold. Hafi þeir komið við í Gljúfurárholti í Ölfusi og hitt þar kunningja þeirra, [BÆ] og beðið hann um að lána þeim skóflur. Hafi hann ekki getað orðið við því þar sem þær hafi verið í láni á næsta bæ. Hafi Sævar sagst hafa stolið klaufhamri frá [BÆ] í umrætt sinn. Hafi þeir síðan ekið austur á Selfoss þar sem Guðjón hafi beðið Sævar um að brjótast inn í apótekið til að stela þaðan lyfjum. Hafi Sævar sagst hafa gert tilraunir til þess en ekki litist á það og snúið

¹⁴⁹⁰ Bls. 1399.

¹⁴⁹¹ Bls. 1399_B.

¹⁴⁹² Dagbók nr. 5, bls. 112.

¹⁴⁹³ Bls. 1400.

¹⁴⁹⁴ Bls. 1400.

við. Hafi Guðjón verið óánægður með það og sagt honum að reyna aftur. Hafi Sævar sagst hafa farið til baka og komist inn í herbergiskompu og hengt hamarinn á dælu sem hafi verið veggföst. Hafi hann síðan farið til baka og sagt Guðjóni að ekki væri hægt að brjótast þarna inn. Hafi þeir snúið til Reykjavíkur á Citroen bifreið Guðjóns. Bókað var neðanmáls í skýrsluna að tilraun hafi verið gerð til að yfirheyra [BÆ], en samkvæmt upplýsingum frá föður hans væri hann við nám í Danmörku og kæmi ekki fyrir en vorið 1977.¹⁴⁹⁵

775. Laugardaginn 30. október 1976 var bókað í dagbók Síðumúlafangelsisins að Guðsteinn læknir hafi komið klukkan 08:50 og rætt við Kristján Viðar meðal annarra til klukkan 09:30. Bókað var að lyfjum hans hafi verið breytt og um það vísað til lyfjaskrár. Bókað var að Jónas hafi farið inn á klefa til Sævars milli klukkan 09:50 og 10:05 en á þeim tíma hafi Jónas og Ívar farið.¹⁴⁹⁶ Fyrir liggur upplýsingaskýrsla rituð af Jónasi þar sem fram kemur að þeir hafi farið með verkfæri austur í Grafning til leitar á þeim stað sem Sævar hafi bent á að Geirfinnur hafi verið urðaður. Bókað var í skýrsluna að þeir hafi leitað af sér allan grun án árangurs.¹⁴⁹⁷ Klukkan 18:15 var bókað að Rúnar hafi komið og tekið Sævar fyrir, eins og það var orðað.¹⁴⁹⁸ Bókað var að Sævar hafi verið færður á klefa sinn klukkan 20:20. Rannsóknargögn um yfirheyrsluna liggja ekki fyrir.¹⁴⁹⁹
776. Fyrir liggur athugasemdaskýrsla rituð af Karli Schütz, dagsett sama dag, um yfirheyrslu yfir Erlu milli klukkan 13:00 og 16:15 þennan dag. Bókað var í upphafi skýrslunnar að yfirheyrslan hafi aðallega snúist um hinn fjórða mann sem hún hafi borið um að hafi tekið þátt í ferðinni til Keflavíkur 19. nóvember 1974. Viðstaddir yfirheyrsluna hafi verið Sigurbjörn Víðir, Karl Schütz og Pétur Eggerz. Bókað var að Erla hafi skýrt svo frá að hún hafi ekki tekið þátt í ferðinni til Keflavíkur umræddan dag. Hafi hún sagst geta sannað það þar sem hún hafi verið stödd heima hjá [K]-fjölskyldunni umrætt kvöld með Sævari. Bókað var í athugasemdaskýrsluna að eftir að Schütz hafi bent henni á fyrri framburð sinn hafi hún loks viðurkennt aftur að hafa verið með í ferðinni ásamt Sævari, Kristjáni Viðari og einum manni til sem ekki væri vitað hver hafi verið. Aðspurð um fyrrverandi vin sinn, [S], hafi Erla sagt þau hafa verið nána vini áður en hún hafi kynnst Sævari. Hafi þau hætt að vera saman í desember 1972 og ekki verið saman síðan.¹⁵⁰⁰ Hafi Erla sagt það rangt að hún hafi verið hjá [S] í Keflavík aðfaranótt 20. nóvember 1974. Hafi Erla viljað taka það fram að hún hafi ekki kynnst Sævari fyrr en hálfu ári eftir að hún og [S] hafi hætt að vera saman. Væri Sævar mjög afbrýðissamur. Hafi Erla sagt það útilokað að hún hafi verið hjá [S] umrædda nótt. Þá kvaðst hún einu sinni hafa verið með [EÓ], en hann hafi verið of íhaldssamur til að samband þeirra hafi enst. Hafi Erla sagst ekki hafa verið með honum í rauða húsinu í Keflavík. Sagðist Erla vera að segja satt. Bókað var í athugasemdaskýrsluna að Erla hafi þá verið aftur spurð um óþekkta manninn sem hafi

¹⁴⁹⁵ Bls. 1401.

¹⁴⁹⁶ Dagbók nr. 5, bls. 112b.

¹⁴⁹⁷ Bls. 1400.

¹⁴⁹⁸ Dagbók nr. 5, bls. 112.

¹⁴⁹⁹ Dagbók nr. 5, bls. 112b.

¹⁵⁰⁰ Bls. 1402.

farið með til Keflavíkur. Hafi Erla endurtekið að hún hafi ekki þekkt hann. Eftir smá umhugsun hafi Erla nefnt [JM], stjúpföður Sævars. Aðeins seinna hafi Erla nefnt Guðjón Skarphéðinsson. Aðspurð hvort hún vildi ekki nefna rétta nafnið hafi hún sagt að það hafi hvorki verið [JM] né Guðjón Skarphéðinsson. Þá hafi Erla aftur orðið þögul, byrjað að gráta og slegið höndum fyrir andlit sitt. Loks hafi hún sagt að hún væri hrædd við viðkomandi. Bókað var að henni hafi verið sagt að farið yrði með framburð hennar sem algjört trúnaðarmál. Þrátt fyrir það hafi hún ekki viljað segja meira en að maðurinn væri mjög hættulegur. Hann ætti mikið af peningum og hefði stýrt málinu. Sá sem hefði gert svona hlut myndi hiklaust endurtaka hann. Var orðrétt bókað eftir Erlu: „Ef ég segi ekkert meira, hvenær verður þá rannsókn lokið? Allt er þetta spursmál um eitt orð.“¹⁵⁰¹ Fram kom í skýrslunni að Erlu hafi verið sagt að rannsóknin væri í fullum gangi og að betra væri fyrir hana að segja sannleikann. Hafi þá Erla sagt: „Kannski var það stjúpfadir hans Sævars eftir allt, en ég þekki þennan fjórða mann ekki nógu vel.“ Bókað var að henni hafi verið sagt að framburður hennar væri ekki trúlegur þar sem hún hafi sagst vera hrædd við manninn og það hafi verið ástæðan fyrir því að hún hafi viljað þegja um hann. Hafi Erla þá aftur orðið mjög þögul. Aðspurð hafi hún sagst hafa séð manninn í fyrsta sinn 19. nóvember 1974. Sagði hún hann hafa verið um 180 sentimetrar á hæð, meðalmaður að vexti, axlabreiður með dökkbrúnt, stutt hár sem hafi verið greitt fram. Hafi hann ekki verið með skegg og verið á aldrinum 35 til 40 ára gamall og hafi verið íklæddur brúnum leðurjakka. Hafi maðurinn beðið í bifreiðinni á meðan Kristján Viðar hafi farið inn í Hafnarbúðina að hringja. Orðrétt var haft eftir Erlu: „Ég gat ekki heyrt, þegar hann sagði Kristjáni símanúmerið.“ Aðspurð um samtal Sævars við fjórða manninn á leiðinni til Keflavíkur hafi Erla sagt samtalið hafa verið milli Sævars og þessa manns. Hafi það verið um að ryðja þyrfti manni úr vegi sem hafi verið með stæla. Haft var eftir Erlu: „Ég man mjög vel eftir því og þetta er sannleikur.“ Bókað var í lok skýrslunnar að Erla hafi sagst fús til að skrifa niður frekari upplýsingar og ef til vill nafn umrædds manns.¹⁵⁰²

777. Meðal rannsóknargagna liggur skýrsla rituð af Eggerti og dagsett sama dag, 30. október 1976, um viðtal við [KGuðn], eftirlitsmann hjá Kaupfélagi Árnesinga á Selfossi. Var tilefnið bókað sem framburður Sævars um að hafa sett klaufhamar inn í litla kompu í húsi við hliðina á apótekinu á Selfossi. Bókað var að [KGuðn] hafi sagst hafa fundið klaufhamar nálægt dyrum geymslukompunnar í september eða október 1975. Hafi hamarinn verið með svörtu og gulu skafti og klæddur svörtu gúmmí. Hafi trésmiður sem hafi verið að vinna þarna rétt hjá ekki kannast við að eiga klaufhamarinn. Fram kom að kompan þar sem hamarinn hafi fundist hafi verið skoðuð og hafi á vegg kompunnar verið handdæla sem vitnið hafi sagt hafa verið notaða til að dæla steinolú. Bókað var í skýrsluna að hamarinn hafi verið haldlagður og farið með hann til Reykjavíkur.¹⁵⁰³

¹⁵⁰¹ Bls. 1403.

¹⁵⁰² Bls. 1404.

¹⁵⁰³ Bls. 1405–1406.

778. Þennan dag ritaði Tryggvi Rúnar færslu í dagbók sína. Ritaði hann um morgunverkin og beiðni sína til fangavarðar um að hringja heim og athuga með það sem hann hafi beðið um. Hafi hann fengið þau skilaboð um að búið væri að kaupa allt sem hann hafi beðið um og að mamma hans hafi beðið kærlega að heilsa honum.¹⁵⁰⁴ Ritaði Tryggvi Rúnar um að hafa farið út milli klukkan 17:20 og 17:30 og um sendinguna sem hafi borist að heiman. Seinna um kvöldið ritaði Tryggvi Rúnar orðrétt í dagbók sína: „Maður vonar bara að svarið verði jákvætt að [ég] komist í lausagæslu. Ég sé enga ástæðu til að halda mér hér í einangrun. Nema Örn sé með einhverjar hefndar ráðstafanir útaf af því að ég sagði sannleikann um daginn! Því ég var búinn að játa mig inn í stór mál, en samt sem áður, er aldrei of seint að segja sannleikann. Eins og ég sagði núna og eins og ég er oft búinn að segja þá beið ég eftir því að segja þetta útaf frelsi, að komast austur og eins bjóst ég líka við að einhvern daginn myndi hlekkurinn opnast, þ.e.a.s. ég kæmist út úr þessu máli, eins og pokamálinu sem mér var blandað inn í. Eina skýringin sem ég er búin að fá er sú að þeir misminntu! Já, það er meira en að misminna í svona stórum málum. En við verðum bara að bíða úr því að þetta er komið til ríkissaksóknara og sjá þá hvort það rétta komi ekki í ljós þá þegar allir verða spurðir og leiddir fyrir mig. Sjá hvort þá verði ekki eitthvað gruggugt við þessa framburði þeirra sem þeir eiga að vera búnir að segja. Já ætli það rétta komi ekki í ljós þá.¹⁵⁰⁵ En að sitja nærri 1 ár í einangrun fyrir svona jólasveina og vera saklaus, þótt ég hafi kannski játað gömul mál, það er annað mál, en ekki að sitja eitt ár í gæsluvarðhaldi. Þetta kemur í ljós. Ég geri mínar áætlanir það er öruggt. Það er búið að útskúfa mann allstaðar. Nafn í blöðum dag eftir dag fyrst. Já og sagt að maður væri morðingi og allir búnir að játa aðild að morðinu. Ég er ekki búinn að sjá mig ennþá eftir alla þessa mánuði í þessu máli, hvorki í átökunum eða flutningnum sem þeir Kristján Viðar eru búnir að játa og svo Albert Klahn sem segist hafa keyrt. Nú hefur mér verið tjáð að Sævar hafi orðið leiður á þessari innilokun og sé búinn að játa sína aðild. En mér er sama, allavega er ég ekki í þessu með þeim eins og þessu pokamáli sem ég átti að hafa verið með alla þessa mánuði frá 23/12 '75. En núna rétt alls ekki fyrir löngu komst það á hreint. Já líka sem betur fer enda verður eins með hitt málið, þ.e.a.s. mál Guðmundar Einarssonar. Gott í bili.“¹⁵⁰⁶
779. Sunnudaginn 31. október 1976 var bókað í dagbók fangelsisins við Síðumúla að Sævar hafi verið færður í hornið til tals við Rúnar klukkan 20:55. Bókað var klukkan 22:00 að Örn hafi hringt og rætt við Rúnar. Hálf tíma síðar var bókað að Sævar hafi verið færður á klefa sinn. Rannsóknargögn um yfirheyrsluna liggja ekki fyrir.¹⁵⁰⁷
780. Tryggvi Rúnar ritaði færslu í dagbók sína þennan dag um sín helstu morgunverk. Hafi hann farið út milli klukkan 15:20 og 16:05. Fram kom að hann hafi heyrt að tveimur hafi verið hleypt út á eftir sér. Ritaði Tryggvi Rúnar orðrétt: „Ætli það hafi ekki verið Kristján Viðar og Sævar Ciesielski, [...] glæponar sem ættu að hanga í gálганum! en að fá lífstíðarfangelsi eins og þeir fá að líkindum. Eins ætti Albert Klahn að sitja inni í

¹⁵⁰⁴ Bls. 1399_D.

¹⁵⁰⁵ Bls. 1404_B.

¹⁵⁰⁶ Bls. 1404_C.

¹⁵⁰⁷ Dagbók nr. 5, bls. 112b.

hlekkjum. En það eru þessi lög hér á Íslandi sem gera það að verkum að þeim er hlíft. Ég mæli með gapastokk niður á Lækjartorgi fyrir þá.¹⁵⁰⁸

781. Mánudaginn 1. nóvember 1976 var bókað í dagbók fangelsisins við Síðumúla að Haraldur hafi komið til viðtals við Kristján Viðar klukkan 15:10. Bókað var klukkan 16:30 að Páll Arnór Pálsson, réttargæslumaður Kristjáns Viðars, hafi komið í fangelsið til viðtals við annan skjólstaðing sinn og einnig rætt við Kristján sem hafi þá verið í horninu hjá Haraldi, eins og það var orðað í færslunni. Hafi Páll Arnór farið klukkan 17:45. Bókað var að Kristján Viðar hafi verið færður á klefa sinn klukkan 18:45.¹⁵⁰⁹ Fyrir liggur skýrsla dagsett sama dag, rituð af Haraldi, um viðtal við Kristján Viðar. Bókað var að Kristján hafi verið spurður nokkurra spurninga um ýmis atriði sem hafi komið fram í skýrslum Sævars frá 27. og 28. október 1976 og skýrslu Erlu frá 22. október sama ár. Fram kom að „Indjánaaðferðinni“ hafi verið beitt og væru atriðin sem tekin hafi verið úr skýrslum þessara aðila merkt með rómverskum tölum og svör Kristjáns væri að finna á eftir hverju atriði. Undir yfirheitinu „Erla 22.10.76“ var bókað um þrjú atriði sem borin hafi verið undir Kristján Viðar. Í fyrsta lagi um að farið hafi verið til Keflavíkur á Land Rover bifreið hennar og Sævars. Bókað var að Kristján Viðar hafi sagst ekki muna það. Í öðru lagi um að bifreiðin hafi verið stöðvuð við vigtina við Keflavíkurhöfn og Erla hafi séð skilti þar að lútandi. Var bókað að Kristján hafi sagst muna að bifreiðin hafi verið stöðvuð við norð-austurhorn Hafnarbúðarinnar, við útstillingarglugga, með hægri hlið að húsinu. Í þriðja lagi að kápan sem Erla hafi verið í hafi áður verið í eigu [HMW] fyrrum skólasystur Kristjáns Viðars og hafi hann komið heim til hennar. Ekkert var bókað um svör Kristjáns um það atriði. Undir yfirheitinu: „Sævar, 27.10.76“ var bókað um að tíu atriði hafi verið borin undir Kristján Viðar. Í fyrsta lagi um að Kristján hafi hringt í Sævar að Hjallavegi 31 mánudaginn 18. nóvember 1974. Bókað var að Kristján minntist þess ekki að hafa haft símasamband við Sævar dagana fyrir 19. nóvember 1974. Mundi hann að Sævar hafi komið til sín um það leyti að Laugavegi 32 til að spyrja um eitthvað sem hann myndi ekki lengur hvað hafi verið. Í öðru lagi um að Sævar hafi sagst hafa farið gangandi að Laugavegi 32 og spurt eftir Kristjáni. Bókað var eftir Kristjáni að Sævar hafi hringt til hans fyrir um daginn og minnti hann sem hann hafi einnig hringt um kvöldið. Kvaðst hann muna eftir að dyrabjallan hafi hringt um þetta leyti og gæti verið að Sævar hafi spurt eftir sér. Í þriðja lagi um að Kristján hafi verið klæddur í hvítan loðskinnsjakka. Bókað var að Kristján Viðar hafi sagst átt slíkan jakka þegar hann hafi búið að Laugavegi. Kvaðst hann stundum hafa verið í honum innandyra og því mögulegt að hann hafi verið í honum þegar spurt hafi verið eftir honum að kvöldi 19. nóvember 1974. Í fjórða lagi um að Kristján hafi spurt ökumanninn meðal annars hvað klukkan.¹⁵¹⁰ Haft var eftir Kristjáni Viðari að hann hafi ekki haft nein samskipti við ökumanninn, önnur en þau að hann hafi sagt: „Gerðu svo vel“, þegar hann hafi stigið inn í bifreiðina við Vatnsstíg. Í fimmta lagi um að ekið hafi verið niður Vatnsstíg og beygt austur Hverfisgötu. Bókað var að Kristján Viðar

¹⁵⁰⁸ Bls. 1406_A.

¹⁵⁰⁹ Dagbók nr. 5, bls. 114.

¹⁵¹⁰ Bls. 1409.

hafi sagt þau hafa ekið niður Vatnsstíginn, stöðvað þar við Skúlagötu þar sem sendibifreiðin hafi verið. Þá hafi verið farið heim til Valdimars Olsen þar sem Sævar hafi sagst þurfa að tala við mann. Í sjötta lagi var framburður Sævars borinn undir Kristján Viðar um að hann og ökumaðurinn hafi rætt saman í bifreiðinni á leið til Keflavíkur. Haft var eftir Kristjáni að hann hafi ekkert talað við ökumanninn á leiðinni. Í sjöunda lagi um að ökumaðurinn hafi ekið hratt til Keflavíkur líkt og hann hafi verið að flýta sér. Kristján Viðar sagði ökumanninn hafa ekið rólega í bænum og á leiðinni til Keflavíkur, en hratt til baka á heimleiðinni. Í áttunda lagi var það borið undir Kristján Viðar að ökumaðurinn hafi heilsað Geirfinni þegar hann hafi komið inn í bifreiðina. Haft var eftir Kristjáni að þeir hafi talast við, en kvaðst ekki muna hvað þeir hafi sagt. Í níunda lagi um að Kristján Viðar, Geirfinnur og ökumaðurinn hafi rætt saman. Um þann framburð sagði Kristján Viðar að hann hefði ekki átt við þá orðaskipti. Geirfinnur og ökumaðurinn hefðu rætt saman. Þá var í tíunda lagi borinn undir Kristján framburður Sævars um að hann hafi haft samband við Kristján daginn eftir og spurt hann meðal annars um kápu Erlu. Haft var eftir Kristjáni Viðari að hann hafi ekkert samband haft við Sævar eftir Keflavíkurferðina fyrir en hann hafi hitt hann í Tjarnarbúð seint í desember. Undir yfirheitinu: „Sævar, 28.10.76“ var bókað um að níu atriði úr framburði Sævars þann dag hafi verið borin undir Kristján Viðar. Í fyrsta lagi um að Sævar hafi haft samband við hann í nóvember 1974 að Laugavegi 32 vegna spírasölu. Hafi Kristján ætlað að athuga málið. Haft var eftir Kristjáni að Sævar hafi einu sinni beðið sig um að selja fyrir sig hass, en það hafi ekki verið í nóvember eða desember 1974. Hafi Sævar aldrei beðið sig um að selja annað. Í öðru lagi um að Sævar hafi gefið Kristjáni Viðar símanúmer Guðjóns Skarphéðinssonar. Haft var orðrétt eftir Kristjáni: „Ég hef aldrei talað við Guðjón Skarphéðinsson, nema hann hafi verið útlendingslegi maðurinn í Dráttarbrautinni.“ Í þriðja lagi var það atriði borið undir Kristján að Sævar hafi sagt þá hafa gengið saman að bifreiðinni við Vatnsstíg. Haft var eftir Kristjáni að hann hafi gengið einn að bifreiðinni og þá hafi Sævar setið í framsætinu. Í fjórða lagi um að rætt hafi verið um Geirfinn á leiðinni til Keflavíkur. Bókað var að Kristján hafi sagst ekki minnst þess þar sem hann hafi verið sofandi á leiðinni.¹⁵¹¹ Í fimmta lagi var framburður Sævars borinn undir Kristján um að ökumaðurinn hafi rífið miða úr vasabók sem hann hafi verið með og skrifað á hann nafn og símanúmer Geirfinns. Kvað Kristján Viðar ökumanninn hafa farið innan á sig, tekið miðann og skrifað á hann í kjöltu sér. Í sjötta lagi um að ekið hafi verið um Keflavík til að leita að Erlu. Haft var eftir Kristjáni að hann hafi viljað fara út úr bifreiðinni en ökumaðurinn og Sævar hafi aftekið það með öllu. Mundi hann eftir því að ekið hafi verið hægt eftir götunni í Keflavík þar sem lögreglustöðin hafi staðið við. Í sjöunda lagi um að ökumaðurinn hafi farið inn í hús í Keflavík og dvalið þar í tíu til 15 mínútur. Fullyrti Kristján Viðar að hvergi hafi verið stöðvað á heimleiðinni. Í áttunda lagi var borið undir Kristján Viðar það atriði í framburði Sævars um að lagt hafi verið af stað um klukkan 00:30 til Reykjavíkur. Sagði Kristján að þeir hafi lagt af stað eitthvað eftir miðnætti. Í níunda lagi var nafnið „[BÆ]“ borið undir Kristján Viðar. Haft var eftir Kristjáni að Sævar hafi selt mikið af hassi fyrir [BÆ] áður en

¹⁵¹¹ Bls. 1410.

hann fór að starfa sjálfstætt. Kvaðst Kristján ekki þekkja hann persónulega, en vita hver hann væri. Bókað var í lok skýrslunnar um að Kristján hafi ekki sýnt nein óeðlileg viðbrögð gagnvart framangreindum spurningum og erfitt væri að átta sig á sannleiksgildi svara hans. Aftur á móti þegar hann hafi verið spurður hver [SÚ] væri og hvort Kristján þekkti hann hafi viðbrögð hans orðið mjög sterk. Hafi spurningin virst hafa komið honum mjög á óvart. Hafi Kristján neitað að þekkja nokkuð til [SÚ] og spurt ítrekað hvers vegna hann væri spurður. Fram kom í skýrslunni að Kristján Viðar hafi hringt í [SÚ] 23. september 1975 þegar hann var fangi á Litla-Hrauni. Fram kom að Kristján hafi sagst mikið hafa hugsað um sendiferðabifreiðina á Vatnssstígnum og myndi nú að hún hafi verið blá á litinn en hliðarhurðin á farmhúsinu hafi verið hvít að innan og óþefur eða fúkkalykt hafi verið inni í farmhúsinu.¹⁵¹² Inni í farmhúsinu, gegnt hliðardyrnum, hafi verið óbólstraður trébekkur. Sætisáklæðið í stýrishúsinu hafi verið ljósbrúnt á litinn.¹⁵¹³

782. Bókað var í fangelsisdagbókina klukkan 20:10 að Sigurbjörn Víðir hafi greitt tóbaksskuld sína og talað stutta stund við Tryggva Rúnar. Bókað var að Sigurbjörn Víðir hafi farið klukkan 21:00.¹⁵¹⁴ Rannsóknargögn um vitjunina liggja ekki fyrir.
783. Fyrir liggur upplýsingaskýrsla rituð af Eggerti, dagsett þennan dag 1. nóvember 1976, um skýrslu dagsetta 6. desember 1974 um könnun á farþegalistum flugvéla Flugleiða tímabilið 18. til 30. nóvember 1974. Fram kom að skýrslan hafi verið gerð af Hauki Guðmundssyni og Kristjáni Péturssyni sem unnu að rannsókn Geirfinnsmálsins á þeim tíma. Í skýrslu Eggerts sagði að í ljós hafi komið að farþegi með nafninu J. Guðmundsson hafi átt farseðil til Kaupmannahafnar, aðra leið, 20. nóvember 1974. Á skrifstofu Flugleiða hafi ekki reynst unnt að finna út hvenær umræddur maður hafi komið aftur til landsins. Í skýrslu Hauks og Kristjáns frá 1974 hafi komið fram að umræddur J. Guðmundsson hafi í raun verið [DÁD]. Hafi starfsstúlka hjá ferðaskrifstofunni Útsýn þekkt [DÁD] á mynd. Hafi umræddur maður eitt sinn haft sama heimilisfang og nefndur J. Guðmundsson hafi gefið upp og þá hafi mennirnir sama fæðingardag og ár. Bókað var í upplýsingaskýrsluna að Kristján og Haukur hafi báðir verið spurður um hvernig þeir hafi fundið út að J. Guðmundsson hafi í raun verið [DÁD]. Hafi hvorugur geta nokkuð um það sagt og þeir vísað hvor á annan.¹⁵¹⁵
784. Meðal rannsóknargagna liggur fyrir upplýsingaskýrsla dagsett þennan dag um athugun lögreglu á [ÞL], sendibifreiðastjóra.¹⁵¹⁶
785. Þennan dag var birt í Dagblaðinu að ósk Hauks Guðmundssonar, rannsóknarlögreglumanns, svarbréf hans við frétt blaðsins frá 27. október 1976 þar sem fullyrt var að leirhöfuðið hafi verið skáldskapur frá upphafi. Fram kom í bréfinu að fréttaflutningur Dagblaðsins um að sjónarvottar úr Hafnarbúðinni hafi ekki allir verið yfirheyrðir væri rangur. Birtur var uppdráttur Hauks af Hafnarbúðinni og skipan innanstokksmuna þar sem búið var að færa inn afstöðu allra sjónarvotta og merkt

¹⁵¹² Bls. 1411.

¹⁵¹³ Bls. 1412.

¹⁵¹⁴ Dagbók nr. 5, bls. 114b.

¹⁵¹⁵ Bls. 1407–1408.

¹⁵¹⁶ Bls. 1413.

sérstaklega hvar hinn ókunni maður kom inn. Nefndi hann sjónarvottana úr Hafnarbúðinni sem „A. sjónarvottur“, „B. sjónarvottur“ og „C. stallsystirin“. Upplýsti Haukur um að stallsystirin hafi við frumrannsókn málsins sagst ekki hafa veitt hinum ókunna manni athygli, en hún hafi að minnsta kosti einu sinni verið viðstödd þegar unnið hafi verið að mótun leirhöfuðsins. Þá mótmælti Haukur því að leirmyndin hafi verið skáldskapur frá upphafi líkt og Dagblaðið hafi slegið upp í fyrirsögnum. Vísaði hann til yfirlýsingar Kjartans Sigtryggssonar, aðstoðarvarðstjóra í Keflavík, sem birt var sem mynd meðfylgjandi greininni.¹⁵¹⁷ Í yfirlýsingunni kom fram að hann hafi farið með sjónarvottana tvo til tæknideildar Reykjavíkur 23. nóvember 1974. Þar hafi þær raðað saman andlitsmyndahlutum með aðstoð og undir eftirliti Haraldar Árnasonar, rannsóknarlögreglumanns. Að myndgerðinni lokinni hafi komið í ljós að stúlkurnar hafi ekki verið á eitt sáttar með andlitseinkennin á myndinni. Var því gripið til þess að rissa myndir eftir fyrirsögn stúlkanna. Til verksins hafi verið fengin Magnús Gíslason, fréttaritari Dagblaðsins og ónefnd stúlka, höfundur leirhöfuðsins. Að teiknivinnunni lokinni hafi sjónarvottarnir, stúlkurnar tvær, enn ekki ánægðar með andlitseinkenni sem myndirnar sýndu. Verulegur útlitsmunur hafi verið á myndunum tveimur, enda hafi þær verið teiknaðar eftir hvorri stúlku, án viðveru eða íhlutunar hinnar. Vegna misræmisins hafi verið gripið til þess að móta höfuð ókunna mannsins í leir til þess að sameina sjónarmið stúlkanna.¹⁵¹⁸ Í svarbréfi Hauks rakti hann jafnframt mótmæli sín við athugasemdum Dagblaðsins um myndbirtingar rannsóknaraðila af Geirfinni Einarssyni. Á sama stað í blaðinu var birt athugasemd frá blaðamönnum sem stóðu að skrifunum sem Haukur hafði mótmælt. Fram kom að þeir stæðu við það sem fram hafi komið í fréttum Dagblaðsins.¹⁵¹⁹

786. Mánudaginn 1. nóvember 1976 var sakadómur Hafnarfjarðar háður í skrifstofu dómsins að Strandgötu 31 af Steingrími Gauti Kristjánssyni umboðsdómara. Fyrir dóminn mætti Gunnar Guðmundsson forstöðumaður fangelsisins að Síðumúla 28 og var gætt ákvæða 2. mgr. 77. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála. Bar Guðmundur um að hafa hafið störf sem fangavörður í Hegningarhúsinu 1. júní 1957 og svo yfirfangavörður í Síðumúlafangelsinu 1. mars 1973 og forstöðumaður þess frá 1. janúar 1974. Greindi hann frá agaviðurlögum sem beitt hafi verið í Hegningarhúsinu gagnvart föngum sem hafi sýnt af sér ofbeldisfulla framkomu í orði eða verki, eða verið með „frekju og kjaft.“ Þeir hafi verið járnaðir, jafnvel í kuðung, settir í segldúkspoka í járnum með höfuðið eitt upp úr og með ólar spenntar utan um. Hann minntist þess einungis einu sinni að notuð hafi verið spennitreyja. Bókað var að hann kvæðist enga samvisku hafa haft af því að beita þessum úrræðum á „frekjuhunda“ en sárast hefði honum þótt að þurfa að hafa sjúklinga í járnum. Hann hefði svo ekki haft stífari reglur þegar hann hafi farið að ráða sjálfur og kvaðst sig hafa dreymt um að hafa annan brag á þannig að allt væri opnara en vant var í Hegningarhúsinu. Þessar hugmyndir hafi kollvarpast vegna framferðis fanganna. Á undanförunum misserum hafi komið í fangelsið margir menn sakaðir um manndráp og

¹⁵¹⁷ Bls. 1414.

¹⁵¹⁸ Bls. 1415.

¹⁵¹⁹ Bls. 1415.

eiturlyfjaafbrot og af þeim sökum hafi aginn þurft að vera meiri. Gunnar tók það sérstaklega fram að hafa aldrei beitt fanga hörðum viðurlögum án þess að hafa áður margvarað fangann við, misjafnlega oft eðli máls samkvæmt. Aðspurður kvað hann ekkert sérstakt samráð hafa verið haft við dómsmálaráðuneytið um agareglur í Síðumúlafangelsinu. Kvað hann ráðuneytinu hafa þó verið kunnugt um þær reglur sem fylgt hafi verið og að hann hafi haft náð samband við deildarstjórnann í ráðuneytinu, Jón Thors. Sagðist hann hafa litið á agavandamál sem innanhússmál sem ekki þyrfti að hafa samráð við ráðuneytið um. Þá gat hann þess að upphaflega hafi fangelsið verið hugsað sem varðhaldsfangelsi og til úttekta á vararefningum við sektum en þróunin orðið sú að fangelsið hafi orðið geymslustaður gæsluvarðhaldsfanga í stórbrotamálum. Bókað var að Gunnar vildi taka það sérstaklega fram að einungis 2,90% fanganna hafi kvartað yfir meðferðinni. Að lokum voru fyrirbyggjandi sakargögn kynnt Gunnari og það sérstaklega að klefi sem látinn hafði verið í té til prófunar á þeirri aðferð að festa fanga við borð og rúmfót hefði verið 10 sentimetrum styttri en sá sem nýttur var þegar [ÖS] hafi verið beittur þeirri aðferð. Kvaðst Gunnar ekki hafa gert sér grein fyrir því að klefarnir væru misstórir en sæi það nú þar sem fangelsisgangurinn færi mjókkandi. Lagði hann það í mat dómsins hvort endurtaka þyrfti tilraunina þar sem bókað var það álit dómarsins að tilraunin væri ónýtt.¹⁵²⁰

787. Tryggvi Rúnar ritaði færslu sama dag, 1. nóvember 1976, í dagbók sína um líf sitt í Síðumúlanum. Þar greindi Tryggvi frá samtali sínu við Sigurbjörn Víði um beiðni hans um að verða fluttur í lausagæslu. Fram kom að Sigurbjörn Víðir hafi sagt að svar hafi enn ekki borist frá Erni en myndi tala við Örn. Hafi Tryggvi Rúnar þá sagt við Sigurbjörn Víði að hann vissi svarið. Ritaði Tryggvi orðrétt í dagbókina: „Hann er vondur út af þessum framburði mínum sem er réttur samt sem áður svo hann verður bara að kyngja því rétta. Annars geri ég eins og ég sagði Víði alveg hiklaust tek allt til baka sem ég er búinn að játa og er rétt í raun ef Örn vill það. Þá hann um það. Ekki verra fyrir mig. Jú, meiri innilokun, en hún venst. Gott í bili.“¹⁵²¹ Þennan dag ritaði Tryggvi Rúnar einnig um dagsverk sín innan fangelsisins og sendingu sem hann fékk inn á klefa sinn, sæng, kodda og fleira.¹⁵²²
788. Þriðjudaginn 2. nóvember 1976 var bókað í dagbók fangelsisins við Síðumúla að farið hafi verið með Tryggva Rúnar á skurðeild Landspítalans milli klukkan 09:20 og 10:00.¹⁵²³ Bókaði færsluritari, Gunnar Marinósson, klukkan 16:30 um að hafa hringt í Hilmar Ingimundarson, réttargæslumann Tryggva Rúnars, vegna beiðna hans um flutning í lausagæslu.¹⁵²⁴
789. Fyrir liggur samantektarskýrsla Sigurbjörns Víðis dagsett sama dag um viðtal hans og Schütz við Erlu, að viðstaddri Auði Gestsdóttur sem hafi túlkað. Bókað var að viðtalið hafi farið fram í Hegningarhúsinu klukkan 11:00. Fram kom að Erla hafi sagst ekki muna hver fjórði maðurinn í bifreiðinni til Keflavíkur hafi verið. Kvaðst hún muna að

¹⁵²⁰ Bls. 1431_Q-P.

¹⁵²¹ Bls. 1415_A.

¹⁵²² Bls. 1415_B.

¹⁵²³ Dagbók nr. 5, bls. 114b.

¹⁵²⁴ Dagbók nr. 5, bls. 115.

Sævar hafi verið með barefli eða spýtu sem hann hafi lamið Geirfinn með, en Kristján Viðar og fjórði maðurinn hafi notað hnefana í átökunum. Hafi Geirfinnur legið eftir hreyfingarlaus á jörðinni og þá hafi hún falið sig í einhverju húsi um nóttina.¹⁵²⁵

790. Meðal rannsóknargagna liggja fyrir tvær samantektarskýrslur ritaðar af Ívari Hannessyni, um ferð til Keflavíkur þennan dag. Önnur skýrslan er um viðtal Ívars og Jónasar við [JHE] um mann þann sem hann hafi séð koma í Hafnarbúðina 19. nóvember 1974. Var vitninu sýndar 44 ljósmyndir og gat hann engar frekari upplýsingar gefið um manninn en taldi hann hafa verið með slétta húð. Bókað var að rætt hafi verið við móður hans um á hvaða tíma þau mæðgin hafi verið við Hafnarbúðina. Hafi hún sagt þau hafa verið þar milli klukkan 18:00 og 19:00.¹⁵²⁶ Hin skýrslan er um viðtal við [HVV], fyrrum eiginkonu þáverandi sambýlismanns [GSig], eiginkonu Geirfinns.¹⁵²⁷ Ber skýrslan með sér engar nýjar upplýsingar.
791. Þennan dag var svarbréf Hauks Guðmundssonar, rannsóknarlögreglumanns, til Dagblaðsins ásamt yfirlýsingu Kjartans Sigtryggssonar, aðstoðarvarðstjóra, birt í heild sinni í *Alþýðublaðinu*.¹⁵²⁸ Þá var birt frétt um sama efni í *Vísi*.¹⁵²⁹
792. Miðvikudaginn 3. nóvember 1976 var bókað í dagbók Síðumúlafangelsisins að Sigurbjörn Víðir og Haraldur hafi farið með Kristján Viðar klukkan 15:25.¹⁵³⁰ Þá var bókað klukkan 17:10 um símtal frá Steingrími Gauti Kristjánssyni, umboðsdómara í kærumáli um illa meðferð á gæsluföngum. Hafi hann fyrirskipað að endurtaka þyrfti járningu, eins og það var orðað, á [ÖS]. Bókað var að járningin ætti að fara fram í klefa 9 þar sem hann hafi verið járnaður um vorið, en í þeim klefa væri 10 sentímetrum lengra á milli rúms og borðfótar. Af þeim sökum hefði fyrri járningin ekki verið marktæk. Klukkan 18:15 var bókað í fangelsisdagbókina að Rúnar Sigurðsson, rannsóknarlögreglumaður, hafi komið með appelsínur sem hann hafi lofað Sævari. Var sérstaklega tekið fram að Rúnar hafi ekki talað við Sævar. Bókað var klukkan 19:00 að Haraldur og Sigurbjörn Víðir hafi komið með Kristján Viðar. Rannsóknargögn um ferðir Kristjáns Viðars liggja ekki fyrir. Bókað var að Sævar hafi verið færður fyrir Schütz, Pétur Eggerz og Sigurbjörn Víði klukkan 19:28.¹⁵³¹ Var Sævar færður á klefa sinn klukkan 20:25. Rannsóknargögn um yfirheyrsluna liggja ekki fyrir. Bókað var að Örn Höskuldsson hafi farið inn á klefa til Tryggva Rúnars klukkan 21:25 og talað við hann þar til klukkan 21:50. Rannsóknargögn um vitjunina liggja ekki fyrir en Tryggvi ritaði í dagbók sína þennan dag um heimsóknina frá Erni. Ritaði hann um að Örn hafi verið fremur rólegur og spurt hvort hann væri hættur að teikna. Hafi hann neitað því og sýnt honum allar myndirnar sem hann ætti sjálfur, alls 50 talsins, en hann væri búinn að gefa um tíu myndir. Tryggvi ritaði um að hafa spurt

¹⁵²⁵ Bls. 1416.

¹⁵²⁶ Bls. 1417.

¹⁵²⁷ Bls. 1418.

¹⁵²⁸ Bls. 1419.

¹⁵²⁹ Bls. 1420.

¹⁵³⁰ Dagbók nr. 5, bls. 115b.

¹⁵³¹ Dagbók nr. 5, bls. 116.

Örn út í lausagæslu og hafi hann ætlað að athuga það. Gaf Örn honum leyfi til þess að láta hringja til sín á föstudag vegna þessa.¹⁵³²

793. Bókað var í fangelsisdagbókina að Kristján Viðar hafi verið færður fram til skýrslutöku hjá Haraldi klukkan 21:30. Klukkan 01:10 var bókað í fangelsisdagbókina að Kristján Viðar hafi verið færður á klefa sinn og honum gefnar tvær töflur af Mogadon.¹⁵³³ Fyrir liggur skýrsla um yfirheyrslu yfir Kristjáni Viðari þennan dag. Bókað er að hún hafi hafist klukkan 22:50 og að tilefnið hafi verið viðbótaratriði sem rifjast hafi upp fyrir Kristjáni Viðari varðandi rannsóknina á Geirfinnsmálinu. Greindi Kristján frá því að þegar Sævar hafa hringt til sín 19. nóvember 1974 milli klukkan 15:00 og 16:00 hafi hann spurt hverjir stæðu að baki smyglinu. Kvaðst Kristján Viðar hafa spurt hann hvort það hafi verið [SSH] en Sævar hafi sagt þá ekki vilja láta nafn síns getið. Fullyrti Kristján Viðar um að Sævar hafi ekki spurt eftir sér heldur hafi hann hringt til hans milli klukkan 20:00 og 21:00 og sagt sér að koma strax út í bifreið á Vatnsstíg. Enda hafi Sævar setið við hlið ökumannsins þegar hann hafi komið að bifreiðinni. Fannst Kristjáni Viðari sem bifreiðin hafi verið nýleg Moskvitch bifreið en kvaðst ekki hafa þekkt ökumanninn. Hafi Sævar og ökumaðurinn talað mikið saman á leiðinni til Keflavíkur en þar sem þeir hafi talað lágum rómi hafi Kristján Viðar ekki heyrt í þeim. Þegar þeir hafi komið að Hafnarbúðinni hafi Sævar beðið hann um að hringja til Geirfinns og kvað Kristján Viðar það hafa verið í fyrsta sinn sem hann hafi heyrt Geirfinn nefndan á nafn. Hafi ökumaðurinn skrifað nafn og símanúmer Geirfinns á miða. Kvaðst Kristján Viðar hafa farið og hringt eins og fyrir hann hafi verið lagt. Hafi Geirfinnur komið skömmu síðar inn í bifreiðina og þá hafi verið ekið að Dráttarbrautinni. Kvaðst Kristján ekki muna hvað hafi verið rætt á leiðinni í Dráttarbrautina. Fannst honum líkt og önnur bifreið hafi verið þar fyrir. Mundi hann eftir að þeir hafi allir stigið út úr bifreiðinni, en Erla hafi setið áfram. Hafi ökumaðurinn rætt við Guðjón Skarphéðinsson sem komið hafi að. Hafi Guðjón spurt Sævar og Kristján Viðar hvort þeir hafi verið til sjós og kvaðst Kristján hafa játað því en Sævar hafi engu svarað. Kristján Viðar sagðist ekki hafa orðið var við flutning á varningi úr bifreiðinni sem hafi verið í Dráttarbrautinni yfir í þá bifreið sem þau hafi komið í.¹⁵³⁴ Benti hann á að Erla ætti að vita það þar sem hún hafi orðið eftir í bifreiðinni. Kvaðst Kristján Viðar hafa orðið var við átök milli Sævars og Geirfinns um borð í bátnum, sem færst hafi síðan yfir á bryggjuna og í átt til lands. Kvaðst Kristján Viðar hafa séð hvar Sævar hafi haldið á um 80 sentímetra löngum planka. Mundi hann eftir að hafa blandað sér í átökin en sagðist ekki gera sér grein fyrir hvort hann hafi slegið til Geirfinns eða ekki. Kvaðst hann ekki geta gert sér ljósa grein fyrir hvort fleiri menn hafi verið viðstaddir, en þó fyndist honum það geta verið. Greindi Kristján Viðar frá því að þegar hann hafi farið af staðnum hafi Geirfinnur legið á jörðinni og menn staðið í kringum hann. Vissi hann ekki hverjir hafi fjarlægt hann af staðnum enda hafi hann ekkert komið nálægt því. Orðrétt var bókað haft eftir Kristjáni Viðari: „Varðandi það, hvort lík Geirfinns hafi verið geymt í vaskahúsi heima hjá mér,

¹⁵³² Bls. 1420_D.

¹⁵³³ Dagbók nr. 5, bls. 116b.

¹⁵³⁴ Bls. 1423.

að Grettisgötu 82, þá tel ég það vera, þar sem Sævar sýndi mér þar, fáeinum dögum síðar, stóran böggul í svörtum plastumbúðum og sagði hann, að þetta væri lík Geirfinns. Sævar sagði, að flytja ætti líkið, en ég sagðist ekki vilja koma nálægt þessu. Ég veit, að þá beið bifreið eftir Sævari á Grettisgötunni, gegnt húsinu, og fékk Sævar þaðan hjálp til að flytja líkið út úr húsinu. Ekki veit ég hver eða hverjir voru í bifreiðinni, en mér finnst þetta hafi verið blá og hvít sendibifreið. Ég veit ekki hvað varð um lík Geirfinns, eftir þetta.“ Kristján Viðar kvaðst muna að Sævar hafi hringt og spurt hvort kápa Erlu væri að Laugavegi 32. Kvaðst Kristján Viðar hafa sagt Sævari ósatt þar sem hann hafi verið reiður honum, en kápan hafi farið inn í húsið vegna mistaka. Í lok skýrslunnar var bókað að Kristján myndi ekki eftir að hafa verið í Klúbbum 17. nóvember 1974. Fullyrti hann um að hafa aldrei rætt við Geirfinn fyrr en hann hafi hringt til hans úr Hafnarbúðinni, hvað þá átt við hann viðskipti.¹⁵³⁵

794. Fyrir liggur samantektarskýrsla Jónasar Bjarnasonar um yfirheyrslu yfir [BPP] milli klukkan 11:00 og 12:00 þennan dag. Fram kom að borinn hafi verið undir hann framburður Erlu frá 15. ágúst 1976 og 10. september 1976 þar sem hún hafi sagt vitnið hafa ekið henni, Kristjáni Viðari og Sævari til Keflavíkur, auk þess sem hún hafi gleymt blárrí kápu í bifreið hans við sama tilefni. Bókað var að Jónas hafi spurt vitnið ítarlega út í greind atriði en hann hafi neitað algjörlega að hafa farið í umrædda ferð. Þá myndi hann ekkert eftir kápunni. Bókað var í skýrsluna að Schütz hafi einnig yfirheyrt vitnið, en [BPP] hafi haldið fast í fyrri framburð sinn. Í lok skýrslunnar var bókað um að [BPP] hafi verið bent á það ósamræmi sem fælist í því að hann gæti greinilega munað atburði fyrir 19. nóvember 1974, en síðan hafi dagarnir þar í kring algjörlega þurrkast út, eins og það var orðað í skýrslunni. Kvaðst vitnið ekkert geta að því gert, hann hefði reynt að muna eftir þessum dögum en gæti það alls ekki.¹⁵³⁶
795. Meðal rannsóknargagna er samantektarskýrsla um viðtal við [DagH], fyrrum bónda að Gljúfurárholti þennan dag, 3. nóvember 1976, um skóflur sem hann hafi fengið að láni hjá [BÆ].¹⁵³⁷ Ber skýrslan með sér engar nýjar upplýsingar.
796. Fimmtudaginn 4. nóvember 1976 var bókað í dagbók Síðumúlafangelsisins að [ÖS] hafi verið járnaður á klefa 9 að viðstöddum Steingrími Gauti Kristjánssyni, umboðsdómara í kærumáli vegna illrar meðferðar á gæsluföngum, Grími héraðslækni og fangavarða. Bókað var í fangelsisdagbókina að járnin hafi reynst laus bæði á höndum og fótum. Bókað var að járnin hafi farið fram milli klukkan 09:00 og 09:10. Að henni lokinni hafi umboðsdómari tekið skýrslur af héraðslækninum, lögreglumönnum og loks [ÖS] í horninu. Var bókað klukkan 09:48 að rannsókninni væri lokið.¹⁵³⁸
797. Þennan dag var dómþing sakadóms Hafnarfjarðar háð í fangelsinu við Síðumúla 28 af Steingrími Gauti Kristjánssyni dómara vegna rannsóknar á kæru um ótilhlýðilega meðferð gæslufanga. Refsifanginn [ÖS] mætti fyrir dóminn og var í tilraunarskygni

¹⁵³⁵ Bls. 1424.

¹⁵³⁶ Bls. 1421.

¹⁵³⁷ Bls. 1422.

¹⁵³⁸ Dagbók nr. 5, bls. 117.

lagður í járn í klefa númer níu þannig að hendur hans voru hlekkjaðar við rúmfót með handjárnnum og fætur með tveimur fótjárnnum. Tilraun þessi var þar með endurtekin öðru sinni en klefi númer átta sem nýttur var í fyrri tilraun var 10 sentímetrum styttri og sú tilraun því ekki marktæk. Erlingur Þ. Guðmundsson varðstjóri og Jón B. Sveinsson fangavörður hlekkjuðu hann. Jafnharðan var fanginn leystur úr hlekkjunum. Bókað var að einnig hafi verið viðstaddir Gunnar Guðmundsson forstöðumaður sem og Grímur Jónsson héraðslæknir. Viðstaddir vottar og læknirinn létu í ljós álit sitt á því hversu þvingandi strekking sem þessi væri. Kvað læknirinn járnin geta valdið sárum við þessar aðstæður einkum ef fanginn hreyfði sig mikið auk þess sem þetta hafi verið tölvvert þvingandi fyrir piltinn sem hafi ekki getað snúið sér og því erfitt fyrir hann að fá hvíld í þessum stellingum og gæti fundið til innilokunarkenndar og taldi líkur til að hann hafi fengið harðsperrur. Fanginn bar um að járnin um vorið hafi verið framkvæmd á annan og verri veg.¹⁵³⁹

798. Bókað var í dagbók fangelsisins við Síðumúla sama dag klukkan 14:15 að rannsóknarlögglumennirnir Grétar og Jónas hafi sótt Sævar fyrir Karl Schütz.¹⁵⁴⁰ Komu þeir með hann til baka klukkan 17:32. Fyrir liggur samantektarskýrsla unnin af Jónasi um atriði sem Sævar hafi borið um í yfirheyrslu hjá Karli Schütz þennan dag. Orðrétt var bókað haft eftir Sævari: „Sigurbjörn Eiríksson í Klúbbnum fór með til Keflavíkur 19. nóv. 1974, eða var í Keflavík.“ „Ég get bent á húsið þar sem Erla gisti í 19. nóv. 1974 í Keflavík. Þar bjó [EÓ] einu sinni.“ Bókað var að Sævari hafi verið kynntur framburður Erlu um að hún hafi séð Sævar margberja Geirfinn með lurki eða spýtu. Haft var orðrétt eftir Sævari: „Ég ætla ekki að hlífa þessu fólki lengur. Ég var heima hjá mömmu 19. nóv. Þá fóru Kristján og Erla til Keflavíkur þar sem Kristján lét Erlu skjóta Geirfinn.“ Þá var bókað eftir honum: „Ég gerði filmu um kirkjugarðinn nokkru eftir að við grófum Guðmund þar. Lögreglan eyðilagði filmuna við húsleit hjá mér því þeir héldu að hass væri í boxinu.“ Bókað var orðrétt: „Guðjón sótti mig heim 19. nóv. Hann var á Citroenbílnum. Var þá ekki búinn að kaupa hann en hélt við konuna sem átti hann og fékk bílinn oft að láni. Sá hann fyrst hjá honum í okt. 1974.“ „Ég hef nú sagt alveg satt frá í máli þessu. Guðjón ók suður eftir. Sigurbjörn tók þátt í þessu.“ Haft var eftir Sævari að hann ætti ávisanareikning í Búnaðarbankaútibúinu í Bankastræti. Þá greindi hann frá því að rætt hafi verið um peninga og spíritus við Geirfinn í Klúbbnum. Síðar hafi komið í ljós að hann hafi viljað selja spíritus, en ekki kaupa hann. Haft var eftir Sævari að teppið sem hafi verið vafið utan um Geirfinn hafi orðið eftir í kjallaranum hjá Kristjáni.¹⁵⁴¹ Bókað var í samantektarskýrsluna að Sævar hafi verið fluttur að yfirheyrslu lokinni í Síðumúlafangelsið. Hafi hann þá kvartað mikið yfir því að sér væri ekki trúað og var haft eftir honum orðrétt: „Það er allt satt sem ég sagði í löngu skýrslunni sem ég gaf seinast. Ég hef ekki meira um málið að segja.“ Bókað var að Sævari hafi verið bent á að hann þyrfti að benda á eitthvað áþreifanlegt svo unnt væri að trúa honum. Í framhaldinu er bókað orðrétt um spurningar sem Sævar hafi verið spurður um flutning og meðferð á líki Geirfinns og

¹⁵³⁹ Bls. 1431_Q–R.

¹⁵⁴⁰ Dagbók nr. 5, bls. 117.

¹⁵⁴¹ Bls. 1428.

svör hans við þeim: „Hvert var lík Geirfinns flutt? Svar: Austur í Þingvallavatn.“ „Það er ekki satt, á þeim tíma var engan bát að fá? Svar: Hann var grafinn fyrst.“ „Hvar var hann grafinn? Svar: Einhversstaðar í Grafningnum, ég er ekki viss á staðnum.“ „Það var ekkert á staðnum sem þú bentir á í Grafningnum? Svar: Guðjón hefur grafið hann upp eftir að ég lenti í fangelsinu og hent honum í vatnið.“ „Það er ekki rétt að hann hafi verið grafinn þarna. Það sæjust ummerki á staðnum ef maður hefði verið grafinn þarna upp aftur? Svar: Þetta var ekki rétti staðurinn.“ „Hvar er hann? Svar: Ég veit það ekki. Einhversstaðar í Grafningi.“ „Fóruði nokkurn tíma með hann austur í Grafning? Svar: Já, [BÆ] getur borið um að við komum að fá lánaðar skóflur.“ „Til hvers ætluðu þið að nota skóflurnar? Svar: Grafa Geirfinn betur.“ „Vissirðu þá hvar hann var? Svar: Guðjón vissi það.“ „Sá mikið á Geirfinni? Svar: Hann var blár á öðrum vanganum og sár eða skráma á kinnbeininu og ég held að annað augað hafi verið blátt og hálf sokkið.“¹⁵⁴²

799. Bókað var í fangelsisdagbókina þennan dag að hringt hafi verið í Harald Árnason klukkan 01:15 vegna áriðandi skilaboða frá Kristjáni Viðari. Bókað var að Haraldur hafi ekki verið heima en hafi hringt stuttu síðar og sagst ætla að koma strax. Klukkan 02:15 var bókað að Kristján Viðar hafi verið færður fram til yfirheyrslu hjá Haraldi. Bókað var klukkan 04:20 að Kristján Viðar hafi verið færður á klefa sinn.¹⁵⁴³ Meðal rannsóknargagna liggur fyrir skýrsla um yfirheyrsluna. Í upphafi skýrslunnar er bókað um símtalið frá Kristjáni Viðari, en að öðru leyti er ekki bókað um upphaf eða lok skýrslutökunnar. Fram kom að Kristján hafi óskað eftir viðtali þar sem hann hefði viðbótarupplýsingar varðandi Geirfinnsmálið. Greindi Kristján Viðar frá því að hann myndi nú eftir því að hafa verið staddur í Klúbbnum einhverja helgi áður en umrædda Keflavíkurferðin hafi verið farin. Kvaðst hann ekki geta munað hvaða kvöld þetta hafi verið en það geta hafa verið 17. nóvember 1974. Mundi hann eftir því að hafa staðið með Sævari á stigapalli á annarri hæð Klúbbsins. Hafi Sævar bent honum á mann sem hafi staðið við glervegg sem hafi aðskilið vínbar frá stigapallinum. Greindi Kristján Viðar frá því að Sævar hafi beðið hann um að ganga upp á manninum og spyrja hann hvort hann vildi kaupa spíra. Hafi Sævar nauðað í honum og hann að lokum látið undan og spurt manninn. Kvaðst Kristján Viðar hafa haldið að þetta væri eitthvað dulmál fyrir hasssölu, því hann hafi ekki vitað til þess að Sævar hafi selt spíra. Hafi maðurinn orðið undrandi á spurningu Kristjáns Viðars og kvaðst Kristján þá hafa farið til Sævars og verið reiður honum fyrir að hafa látið sig ganga á ókunnugt fólk með svona vitleysu. Þegar hann hafi greint Sævari frá viðbrögðum mannsins hafi honum líkað þau illa. Lýsti Kristján Viðar því yfir að þegar hann hugsaði um þetta atvik þá fyndist honum sem maðurinn hafi getað verið Geirfinnur Einarsson, en kvaðst þó ekki geta fullyrt um það. Mundi Kristján Viðar eftir því að maðurinn hafi verið dökklæddur. Hann mundi ekki hvort hann hafi verið með hálsbindi, en sagðist minna að skyrtnan hans hafi verið munstruð. Fannst Kristjáni eins og hann og Sævar hafi farið saman í Klúbbinn umrætt kvöld. Þá fannst honum líkt og fleiri hafi verið með þeim, en þó kæmi hann þeim ekki fyrir sig. Mundi Kristján Viðar ekki eftir að hafa hitt neinn

¹⁵⁴² Bls. 1429.

¹⁵⁴³ Dagbók nr. 5, bls. 117b.

sérstakan þetta kvöld í Klúbbnum, þar sem hann hafi verið mjög ölvaður. Minnti hann fastlega að viðtalið við manninn á stigapallinum hafi farið fram um miðnætti. Í lok skýrslunnar var bókað að Kristján hafi virst í fullkomnu jafnvægi þegar hann hafi sagt frá og hafi ekki borið á neinum taugaóstyrk. Haft var eftir Kristjáni að hann hafi verið búinn að taka inn svefnlyfjaskammt, en þau virkuðu vímuefandi á hann frekar en svæfandi. Var þess getið í skýrslunni að ekki hafi borið á neinum vímuáhrifum á Kristjáni Viðari og bókað að Kristján hafi sagst ætla að gera allt sem hann gæti til að reyna að muna hvaða kvöld þetta atvik hafi átt sér stað og hverjir hafi verið með honum og Sævari.¹⁵⁴⁴

800. Fyrir liggur athugasemdaskýrsla rituð af Karli Schütz þennan sama dag, 4. nóvember 1976. fram kom að Sigurbjörn Víðir hafi greint Schütz frá því að daginn áður hafi Erla sagst hafa tekið ákvörðun um að taka á sig þrjá mánuði í gæsluvarðhaldi til viðbótar þar sem hún væri ekki tilbúin til að skýra frá fjórða manninum. Bókað var að Erla hafi verið spurð þennan dag í viðurvist Sigurbjörns Víðis og Péturs Eggerz hvað hún hafi meint með þessu. Hafi henni verið gerð grein fyrir því að með þessu væri hún að gefa það í skyn að mögulega yrði gæsluvarðhald yfir henni framlengt vegna þess að hún væri ekki tilbúin til að segja það sem nauðsynlegt væri til að sleppa út. Með því væri hún að ásaka rannsóknarlögregluna um tilraunir til að hafa áhrif á framburð hennar en lögreglan gæti ekki fallist á réttmæti slíkra ásakana. Fram kom að Erla hafi brugðist illa við og kallað reiðilega: „Ég sagði ekkert um það í gærkvöldi, að ég hefði tekið ákvörðun. Ég þarf að sætta mig við að þurfa að sitja inni í þrjá mánuði í viðbót, vegna þess að rannsóknarmennirnir eru ekki ánægðir með framburð minn.“ Bókað var að haft hafi verið orðrétt eftir Erlu. Hafi hún ekki ansað beiðni lögreglu um að undirrita þessa bókun.¹⁵⁴⁵ Bókað var að Erlu hafi verið sagt að enginn rannsóknarmanna hafi gefið þetta í skyn heldur hafi hún sjálf komið með þessa athugasemd og sagt að réttargæslumaður hennar væri sama sinnis. Fram kom að Erla hafi þá spurt hvenær hún mætti sjá barnið sitt. Var þá bókað um að Erla hafi verið spurð hvort hún teldi sig þurfa að sýna samstarfsvilja eða vilja til að skýra frá til að fá að hitta barn sitt, en Erla hafi ekki svarað spurningunni. Var þá bókað um að Erlu hafi verið gert ótvírætt ljóst að heimsóknir til barnsins stæðu í engu samhengi við réttan, rangan eða alls engan framburð af hennar hálfu. Var þess orðrétt getið í skýrslunni: „Hún var áminnt um það, að þvílíkar ásakanir gætu haft í för með sér kæru vegna meiðyrða.“ Hafi Erla óskað eftir að fá að biðja Magnús Leópolldsson og Einar Bollason afsökunar. Bókað var að henni hafi verið bent á að segja loks sannleikann um þá atburði sem hún hefði vitneskju um í sambandi við hvarf Geirfinns, þannig myndi hún hjálpa Magnúsi og Einari mest.¹⁵⁴⁶
801. Meðal rannsóknargagna liggur fyrir skýrsla Ívars Hannessonar dagsett þennan dag um viðtal við [EBSk], vinnuveitanda Geirfinns. Bókað var í skýrsluna um vinnustaði Geirfinns á árinu 1974. Þá greindi [EBSk] frá dreng sem hafi komið með leigubifreið á

¹⁵⁴⁴ Bls. 1430–1431.

¹⁵⁴⁵ Bls. 1425.

¹⁵⁴⁶ Bls. 1426.

- vinnustað Geirfinns til að slá lán hjá honum, sennilega í febrúar 1974.¹⁵⁴⁷ Ber skýrslan með sér engar nýjar upplýsingar að öðru leyti.
802. Tryggvi Rúnar ritaði færslu í dagbók sína þennan dag, 4. nóvember 1976. Velti hann fyrir sér hverju Örn kæmi til með að svara um beiðni hans um lausagæslu. Ritaði Tryggvi Rúnar um að Örn hafi sagt að honum væri ekki illa við hann, en hann yrði að taka þessi vitni trúanleg. Ritaði Tryggvi orðrétt: „Já, Örn Höskuldsson gerðu það bara og sjáðu svo hvað kemur út úr dæminu fyrir rest! Ég saklaus og svo hvað, bara allt í lagi því ég er búinn að játa á mig gömul afbrot. Nei, Örn, ég ætla ekki að láta það enda svona flott fyrir ykkur.“ Ritaði Tryggvi Rúnar um ferð sína út í garð þann daginn og mynd sem hann hafi teiknað.¹⁵⁴⁸
803. Föstudaginn 5. nóvember 1976 var bókað í dagbók fangelsisins við Síðumúla klukkan 13:55 að hringt hafi verið í Örn Höskuldsson fyrir Tryggva Rúnar og hann minntur á loford sem hann hafi gefið Tryggva. Bókað var að Örn ætlaði að svara seinna um daginn. Klukkan 14:55 var bókað að Haraldur hafi hringt og beðið fyrir skilaboð til Kristjáns Viðars.¹⁵⁴⁹ Bókað var klukkan 18:15 að Örn hafi hringt og beðið fyrir skilaboð til Tryggva Rúnars. Klukkan 23:30 var bókað í fangelsisdagbókina að Kristján Viðar hafi beðið um Mogadon og Chloral sem hann hafi fengið.¹⁵⁵⁰
804. Fyrir liggur skýrsla um yfirheyrslu rannsóknarlögreglunnar yfir [VSH] sem fram fór sama dag. Fram kom að vitnið hafi greint frá kynnum sínum af [GSig], eiginkonu Geirfinns. Greindi hann í smáatriðum frá samvistum sínum með [GSig] í Keflavík aðfaranótt 18. nóvember 1974 og samskiptum við hana eftir hvarf Geirfinns.¹⁵⁵¹ Ber skýrslan með sér engar nýjar upplýsingar.
805. Þá liggur fyrir athugasemdaskýrsla rituð af Karli Schütz, dagsett þennan dag, 5. nóvember 1976. Bókað var í skýrsluna að grunur hafi fallið á Guðjón Skarphéðinsson um að hafa verið staddur í Dráttarbrautinni umrætt kvöld og tekið þátt í átökum við Geirfínn. Þá hafi hann falið lík Geirfinns í Grafningi eða Þingvallavatni. Bókað var um að afla þyrfti tiltekinna gagna áður en hann yrði handtekinn, svo sem sakaskrá, upplýsingar um afbrot sem hann hafi verið grunaður um, fangelsisvist, bifreiðaeign, vopnaeign og ítarlegar persónulegar upplýsingar.¹⁵⁵²
806. Meðal rannsóknargagna er fjórða vikuskýrsla Schütz, dagsett sama dag, til Ólafs Jóhannessonar, dómsmálaráðherra. Fram kom að Sævar hafi nú staðfest framburð Kristjáns Viðars þess efnis að hann hafi hringt til Geirfinns 19. nóvember 1974, klukkan 22:15. Stuttu síðar hafi Geirfínnur birst og komið inn í bifreiðina þar sem fyrir voru Sævar, Kristján Viðar, Erla og ókunnur ökumaður. Bókað var í vikuskýrsluna að enginn sakborninganna hafi getað upplýst um hver hinn ókunnur ökumaður hafi verið. Í millitíðinni hafi Sævar fullyrt um að Sigurbjörn Eiríksson hafi verið einn þátttakenda. Hafi Sævar greint frá því að ekið hafi verið frá Hafnarbúðinni og að Dráttarbrautinni

¹⁵⁴⁷ Bls. 1427.

¹⁵⁴⁸ Bls. 1431_A–B.

¹⁵⁴⁹ Dagbók nr. 5, bls. 118.

¹⁵⁵⁰ Dagbók nr. 5, bls. 118b.

¹⁵⁵¹ Bls. 1432–1435.

¹⁵⁵² Bls. 1436.

þar sem sala á tveimur brúsum af áfengi til Geirfinns hafi átt að fara fram. Hafi viðskiptunum verið komið á í Klúbbinum 17. nóvember 1974. Hafi Geirfinnur neitað að taka á móti áfenginu og þá hafi komið til átaka milli Geirfinns, Sævars, Kristjáns, Guðjóns Skarphéðinssonar og ókunna öikumansins. Hafi Geirfinnur verið tekinn hálstaki og Guðjón og Kristján Viðar lamið hann með spýtu. Lík Geirfinns hafi síðan verið flutt í sendiferðabifreið til Reykjavíkur ...¹⁵⁵³ Var líkinu pakkað inn í plast og bundið fyrir. Fjórum dögum síðar hafi líkið verið flutt austur að Grafningi þar sem Guðjón og Sævar hafi lagt það til og hulið það steinum. Fram kom að Sævari hafi verið gefið færi á að benda rannsóknarlögreglunni á það stað þar sem líkið hafi verið falið. Hafi hann sagst ekki geta fundið staðinn. Að lokum hafi Sævar skýrt frá því að Guðjón hafi flutt líkið og hent því í Þingvallavatn þegar hann hafi verið úrskurðaður í gæsluvarðhald. Bókað var í vikuskýrsluna að Kristján Viðar hafi staðfest framburð Sævars með eftirfarandi atriðum: Hann hafi sagst hafa hringt til Geirfinns í umrætt sinn, Guðjón hafi hitt þá í Dráttarbrautinni, líkið hafi örugglega verið í kjallaranum heima hjá honum. Þá hafi Kristján Viðar ekki getað sagt til um hvar líkið væri núna, en það myndi mögulega rifjast upp fyrir honum. Fram kom í vikuskýrslunni að í yfirheyrslum yfir Erlu undanfarna daga hafi verið miðað að því að bera kennsl á hinn ókunna mann. Hafi Erla lýst því stöðugt yfir að hún gæti ekki nefnt hann á nafn vegna hræðslu. Í lok skýrslunnar var bókað um að Guðjón Skarphéðinsson og [PL] yrðu yfirheyrðir í næstu viku. Undir skýrsluna rituðu Karl Schütz og Örn Höskuldsson.¹⁵⁵⁴

807. Tryggvi Rúnar ritaði í dagbók sína þennan dag, 5. nóvember 1976. Var hann andvaka um nóttina og hugsaði tómt rugl, eins og hann orðaði það. Ritaði hann um að sér liði alltaf þannig þegar hann væri að bíða eftir svári líkt og hann gerði nú. Sofnaði hann undir morgun og svaf fram yfir hádegi.¹⁵⁵⁵ Ritaði Tryggvi um að hafa beðið fangavörð um að hringja til Arnar. Hafi hann þá fengið þau svör að Örn ætlaði að svara seinna um daginn. Lýsti Tryggvi ferð sinni út í garð með Jóhanni fangaverði og samtali þeirra um pillur og ógæfu þeirra sem og sjómennsku. Bað hann fangavörðinn um að athuga með pláss fyrir sig um sumarið, en hann hafi verið lengi á sjó, bæði togurum og bátum. Ritaði Tryggvi Rúnar um skilaboð sem Gunnar Guðmundsson færði honum frá Erni um að Hegningarhúsið væri ekki möguleiki. Hafi Örn sagst munu athuga með austurferð fyrir hann á mánudag. Lýsti Tryggvi Rúnar áhyggjum sínum af fyrirhugaðri fótaaðgerð og samtali sínu við Gunnar um það.¹⁵⁵⁶ Var niðurstaða Tryggva sú að það yrði ekkert vandamál þar sem honum yrði bara ekið á milli. Ritaði hann um að hafa fengið Mogadon og Chloral fyrir svefninn.¹⁵⁵⁷
808. Föstudaginn 6. nóvember 1976 var bókað í dagbók Síðumúlafangelsisins að móðir Sævars hafi komið klukkan 10:40 með hrein föt og ávexti handa syninum. Bókað var að Guðsteinn læknir hafi komið milli klukkan 13:15 og 14:10 og talað við Sævar meðal annarra. Var vísað til lyfjaskrár um breytingu á lyfjum.¹⁵⁵⁸ Bókað var klukkan

¹⁵⁵³ Bls. 1437.

¹⁵⁵⁴ Bls. 1438.

¹⁵⁵⁵ Bls. 1431_B.

¹⁵⁵⁶ Bls. 1438_A.

¹⁵⁵⁷ Bls. 1438_B.

¹⁵⁵⁸ Dagbók nr. 5, bls. 118b.

18:55 að Sævar hafi verið færður fram til yfirheyrslu hjá Jónasi Bjarnasyni, rannsóknarlögreglumanni. Klukkan 19:10 var bókað að Páll Arnór Pálsson, réttargæslumaður, Kristjáns Viðars hafi farið til viðtals við skjólstæðing sinn inni á klefa hans í áheyrn Haraldar Árnasonar, rannsóknarlögreglumanns. Bókað var að viðtalinu hafi lokið klukkan 19:53. Bókað var klukkan 22:50 að Sævar hafi verið færður á klefa sinn eftir yfirheyrslu.¹⁵⁵⁹ Fyrir liggur samantektarskýrsla Jónasar um yfirheyrsluna. Fram kom að Gunnar Guðmundsson, forstöðumaður Síðumúlafangelsisins, hafi haft samband þar sem Sævar hafi óskað eftir að gefa upplýsingar í Geirfinnsmálinu. Kvaðst Sævar vilja gefa upplýsingar um hver væri spíraflutningabáturinn í Keflavík, eins og það var orðað í skýrslunni. Bókað var um að Sævar hafi sagt [ÁEP] vita hvaða bátur þetta hafi verið. Benti hann lögreglunni á að leita upplýsinga hjá honum. Var Sævar spurður hvort hann hefði einhverjar upplýsingar um Guðjón Skarphéðinsson þar sem hægt væri að sanna á hann misferli. Greindi Sævar frá hinum ýmsu atriðum; þjófnaði, fíkniakestri, árekstri þar sem hann hafi ekið af vettvangi og misferli í starfi hjá Menningarsjóði. Bókað var um Sævar hafi kvartað undan því að einangrunin væri orðin sér mjög slæm. Fram kom að Jónas hafi bent honum á að hann skapaði sér þetta sjálfur. Meðal annars hafi margt sem hann hafi sagt í skýrslu 28. október 1976 ekki verið rétt og langan tíma tæki að rannsaka það nákvæmlega en á meðan gæti ekki losnað um hann.¹⁵⁶⁰ Bókað var að Sævar hafi þá sagt meðal annars orðrétt: „Megnið af skýrslunni er alveg rétt. Bæði það að Guðjón ók suður eftir og eins það sem gerðist í Keflavík. Ég skýrði rangt frá í upphafi.“ Greindi Sævari frá því að hafa verið í Klúbbnum 17. nóvember 1974 ásamt Kristjáni Viðari. Mundi hann ekki hvort Erla hafi verið með. Lýsti Sævar því hvernig þeir rændu veski af manni. Hafi þeir ætlað að ræna annan mann og byrjað að þvæla eitthvað við hann um að selja honum áfengi, eins og það var orðað í skýrslunni. Hafi maðurinn verið Geirfinnur Einarsson. Sagði Sævar að [PKKP] hafi heyrt á tal þeirra. Hafi Geirfinnur viljað kaupa áfengi og fékk Kristjáni Viðari miða með nafni sínu og heimilisfangi. Sagði Sævar að þeir þrír hafi rætt saman á stigaskörinni á annarri hæð í Klúbbnum. Kvaðst Sævar hafa gefið Guðjóni nafn og símanúmer Geirfinns. Hafi Guðjón talað við hann í síma og fundist hann eitthvað tortryggilegur. Á leiðinni til Keflavíkur hafi þeir talað um að ef Geirfinnur væri að blekkja eða með stæla þá yrði honum sýnd full harka. Haft var eftir Sævari að Guðjón hafi komið að Hjallavegi með leigubifreið. Erlu hafi leiðst heima og beðið um að fá að koma með. Hafi þau farið suður eftir í Land Rover bifreið þeirra en Guðjón hafi ekið þar sem Erla hafi verið lélegur ökumaður og stundum séð sýnir við akstur, eins og það var orðað í skýrslunni. Bókað var orðrétt eftir Sævari: „Geirfinnur var settur inn í Land Rover bifreiðina að aftan. Hann lá á grúfu á gólfinu á leið til Reykjavíkur. Við Kristján sátum þá báðir frammí hjá Guðjóni. Það var motta eða teppi á gólfinu aftur í. Ég man ekki hvort það varð blóðugt. Geirfinnur var aldrei fluttur austur í Grafning eða settur í Þingvallavatn. Guðjón leitaði að stað suður í hrauni og þangað var hann fluttur í Land Rover bifreið að næturlagi. Við fórum þrír með hann, Guðjón, ég og Kristján Viðar.“ Lýsti Sævar því nokkuð

¹⁵⁵⁹ Dagbók nr. 5, bls. 119.

¹⁵⁶⁰ Bls. 1439.

ítarlega hvert ekið hafi verið með Geirfinn og hvar þeir hafi sett hann ofan í djúpa kvos. Hafi þeir sett mikið grjót yfir hann og þar á meðal stóra hellu. Sævar sagði þá ekki hafa verið með nein verkfæri og sagði hann og Kristján Viðar hafa verið í hönskum.¹⁵⁶¹ Greindi Sævar frá því að Kristján Viðar hafi stolið númerunum af Land Rover bifreiðinni skömmu seinna af ótta við að einhver hafi séð bifreiðina í Keflavík. Kvað hann stjúpa [BPP] vita um það. Sævar sagði það ósatt að lyftingamaðurinn hafi verið í Keflavík. Þá vissi hann að Guðjón og Sigurbjörn Eiríksson þekktust og að Kristján Viðar þekkti Sigurbjörn vel. Sagði Sævar að Guðjón hafi sagt Klúbbsmenn eiga aðild að Keflavíkursmyglinu. Viðurkenndi Sævar að sagan um skóflurnar hafi verið ósönn og útskýrði það nánar, en sagði söguna um hamarinn hafa verið sönn. Haft var eftir Sævari í lok skýrslunnar að hann héldi að Sigurbjörn hafi verið í Keflavík.¹⁵⁶²

809. Tryggvi Rúnar ritaði færslu í dagbók sína þennan dag, 6. nóvember 1976. Fram kom að hann hafi vaknað klukkan 03:30 upp úr sínu hugsanamóki, hann væri hættur að geta sofnað strax eftir að hafa fengið lyfin líkt og hann hafi gert fyrst. Ritaði hann um dagsverk sín og útiveru í tíu mínútur. Greindi hann frá samtali sínu og Gunnars Guðmundssonar þar sem þeir ræddu um beiðni Tryggva Rúnars um lausagæslu. Hafi Gunnar sagt málið klárt frá sínum bæjardyrum séð og sagst munu ýta við Erni á mánudag.¹⁵⁶³
810. Mánudaginn 8. nóvember 1976 var bókuð athugasemd í fangelsisdagbókina um beiðni Karls Schütz þess efnis að ef Sævar óskaði eftir honum eða öðrum rannsóknarmönnum að þá yrði hann látinn vita í gegnum Pétur Eggerz. Ef Pétur væri ekki heima þá ætti að láta Schütz beint vita með því að hringja á Hótel Sögu. Var þess getið að ekki mætti hringja um nætur. Klukkan 14:10 var bókað um komu Sigurbjörns Víðis, Péturs Eggerz, Karls Schütz, Haraldar og Dóru Hlínar í fangelsið. Bókað var að Sigurbjörn Víðir, Dóra Hlín og Sævar hafi farið fram til viðtals við Schütz, Harald og Pétur Eggerz klukkan 14:35. Á sama tíma var bókað að Haraldur hafi farið til viðtals við Kristján Viðar. Rannsóknargögn liggja ekki fyrir um viðtalið. Klukkan 14:45 var bókað að Sigurbjörn Víðir og Dóra Hlín hafi komið með dóttur Sævars. Klukkustund síðar var bókað að allir viðstaddir hafi farið nema Sævar.¹⁵⁶⁴ Rannsóknargögn liggja ekki fyrir um þessi samskipti. Bókað var í fangelsisdagbókina klukkan 16:30 að Schütz og Pétur Eggerz hafi komið til að tala við Sævar. Bókað var að samtalinu hafi lokið klukkan 17:05. Rannsóknargögn liggja ekki fyrir um viðtalið. Klukkan 19:45 var bókað að Högni fangavörður hafi kallað út Schütz fyrir Sævar, eins og það var orðað í færslunni. Bókað var að Schütz og Pétur Eggerz hafi komið klukkan 20:40 og tekið Sævar til viðtals. Var hann settur aftur á klefa sinn klukkan 21:30.¹⁵⁶⁵ Var þess getið í dagbókarfærslunni að Pétur Eggerz hafi hringt í Jónas Bjarnason, rannsóknarlögreglumann og greint honum frá málavöxtum sem fram hafi komið í viðtali við Sævar.¹⁵⁶⁶ Rannsóknargögn um viðtalið liggja ekki fyrir önnur en bókun í

¹⁵⁶¹ Bls. 1440.

¹⁵⁶² Bls. 1441.

¹⁵⁶³ Bls. 1441_A–B.

¹⁵⁶⁴ Dagbók nr. 5, bls. 120.

¹⁵⁶⁵ Dagbók nr. 5, bls. 120b.

¹⁵⁶⁶ Dagbók nr. 5, bls. 121.

ódagsettri samantektarskýrslu sem unnin var af Jónasi. Þar kom fram að Sævar hafi sagst vilja segja sannleikann um hvar lík Geirfinns væri að finna. Hafi það verið grafið á Álftanesi og teiknaði Sævari uppdrátt af staðnum og kvaðst örugglega geta vísað lögreglunni á hann.¹⁵⁶⁷

811. Þennan dag tók Sigurbjörn Víðir saman skýrslu að beiðni Karls Schütz með upplýsingum um Guðjón Skarphéðinsson, svo sem sakarferil, aðild hans að afbrotum og fleira.¹⁵⁶⁸
812. Þriðjudaginn 9. nóvember 1976 var bókað í dagbók fangelsisins við Síðumúla að Jónas og Ívar hafi farið með Sævar klukkan 12:50.¹⁵⁶⁹ Bókað var að Sigurbjörn Víðir hafi hringt klukkan 13:05 og fengið upplýsingar um gæsluvarðhaldvist Guðjóns Skarphéðinssonar í fangelsinu. Bókað var klukkan 13:45 að Jónas og Ívar hafi komið með Sævar.¹⁵⁷⁰ Fyrir liggur samantektarskýrsla sem rituð var af Jónasi þar sem fram kemur að hann og Ívar hafi farið með Sævar út á Álftanes til að leita að þeim stað þar sem líki Geirfinns hafi verið komið fyrir. Hafi Sævar sagst vera öruggur um að lík Geirfinns væri grafið efst við fjöruborð í um 15 metra frá skúr eða bátaskýli. Í skýrsluna var bókað um framburð Alberts Klahn frá því í september sama ár þar sem fram kom að hann teldi sig muna eftir að hafa farið einhvern tímann með Sævari og Kristjáni Viðari á þennan stað. Hafi Albert lýst því hvar Kristján og Sævar hafi verið að grafa við hægri hliðina á bifreiðinni. Bókað var í skýrsluna að aðeins 20 til 30 metrar væru á milli staðanna sem þeir hafi bent á.¹⁵⁷¹ Bókað var í fangelsisdagbókina að Haraldur hafi komið klukkan 15:30 og sótt Kristján Viðar.¹⁵⁷² Klukkan 22:20 var bókað að Haraldur hafi komið með Kristján Viðar úr sakadómi. Fyrir liggur skýrsla um yfirheyrslu yfir Kristjáni Viðari þennan dag á skrifstofu rannsóknarlögreglunnar. Upphaf skýrslutökunnar er bókað klukkan 19:30 en þess getið að Kristján hafi verið til yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglunni frá klukkan 15:50. Greindi Kristján Viðar frá því að Sævar hafi komið á bifreið að Laugavegi 32 miðvikudaginn 20. nóvember 1974. Hafi þetta verið sama bifreiðin og frá kvöldinu áður þegar farið var til Keflavíkur og var ökumaðurinn sá sami. Kvaðst Kristján hafa rætt við Sævar. Að samtalinu loknu hafi hann munað eftir að hafa gleymt leðurfrakka í bifreiðinni og beðið kunningja sinn um að sækja hann út í bifreiðina til Sævars. Hafi sá komið til baka með bláa kápu af Erlu en skilið leðurfrakkann eftir. Var haft eftir Kristjáni Viðari að með þessum hætti hafi kápan komist í hans vörslur, en hann hafi ekki vitað hvað hafi orðið af henni. Þá greindi Kristján Viðar frá því að nokkrum dögum fyrir Keflavíkurferðina hafi Sævar rætt við hann í síma og tilkynnt honum um að hann yrði sóttur. Sagði Kristján Viðar mann hafa komið til sín fyrrihluta kvölds á nýlegri Mercedes Benz bifreið og ekið sér til Sævars að Hjallavegi 31. Kvaðst Kristján ekki hafa þekkt ökumanninn og vera viss um að ekki hafi verið um sama mann að ræða og hafi síðar ekið til Keflavíkur. Hafi maðurinn sagst vera mágur Sævars en aðspurður

¹⁵⁶⁷ Bls. 1443.

¹⁵⁶⁸ Bls. 1442.

¹⁵⁶⁹ Dagbók nr. 5, bls. 121.

¹⁵⁷⁰ Dagbók nr. 5, bls. 121b.

¹⁵⁷¹ Bls. 1443.

¹⁵⁷² Dagbók nr. 5, bls. 121b.

hafi hann sagst ekki vera bróðir Erlu.¹⁵⁷³ Þegar komið hafi verið að húsi Sævars hafi ökumaðurinn spurt út um glugga bifreiðarinnar: „Ert þú Sævar?“ Kvaðst Kristján hafa furðað sig á þessu þar sem maðurinn hafi sagst vera mágur hans. Hafi Sævar og Erla komið inn í bifreiðina og var þá ekið að Klúbbnum. Hafi ökumaðurinn farið þangað inn í um 15 mínútur. Þegar hann hafi komið til baka hafi komið í ljós að fyrirætlanir kvöldsins höfðu eitthvað breyst. Kristján Viðar sagði það rétt að Sævar hafi hringt og spurt hvort hann gæti selt fyrir hann spíra. Hafi Sævar gefið honum nafn Guðjóns Skarphéðinssonar og símanúmer sem hann hafi skrifað á miða. Kvaðst Kristján ekki hafa þekkt Guðjón og ekki hafa haft samband við hann eða keypt af honum spíra. Hafi hann látið einhvern á Laugavegi 32 fá miðann og upplýsingar um að hægt væri að kaupa spíra hjá Guðjóni. Kvaðst Kristján muna að [BjH], húsráðandi að Laugavegi, hafi sagt sér frá manni í Keflavík sem hafi viljað kaupa spíra. Hafi [BjH] látið hann fá miða með símanúmeri á og sagðist Kristján hafa komið miðanum til Sævars. Mundi hann ekki eftir nafni í þessu sambandi. Haft var eftir Kristjáni Viðari að hann væri viss um að Guðjón hafi ekki ekið bifreiðinni til Keflavíkur sem hann, Sævar og Erla fóru með. Sagði hann Guðjón hafa ekið sendibifreiðinni af Vatnsstígnum og kvaðst Kristján hafa séð hann um kvöldið í Dráttarbrautinni. Sagðist Kristján Viðar hafa sofið mestan hluta leiðarinnar til Keflavíkur í umrætt sinn og því hafi hann ekki tekið þátt í umræðum í bifreiðinni. Kvaðst Kristján Viðar ekki muna eftir neinum stöfum úr símanúmeri Geirfinns og sagði það vel geta verið að hann hafi verið beðinn um að segja Geirfinni að koma fótgangandi. Minntist hann þess ekki að hafa rætt við Geirfinn sem aðallega hafi talað við ökumanninn. Greindi Kristján Viðar frá því að hafa séð Guðjón Skarphéðinsson í Dráttarbrautinni, en ekki muna eftir að hafa séð sendibifreiðina þar. Þá kvaðst hann ekki minnast þess að varningur hafi verið settur í bifreiðina sem hann hafi komið í til Keflavíkur. Bókað var eftir Kristjáni Viðari að hann vissi ekki hvaða maður hafi heimsótt sig á árinu 1973 sem hafi verið lýst sem lágum, þrekvöxnum og þybbnum. Kvaðst hann telja að þar hafi verið átt við Sigurbjörn Eiríksson, en hann væri þess næstum fullviss að hann hafi verið í Dráttarbrautinni umrætt kvöld. Kvaðst Kristján hafa komið að þar sem Geirfinnur var að rífast við Sævar, Guðjón, ökumanninn og manninn sem hann taldi hafa verið Sigurbjörn Eiríksson. Kvaðst hann ekki vita um hvað, en taldi það hafa verið um spíraviðskipti. Kristján Viðar sagðist hafa blandað sér í rifrildið sem hafi endað með því að Geirfinnur hafi ætlað að fara. Kvaðst hann hafa varnað honum vegar og hafi Geirfinnur þá gert sig líklegan til að ráðast á sig en Kristján þá slegið hann hnefahöggi. Kvaðst hann viss um að höggið hafi ekki farið í höfuð hans.¹⁵⁷⁴ Sævar hafi einnig slegið til Geirfinns og kvaðst Kristján Viðar muna að Geirfinnur hafi hent Sævari frá sér. Lýsti Kristján Viðar átökunum þannig að Geirfinnur hafi slegið til hans og þá hafi maðurinn sem hann taldi vera Sigurbjörn tekið Geirfinn haustaki. Kvaðst Kristján þá hafa tekið planka og muna eftir að hafa slegið Geirfinn allfast með honum þegar hann hafi losnað úr haustakinu og hafi höggið komið við öxlina á honum og hann fallið til jarðar. Kvaðst Kristján þá hafa fleygt plankanum frá sér, en Guðjón þá

¹⁵⁷³ Bls. 1444.

¹⁵⁷⁴ Bls. 1446.

hafa tekið hann upp og slegið Geirfinn með honum þar sem hann hafi legið á jörðinni. Sagðist Kristján hvorki vita hvar né hve oft Guðjón hafi slegið hann. Bókað var að klukkan 21:46 hafi yfirheyrslu verið frestað til morguns.¹⁵⁷⁵

813. Fyrir liggur skýrsla, dagsett sama dag, 9. nóvember 1976, með upplýsingum um [PL], bifreiðastjóra. Var sakarferill hans rakinn í skýrslunni ásamt upplýsingum úr málaskrá lögreglu, bifreiðaeign hans og fleira.¹⁵⁷⁶
814. Tryggvi Rúnar ritaði í dagbók sína þennan dag um sín hefðbundnu verk innan fangelsisins og biðina eftir svári frá Erni Höskuldssyni um lausagæslu. Hafi honum verið lofað að svárið myndi berast um klukkan 15:00. Þá hafi hann spurt um kvöldmatarleytið hvort svar hafi borist frá Erni og hafi Guðjón fangavörður sagt honum að Örn hafi ekkert hringt. Ritaði Tryggvi Rúnar um vonbrigði sín vegna þess og um að hafa beðið fangavörðinn um að ýta við Erni.¹⁵⁷⁷
815. Miðvikudaginn 10. nóvember 1976 var bókað í dagbók fangelsisins við Síðumúla að Örn hafi hringt klukkan 13:09 og tilkynnt um að flytja ætti Tryggva Rúnar austur á Litla-Hraun við fyrsta tækifæri. Klukkan 14:20 var bókað að Haraldur hafi farið með Kristján Viðar.¹⁵⁷⁸ Bókað var um símtal frá Erni klukkan 20:55. Hafi hann spurt hvort einhver sinna samstarfsmanna væru staddir í fangelsinu, var þess getið að svo væri ekki. Hafi hann þá beðið fyrir skilaboð um að hann yrði látinn vita þegar komið yrði með Kristján Viðar til baka. Fimm mínútum síðar var bókað að Haraldur hafi komið með Kristján Viðar og hafi hann rætt við Örn í símann. Fyrir liggur skýrsla um yfirheyrslu yfir Kristjáni Viðari þennan dag á skrifstofu rannsóknarlögreglunnar. Fram kom að skýrslutaka hafi hafist klukkan 17:00 þennan dag í beinu framhaldi af yfirheyrslu sem hafi byrjað klukkan 15:00. Greindi Kristján Viðar frá því að hvergi hafi verið stöðvað á leiðinni frá Keflavík. Kvaðst hann hafa viljað fara til lögreglunnar en Sævar og ökumaðurinn hafi ekki viljað það. Mundi hann ekki eftir því að leitað hafi verið að Erlu, en kápan hennar og taska hafi orðið eftir í bifreiðinni. Kápuna hafi Sævar sótt síðar til sín að Laugavegi 32. Kvaðst Kristján Viðar muna að sendiferðabifreiðin hafi lagt af stað á eftir þeim. Lýsti hann bifreiðinni ítarlega og kvaðst halda að hún hafi verið af gerðinni Chevrolet. Bifreiðin sem þau komu í hafi verið rauð og líkst Ford Cortina eða Vauxhall, en hann mundi ekki gerðina. Sagði Kristján Viðar að sér hafi verið skipað að fara úr bifreiðinni við Laugarásveg. Hafi þá sendibifreiðin stöðvað hjá sér og var hann beðinn um að fara inn í farmhúsið. Kvaðst Kristján hafa gert það. Þar inni hafi verið þrekni maðurinn sem hann kvaðst áður hafa lýst ásamt öðrum manni sem hann gæti ekki munað hver hafi verið. Hafi Geirfinnur legið á gólfi farmhússins en Kristján sagðist ekki hafa séð hvort hann hafi verið látinn eða meðvitundarlaus. Hafi þrekni maðurinn haldið á skammbyssu og sagst ætla að skjóta á Geirfinn. Kvaðst Kristján Viðar þá hafa viljað fara út úr bifreiðinni og hafi ökumanninum verið gefin fyrirmæli um að stöðva. Hafi hann farið út, gengið um stutta stund en farið aftur inn í farmhús sendibifreiðarinnar. Kvaðst hann hafa fundið

¹⁵⁷⁵ Bls. 1447.

¹⁵⁷⁶ Bls. 1448–1449.

¹⁵⁷⁷ Bls. 1449_B.

¹⁵⁷⁸ Dagbók nr. 5, bls. 122b.

púðurlykt en sá sem hafi haldið á byssunni hafi neitað því aðspurður hvort hann hafi hleypt af. Sagðist Kristján Viðar hafa verið synjað um að fá að þefa úr byssuhlaupinu. Fannst Kristjáni Viðari líkt og skotið hafi verið á Geirfinn. Mundi hann eftir því að annar mannanna hafi stungið upp á því að skjóta Geirfinn og skilja hann eftir á almannafæri. Lýsti hann leiðinni sem hafi verið ekin að Grettisgötu 82 og hvernig Geirfinnur hafi verið borinn úr sendibifreiðinni í gegnum vaskahúsið og inn í geymslu í kjallara hússins. Kvaðst Kristján Viðar ekki muna eftir að hafa aðstoðað við þetta en minntist þess að hafa borið nokkra bláa um 30 lítra plastbrúsa með spíra inn í vaskahúsið. Þegar búið hafi verið að koma fyrir Geirfinni og spírabrúsunum hafi þeir farið upp í herbergi Kristjáns Viðars og rætt um hvað ætti að gera við líkið. Hafi verið ákveðið geyma líkið í geymslunni þar til annað yrði ákveðið. Að sögn Kristjáns Viðars tók hann, Sævar, Guðjón, þrekvaxni maðurinn og ökumaður fólksbifreiðarinnar, þátt í þessum umræðum. Greindi Kristján Viðar frá því að Sævar hafi komið til sín í bifreið með Guðjóni fjórum dögum síðar, 23. nóvember 1974, og sótt kápu Erlu. Þá hafi hann beðið Kristján um að koma að Grettisgötu 82. Tóku þeir þá lík Geirfinns úr geymslunni og settu það í vaskahúsið.¹⁵⁷⁹ Sagði Kristján Viðar þetta hafa vera síðustu afskipti sín af líki Geirfinns og kvaðst ekki vita hvað hafi orðið um það síðar. Bókað var eftir Kristjáni Viðari að hann áleti sem svo að Sævar vildi ekki að lík Geirfinns myndi finnast vegna þess að á því kynni að vera skotáverki. Minntist hann þess að einhver hafi sett svart plast utan um lík Geirfinns þegar búið hafi verið að leggja það inn í geymsluna. Var yfirheyrslunni lokið klukkan 19:25.¹⁵⁸⁰ Bókað var í fangelsisdagbókina klukkan 23:50 að reynt hafi verið að ná í Harald vegna áriðandi orðsendingar frá Kristjáni Viðari. Þar sem það hafi ekki tekist var hringt til Arnar og bókað að hann hafi ráðlagt að reynt yrði að ná í Harald morguninn eftir.¹⁵⁸¹

816. Meðal rannsóknargagna liggur fyrir skýrsla dagsett sama dag, 10. nóvember 1976, með 46 atriðum úr framburðum Kristjáns Viðars, Erlu og Sævars þar sem Guðjóns Skarphéðinssonar var getið í tengslum við ferðina til Keflavíkur 19. nóvember 1974.¹⁵⁸²
817. Þennan dag var [VK], kvikmyndagerðamaður, yfirheyrður á skrifstofu rannsóknarlögreglunnar. Fyrir liggur skýrsla um yfirheyrsluna þar sem fram kemur að tilefnið hafi verið að reyna að tímasetja sem nákvæmast hvenær [VK] hafi hitt Sævar að Kjarvalsstöðum í nóvember 1974 og hvenær Sævar hafi komið heim til hans að kvöldi til að Kirkjuteigi 16. Kvaðst [VK] alveg viss um að hafa hitt Sævar að kvöldi 19. nóvember 1974 þegar kvikmynd eftir hann og föður hans, hafi verið sýnd að Kjarvalsstöðum. Hann hafi hitt Sævar um klukkan 20:40 þegar hann hafi komið út af sýningunni. Kvaðst [VK] ekki muna eftir því að þeir hafi rætt nokkuð sérstakt, en þó fyndist honum sem Sævar hafi eitthvað haft orð á því að hann væri á leiðinni eða væri að fara til Keflavíkur. Sagði [VK] þetta þó vera atriði sem hann treysti sér engan veginn til þess að staðfesta. Kvaðst vitnið telja að klukkan hafi verið um 21:00 þegar

¹⁵⁷⁹ Bls. 1451.

¹⁵⁸⁰ Bls. 1452.

¹⁵⁸¹ Dagbók nr. 5, bls. 123.

¹⁵⁸² Bls. 1453–1455.

þeir hafi slitið samtalinu. Sagði hann Sævar hafa nokkrum sinnum komið heim til sín á þessum tíma, það er mánuðina október til og með desember 1974. Hafi Sævar verið með tæki til kvikmyndagerðar í láni hjá sér og hafi ýmist verið að skila tækjum eða sækja þau. Kvaðst hann muna eftir einu tilviki þar sem Sævar hafi komið nokkuð seint, eða milli klukkan 23:00 og 23:30. Sagðist [VK] ekki vera viss um hvaða dag þessi heimsókn hafi átt sér stað, en hélt það hafi verið 22. nóvember 1974.¹⁵⁸³ Hafi Sævar rætt um kvikmyndagerð við hann en þegar liðnar voru um 45 mínútur af heimsóknartímanum hafi komið í ljós að stúlka biði Sævars úti í bifreið. Hafi Sævari verið sagt að ná í hana inn og var það þá Erla. Kvaðst vitnið áður hafa orðið þess áskynja þegar Sævar hafi komið til sín að kvöldi til að stúlka biði hans úti í bifreið. Í lok skýrslunnar kom fram að [VK] hafi viljað taka það fram að samkvæmt dagbókinni hans hafi kvikmyndin hans verið sýnd í síðasta sinn að Kjarvalsstöðum kvöldið 22. nóvember 1974. Honum hafi verið tjáð að Erla hafi sagst hafa komið heim til hans að lokinni sýningu myndarinnar. Af þeim sökum teldi hann Erlu og Sævar hafa komið til sín seint um það kvöld. Vildi hann þó ekki útiloka að þau hafi komið sama kvöld og hann hafi farið með konu sinni og föður að Kjarvalsstöðum 19. nóvember 1974. Var yfirheyrslunni lokið klukkan 17:50.¹⁵⁸⁴

818. Fimmtudaginn 11. nóvember 1976 var bókað í dagbók Síðumúlafangelsisins 13:00 að Schütz, Pétur Eggerz og Grétar hafi tekið Sævar tali, eins og það var orðað í færslunni. Bókað var klukkan 13:18 að framangreindir menn hafi farið með Sævar út úr húsinu. Á sama tíma var bókað færsluritari, Gunnar Guðmundsson, orðrétt: „Ath. Karl Schütz óskar eindregið eftir því að fangaverðir ræði ekki við Sævar um sakamálin að mér einum undanteknum. Ég óska eindregið eftir því að farið verði eftir þessari beiðni Schütz því eins og hann segir er nóg komið af lyginni aftur á bak og áfram.“ Bókað var klukkan 13:55 að Haraldur hafi farið inn á klefa til Kristjáns Viðars. Klukkan 14:10 hafi Jónas og Haraldur farið með Kristján Viðar út úr húsi. Bókað var í fangelsisdagbókina klukkan 14:45 að Tryggvi Rúnar hafi verið fluttur austur á Litla-Hraun. Klukkan 15:00 var bókað að Schütz og co. hafi komið með Sævar, eins og það var orðað í færslunni, og hafi hann strax verið færður á klefa sinn. Fyrir liggur ódagsett samantektarskýrsla, rituð af Grétari, um ferð að Grettisgötu 82 með Sævar til að láta hann sýna rannsakendum hvernig og hvar bifreiðarnar hafi verið stöðvaðar í grennd við húsið þegar komið hafi verið frá Keflavík. Fram kom í skýrslunni að Sævar hafi í yfirheyrslu 28. október 1976 lýst því að komið hafi verið á tveimur bifreiðum að húsinu og hafi lík Geirfinns verið flutt úr annarri bifreiðinni og inn í húsið. Bókað var að Sævar hafi sagt fólksbifreiðinni hafa verið lagt við hús númer 77. Hafi hann, Kristján Viðar og Guðjón farið inn til Kristjáns og opnað kjallaradyrnar sem sneru að bakgarðinum. Bókað var að Sævar hafi sagt sendibifreiðina hafa bakkað inn í sunðið frá Barónstíg og henni lagt þar til móts við garðhliðið að heimili Kristjáns. Var þess getið að við hinn enda sundsins á Snorrabraut væri pípuhandrið svo nú væri ekki hægt að aka um sunðið frá þeim enda.¹⁵⁸⁵ Bókað var í fangelsisdagbókina klukkan 16:08 að

¹⁵⁸³ Bls. 1457.

¹⁵⁸⁴ Bls. 1458.

¹⁵⁸⁵ Bls. 1459.

Jónas og Haraldur hafi komið til baka með Kristján Viðar.¹⁵⁸⁶ Rannsóknargögn um ferðir Kristjáns Viðar þennan dag liggja ekki fyrir.

819. Föstudaginn 12. nóvember 1976 var bókað í dagbók fangelsisins við Síðumúla klukkan 11:15 að hringt hafi verið til Félagsmálastofnunar eftir peningum fyrir tóbaki fyrir Sævar.¹⁵⁸⁷ Klukkan 13:44 var bókað í fangelsisdagbókina að Sigurbjörn Víðir og Ívar Hannesson hafi komið með Guðjón Skarphéðinsson í geymslu vegna gruns um hegningarlagabrot.¹⁵⁸⁸ Fyrir liggur upplýsingaskýrsla unnin af Ívari Hannessyni þar sem fram kemur að Guðjón hafi verið handtekinn á heimili sínu klukkan 07:25 af Jónasi, Sigurbirni Víði og Eggerti N. Bjarnasyni. Fram kom að Guðjón hafi verið sofandi þegar rannsóknarlögreglumenn bar að dyrum og hafi ekki sýnt neinn mótþróa við handtöku. Bókað var að hann hafi heimilað húsleit og hafi Ívar og Jónas annast hana. Fram kom að ekkert athugavert hafi fundist hvorki í íbúð né geymslu. Hafi móðir Guðjóns tjáð rannsóknarlögreglunni að Guðjón væri með dót sitt í litlu súðarherbergi í risinu. Bókað var að leitað hafi verið í öllum hirslum herbergisins en sú leit hafi engan árangur borið annan en að í tösku undir skrifborði hafi fundist lítil minnisbók í opnu umslagi. Í minnisbókina hafi verið ritaðar ýmsar upplýsingar sem ekki tengdust málinu. Hins vegar hafi ýmis atriði tengd Geirfinnsmálinu verið ritaðar á tvær síður fyrir miðri bók og þar hafi einnig verið að finna laust blað, sem sýnilega hafi verið rífið úr bókinni. Á þessar blaðsíður hafi verið ritað: „Þórbergur deyr 13. nóv., tveimur dögum fyrr ráðist á ungan mann við Þórscafé, hann dó af völdum slagsmála. Laugardag 16. var Victor Borge hér. Ingimar Erlendur um Kristínu E-röttækni rögtækni. Þriðjud. 19. Victor Borge í Háskólabíó. Geirfinnsmál fyrst nefnd í Mbl. föstud. 22. nóv. á 3. síðu sagður þar hafa horfið af heimili sínu kl. 22:30. Laugardag 23. talað um dularfullt mannhvarf. Blá úlpa, grænar buxur úr flaeli-grænköflótt skyrtu, brúnir skór. Villa í frásögn því þar er talað um ferð Geirfinns frá heimili sínu með kunningja sínum þriðjud.kvöld 18. hlýtur að eiga að vera 19. nóv. Fyrir liggur nákvæm lýsing á manninum, sem hringdi í Hafnarbúð kl. 20:00–23 (yfir þessu stendur 22:30). Á 4. nóv. viðtal við Har.Bl. Þriðjudaginn 24. nóv. 3. síða löng grein af hverju hugsanlegt morðmál. [PÓI] vinnufélagi Geirfinns. [EBSK] vinnuveitandi. Miðvikud. 27. nóv. Mynd var tekin af Geirfinni í Klúbbnum 17. nóv., hann var þar á dansleik ásamt kunningjum sínum. Mynd af Leirfinni er í því blaði. Fimmtud. 28. fengin nöfn 70 manna af öllu landinu. Maður á Akureyri á G-bíl kl. 6:20 þriðjud. 26. nóv. á smurstöð. Starfsm. þóttust þekkja manninn af leirstyttunni. Hvaða tegund af bíl var þetta. 29. nóv. Hópurinn farinn að þrengjast. Þjóðviljinn. 16. nóv. landsfundur Alþbl. stendur fyrir dyrum. 17. nóv. Slade hljótleikar. Þriðjud. 19. nóv. landsfundur Alþbl. á að hefjast á fimmtudag. Miðvikud. 20. löng grein í Þjóðv. eftir Guðm.J. Hversvegna er húsnæðisleysi í Rvík. 23. nóv. Þorbergur jarðaður. Viðtal við Höskuld um bindindismál. 24. nóv. [SigurðGuð]. Geðdeildin Reykjavík. Þriðjud. 26. nóv. Mannshvarfið í Keflavík. Cornelius og Frille eru hér fimmtudagskvöld 7. nóv. og laugardag 9. nóv.“ Bókað var í lok upplýsingaskýrslunnar að á fyrstu síðu

¹⁵⁸⁶ Dagbók nr. 5, bls. 124.

¹⁵⁸⁷ Dagbók nr. 5, bls. 125.

¹⁵⁸⁸ Dagbók nr. 5, bls. 125–125b.

minnisbókarinnar hafi verið ritað: „Skrifað með nýkeyptum penna Sævars.“¹⁵⁸⁹ Með upplýsingaskýrslunni fylgdu ljósrit af framangreindum síðum.¹⁵⁹⁰

820. Meðal rannsóknargagna er skýrsla um yfirheyrslu yfir Guðjóni Skarphéðinssyni þennan dag, 12. nóvember 1976, milli klukkan 07:25 og 13:10 á skrifstofu rannsóknarlögreglunnar. Í upphafi skýrslunnar er bókað að Guðjóni hafi verið bent á að hann lægi undir grun vegna hvarfs Geirfinns Einarssonar. Fullyrti Guðjón að hann hefði enga vitneskju varðandi hvarf Geirfinns eða nokkuð í því sambandi umfram það sem hann hafi lesið í dagblöðum. Kvaðst hann viss um að hafa ekki verið á Vatnsstíg þar sem Sævar og Erla hafi sagst hafa verið. Sagðist hann ekki hafa haft þar nokkur afskipti af sendibifreið eða fólksbifreið. Haft var eftir Guðjóni að alrangt væri að hann hafi átt símtal við Geirfinn og sagt Sævari að hann ætti stefnumót við Geirfinn. Kvaðst Guðjón aldrei hafa heyrt nafn Geirfinns getið fyrr en hann hafi lesið um málið í blöðum. Minntist hann þess ekki að hafa hringt heim til móður Sævars til að tala við hann. Kvaðst Guðjón þess fullviss að hafa ekki farið til Keflavíkur 19. nóvember 1974 ásamt Sævari, Erlu og Kristjáni Viðari. Þá væri hann fullviss um að hafa ekki verið í Keflavík á umræddum tíma. Kvaðst Guðjón þekkja Sævar og Erlu en ekki Kristján Viðar. Sagði hann fyrstu kynni sín af Sævari hafa verið þegar hann hafi kennt honum í Reykjanesi við Ísafjarðardjúp, en kvaðst hafa haft stopul samskipti við hann eftir það. Hafi það verið Sævar sem hafi leitað eftir hans kunningsskap en ekki öfugt. Sagði hann Sævar ekki hafa verið náinn vin sinn.¹⁵⁹¹ Kynni hans af Erlu hafi eingöngu komið til vegna tengsla hennar við Sævar. Bókað var orðrétt í skýrsluna: „Ég hef aldrei komið heim til Kristjáns Viðars að Grettisgötu 82 og þar af leiðandi kannast ég ekki við þá stöðu að fólksbifreið hafi verið stöðvuð aðaldyramegin og sendibifreið í sundinu bak við húsið. Ég veit ekkert um samtal sem á að hafa átt sér stað heima hjá Kristjáni aðfaranótt 20.11.1974. Ég hef ekki heyrt um að flytja lík Geirfinns.“ Sagði Guðjón það ófyrirleitna lygi að segja að hann hafi tekið þátt í samtali þar sem rætt hafi verið um að sýna yrði einhverjum manni fulla hörku. Væri það einnig lygi að hann hafi látið af hendi miða með nafni og símanúmeri Geirfinns. Sagði hann það jafnframt vera lygi að hann hafi átt þátt í átökum í Dráttarbraut Keflavíkur. Var orðrétt haft eftir Guðjóni: „Allt það sem mér skilst að hafi komið fram varðandi þátttöku mína í því er gerðist í Keflavík, það er lygi, þar sem ég kom þar hvergi nærri.“ Kvaðst Guðjóni ekki vera það ljóst hvers vegna verið væri að bendla honum við málið, en vildi hann benda á að það hafi áður gerst í málinu að rangar sakir hafi verið bornar á menn. Guðjón greindi frá því að í nóvember 1974 hafi hann verið nýbúinn að kaupa íbúð og verið flest kvöld að standsetja hana. Kvaðst hann því telja að hann hafi verið að vinna í íbúðinni umrætt kvöld, en hann ætti ekki gott með að færa sönnur á fjarvist sína. Haft var eftir Guðjóni að þegar hann hafi verið yfirheyrður í maí sem vitni þá hafi honum verið ljóst að farið hafi verið að bendla hann við málið. Eftir yfirheyrsluna hafi hann því reynt að finna út hvar hann hafi verið kvöldið 19. nóvember 1974. Kvaðst Guðjón hafa farið á Landsbókasafnið og skoðað blöð frá þessum tíma til upprifjunar og ritað

¹⁵⁸⁹ Bls. 1460–1461.

¹⁵⁹⁰ Bls. 1462–1466.

¹⁵⁹¹ Bls. 1467.

hjá sér helstu atriði varðandi málið og um atburði sem hafi gerst á þessum tíma. Haft var eftir Guðjóni að honum hafi verið sýnt blað úr dagbók sinni og þar kæmu þessi atriði fram.¹⁵⁹² Að síðustu var haft eftir Guðjóni að Sævar hafi einu sinni komið heim til sín í nóvember 1974. Kvaðst hann ekki muna nákvæmlega hvenær það hafi verið, en það hafi verið um kvöld á virkum degi. Orðrétt var bókað: „Mér finnst, að þetta kunni að hafa verið þetta umrædda kvöld 19.11.1974.“ Hafi Erla verið nýlega búin að kaupa Land Rover bifreið og hafi Sævar verið nokkuð hreykinn af því. Hafi þau verið tvö í bifreiðinni og erindi þeirra að bjóða honum að prófa að aka bifreiðinni. Greindi Guðjón frá því að Sævar hafi ekki beðið sig um að aka sér neitt sérstakt og ekki hafi verið rætt um nein afbrot. Kvaðst Guðjón hafa farið með þeim og hafi Erla ekið fyrst. Lýsti Guðjón þeirri leið sem hafi verið ekið að Skothúsvegi þar sem hann hafi tekið við akstrinum og ekið heim til sín. Hafi þetta verið milli klukkan 21:00 og 22:00. Kvaðst Guðjón hafa farið úr bifreiðinni og ekki heyrt í þeim aftur fyrir en Sævar hafi hringt til sín síðar um veturinn frá Kaupmannahöfn.¹⁵⁹³

821. Meðal rannsóknargagna liggja fyrir minnisatriði úr yfirheyrslu yfir Guðjóni sem ekki liggur fyrir hver ritaði. Skjalið er ódagsett en þar koma fram orðréttar spurningar til Guðjóns og svo svör hans. Fram kemur að Guðjón hafi verið spurður: „Voruð þér staddir 20.11 stuttu eftir kl. eitt heima hjá Kristjáni Viðari Viðarssyni?“ Haft er eftir Guðjóni meðal annars að hann hafi aldrei verið þar og þetta væru ófyrirleitnar lygar.¹⁵⁹⁴ Þá hafi Guðjón verið spurður: „Hafið þér í einhvern annan tíma farið með K., S., og E. í fólksbifreið í átt til Keflavíkur?“ Guðjón hafi neitað því og sagst meðal annars lítið samband hafa haft við Sævar. Var Guðjón þá spurður: „Töluðuð þér við Geirfinn í síma? Áttuð þér stefnumót með honum 21:30 (19.11.1974) í Keflavík?“ Svar Guðjóns var bókað: „Ég átti aldrei neitt stefnumót með Geirfinni. Ég þekkti hann alls ekki neitt. Ég hitti hann aldrei. Ég hafði ekki samband við neinn annan í Keflavík.“ Næsta spurning til Guðjóns var: „Í kjallaranum heima hjá Kristjáni var morgun hins 20.11. áfengi og lík Geirfinns flutt. Þér tókuð þátt í því, og tókuð á eftir þátt í samræðum í herbergi Kristjáns þar sem þið réðuð ráðum ykkar um hvað ætti að gera við lík Geirfinns.“ Sem svar Guðjóns var bókað: „Ég veit ekkert um neitt samtal í þessu húsi. Ég hef þegar sagt að ég hafi aldrei verið þar. Ég var heldur ekki viðstaddur þegar rætt var um að fela líkið í Grafningi.“ Næsta spurning á eftir var: „Á leiðinni til Keflavíkur, töluðuð þér þá um Geirfinn í bílnum? Þegar sagt var „að hann væri neikvæður, að það yrði að sýna honum fulla hörku, þar sem hann gæti verið hættulegur?“ Haft var eftir Guðjóni: „Það er ófyrirleitin lygi að ég hafi tekið þátt í slíkum samræðum. Ég hef þegar sagt að ég hafi alls ekki farið til Keflavíkur á þessum tíma.“¹⁵⁹⁵ Bókað var að Guðjón hafi verið spurður: „Hafið þér í síma gefið Sævari símanúmer Geirfinns? og hafið þér nálægt Hafnarbúðinni skrifað þetta símanúmer á minnisblað og rétt Kristjáni?“ Hafi Guðjón þá svarað: „Þetta er sama lygin og áður. Ég þekkti manninn ekki og það er hægt að bera á mig framburð eins og menn vilja, þetta er allt sama lygin.“ Var Guðjón þá spurður orðrétt: „Var ferðin í nágrenni Selfoss farin

¹⁵⁹² Bls. 1468.

¹⁵⁹³ Bls. 1469.

¹⁵⁹⁴ Bls. 1475.

¹⁵⁹⁵ Bls. 1476.

til þess að finna greftrunarstað fyrir lík Geirfinns? Eða reyndi Sævar hjá einhverjum kunningjum að fá skóflur eða stunguskóflur?“ Eftirfarandi var haft eftir Guðjóni: „Ég veit ekkert um greftrunarstað Geirfinns. Þingvallavatn segir mér ekkert í þessu sambandi. Þetta er allt uppspuni eins og ég hef margsinis sagt.“¹⁵⁹⁶ Bókað var: „Sökunaut er sýnd loftmynd af svæði Dráttarbrautarinnar í Keflavík. Aðspurður lýsir hann yfir: Ég hef aldrei verið í þessari Dráttarbraut. Ég hef aldrei tekið þátt í slagsmálum við Geirfinn. Ég skil ekki hvað kemur yður til að halda slíku fram. Ég hef heldur ekki haldið á spýtu í hendinni sem ég hef slegið Geirfinn með, það er hryllilegt, að halda slíku fram. Ef til vill kemst ég í sneringu við málið af því að útlendingur á að hafa verið með. Ég lít nefnilega útlendingslega út, ekki ljóst hár o.s.frv. eins og Íslendingar.“ Bókað er að Guðjón hafi verið spurður: „Tókuð þér þátt í brottflutningi Geirfinns nokkrum dögum eftir 20.11.?“ Orðrétt er haft eftir Guðjóni: „Ég hef þegar sagt að ég var ekki á Grettisgötunni þegar þessar bifreiðar voru þar. Ég tók ekki þátt í að bera lík. Ég endurtek enn einu sinni, að ég tók ekki þátt í umræðum um flutning á líki heima hjá Kristjáni. Ég hef ekkert með ferð með líkið í Grafning að gera. Ég segi sannleikann, ég legg áherslu á það. Ég er annars á þeirri skoðun að Geirfinnur hafi aldrei verið drepinn. E.t.v. er hann einhvers staðar í útlöndum.“¹⁵⁹⁷ Hafi Guðjón þá verið spurður: „Hafið þér skýringu á því af hverju S., K. og E. beri á yður þungar sakir að ósekju eins og þér haldið fram?“ Bókað er að Guðjón hafi svarað: „E.t.v. er S. öfundsjúkur gagnvart mér. En ég get ekki komið með nein raunveruleg atriði því til sönnunar. Mér finnst þetta vera eins og lélegur reyfari. Þetta er allt uppspuni.“¹⁵⁹⁸

822. Í dagbók Síðumúlafangelsisins þennan dag, 12. nóvember 1976, var bókað að rannsóknarlögreglumennirnir Jónas og Haraldur hafi farið út með Kristján Viðar klukkan 15:00. Bókað var klukkan 16:35 að 3.500 krónur hafi borist frá Félagsmálastofnun til tóbakskaupa fyrir Sævar. Klukkan 17:00 var bókað að Guðjón Skarphéðinsson hafi verið færður fyrir Grétar. Fimm mínútum síðar var bókað að Jónas og Haraldur hafi komið með Kristján Viðar úr ferðalaginu.¹⁵⁹⁹ Rannsóknargögn liggja ekki fyrir um ferðalag Kristjáns Viðars þennan dag. Bókað var klukkan 17:35 að Sigurbjörn Víðir og Grétar hafi farið með Guðjón Skarphéðinsson í sakadóm Reykjavíkur. Meðal rannsóknargagna liggur fyrir skýrsla um yfirheyrslu yfir Guðjóni sem fram fór þennan dag milli klukkan 17:45 og 19:45 á skrifstofu rannsóknarlögreglunnar. Bókað var í upphafi skýrslunnar að Guðjón hafi verið fluttur til geymslu í Síðumúlafangelsinu eftir fyrri yfirheyrsluna. Ítrekaði Guðjón sakleysi sitt og áréttaði það sem hann hafi sagt í fyrri yfirheyrslu. Kvaðst hann ekki muna til þess að hafa ekið sendibifreið og sagðist fullviss um að hafa aldrei ekið slíkri bifreið í Reykjavík. Hafi hann ekki átt bifreið árið 1974, en hafa fengið lánaðar bifreiðar tengdaföður síns sem hafi verið af gerðinni Blazer og Cortina. Þá hafi hann tekið Volkswagen bifreið á leigu um mánaðamótin júní og júlí 1974.¹⁶⁰⁰ Kvaðst hann hafa farið á bifreiðinni austur til laxveiða með Sævari og bróður sínum, en Sævar hafi

¹⁵⁹⁶ Bls. 1477.

¹⁵⁹⁷ Bls. 1478.

¹⁵⁹⁸ Bls. 1479.

¹⁵⁹⁹ Dagbók nr. 5, bls. 125b.

¹⁶⁰⁰ Bls. 1470.

boðið þeim í veiði. Lýsti Guðjón ökuleiðinni sem var meðal annars um Grafning. Greindi Guðjón frá því að vorið 1975 hafi hann og Sævar farið á föstudags- eða laugardagskvöldi austur að Gljúfurárholti til [BÆ]. Um eða eftir miðnætti hafi Sævar beðið hann um að aka sér að apótekinu á Selfossi þar sem hann hafi ætlað að brjótast inn. Kvaðst Guðjón hafa beðið í bifreiðinni á meðan en stuttu síðar hafi Sævar komið og verið þá hættur við. Haft var eftir Guðjóni að hann hafi ekki búist við öðru en að þessar hugmyndir Sævars hafi verið mannalæti. Sagðist Guðjón vera þess fullviss að Sævar hafi ekki talað um hvar Geirfinnur hafi verið grafinn í þessari ferð. Ekki hafi komið til tals að fá nein graftól, eins og það var orðað í skýrslunni. Bókað var að „Þingvellir“ segðu honum ekkert í þessu sambandi.¹⁶⁰¹ Mundi Guðjón eftir öðru tilviki sumarið 1975 þar sem hann og Sævar hafi farið að Gljúfurárholti, en það hafi verið nokkru fyrr og hafi Erla og þýsk stúlka verið með í för. Ekki hafi verið minnst á Geirfinn í þeirri ferð frekar en hinni. Þriðja tilvikið hafi verið sama sumar, en þá hafi hann og Sævar reykt saman hass að Gljúfurárholti ásamt fleirum. Kvað Guðjón það hafa verið í fyrsta og eina skiptið sem þeir hafi reykt hass saman og ekki hafa staðið í hassviðskiptum með honum. Kvaðst Guðjón hafa búið einn með konu sinni og tveimur börnum í nóvember 1974 og á þeim tíma hafi Sævar ekki komið á heimili sitt. Greindi hann frá því að Sævar hafi beðið sig um aðstoð við póstsvikamálið, en Guðjón kvaðst hafa neitað því. Bókað var eftir Guðjóni að honum hafi verið sýnd loftmynd af Dráttarbrautinni í Keflavík. Fullyrti Guðjón um að hafa aldrei komið þangað. Neitaði hann algjörlega að hafa tekið þátt í átökum á þessum stað 19. nóvember 1974. Ítrekaði hann sakleysi sitt í málinu og kvaðst enga vitneskju hafa um hvarf Geirfinns. Minntist Guðjón þess að Sævar hafi sagst vita allt um Geirfinnsmálið. Hafi Sævar ekki sagt meira en það og kvaðst Guðjón ekki hafa spurt enda hafi hann talið þetta algera markleysu. Kvaðst Guðjón ekki geta fundið nokkra ástæðu fyrir því að Sævar, Erla og Kristján Viðar bendluðu hann við málið. Fullyrti hann enn einu sinni að þau færu með lygi.¹⁶⁰²

823. Klukkan 20:10 var bókað í fangelsisdagbókina að Grétar hafi komið með Guðjón til baka. Bókað var að Örn Höskuldsson hafi komið milli klukkan 20:40 og 21:03 og litið yfir skýrslur varðandi Guðjón Skarphéðinsson. Bókað var að Pétur Eggerz hafi hringt klukkan 21:45 til að fylgjast með, eins og það var orðað. Klukkan 22:20 var bókað að Örn hafi hringt og fengið upplýsingar um allar nýjustu staðarákvarðanirnar. Bókað var klukkan 23:45 að Guðjón Skarphéðinsson hafi verið færður fram til viðtals við Birgi Þormar og Sigurbjörn Víði. Þennan dag var dómþing sakadóms Reykjavíkur háð í fangelsinu við Síðumúla af Birgi Þormar, sakadómar. Fyrir var tekið rannsókn vegna hvarfs Geirfinns. Bókað var að í dómnum lægi frammi mappa merkt „SPOR GUÐJÓN SKARP.“ og að í henni væru öll skjöl varðandi hugsanlega aðild Guðjóns Skarphéðinssonar að hvarfi Geirfinns. Bókaði dómari um að hafa fengið upplýsingar um málið klukkan 19:00 og framangreind skjöl afhent klukkan 19:30 Fram að þeim tíma hafi hann ekki lesið neitt af skjölunum í Geirfinnsmálinu.¹⁶⁰³

¹⁶⁰¹ Bls. 1471.

¹⁶⁰² Bls. 1473.

¹⁶⁰³ Bls. 1665.

Bókað var að Guðjón hafi verið færður í dóminn klukkan 23:30. Lýsti Guðjón fyrstu kynnum sínum af Sævari veturinn 1969 til 1970. Hafi hann hitt hann aftur hjá mági sínum tveimur til þremur árum síðar og þeir hist af og til eftir það. Kvaðst Guðjón hafa lánað Sævari peninga og skrifað upp á víxil fyrir hann. Sagði hann Sævar hafa sótt í félagsskap sinn og hafa haft frumkvæði að tveimur veiðiferðum sem þeir hafi farið saman í. Bókað var að Guðjón kannaðist við að Sævar hafi heimsótt hann á skrifstofu Menningarsjóðs vorið 1975 en kannaðist ekki við að hafa viðhaft þau ummæli um Sævar á skrifstofunni að hann væri þjófur, falsari, smyglari, eiturlyfjasali og manndrápari. Greindi Guðjón frá því að Sævar hafi boðið honum að taka þátt í fjársvikum gegn Pósti og Síma. Kvaðst Guðjón hafa tekið því víðsfjarri.¹⁶⁰⁴ Aðspurður um hvort hann hafi látið Sævar fá ljósmyndir af sér greindi Guðjón frá því að Sævar hafi einhvern tímann tekið af sér andlitsmyndir, en hann mundi ekki í hvaða tilgangi það hafi verið. Hafi hann talið Sævar hafa ef til vill gert það að gamni sínu. Aðspurður um hvort Sævar hafi oft heimsótt hann á Rauðalæk sagði Guðjón muna eftir einu skipti, en þó gæti verið að hann hafi komið þangað oftar. Bókað var að Guðjón kannaðist við að Sævar hafi komið á Ásvallagötu til að sýna sér Land Rover bifreið sem hann hafi þá nýverið keypt. Hafi Erla verið með honum. Kvaðst Guðjón ekki hafa hitt Sævar í sex mánuði eftir það. Minntist hann þess ekki að hafa hitt Sævar á Mokka mánuðina júní til og með október 1974. Aðspurður um hvenær hann hafi hitt Erlu fyrst sagðist Guðjón minna að það hafi verið í lok júní 1974 í herbergi sem hún hafi haft á leigu að Álfrheimum. Aðspurður hvort hann hafi hitt hana að Lambóli við Starhaga 1973 kvað Guðjón það geta verið, en honum hafi þá ekki verið sagt nafn hennar.¹⁶⁰⁵ Bókað var um framburð Guðjóns varðandi lánaviðskipti hans og Sævars og önnur fjárviðskipti. Einnig var bókað um framburð hans um ferð til Svíþjóðar með ferjunni Smyrli í ágúst 1975 ásamt konu sinni og barni. Greindi Guðjón frá bréfa- og símasamskiptum hans og Sævars haustið 1975.¹⁶⁰⁶ Bókað var að Guðjón hafi verið spurður hvernig hann hafi vitað að Sævar hafi komið á skrifstofu Klúbbsins að Skálholtsstíg. Kvaðst Guðjón hafa haft þetta eftir Erlu sem hafi sagt honum það í janúar 1976 að Sævar hafi oft átt erindi á skrifstofu Klúbbsins, en hún hafi aldrei fengið að fara með inn.¹⁶⁰⁷ Vék Guðjón frá klukkan 01:30.¹⁶⁰⁸ Í dagbók fangelsisins við Síðumúla var bókað að Guðjón hafi verið færður á klefa sinn klukkan 01:30, en færður aftur fyrir dóminn klukkan 02:00.¹⁶⁰⁹

824. Í þingbók sakadóms Reykjavíkur þennan dag er bókað að kveðinn hafi verið upp úrskurður þar sem fram kom Erla, Kristján Viðar og Sævar hafi staðhæft í yfirheyrslum hjá rannsóknarlögreglunni í Reykjavík að Guðjón hafi átt þátt í dauða Geirfinns. Samkvæmt framburði þeirra hafi Geirfinnur verið veginn í Dráttarbrautinni í Keflavík 19. nóvember 1974. Að sögn Erlu hafi Sævar og Kristján Viðar báðir rætt við Guðjón áður en farið var til Keflavíkur. Hafi Sævar og Kristján Viðar báðir fullyrt

¹⁶⁰⁴ Bls. 1666.

¹⁶⁰⁵ Bls. 1667.

¹⁶⁰⁶ Bls. 1668.

¹⁶⁰⁷ Bls. 1669.

¹⁶⁰⁸ Bls. 1670.

¹⁶⁰⁹ Dagbók nr. 5, bls. 126.

að Guðjón hafi veitt Geirfinni áverka umrætt kvöld. Fram kom að Sævar héldi því fram að hann, Kristján Viðar og Guðjón hafi dysjað lík Geirfinns í Grafningnum 23. nóvember 1974. Hafi Kristján Viðar ekki staðfest þá sögu. Hafi Sævari einnig fullyrt að hann og Sævar hafi farið í Grafninginn vorið 1975 og búið betur um lík Geirfinns vorið 1975.¹⁶¹⁰ Í úrskurðinum var tekið fram að Guðjón neitaði því eindregið að hafa verið á nokkurn hátt viðriðinn hvarf Geirfinns. Hafi hann viðurkennt að hafa þekkt Sævar og haft við hann stopul samskipti. Hann hafi þó ekki talið Sævar vin sinn. Fram kom að fjögur atriði gæfu tilefni til nánari rannsóknar á sambandi Sævars og Guðjóns. Í fyrsta lagi vegna póstsvikamálsins en Erla hafi fullyrt að Guðjón hafi gengist inn á að taka þátt í fjárvikunum en síðan hætt við þar sem hann hafi talið það of áhættusamt. Hafi Sævar komið heim með tvær andlitsmyndir af Guðjóni sem hafi átt að setja í skilríki annars manns. Að sögn Guðjóns hafi hann tekið þessu víðsfjarri og mundi ekki í hvaða tilgangi ljósmyndirnar hafi verið teknar. Í öðru lagi vegna tilraunar Sævars til innbrots í apótek á Selfossi. Hafi Sævar sagt Guðjón hafa beðið sig um að brjótast inn í apótekið og stela lyfjum. Að sögn Guðjóns hafi Sævar sagst ætla að brjótast inn en síðan hætt við og hann því ekki tekið þessu alvarlega. Í þriðja lagi lægi fyrir að Guðjón hafi starfað á skrifstofu Menningarsjóðs frá 1. október 1974 til 20. ágúst 1975. Hafi framkvæmdastjóri Menningarsjóðs greint svo frá að Sævar hafi oft komið á skrifstofuna sumarið 1975 og rætt við Guðjón. Í eitt sinn hafi Guðjón bent á Sævar og sagt hann vera þjóf, eiturlyfjasala, smyglara, falsara og manndrápara. Hafi framkvæmdastjórinn tekið þessu sem gríni. Hafi hann sagt ástand Guðjóns á þessum tíma oft hafa líkst því að hann væri geðveikur. Hafi hann stundum talað um að flytja inn mikið magn af eiturlyfjum til að græða á því. Í fjórða og síðasta lagi hafi Guðjón og Sævar farið samskipa til útlanda með ferjunni Smyrli í ágúst 1975. Hafi Guðjón haft bifreið sína með. Fram kom að upplýst væri að Guðjón hafi tvisvar til þrisvar sinnum hringt frá meginlandi Evrópu til Sævars eftir að hann hafi verið kominn heim. Þegar bifreið Guðjóns hafi verið flutt heim hafi verið í henni mikið magn af fikniefnum. Í úrskurðinum sagði orðrétt: „Verulegs ósamræmis gætir í framburði þeirra Erlu, Kristjáns Viðars og Sævars um ætlaðan þátt Guðjóns í hvarfi Geirfinns Einarssonar. Framburðir þeirra um önnur atriði Geirfinnsmálsins hefur verið tortryggilegur og á reiki. Á hitt ber að líta, að sakargiftirnar á hendur Guðjóni eru mjög alvarlegar og að samband hans við Sævar virðist hafa verið þess eðlis, að það gefi tilefni til ítarlegrar rannsóknar.“ Var Guðjón úrskurðaður í 20 daga gæsluvarðhald. Bókað var að úrskurðarorðið hafi verið lesið í heyranda hljóði að Guðjóni viðstöddum klukkan 02:00. Bókað var að Guðjón hafi óskað eftir að fá Harald Blöndal skipaðan sem réttargæslumann sinn og frest til að taka ákvörðun um kæru.¹⁶¹¹

825. Í fangelsisdagbókina var bókað að Guðjón hafi verið færður aftur inn á klefa sinn klukkan 02:10 með 20 daga gæsluvarðhaldsúrskurð.¹⁶¹² Bókað var að Haraldur Blöndal lögfræðingur hafi hringt klukkan 03:25 og spurt hvort Guðjón hafi verið úrskurðaður í gæsluvarðhald. Var þess getið í færslunni að Haraldi hafi verið tjáð að

¹⁶¹⁰ Bls. 1670.

¹⁶¹¹ Bls. 1673.

¹⁶¹² Dagbók nr. 5, bls. 126.

hann hafi verið skipaður réttargæslumaður Guðjóns. Var þá bókað um að Haraldur hafi viljað koma strax og ná tali af skjólstaðingi sínum. Bókaði færsluritari um að hann teldi ýmis tormeðki á því, svo sem að dómariinn ákvæði stað og stund. Var þá bókað um að Haraldur hafi beðið færsluritara fyrir að tilkynna vakthafandi dómara um að dómþing yrði haldið klukkan 09:00 þegar hann kæmi.¹⁶¹³

826. Sama dag, 12. nóvember 1976, ræddi Eggert við [HóS], húsmóður, á heimili hennar í Hafnarfirði. Fyrir liggur samantektarskýrsla þar sem fram kom að tilefni viðtalsins hafi verið að Guðjón hafi keypt Citroen fólksbifreið af [HóS] vorið 1975. Fram kom að hvorki hún né eiginmaður hennar hafi þekkt Guðjón fyrir viðskiptin. Bókað var sérstaklega um að [HóS] hafi ekki sýnt nein þau viðbrögð sem bent hafi til þess að hún hafi ekki skýrt satt og rétt frá öllu.¹⁶¹⁴
827. Fyrir liggur önnur samantektarskýrsla dagsett sama dag, rituð af Eggerti. Fram kom að Jón Oddsson, réttargæslumaður Sævars, hafi hringt til Eggerts þennan dag. Hafi Jón sagst hafa það eftir móður Sævars að ókunnur maður hafi komið í hús í Keflavík 19. nóvember 1974 og beðið um afnot af síma. Hafi maðurinn fengið lánaða símaskrá og leitað í henni. Fylgdi það sögunni að umræddur maður hafi verið að hringja til Geirfinns. Rakið var í skýrslunni hvaðan þessar upplýsingar hafi upprunalega komið.¹⁶¹⁵
828. Þá liggur fyrir ódagsett samantektarskýrsla Jónasar Bjarnasonar, um viðtal hans við [JSigurð], framkvæmdastjóra Menningarsjóðs. Í upphafi skýrslunnar var bókað að samkvæmt upplýsingum frá Sævari hafi Guðjón unnið hjá Menningarsjóði frá 1974 til 1975. Hafi Guðjón orðið uppvís að misferli og þá verið látinn hætta. Haft var eftir [JSigurð] að hann hafi þekkt Guðjón í mörg ár. Hafi Guðjón hafi sem bókari fyrir Menningarsjóðs en hafa mætt illa til vinnu. Það sem Guðjón hafi gert hafi verið illa unnið og greinilegt að hann hafi ekkert kunnað til verka. Sumarið 1975 hafi Guðjón og Sævar verið mikið saman og Sævar komið oft á skrifstofuna. Haft var eftir vitninu að Sævar hafi oft verið frekur við Guðjón en það hafi þó ekki virst hafa nein áhrif á hann. Hafi Guðjón stundum bent á Sævar þegar hann hafi verið viðstaddur og sagt: „ég ætla að vara þig við þessum manni, hann er þjófur, falsari, smyglari, eiturlyfjasali og manndrápari.“ Sagðist vitnið hafa tekið þessu sem gríni en Sævar hafi ekki svarað þessu. Lýsti vitnið ástandi Guðjóns sumarið 1975 þannig að hann hafi verið líkt og geðveikur. Hafi Guðjón stundum talað um að flytja inn mikið magn af fíkniefnum til að græða á því en á öðrum stundum hafi hann rætt um að fara úr landi þar sem enga framtíð væri að finna á Íslandi.¹⁶¹⁶ Hafi Guðjóni verið sagt upp störfum 20. ágúst 1975. Fram kom í samantektarskýrslunni að einnig hafi verið rætt við samstarfsmann Guðjóns hjá Menningarsjóði sem hafi einnig sagt hann hafa mætt mjög illa til vinnu. Bókað var að leitað hafi verið eftir því hvort Guðjón hafi vantað til vinnu einhverja sérstaka daga en starfsmenn Menningarsjóðs hafi ekki getað munað það.¹⁶¹⁷

¹⁶¹³ Dagbók nr. 5, bls. 126b.

¹⁶¹⁴ Bls. 1480.

¹⁶¹⁵ Bls. 1481.

¹⁶¹⁶ Bls. 1486.

¹⁶¹⁷ Bls. 1487.

829. Meðal rannsóknargagna liggur fyrir tímálina sem spannar tímabilið frá 23. ágúst 1974 til og með 12. nóvember 1976. Tekur tímálinan yfir atburði allt frá fyrra tilviki póstsvikamálsins og fram til þess að Guðjón var handtekinn og færður til yfirheyrslu vegna Geirfinnsmálsins. Fram kom að Guðjón hafi skráð sig í gestabók Landsbókasafnsins 16. júní 1975.¹⁶¹⁸ Þá sagði að í janúar 1976 hafi Erla heimsótt Guðjón og sagt honum frá máli Guðmundar Einarssonar. Í sama mánuði hafi hún hitt Guðjón í Austurstræti í Reykjavík og farið með honum í kaffi á Tröð. Seinna þann dag hafi hún heimsótt hann og sagt honum frá Geirfinnsmálinu. Ber tímálinan engar frekari nýjar upplýsingar með sér.
830. Laugardaginn 13. nóvember 1976 var bókað í dagbók Síðumúlafangelsisins að Guðsteinn læknir hafi komið milli klukkan 09:00 og 09:30 og talað við Sævar og Kristján Viðar meðal annarra. Bókað var að lyfjum Sævars hafi verið breytt og var vísað til lyfjaskrár um það efni.¹⁶¹⁹ Í þingbók sakadóms Reykjavíkur var bókað þennan dag klukkan 09:00 að fulltrúinn, Birgir Þormar, hafi haft samband við Harald Blöndal, réttargæslumann Guðjóns Skarphéðinssonar, og tjáð honum um skipunina.¹⁶²⁰ Þá var bókað í fangelsisdagbókina klukkan 11:58 að Guðjón hafi verið færður til yfirheyrslu hjá Schütz, Pétri Eggerz og Grétari. Bókað var að Guðjón hafi verið færður á klefa sinn klukkan 12:52.¹⁶²¹ Fyrir liggur ódagsett samantektarskýrsla, rituð af Grétari. Fram kom að Schütz hafi annast yfirheyrsluna sem hafi byrjað klukkan 11:55, en viðstaddir hafi verið Pétur Eggerz og Grétar. Bókað var að Guðjón hafi sagst lítið hafa hitt Sævar árið 1974 nema í maí og júní en þá hafi þeir umgengist nokkuð. Sagði hann Sævar ekki hafa komið á vinnustað sinn á tímabilinu frá október 1974 til mars 1975 og hafi þeir hist aðeins einu sinni á tímabilinu og það hafi verið í nóvember 1974. Guðjón kvaðst aldrei hafa heyrt Sævar tala um Geirfinnsmál eða Guðmundarmál. Einu sinni hafi Sævar sagst vita allt um Geirfinnsmálið í hópi manna. Sagðist Guðjón ekki hafa umgengist Sævar ef hann hefði vitað að hann væri viðriðinn þessi mál. Kvaðst Guðjón ekki hafa komið á Vatnsstíg þegar hann hafi ekið með Erlu og Sævari í nóvember 1974. Hugsanlegt væri að einhver hafi séð þau í þeirri ferð. Bókað var að Guðjón hafi sagst hafa komið til Grindavíkur í nóvember 1974 ásamt [IBJ] til að fara á bókamarkað sem hafi verið haldinn þar. Haft var eftir Guðjóni að honum þætti líklegast að Sævar hafi tengst Geirfinnsmálinu í sambandi við eiturlyfjasmygl milli Keflavíkur og Keflavíkurflugvallar. Kvaðst hann ekki þekkja þrekvaxna manninn eftir lýsingu sem honum hafi verið gefin. Bókað var að yfirheyrslunni hafi lokið klukkan 12:50.¹⁶²²
831. Klukkan 15:45 þennan dag var bókað í fangelsisdagbókina að Guðjón hafi verið færður til viðtals við réttargæslumann sinn, Harald Blöndal, að viðstöddum Birgi Þormari og færsluritara, Gunnari Guðmundssyni. Bókað var klukkan 16:15 að móðir Sævars hafi komið með sendingu til sonar síns, föt, ávexti og sælgæti. Klukkan 16:20 var bókað að Guðjón hafi verið færður á klefa sinn aftur. Bókað var í

¹⁶¹⁸ Bls. 1483.

¹⁶¹⁹ Dagbók nr. 5, bls. 126b.

¹⁶²⁰ Bls. 1673.

¹⁶²¹ Dagbók nr. 5, bls. 126b.

¹⁶²² Bls. 1488.

fangelsisdagbókina klukkan 18:45 að Haraldur hafi farið með Kristján Viðar. Klukkan 19:05 var bókað að Guðjón hafi verið færður fram til viðtals við Birgi Þormar og Harald Blöndal, réttargæslumann sinn. Bókað var klukkan 19:17 að Guðjón hafi verið færður aftur á klefa sinn. Í þingbók sakadóms Reykjavíkur var bókað þennan dag, 13. nóvember 1976, klukkan 19:00 að dómariinn, Birgir Þormar, hafi verið viðstaddur samtali Guðjóns við skipaðan réttargæslumann sinn, Harald Blöndal. Hafi Haraldur lýst því yfir fyrir hönd Guðjóns, að hann óskaði þess að úrskurðurinn yrði kærður til Hæstaréttar Íslands.¹⁶²³ Bókað í fangelsisdagbókina að Haraldur hafi komið til baka með Kristján Viðar klukkan 01:00. Rannsóknargögn um ferðir Kristjáns Viðars þennan dag liggja ekki fyrir. Var þess getið að Kristján hafi verið færður til yfirheyrslu í hornið við komuna í fangelsið. Bókað var klukkan 01:45 að Kristján Viðar hafi verið færður á klefa sinn.¹⁶²⁴ Rannsóknargögn um yfirheyrsluna liggja ekki fyrir.

832. Sunnudaginn 14. nóvember 1976 var bókað í dagbók fangelsisins við Síðumúla að Haraldur Blöndal, réttargæslumaður Guðjóns, hafi hringt klukkan 09:45 og spurt hvort starfsmenn fangelsisins myndu sækja slátur fyrir Guðjón. Bókað var klukkan 12:20 að [GUÆ], kona Guðjóns, hafi komið með bréf sem hafi verið fengið Guðjóni. Bókað var að ekkert hafi komið fram í því sem hafi komið málinu við. Var þess getið að Guðjón hafi skrifað nokkur orð á bakhlið bréfsins sem hafi heldur ekki komið málinu við og hafi [GUÆ] að því búnu verið fengið bréfið aftur. Klukkan 13:00 var bókað um komu Haraldar Blöndal, réttargæslumanns Guðjóns, með slátur og föt fyrir skjólstæðing sinn. Bókað var klukkan 21:40 að Guðjón hafi verið færður fram til viðtals við Grétar. Hafi Guðjón verið færður á klefa sinn aftur klukkan 00:10.¹⁶²⁵ Rannsóknargögn um viðtalið liggja ekki fyrir.
833. Fyrir liggur bréf dagsett þennan dag, ritað ef Eggerti N. Bjarnasyni til dómsmálaráðuneytisins. Í bréfinu kom fram að vegna rannsóknar Geirfinnsmálsins óskaði rannsóknarlögreglan í Reykjavík eftir því að ráðuneytið myndi afla allra upplýsinga sem til væru hjá Interpol um tiltekin nöfn og heimilisföng sem væri að finna á lista sem var meðfylgjandi bréfinu.¹⁶²⁶ Var þess sérstaklega beiðst að kannað yrði hvort Guðjón eða Sævar kynnu að vera eitthvað tengdir þessum aðilum. Var þess eindregið óskað að upplýsingaöfluninni yrði flýtt þar sem Guðjón hafi verið úrskurðaður í 20 daga gæsluvarðhald nóttina áður.¹⁶²⁷ Meðal rannsóknargagna er skeyti á ensku, dagsett sama dag, frá Interpol í Reykjavík til Interpol í París. Í bréfinu kom fram að Guðjón og Sævar, alþjóðlegir eiturfjasmýglarar, sætu í gæsluvarðhaldi grunaðir um morð. Var þess óskað að Interpol í París veitti allar mögulegar upplýsingar um Guðjón og Sævar. Þá kom fram að við handtöku Guðjóns hafi lögregla haldlagt minnisbók í hans eigu sem hafi innihaldið lista með nöfnum. Var

¹⁶²³ Bls. 1673.

¹⁶²⁴ Dagbók nr. 5, bls. 127.

¹⁶²⁵ Dagbók nr. 5, bls. 127b.

¹⁶²⁶ Bls. 1490–1491_A.

¹⁶²⁷ Bls. 1489.

þess jafnframt beiðst að Interpol í París kannaði nöfn þessara aðila og möguleg tengsl þeirra við málið. Var nafnalistinn meðfylgjandi skeytinu.¹⁶²⁸

834. Mánudaginn 15. nóvember 1976 var bókað í dagbók fangelsisins við Síðumúla að Jónas hafi komið klukkan 11:00 og tekið Sævar til viðtals. Klukkan 11:30 var bókað að Haraldur Blöndal, réttargæslumaður Guðjóns, hafi boðað komu sína eftir hádegið. Fimm mínútum síðar var bókað um símtal frá Birgi Þormari sem hafi tilkynnt að Haraldur hefði ekki leyfi til að tala við skjólstæðing sinn, Guðjón Skarphéðinsson. Bókað var klukkan 12:00 að Sævar hafi verið færður inn á klefa sinn og þess getið að Jónas væri að skrifa skýrsluna. Klukkan 12:30 var bókað um komu Haraldar Blöndal með víxil sem Guðjón hafi þurft að samþykkja. Var þess getið að hann kæmi aftur klukkan 14:00. Bókað var klukkan 12:45 að Sævar hafi verið færður fram til að undirrita skýrsluna hjá Jónasi. Skýrslan liggur fyrir meðal rannsóknargagna. Fram kom að Sævar hafi verið sérstaklega spurður um samskipti hans við Guðjón og hvað þeim hafi farið á milli 12. desember 1975, daginn sem Sævar hafi verið handtekinn á heimili sínu í Kópavogi. Greindi Sævar frá því að umræddan dag hafi hann rætt við Guðjón um Citroen bifreiðina sem komið hafi til landsins sama morgun en í henni hafi verið hass í þeirra eigu. Þegar lögreglan hafi komið hafi hann neitað að opna og hringt strax í Guðjón og sagt honum að lögreglan væri komin að handtaka sig. Hafi þá Guðjón sagt honum að þegja um það sem hann vissi og kvaðst Sævar viss um að í lok símtalsins hafi Guðjón sagt: „Gefðu ekki neitt upp sem þú veist um Geirfinnsmálið.“ Kvaðst Sævar hafa reynt að hringja í Ásgeir Friðjónsson, sakadómara í ávana- og fíkniefnamálum og Pál S. Pálsson, lögfræðing, en án árangurs. Hafi þá Guðjón hringt aftur og sagt orðrétt: „Ég ætla að halda mér utan við smyglið, þú verður að redda þessu.“ Greindi Sævar frá því að hafa komið mjög oft á heimili Guðjóns og konu hans. Þá kvaðst hann hafa farið að heimsækja Guðjón á vinnustað hans hjá Menningarsjóði veturinn 1975. Sagði Sævar að Guðjón hafi hringt til sín tvisvar eða þrisvar erlendis frá haustið 1975 og beðið hann að koma að ferðast. Hafi Erla þá ekki viljað að hann færi þar sem hún hafi verið nýbúin að eiga barn. Greindi Sævar frá ferð hans og Guðjóns til Lúxemborgar seint um haustið 1975. Hafi þeir farið saman til Amsterdam þar sem þeir hafi komið hassinu fyrir í Citroen bifreiðinni. Loks hafi þeir verið samferða í flugvél til Íslands frá Kaupmannahöfn snemma í desember sama ár.¹⁶²⁹
835. Klukkan 13:30 þennan dag var bókað í fangelsisdagbókina að Haraldur og Ívar hafi sótt Kristján Viðar og farið með hann til Keflavíkur. Hálf tíma síðar var bókað um komu réttargæslumanns Guðjóns og þess getið að hann hafi sótt víxilinn og miða frá Guðjóni. Þá hafi hann skilið eftir 2.000 krónur til tóbakskaupa fyrir skjólstæðing sinn.¹⁶³⁰ Bókað var klukkan 16:15 að Pétur Eggerz, Karl Schütz og Grétar Sæmundsson hafi komið og tekið Sævar til viðtals augnablik og sett hann strax aftur á klefa. Rannsóknargögn um viðtalið liggja ekki fyrir. Á sama tíma var bókað að Guðjón hafi verið tekinn fram. Bókað var klukkan 16:35 að Ívar og Haraldur hafi komið til baka með Kristján Viðar. Fyrir liggur upplýsingaskýrsla, dagsett sama dag,

¹⁶²⁸ Bls. 1492–1496.

¹⁶²⁹ Bls. 1497–1498.

¹⁶³⁰ Dagbók nr. 5, bls. 128.

rituð af Haraldi um ferðir Kristjáns Viðars. Fram kom að farið hafi verið með Kristján Viðar til Keflavíkur þar sem hann hafi upplýst um að stöðvað hafi verið fyrir framan hús í Keflavík áður en ekið hafi verið til Reykjavíkur aðfaranótt 20. nóvember 1974. Bókað er um að Kristján hafi bent á hverfi í Ytri-Njarðvík og sagst telja að húsið væri þar. Benti Kristján Viðar á tiltekið hús við Holtsgötu þar í bæ. Var þá haft samband við lögregluna í Keflavík sem hafi kannað íbúaskrá. Bókað var í upplýsingaskýrsluna um íbúa hússins frá 1973 til 1975. Bókað var að Kristján Viðar hafi sagst vera fullviss að þetta hafi verið húsið sem stöðvað hafi verið við í umrætt sinn.¹⁶³¹

836. Klukkan 17:45 var bókað að Guðjón hafi verið færður aftur á klefa sinn. Fyrir liggur samantektarskýrsla um yfirheyrsluna, rituð af Grétari. Fram kom að Guðjón hafi verið til yfirheyrslu milli klukkan 16:20 og 17:30 og Karl Schütz hafi annast yfirheyrsluna að viðstöddum Pétri Eggerz og Grétari. Greindi Guðjón frá því að Sævar hafi hringt til sín þegar lögreglumenn hafi verið að handtaka hann í desember 1975. Sagði hann Sævar ljúga ef hann héldi því fram að hann hafi sagt Sævari að segja ekkert um Geirfinnsmálið. Hafi Guðjón einnig sagt það lygi að rætt hafi verið um Geirfinnsmálið í símtali þeirra í milli í mars 1975 er Sævar hringdi til hans erlendis frá. Sagði Guðjón að Sævar hafi ekki spurt hvort óhætt væri að koma heim. Erla og Sævar hafi ekki komið heim til sín um vorið 1975. Þá kvaðst hann ekki hafa heyrt þau tala um Geirfinnsmálið á þeim tíma. Haft var eftir Guðjóni að Erla hafi komið heim til sín eftir að hún hafi verið búin að segja lögreglunni frá Geirfinnsmálinu síðastliðinn vetur. Hafi Erla sagt honum og konu hans frá öllu sem hún hafi þá verið búin að segja lögreglunni. Bókað var um framburð Guðjóns í tengslum við innflutning á hassi í bifreið í hans eigu. Loks var bókað að Guðjón hafi sagst ekkert vita um bifreið sem hafi verið ekið aftur á bak í sundinu milli Grettisgötu og Njálsgötu. Kvaðst Guðjón ekki nema einu sinni hafa ekið um í Land Rover bifreið með Erlu og Sævari.¹⁶³² Einnig liggur fyrir athugasemdaskýrsla rituð af Karli Schütz um yfirheyrslu yfir Guðjóni þennan dag. Í skýrslu Schütz kemur fram að Guðjón hafi verið spurður hvort hann hafi sagt við Grétar, rannsóknarlögreglumann, að hann þyrfti að hugsa málið ef ske kynni að hann hafi eitthvað verið viðriðinn málið. Hafi Guðjón sagst hafa sagt eitthvað slíkt við Grétar. Bókað var orðrétt: „Ég hef hugsað mikið, til að reyna að muna eitthvað, en ég finn ekkert. Ég hef aldrei áður heyrt nafn Geirfinns nefnt. Nei, ég er alls ekki viðriðinn [þetta mál].“ Bókað var að Guðjóni hafi verið gerð grein fyrir framburðum Erlu og Sævars frá sama degi, 15. nóvember 1976, um símtalið þar sem Guðjón hafi sagt við Sævar: „Segðu ekkert um Geirfinnsmálið“. Orðrétt var bókað eftir Guðjóni: „Þetta er hrein lygi.“ Þá var bókað að framburður um símtalið frá Kaupmannahöfn hafi verið borinn undir hann. Var orðrétt haft eftir Guðjóni: „Ef símtalið hefur kostað 3.000 krónur þá getur það aðeins hafa tekið 3 mínútur. Það er hægt að sjá það í símaskránni.“ Fram kom í skýrslunni að Guðjón hafi fengið tækifæri til að finna þessum upplýsingum stað í símaskrá en án árangurs. Haft var orðrétt eftir honum: „Ég hef aldrei sagt Sævari að það væri of ótryggt að koma heim til Íslands. Ef Erla hefur verið ófrísk, þá hefur hún í hæsta lagi verið komin 2 mánuði á leið. Ég hef

¹⁶³¹ Bls. 1514.

¹⁶³² Bls. 1509–1510.

heldur aldrei sagt, þau (Erla og Sævar) eigi að flytja sig eitthvað lengra í burtu.¹⁶³³ Í athugasemdaskýrsluna var bókað að borið hafi verið undir Guðjón: „Samtöl í íbúð Guðjóns eftir heimkomu þeirra Erlu og Sævars, o.s.frv.“ Haft var orðrétt eftir Guðjóni: „Þetta er allt uppspuni, lygi.“ „Þegar Erla kom til mín í janúar 1976, spurði ég hana auðvitað, hvað gerst hafi í Geirfinnsmálinu. Allir hafa áhuga á því.“¹⁶³⁴

837. Bókað var í fangelsisdagbókina klukkan 17:45 að Grétar hafi tekið til við athugun á glósumöppu Guðjóns, eins og það var orðað í færslunni. Klukkan 18:15 var bókað að Grétar hafi ekkert fundið athugasvert við bók Guðjóns og hafi hún verið afhent honum aftur. Þennan dag bókaði færsluritari athugasemd í fangelsisdagbókina um fyrirmæli Karls Schütz um sérstaka aðgæslu á Guðjóni og Sævari. Athuga yrði sérstaklega baðið þegar annar hvor þeirra væri búinn að nota það. Áhersla var lögð á að leita rækilega ef þeir reyndu bréfaskipti sín á milli. Fram kom að Guðjón vissi örugglega að Sævar væri í húsinu, en Sævar ætti hins vegar ekki að vita af Guðjóni. Þá sagði að gætur yrði einnig að hafa á Kristjáni Viðari og Guðjóni og þá sérstaklega baði og klósetti þar sem þeir deildu því.¹⁶³⁵ Bókað var í fangelsisdagbókina klukkan 20:45 að Birgir Þormar, fulltrúi yfirsakadómara, hafi beðið fyrir þrenns konar skilaboð til Guðjóns. Í fyrsta lagi um að víxlarnir hafi verið í lagi. Í öðru lagi um að Haraldur væri önnum kafinn við undirbúning kæru og í þriðja lagi að Haraldur hefði leyfi til að ræða við Guðjón daginn eftir.¹⁶³⁶
838. Sama dag, 15. nóvember 1976, var [GUÆ], fyrrum eiginkona Guðjóns, yfirheyrð á skrifstofu rannsóknarlögreglunnar milli klukkan 13:30 og 16:23. Fyrir liggur skýrsla um yfirheyrsluna þar sem fram kemur að þau hafi fest kaup á íbúð við Ásvallagötu sem þau hafi fengið afhenta 1. október 1974 og flutt inn 8. eða 9. nóvember sama ár. Hafi Guðjón unnið að endurbótum á íbúðinni eftir að þau hafi flutt inn og hafi bróðir hans aðstoðað hann við það.¹⁶³⁷ Lýsti hún ferðalagi þeirra um meginland Evrópu um haustið 1975. Þegar Citroen bifreiðin hafi komið til landsins með hassinu í hafi Guðjón verið úrskurðaður í gæsluvarðhald. Sagði vitnið að hann hafi ekki verið samur eftir það, en þó alltaf rólegur. Síðastliðið vor hafi Guðjón verið orðinn æstur í skapi svo hún hafi farið frá honum og hafi þau ekki búið saman síðan.¹⁶³⁸ Greindi vitnið frá samskiptum þeirra við Sævar. Sagði hún það einhvern veginn hafa æxlast þannig að Sævar hafi komið öðru hvoru á heimili þeirra. Hann hafi ekki komið oft. Kvaðst hún telja að hann hafi komið frekar sjaldan og aldrei af neinu sérstöku erindi henni afvitandi. Eftir hennar bestu vitneskju þá hittu þau Sævar um borð í m/s Smyrli af algjörri tilviljun. Hafi þau haft töluverð samskipti um borð og fékk Sævar far með þeim til Gautaborgar í bifreið þeirra. Kvaðst vitnið ekki hafa vitað það fyrr en eftir á að þeir hafi hist erlendis eftir að hún hafi verið farin heim.¹⁶³⁹ Kvaðst hún ekki muna til þess að Sævar hafi hringt á heimili hennar og Guðjóns nema í eitt sinn þegar hann

¹⁶³³ Bls. 1515.

¹⁶³⁴ Bls. 1516.

¹⁶³⁵ Dagbók nr. 5, bls. 128b.

¹⁶³⁶ Dagbók nr. 5, bls. 129.

¹⁶³⁷ Bls. 1500.

¹⁶³⁸ Bls. 1501.

¹⁶³⁹ Bls. 1502.

hafi spurt um heimilisfang Guðjóns í Frakklandi. Greindi [GUÆ] frá því að Sævar hafi komið nokkrum sinnum í heimsókn til þeirra á Ásvallagötuna. Hafi Sævar komið sjaldan veturinn 1974 til 1975 en þó mundi hún eftir einu tilviki þar sem Sævar hafi komið og beðið Guðjón um að reynsluaka Land Rover bifreið sem hann hafi þá nýlega fest kaup á. Sagði hún Guðjón hafa farið með Sævari og komið til baka eftir um tíu mínútur. Hafi Erla verið með í bifreiðinni. Kvaðst vitnið ekki muna eftir komu Sævars á heimili þeirra að Ásvallagötu í annan tíma nema sumarið 1975 en þá hafi hann komið nokkrum sinnum og þeir Guðjón farið saman í veiðitúra. Kvaðst [GUÆ] viss um að þau hafi bæði verið til vinnu 19. nóvember 1974. Sagðist hún ekki muna hvað hafi gerst um kvöldið eða nóttina á eftir. Taldi hún sig hafa munað það ef eitthvað sérstakt hafi gerst. Sagði hún Guðjón aldrei hafa farið neitt út um kvöld eða nætur á þessum tíma. Bókað var í lok skýrslunnar að [GUÆ] hafi viljað bæta því við framburð sinn að Guðjóni hafi fundist þetta fíkniefnasmyglmál hafa eyðilagt framtíð sína. Hann hafi skammast sín mjög mikið fyrir að hafa blandast inn í það. Þegar hún hafi farið frá honum um vorið 1976 þá hafi ástand hans ekki verið neitt einsdæmi. Sagði hún Guðjón að jafnaði vera æstan í skapi og erfiðan í umgengni á vorin því á þeim árstíma ætti hann erfitt um svefn.¹⁶⁴⁰

839. Fyrir liggur skýrsla um yfirheyrslu yfir Erlu á skrifstofu rannsóknarlögreglunnar milli klukkan 14:10 og 15:30 þennan dag. Í skýrslunni kom fram að Erla vildi taka það fram að kvikmyndasýning að Kjarvalsstöðum hafi verið aukasýning. Hætt var að sýna kvikmyndina, en vegna fjölda áskorana hafi hún verið sýnd eitt kvöld til viðbótar. Kvaðst Erla hafa farið ásamt Sævari og móður hans að Kjarvalsstöðum 19. nóvember 1974 til að skoða sýningu sem þá hafi staðið yfir, meðal annars sýningu á steinasafni, en móðir Sævars hefði mikinn áhuga á steinum. Þá hafi þau keypt aðgöngumiða á kvikmyndina „Eldur í Heimaey“ og gildi hann tvisvar sinnum. Kvaðst Erla því viss um að þau hafi séð myndina þegar aukasýning hafi farið fram, sennilega 22. nóvember 1974. Sagði Erla það hafa verið eftir þá sýningu sem hún hafi ekið Sævari heim til [VK] þar sem þau hafi dvalið nokkuð lengi. Eftir sýninguna 19. nóvember 1974 hafi hún ekið móður Sævars heim en þaðan hafi hún og Sævar ekið að Hjallavegi. Kvaðst Erla ekki muna hvað þau hafi aðhafst eftir það. Kvaðst Erla muna eftir því að hafa ekið Land Rover bifreið Sævars aftur á bak inn í húsasund heima hjá Kristjáni Viðari, í gegnum garð sem þar hafi verið og að húsinu. Þar hafi Sævar farið út og fjórði maður sem hún sagðist halda að hafi verið Guðjón Skarphéðinsson. Hafi þeir farið inn í kjallarann og komið út aftur eftir skamma stund og þá hafi Kristján Viðar verið með þeim. Hafi þeir þá haft á milli sín tvo poka, einhvers konar hveitipoka og sett þá inn í bifreiðina. Kvaðst Erla hafa ekið bifreiðinni, Sævar hafi setið við hlið sér, en Guðjón og Kristján Viðar hafi setið aftur í. Hafi hún ekið út á Álftanes og lýsti hún akstursleiðinni.¹⁶⁴¹ Þegar hún hafi komið að ófæru hafi hún ekki treyst sér til að aka lengra og hafi þau þá öll farið út úr bifreiðinni. Sævar, Kristján Viðar og Guðjón hafi borið pokana og haft skóflu meðferðis. Voru pokarnir grafnir ofan í hraunsprungu og kvaðst Erla hafa setið á lengdar og horft á þá. Lítil ummerki hafi sést þar sem þeir hafi

¹⁶⁴⁰ Bls. 1503.

¹⁶⁴¹ Bls. 1504.

mokað yfir gröfina og sett steina ofan á. Kvaðst Erla hafa ekið að Grettisgötu 82 þar sem Kristján Viðar hafi farið út. Mundi hún ekki hvert hún hafi ekið eftir það. Hafi þessi ferð verið farin skömmu eftir Keflavíkurferðina. Hélt Erla að þetta hafi verið 22. nóvember 1974 og þau hafi verið komin um klukkan 21:00 heim til Kristjáns Viðars. Greindi Erla frá samskiptum sínum og Sævars við Guðjón. Mundi hún eftir því að Sævar hafi hringt til Guðjóns frá Kaupmannahöfn og spurt hvernig ástandið væri á Íslandi. Guðjón hafi svarað að það væri ekki gott og Sævar þá spurt hvort honum væri óhætt að koma heim. Guðjón hafi svarað því til að hann skyldi ekki koma. Kvaðst Erla hafa setið við hlið Sævars þegar símtalið hafi átt sér stað og því hafi hún heyrt allt sem Sævar hafi sagt. Sævar hafi síðan greint henni frá því hvað Guðjón hafi sagt í símann. Þegar lýst hafi verið eftir Geirfinni hafi hún og Sævar verið í heimsókn hjá Guðjóni. Kvaðst Erla muna að þeir hafi þá rætt Geirfinnsmálið og Guðjón þá meðal annars sagt að það væri meira hvað neðanjarðarhreyfingin væri orðin áberandi og Sævar hafi tekið undir það með honum. Greindi Erla frá því að þegar lík hafi fundist á Seltjarnarnesi þá hafi hún og Sævar verið stödd heima hjá Guðjóni. Hafi Guðjón þá spurt hvort þarna hafi verið um að ræða annan Geirfinn og Sævar þá virst sammála.¹⁶⁴² Kvaðst Erla einnig muna eftir því að hafa verið heima hjá Guðjóni skömmu eftir komuna heim frá Kaupmannahöfn og þá hafi Sævar sagt að svona færi fyrir mönnum eins og Geirfinni, ekki væri við öðru að búast. Hafi Guðjón tekið undir það með Sævari og sagt: „Aumingja Geirfinnur.“ Greindi Erla frá heimsókn sinni á heimili Guðjóns og konu hans í janúarmánuði 1976 en þá hafi hún sagt Guðjóni frá máli Guðmundar Einarssonar. Guðjón hafi þá spurt hvort Sævar væri grunaður um eitthvað fleira og kvaðst Erla hafa játað því. Hún hafi heimsótt Guðjón aftur í febrúar og sagt honum þá frá Geirfinnsmálinu. Sagði Erla að Guðjón hafi spurt mjög um það hverjir hafi verið í Keflavík þegar þetta hafi skeð og virtist henni sem hann hafi haft mikinn áhuga á því atriði. Bókað var í skýrsluna um framburð Erlu í tengslum við handtöku Sævars í desember 1975 og símtal hans við Guðjón við það tilefni.¹⁶⁴³

840. Fyrir liggur athugasemdaskýrsla Karls Schütz um yfirheyrsluna, dagsett sama dag. Fram kom að þennan dag hafi átt sér stað fróðlegt viðtal við Erlu. Bókað var að Erla hafi sagst hafa heimsótt Guðjón í janúar 1976. Fyrst hafi þau rætt Guðmundarmálið en síðan hafi hann farið að tala um Geirfinnsmálið. Hafi Erla tekið eftir því að hann hafi verið að fiska eftir upplýsingum. Kvaðst Erla hafa sagt honum að Geirfinnsmálið væri komið á dagskrá, en þá hafi Guðjón spurt: „Hvað hefur komist upp?“ Kvaðst Erla þá hafa sagt honum frá öllu og þá hafi hann komist að því að hún hafi ekki nefnt hans nafn. Hafi Guðjón spurt hana ítrekað hvaða fólk hún hefði sagt hafa verið viðstatt í fjörunni umrætt kvöld.¹⁶⁴⁴
841. Þennan dag, 15. nóvember 1976, var dómþing sett í sakadómi Reykjavíkur og tekið fyrir dómsrannsókn á hvarfi Geirfinns. Bókað var að [JSigurð], framkvæmdastjóri Menningarsjóðs, hafi komið fyrir dóminn klukkan 13:37 sem vitni. Haft var eftir vitninu að hann hafi þekkt Guðjón síðan í bernsku, en foreldrar þeirra hafi búið í sama

¹⁶⁴² Bls. 1505.

¹⁶⁴³ Bls. 1506.

¹⁶⁴⁴ Bls. 1507–1508.

húsi.¹⁶⁴⁵ Lýsti vitnið Guðjóni sem greindum, sérvitrum og stríðnum. Hann væri mikið gefinn fyrir hótmyndni og orðaleiki. Kæruleysi hafi einkennt Guðjón sem hafi birst í námsástundun hans, en þó hafi hann alltaf tekið góð próf. Væri Guðjón skemmtilegur og góður félagi.¹⁶⁴⁶ Kvaðst vitnið hafa hafið störf hjá Menningarsjóði 1. maí 1975, en þá hafi Guðjón starfað þar sem bókarí. Eftir um einn og hálfan mánuð í starfi kvaðst vitnið hafa veitt því athygli að Guðjón væri í mikilli sálarkreppu. Sagðist hann hafa haft nokkrar ástæður fyrir þeirri ályktun sinni. Guðjón hafi ekki náð tökum á starfi sínu þrátt fyrir námskeið í bókfærslu, hjónaband hans hafi verið í upplausn og kona hans hringt í tíma og ótíma á skrifstofuna, bæði Guðjóni og öðrum til ama. Kvaðst vitnið telja að sukk og óregla hafi verið í einkalífi Guðjóns. Þá hafi faðir hans dáið á voveiflegan hátt og dóttir Guðjóns stórslasast í sama atburði. Hafi móðir Guðjóns og bróðir verið mjög illa á sig komin eftir þann atburð.¹⁶⁴⁷ Hafi framkoma Guðjóns á þessum tíma einkennst af kæruleysi og ábyrgðarleysi. Kvað vitnið Guðjón hafa einhvern tíma sagt eitthvað á þessa leið: „Þetta er vonlaust hér, þetta er ekkert þjóðfélag. Glæpamennirnir eru þeir einu, sem eitthvað fá og þeir stóru sleppa, en þeir litlu eru teknir. Það eina sem vit er í, er að flytja inn fikniefni og græða á því.“ Kvaðst vitnið ekki hafa tekið þessu alvarlega heldur bara sem almennri óánægju Guðjóns.¹⁶⁴⁸ Greindi vitnið frá tíðum heimsóknnum manns á skrifstofu Menningarsjóðs sem Guðjón hafi síðar sagt honum að hétu Sævar Ciesielski. Við það tilefni hafi Guðjón sagt Sævar hafa verið fyrrum nemanda sinn fyrir vestan sem hafi verið hálf umkomulaus og því hafi hann haldið hlífiskildi yfir honum og vorkennt honum. Lýsti vitnið því þegar Guðjón hafi kynnt sig fyrir Sævari, en þá hafi Guðjón sagt í hálfkæringi og beint orðum sínum til Sævars: „Passaðu þig á þessum manni, þetta er ættlaust kvikindi, morðingi, skepna, smyglari, lygari og fjárkúgari.“ Hafi Sævar ekki látið þetta orðbragð á sig fá og sagði vitnið að Guðjón hafi verið vanur að viðhafa svona munnsöfnuð við kunningja sína. Dró vitnið þá ályktun að Guðjón og Sævar væru góðir kunningjar og að gott væri á milli þeirra. Minntist vitnið þess að Guðjón hafi sagt í mestu vinsemd við skólafélaga sína: „Best gæti ég trúað, að þú værir morðingi.“¹⁶⁴⁹ Vildi vitnið taka það fram vegna ummæla í rannsóknarlögregluskýrslu að ekki hafi komið neitt fram um misferli í starfi af hálfu Guðjóns. Vék vitnið frá klukkan 14:30 og var dómþingi slitið.¹⁶⁵⁰

842. Fyrir liggja tvær samantektarskýrslur Ívars Hannessonar dagsettar þennan dag, 15. nóvember 1976, um könnun hans á upplýsingum sem Jón Oddsson, réttargæslumaður Sævars hafði eftir móðir Sævars og kom á framfæri við rannsóknarlögregluna. Ræddi Ívar við frænku Sævars, búsetta í Keflavík, sem hafi sagt mann hafa bankað upp á hjá sér 19. nóvember 1974 um klukkan 18:00 og beðið um að fá að hringja. Maðurinn hafi spurt hana um símanúmer [RagG], veitingamanns, en hún hafi ekki vitað það og því lánað honum símaskrá. Hafi maðurinn valið fjögurra stafa símanúmer en ekkert talað í

¹⁶⁴⁵ Bls. 1674.

¹⁶⁴⁶ Bls. 1675.

¹⁶⁴⁷ Bls. 1676.

¹⁶⁴⁸ Bls. 1677.

¹⁶⁴⁹ Bls. 1678.

¹⁶⁵⁰ Bls. 1679.

símann. Lýsti hún klæðnaði mannsins og útliti nokkuð ítarlega. Sagði vitnið að það hafi komið all oft fyrir að fólk hafi komið af götunni og fengið lánaðan síma.¹⁶⁵¹

843. Meðal rannsóknargagna liggur fyrir nafnlaust bréf úr Keflavík, dagsett þennan dag. Í bréfinu segir að nafngreindur piltur í Keflavík, sem starfi sem næturvörður á hótelinu í Vestmannaeyjum, geti gefið veigamiklar upplýsingar um Geirfinnsmálið. Fram kom að nafngreindur vinur hans úr Reykjavík gæti einnig veitt upplýsingar. Hefðu piltarnir verið í nánnum kunningsskap við þá sem kærðir hafi verið vegna málsins.
844. Þennan dag birtist forsíðufrétt í Vísi um að maðurinn sem hafi verið úrskurðaður í allt að 20 daga gæsluvarðhald væri talinn búa yfir meiri upplýsingum en hann hafi viljað kannast við. Væri það einkum samband mannsins við Sævar sem sakadómur vildi kanna nánar. Voru þessar upplýsingar hafðar eftir Birgi Þormari, fulltrúa hjá sakadómi. Fram kom að hann hafi átt helgarvakt og því hafi hann kveðið upp gæsluvarðhaldsúrskurð í Geirfinnsmálinu.¹⁶⁵²
845. Þriðjudaginn 16. nóvember 1976 var bókað í dagbók Síðumúlafangelsisins að Guðjón hafi verið tekinn fram til viðtals við Harald og Grétar klukkan 14:15. Bókað var að Guðjón hafi verið færður inn á klefa sinn klukkan 14:20, en viðtalið hafi átt að vera fimm mínútur. Rannsóknargögn um viðtalið liggja ekki fyrir. Klukkan 17:55 var bókað um komu Karls Schütz og Péturs Eggerz og var Sævar færður þá þegar fram til viðtals við þá. Var Sævar færður aftur á klefa sinn klukkan 19:50.¹⁶⁵³ Rannsóknargögn liggja ekki fyrir um viðtalið önnur en athugasemdaskýrsla rituð af Karli Schütz, dagsett sama dag. Bókað var að Sævar hafi sagst hafa hringt frá Kaupmannahöfn í Guðjón í byrjun mars 1975 og viljað fá upplýsingar um hvernig málin stæðu, póstsvikamálið og Geirfinnsmálið, og hvort honum væri óhætt að koma heim. Hafi Guðjón sagt að hann gæti ekki komið heim í náinni framtíð. Sagði Sævar að Erla hafi staðið við hlið sér þegar símtalið hafi átt sér stað. Kvaðst hann einnig hafa sagt Erlu frá samtalinu í smáatriðum. Sagði hann það rétt að hann og Erla hefðu heimsótt Guðjón nokkrum sinnum eftir komuna frá Kaupmannahöfn. Í einni heimsókninni mundi Sævar eftir að þeir hafi rætt Geirfinnsmálið. Bókað var að Sævar myndi ekki eftir því að Guðjón hafi verið með vasabók eða eitthvað slíkt til að skrifa í. Vissi Sævar að Erla hafi farið að heimsækja Guðjón eftir að hún hafi losnað úr fangavistinni.¹⁶⁵⁴
846. Þennan dag var bókað í fangelsisdagbókina klukkan 21:20 að Guðjón hafi verið færður fram til viðtals við Jónas og Grétar. Var Guðjón færður á klefa sinn klukkan 00:00.¹⁶⁵⁵ Fyrir liggur skýrsla um yfirheyrslu yfir Guðjóni þennan dag milli klukkan 21:30 og 23:42. Greindi Guðjón frá störfum sínum árið 1974. Hafi þau hjónin fest kaup á íbúð að Ásvallagötu og stefnt að því að flytja inn fyrir 1. nóvember en það hafi ekki gengið upp og þau því flutt inn nokkrum dögum síðar. Kvaðst Guðjón hafa unnið mikið í íbúðinni bæði fyrir og eftir að þau fluttu inn. Hafi hann verið flest öll kvöld og

¹⁶⁵¹ Bls. 1512–1513.

¹⁶⁵² Bls. 1518.

¹⁶⁵³ Dagbók nr. 5, bls. 130.

¹⁶⁵⁴ Bls. 1519–1520.

¹⁶⁵⁵ Dagbók nr. 5, bls. 130b.

um helgar að vinna í íbúðinni fram í desember 1974. Greindi Guðjón frá því að Sævar hafi byrjað að venja komur sínar á skrifstofu Menningarsjóðs í mars 1975. Hafi hann komið alloft en svo ekkert inni á milli. Mundi hann ekki eftir því að hafa varað samstarfsfólk sitt við Sævari, en sagði það vel geta verið að hann hafi sagt eitthvað á þá leið að hann væri vandræðagepill. Viðurkenndi Guðjón að hafa sinnt vinnu sinni illa um tíma og þá sérstaklega um vorið 1975. Sagði hann ástæðuna hafa verið heimilisaðstæður og slæmar taugar. Þá sagðist hann ekki hafa haft góða þekkingu á bókhaldi og því gengið illa að ráða við verkefnið.¹⁶⁵⁶ Greindi Guðjón frá ferð sinni með m/s Smyrli, símasamskiptum og skeytasendingum milli hans og Sævars um veturinn 1975.¹⁶⁵⁷

847. Þennan dag var dómþing sett í sakadómi Reykjavíkur og tekið fyrir rannsókn vegna hvarfs Geirfinns. Bókað var að [ÁGH], skrifstofumaður hjá Menningarsjóði, hafi mætt í dóminn klukkan 15:05. Sagðist vitnið hafa talið Guðjón furðulegan í framkomu. Sagði hún hann hafa sagt hluti sem mátt hafi taka á tvenna vegu en hann hafi aldrei brugðið svip.¹⁶⁵⁸ Að því er hana sjálfa varðaði hafi Guðjón verið almennilegur í umgengni. Sagði vitnið Guðjón ekki hafa notað stóryrði við samstarfsfólk sitt. Greindi hún frá tíðum heimsóknnum Sævars á skrifstofuna. Vék vitnið frá og var dómþingi slitið þann dag.¹⁶⁵⁹ Ber þingbókin ekki með sér frekari nýjar upplýsingar.
848. Fyrir liggur upplýsingaskýrsla Eggerts N. Bjarnasonar, dagsett þennan dag, um nafnlausu ábendingu sem borist hafi lögreglunni. Fram kom að maður hafi hringt og sagst hafa tekið stúlku upp í bifreið sína kvöldið áður fyrir utan samkomuhús í Reykjavík. Hafi stúlkann verið töluvert ölvuð og hann ekið henni heim til hennar. Í bifreiðinni hafi stúlkann sagt að bræðurnir [LV] og [HV] vissu eitthvað um Geirfinnsmálið. Hafi maðurinn sagst vilja skýra frá þessu en sagt stúlkuna hafa verið undir miklum áfengisáhrifum og því ef til vill ekkert að marka frásögn hennar.¹⁶⁶⁰
849. Sama dag, 16. nóvember 1976, bárust svarskeyti á ensku frá Interpol í París. Í fyrra skeytinu kom fram að aðilarnir sem kæmu fram á nafnalista sem hefði verið meðfylgjandi skeyti Interpol í Reykjavík væru óþekktir í upplýsingagrunni Interpol. Þá lægju engar upplýsingar fyrir um Sævar Ciesielski aðrar en þær sem fram hafi komið í skeytinu. Fram kom að fyrirspurnin hafi verið framsend til hinna ýmsu ríkja.¹⁶⁶¹ Í seinna skeytinu komu fram upplýsingar um niðurstöðu könnunar Interpol í Buenos Aires í Argentínu. Fram kom að Guðjón og Sævar væru óþekktir í Argentínu. Þá sagði að tiltekið heimilisfang sem hafi verið að finna á listanum væri raunar bókabúð en ekki heimili.¹⁶⁶² Þennan dag var jafnframt sent skeyti á dönsku frá Interpol í Reykjavík til Interpol í Danmörku. Fram kom að rannsóknarlögreglan hefði til rannsóknar mál þar sem nokkrir aðilar sætu í gæsluvarðhaldi grunaðir um morð. Var þess beiðst að Interpol í Danmörku hlutaðist til um að kanna hvort unnt væri að afla upplýsinga um

¹⁶⁵⁶ Bls. 1521–1522.

¹⁶⁵⁷ Bls. 1523.

¹⁶⁵⁸ Bls. 1680.

¹⁶⁵⁹ Bls. 1681–1682.

¹⁶⁶⁰ Bls. 1524.

¹⁶⁶¹ Bls. 1525.

¹⁶⁶² Bls. 1526.

símtal sem hafi átt sér stað í mars eða apríl 1975 milli tveggja sakborninga í málinu. Fram kom að slíkar upplýsingar hefðu mikla þýðingu fyrir rannsókn málsins. Í skeytinu var greint frá því að Sævar hafi hringt „collect“ símtal frá Kaupmannahöfn til Guðjóns sem hafi þá verið staddur í Reykjavík. Var þess óskað að upplýst yrði um nafn og heimilisfang þess sem hafi pantað símtalið, hvenær dags símtalið hafi átt sér stað, hversu lengi það hafi varað og hversu mikið það hafi kostað. Í lok skeytisins var sett fram fyrirspurn þess efnis hvort lögreglan hafi hugsanlega verið með hlustun á þetta tiltekna símanúmer, en mennirnir væru alþjóðlegir eiturlyfjasmyglarar sem hefðu meðal annars farið um Danmörku. Þá var tekið fram að engar upplýsingar um framangreint símtal væri að finna hjá íslenska símfyrirtækinu. Var þess óskað að beiðnin yrði afgreidd eins hratt og mögulegt væri.¹⁶⁶³

850. Þennan dag ritaði Guðjón færslu í dagbók sína sem hann hélt í fangelsinu undir yfirheitinu: „Dagbók vegna gruns um aðild að hvarfi G. Einarssonar“. Orðrétt ritaði hann fremst í færslunni: „Byrjaði að halda hana í Síðumúla í nóv 76. vegna gæsluvistar, því höf. á að vera að leyna vitneskju um hvarf Geirfinns Einarssonar.“ Ritaði hann um að hafa verið í stuttri yfirheyrslu vegna hassmálsins. Yfirheyrslur hingað til hafi ekki beinst að hvarfi Geirfinns en þó hafi sitthvað verið gefið í skyn, eins og hann orðaði það. Orðrétt ritaði Guðjón: „Mér finnst vera reynt að fiska upp úr mér ýmisl. þessu máli óviðkomandi.“¹⁶⁶⁴
851. Þennan dag birtist frétt á forsíðu Tímans með fyrirsögninni: „Geirfinnsmálið: Lausnin í sjónmáli?“ Fram kom að sterkar líkur bentu til þess að lausn málsins væri í sjónmáli. Almenn bjartsýni ríkti meðal rannsóknaraðila um að hvarfið myndi upplýsast að fullu. Í fréttinni sagði að Örn Höskuldsson hafi sagt frétt Vísis um að enn meiri kraftur hafi verið settur í rannsókn málsins ekki eiga við rök að styðjast. Haft var orðrétt eftir Erni: „Það er vafasamt að við höfum úthald til þess að bæta við kraftinn.“¹⁶⁶⁵
852. Miðvikudaginn 17. nóvember 1976 var bókað í dagbók fangelsisins við Síðumúla að Schütz, Pétur Eggerz og Jónas rannsóknarlögreglumáður hafi farið með Sævar í ferðalag klukkan 11:50. Bókað var um komu Sævars tilbaka í fangelsið klukkan 12:50. Fyrir liggur upplýsingaskýrsla rituð af Jónasi um ferð út á Álftanes með Sævar þennan dag. Bókað var að Sævar hafi í yfirheyrslu sagst ætla að vísa á lík Geirfinns. Hafi Sævar vísað á ákveðinn stað í fjörunni neðan við bæinn Hausastaði.¹⁶⁶⁶ Bókað var í fangelsisdagbókina að Grétar hafi komið klukkan 19:08 og tekið Guðjón til viðtals.¹⁶⁶⁷ Bókað var að Guðjón hafi verið settur inn á klefa sinn klukkan 20:45. Fyrir liggur ódagsett samantektarskýrsla um yfirheyrsluna yfir Guðjóni, rituð af Grétari. Var tilefni yfirheyrslunnar að spyrja Guðjón um hlut hans í innflutningi á hassi í desember 1975. Fram kom að Guðjón hafi sagst hafa greint frá aðkomu sinni við yfirheyrslur í sakadómi í ávana- og fíkniefnamálum. Bókað var um frásögn Guðjóns af atvikum málsins. Fram kom að Guðjón hafi þá verið spurður hvað hann hafi átt að fá fyrir að

¹⁶⁶³ Bls. 1527.

¹⁶⁶⁴ Bls. 1527_A.

¹⁶⁶⁵ Bls. 1528.

¹⁶⁶⁶ Bls. 1531.

¹⁶⁶⁷ Dagbók nr. 5, bls. 131.

lána bifreið sína til hassinnflutnings. Bókað var að Guðjón hafi í fyrstu sagt að Sævar og [ÁEP] hafi ætlað að greiða flutningskostnað en að auki hafi hann átt að fá 100.000 krónur. Var Guðjón þá spurður hvenær og hvar samningar um það hafi verið gerðir. Guðjón hafi þá sagt að sér væri illa við að vera að játa á sig sakir í smámálum sem þessu og hann sæi ekki tilganginn með þessum spurningum. Var Guðjón þá minntur á að hann hafi haldið fram sakleysi sínu við yfirheyrslur í Geirfinnsmálinu og fullyrt að Sævar væri að ljúga upp á sig sakir. Bókað var orðrétt: „Hann væri spurður um þetta hass-mál til að ganga úr skugga um hvort í því máli kæmi fram ástæða hjá Sævari til að ljúga sökum á Guðjón í Geirfinnsmálinu, enda væri jöfnum höndum reynt að kanna þau atriði sem bentu til sektar hans og sýknu.“ Fram kom að Guðjón hafi verið ítrekað spurður um hvar og hvenær rætt hafi verið um hans þóknun í málinu. Hafi Guðjón sagst ekki muna þetta og svarað að öðru leyti óljóst. Hafi yfirheyrslu þá verið hætt þar sem ekki hafi reynst unnt að fá Guðjón til að skýra sjálfstætt frá. Bókað var að Guðjón hafi verið rólegur og svarað skilmerkilega í upphafi, en þegar hann hafi verið spurður um væntan ágóða hans í hassmálinu hafi hann orðið óróf og vírst renna í skap. Bókað var að aflað yrði afrits af dómsrannsókn í málinu hjá sakadómi í ávana- og fíkniefnamálum.¹⁶⁶⁸

853. Klukkan 20:55 var bókað í fangelsisdagbókina að Sævar hafi verið færður fram til viðtals við Jónas. Bókað var að Sævar hafi verið færður inn á klefa sinn klukkan 22:40.¹⁶⁶⁹ Fyrir liggur skýrsla þar sem fram kemur að Sævar hafi verið yfirheyrður milli klukkan 22:00 og 22:40. Bókað var að Sævar hafi verið sérstaklega spurður um samskipti sín við Guðjón og símtal sem þeir hafi átt í mars 1975. Hafi Sævar sagst hafa hringt til Guðjóns frá Kaupmannahöfn til að spyrjast fyrir um hver staðan væri á póstsvikamálinu og Geirfinnsmálinu. Hafi Guðjón sagt það óheppilegt að hann og Erla kæmu heim. Hafi þeir rætt um það sem fram hefði komið í blöðum um Geirfinnsmálið. Hafi Guðjón sagt málið vera á rangri braut. Kvaðst Sævar ekki hafa getað skilið það öðruvísi en að málið væri að renna út í sandinn, en þó væri ekki ráðlegt fyrir þau að koma heim. Kvaðst Sævar hafa verið búinn að sjá það í blöðum úti að póstsvikamálið væri komið upp.¹⁶⁷⁰ Greindi Sævar frá því hann hafi komið til Íslands í apríl 1975 og hafi hann og Erla þá hætt saman. Um það leyti hafi hann og Guðjón talið Geirfinnsmálið úr sögunni þar sem lögreglan hafi alltaf verið á villigötum. Kvaðst Sævar gruna að Guðjón hafi vitað eitthvað um Guðmundarmálið án þess að hann hafi sagt honum frá því. Hafi honum skilist það á tali Guðjóns. Haft var eftir Sævari að Erla hafi sagt honum við samprófun síðasta vor að hún hafi heimsótt Guðjón þegar hún hafi gengið laus seinni hluta vetrarins. Vildi Sævar geta þess sérstaklega að hafi Guðjón einhverja vitneskju um Guðmundarmálið þá hafi hún verið komin frá Erlu.¹⁶⁷¹

854. Þennan dag var dómþing sakadóms Reykjavíkur háð af Birgi Þormari, fulltrúa, og tekið fyrir dómsrannsókn á hvarfi Geirfinns. Bókað var að klukkan 13:45 hafi [GUÆ]

¹⁶⁶⁸ Bls. 1534–1535.

¹⁶⁶⁹ Dagbók nr. 5, bls. 131b.

¹⁶⁷⁰ Bls. 1536.

¹⁶⁷¹ Bls. 1537.

mætt sem vitni. Var haft eftir henni að hún hafa vitað að Sævar hafi átt erfitt uppdráttar. Hún hafi litið á hann sem smælingja sem staðið hafi höllum fæti. Sagði hún Sævar hafa átt erfitt með að koma orðum að hugsun sinni. Hann hafi helst rætt um heilsufar sitt eða verið með skýjaborgir í sambandi við kvikmyndagerð. Taldi [GUÆ] að Guðjón hafi verið sama sinnis. Kvaðst hún ekki hafa vitað um að Sævar hafi verið í glæpastarfsemi. Aðspurð kvaðst hún ekki hafa vitað til þess að Sævar hafi útvegað Guðjóni hass. Sagði hún hassneyslu Guðjóns hafa verið hverfandi litla ef einhverja.¹⁶⁷² Greindi [GUÆ] frá því að skömmu eftir að Erla hafi losnað úr gæsluvarðhaldi hafi hún komið eitt sinn í heimsókn og sagst alltaf hafa verið hrædd við Sævar.¹⁶⁷³ Við sama tilefni hafi hún sagt henni og Guðjóni frá morðinu á Guðmundi Einarssyni. Sagði [GUÆ] að sú saga hafi breyst í þau tvö skipti sem Erla hafi komið aftur í heimsókn. Hafi henni virst sem Erla hafi orðið stöðugt ruglaðri og kvaðst hún hafa haldið að Erla væri á mjög sterkum deyfilyfjum. Mundi hún eftir því að Erla hafi komið inn á heimilið eftir að Guðjón hafi hitt hana á kaffihúsi fyrr þann dag. Hafi hún þá sagt Guðjóni sögu um Geirfinnsmálið og hverjir hafi verið þar að verki. Greindi [GUÆ] frá því að Guðjóni hafi verið mikið niðri fyrir vegna þessarar sögu og sagt henni strax frá henni þegar hann hafi komið heim. Hafi þau rætt það sín á milli hvort Erla væri ekki uppdópuð og vitlaus. Hafi Erla komið til þeirra í umrætt sinn um það bil klukkutíma eftir að Guðjón hafi komið heim. Endurtók hún þá söguna um Geirfinn sem hún hafði áður sagt Guðjóni. Sagði [GUÆ] að Erla hafi nafngreint fjóra menn sem hafi þá setið í gæsluvarðhaldi og sagt fleiri menn hafa verið í fjörunni. Erla hafi ekki viljað nafngreina þá en sagt þá vera háttsetta. Kvaðst [GUÆ] muna eftir að hafa spurt Erlu hvort Ólafur Jóhannesson, dómsmálaráðherra, hafi verið í fjörunni og hafi Erla þá ekki viljað taka fyrir það. Kvaðst [GUÆ] einnig muna eftir að Erla hafi sagt einhverja hryllingssögu um að einhverjir máttarstólpar í þjóðfélaginu hafi orðið [BjBe] að bana. Kvaðst vitnið hafa skýrt Haraldi Blöndal, lögfræðingi, frá þessu samdægurs þar sem henni hafi þótt mjög óþægilegt að sitja uppi með þessar upplýsingar. Sagði [GUÆ] að daginn eftir hafi alveg sama frétt birst í Dagblaðinu. Taldi vitnið að hún og Guðjón hafi litið frásagnir Erlu svipuðum augum. Bókað var orðrétt í þingbókina: „Fyrst er hún sagði frá morði Guðmundar Einarssonar og kom með fyrstu útgáfu af því, þá trúðu þau henni, en þegar á leið, útgáfurnar breyttust og Erla gerðist ruglaðri voru þau hætt að trúá henni.“¹⁶⁷⁴ Bókað var í þingbókina að Haraldur Blöndal, réttargæslumaður Guðjóns, hafi óskað eftir því að fá að tala einslega við Guðjón. Hafi dómariinn tjáð honum að það yrði ekki heimilað að svo stöddu. Viku viðstaddir frá.¹⁶⁷⁵

855. Þennan dag barst svarskeyti á dönsku frá Interpol í Danmörku til Interpol í Reykjavík. Fram kom að ekki væri mögulegt að útvega upplýsingar um nefnt símtal. Almennt væri slíkt unnt, en öllum skráningargögnum væri eytt innan þriggja mánaða. Fram kom að nafn Sævars Marinó Ciesielski væri til í skrá. Honum hafi verið brottvísað frá Danmörku 21. júlí 1973 þar sem hann hafi verið á sakaskrá fyrir sölu á LSD á

¹⁶⁷² Bls. 1683–1684.

¹⁶⁷³ Bls. 1685.

¹⁶⁷⁴ Bls. 1686–1687.

¹⁶⁷⁵ Bls. 1687.

Íslandi. Hafi hann notast við eftirnafnið Michalsson. Fram kom að nafn Guðjóns Skarphéðinssonar hafi ekki fundist í skrá.¹⁶⁷⁶

856. Sama dag, 17. nóvember 1976, var [DÁD], sjómaður, yfirheyrður á skrifstofu rannsóknarlögreglunnar sem sakborningur. Var hann spurður um athafnir sínar og ferðir 19. nóvember 1974 og dagana þar á eftir. Greindi hann frá því að hafa farið í skemmtiferð til Kaupmannahafnar og Færeyja í nóvember 1974. Kvaðst hann hafa gefið upp nafnið Jón Guðmundsson og tiltekið heimilisfang á Húsavík þegar hann hafi keypt farseðilinn. Sagði hann ástæðu þess hafa verið þá að hann hafi beðið dóms í fíkniefnamáli og hafi verið í farbanni. Greindi hann ítarlega frá ferðum sínum og gerðum. Aðspurður hvort hann þekkti Sævar, Kristján Viðar, Guðjón eða [GUÆ] kvaðst hann þekkja Sævar í gegnum félagsskapinn Fylkinguna og hafi síðast hitt hann haustið 1971. Hann þekkti Kristján Viðar í sjón en væri ekki málkunnugur honum. Vissi hann ekki hver Guðjón og [GUÆ] væru.¹⁶⁷⁷
857. Þennan dag ritaði Guðjón færslu í dagbók sína í fangelsinu. Ritaði hann um að Benedikt Blöndal væri tekinn við sem réttargæslumaður sinn. Hann væri geðslegur maður. Honum hafi borist kveðja frá móður sinni og [GUÆ] hafi beðið hann um að skrifa sér. Ritaði Guðjón um að séra Jón Bjarman væri væntanlegur í heimsókn. Hann væri spenntur á taugum og ekki mega við miklu. Helst vildi hann vera norður í Vatnsdal að ganga við búsmala. Þá ritaði Guðjón um indælt bréf sem honum hafi borist frá [GUÆ] og hvað hann hefði viljað reynast henni betur. Orðrétt ritaði hann: „Yfirheyrsla á morgun kl. 2. Nú hljóta málin að fara að skýrast. Enn get ég ekki munað nein tengsl milli mín og Geirfinnsmáls. En eitthvað er samt á seyði.“¹⁶⁷⁸
858. Fimmtudaginn 18. nóvember 1976 var bókað að Haraldur hafi farið með Kristján Viðar til læknis klukkan 09:35. Bókað var um komu hans til baka í fangelsið klukkan 12:20. Klukkan 13:34 var bókað um að Haraldur hafi komið með sendingu til Kristjáns Viðars. Mínútu síðar var bókað að Birgir Þormar, fulltrúi sakadóms og Haraldur og Benedikt, rannsóknarlögreglumenn, hafi tekið Guðjón til viðtals. Bókað var að Guðjón hafi verið færður á klefa sinn klukkan 13:50.¹⁶⁷⁹ Rannsóknargögn um viðtalið liggja ekki fyrir. Klukkan 14:45 var bókað að Jónas, Schütz og Péturs Eggerz hafi tekið Sævar til viðtals. Bókað var klukkan 15:38 að Sævar hafi verið færður aftur á klefa sinn. Rannsóknargögn liggja ekki fyrir um viðtalið. Klukkan 15:43 hafi Guðjón verið færður í hornið og aftur á klefa sinn klukkan 16:45. Meðal rannsóknargagna liggur fyrir samantektarskýrsla dagsett sama dag, rituð af Jónasi Bjarnasyni. Fram kom að Schütz hafi spurt Guðjón hvers vegna hann hafi farið að tala um Fiat bifreið tengdamóður sinnar í gær við Grétar. Haft var eftir Guðjóni að hann hafi séð í Morgunblaðinu á sínum tíma að rætt hafi verið um Fiat bifreið í tengslum við Geirfinnsmálið. Bókað var að Schütz hafi bent Guðjóni á að segja það sem hann viti um málið ef það yrði til þess að sanna sakleysi hans. Jafnframt hafi hann bent honum á sakir þær sem Kristján Viðar, Sævar og Erla hafi borið á hann í málinu. Guðjón hafi

¹⁶⁷⁶ Bls. 1538.

¹⁶⁷⁷ Bls. 1529–1530.

¹⁶⁷⁸ Bls. 1527_A.

¹⁶⁷⁹ Dagbók nr. 5, bls. 132.

sagst reyna að hjálpa til. Hann hafi stundum haft Fiat bifreiðina að láni og hafi líklegast verið með hana í tvö skipti fyrir utan skrifstofu Menningarsjóðs. Bókað var að Schütz hafi bent Guðjóni á að svo virtist sem hann hafi haft áhuga á Geirfinnsmálinu miðað við færslur í minnisbók hans. Mundi Guðjón ekki til þess að Sævar hafi nokkurn tímann komið upp í umrædda Fiat bifreið. Bókað var að Schütz hafi bent Guðjóni frekar á ásakanir þær sem á hann hafi verið bornar. Orðrétt var bókað í samantektarskýrsluna: „Guðjón segir að þarna sé um algjöran hugarburð hjá þessu fólki að ræða. Hann tekur það fram að hann hafi sérstaklega gott minni.“ Spurði Schütz hvort hann hafi jafnvel farið einhvern hluta af umræddri ferð til Keflavíkur. Bókað var orðrétt: „Eftir umhugsun og hafa nefnt oftár en einu sinni við sjálfan sig „hluta af leiðinni“ svaraði hann neitandi. Var Guðjón spurður hvort honum hafi ekki dottið neitt í hug til að hjálpa til við málið. Hafi Guðjón svarað því neitandi. Var Guðjóni bent á að framburður Erlu og Sævars féllu saman hvað varðar efni símtals hans og Sævars í mars 1975. Svaraði Guðjón því til að ef hann hafi eitthvað verið að vara Sævar við því að koma til Íslands þá hafi það verið vegna póstsvikamálsins. Orðrétt var bókað í skýrsluna: „Schütz bendir Guðjóni á að kæruleysi af hans hálfu sé ekki gott í máli þessu. Erla, Sævar og Kristján Viðar hafi breyst og gefi nú upplýsingar sem sumar hafi reynst vera réttar.“ Aðspurður hvort hann hafi komið í kjallara húss við Grettisgötu sagðist Guðjón hafa komið með konu sinni í kjallara við nefnda götu. Hafi þau verið með nemendum konu sinnar og farið í heimsókn til nafngreindrar konu. Sagðist Guðjón ekki vita hvar Kristján Viðar hafi búíð. Aðspurður hvort honum hafi verið kunnugt um að maður hafi flogið til útlanda undir fölsku nafni 20. nóvember 1974 spurði Guðjón á móti hvort það hafi staðið í blöðunum.¹⁶⁸⁰

859. Þennan dag var sett dómþing í sakadómi Reykjavíkur og tekið fyrir dómsrannsókn vegna hvarfs Geirfinns. Bókað var að Guðjón hafi verið færður í dóminn klukkan 13:45. Þá voru bókaðir mættir Benedikt Blöndal, hæstaréttarlögmaður og Haraldur Blöndal, lögfræðingur. Bókað var að Guðjóni hafi verið tjáð að vafi léki á um hvort Haraldur hefði réttindi til að skila inn greinargerð til Hæstaréttar. Var bókað í þingbók að Guðjón hafi samþykkt að Benedikt Blöndal taki við starfi réttargæslumanns. Var Benedikt skipaður og dómþingi slitið.¹⁶⁸¹
860. Fyrir liggur upplýsingaskýrsla dagsett þennan dag um símtal Sigurbjörns Víðis við [SÓG], móður Sævars, klukkan 11:30 sama dag. Bókað var að erindið hafi verið að bera henni skilaboð í framhaldi af samræðum Schütz við hana daginn áður. Voru skilaboðin þau að ekki væri hægt að leyfa Sævari að fara í heimsókn til hennar, slíkt væri brot á lögum. Hafi Schütz hinsvegar ætlað að koma á fundi þeirra þar sem Schütz myndi leggja fyrir hana nokkrar spurningar að Sævari viðstöddum. Við það tækifæri gæti hún spjallað við hann, en þó alls ekki um sakamálin. Bókað var í skýrsluna um viðbrögð móður Sævars. Hafi hún sagst hafa vitað að eitthvað lægi að baki þessu og lýst því yfir að hún myndi ekki svara neinum spurningum. Hún hafi ekki séð Sævar í tíu mánuði og gæti því vel beðið í aðra tíu eftir að fá að sjá hann. Kvaðst [SÓG] vilja hafa lögmann viðstaddan ef af þessu yrði. Sagðist hún ekki ætla að láta nota sig sem

¹⁶⁸⁰ Bls. 1540–1541.

¹⁶⁸¹ Bls. 1688.

tálbeitu í málinu. Í niðurlagi skýrslunnar var bókað að Schütz hafi sagst ekkert við lögmann að gera í þessu tilfalli. Hafi hann spurt hvort [SÓG] vildi að hún yrði sótt klukkan 15:45. Hafi hún þá sagst ekki vilja mæta og svara spurningum að Sævari viðstöddum nema í áheyrn lögmanns.¹⁶⁸²

861. Meðal rannsóknargagna liggur fyrir ódagsett upplýsingaskýrsla rituð af Jónasi Bjarnasyni. Fram kemur að þennan dag, 18. nóvember 1976, hafi hann ásamt Ívari Hannessyni farið að Hausastöðum á Álftanesi þar sem Sævar hafi sagt lík Geirfinns grafið. Vélskófla hafi verið fengin til að grafa upp sandinn á umræddum stað og all vött svæði í kring, en án árangurs.¹⁶⁸³
862. Fyrir liggur upplýsingaskýrsla dagsett sama dag, rituð af Ívari Hannessyni, þar sem fram kom að Jón Oddsson, réttargæslumaður Sævars, hafi haft samband við rannsóknarlögregluna sama dag og upplýst að móðir Sævars hafi sagt honum að vinkona hennar hafi hitt mann um liðna helgi. Með honum hafi verið annar maður sem vinkonan hafi talið vera rannsóknarlögreglumann úr Keflavík. Hafi þau verið að skemmta sér í Glæsibæ þegar maðurinn hafi sagst hafa verið heimagangur á heimili Geirfinns fyrir hvarf hans. Sagði hann það hafa fengið mjög á Geirfinn þegar fjögurra ára frændi hans hafi drukknað í Keflavík. Hafi maðurinn sagst ekki hafa undrast þegar fréttir hafi borist af hvarfi Geirfinns og vita að Geirfinnur hafi ekki farið niður að höfninni í Keflavík. Enga skýringu hafi maðurinn þó gefið á ummælum sínum.¹⁶⁸⁴
863. Þennan dag, 18. nóvember 1976, ritaði Haukur Guðmundsson, rannsóknarlögreglumaður í Keflavík, bréf til Péturs Eggerz ásamt lögregluskýrslum um leit vegna hvarfs Geirfinns Einarssonar, uppgröft og fund á munum í því sambandi. Fram kom að skipuleggjandi leitarinnar hafi verið Tryggvi Kristvinsson, yfirlögreglumaður á Húsavík. Ritaði Haukur um að hafa ekki haft vitneskju um fund þennan fyrr en með hjálagðri skýrslu, dagsettri 4. apríl 1976. Fram kom að ekki væri vitað hvað hafi orðið um þá muni sem tilgreindir væru í skýrslunum. Var þess óskað að skýrslunum yrði komið til Karls Schütz.¹⁶⁸⁵ Meðfylgjandi bréfinu voru tvær lögregluskýrslur. Annars vegar var upplýsingaskýrsla lögreglu um leit við Djúpatn, dagsett 1. desember 1974, og hins vegar skýrsla dagsett 4. apríl 1976 með sameiginlegri frásögn þriggja manna frá björgunarsveitinni Sigurvon um framangreinda leit. Fram kom að við leitina hafi þeir fundið jarðrask sem hafi komið þeim fyrir sjónir sem sprunga sem hafi verið fyllt. Tilkynntu þeir fundinn til lögreglu sem hafi komið á staðinn. Hafi þá verið tekið til við að grafa og fundist glært plast með gráum málningarslettum og dagblaðsbútur dagsettur 19. nóvember 1974. Töldu leitarmenn að plastið hafi verið notað í svokallað síðuhólf á rútabifreið. Á sama stað hafi fundist kvittun merkt Aðalbraut s.f. en skriftin á nóttunni hafi verið ólæsileg. Á staðnum hafi verið greinileg hjólför eftir bifreið sem hafi verið tvöföld að aftan, en þó ekki vörubifreið. Meðfylgjandi skýrslunni var lauslegt riss af svæðinu. Fram kom að leitarmennirnir hafi ekki séð fram á að ná að grafa þetta upp og því hafi lögregla

¹⁶⁸² Bls. 1539.

¹⁶⁸³ Bls. 1531.

¹⁶⁸⁴ Bls. 1542.

¹⁶⁸⁵ Bls. 1543.

ákveðið að hætta uppgreftri og fá stórvirkari tæki til verksins. Síðar [EBSk] grafið þarna upp, en leitarmönnum hafi ekki verið kunnugt um hvað hafi komið þar í ljós. Hafi umrótið þarna komið þeim þannig fyrir sjónir að eitthvað hafi verið falið undir. Lýstu þeir því yfir að þeir væru enn ekki sáttir við að jarðraskið hafi verið eðlilegt.¹⁶⁸⁶

864. Þennan dag ritaði Guðjón í dagbók sína í fangelsinu. Ritaði hann um bréf sem hann hafi skrifað [SvEi] 19. nóvember 1974 og svarbréf frá honum 20. sama mánaðar. Sýndi það að bókamarkaðurinn hafi verið 16. til 17. nóvember sama ár. Mikið hafi verið fjallað um samskipti hans og Erlu þann tíma sem hún hafi ekki verið í gæslu.¹⁶⁸⁷ Þá ritaði Guðjón um að hafa verið beðinn um að taka saman skýrslu um samskipti hans og Sævars sem yrði erfitt verk og andstyggilegt. Orðrétt ritaði hann: „Fékk örvæntingarkast í nótt. Stundum finnst mér ég vera sekur en get ekki munað hvað hefur gerst. Biðin er svo erfið og að hugsa um alla þá sem þykir og hefur þótt vænt um mig. Ég hlýt að vera veikur og hafa verið það lengi. Þetta er geðsjúkdómur. Viljann skortir allan styrk.“¹⁶⁸⁸
865. Frétt birtist í Vísi þennan dag um að tvö ár væru liðin frá hvarfi Geirfinns Einarssonar. Voru atvik málsins rifjuð upp í stórum dráttum. Fram kom að sakadómur hafi fengið öll gögn Geirfinnsmálsins um áramótin 1975, 1976. Haft var eftir Erni Höskuldssyni að sakadómur hafi þá búið yfir ýmsum upplýsingum sem hafi orðið til þess að óskað var eftir öllum gögnum. Á sama stað birtist viðtal við Hauk Guðmundsson, rannsóknarlögglummann í Keflavík, undir fyrisögninni: „Ég er enn þeirrar skoðunar að þetta mál verði leyst“. Haft var eftir Hauki að ekkert hafi komið fram við rannsókn spíramálsins sem benti til þess að spíra hafi verið skipað upp í Dráttarbrautinni í Keflavík. Fram kom að athugunum á hvarfi Geirfinns hafi verið haldið áfram allt árið 1975 í Keflavík. Rétt fyrir áramót hafi svo komið beiðni frá ríkissaksóknara um að fá öll skjöl málsins til yfirlestrar og frá saksóknara fóru þau síðan í sakadóm Reykjavíkur sem hafi stjórnað rannsókninni síðan. Orðrétt var haft eftir Hauki: „Mín skoðun er sú að þetta mál leysist. Það er aðeins spurning um tíma. Hin miklu blaðaskrif um málið hafa gert sitt til að allt er nú gert til að upplýsa málið og þegar morð er annars vegar má ekkert til spara við rannsókn og upplýsingaöflun.“¹⁶⁸⁹
866. Föstudaginn 19. nóvember 1976 var bókað í dagbók fangelsisins við Síðumúla að séra Jón Bjarman hafi hringt klukkan 10:15 og athugað með leyfi fyrir heimsókn til Guðjóns Skarphéðinssonar. Bókað var að presturinn hafi sagst vera búinn að biðja um leyfi hjá Birgi Þormari, fulltrúa. Fram kom að slíkri beiðni hafi ekki verið komið á framfæri við fangelsið. Bókað var klukkan 11:30 að Grétar og Jón Ísberg, sýslumaður, hafi tekið Guðjón til viðtals í horninu. Var viðtalinu lokið klukkan 11:45 og var Guðjón færður á klefa sinn. Rannsóknargögn um viðtalið liggja ekki fyrir. Bókað var að Grétar og Eggert hafi sótt Guðjón klukkan 13:50. Þennan dag var háð dómþing í sakadómi Reykjavíkur af Birgi Þormari, fulltrúa, og tekið fyrir dómsrannsókn vegna hvarfs Geirfinns. Bókað var að Guðjón hafi verið færður í dóminn klukkan 14:15 og

¹⁶⁸⁶ Bls. 1544–1546.

¹⁶⁸⁷ Bls. 1527_A.

¹⁶⁸⁸ Bls. 1527_B.

¹⁶⁸⁹ Bls. 1549–1550.

með honum Benedikt Blöndal, skipaður réttargæslumaður hans. Bókað var að Guðjón hafi verið beðinn um að skýra frá öllu í tengslum við samskipti sín við Erlu frá því hún losnaði úr gæsluvarðhaldi og þar til hún var hneppt á ný í gæsluvarðhald.¹⁶⁹⁰ Greindi Guðjón frá því að Erla hafi komið einu sinni á heimili hans seinni hluta janúarmánaðar. Hafi hún rætt um yfirheyrslur sem hún hafi verið í hjá lögreglu. Hafi hún skýrt frá Geirfinnsmálinu, ryskingum í fjörunni, bátsferð, hvernig hún hafi flúið í rautt hús og að Einar Bollason hafi sótt sig þangað. Hafi Erla haft orð á því hún hafi verið í lífshættu af völdum Sigurbjörns Eiríkssonar og því verið vernduð af vopnuðum lögregluþjónum. Hafi Erla sagt honum að Sævar hafi ógnað sér líkamlega og ætlað að drepa hana. Hún væri hrædd um barn þeirra vegna hans og hafi sagst vera á leið til Havaí. Sagði Guðjón að kona sín hafi verið viðstödd samtalið. Kvaðst hann muna að Erla hafi sagt við sig: „Þér verður haldið utan við þetta, ég á við þetta með víxilinn.“ Sagðist Guðjón ekki hafa skilið hvað hún hafi átt við. Hafi hún svo rætt Guðmundarmálið ítarlega. Kvaðst Guðjón hafa hitt hana nokkru síðar og þá skilist á henni að hún væri að undirbúa ferðina til Havaí og Örn Höskuldsson væri að aðstoða hana við það. Kvaðst Guðjón þá hafa boðið henni í kaffi á Tröð. Hafi hún þá talað um sömu mál og áður. Mundi Guðjón ekki eftir að eitthvað nýtt hafi komið fram hjá henni. Síðan þá hafi hann ekki séð Erlu. Á meðan yfirheyrslunni stóð rifjaðist upp fyrir Guðjóni að fallið hafi á hann víxlar sem hann hafi skrifað upp á fyrir Sævar. Hafi Erla boðið honum bifreið upp í skuldina sem hann hafi þekkt og hafi þau gengið frá pappírurum vegna þess. Aðspurður kvaðst Guðjón ekki muna eftir neinu fleiru í tengslum við samband hans og Erlu.¹⁶⁹¹ Bókaði dómarrinn um ákvörðun sína um að fallast á beiðni Guðjóns um að fá að tala einslega við lögmann sinn. Bókað var að Guðjón hafi rætt einslega við lögmann sinn í fimm mínútur frá klukkan 14:50 til 14:55. Kvaðst Guðjón muna eftir að hafa spurt Erlu mikið um það hvers vegna Sigurbjörn Eiríksson sæktist eftir lífi hennar og hvers vegna lögregluþjónar væru að gæta hennar. Kvaðst hann ekki hafa fengið greinilega svör frá henni um það. Hún hafi haft orð á því að hringt hafi verið í sig og sér hótáð. Þá hafi hún sagt Sævar hafa gegnt eins konar solumannshlutverki með áfengi á vegum Klúbbsmanna. Bókað var að Guðjón hafi verið færður í gæslu. Í þingbók var bókað um að þinghaldið hafi verið fært á skrifstofu sakadóms og var í framhaldinu kveðinn upp úrskurður þar sem fram kom að í þágu rannsóknar málsins væri nauðsynlegt að fá tiltækar upplýsingar um símanotkun Guðjóns frá 1. október 1974 til og með 1. júní 1976. Úrskurðað var að Pósti og Síma skyldi láta í té allar tiltækar upplýsingar um notkun tiltekins símanúmers í Reykjavík á framangreindu tímabili.¹⁶⁹²

867. Bókað var í fangelsisdagbókina þennan dag, 19. nóvember 1976, klukkan 14:25 að hringt hafi verið í Jón Oddsson, réttargæslumann, vegna beiðni Sævars um viðtal.¹⁶⁹³ Bókað var að komið hafi verið með Guðjón úr sakadómi klukkan 15:30. Tíu mínútum síðar var bókað að Jónas og Ívar hafi farið með Kristján Viðar í leiðangur. Hafi þeir komið með hann til baka klukkan 16:30. Rannsóknargögn um leiðangurinn liggja ekki

¹⁶⁹⁰ Bls. 1688.

¹⁶⁹¹ Bls. 1689.

¹⁶⁹² Bls. 1691.

¹⁶⁹³ Dagbók nr. 5, bls. 133.

fyrir önnur en ódagsett samantektarskýrsla þar sem fram kemur að Jónas og Ívar hafi farið með Kristján Viðar út á Álftanes þar sem hann hafi verið beðinn um að reyna að finna hvar þeir hafi grafið Geirfinn. Ekki er bókað í skýrsluna hvenær leiðangurinn hafi verið farinn. Fram kom að Sævar hafi í leiðangri með lögreglu 17. nóvember 1976 bent á stað í fjöru úti á Álftanesi þar sem hann og Kristján hafi grafið lík Geirfinns. Þá var bókað að Erla hafi í ágústmánuði í yfirheyrslu hjá lögreglu sagst hafa verið með í för er lík hafi verið flutt út í Gálgahraun á Álftanesi. Í framhaldinu var bókað sérstaklega að Kristjáni hafi ekki verið gefnar neinar upplýsingar um það sem fram væri komið í málinu. Hafi hann að síðustu bent á vesturjaðar Gálgahrauns og sagst muna eftir að hafa komið þar að ásamt Sævari með lík Geirfinns vafið inn í svart plast. Hafi þeir verið á Land Rover bifreið Sævars og hafi Erla ekið. Bókað var um lýsingar Kristjáns á urðunaraðferðinni, hvernig þeir hafi sléttað vel yfir gröfina með hraungrjóti og sett mosa yfir svo engin ummerki hafi sést á eftir. Bókað var í samantektarskýrsluna að farið hafi verið tvisvar aftur með Kristján Viðar þarna í hraunið til að láta hann benda nákvæmlega á staðinn en hann hafi ekki fundið hann.¹⁶⁹⁴

868. Í fangelsisdagbókina þennan dag var bókað um komu móður Sævars með hrein föt og sælgæti til sonar síns klukkan 16:40. Bókað var að Jónas og Jón Oddsson, réttargæslumaður Sævars, hafi komið klukkan 17:15 og hafi Sævar verið færður fram til þeirra. Klukkan 18:40 var bókað að Sævar hafi lokið viðtali við réttargæslumann sinn og hafi verið færður á klefa. Var þess getið að Jónas og Jón Oddsson hafi rætt áfram saman inni í horninu. Bókað var að Jón Oddsson hafi farið klukkan 19:30. Á sama tíma var bókað um að Jónas hafi farið inn á klefa til Kristjáns Viðars að hans beiðni en farið 15 mínútum síðar. Rannsóknargögn um vitjunina liggja ekki fyrir.¹⁶⁹⁵
869. Fyrir liggur skýrsla um yfirheyrslu yfir Erlu þennan dag á skrifstofu rannsóknarlögreglunnar frá klukkan 13:00 en ekki er bókað um lok yfirheyrslunnar. Tilefni yfirheyrslunnar var bókað sem samband hennar og Sævars við Guðjón. Greindi Erla frá umræddu símtali Sævars til Guðjóns í mars 1975. Sagði hún Sævar hafa talað undir rós og kvaðst hún ekki hafa vitað þá hvers vegna en núna teldi hún það hafa verið vegna Geirfinnsmálsins. Skömmu eftir heimkomuna frá Kaupmannahöfn hafi þau heimsótt Guðjón og þá hafi hann og Sævar rætt Geirfinnsmálið og það sem hafi komið fram í dagblöðum um málið. Kvaðst Erla hafa hitt Guðjón á gangi í Austurstræti í janúar 1976 og hafi hann þá boðið henni upp á kaffi á veitingastaðnum Tröð. Kvaðst Erla hafa sagt honum frá því að Geirfinnsmálið væri komið á dagskrá og hafi hann þá orðið mjög forvitinn og sagt orðrétt: „Hvað hefur komist upp?“. ¹⁶⁹⁶ Sagði Erla að Guðjón hafi spurt hana hverjir hafi verið í Keflavík þegar Geirfinnur hafi horfið og hverja hún hafi talið hafa verið þar. Virtist Erlu sem Guðjón hefði mikinn áhuga á því að fá að vita hvað hún hafi sagt og hvaða menn hún hafi nefnt. Kvaðst Erla hafa sagt honum allt sem hún hafi verið búin að segja lögreglunni og hafi hann þá beðið hana um að koma til sín seinna um daginn og ræða málið frekar. Hún hafi gert það og hafi Guðjón virst aðallega hafa áhuga á því hvaða menn hún hafi séð í

¹⁶⁹⁴ Bls. 1532.

¹⁶⁹⁵ Dagbók nr. 5, bls. 133b.

¹⁶⁹⁶ Bls. 1551.

Keflavík. Sagði hún Guðjón hafa spurt sig aftur og aftur að því hverjir hafi verið í fjörunni í Keflavík 19. nóvember 1974. Greindi Erla frá því þegar Sævar hafi verið handtekinn í desember 1975 vegna hassmálsins.¹⁶⁹⁷ Sagði Erla að hann hafi viðurkennt það fyrir sér í janúar 1976 að hann hafi vitað af hassinu í bifreiðinni. Hann hafi gefið Sævari leyfi til að fela það í bifreiðinni gegn þóknun. Rakti Erla ítarlega samskipti Sævars og Guðjóns haustið 1975. Í lok skýrslunnar var haft eftir henni orðrétt: „Ég er nú alveg fullkomlega viss um það að Guðjón var með í ferðinni til Keflavíkur svo og ferðinni með líkið út á Álftanes.“

870. Fyrir liggur samantektarskýrsla, dagsett 19. nóvember 1976, rituð af Sigurbirni Víði um atriði þar sem Guðjóns hafi verið getið í tengslum við Keflavíkurferðina og samskipti hans við Sævar sem fram hafa komið við yfirheyrslur og skýrslutök frá 10. nóvember 1976. Tekin voru upp í skýrsluna atriði úr framburðum Kristjáns Viðars, Sævars og Erlu.¹⁶⁹⁸ Ber skýrslan með sér engar nýjar upplýsingar.
871. Meðal rannsóknargagna er fimmta vikuskýrsla Schütz, dagsett sama dag, til Ólafs Jóhannessonar, dómsmálaráðherra.¹⁶⁹⁹
872. Þennan dag birtist umfangsmikil umfjöllun um Geirfinnsmálið í Dagblaðinu undir fyrirsögninni: „Hvarf hversdagsmanns veldur þjóðlífsröskun“, í tilefni af því að tvö ár væru liðin frá hvarfi Geirfinns. Var málið rakið í heild sinni í greininni og birtar ljósmyndir af Erlu, Sævari og Kristjáni Viðari. Fram kom að opinskáar umræður almennings um málið hafi speglað ógnandi kvíða yfir því að íslenska réttarvörslukerfið væri alls ekki búið undir það að takast á við svo alvarleg og flókin sakamál. Í skugga þeirrar staðreyndar hafi samskipti fjölmiðla og rannsakenda mótast um of. Fram kom að samskipti fjölmiðla við sakadóm hafi farið mjög versnandi eftir blaðamannafund sem haldinn hafi verið 27. mars 1976. Hafi Örn Höskuldsson veitt litlar upplýsingar fyrir, en eftir blaðamannafundinn hafi verið klippt fyrir allt og ákveðið að framvegis myndu allar upplýsingar berast í formi fréttatilkynninga. Hafi Örn talið nokkra fréttamenn hafa haft rangt eftir sér og þannig brugðist trúnaði sínum. Í greininni voru rifjuð upp bréfaskipti Sævars við annan fanga sem síðar hafi boðið bréfin til sölu. Fram kom að Dagblaðið hafi skoðað bréfin, en innihald þeirra hafi ekki verið merkilegt, aðallega yfirlýsingar Sævars um hrottaskap lögreglunnar, fasisma og sakleysi sitt. Í greininni sagði að koma Schütz hafi valdið þáttaskilum í rannsókn Geirfinnsmálsins. Hafi kunnugir sagt að Ólafur Jóhannesson, dómsmálaráðherra, hafi verið orðinn langþreyttur á að sitja undir áburði um óviðurkvæmleg afskipti af málinu og því ákveðið að fá erlendan sérfræðing til starfa. Fram kom að aðilar innan stjórnkerfisins hafi talið aðdragandann að komu Schütz til landsins hafa verið annan en frá hafi verið sagt. Hafi Interpol verið nefnt í því sambandi sem og rannsókn Interpol á alþjóðlegum eiturlyfja- og fíkniefnaviðskiptum. Sagði í greininni að samstarfsmenn Schütz hjá sakadómi hafi lokið á hann miklu lofsorði fyrir ágæti rannsóknaraðferða og hlýlegt viðmót. Í niðurlagi greinarinnar kom fram að ekki væri margt vitað með vissu um Geirfinnsmálið. Það eina sem hægt væri að fullyrða um

¹⁶⁹⁷ Bls. 1552.

¹⁶⁹⁸ Bls. 1554–1556.

¹⁶⁹⁹ Bls. 1557–1566.

væri að Geirfinnur hafi farið til fundar við ókunnan mann að kvöldi 19. nóvember 1974 og hafi haft beyg af. Ef til vill væri líka hægt að fullyrða að Kristján Viðar, Sævar og Erla hafi átt einhvern hlut að máli. En hvernig leiðir þessara ógæfusömu ungmenna og Geirfinns hafi legið saman væri ekki vitað.¹⁷⁰⁰ Á baksíðu blaðsins var frétt um að rannsóknarmenn í Guðmundar- og Geirfinnsmálum hafi grafið með vélskóflum í fjörunni og á fjörukambinum neðan við Katrínarkot á Álftanesi daginn áður. Eftir því sem best væri vitað hafi ekkert þar fundist sem hafi að gagni komið.¹⁷⁰¹

873. Laugardaginn 20. nóvember 1976 var bókað í dagbók fangelsisins við Síðumúla að Guðsteinn læknir hafi komið milli klukkan 09:10 og 09:45 og rætt meðal annarra við Sævar. Bókað var að Ívar og Jónas hafi farið með Kristján Viðar suður í hraun klukkan 10:00. Var komið til baka með Kristján Viðar klukkan 11:05. Rannsóknargögn um ferðina liggja ekki fyrir önnur en ódagsett samantektarskýrsla rituð af Haraldi þar sem fram kemur að farið hafi verið með Kristján Viðar í þrjú skipti suður í Gálgahraun til að benda á staðinn þar sem Geirfinnur hafi verið grafinn, en Kristján hafi ekki getað það. Þennan dag var bókað í fangelsisdagbókina um komu Karls Schütz og Péturs Eggerz klukkan 16:30. Var Sævar færður til viðtals við þá í hornið 15 mínútum síðar. Bókað var að Birgir Þormar hafi hringt klukkan 17:15 og tilkynnt um að séra Jóni Bjarman væri heimilt að ræða við Guðjón á morgun klukkan 16:00. Var þess getið að ef Birgir væri ekki kominn á þeim tíma mætti presturinn ræða einslega við Guðjón í um 10 til 15 mínútur. Klukkan 18:30 var bókað að Sævar hafi verið settur aftur á klefa sinn.¹⁷⁰² Rannsóknargögn um viðtalið liggja ekki fyrir.
874. Fyrir liggur ódagsett samantektarskýrsla, rituð af Haraldi, þar sem fram kemur að hraunsvæði á Álftanesi hafi verið vandlega leitað þennan dag af 20 lögreglu- og rannsóknarlögreglumönnum. Hafi leitin engan árangur borið. Var þess getið að Kristján hafi borið um að hafa verið með skóflu í umrætt sinn, en hafa hent henni frá sér í hraunið þar sem engin not hafi verið af henni.¹⁷⁰³
875. Fyrir liggur yfirlit, dagsett sama dag 20. nóvember 1976 og ritað af Eggerti, um ýmis atriði sem samræmi virtist vera um í framburðum. Fram kom að yfirlitið næði frá 19. október 1976 til og með 17. nóvember sama ár.¹⁷⁰⁴ Ber yfirlitið engar nýjar upplýsingar með sér. Þá liggur fyrir annað sams konar yfirlit, dagsett sama dag en ritað af Haraldi, um atriði sem ósamræmis gætir um í framburðum Kristjáns Viðars og Sævars um Keflavíkurferðina, atburðina í Dráttarbrautinni og fráganginn á líki Geirfinns.¹⁷⁰⁵ Ber yfirlitið engar nýjar upplýsingar með sér fyrir utan bókun sem er að finna aftast í yfirlitinu þar sem fram kemur að Kristján Viðar hafi sagt í skýrslu 20. október 1976 að Geirfinnur hafi fallið fram af klettum við Dráttarbrautina og hlotið bana af. Hann hafi þó síðar látið þau orð falla að hann hafi ekki skilið þetta með fallið, því honum hafi fundist þetta hafa gerst svona. Bókað var að Kristján hafi sagt þetta

¹⁷⁰⁰ Bls. 1567–1570.

¹⁷⁰¹ Bls. 1571.

¹⁷⁰² Dagbók nr. 5, bls. 134.

¹⁷⁰³ Bls. 1532.

¹⁷⁰⁴ Bls. 1573–1577.

¹⁷⁰⁵ Bls. 1578–1581.

eftir að hafa gefið skýrslu um átök við Geirfinn og að Geirfinnur hafi verið sleginn með planka í höfuðið í fjörunni í Dráttarbrautinni. Fram kom að auk þess hafi Kristján sagst muna eftir flutningi á líki Geirfinns úr geymslu að Grettisgötu út á Álftanes þar sem hann, Sævar og hugsanlega Guðjón hafi grafið líkið í hrauni en Erla hafi ekið þeim í Land Rover bifreið Sævars.¹⁷⁰⁶

876. Þennan dag birtist frétt á baksíðu Morgunblaðsins þar sem fram kom að rannsóknarmenn í Geirfinnsmálinu hafi nú beint sjónum sínum að Álftanesi sem hugsanlegum felustað jarðneskra leifa Guðmundar og Geirfinns. Fram kom að ekkert hafi fundist við fyrstu leit en fyrirhugað væri að leita á næstu dögum.¹⁷⁰⁷ Sama dag birtist aðsend grein í Dagblaðinu eftir Magnús Gíslason undir fyrirsögninni: „Leirfinnur: Myndin var óraunhæf og því gagnslaus“. Í greininni beindi Magnús spjótum sínum að yfirlýsingu Hauks Guðmundssonar, rannsóknarlögreglumanns, sem birt hafi verið í Dagblaðinu sem svar hans við fullyrðingum blaðsins um að leirmyndin hafi verið frá upphafi skáldskapur. Sagði hann Hauk hafa farið frjállega með sannleikann í yfirlýsingu sinni. Fram kom að greinarhöfundur hafi viljað rekja hvernig staðið hafi verið að gerð leirmyndarinnar þar sem allur almenningur hafi tekið þátt í leitinni að manningnum sem hringt hafi til Geirfinns úr Hafnarbúðinni í þeirri trú að leirhöfuðið bæri svip hans. Að kvöldi 23. nóvember 1974 hafi verið leitað til hans með verkefnið þar sem mistekist hafi að setja nægilega svipsterka mynd saman hjá tæknideild lögreglunnar í Reykjavík. Greindi Magnús frá því að haft hafi verið samband við hann þar sem vitað hafi verið að hann hafi gert sér það til dundurs að rissa ásjónu samborgara sinna. Fram kom að hann hafi fengið tvær ljósmyndir af ungum manni úr safni lögreglunnar og mynd af mjög dökkum augabrúnum sem óskað var eftir að yrði fellt inn í myndina. Hafi hann ekki fengið að sjá samsettu myndina frá tæknideildinni. Eftir að hafa rissað nokkrar myndir hafi hann farið ásamt lögreglumanni og borið myndirnar undir mikilvægasta vitnið. Sagði hann vitnið hafa gefið frekari lýsingar á manningnum sem hann hafi svo unnið með að teikningu andlitsins. Voru fleiri myndir þá bornar undir sjónarvottinn en hún hafi ekki verið ánægð með svipinn. Til hafi staðið að bera myndirnar undir hinn sjónarvottinn en ekki hafi orðið af því. Næsta sem hann hafi vitað var að búið hafi verið að hengja upp teikningu á vegg á lögreglustöðinni í Keflavík sem hafi ekki verið með nein þau einkenni sem aðalsjónarvotturinn hafi lýst. Hafi teikningin verið unnin af sömu stúlku og hafi mótað leirmyndina, en mikið misræmi hafi verið á milli teikningarinnar og leirhöfuðsins. Í kjölfarið hafi verið tekið fram að leirmyndin hafi verið mótuð að fyrirsögn tveggja sjónarvotta í Hafnarbúðinni. Sagði Magnús sannleikann vera þann að aðalvitnið hafi ekki komið þar að, annað vitni hafi komið einu sinni að mótun myndarinnar en það þriðja hafi ekkert haft til málanna að leggja. Sagði hann leirmyndina því hafa verið óraunhæfa og gagnslausa.¹⁷⁰⁸

877. Sunnudaginn 21. nóvember 1976 var bókað í dagbók Síðumúlafangelsisins að Pétur Eggerz hafi hringt og spurt hvort bréf hafi borist Guðjóni. Lagði hann áherslu á að bréf

¹⁷⁰⁶ Bls. 1580–1581.

¹⁷⁰⁷ Bls. 1582.

¹⁷⁰⁸ Bls. 1584.

færu ekki inn á klefa til hans nema með þeirra leyfi, eins og það var orðað í færslunni.¹⁷⁰⁹ Bókað var um að Sigurbjörn Víðir hafi hringt klukkan 10:05 og aftur klukkan 10:20 og fengið upplýsingar úr spjaldskrár Erlu, Kristjáns Viðars og Sævars. Klukkan 15:25 var bókað að Jónas hafi tekið Sævar til yfirheyrslu. Bókað var að séra Jón Bjarman hafi rætt við Guðjón inni á klefa hans milli klukkan 16:00 og 16:15, eins og um hafi verið samið. Á sama tíma hafi Sævar verið færður inn á klefa sinn. Rannsóknargögn um yfirheyrsluna liggja ekki fyrir.¹⁷¹⁰

878. Fyrir liggur skýrsla, dagsett sama dag, þar sem atburðir og atvik sem fram hafa komið við yfirheyrslur voru rakin í tímaröð frá nóvember 1973 þegar Erla hafi séð Guðjón fyrst fram til 12. nóvember 1976 þegar Guðjón hafi verið handtekinn.¹⁷¹¹ Tengjast atvikin sem rakin voru í skýrslunni fíkniefnamálum, póstsvikamálinu og Guðmundar- og Geirfinnsmálinu. Ber skýrslan með sér engar nýjar upplýsingar sem máli skipta.
879. Mánudaginn 22. nóvember 1976 var bókað í dagbók Síðumúlafangelsisins að Kristján Viðar hafi verið færður í hornið til yfirheyrslu hjá Haraldi klukkan 14:00. Bókað var að Kristján hafi verið færður á klefa sinn aftur klukkan 16:10.¹⁷¹² Rannsóknargögn um yfirheyrsluna liggja ekki fyrir. Klukkan 16:45 var bókað um komu Haraldar með pakka til Kristjáns Viðars.¹⁷¹³
880. Meðal rannsóknargagna er samantektarskýrsla, dagsett þennan dag, rituð af Sigurbirni Víði um yfirheyrslu yfir Erlu sama dag í fangelsinu við Skólavörðustíg. Fram kom að Erla hafi sagst hafa hringt til Guðjóns í janúar 1976 og sagt honum frá því sem hún hafi greint lögreglunni frá um hvarf Guðmundar. Síðan hafi hún hitt Guðjón nokkru seinna og farið meðal annars heim til hans og sagt honum frá því sem hún hafi greint lögreglunni frá um hvarf Geirfinns. Eftir þetta hafi Guðjón hringt nokkrum sinnum til sín á heimili móður hennar. Kvaðst Erla ekki vita hvernig hann hafi fengið upp heimilisfang hennar eða símanúmer þar sem hún hafi ekki sagt honum það. Í hvert skipti sem hann hafi hringt hafi hann spurt hvernig gengi með Geirfinnsmálið, en þó hafi hann alltaf hringt undir öðru yfirskini. Kvaðst Erla hafa sagt Guðjóni að hún væri að fara til Havaí í febrúar 1976 og hafi hann verið því mjög fylgjandi.¹⁷¹⁴
881. Fyrir liggur upplýsingaskýrsla dagsett sama dag, rituð af Ívari Hannessyni, um símtal hans við lögreglumann á Sauðárkróki sem hafi sagst hafa verið í Glæsibæ þegar kunningi hans hafi rætt við konu um Geirfinnsmálið. Var símtalið könnun Ívars á upplýsingum sem bárust 18. nóvember 1976 frá Jóni Oddssyni, réttargæslumanni Sævars, sem hann hafði eftir móður Sævars. Í skýrslunni kom fram að maðurinn hafi álitnið sem það sem sagt hafi verið við konuna í Glæsibæ hafi verið uppspuni og sagt í gríni. Hafi allir viðstaddir verið ölvaðir.¹⁷¹⁵

¹⁷⁰⁹ Dagbók nr. 5, bls. 134b.

¹⁷¹⁰ Dagbók nr. 5, bls. 135.

¹⁷¹¹ Bls. 1585–1589.

¹⁷¹² Dagbók nr. 5, bls. 135.

¹⁷¹³ Dagbók nr. 5, bls. 135b.

¹⁷¹⁴ Bls. 1591.

¹⁷¹⁵ Bls. 1590.

882. Fyrir liggur bréf, dagsett sama dag, 22. nóvember 1976, frá Metropolitan Police, New Scotland Yard í London um nafnalista sem borist hafi með skeyti frá Interpol í París 16. nóvember 1976. Fram kom að leit hafi verið framkvæmd í skráningargögnum deildarinnar eftir nöfnunum Guðjón Skarphéðinsson og Sævar Marinó Ciesielski, en leitin hafi engan árangur borið. Sams konar leit hafi verið framkvæmd út frá fyrirbyggjandi nafnalista og voru niðurstöður leitarinnar raktar í bréfinu. Fram kom að engar upplýsingar um umrædda aðila og heimilisföng væri að finna í málaskrár lögreglunnar.¹⁷¹⁶
883. Þennan dag ritaði Guðjón færslu í dagbók sína um að hafa lokið við bréf til [GUÆ]. Bréfið væri ekki gott, enda væri hann vægast sagt óglaður, hræddur og beygður. Velti hann því fyrir sér hvað dagurinn myndi bera í skauti sér, orðrétt ritaði hann: „nýja niðurlægingu, svívirðingu og skömm. Hvað fær maður afborið mikið. Ég sem hef lifað í þeirri trú í tvö ár að ég vissi ekkert um málið og nú á ég að hafa verið viðriðinn það heldur betur. Reyndar er fæst af því komið í ljós enn. Næsta vika verður sennilega til úrslita. Die Wahrheit? Hvaða leik eru guðirnir að gera mér. Er ég geðveikur eða hef ég verið það? Sjálfur segi ég já við því. Margt af því sem ég hef gert undanfarin ár var geðveiki.“¹⁷¹⁷
884. Meðal gagna málsins liggur bréf Guðjóns til [GUÆ], eiginkonu hans. Bréfið er ódagsett, en líklega ritað þennan dag 22. nóvember 1976. Bað hann [GUÆ] um að áfella ekki sjálfa sig vegna þeirrar stöðu sem upp væri komin. Orðrétt ritaði Guðjón: „Ég vil fá að taka á mig alla sök hvað sem upp kann að koma á næstu vikum. Ég lifi í þeirri von að ég sé saklaus og enn hef ég ekki getað rifjað upp neitt.“¹⁷¹⁸
885. Þennan dag birtust fréttir á forsíðu Vísis og Dagblaðsins um málið. Fram kom að Hæstiréttur hafi staðfest gæsluvarðhaldsúrskurð yfir manni sem hafi verið handtekinn vegna málsins 12. nóvember 1976. Var Guðjón nafngreindur í frétt Dagblaðsins. Fram kom að dómur Hæstaréttar bæri það með sér að gæslufangarnir sem sætu inni vegna málsins hafi borið um að maðurinn hafi verið í Dráttarbrautinni í Keflavík og tekið þátt í aðför að Geirfinni þegar hann hafi verið ráðinn af dögum. Þá sagði að rannsóknaraðilar hafi fram til þessa haldið því fram við fjölmiðla að grunur léki á um að fimmti gæslufanginn vissi eitthvað meira um málið þar sem hann hafi verið trúnaðarmaður Sævars. Ekki hafi verið nefnt fyrr að maðurinn hafi verið sakaður um að hafa átt aðild að árásinni á Geirfinn.¹⁷¹⁹ Í Dagblaðinu var áréttað að blaðinu væri ekki kunnugt um að Guðjón hafi játað á sig sakargiftir. Væri lesendum í fersku minni að sama fólkið sem nú hafi borið sakir á Guðjón, hafi borið sakir á fleiri menn sem vegna þess framburðar hafi sætt fangelsi í marga mánuði að ósekju.¹⁷²⁰
886. Þriðjudaginn 23. nóvember 1976 var bókað í dagbók Síðumúlafangelsisins að Jónas og Grétar hafi farið með Guðjón klukkan 13:55. Fyrir liggur skýrsla um yfirheyrslu yfir Guðjóni á skrifstofu rannsóknarlögreglunnar sem hófst klukkan 14:20 þennan dag.

¹⁷¹⁶ Bls. 1592–1593.

¹⁷¹⁷ Bls. 1527_C.

¹⁷¹⁸ Bls. 4191–4192.

¹⁷¹⁹ Bls. 1594–1595.

¹⁷²⁰ Bls. 1595.

Bókað var að Schütz hafi stjórnað yfirheyrslunni en viðstaddir hafi verið Grétar, Pétur Eggerz og Auður Gestsdóttir, túlkur. Bókað var að rannsókn hafi leitt í ljós að þau atriði sem Guðjón hafi skrifað um Geirfinnsmálið og fleira í minnisbók sína hafi verið tekin upp úr Morgunblaðinu. Aðspurður kvaðst Guðjón ekki hafa farið á Landsbókasafnið við annað tilefni. Sagðist hann hafa tekið atriðin upp úr Morgunblaðinu og Þjóðviljanum eftir yfirheyrsluna 15. maí 1976. Var Guðjón þá spurður orðrétt: „12.11.1976 lýstuð þér því yfir að þér hefðu skrifað þessi atriði eftir að þér voruð yfirheyrðir í maí 76, þér væruð hræddir um að Sævar og Erla myndu draga yður inn í Geirfinnsmálið og vilduð vernda yður gegn því.“ Svaraði Guðjón því til að einnig væri hægt að segja að þegar hann hafi verið tekinn til yfirheyrslu í maí hafi hann mátt búast við því að verða tekinn aftur til yfirheyrslu.¹⁷²¹ Var Guðjón þá spurður: „Efnislegt innihald athugasemda yðar vekja þá grunsemdir um að þær hafi verið skrifaðar til minnis, vegna þess að þér séuð einhvern veginn viðriðinn hvarf Geirfinns og viljið safna efni til að útbúa fjarvistasönnun.“ Bókað var orðrétt um svar Guðjóns: „Ég vildi gjarnan vita hvort ég hefði fjarvistarsönnun eða nánar tiltekið sagt nákvæmlega hvar ég hef verið þennan dag.“ Sagðist hann ekki hafa hugsað þetta öðruvísi en minnisatriði því hann hafi gleymt öllu varðandi þetta mál. Var hann þá spurður hvers vegna hann hafi eingöngu skrifað hjá sér um menningarviðburði á tímabilinu 4. til 24. nóvember 1974 og var hann spurður orðrétt: „Það lítur auðvitað þannig út, að þér væruð að undirbúa fjarvistasönnun. Hvað viljið þér segja um það?“ Var orðrétt svar Guðjóns: „Já ég vildi vita nákvæmlega hvað hefði gerst og hvar ég hefði verið á þessum degi, og þess vegna er eðlilegt að ég skrifaði hjá mér eingöngu menningarviðburði sem áttu sér stað á þessum tíma.“ Bókað var í skýrsluna að Guðjón hafi í framhaldinu verið spurður: „Finnst yður það ekki einkennilegt að saklaus maður – sem hefur ekkert að óttast – skuli skrifa hjá sér slíkar athugasemdir?“ Sagðist Guðjóni sér ekki fundist það eftir að hafa verið yfirheyrður 15. maí 1976.¹⁷²² Fram kom að mat lögreglunnar væri að atriðin sem Guðjón hafi valið að skrifa hjá sér í sambandi við Geirfinnsmálið hafi verið einkennileg. Var rakið í skýrslunni um að Guðjón hafi til dæmis skrifað hjá sér að málið hafi fyrst verið nefnt í blöðunum 22. nóvember 1974, nákvæma lýsingu á klæðnaði Geirfinns, hvenær Geirfinnur hafi farið heiman frá sér umrætt kvöld, að til væri lýsing á manningum sem hafi hringt í Geirfinn og talað væri um að um morð gæti verið að ræða. Var beðinn að skýra hvers vegna hann hafi valið þessi atriði úr öllum þeim aragrúa blaðaupplýsinga en ekki atriði sem líklega hefðu komið til með að vera mikilvægari í hugsanlegri vörn saklauss manns. Kvaðst Guðjón enga skýringu geta gefið á því. Var Guðjón spurður orðrétt: „Vorðu þér þann 19.11. fyrir hádegi á fólksbifreið staddur á vinnustað Geirfinns nálægt Keflavík og tókuð þér eftir því að Geirfinnur var ekki að stýra vél sinni sjálfur heldur vinnufélagi hans, [PÓI]? Vitið þér eitthvað um slíka heimsókn á vinnustað Geirfinns.“ Var svar Guðjóns: „Ég veit ekkert um það.“¹⁷²³ Var Guðjón þá spurður: „Stuttu fyrir 19. nóvember 1974 hringdi maður í vinnuveitanda Geirfinns, [EBSk] og spurðist fyrir um símanúmer Geirfinns. Vitið þér eitthvað um þetta símtal?“ Svaraði Guðjón orðrétt:

¹⁷²¹ Bls. 1597.

¹⁷²² Bls. 1598.

¹⁷²³ Bls. 1599.

„Ég veit ekkert um þetta símtal, ég hringdi ekki og hef ekkert heyrt um það.“ Var Guðjón þá spurður: „Af hverju skráðuð þér í minnisbókina: „Hvaða tegund var bíllinn.“ Þessi setning stóð ekki í blöðunum. Hvers vegna skrifuðuð þér það?“ Sagði Guðjón það rétt að hann hafi skrifað það sjálfur. Honum hafi fundist það þýðingarmikið atriði og mikilvægt. Hann hafi álitid sem þessi bifreið hafi staðið í sambandi við málið í Keflavík, hann hafi getað lesið það í blöðunum. Var Guðjón þá næst spurður: „Hvaða þýðingu hafði setningin: „Hringurinn þrengist“ fyrir yður? Svaraði Guðjón orðrétt: „Því var bætt við í blöðunum. Þannig stóð það í blöðunum. Það var síðasta málsgreinin í grein.“ Var Guðjón minntur á að síðast þegar hann og Schütz hafi talað saman hafi Guðjón spurt hvenær Þorbergur hafi verið jarðaður. Kvaðst Guðjón hafa spurt um það til þess að hafa eitthvað til að byggja á í sambandi við tímann. Bókað var orðrétt eftir Schütz: „Í skýrslunni frá maí 76 lýstuð þér yfir að ekkert sérstakt hefði verið talað í þessu símtali, sem Sævar hringdi frá Kaupmannahöfn í mars 75. Sævar hefði spurt um veðrið og kunningja. Í viðtali við mig fyrir nokkrum dögum sögðuð þér annað, eftir að þér höfðuð komist að því að Sævar hefði sagt að þér hefðuð varað hann við að koma heim til Íslands, af því að ástandið væri óöruggt. Þá sögðuð þér, ég hef e.t.v. misskilið Sævar, ég átti ekki við Geirfinnsmálið, heldur póstmálið. Þetta er mótsögn.“ Haft var orðrétt eftir Guðjóni: „Að svo miklu leyti sem ég man, má vera að Sævar hafi spurt mig hvort óhætt væri að koma til Íslands. Hverju ég svaraði, ég get ekkert sagt um það. Ég vissi að Sævar var flæktur í póstmálið, hann sagði mér það sjálfur u.þ.b. í ágúst 74. Ég vil leiðrétta: Ég held ég hafi lesið það í ágúst og september og Sævar talaði mikið um það.“ Bókað var að Guðjón hafi verið minntur á að í annarri yfirheyrslu hafi hann sagst varla þekkja Erlu nema í sjón. Í framhaldinu var bókað um atriði úr framburðum Erlu þar sem hún hafi lýst samskiptum sínum við Guðjón. Var þá orðrétt bókað: „Þetta er mikil mótsögn. Af hverju eruð þér alltaf að reyna að gera lítið úr sambandi yðar við S. og E.“¹⁷²⁴ Haft var orðrétt eftir Guðjóni: „Það er rétt, ég þekki hana ekki mikið. Ég vil bæta við, ég hef e.t.v. nokkrum sinnum talað við hana, en ég þekki hana ekki þannig að ég viti hvers konar manneskja hún er o.þ.h. Mér finnst ég ekkert vera að gera lítið úr sambandi okkar.“ Var Guðjóni kynntur framburður Erlu um heimsókn hennar og Sævars til Guðjóns þar sem talað hafi verið um Geirfinnsmálið og rætt um neðanjarðarhreyfingu. Kvaðst Guðjón ekki muna eftir að hafa tekið þátt í slíkum samræðum og ekki vita hvað væri átt við. Bókað var orðrétt: „Erla sagði 28.5.76 að eftir aksturinn á Land-Rovernum þ. 14.11.74 hefði hún nær daglega keyrt Sævar til yðar. Að þér hafið hist annað hvort heima hjá yður eða á Mokka. Þessir dagar eru ískeyggilega nálægt deginum 19.11.74, þegar verknaðurinn er framinn.“ Svaraði Guðjón: „Aldrei heim til mín. En hugsanlegt er að ég hafi hitt hann á Mokka. Ekki stefnumót.“ Var Guðjóni þá gerð grein fyrir að Kristján Viðar hafi fengið tækifæri 15. maí 1976 til að horfa oft á hann í Síðumúlafangelsinu. Í framhaldinu var bókað orðrétt upp úr framburðarskýrslu Kristjáns Viðars þar sem hann hafi sagst viss um að maðurinn sem hann hafi séð hafi verið sá sami og hann hafi séð við sendiferðabifreiðina á Vatnsstíg umrætt kvöld og var Guðjóni í framhaldinu spurður

¹⁷²⁴ Bls. 1602.

hvað hann vildi segja um það.¹⁷²⁵ Bókað var orðrétt eftir Guðjóni: „Nei, ég er viss um að ég var aldrei á Vatnsstígnum. Ég held að þetta sé einhver bölvuð vitleysa. Nei, ég var þetta kvöld 19.11.74 ekki á Vatnsstígnum. Ég er viss.“ Í lok skýrslunnar var bókað að Guðjón hafi verið minntur á að við yfirheyrslu hafi hann oft sagst ekki muna vel. Orðrétt var bókað: „Þér hafið m.a. verið spurðir að því hvort þér séuð aðeins viðriðir málið eða hvort þér hafið farið með til Keflavíkur, e.t.v. aðeins hluta leiðarinnar. Þér hafið við því sagt efnislega: „Hef ég kannski farið með hluta af leiðinni.“ Hikað, þagnað. „Það kemur ekkert, ég man ekkert.“ Eruð þér viðriðir Geirfinnsmálið eða ekki eða getið þér ekki munað eftir því?“ Haft var orðrétt eftir Guðjóni: „Ég man ekki eftir því þess vegna segi ég nei, að svo miklu leyti sem ég veit. Ég hef ekkert fleira að segja. Mér kemur þetta allt spánskt fyrir sjónir.“¹⁷²⁶

887. Guðjón ritaði færslu í dagbók sína þennan dag um yfirheyrsluna hjá Schütz og upplifun sína af henni. Yfirheyrslan hafi snúist um veru hans á Vatnsstíg og tvær bifreiðar, sendibifreið og fólksbifreið. Orðrétt ritaði Guðjón: „Bílunum lýst síðar var mér sagt. Mikið reynt að finna móts. hjá mér sem auðv. finnast. Ákaft hvattur til að gefa játningu, sem ég ekki get því ég man enn ekkert til að segja. Dómur Hæstaréttar að gæsluv. skuli standa. Óþolinmæði komin yfir alla sem að þessu vinna vilja fara að ljúka því.“ Guðjón ritaði um að hafa ekki verið með sjálfum sér síðan haustið 1973 þegar hann hafi gengið af vitinu, misst dómgreindina og orðið apatískur. Honum hafi verið gefið gott ráð þennan dag sem hann gæti ekki farið eftir; að segja allt. Það tryði því enginn að hann mundi ekki neitt.¹⁷²⁷
888. Bókað var klukkan 14:55 að Páll Arnór Pálsson, réttargæslumaður Kristjáns Viðars, hafi komið til viðtals við skjólstaðing sinn í áheyrn Haraldar. Klukkan 15:02 var bókað um að Örn hafi hringt og beðið fyrir skilaboð til Haraldar. Bókað var klukkan 15:12 að móðir Sævars hafi komið með sendingu til sonar síns, ólífusull og fleira, eins og það var orðað í færslunni. Klukkan 15:37 var bókað að Kristján Viðar hafi verið færður á klefa sinn. Klukkan 16:22 var bókað um komu Jónasar og Grétars til baka með Guðjón. Rannsóknargögn um ferðir Guðjóns þennan dag liggja ekki fyrir. Var þess getið að þeir hafi farið með sendinguna og bréf sem hafi borist Guðjóni stuttu áður.¹⁷²⁸
889. Fyrir liggur samantektarskýrsla um yfirheyrslu yfir [EBSk], vinnuveitanda Geirfinns, þennan dag á skrifstofu rannsóknarlögreglunnar. Fram kom að [EBSk] hafi verið boðaður til viðtals við Schütz um möguleika á því að koma að vinnuvélum við leit í hrauninu á Álftanesi. Bókað var um að farið hafi verið suður á Álftanes og hafi [EBSk] kannað aðstæður. Ákveðið hafi verið að leita sérfræðiálits í sambandi við mosa og hugsanleg náttúruspjöll. Hafi [EBSk] jafnframt spurður um hvenær hringt hafi verið heim til hans og hann spurður um símanúmer Geirfinns. Sagði hann símtalið

¹⁷²⁵ Bls. 1603.

¹⁷²⁶ Bls. 1604.

¹⁷²⁷ Bls. 1607_C.

¹⁷²⁸ Dagbók nr. 5, bls. 136.

hafa átt sér stað nokkrum vikum fyrir hvarf Geirfinns. Hafi maður hringt sem hafi sagst hafa verið vinnufélagi Geirfinns í Sigöldu og beðið um símanúmer hans.¹⁷²⁹

890. Sama dag, 23. nóvember 1976, ritaði Guðjón orðrétt í dagbók sína: „Næturnar eru verstar. Þá bíð ég fullur örvæntingar eftir svefni sem lætur á sér standa og hugsanir þrengja sér inn. Ó, Guð minn, Guð minn hví hefur þú yfirgefið mig. Því er líf mitt eyðilaggt, mannorð smánað, heimili, börn, hjónaband, vinir, kunningjar, ættmenni. [GUÆ] mín. Ef ég bara vissi hvort ég hefði tekið þátt í þessu eða ekki. Ég blekkti fólk það er þannig. Ég er alltaf að leika, ég er veikur maður. Ég hef nógan tíma til að skrifa geðflækjur mínar á blað á næstunni því hér mun ég verða lengi inni. Kannski ellefu mánuði. Síðan fangelsi í átta ár og þá verður margt breytt. $33+8=41$. Guð gefi mér trú og von og kærleika. Í verunni er ég ekki vondur maður en rammgallaður. Heimskupörin eru óteljandi. Ég þarf að telja þau upp við tækifæri. Betur hefði ég aldrei snert hass. Það eyðilagði líf mitt.“¹⁷³⁰
891. Þennan dag, 23. nóvember 1976, birtist frétt á baksíðu Tímans undir fyrirsögninni: „Gæsluvarðhaldsfanginn einn banamanna Geirfinns? Segist vera saklaus“. Fram kom að Tíminn hefði upplýsingar um að maðurinn héldi fram sakleysi sínu. Fram kom að haft hafi verið samband við Örn vegna málsins, en hann hafi ekki viljað tjá sig um málið. Á sama stað var frétt um grein Magnúsar Gíslasonar, fréttaritari Dagblaðsins í Keflavík, um leirmyndina, sem birtist í Dagblaðinu 20. nóvember 1976.¹⁷³¹ Sama dag var frétt um málið á baksíðu Morgunblaðsins undir fyrirsögninni: „Borið á manninn að hann hafi átt þátt í dauða Geirfinns“. Í fréttinni sagði að blaðinu væri kunnugt að rannsóknarlögreglan legði ekki höfuðáherslu á að rannsaka þennan þátt í framburði ungmennanna, meðal annars vegna fyrri framburða þeirra sem hafi leitt til þess að fjórir menn sátu vikum saman í gæsluvarðhaldi að ósekju. Fram kom að rannsóknarlögreglan legði mestu áherslu á að kanna samband umrædds manns við ungmennin. Teldi lögreglan að maðurinn byggi ef til vill yfir vitneskju sem reynst gæti mikilvæg við lausn málsins. Var dómur Hæstaréttar um staðfestingu á gæsluvarðhaldsúrskurði yfir manninum birtur í heild sinni í blaðinu og því bætt við að samkvæmt upplýsingum blaðsins hafi það einungis gerst einu sinni að Hæstiréttur hafi ógilt úrskurð sem til hans hafi verið skotið.¹⁷³²
892. Miðvikudaginn 24. nóvember 1976 var bókað í dagbók Síðumúlafangelsisins klukkan 16:30 hafi Guðjón verið færður fram í milliherbergið til Benedikts Blöndal, réttargæslumanns síns og Birgis Þormars, fulltrúa. Klukkan 16:35 var bókað um símhringingu frá Erni sem beðið hafi um pláss fyrir fanga úr Hegningarhúsinu sem væri til vandræða þar vegna kjaftagangs milli hans og Erlu Bolladóttur. Færsluritari bókaði um að hafa neitað því og tiltók í færslunni nokkra aðra kosti sem hann og Örn hafi rætt sín á milli. Bókað var klukkan 17:10 að Guðjón hafi verið settur aftur á klefa sinn.¹⁷³³

¹⁷²⁹ Bls. 1596.

¹⁷³⁰ Bls. 1607_B–C.

¹⁷³¹ Bls. 1605.

¹⁷³² Bls. 1606–1607.

¹⁷³³ Dagbók nr. 5, bls. 137.

893. Fyrir liggur upplýsingaskýrsla dagsett sama dag, rituð af Ívari, um viðtal við [ÁHB], húsmóður. Var um að ræða athugun á nafnlausri ábendingu sem barst lögreglunni 16. nóvember 1976 frá manni sem hafi sagst hafa tekið stúlku upp í bifreið sína sem hafi sagt tvo nafngreinda menn vita eitthvað um Geirfinnsmálið. Bókað var í upplýsingaskýrsluna að vitnið hafi ekkert munað eftir því að hafa sagt nokkuð um Geirfinnsmálið. Verið gæti að hún hafi bullað eitthvað, en hún hafi verið mjög ölvuð.¹⁷³⁴
894. Fyrir liggur önnur upplýsingaskýrsla dagsett þennan dag, rituð af Ívari, um staðfestingu frá símsstöðvarstjóranum í Keflavík um að Geirfinnur hafi lagt inn umsókn fyrir síma 28. febrúar [1974] og fengið tengdan síma 7. mars 1974.¹⁷³⁵ Þá liggur fyrir upplýsingaskýrsla um símtal frá [EBSk], dagsett sama dag, 24. nóvember 1976 og rituð af Ívari. Lýtur skýrslan að athugun á áhrifum rasks á mosa í hrauni á Álftanesi. Fram kom að [EBSk] hafi ráðfært sig við garðyrkjumann sem hafi síðan ráðfært sig við grasafraeðing og hafi þeir báðir komist að þeirri niðurstöðu að við góð skilyrði og með góðri meðferð þyrfti ekki að sjást mikið á mosa þrátt fyrir að hafa verið fluttur til. Á tveimur árum gæti mosi jafnað sig fyllilega þannig að rask væri ekki sjáanlegt.¹⁷³⁶
895. Meðal rannsóknargagna liggur fyrir upplýsingaskýrsla dagsett sama dag, rituð af Grétari, um leit hans og Jónasar í klefa Erlu í Hegningarhúsinu við Skólavörðustíg. Var leitin gerð í tilefni af því að liðna nótt hafi tveir menn verið staðnir að því að reyna að ná tali af Erlu um glugga klefans. Fram kom að ekkert athugavert hafi fundist í klefanum fyrir utan þrjá bréfmíða. Tveir þeirra hafi verið vindlingabréf en sá þriðji úr reikniblokk. Á fyrsta miðann hafi verið ritað á aðra hliðina: „[BLP], Njálsgötu 20 sími 23947“, en á hina hliðina: „[BLP] er konungur konunga“. Á annan miðann hafi verið ritað á aðra hliðina: „[BLP] Njálsgötu 20 Rvík sími 2394, en á hina hliðina: „[BLP] er fallegur [BLP] er konungur hvernig skrifar þú.“ Á þriðja miðann hafi verið skrifað á með tússi: „[Sæs] Faxabraut 360 Keflavík í klefa 7 sími 921479.“¹⁷³⁷
896. Guðjón ritaði færslu í dagbók sína sama dag um vanlíðan sína og erfiðleika við að ná andanum. Ritaði um viðtal sitt við réttargæslumann sinn og Birgi Þormar, fulltrúa og kveðju frá móður sinni. Orðrétt ritaði hann: „Ó, hvað hef ég álpast út í. Jafnvel von að losna í næstu viku þó er það ósennilegt.“ Hann væri að skrifa greinargerð um samskipti hans og Sævars og væri kominn með níu blaðsíður og ætti mikið eftir. Þetta væri andstyggilegt verk, en mátulegt á hann. Ritaði hann um að geðveiki hans væri augljósari, sennilega schizofrenia.¹⁷³⁸
897. Meðal gagna málsins liggur fyrir greinargerð um samskipti Guðjóns og Sævars, rituð af Guðjóni. Greinargerðin telur níu blaðsíður og er ódagsett en líklega rituð þennan dag, 24. nóvember 1976. Greindi Guðjón þar frá því að 14. nóvember 1974 hafi Sævar og Erla hafi komið á heimili hans að Ásvallagötu 46 til að sýna honum bifreið sem Sævar hafði þá nýverið keypt. Sævar hafi boðið honum í ökuferð og hann þekkt

¹⁷³⁴ Bls. 1608.

¹⁷³⁵ Bls. 1609.

¹⁷³⁶ Bls. 1610.

¹⁷³⁷ Bls. 1611.

¹⁷³⁸ Bls. 1611_A.

boðið. Ritaði Guðjón um að hafa áður gert grein fyrir ökuferðinni. Greindi hann frá því að Sævar hafi heimsótt hann á vinnustað sinn í nokkur skipti dagana á undan. Sævar hafi sagst vera á leið til útlanda á vegum [VK] kvikmyndagerðarmanns.¹⁷³⁹ Ritaði Guðjón um að muna eftir Erlu og Sævari helgina 16. til 17. nóvember 1974. Sagði hann það geta verið að Sævar hafi hringt í hann þó hann myndi það ekki. Orðrétt ritaði Guðjón: „Mánud. 18/11 munu þau hafa ekið mér heim og S. fengið að hringja og skrifað eitthvað á miða og beðið mig að geyma. Þá hafði hann áreiðanlega ekki minnst á tilgang ferðarinnar við mig en látið að því liggja að hann þyrfti að hitta mann þar og eiga við hann viðskipti. [...] Þriðjud. 19/11 fór ég til vinnu minnar eins og venjulega og það má vera að S. hafi hringt í mig þá og mælt sér mót við mig. Þá sennil. á Lambhóli þó man ég þetta ekki fyrir víst.¹⁷⁴⁰ Þá um kvöldið man ég þó að ég ætlaði að segja við konu mína. S. vill endilega fá mig með sér til Keflavíkur. Og þá vissi ég ekki og hefði ekki getað sagt hver tilgangur fararinnar var. Nema sá einn að hitta þar mann sem ég ekki vissi hvað hét né hvað gerði. Ég mun svo hafa farið að Lambhóli og hef ég rakið annarsstaðar hvað þar gerðist. Um kl. 10 mun svo S. hafa komið þangað e.t.v. hringt fyrst, en þá líklega ekki talað við mig. Hann mun síðan hafa komið þangað og spurt eftir mér og ég farið með honum. Þar mun hafa verið með honum Erla og einhver þriðji maður sem ég ekki þekkti. Hvort ég var þarna staddur á eigin bifreið man ég ekki en held það þó og skilið þá bifreið þá sem ég var á þar eftir en þau svo komið þangað á einhverri bifreið sem ég get ekki komið fyrir mig hver var. Annars skal ég taka fram að atburðarásina man ég mjög óljóst.“¹⁷⁴¹ Áfram ritaði Guðjón orðrétt í greinargerðina: „Samt finnst mér ég hafi stigið upp í aðra bifreið á Ásvallagötu og að það hafi verið stærri bifreið e.t.v. fjögurra dyra amerískur bíll sjálfskiptur.“ Í greinargerðinni var búið að slá sviga utan um þessa setningu og skrifað ofan í textann: „Fólkswagen“. Ritaði Guðjón um að muna ekki akstursleiðina enda hafi hann ekki verið að aka bifreiðinni. Þá sagði hann það vel mega vera að staðnæmst hafi verið á Vatnsstíg þó svo hann myndi það ekki og að hann hafi þar tekið við akstri bifreiðar en sá sem hafi verið að aka bifreiðinni hafi farið úr henni og síðan hafi verið ekið til Keflavíkur. Hann myndi ekki eftir þeim orðaskiptum sem hafi átt sér stað í bifreiðinni á leiðinni, en nefndi þó að þar hafi verið nefndur maður sá sem hafi átt að ná tali af í Keflavík. Hann hafi þó ekki verið nafngreindur. Sævar hafi talið sig þurfa að sýna mannum fulla hörku og komast að góðum skilmálum. Jafnvel hafi verið nefnt að láta manninn hverfa, en það hafi verið að hans mati sagt meira í gríni en alvöru.¹⁷⁴² Lýsti Guðjón því að við komuna í Keflavík hafi verið hlé í bíó eða sýningu að ljúka því Sævar hafi sagt þeim að beygja sig. Þá hafi hann ekið áleiðis að Pípugerð og Áhaldahúsi en þar hafi allir farið úr bifreiðinni nema hann. Ritaði Guðjón um að hafa snúið bifreiðinni við og jafnvel ekið áleiðis að Aðalgötu og beðið þar um hríð. Sævar hafi komið aftur eftir að eitthvað hafi farið úrskeiðis. Ekið hafi verið um til að komast í síma og hafi einhver úr aftursætinu farið að hringja og sagt hann koma.¹⁷⁴³

¹⁷³⁹ Bls. 4198.

¹⁷⁴⁰ Bls. 4199.

¹⁷⁴¹ Bls. 4200.

¹⁷⁴² Bls. 4201.

¹⁷⁴³ Bls. 4202.

Síðan hafi verið ekið aftur í Dráttarbrautina. Orðrétt ritaði Guðjón: „Allir út þar. Hvað svo? Var þá Geirf. með. Var sendif.bíll þar. Hvorugu þessu get ég svarað. Hvað svo. Hófust átök? Eða bara deilur. Um hvað. Hófust þær í bílnum þá hefur kl. líklega verið um 24:00–00:30. Þessa atburði sem eiga að hafa átt sér stað á þessum hálf. finnst ekkert í mínum haus. Getur verið að ég hafi verið sleginn í rot. Það er því líkast. Síðan á leið til R.víkur, hef ég rakið orðaskipti, þorði ekki og gat ekki litið aftur í til að vita hver væri þar. Var líkið þá í bílnum. Koman til Rvíkur. Var farið út á Álftanes? Nei. Á Grettisg. og inn þar? nei. Tók ég þátt í að grafa líkið? Nei. Veit ég hvar líkið er. Hvernig lét hann lífið. Skotinn, barinn, kyrktur. Ég veit um líkið. Nei. Der Proseß, Probes, Proseß. Hafi það verið grafið upp. Var þetta. Því meira sem ég reyni því minna man ég. Voru þarna fleiri. Já maðurinn sem hringdi, hvar var hann. Hvað var ég að hugsa um þarna.¹⁷⁴⁴ Sá ég sendiferðab. í Kvík. Já, hvar. Minnir að hann væri hjá Dr.braut. Þetta var blár fólksvagn. Ég mun hafa komið upp í hann á Ásvallagötu, ekið um Laugaveg, Vatnsstíg, Hverfisg. og áfram sem leið liggur.“ Áfram ritaði Guðjón í greinargerðina: „Dráttarbr. Líkið hefur verið látið í VW og þá ekið með það til Rvíkur. Nei. Hvernig fór Kr. Viðar í bæinn. Um hvað var deilt í Dr.braut. Af hverju vildi G. ekki eiga viðsk. við S. S. mun hafa logið því að hann væri á vegum Klúbbm. en G. svo séð að það var lygi. S. ekki vitað hvar spíri var geymdur og ætlað að pynta G. til sagna en mistókst. Maðurinn dó. Hvernig dó hann? Byssa nei öruggl. ekki. Líkið sett í bílinn. VW eða sendif. Ekið með það til Rvíkur. Erla gleymdi kápunni sinni. Síðan til Rvíkur. og Geirfínnur situr við hlið Kr. Viðars. Hvað eigum við að gera við líkið? Á ég að vita það. Get ég vitað það. Vita hvort mig dreymir það kannski í nótt.¹⁷⁴⁵ S. segir Erlu að fara og húkka far í bæinn eða þá að hún flýr þegar hún sér hvað gerst hefur. Þá gerist hvað. Líkið er: 1. Sett í Fólksv. Já. 2. Sendiferðabíll X. 3. Grafið á staðnum. Nei. X. 4. Flutt eitthvað stutt og grafið þar. X. 1. er sennilegast og þá flutt hvert. Til Reykjavíkur já. Og hvað svo? Farið með það inn á Gr.götu í herb. þar nei varla, nú hvað þá. Tók ég sjálfur þátt í að grafa það og þá hvar. [...] Það er ekki hægt að aka um Rvík með lík í bíl lengi nætur en sp. er hvað var gert við það? Hvernig var með þessa skóflu. Lánaði ég S. skófluna, ég fór með eða lánaði honum hana og fór ekki með. Hvernig var þetta. Hitaveitust. Húsgrunnar. Moldargólf í gömlu húsi. Hvar ó hvar hafa dagar lífs þíns lit sínum glatað. Spyr sá sem ekki veit.“¹⁷⁴⁶ Á síðustu blaðsíðu greinargerðarinnar ritaði Guðjón um að vera búinn að reyna í þrjá daga án þess að miða áfram. Hann gæti ekki komið því fyrir sig hvar líkið hafi verið grafið. Hann sæti alveg fastur.¹⁷⁴⁷

898. Fimmtudaginn 25. nóvember 1976 var bókað í dagbók Síðumúlafangelsisins að Páll Arnór Pálsson, réttargæslumaður, hafi hringt og spurt hvort eitthvað hafi verið gert varðandi rakatæki í klefa Kristjáns Viðars eða hvort áform væru uppi um að flytja hann í Hegningarhúsið vegna þess hve illa hann þyldi loftið í Síðumúlafangelsinu. Bókað var að Grétar hafi farið inn á klefa til Guðjóns klukkan 11:35. Bókað var að Grétar hafi farið klukkan 12:10. Fyrir liggur samantektarskýrsla Grétars um vitjun til

¹⁷⁴⁴ Bls. 4203.

¹⁷⁴⁵ Bls. 4204.

¹⁷⁴⁶ Bls. 4205.

¹⁷⁴⁷ Bls. 4206.

Guðjóns sama dag. Fram kom að Grétar hafi fært Guðjóni skrifpappír. Hafi Guðjón ákveðið að skrifa niður minnispunkta og afhenda dómaranum. Hafi Grétar talað stutta stund við Guðjón. Var bókað orðrétt í skýrsluna: „Hann talaði af fyrra bragði um ferð til Keflavíkur þann 19.11.1974, og að það væri skrítið að hann skyldi ekki muna eftir henni, þó sæi hann stundum myndir fyrir hugskotssjónum sínum sem hann ætti erfitt með að átta sig á. Spurði hann hvort ekki væri rétt að honum yrði ekið til Keflavíkur, ef verða mætti til að eitthvað rifjaðist upp fyrir honum.“ Fram kom að Grétar hafi sagt dómarann taka ákvörðun um það. Brýndi hann fyrir Guðjóni að skrifa allt niður sem mætti verða til þess að skýra málið. Hafi Guðjón sagst ætla að gera það og beðið um að það yrði sótt morguninn eftir. Bókaði Grétar í skýrsluna að Guðjón hafi verið í mjög viðkvæmu sálarástandi þegar hann hafi talað við hann. Hafi Guðjón virst klökkur og eiga erfitt með að tala um málið.¹⁷⁴⁸

899. Klukkan 13:00 var bókað í fangelsisdagbókina að Birgir Þormar, fulltrúi, hafi hringt og boðað heimsókn séra Jóns Bjarman til Guðjóns milli klukkan 15:00 og 16:00. Var þess getið í færslunni að ekki þyrfti að takmarka tímarn. Klukkan 16:15 var bókað að séra Jón Bjarman hafi farið inn til Guðjóns.¹⁷⁴⁹ Bókað var að séra Jón hafi komið fram klukkan 16:45. Á sama tíma var bókað að Jónas hafi farið inn á klefa númer 13 til Sævars og Haraldur inn á klefa númer tvö til Kristjáns Viðars. Var þess getið að Haraldur hafi verið með sendingu til Kristjáns frá Schütz. Klukkan 18:45 var bókað að Haraldur hafi komið fram frá Kristjáni Viðari. Fyrir liggur ódagsett samantektarskýrsla rituð af Haraldi þar sem bókað er að hann hafi talað við Kristján Viðar þennan dag. Fram kom að Kristján Viðar hafi sagst muna að stuttu eftir að Geirfinnur hafi verið fluttur í hraunið hafi Sævar haft samband við hann og sagt honum að „þessir menn“ hafi ákveðið að það þyrfti að flytja Geirfinn þar sem þeir væru óánægðir með staðinn. Sagðist Kristján Viðar hafa spurt Sævar hverjir „þessir menn“ væru, en Sævar hafi þá sagst ekki vita það.¹⁷⁵⁰ Kvaðst Kristján hafa neitað að taka þátt í þessum flutningi og sagt að sér fyndist þessi staður nógu góður. Bókað var að Kristján hafi sagst fullviss að lík Geirfinns hafi verið flutt því Sævar hafi sagt að búið væri að ákveða það. Fram kom að Kristján hafi sagst ekki vita meira um þetta.¹⁷⁵¹
900. Bókað var í fangelsisdagbókina að Jónas hafi komið frá Sævari klukkan 19:05. Fyrir liggur samantektarskýrsla rituð af Jónasi um vitjun til Sævars þennan dag. Í upphafi skýrslunnar var bókað orðrétt: „Ég lagði nokkrar spurningar fyrir hann og lagði fast að honum að segja satt frá, en svara þeim ekki að öðrum kosti, þar sem röng svör gerðum engum gagn, en lengdu aðeins gæsluvarðhaldstíma hans.“ Fram kom að Jónas hafi spurt Sævar hvert og hverjir hafi flutt lík Geirfinns úr kjallaranum að Grettisgötu 82. Bókað var að Sævar hafi sagt hann og Kristján Viðar hafa gert það. Erla hafi ekið þeim á Land Rover bifreiðinni í myrkri um kvöld. Ekið hafi verið út á Álftanesveg og beygt þar til hægri út á stuttan slóða. Hann og Kristján hafi tekið líkið sem hafi verið í poka úr dökku efni og borið það smá spöl út í úfið hraun. Þeir hafi tekið eitthvað af

¹⁷⁴⁸ Bls. 1614.

¹⁷⁴⁹ Dagbók nr. 5, bls. 138.

¹⁷⁵⁰ Bls. 1532.

¹⁷⁵¹ Bls. 1533.

grjóti upp úr holu og síðan sett líkið ofan í og haugað grjóti yfir það. Taldi Sævar þetta hafa verið fimmtudagskvöldið eftir Keflavíkurferðina. Sagði Sævar að þeir menn sem hafi farið í Keflavíkurferðina hafi verið ósáttir með urðunarstaðinn meðal annars vegna þess að til stæði að byggja þarna í hrauninu. Kvaðst Sævar hafa hitt Kristján Viðar í Tjarnarbúð næsta laugardag á eftir og hafi talað um þetta við hann. Hafi Kristján Viðar ekkert viljað gera með þetta og talið staðinn góðan. Sagði Sævar hann þó hafa komið með sér og Alberti Klahn á Toyota bifreið föður Alberts og þeir flutt lík Geirfinns suður í fjöruna á Álftanesi sem hann hafi verið búinn að benda á. Þetta væri alveg öruggt þó hann hafi ekki getað fundið staðinn. Bókað var að Sævar hafi verið mjög tregur til að svara þegar hann hafi verið spurður hverjir hafi viljað láta flytja líkið. Að endingu hafi Sævar sagt það hafa verið [PL]. Hafi [IJ] vitað um þetta. Fram kom að Sævar hafi ekki viljað svara því hver hafi ekið til Keflavíkur. Taldi hann að farið hafi verið á dökkrauðblárrí Volvo bifreið.¹⁷⁵² Bókað var í skýrsluna að Sævar hafi gefið það í skyn að ökumaðurinn hafi verið [IJ] en hann hafi ekki fengist til að tala hreint út um það. Hafi Sævar sagst hafa greint rangt frá þegar hann hafi nefnt Guðjón Skarphéðinsson í því sambandi. Sagði hann það þó ekki fara á milli mála að Guðjón hafi verið í Keflavík umrætt kvöld og tekið þátt í því sem þar hafi gerst. Sagði hann Guðjón og [IJ] þekkjast. Hafi Guðjón verið tengiliður milli hans og [PL], sem Sævar kvaðst viss um að hafi verið í Keflavík umrætt kvöld.¹⁷⁵³

901. Guðjón ritaði færslu í dagbók sína þennan dag. Ritaði hann um heimsókn frá séra Jóni Bjarman, sagði þá hafa rætt um málið og fleira. Presturinn væri ágætur og tryði á sakleysi hans. Orðrétt ritaði Guðjón: „Grétar kom og gaf margt í skyn og telur mig standa illa í málinu. Vill að ég venji mig við þá tilhugsun að vera jafnvel morðingi. Það þykir mér nokkuð mikið.“ Guðjón ritaði um ávaxtasendingu sem hafi borist honum en síðan ekki fundist. Hann hafi fengið bækur og bréf frá [GUÆ]. Þætti honum verst með dóttur sína sem fengi að líða fyrir misgjörðir hans. Orðrétt ritaði hann: „Ef þessir halda að ég ætli að játa sögur S. og Erlu þá er það misskilningur.“¹⁷⁵⁴
902. Föstudaginn 26. nóvember 1976 var bókað í dagbók fangelsisins við Síðumúla að séra Jón Bjarman hafi hringt klukkan 10:15 og spurt um Guðjón á klefa númer sex.¹⁷⁵⁵ Bókað var klukkan 10:45 að Grétar hafi rætt við Guðjón inni á klefa hans. Ekki var bókað hvenær Grétar hafi komið fram. Fyrir liggur ódagsett samantektarskýrsla, rituð af Grétari, þar sem fram kemur að hann hafi vitjað Guðjóns og sótt til hans bréf sem hann hafi skrifað dómaramum. Bókað var orðrétt: „Hann kvaðst ekki hafa getað rifjað neitt upp um Keflavíkur ferð og telja að hann hafi ekki farið þangað.“¹⁷⁵⁶ Bókað var klukkan 17:45 að Haraldur hafi komið samkvæmt boðun frá Kristjáni Viðari. Tók hann Kristján til viðtals strax í horninu. Bókað var að Kristján hafi verið færður á klefa sinn klukkan 19:10.¹⁷⁵⁷ Rannsóknargögn um viðtalið liggja ekki fyrir.

¹⁷⁵² Bls. 1612.

¹⁷⁵³ Bls. 1613.

¹⁷⁵⁴ Bls. 1611_B.

¹⁷⁵⁵ Dagbók nr. 5, bls. 138b.

¹⁷⁵⁶ Bls. 1614.

¹⁷⁵⁷ Dagbók nr. 5, bls. 139.

903. Fyrir liggur samantektarskýrsla dagsett þennan dag, rituð af Ívari, um viðtal hans og Sigurbjörns Víðis við [ISd], eiginkonu [LV]. Bókað var að [ISd] hafi verið innt eftir því hvort hún væri tilbúin til að greina frá ummælum [SÓE], fyrrum kærustu Tryggva Rúnars. Kvaðst vitnið hafa verið stödd á veitingastað ásamt eiginmanni sínum þegar [SÓE] hafi komið til þeirra og sagt þeim að hún hafi lengi vitað um morðið á Guðmundi Einarssyni. Sagðist vitnið halda örugglega að [SÓE] hafi ekki nefnt nein nöfn í þessu sambandi.¹⁷⁵⁸
904. Fyrir liggur skýrsla um yfirheyrslu yfir [LV] sama dag, 26. nóvember 1976, milli klukkan 17:20 og 18:10. Tílefni yfirheyrslunnar var bókað sem símtöl hans til lögreglunnar 26. apríl 1976 og aftur 6. maí sama ár þar sem hann tilkynnti ummæli [SÓE] um Guðmundarmálið og Geirfinnsmálið. Greindi vitnið frá því að hafa hitt [SÓE] í janúar 1976 á veitingahúsi ásamt eiginkonu sinni. Hafi [SÓE] verið ölvuð og sagt þeim að hún hafi lengi vitað að Guðmundur hafi verið myrtur og hverjir hafi verið þar að verki, en ekki nefnt nein nöfn í því sambandi. Minnti vitninu að bróðir hennar [PRE] hafi verið heimildarmaður hennar. Greindi vitnið frá því að [SÓE] hafi heimsótt sig í marsmánuði sama ár en þá hafi hún verið mikið ölvuð. Hafi Geirfinnsmálið borið á góma og hafi [SÓE] sagst vita mikið um málið og að Geirfinnur hafi verið myrtur. Kvaðst vitnið hafa spurt hver hafi drepið hann og þá hafi hún svarað því til að Tryggvi Rúnar hafi ekki verið viðriðinn það mál. Sagðist vitnið hafa spurt af hverju líkið fyndist ekki og þá hafi hún sagt að Geirfinnur hafi verið brenndur til ösku fyrir utan Reykjavík. Enginn vandi væri að láta menn hverfa með því að hella olú á líkið í heila viku og láta það brenna til ösku. Sagði vitnið að [SÓE] hafi látið í það skína að hún vissi hverjir hefðu verið að verki, en hafi þó ekki nefnt nein nöfn.¹⁷⁵⁹ Við sama tílefni hafi hún greint vitninu frá því að hafa farið með Tryggva Rúnari til Keflavíkur nokkru fyrir hvarf Geirfinns þar sem þau hafi hitt Geirfinn. Kvaðst vitnið ekki hafa lagt neinn trúnað á frásagnir hennar, en þegar fram hafi komið í fjölmiðlum að Geirfinnur hafi verið myrtur hafi hann talið réttast að láta lögregluna vita. Kvaðst vitnið þekkja Tryggva Rúnar, Sævar, Kristján Viðar og Albert en ekkert hafa hitt þá eftir ágúst 1973, en þó einhverja þeirra á þrettándanum 1974.¹⁷⁶⁰ Í kjölfar yfirheyrslunnar var [LV] yfirheyrður aftur milli klukkan 18:10 og 18:15 um ummæli sem [ÁHB] hafi látið falla við ónafngreindan ábendingaraðila um að vitnið vissi eitthvað um Geirfinnsmálið. Fyrir liggur skýrsla um yfirheyrsluna. Bókað var að vitnið hafi sagst þekkja umrædda stúlku en ekki hafa hitt hana í nokkur ár. Kvaðst hann ekki geta skýrt þessi ummæli hennar öðruvísi en svo að hún hafi heyrt af sögunni sem hann hafi haft eftir [SÓE], en hann hafi talað um þetta á vinnustað sínum. Kvaðst hann ekki hafa neinu við framburð sinn að bæta.¹⁷⁶¹
905. Fyrir liggur skýrsla um yfirheyrslu þennan dag, 26. nóvember 1976, yfir [JÁS], verkamanni. Tílefni yfirheyrslunnar var nafnlaust bréf frá Keflavík, dagsett 15. nóvember 1976, þar sem fram kom að vitnið og vinur hans, [SKÁ], byggju yfir

¹⁷⁵⁸ Bls. 1616.

¹⁷⁵⁹ Bls. 1617.

¹⁷⁶⁰ Bls. 1618.

¹⁷⁶¹ Bls. 1619.

veigamiklum upplýsingum um Geirfinnsmálið þar sem þeir hafi verið í nánum kunningsskap við þá sem væru viðriðnir málið. Kvaðst vitnið ekkert vita um Geirfinnsmálið nema það sem hann hafi séð og heyrt í fjölmiðlum. Greindi hann frá kynnum sínum af Erlu og Sævari. Aðspurður kvaðst hann ekki hafa vitað hver Geirfinnur Einarsson hafi verið.¹⁷⁶² Í beinu framhaldi var [SKÁ] yfirheyrður af sama tilefni. Fyrir liggur skýrsla um yfirheyrsluna þar sem haft er eftir vitninu að hann vissi ekkert um Geirfinnsmálið nema það sem greint hafi verið frá í fjölmiðlum. Kvaðst hann kannast við Kristján Viðar og hafa einu sinni talað við hann. Hafi það verið um miðjan desembermánuð 1974, en þá hafi hann setið að drykkju með honum og [PKKP] ásamt félögum sínum heima hjá Kristjáni Viðari. Hafi þeir síðan allir farið saman á dansleik í Tjarnarbúð. Greindi hann frá því að nokkru eftir þetta hafi það borið á góma þegar hann hafi verið að skemmta sér á Röðli að Kristján Viðar væri að selja spíra ásamt einhverjum öðrum. Kvaðst hann ekki muna hver hafi sagt það. Aðra sem tengdir væru málinu þekkti hann ekki.¹⁷⁶³

906. Þennan dag ritaði Guðjón færslu í dagbók sína um að hafa lokið 11 blaðsíðna samantekt um samskipti hans og Sævars. Sagði hann samantektina vera andstyggilega lesningu frá sínum bæjardyrum séð. Betur hefði farið ef hann hafði byrjað skriftirnar fyrr, en of seint væri að iðrast eftir dauðann. Mátulegt væri á sig að sitja lengi inni, enda væri hann ekki fær um að bjarga sér úti meðal manna. Velti hann því fyrir sér hvað hann gæti gert varðandi dóttur sína. Orðrétt ritaði Guðjón: „Ég ætti að vera dauður fyrir löngu. Það er betra en þetta, sérst. ef ég er nú flæktur í Geirfinn þó veit ég ekki hvernig þetta er allt saman. Enda hefur drottinn lagt þá líkn með þraut að ég geri mér ekki lengur grein fyrir því, hvaða skömm, háðung og svívirða þetta allt saman er.“ Ritaði Guðjón um að Grétar hafi komið til sín og talið mál hans standa illa.¹⁷⁶⁴ Grétar hafi sótt samantektina og spurt hvort hann þekkti [IJ] og hann hafi játað því. Guðjón ritaði um veikindi sín og bað Guð að gefa sér heilsu og hugsa vel fyrir dóttur sinni. Hann skammaðist sín hræðilega. Samt fyndist honum stundum sem allt færi vel og hann hafi þurft á þessu að halda og ætti þetta skilið.¹⁷⁶⁵
907. Laugardaginn 27. nóvember 1976 var bókað í dagbók fangelsisins við Síðumúla að Guðsteinn læknir hafi komið milli klukkan 08:45 og 09:30 og rætt við Guðjón meðal annarra. Var þess getið í færslunni að læknirinn hafi breytt og bætt við lyfjum. Bókað var klukkan 14:20 að séra Jón Bjarman hafi komið klukkan 14:35 til viðtals við Guðjón.¹⁷⁶⁶ Á sama tíma var bókað um símtal frá Erni Höskuldssyni sem hafi spurt hvort sama mannaskipan væri á klefunum og áður, það er að segja á klefum númer tvö, 13 og sex. Bókað var að Örn hafi spurt um hugsanlegan þráð á milli, eins og það var orðað í færslunni. Hafi hann spurt hvort þessir menn notuðu sama baðið. Gat færsluritari þess að mennirnir notuðu allir sama baðið, en ekki allir sömu salerni. Klukkan 14:50 var bókað að Haraldur hafi tekið Kristján Viðar til viðtals. Tíu mínútum seinna hafi séra Jón komið frá Guðjóni. Klukkan 15:20 var bókað að Kristján

¹⁷⁶² Bls. 1620–1621.

¹⁷⁶³ Bls. 1622–1623.

¹⁷⁶⁴ Bls. 1611_B.

¹⁷⁶⁵ Bls. 1611_C.

¹⁷⁶⁶ Dagbók nr. 5, bls. 139.

Viðar hafi verið færður fram í horn til Haraldar. Var viðtalinu lokið klukkan 16:15 og var Kristján færður á klefa sinn. Rannsóknargögn um viðtalið liggja ekki fyrir. Á sama tíma var bókað að móðir Sævars hafi komið með sendingu til hans.¹⁷⁶⁷

908. Fyrir liggur skýrsla Bergþórs Jóhannssonar hjá Náttúrufræðistofnun Íslands, dagsett þennan dag, til rannsóknarlögreglunnar í Reykjavík um áhrif rasks á gamburmosa. Í skýrslunni kom fram að höfundur hafi verið viðstaddur leit lögreglu á Álftanesi 24. nóvember 1976. Hafi tilgangurinn verið að kanna hvort unnt væri að sjá á mosagróðri ummerki um rask sem gert hafi verið í hrauninu fyrir um það bil tveimur árum. Niðurstöður skýrslunnar voru þær að aðstæður á svæðinu væru þannig að mjög mikla vandvirkni þyrfti til svo öll ummerki um rask væru horfin eftir tvö ár. Taldi höfundur að sérfræðingur hefði þurft að vinna verkið þannig að ekki væri unnt að finna neitt óeðlilegt að tveimur árum liðnum.¹⁷⁶⁸
909. Þennan dag, 27. nóvember 1976, ritaði Guðjón færslu í dagbók sína um heimsókn séra Jóns Bjarman. Móðir hans væri í angist og hann gæti ekki látið það lengur til ganga. [GUÆ] væri dauf og hafi mest sagt já og nei. Orðrétt ritaði hann: „Ég verð að koma þessu á hreint hvað sem það kostar. [...] Drottinn minn gef þú mér styrk til að viðurkenna sekt mína og viðurkenna mína ábyrgð.“ Í lok færslunnar ritaði hann orðrétt: „Best ég tali við Grétar á morgun. Það trúir mér aldrei neinn framar.“¹⁷⁶⁹
910. Sunnudaginn 28. nóvember 1976 var bókað í dagbók Síðumúlafangelsisins klukkan 13:55 að Jónas hafi farið inn á klefa til Sævars en farið aftur klukkan 14:10 eftir stutt samtali. Rannsóknargögn um vitjunina liggja ekki fyrir. Klukkan 16:00 var bókað um komu Schütz, Péturs Eggerz og Grétars sem hafi tekið Kristján Viðar fram til viðtals. Tíu mínútum síðar var Kristján aftur settur inn á klefa sinn. Rannsóknargögn um viðtalið liggja ekki fyrir. Klukkan 16:25 var bókað að Guðjón hafi verið færður fram til viðtals við Schütz. Bókað var klukkan 16:45 að þeir þrír félagar hafi farið með Guðjón í bíltúr, eins og það var orðað í færslunni. Á sama tíma var bókað að Grétar hafi hringt í Harald vegna beiðni Kristjáns Viðars þar um. Klukkan 19:30 var bókað að Grétar, Schütz og Pétur hafi komið með Guðjón til baka í fangelsið.¹⁷⁷⁰
911. Fyrir liggur skýrsla rituð af Karli Schütz, dagsett sama dag, um ökuferð með Guðjón þennan dag. Bókað var að allt sem Guðjón hafi sagt hafi verið skrifað niður á meðan ferðinni hafi staðið. Fram kom að ekið hafi verið með samþykki Guðjóns til Keflavíkur en fyrst hafi hann óskað eftir því að ekið yrði eftir Vatnsstígnum. Fram kom að Guðjón hafi orðrétt lýst því yfir: „Ég man ekki eftir neinu, þessi gata minnir mig ekki á neitt.“ Bókað var að þá hafi verið borið á hann að hann hafi spurt um Volkswagen bifreið í sambandi við Vatnsstíginn í samtali fyrir stuttu. Guðjón hafi þá sagst hafa einu sinni farið til Keflavíkur með Volkswagen bifreið sem hann hafi ekið sjálfur. Kvaðst hann ekki muna hvaða dag það hafi verið, en það hafi verið stuttu eftir reynsluferðina með Sævari og Erlu á Land Rover bifreiðinni. Hélt Guðjón að

¹⁷⁶⁷ Dagbók nr. 5, bls. 139b.

¹⁷⁶⁸ Bls. 1624–1627.

¹⁷⁶⁹ Bls. 1611_C.

¹⁷⁷⁰ Dagbók nr. 5, bls. 139b–140.

Volkswagen bifreiðin hafi verið full af fólki, en sagðist þó ekki vera viss. Fram kom að á leiðinni til Keflavíkur hafi Guðjón verið spurður hvers vegna hann gæti ekki munað eftir atburðum sem væru svo þungir á metunum, eins og það var orðað. Haft var orðrétt eftir Guðjóni: „Á árinu 1974 var ég orðinn mjög þunglyndur, þess vegna get ég ekki munað ákveðin atvik skýrt. Þunglyndið lýsti sér þannig að ég var þreyttur og rólegur. Ástæða þunglyndisins var lát föður míns 5.7.1974.“¹⁷⁷¹ Neitaði Guðjón því aðspurður hvort hann hafi farið aðra ferð til Keflavíkur en þá sem hann hafi nefnt á Volkswagen bifreiðinni. Kvaðst hann ekki muna lengur hverjir hafi verið farþegar í Volkswagen bifreiðinni. Orðrétt var haft eftir Guðjóni: „Sævar gæti hafa verið þar. Ég er ekki viss um hvort Erla var þar. Það er ekki útilokað. Kristján þekki ég ekki persónulega. Þess vegna get ég ekki sagt hvort hann fór með í þessa ferð. En það er alveg víst að það voru menn í bílnum. Þetta var aðeins ein ferð. En hún átti sér stað þegar áliðnara var kvöld heldur en nú er.“ Þegar komið hafi verið inn í Keflavík hafi Guðjón sagt orðrétt: „Mig grunar að við höfum ekið hér.“ Bókað var í skýrsluna að Guðjón hafi átt við Aðalgötuna í Keflavík. Haft var orðrétt eftir honum: „Ég hef ekki verið við Hafnarbúðina.“ Fram kom að Guðjóni hafi næst verið ekið að Hafnarbúðinni og þá hafi hann sagst ekki hafa verið þar og minntist þess ekki að hafa lent í slagsmálum í Keflavík með fullorðnum manni. Bókað var að Guðjón hafi stjórnað ferð lögreglubifreiðarinnar í gegnum bæinn.¹⁷⁷² Að hans fyrirmælum hafi bifreiðin verið stöðvuð fyrir framan „Pípugerð Áhaldahús“. Var þess getið í skýrslunni að staðurinn væri í um 200 metra fjarlægð frá Dráttarbrautinni í Keflavík. Bókað var um lýsingar Guðjóns á því hvernig fólkið hafi stigið út úr bifreiðinni en hann setið eftir í um tíu mínútur. Þá hafi hann ekið inn í bæinn aftur og beðið á einhverjum stað í um hálf tíma. Síðan hafi hann stöðvað næst við bensínstöð og hafi þá einn farþeganna sagt við hann: „Láttu ekki sjá þig svona í bænum.“ Kvaðst hann halda að það hafi verið Sævar, það væri eftir honum. Kvaðst hann ekki muna hvar farþegarnir hafi stigið úr bifreiðinni þegar komið hafi verið aftur til Reykjavíkur. Fram kom að Guðjón hafi óskað eftir því að ekið yrði inn á svæði Dráttarbrautarinnar. Hafi hann viljað fara út úr bifreiðinni, en honum ekki leyft það þar sem mjög dimmt hafi verið og því hætta á flóttu. Bókað var að Guðjón hafi spurt hvernig veðrið hafi verið umrætt kvöld. Fram kom að á leiðinni til Reykjavíkur hafi Guðjón óskað eftir því að ekið yrði Grettisgötuna og undirganginn þar sem innkeyrslan væri á bak við hús númer 82. Haft var orðrétt eftir honum: „Ég hef aldrei komið inn í hús nr. 82. En ég var einu sinni gestur í húsinu við hliðina. Þar bjuggu kunningjar.“¹⁷⁷³

912. Klukkan 20:30 var bókað í fangelsisdagbókina að Haraldur hafi rætt við Kristján Viðar. Bókað var klukkan 21:15 að Kristján hafi verið færður aftur á klefa númer tvö.¹⁷⁷⁴ Rannsóknargögn um vitjunina liggja ekki fyrir.
913. Meðal rannsóknargagna liggur fyrir yfirlit yfir framburði aðila um Erlu og aðild hennar að Geirfinnsmálinu. Yfirlitið er í tímaröð og spannar tímabilið frá 22. janúar

¹⁷⁷¹ Bls. 1628.

¹⁷⁷² Bls. 1629.

¹⁷⁷³ Bls. 1630.

¹⁷⁷⁴ Dagbók nr. 5, bls. 140b.

1976 til og með 28. nóvember sama ár. Yfirlitið ber með sér engar nýjar upplýsingar.¹⁷⁷⁵

914. Pennan dag, 28. nóvember 1976, ritaði Guðjón í dagbók sína um að hann sæi ekki ástæðu til annars en að reyna að upplýsa málið eftir bestu getu. Verst væri að hann myndi svo lítið. Hann ritaði um bílferðina til Keflavíkur með Grétari, Schütz og Pétri. Lítið hafi verið á því að græða, þeir hafi ekið um bæinn og enn minna hafi verið á því að græða. Orðrétt ritaði Guðjón: „Ég vil upplýsa málið strax. Og fá refsingu þunga og langa helst. Ég er uppgefinn, andlega og líkamlega. Búinn að vera.“¹⁷⁷⁶
915. Mánudaginn 29. nóvember 1976 var bókað í dagbók fangelsisins við Síðumúla að Guðjón hafi verið færður fram til viðtals við Grétar klukkan 15:30. Fimm mínútum síðar var bókað að Jónas hafi komið og farið inn á klefa til Sævars. Á sama tíma var bókað um símtal frá Erni sem hafi spurt um Schütz og Pétur Eggerz. Klukkan 18:00 var bókað að móðir Sævars hafi komið með sendingu af bókum og fleiru til sonar síns. Á sama tíma hafi Jónas komið af klefa Sævars og hafi þá yfirfarið sendinguna. Fyrir liggur ódagsett samantektarskýrsla, rituð af Jónasi, um viðtal við Sævar þennan dag. Bókað var að lagðar hafi verið nokkrar spurningar fyrir Sævar sem komið hafi upp í tengslum við yfirheyrslur yfir Guðjóni og fleirum. Hafi Sævars sagst munu svara sannleikanum samkvæmt. Var Sævar spurður um kynni sín af nafngreindum manni sem Kristján Viðar hafi sagt vin hans. Greindi Sævar frá kunningskap þeirra. Þá var hann spurður hvaða [IRB] það hafi verið sem hafi verið gestur heima hjá Kristjáni Viðari morguninn eftir að Guðmundur Einarsson hafi verið drepinn. Hafi Sævars svarað því til að það hafi verið [IRB]. Sævar var spurður hver nafngreind kona væri, en nafn hennar hafi komið fyrir í sambandi við Guðjón. Kvaðst Sævar ekki þekkja hana. Var hann þá spurður um gula sendiferðabifreið sem Guðjón hafi sagt frá. Hafi Sævar talið að um væri að ræða bifreið sem „strákarnir á Þorustöðum“ hafi haft yfir að ráða. Bókað var í skýrsluna að Sævar hafi verið spurður út í kynni sín af [ÞL] og greindi hann frá þeim og viðskiptum þeirra og [IJ] í tengslum við fíkniefnakaup.¹⁷⁷⁷ Kvaðst Sævar öruggur um að [ÞL] hafi verið á sendiferðabifreið sinni í Keflavík 19. nóvember 1974. Aðspurður um hverjir fleiri hafi verið í sendiferðabifreiðinni í umrætt sinn hafi Sævar verið mjög tregur til svars en loks sagt það hafa verið þrjú menn, tveir ungir og einn nálægt fimmtugu. Sagði hann yngri mennina hafa verið Guðjón og [SÁsg] en vildi ekki svara því hver fullorðni maðurinn hafi verið. Bókaði Jónas um að hafa spurt Sævar sérstaklega hver hefði ekið honum, Erlu og Kristjáni Viðari til Keflavíkur umrætt kvöld. Kvaðst Sævar ekki vilja svara því en sagði Kristján einnig þekkja hann. Þau hafi farið á dökkrauðri Mercedes Benz bifreið af frekar gamalli gerð. Taldi Sævar að ökumaðurinn stundaði eitthvað leiguakstur en hefði þó ekki pláss á leigubifreiðastöð.¹⁷⁷⁸
916. Klukkan 18:45 var bókað í fangelsisdagbókina að Guðjón hafi farið inn á klefa sinn í matarhlé. Var hann færður aftur í hornið til Grétars, eins og það var orðað, klukkan

¹⁷⁷⁵ Bls. 1631–1638.

¹⁷⁷⁶ Bls. 1638_A.

¹⁷⁷⁷ Bls. 1639.

¹⁷⁷⁸ Bls. 1640.

19:55.¹⁷⁷⁹ Bókað var að yfirheyrslu yfir Guðjóni hafi lokið klukkan 22:55. Fyrir liggur skýrsla um yfirheyrslu yfir Guðjóni þennan dag milli klukkan 15:30 og 18:40. Var tilefni yfirheyrslunnar upprifjun á ökuferð gærdagsins um götur Reykjavíkurborgar og til Keflavíkur. Bókað var að Guðjón hafi sagst ekki muna eftir neinu í sambandi við Vatnsstíg. Greindi hann frá því að rifjast hafi upp fyrir sér að stuttu eftir að hann hafi reynt sluekið Land Rover bifreið Sævars og Erlu hafi hann ekið til Keflavíkur á Volkswagen fólksbifreið. Bókað var orðrétt í skýrsluna: „Ég man ekki hvaða dag þetta var, en þetta gæti hafa verið þriðjudaginn 19.11.1974. Mig minnir, að daginn eftir þessa ferð hafi ég setið inni á Mokka og þar hafi ég séð í einhverju blaði frásögn af jarðarför Þórbergs Þórðarsonar.“ Minnti Guðjón að Sævar hafi komið inn og sagt eitthvað á þá leið: „nú væri bara að þegja.“ Sagði Guðjón að jafnvel þá hafi hann ekki áttað sig á hvað væri um að vera. Kvaðst hann minna að hann hafi lagt upp í þessa ferð frá Lambhóli við Starhaga þar sem hann hafi verið í heimsókn hjá kunningja sínum. Sagði Guðjón að það væri ekki víst að hann myndi þetta rétt. Kvaðst hann halda að Sævar hafi komið þangað umrætt kvöld á Volkswagen bifreið. Hélt Guðjón að þar hafi verið ákveðið að hann færi með í þessa ferð til Keflavíkur. Mundi hann ekki eftir því að hafa átt að fá neinn ágóða af ferðinni. Sagðist Guðjón hafa ekið bifreiðinni til Keflavíkur, líkt og hann hafi þegar greint frá daginn áður, og með honum hafi verið þrjár farþegar. Einn af þeim hafi verið Sævar, en hinir tvær gætu hafa verið Erla og Kristján Viðar. Kvaðst Guðjón muna eftir að hafa verið hræddur við einn farþegann sem hann hafi ekki þekkt.¹⁷⁸⁰ Sagði Guðjón það geta verið að ekið hafi verið frá Lambhóli á Vatnsstíg en hann hafi sjálfur ekkert erindi átt þangað, enda hafi hann ekki verið skipuleggjandi ferðarinnar. Kvaðst hann minna að Volkswagen bifreiðin hafi verið ljósblá. Kvaðst hann ekki vita hver hafi átt bifreiðina og það geta verið að hún hafi verið frá bílaleigu. Rifjaði Guðjón upp kvöldið að Lambhóli og hverjir hafi verið þar staddir. Kvaðst hann ekki vita hvort kunningjar sínir hafi séð Sævar þetta umrædda kvöld, enda gæti verið að þarna væri ekki um sama kvöldið að ræða. Kvaðst Guðjón telja það rétt munað hjá sér að Sævar hafi setið við hlið hans í framsætinu. Mundi hann hvorki klæðnað Sævars né annarra farþega. Lýsti Guðjón því hvar hann hafi ekið eftir aðalgötunni inn í Keflavík og þá hafi Sævar sagt hinum farþegunum að láta lítið á sér bera. Minnti Guðjóni að þá hafi allir beygt sig niður. Haft var eftir Guðjóni að hann hafi ekki kannast við sig þegar honum hafi verið ekið að Hafnarbúðinni daginn áður. Orðrétt var bókað: „Þó gæti verið að ég hafi stöðvað við götuhorn ekki langt frá Hafnarbúðinni og einn maður hafi farið úr bifreiðinni. Ekki man ég til að ég hafi skrifað þarna á neinn miða til að láta manninn hafa.“ Greindi Guðjón frá því að hann myndi nú eftir því að Sævar hafi komið til hans daginn áður en ferðin hafi verið farin. Þá hafi Sævar hringt eitthvað, skrifað eitthvað niður og beðið hann um geyma hann. Kvaðst hann ekki muna þetta glögglega og sagðist ekki vera viss um að rétt væri með farið. Mundi hann ekki hvort hann hafi verið með miðann eða hvort hann hafi verið beðinn um hann í Keflavík. Minnti hann að einn farþeginn hafi farið út úr bifreiðinni og ekki komið inn í hana aftur. Sagði hann það geta hafa verið í grennd við

¹⁷⁷⁹ Dagbók nr. 5, bls. 141.

¹⁷⁸⁰ Bls. 1641.

Hafnarbúðina. Mundi Guðjón ekki hvort einhver annar hafi komið inn í bifreiðina. Eftir þetta hafi verið ekið áleiðis út úr Keflavík og í átt að Garðinum. Þar hafi honum verið sagt að stöðva og var það við húsið sem hann hafi bent á í ökuferðinni með lögreglunni daginn áður, „Pípugerð Áhaldahús“. Fyndist honum sem allir hafi farið úr bifreiðinni nema hann. Kvaðst hann ekki getað rifjað upp það sem hafi gerst næst þar sem hann myndi það ekki. Minnti hann þó að þarna hafi verið eitthvað vesen og Sævar hafi komið aftur að bifreiðinni og þurft að fara á annan stað í Keflavík. Fannst honum sem ekið hafi verið að sjoppu þar sem bensínstöð hafi verið og þar hafi Sævar farið inn að hringja. Kvaðst hann ekki hafa hugmynd um hvert hann hafi hringt eða hvers vegna. Sama væri að segja um tilgang ferðarinnar til Keflavíkur, þó fyndist honum sem Sævar hafi ætlað að fjármagna utanlandsferð með þessari för. Kvaðst hann ekki geta rifjað upp það sem hafi gerst eftir þetta í Keflavík, en þó fyndist honum sem ekið hafi verið eitthvað meira um Keflavík og einhver vitleysa hafi verið komin í málið. Kvaðst hann halda að hann og Sævar hafi bara verið tveir í bifreiðinni á leiðinni til Reykjavíkur. Orðrétt var bókað í skýrsluna: „Mig minnir að við höfum verið staddir fyrir ofan Hafnarfjörð er Sævar sló kumpánlega í öxlina á mér og sagði við mig eitthvað á þá leið, að ég væri orðinn samsekur um morð. Ég man svo næst eftir mér, er ég hneig niður í stól heima hjá mér, þar sem mér hafði orðið svo mikið um það sem gerst hafði.“ Greindi Guðjón frá því að þegar atburðirnir hafi átt sér stað hafi hann verið í sálarlegu ójafnvægi. Um það leyti sem faðir hans hafi látist í bílslysi og dóttir hans slasast í júlí 1974 hafi hann fengið hvert taugaáfallið á fætur öðru. Þegar liðið hafi á haustið sama ár hafi hann verið þunglyndur, sljór og viljalaus. Kvaðst hann ekki hafa leitað sér lækninga vegna þessa. Sagðist Guðjón oft hafa heimsótt kunningja í Garðinum og því þekkja leiðina í gegnum Keflavík. Mundi hann ekki eftir því að hafa farið nema þessa einu ferð til Keflavíkur.¹⁷⁸¹ Greindi Guðjón frá því að hafa farið með Sævari að Gljúfurárholti í júlí 1975 þar sem hann hafi séð gula Mercedes Benz sendibifreið. Minnti Guðjóni að bifreiðin hafi verið gluggalaus á hliðum. Mundi hann að Sævari hafi orðið mikið um að sjá bifreiðina og viljað fara. Hafi Sævar talað um að ekki væri óhætt að mennirnir á bifreiðinni sæju hann. Kvaðst Guðjón ekki hvorki hafa séð þá sem í bifreiðinni voru né vita hverjir þar hafi verið á ferðinni, en hann hafi litið á skráningarnúmerið og kæmi það nú í huga hans sem R-35478. Kvaðst hann gruna að umrædd bifreið hafi staðið í einhverju sambandi við atburðina í Keflavík.¹⁷⁸²

917. Meðal rannsóknargagna liggja fyrir ódagsettir handritaðir punktar með yfirskriftinni: „Athugasemdir varðandi Guðjón Skarphéðinsson“, sem ekki liggur fyrir hver ritaði. Ritað er um að við yfirheyrslu þennan dag, 29. nóvember 1976, hafi Guðjón sagst hafa lesið Þjóðviljann aðspurður um í hvaða blaði hann hafi lesið efni. Hafi Guðjón lýst því að á innsíðu blaðsins hafi verið skrifað um jarðarför Þórbergs Þórðarsonar sem hafi verið óvenjuleg. Sagt hafi verið frá áletrun á legsteini Þórbergs sem hann hafi sjálfur valið. Áletrunin hafi verið stutt kvæði á esperantó sem lag væri til við. Ritað var að Guðjón hafi munað eftirfarandi úr kvæðinu: „Fæddur í heimskunnar landi, grafinn í heimskunnar landi.“ Höfundur punktanna bókaði um að hafa skoðað Þjóðviljann frá

¹⁷⁸¹ Bls. 1643.

¹⁷⁸² Bls. 1644.

20. nóvember 1974, en þar hafi verið grein á þriðju síðu blaðsins um væntanlega jarðarför Þórbergs. Sagt hafi verið frá grafskrift á esperantó sem hafi verið við þekkt lag: „Lifði í [fátæktarlandi]. [Dó í forheimskunarlandinu].¹⁷⁸³

918. Fyrir liggur skýrsla um yfirheyrslu þennan dag yfir [PRE]. Bókað var að tilefni yfirheyrslunnar hafi verið framburður [LV] um að [SÓE], systir vitnisins, hafi sagt hann hafa vitneskju um morðið á Guðmundi Einarssyni. Kvaðst vitnið neita því að hafa vita nokkuð um morðið á Guðmundi. Sagði hann það vera ósannindi systur sinnar hafi hún borið hann fyrir einhverjum sögum í því sambandi. Kvaðst hann ekkert hafa heyrt um málið annað en það sem Tryggvi Rúnar hafi sagt honum þegar hann hafi komið austur á Litla-Hraun um sumarið. Kvaðst hann vísa til skýrslu sem Njörður Snæhólm hafi tekið af honum í febrúar um samskipti hans og Tryggva Rúnars. Hafi hann greint frá öllu þar sannleikanum samkvæmt. Kvaðst hann vilja láta það koma fram að þegar hann og Tryggvi Rúnar hafi rætt um afbrot sín hafi hann sagt sér frá málum sem hann hafi greint Nirði frá. Sagði vitnið að daginn eftir hafi Tryggvi spurt hvort hann hefði verið að blaðra eitthvað og hótað sér lífláti. Kvaðst vitnið halda að hann hafi einnig sagt Nirði þetta.¹⁷⁸⁴
919. Sama dag ritaði Guðjón færslu í dagbók sína um langt samtalið sitt við Grétar. Reynt hafi verið að rifja upp allt sem varðaði Keflavíkurferðina. Það hafi gengið misvel en honum liði betur en áður. Hann væri þreyttur eftir þetta. Orðrétt ritaði Guðjón: „Vildi ég myndi betur hvernig þetta var allt saman. Gengur ekki að hlífa sér vantar kjark segir Grétar, á bággt með að muna segi ég. Reyna aftur á morgun. Ætlar að nefna við dómara hvort ég fái að hitta [GUÆ]. Vafamál hvort það er æskilegt. Verð að reyna að rísa upp úr aumingjaskapnum og öðlast kjark. Vil fá geðrannsókn.“¹⁷⁸⁵
920. Þriðjudaginn 30. nóvember 1976 var bókað í dagbók Síðumúlafangelsisins að Grétar og Þorsteinn Henrysson, lögregluábyrgingur, hafi sótt Guðjón klukkan 13:00. Bókað var klukkan 13:55 að Haraldur hafi farið með Kristján Viðar í sakadóm. Fyrir liggur ódagsett upplýsingaskýrsla, rituð af Jónasi, um sakbendingu í herbergi tæknideildar rannsóknarlögreglunnar sem fram hafi farið þennan dag klukkan 14:00. Fram kom að tilgangurinn hafi verið að kanna hvort Kristján Viðar myndi þekkja Guðjón úr hópi átta manna, en Kristján hafi borið um að Guðjón væri viðriðinn hvarf Geirfinns og meðal annars verið viðstaddur þegar honum hafi verið ráðinn bani. Bókað var að til aðstoðar við sakbendinguna hafi verið fengnir nemandur við Lögregluskóla ríkisins. Fram kom að við val á nemunum hafi verið tekið mið af hæð, aldri og útliti sem svipaði til Guðjóns. Var Guðjóni og nemunum raðað í beina röð og hafi þeim verið fengin númer frá einum og upp í átta. Hafi Guðjón borið númerið þrjú. Fram kom að Kristján Viðar hafi gengið með röðinni og til baka og síðan verið færður í annað herbergi. Bókað var að Kristján hafi sagst þekkja mann númer þrjú sem útlendingslega manninn sem hann hafi greint frá í skýrslum hjá lögreglu. Fram kom að Kristján Viðar og Guðjón hafi í kjölfarið verið samþrifaðir í áheyrn hvors annars og vísað til sérstakrar skýrslu þar

¹⁷⁸³ Bls. 1645.

¹⁷⁸⁴ Bls. 1652–1653.

¹⁷⁸⁵ Bls. 1638_A.

um.¹⁷⁸⁶ Einnig liggur fyrir skýrsla um sama efni, dagsett sama dag, rituð af Schütz.¹⁷⁸⁷
Ber skýrslan engar frekari upplýsingar með sér.

921. Meðal rannsóknargagna liggur fyrir skýrsla um sampröfun Kristjáns Viðars og Guðjóns, dagsett þennan dag. Í skýrslunni var Kristján Viðar nefndur „A“ en Guðjón „B“. Fram kom að Kristján hafi sagst hafa séð Guðjón við sakbendinguna sem mann númer þrjú. Bókað var orðrétt: „Hvar hafið þér séð manninn þann 19. nóv. 1974? a: Svar, á Vatnsstíg og í Dráttarbrautinni.“ Aðspurður sagði Kristján Viðar manninn hafa spurt sig og Sævar hvort þeir hefðu verið til sjós. Bókað var orðrétt um spurningar til „B“: „Þér hafið heyrt hvað Kristján sagði, hvað segið þér við því? b: Svar, ég þekki hann ekki. Þér hafið sagt áður að þér þekkið ekki Kristján. Viljið þér segja að [það] gæti verið mögulegt að þér hafið talað við Kristján [...] í Dráttarbrautinni, án þess að þekkja hann? b: Svar, það gæti verið möguleiki.“¹⁷⁸⁸ Bókað er um að „A“ hafi þá orðrétt verið spurður: „Getið þér munað eftir einhverju öðru í sambandi við Guðjón í Dráttarbrautinni?“ a: Svar, hann sagði mér að koma með sér og fórum við upp að bát og þar sagði hann mér að bíða.“ Var þá Guðjón, „B“, spurður: „Hvað viljið þér segja við þessu?“ Svaraði Guðjón því til að hann minntist þessa ekki. Bókað var í skýrsluna um spurningu til þeirra beggja: „Ert þú alveg viss um að það sé rétt, sem þú sagðir áðan: „a: Svar, já, ég er alveg viss, nema að maðurinn eigi tvífara, sem myndi þá þurfa að líta nákvæmlega eins út og Guðjón. b: Svar, ég ætla ekkert að bæta neinu við, nema því að ég man ekkert eftir því að hafa séð manninn áður.“ Bókað var í skýrsluna að Guðjón, „B“, hafi spurt Kristján Viðar, „A“: „Ég vil fá að vita hvort þú hafir séð mig einhvern tímann fyrir þennan tíma (fyrir 19. nóv. 1974). Svar a: Nei. Ég hef aðeins talað við hann í síma, það er að segja, hann svaraði í sem Guðjón Skarphéðinsson í síma.“¹⁷⁸⁹
922. Þennan dag var dómþing háð í sakadómi Reykjavíkur af Birgi Þormari og fyrir tekið dómsrannsókn vegna hvarfs Geirfinns. Bókað var að [SvJ] hafi komið í dóminn klukkan 15:10 sem vitni. Haft var eftir vitninu að hún hafi komið tvisvar á heimili Guðjóns og [GUÆ] í nóvember 1974. Hafi hún beðið [GUÆ] um að laga föt fyrir sig. Hún hafi komið fyrir 18. nóvember þetta ár, en þann dag hafi hún farið utan. Minnti hana að hafa heyrt að þau hafi flutt í íbúðina sama dag og hún hafi komið í fyrra skiptið. Mundi hún að auk þeirra hafi móðir Guðjóns verið í íbúðinni og ung stúlka og taldi að einnig hafi verið þar ungur maður. Kvaðst hún ekki hafa tekið eftir neinu sérstöku í fari Guðjóns, hann hafi komið henni fyrir sjónir sem viðfeldinn og alúðlegur maður. Hafi hún sótt fötin 17. eða 18. nóvember 1974. Vék vitnið frá klukkan 15:40 og var dómþingi þá slitið.¹⁷⁹⁰
923. Sama dag var þinghald sett í sakadómi Reykjavíkur af Erni Höskuldssyni og tekið fyrir framangreint mál. Bókað var í þingbókina að Erla hafi komið fyrir dóminn klukkan 16:10 og með henni Guðmundur Ingvi Sigurðsson, réttargæslumaður hennar.

¹⁷⁸⁶ Bls. 1656.

¹⁷⁸⁷ Bls. 1663.

¹⁷⁸⁸ Bls. 1661.

¹⁷⁸⁹ Bls. 1662.

¹⁷⁹⁰ Bls. 1692.

Bókað var að Erlu hafi verið bent á að frá því í janúar 1976 til þessa dags hafi verið teknar af henni margar skýrslur þar sem hún hafi nefnt mörg nöfn manna sem hafi átt að vera viðriðnir málið. Var hún spurð hvort hún væri tilbúin til að segja sannleikann. Haft var eftir Erlu að síðasti framburður hennar hafi verið sannleikur. Sævar hafi sagt henni að nefna nöfn Magnúsar, Sigurbjörns, Valdimars, Einars og fleiri manna til að leiða athyglina frá þeim sem hafi raunverulega verið við málið riðnir. Kvaðst Erla líka hafa skrökvað er hún hafi sagt [RJ] og [GBe] eiga aðild að málinu. Sagðist hún hafa heyrt að þeir hafi verið bendlaðir við eiturfjasmýgl og auk þess hafi Sævar þekkt þá. Kvaðst Erla viss um að Guðjón hafi verið staddur í Dráttarbraut Keflavíkur umrætt kvöld. Í Land Rover bifreiðinni hafi verið Sævar og Kristján Viðar auk hennar. Kvaðst hún ekki vita hver bílstjórinn hafi verið, en Guðjón hafi farið á annarri bifreið til Keflavíkur. Mundi hún eftir rauðri fólksbifreið og stórrí, ljósri sendiferðabifreið í Dráttarbrautinni umrætt kvöld. Í framhaldinu var kveðinn upp úrskurður í dómnum þar sem fram kom að það virtist ljóst að Kristján Viðar, Sævar, Erla og Guðjón hafi átt þátt í dauða Geirfinns, en ekki hafi komið fram að Erla hafi átt beinan þátt í átökum er leitt hafi til dauða hans. Orðrétt sagði: „Þau Kristján Viðar, Sævar og Erla hafa öll orðið margsaga um atburðina og hefur enn ekki náðst nægjanlegt samræmi í framburði þeirra til þess að ætla megi að þeir séu réttir.“ Fram kom að rannsókn málsins væri enn ekki lokið og nauðsyn bæri til að rannsaka frekar framburði sakborninga áður en Erlu yrði sleppt úr gæsluvarðhaldinu.¹⁷⁹¹ Var hún úrskurðuð í áframhaldandi 30 daga gæsluvarðhald. Kvaðst Erla vilja hafa samráð við réttargæslumann sinn um kæru á úrskurðinum og vék hún frá klukkan 16:50. Bókað var klukkan 17:10 að réttargæslumaður Erlu, Guðmundur Ingvi Sigurðsson, hafi komið á ný fyrir dóminn og lýst því yfir að úrskurðurinn yrði ekki kærður til Hæstaréttar Íslands. Var dómþingi þá slitið.¹⁷⁹²

924. Klukkan 16:15 að Jónas hafi farið inn á klefa til Sævars.¹⁷⁹³ Bókað var að Haraldur hafi komið með Kristján Viðar til baka úr sakadómi klukkan 16:35. Klukkan 17:25 var bókað að Haraldur hafi farið eftir að hafa rætt við Jónas og Sævar. Fyrir liggur ódagsett samantektarskýrsla, rituð af Jónasi, um viðtal við Sævar þennan dag. Fram kom að lagðar hafi verið nokkrar spurningar fyrir Sævar vegna framburðar Guðjóns frá því deginum áður. Bókað var að Sævar hafi verið spurður hvaða sendiferðabifreiðar hann hafi þekkt til eða haft afnot af árið 1974. Nefndi Sævar þrjár sendiferðabifreiðar; GMC bifreið [PL], gula Mercedes Benz bifreið sem hafi verið í eigu strákanna á Þórustöðum og notuð hafi verið til að flytja dót Erlu frá Lambhóli að Grundarstíg og þá hafi [SÓH], frændi Kristjáns Viðars ekið slíkri bifreið. Aðspurður hvort hann hafi verið heima hjá Guðjóni 18. nóvember 1974 sagðist Sævar hafa verið þar 17. til og með 19. nóvember þetta ár og hafa hringt þaðan í öll skiptin. Kvaðst hann ekki muna hvert og ekki hvort hann hafi skrifað númer eða nafn á miða og fengið Guðjóni. Aðspurður hvort hann hafi farið með Guðjóni í bifreið til Keflavíkur sagði Sævar það hafa verið í eitt skipti. Þá hafi þeir ekið frá Lambhóli við Starhaga í Bronco

¹⁷⁹¹ Bls. 1663_B.

¹⁷⁹² Bls. 1663_C.

¹⁷⁹³ Dagbók nr. 5, bls. 141b.

bifreið sem [SÁsg] hafi ekið. Taldi hann þetta hafa verið að kvöldlagi, snemma í nóvember 1974. Sagði hann Guðjón hafa farið inn í hús í Keflavík og stoppað þar í hálf tíma á meðan hann og [SÁsg] hafi beðið úti. Kvaðst hann ekki hafa vitað erindi Guðjóns en taldi sig geta bent á húsið sem hafi verið eins konar raðhús. Bókað var að Sævar hafi verið spurður hvort hann hafi einhvern tímann að kvöldlagi ekið í bifreið um Keflavík og beðið farþegana um að láta lítið á sér bera. Taldi Sævar það útilokað. Orðrétt var bókað: „Hann var spurður um hvort hann hefði farið að kvöldlagi inn í bensínsölu eða sjoppu við aðalgötuna í Keflavík til að hringja. Hann kvaðst minnst þess að hafa verið einn á ferð í Keflavík með Erlu í blárri V.W bílaleigubifr. og þá hringt úr sjoppu við aðalgötuna. Þau hafi verið að leita að gjaldeyri.“ Sævar var spurður hvort hann hafi hitt Guðjón á Mokka 20. nóvember 1974. Játtaði Sævar því. Aðspurður hvort þeir hafi eitthvað talað um það sem hafi gerst um nóttina sagði Sævar að þeir hafi eitthvað rætt um Geirfinn og að flytja þyrfti líkið sem hafi þá verið í kjallaranum hjá Kristjáni. Aðspurður hvenær Geirfinnur hafi verið fluttur sagðist Sævar ekki alveg viss á deginum. Bókað var orðrétt í skýrsluna: „Er alveg víst að Kristján Viðar hafi tekið þátt í að flytja líkið aftur burt úr hrauninu? Svar: Ég vil ekki svara þessari spurningu.“¹⁷⁹⁴

925. Fyrir liggja ódagsettir handritaðir punktar, sem ekki liggur fyrir hver ritaði, um framburð Sævars um gulu sendiferðabifreiðina, ferð til Keflavíkur með Guðjóni og mót þeirra á Mokka 20. nóvember 1974.¹⁷⁹⁵ Bera punktarnir ekki með sér frekari upplýsingar en fram koma í skriflegri skýrslu um yfirheyrslu yfir Sævari þennan dag.
926. Þennan dag, 30. nóvember 1976, var bókað í fangelsisdagbókina klukkan 19:10 að komið hafi verið með Guðjón úr sakadómi. Fyrir liggur skýrsla um yfirheyrslu yfir Guðjóni þennan dag milli klukkan 15:00 og 18:50 á skrifstofu rannsóknarlögreglunnar.¹⁷⁹⁶ Haft var eftir Guðjóni að hann væri viss um að fyrir 14. nóvember 1974 hafi hann ekki hitt Sævar í um tvo mánuði. Þann dag hafi Sævar og Erla komið heim til hans til að sýna honum Land Rover bifreiðina. Kvaðst Guðjón viss um að við það tilefni hafi ekkert verið minnst á Keflavíkurfærðina. Taldi hann sig geta fullyrt að 18. nóvember 1974 um klukkan 17:00 hafi hann farið á Mokka og hitt Erlu og Sævar. Hafi þau ekið honum heim að Ásvallagötu og Sævar komið inn en Erla beðið í Land Rover bifreiðinni. Þá hafi Sævar fengið að hringja til að fá uppgefið símanúmer hjá öðrum manni. Sævar hafi hringt aðeins einu sinni og kvaðst Guðjón ekki hafa heyrt hvað hann hafi sagt. Þeir hafi verið tveir í íbúðinni. Minnti Guðjóni að Sævar hafi látið hann fá miða og beðið hann að geyma hann. Kvaðst Guðjón ekki muna hvað hafi staðið á miðanum en hélt það hafi aðeins verið símanúmer.¹⁷⁹⁷ Hafi Sævar beðið hann um að koma með sér til Keflavíkur daginn eftir að hitta mann. Skildi Guðjón það sem svo að Sævar hafi ætlað að redda peningamálum vegna væntanlegrar utanferðar. Hafi mátt skilja það á Sævari að hann ætlaði að hitta þennan mann og hafa milligöngu um að selja eitthvað. Kvaðst Guðjón hafa gefið Sævari ádrátt

¹⁷⁹⁴ Bls. 1654–1655.

¹⁷⁹⁵ Bls. 1664.

¹⁷⁹⁶ Bls. 1649–1651.

¹⁷⁹⁷ Bls. 1648.

um að fara með. Minnti Guðjón að hann hafi ekið að Lambhóli næsta dag milli klukkan 20:00 og 20:30 á Fiat bifreið tengdamóður sinnar. Kvaðst hann minna að hann hafi ekið Villa sjómanni til að sækja hljómflutningstæki og hafa hitt Sævar að Lambhóli þegar hann hafi komið úr þeirri ferð. Hafi Sævar þá beðið hann um að aka sér til Keflavíkur sem hann hafi samþykkt. Ekki hafi verið rætt um að hann fengi ágóða af ferðinni. Minnti Guðjón að hafa ekið Fiat bifreiðinni heim til sín og hafa tekið þar bifreið sem Sævar hafi haft til umráða. Hélt hann að það hafi verið Volkswagen bifreið, en þó væri hann ekki viss og sagði það geta hafa verið stór, gömul amerísk bifreið. Það hafi ekki verið farið á Land Rover bifreiðinni til Keflavíkur. Kvaðst Guðjón halda að hann hafi verið bilaður. Sagði hann það geta verið að hann hafi ekið um Laugaveg og Vatnsstíg áður en farið hafi verið suður eftir, en hann myndi ekki eftir því. Auk hans hafi Sævar og Erla verið í bifreiðinni og rámaði hann í að fjórði maður hafi einnig verið með í för. Sagði hann það kunna að vera að sá fjórði hafi verið tekinn upp í bifreiðina eftir að hann hafi tekið við akstrinum. Haft var orðrétt eftir Guðjóni: „Ég hef hér í dag séð Kristján Viðar og þekki ég hann ekki sem fjórða manninn í bifreiðinni, en það er þó möguleiki að það hafi verið hann þótt ég þekki hann ekki aftur.“ Kvaðst hann ekki muna hvað hafi verið rætt um á leiðinni suður eftir og ekki vera viss um hvert hlutverk sendiferðabifreiðarinnar hafi verið sem talað hafi verið um á leiðinni. Taldi Guðjón líklegt að sendibifreiðin hafi átt að flytja varning frá Keflavík til Reykjavíkur. Bókað var eftir Guðjóni: „Í skýrslunni í gær lýsti ég eftir því sem ég best man ferðum mínum og gerðum í Keflavík þetta kvöld. Ég minnst þess ekki að hafa farið úr bifreiðinni, en það gæti verið fyrir því, að ég hafi farið úr bifreiðinni í Dráttarbrautinni. Það gæti verið að ég hafi spurt einhverja hvort þeir hafi verið til sjós. Ennfremur gæti verið að ég hafi verið nærstaddur átök í Dráttarbrautinni án þess að sjá þau, enda mun hafa verið myrkur og ég er mjög nærsýnn og sé því illa frá mér.“¹⁷⁹⁸ Kvaðst hann ekki muna eftir að hafa séð lík og ekki heldur eftir að hafa tekið þátt í átökum. Orðrétt var haft eftir Guðjóni: „Á bakaleiðinni talaði Sævar [um] að ég væri samsekur um morð, og varð ég þá hræddur, en hann bætti við, „sástu ekki þegar við drápum manninn.“ Haft var eftir Guðjóni um að nú væri að rifjast upp fyrir honum að það gæti verið að hann hafi ekið beint heim til sín og Sævar hafi fengið lánaða hjá honum skóflu. Kvaðst hann ekki viss um þetta en sagðist allavega viss um að hann hafi ekki tekið þátt í að grafa lík. Greindi Guðjón frá því að Sævar og Erla hafi komið til sín vorið 1975 og hafi Sævar þá farið að ræða Geirfinnsmálið og sagt að það væri einkennilegt með það. Kvaðst Guðjón hafa samþykkt það en þau hafi ætlað að hefja einhverjar umræður um málið. Sagðist Guðjón þá hafa verið alveg úti á þekju og Erla hafi séð það. Hafi hún þá sagt: „Hann er búinn að gleyma þessu öllu.“ Orðrétt var haft eftir Guðjóni: „Eftir þetta fór að setja að mér illan grun hvort ég gæti hafa flækst eitthvað í málið.“¹⁷⁹⁹

927. Meðal rannsóknargagna liggja fyrir ódagsettir handritaðir punktar um yfirheyrsluna yfir Guðjóni, sem ekki liggur fyrir hver ritaði. Ritað er um skýrslu Guðjóns þennan dag, 30. nóvember 1976. Aðspurður um miðann og hvað hafi staðið á honum hafi

¹⁷⁹⁸ Bls. 1658.

¹⁷⁹⁹ Bls. 1659.

Guðjón sagst ekkert vita um þetta atriði. Orðrétt var ritað: „Hins vegar hefði hann hugleitt þetta í vor eftir yfirheyrsluna. Þá séð að ekki var skráð símanr. hjá Geirfinni 1974. Sér þá dottið í hug að umrætt sinn hafi Sævar verið að hringja í vinnuveitanda Geirfinns til að fá uppgefið símanr. hans – Vitað er að hringt var þessara erinda í [EBSk] nokkrum vikum áður. Á sínum tíma var eitthvað skrifað um þetta í blöðum. Hugmynd mín er að þarna sé Guðjón að kombinera.“ Ritað var um að Guðjóni hafi verið bent á misræmi í framburði hans um heimsóknir hans á Landsbókasafnið. Orðrétt var ritað: „Hann hafi sagt í skýrslu að hann hafi komið aðeins einu sinni það hafi verið eftir yfirheyrsluna í vor og gert til að leita að fjarvistarsönnunum. Í ljós hafi komið að hann sé ekki skráður í gestabók 1976 heldur 16.7.1975.“ Hafi Guðjón sagst hafa komið þarna oft áður og svar hans um að hafa komið einu sinni hafi átt við um árið 1976. Hann hafi viðurkennt að hafa svarað rangt til en það hafi verið af misskilningi.¹⁸⁰⁰ Guðjón hafi talið bifreiðina vera Volkswagen en ekki munað eftir byssu. Hann hafi sagst hafa komið heim ekki seinna en milli klukkan 01:30 og 02:00. Orðrétt var ritað: „Það sem gerðist í Dráttarbraut og á Grettisgötu hafi því tekið skamma stund.“¹⁸⁰¹

928. Fyrir liggja handritaðir punktar, dagsettir sama dag, skráðir með sömu rithönd. Fram kemur að Erla hafi fullyrt að Guðjón hafi verið í Dráttarbrautinni. Orðrétt var ritað: „Bílskúr: Fá lykla hjá Guðjóni og skoða skúrinn.“ Þá var einnig ritað: „Hugsaðu hversvegna gerðist þetta. Höfða til trúar og tilfinninga.“ og „Tala við Schütz um punkta sem Guðjóni eru gefnir.“¹⁸⁰²
929. Fyrir liggur samantektarskýrsla dagsett 6. desember 1976, rituð af Grétari, um athugasemdir varðandi Guðjón sem ekki hafa verið skráðar í skýrslu. Fram kom að við yfirheyrslu þennan dag, 30. nóvember 1976, hafi Guðjóni verið bent á að saknæmt væri að bendla saklausum mönnum við sakamál sem þeir ættu enga aðild að. Hafi Guðjóni verið það ljóst. Í framhaldinu hafi hann verið spurður hvort hann vissi til þess að Sigurbjörn Eiríksson, Magnús Leópolðsson, Valdimar Olsen og Einar Bollason ættu aðild að Geirfinnsmálinu. Haft var eftir Guðjóni að hann vissi ekki til þess og hafi sagt það vera meiri vitleysuna hjá krökkunum að hafa bendlað þeim við málið. Í kjölfarið hafi Guðjón bætt því við að ef tilgangur Keflavíkurferðarinnar hafi verið að stela spíra þá gæti það hafa verið spíraæð sem mætti rekja til Klúbbmanna. Kvaðst hann þó ekki hafa neina vísbendingu um þetta.¹⁸⁰³
930. Fyrir liggur ódagsett upplýsingaskýrsla, rituð af Ívari, um athugun á því hvort [ViG] hafi verið í leiguakstri dagana 19. og 20. nóvember 1974. Fram kom að rætt hafi verið við framkvæmdastjóra Hreyfils sem hafi upplýst um að [ViG] hafi ekki verið í akstri svo vitað væri frá því akstursleyfi hans hafi runnið út 16. september 1974. Fram kom að hann hafi ekið blárri Mercury bifreið sem væri í eigu föður hans.¹⁸⁰⁴

¹⁸⁰⁰ Bls. 1645–1646.

¹⁸⁰¹ Bls. 1647–1648.

¹⁸⁰² Bls. 1664.

¹⁸⁰³ Bls. 1719.

¹⁸⁰⁴ Bls. 1660.

931. Sama dag, 30. nóvember 1976, ritaði Guðjón orðrétt í dagbók sína: „Á líka bággt með að muna hvað gerðist og hvernig en reyni að halda mig við það sem [ég] veit sannast en oft er það svo óljóst hvað er rétt [...] við þessa ferð eða er dulin ímynd þess sem gerðist fyrir eða síðar. En málinu miðar og ég vona að Guð gefi mér kraft, kjark og minni til að geta sagt satt og rétt frá og fá þannig fram lausn og málalok hið fyrsta.“ Þá skrifaði hann um sendingu sem honum hafi borist frá móður sinni og [GUÆ]. Ritaði Guðjón um að þurfa að reyna að rifja upp hvaða bifreiðar hafi verið með í för, en honum hafi gengið illa að muna það. Hann væri ákaflega óviss en þetta færi nú að koma fram. Vonaðist hann til að verða ekki dæmdur ósakhæfur sem myndi leiða til þess að hann yrði lokaður inni ævilangt. Orðrétt ritaði Guðjón: „Hvað sem verður þá er ég nú rólegur og finnst allt betra en áður var, þegar eirðarleysið ætlaði mig lifandi að drepa, milli þess að sinnuleysið lamaði mig.“¹⁸⁰⁵
932. Miðvikudaginn 1. desember 1976 var bókað í dagbók fangelsisins við Síðumúla að Ívar og Jónas hafi farið með Sævar klukkan 13:00.¹⁸⁰⁶
933. Fyrir liggja handritaðir punktar, dagsettir sama dag, en ekki liggur fyrir hver ritaði þá. Fram kom að rætt hafi verið við Guðjón á klefa hans í Síðumúlafangelsinu klukkan 13:00. Hafi hann verið spurður um lykla að skúr og hafi Guðjón sagt um lykil að geymslu að ræða en kvaðst ekkert vita hvar hann væri. Orðrétt var ritað: „Guðjón var í slæmu skapi. Var reiður við Schütz, sennilega vegna þess að hann fékk ekki við samprófunina með Kristjáni að tala um símtalið sem Kristján kvaðst hafa átt við Guðjón fyrir 19.11.1974. Talaði um að blæddi úr maganum. Vildi ekki að svo stöddu ræða það við lækni.“¹⁸⁰⁷
934. Bókað var í fangelsisdagbókina þennan dag klukkan 15:00 um símtal frá Erni sem hafi viljað færa Kristján Viðar í Hegningarhúsið í staðinn fyrir fanga sem þar væri vistaður og hafi verið til vandræða. Klukkan 15:45 var bókað að Birgir Þormar hafi tekið Guðjón til viðtals. Rannsóknargögn liggja ekki fyrir um viðtalið en Guðjón ritaði í dagbók sína þennan dag um að hafa átt samtal við Birgi og sagði hann vera mikinn afbragðsmann og góðmenni.¹⁸⁰⁸ Bókað var um komu Benedikts Blöndal, réttargæslumanns Guðjóns, klukkan 16:13, sem hafi farið til viðtals við Guðjón og Birgi í milliherberginu. Ritaði Guðjón í dagbók sína um að réttargæslumaður sinn hafi sagst ekki munu geta verið við réttarhaldið daginn eftir, en þá yrði gæsluvarðhald yfir honum framlengt en óvíst væri hve lengi.¹⁸⁰⁹ Klukkan 16:25 var bókað að Ívar og Jónas hafi komið með Sævar til baka í fangelsið. Rannsóknargögn liggja ekki fyrir um ferðir Sævars þennan dag. Bókað var klukkan 16:40 að Guðjón hafi verið færður á klefa sinn. Klukkan 17:06 var bókað að Haraldur hafi farið með Kristján Viðar í Hegningarhúsið.¹⁸¹⁰

¹⁸⁰⁵ Bls. 1664_A.

¹⁸⁰⁶ Dagbók nr. 5, bls. 142b.

¹⁸⁰⁷ Bls. 1702.

¹⁸⁰⁸ Bls. 1702_A.

¹⁸⁰⁹ Bls. 1702_A.

¹⁸¹⁰ Dagbók nr. 5, bls. 142b.

935. Guðjón ritaði um í dagbók sína þennan dag að meiningin hafi verið að rifja upp bifreiðar og annað slíkt, en af því hafi ekki orðið. Yrði hann spurður um það við réttarhaldið daginn eftir. Sagði hann sálarástand sitt einnig verða þar til umræðu og að hann mætti gefa dómáranum skýrslu um það einslega ef hann svo kysi. Vonaðist Guðjón til þess að Guð gæfi honum að segja það sem hann vissi sannast og réttast.¹⁸¹¹
936. Fimmtudaginn 2. desember 1976 var bókað í dagbók Síðumúlafangelsisins að Sigurbjörn Víðir og Grétar hafi farið með Guðjón í sakadóm. Klukkan 14:25 var bókað að Haraldur hafi farið inn á klefa til Sævars.¹⁸¹² Rannsóknargögn um vitjunina liggja ekki fyrir. Þennan dag var dómþing háð í sakadómi Reykjavíkur af Birgi Þormari þar sem tekið var fyrir dómsrannsókn vegna hvarfs Geirfinns. Bókað var að Guðjón hafi verið færður fyrir dóminn klukkan 14:10. Bókað var að með samþykki Guðjóns væri mættur Hákon Árnason hæstaréttarlögmaður, fyrir Benedikt Blöndal, réttargæslumann Guðjóns, vegna utanferðar hans. Af hálfu ákærvaldsins var mættur Hallvarður Einvarðsson, vararíkissaksóknari. Bókað var að Guðjón hafi verið beðinn um að skýra frá samskiptum sínum við Erlu og Sævar 18. nóvember 1974. Haft var eftir Guðjóni að hann minnti að hann hafi hitt þau þennan dag á kaffihúsi og þau ekið honum heim. Minnti hann að annaðhvort þeirra eða þau bæði hafi komið inn á heimili hans og að Sævar hafi fengið afnot af síma.¹⁸¹³ Kvaðst Guðjón ekki vita hvert Sævar hafi hringt en sagði það kunna vera að Sævar hafi beðið hann fyrir miða sem hann hafi skrifað, sennilega með símanúmeri. Greindi hann frá á sama veg og áður um erindi Sævars til Keflavíkur. Hafi það komið til tals að hann yrði samferða Sævari til Keflavíkur. Haft var eftir Guðjóni að hann hafi farið að Lambhóli daginn eftir, 19. nóvember 1974, til að hitta [RafG] og til að losna við að hitta Sævar. Greindi hann frá því að hafa farið með [RafG] og manni að nafni [VK] að sækja hljómflutningstæki. Bókað var að Guðjón hafi talið sig hafa komið til baka úr þeirri ferð um klukkan 22:00.¹⁸¹⁴ Lýsti Guðjón því að hann teldi líklegt að Sævar hafi barið upp á hjá húsráðanda að Lambhóli á meðan hann hafi verið í burtu. Minnti Guðjóni að hafa fundið Sævar í kjallara hússins þegar hann hafi komið til baka. Taldi hann líklegt að Sævar hafi spurst fyrir um sig á heimili hans og þannig haft veður af því að hann hafi farið að Lambhóli. Minnti Guðjóni að Sævar hafi þá á málgað að hann skelti sér með til Keflavíkur. Minnti hann að Erla hafi einnig verið í húsinu og einhver þriðji maður sem hann hafi ekki kannast við. Aðspurður hvort maðurinn hafi verið Kristján Viðar sagði Guðjón svo ekki hafa verið. Guðjón sagðist eingöngu hafa séð manninn í myrkri og því ekki geta lýst honum en ef til vill þekkja hann ef hann sæi hann aftur. Taldi Guðjón að hann hafi verið hræddur við þennan mann og af þeim sökum ekki þorað að skorast undan því að fara til Keflavíkur. Minnti Guðjóni að bifreiðin sem hann var á hafi verið skilin eftir, sennilega við Snorrabraut. Minnti honum að hann hafi ekið þeim þremur til Keflavíkur en mundi ekki á hvernig bifreið. Taldi hann hugsanlegt að hún hafi verið amerísk af eldri gerð. Kvaðst hann ekki geta munað eftir einni einustu setningu sem farið hafi þeim á milli í bifreiðinni. Bókað var orðrétt í þingbókina: Hann

¹⁸¹¹ Bls. 1702_A.

¹⁸¹² Dagbók nr. 5, bls. 143.

¹⁸¹³ Bls. 1693.

¹⁸¹⁴ Bls. 1694.

er nú spurður um það, hvort ekki hafi verið komið við á Vatnsstíg, áður en lagt var af stað til Keflavíkur.“ Kvaðst Guðjón ekki muna það en vildi þó ekki þvertaka fyrir það því hann myndi mjög óljóst eftir allri atburðarásinni.¹⁸¹⁵ Var Guðjón spurður hvort sendiferðabifreið hafi komið við sögu í málinu. Rámaði hann þá í að á leiðinni suður eftir hafi verið spurt hvort einhver sæi sendiferðabifreiðina. Kvaðst hann ekki hafa sett þetta neitt í samband við erindi þeirra til Keflavíkur. Aðspurður hvort hann hafi séð sendiferðabifreið í Keflavík sem hafi verið tengd málinu kvaðst Guðjón ekki treysta sér til að svara því. Mundi hann að ekið hafi verið í gegnum Keflavík að bragga sem á hafi staðið „Pípugerð Áhaldahús“. Þar hafi allir farið út úr bifreiðinni nema hann. Sagðist Guðjón hafa beðið í um tuttugu mínútur en þá hafi allir farþegarnir komið inn í bifreiðina aftur. Hafi hann þá ekið að sjoppu við olústöð í Keflavík. Minnti honum að Sævar hafi hringt þaðan. Kvaðst hann hafa ekið aftur að bragganum og farþegarnir stigið þar út. Mundi hann ekki eftir að hafa farið út úr bifreiðinni og sagði minni sitt förlast um það sem kunnir að hafa skeð þá. Kvaðst hann ekki minnast þess að hafa tekið þátt í átökum eða verið sjónarvottur að þeim. Mundi hann hins vegar að þegar ekið hafi verið frá Keflavík hafi hann haft það á tilfinningunni að þarna hafi eitthvað hræðilegt gerst, sem ekki hafi átt að gerast. Mundi hann einnig óljóst eftir einhverju tilgangslausu hringsóli í Keflavík áður en haldið hafi verið til Reykjavíkur. Kvaðst Guðjón muna að Sævar hafi sagt á leiðinni til Reykjavíkur: „Sástu ekki að við drápum manninn. Þú ert orðinn samsekur um morð.“¹⁸¹⁶ Kvaðst Guðjón hafa sagt við Sævar: „Nei, ég sá ekkert.“ Beðinn um að lýsa tilfinningum sínum eftir þessi orðaskipti sagðist Guðjón ekki treysta sér til að lýsa þeim til hlítar. Það hafi sett að sér ólýsanlega skelfingu, blandaða því að hann hafi ekki viljað trúna því sem Sævar hafi sagt. Minnti Guðjón að hann hafi komið heim um klukkan 01:30, örmagna. Kvaðst hann hafa vitað að eitthvað hroðalegt hafi komið fyrir og hugsað með sér að konan og börnin skyldu aldrei fá að vita þetta. Lýsti Guðjón minningu um að hafa verið á Mokka 20. nóvember 1974 og hafa þar lesið í Þjóðviljanum um jarðarför Þórbergs Þórðarsonar, meðal annars frásögn um áletrun á grafstein. Minnti hann að Sævar hafi þá litið inn og sagt: „Nú er bara að segja ekki neitt.“ Kvaðst Guðjón ekki hafa sett hvarf Geirfinns Einarssonar í samband við Keflavíkurferðina, enda hafi hann hvorki kannast við Geirfinn né heldur lýsingu á þeim manni sem var talinn hafa hringt úr Hafnarbúðinni. Sagði hann að sér hafi fyrst komið til hugar tengsl þarna á milli þegar hann hafi verið yfirheyrður vorið 1976. Aðspurður hvers vegna hann hafi ekki innt Sævar nánar eftir atburðum kvöldsins kvaðst Guðjón sennilega ekki hafa séð Sævar eftir 20. nóvember 1974. Sagði hann ástæðuna sennilega vera þá að hann hafi óttast að fá að vita það sem hann hafi síður viljað vita.¹⁸¹⁷ Aðspurður kvaðst hann ekki hafa haft fjárhagslegan ávinning af ferðinni til Keflavíkur. Kvaðst Guðjón ekki vita til þess að hafa búið yfir vitneskju um að lík hafi verið dysjað eftir þessa ferð. Mundi hann að skófla sem staðið hafi við heimili hans hafi ekki verið þar daginn eftir. Vildi hann ekki útiloka að Sævar hafi notað hana. Bókað var að lögmaður Guðjóns hafi óskað eftir því að hann yrði spurður hvort hann og farþegar hans hafi hitt fólk í Keflavík. Sagði Guðjón að hafi svo

¹⁸¹⁵ Bls. 1695.

¹⁸¹⁶ Bls. 1696.

¹⁸¹⁷ Bls. 1697.

verið hafi hann ekki veitt því athygli. Var hann einnig spurður hvort hann vissi hvert Sævar hafi hringt úr sjoppunni í Keflavík og kvaðst Guðjón ekki hafa vitað það á þeim tíma. Bókað var að vararíkissaksóknari hafi ekki óskað eftir að leggja fram spurningar að svo stöddu. Vék Guðjón frá klukkan 16:15.¹⁸¹⁸

937. Bókað var í fangelsisdagbókina að Grétar hafi komið með Guðjón til baka klukkan 16:21.¹⁸¹⁹ Klukkan 17:45 var bókað að Grétar hafi tekið Guðjón til viðtals í horninu. Bókað var að Grétar hafi farið um klukkan 20:00.¹⁸²⁰ Fyrir liggja handritaðir punktar, dagsettur þennan dag klukkan 17:50, sennilega ritaðir af Grétari, um að Guðjóni hafi verið sýndar tólf myndir af [BaS], [PL] og fleirum. Hafi Guðjón þekkt mynd af Geirfinni sem hann hafi sagst kannast við úr blöðum. Fram kom að um nýrri myndina hafi verið að ræða. Þá var ritað orðrétt: „Fór eitthvað á Fiat sem hann átti ekki að fara (var að stelast).“¹⁸²¹ Fyrir liggur samantektarskýrsla, dagsett 6. desember 1976, rituð af Grétari, um athugasemdir varðandi Guðjón sem ekki hafa verið skráðar í skýrslu. Í skýrsluna er bókað um samtal Grétars við Guðjón þennan dag, 2. desember 1976. Fram koma sömu upplýsingar og í framangreindum punktum auk þess sem orðrétt var bókað: „Guðjón lét þess getið, að hann myndi nú eftir, að verið gæti að þann 19.11.1974 hafi hann verið með að láni Fiat-bifreið tengdamóður sinnar. Hann minnst þess að hann hafi ekið bifreiðinni eitthvað í óleyfi. Verið geti að hann hafi (stolist) á henni til Keflavíkur þetta kvöld.“¹⁸²²
938. Bókað var í fangelsisdagbókina klukkan 21:00 að Hákon Árnason, hæstaréttarlögmaður og Haraldur Blöndal, lögfræðingur, hafi komið og þess getið í færslunni að Hákon væri nú réttargæslumaður Guðjóns. Tíu mínútum síðar var bókað um að Guðjón hafi verið færður fram til viðtals við Birgi Þormar, Hákon og Harald Blöndal. Í þingbók sakadóms Reykjavíkur var bókað að klukkan 20:55 hafi dómþingið verið flutt í fangelsið að Síðumúla 28.¹⁸²³ Var kveðinn upp úrskurður í málinu þar sem fram kom að Guðjón hafi í dag viðurkennt að hafa að áeggjan Sævars ekið bifreið til Keflavíkur að kvöldi 19. nóvember 1974.¹⁸²⁴ Orðrétt sagði í úrskurðinum: „Kærði neitaði því alfarið í fyrstu, að hann hefði nokkra vitneskju um hvarf Geirfinns Einarssonar. Hann hefur nú síðustu daga smátt og smátt skýrt nánar frá samskiptum sínum við Sævar, þar á meðal ferðinni til Keflavíkur. Mjög miklar eyður eru enn í frásögn hans. Ekki kemur til álita að hann hljóti frelsi og öðlist þannig möguleika á að spilla sakargögnum og hafa áhrif á hugsanleg vitni og samseka.“ Var hann úrskurðaður í áframhaldandi 60 daga gæsluvarðhald. Bókað var að úrskurðarorðið hafi verið lesið í heyranda hljóði klukkan 21:15 að viðstöddum Guðjóni, Hákon Árnasyni hæstaréttarlögmanni og Harald Blöndal, cand. jur. Bókað var að Guðjón hafi lýst því

¹⁸¹⁸ Bls. 1698.

¹⁸¹⁹ Dagbók nr. 5, bls. 143.

¹⁸²⁰ Dagbók nr. 5, bls. 143b.

¹⁸²¹ Bls. 1705.

¹⁸²² Bls. 1719.

¹⁸²³ Bls. 1700.

¹⁸²⁴ Bls. 1699.

yfir að hann óskaði ekki eftir að kæra úrskurðinn til Hæstaréttar Íslands. Var dómþingi þá slitið.¹⁸²⁵

939. Bókað var í fangelsisdagbókina klukkan 21:25 að Guðjón hafi verið færður inn á klefa sinn eftir að hafa fengið úrskurð um 60 daga áframhaldandi gæsluvarðhald. Klukkan 00:10 var bókað um að hringt hafi verið til Jónasar að beiðni Sævars. Tíu mínútum síðar var bókað um komu Jónasar sem hafi farið beint inn á klefa til Sævars. Hafi hann farið klukkan 00:40.¹⁸²⁶ Rannsóknargögn liggja ekki fyrir um vitjunina.
940. Þennan dag, 2. desember 1976, var [SóE] yfirheyrð á skrifstofu rannsóknarlögreglunnar milli klukkan 15:00 og 15:20. Viðurkenndi hún fyrir lögreglunni að það sem hún hafi fullyrt við [LV] og konu hans um að vita allt um Guðmundarmálið hafi verið lygi og tilbúningur af sinni hálfu. Sagðist hún ekkert vita um málið.¹⁸²⁷ Í beinu framhaldi var hún yfirheyrð aftur og þá um ummæli sem hún hafi haft uppi við [LV] um Geirfinnsmálið. Sagði hún þessar sögur sínar hafa verið uppspuna frá rótum. Kvaðst hún eiga það til að segja miklar lygasögur og þá einkum er hún væri ölvuð. Var yfirheyrslunni lokið klukkan 15:25.¹⁸²⁸
941. Þennan dag ritaði Guðjón færslu í dagbók sína um að hann og Grétar hafi í kjölfar réttarhaldsins reynt að komast til botns í þessum málum. Vonaðist hann til að málið myndi liggja fyrir af hans hendi þegar málið yrði tekið fyrir næst, 2. febrúar 1977. Um það yrði hann fyrst og fremst að hugsa. Orðrétt ritaði Guðjón: „Forlögin ætluðu mér þetta. Nei, rekaldið lendir bara einhvers staðar við ströndina.“¹⁸²⁹
942. Föstudaginn 3. desember 1976 var bókað í dagbók fangelsisins við Síðumúla að Grétar hafi farið inn á klefa til Guðjóns klukkan 15:00. Bókað var að Grétar hafi farið klukkan 16:30.¹⁸³⁰ Fyrir liggja handritaðir punktar, dagsettir þennan dag, sennilega ritaðir af Grétari. Fram kom að Guðjón hafi sagst ekki hafa farið á Volkswagen því fjórar dyr hafi verið á bifreiðinni. Farþegar í aftursæti hafi ekki farið út um sömu dyr og þeir sem í framsætinu voru. Hafi hann heldur ekki farið á Fiat. Sævar hafi talað um að reyna að fá upplýsingar hjá manningnum. Guðjón vissi ekki hvaða upplýsingar það hafi verið.¹⁸³¹ Fyrir liggur samantektarskýrsla, dagsett 6. desember 1976, rituð af Grétari, um athugasemdir varðandi Guðjón sem ekki hafa verið skráðar í skýrslu. Í skýrsluna er bókað um samtal Grétars við Guðjón þennan dag, 3. desember 1976. Fram koma sömu upplýsingar og í framangreindum punktum auk þess sem orðrétt var bókað: „Guðjón sagðist vera að skrifa hjá sér helstu punkta úr málinu og vera að reyna að rifja upp þau atriði, sem hann hefði til þessa ekki getað munað. Kvaðst stefna á að vera búinn að því fyrir jól.“¹⁸³²

¹⁸²⁵ Bls. 1700.

¹⁸²⁶ Dagbók nr. 5, bls. 144.

¹⁸²⁷ Bls. 1703.

¹⁸²⁸ Bls. 1704.

¹⁸²⁹ Bls. 1705_B.

¹⁸³⁰ Dagbók nr. 5, bls. 144b.

¹⁸³¹ Bls. 1705.

¹⁸³² Bls. 1720.

943. Bókað var í fangelsisdagbókina klukkan 05:30 að fangaverðir hafi orðið varir við högg og það nokkuð mikil á hægri álmu fangelsisins. Hafi þeir kannað málið, bæði inni og úti en orðið einskis varir.¹⁸³³
944. Fyrir liggur samantektarskýrsla, rituð af Sigurbirni Víði, um yfirheyrslu yfir Erlu þennan dag sem hófst klukkan 16:00. Fram kom að stjórnandi yfirheyrslunnar hafi verið Karl Schütz, en viðstaddir hafi verið Sigurbjörn Víðir og Pétur Eggerz. Skýrði Erla svo frá að hún hafi ekið Land Rover bifreiðinni að Ásvallagötu þar sem Guðjón hafi átt heima. Þar hafi bifreiðin verið skilin eftir, en rafkerfið í henni hafi verið eitthvað bilað. Minnti Erlu að hún og Sævar hafi farið þaðan með almenningsvagni að bílaleigunni Geysi við Laugaveg þar sem hún hafi tekið ljósbláa Volkswagen bifreið á leigu. Kvaðst hún ekki viss um hvort bifreiðin hafi verið skráð á hennar nafn eða Guðjóns. Sagði hún að ef leigusamningurinn hafi verið á hennar nafni, hafi hún undirritað hann með réttu nafni. Áður hafi hún breytt fæðingarári í ökuskírteini sínu þar sem hún hafi ekki haft aldur til að leigja bifreið. Kvaðst Erla hafa ekið bifreiðinni með Sævari fyrst um borgina og síðan vestur Laugavegin og norður Vatnsstíg þar sem Kristján Viðar hafi komið inn í bifreiðina. Lýsti Erla því hvar sendibifreið hafi staðið upp við vöruhús á Vatnsstíg. Sagðist hún ekki geta sagt til um tegund bifreiðarinnar en henni fyndist sem hún hafi verið drapplit. Þó væri hún litblind á gráa og bláa liti og gæti því skjátlást. Sagði hún sendibifreiðina hafa verið frambyggð, með stórrí framrúðu og tveimur stórum hliðarrúðum sitthvorum megin. Kvaðst hún ekki muna hvort gluggar hafi verið á húsi bifreiðarinnar fyrir aftan ökumanninn. Orðrétt var bókað í skýrsluna: „Ég sá Guðjón Skarphéðinsson ganga skáhallt yfir Vatnsstíg frá sendiferðabifreiðinni, og taka sér stöðu á gangstéttinni, austan við Vatnsstíg, skammt fyrir sunnan Skúlagötu. Um þetta atriði er ég fullkomlega viss (100%).“ Sagðist Erla hafa stöðvað bifreiðina hjá Guðjóni og fært sig í ... bifreiðarinnar og ekið henni til Keflavíkur.¹⁸³⁴ Greindi Erla frá því að á leiðinni suður eftir hafi hún heyrt á tal Guðjóns og Sævars þar sem þeir hafi rætt um bifreiðar og mann sem væri eitthvað erfiður. Hafi þeir meðal annars sagt að búið væri að bjóða manninum peninga, en hann tæki ekki sönsum og því yrði að fara eins og ákveðið hafi verið. Kvaðst Erla ekki muna eftir því að Kristján Viðar hafi nokkuð sagt á leiðinni nema þegar hann hafi boðið henni pillu. Ekið hafi verið beint að Hafnarbúðinni og stöðvað við hafnarvigtina. Haft var eftir Erlu: „Ég er fullkomlega (100%) viss um að þar fór Kristján Viðar út úr bifreiðinni og fór hann inn í Hafnarbúðina. Eftir að Kristján var kominn aftur í bifreiðina, er ég fullkomlega viss (100%) að annar maður kom í bifreiðina til okkar og var þá ekið í Dráttarbrautina.“ Lýsti Erla því hvar bifreiðin hafi verið stöðvuð í Dráttarbrautinni, hægra megin við bryggjana, nokkuð fyrir ofan. Fyrir hafi verið sendiferðabifreið sem hafi staðið þar sem bryggjan byrjaði og lítill bátur hafi verið þar við. Fannst henni einnig eins og rauð fólksbifreið hafi verið þarna. Hafi allir farið út úr bifreiðinni nema hún og Sævar, en Sævar hafi farið skömmu seinna. Kvaðst Erla hafa séð Sævar og Guðjón ræða við Geirfynn. Kvaðst hún fullkomlega viss, 100%, að það hafi verið Geirfynnur sem hafi komið í bifreiðina við

¹⁸³³ Dagbók nr. 6, bls. 1.

¹⁸³⁴ Bls. 1706.

hafnarvigtina. Kvaðst hún hafa séð hvar Geirfinnur hafi ætlað að ganga í burtu en þá hafi Guðjón gripið í hann og átök byrjað. Hafi Kristján Viðar farið strax að hjálpa Guðjóni, en Sævar hafi gengið að bifreiðinni og sagt henni að fara heim á puttanum sem hún hafi þá gert. Kvaðst Erla halda að þá hafi Geirfinnur verið kominn á hné. Kvaðst hún ekki hafa séð barefli notað í átökunum. Sagðist Erla vera 90% viss um að farið hafi verið á bílaleigubifreið til Keflavíkur. Kvaðst hún 100% viss um að hún hafi ekið bifreiðinni á Vatnsstíg þar sem Guðjón hafi tekið við stjórn hennar.¹⁸³⁵ Sagði hún Sævar ekki hafa sagt sér hver tilgangur ferðarinnar hafi verið. Í skýrsluna var bókað orðrétt um nokkrar spurningar sem Erla hafi verið spurð og svör hennar við þeim; „Var þér ljóst hvað átti að gera í Keflavík? Svar: Ekki fyrr en á leiðinni til Keflavíkur, þegar ég heyrði samtalið í bifreiðinni á milli Sævars og Guðjóns.“ Var Erla næst spurð hvort henni hafi verið kunnugt um að Geirfinnur hafi verið í Klúbbnum 17. nóvember 1974. Kvaðst Erla halda að Sævar hafi sagt henni það. Orðrétt var bókað: „Hefurðu heyrt það að Sævar hafi talað við Geirfinn í Klúbbnum? Svar: Sævar sagði mér, að hann hefði talað við Geirfinn í Klúbbnum, en ekki sagði hann neitt um það hvað þeir hefðu rætt.“ Var Erla spurð hvers vegna Sævar hafi sagt henni að fara. Svaraði hún því til að Sævar hafi vitað hvað hafi átt að gerast og ekki viljað láta hana sjá það. Hann hafi vitað það fyrirfram hvað átti að gera. Aðspurð hver ástæðan fyrir þessu hafi verið kvaðst Erla ekki vita það. Henni hafi komið til hugar að þarna hafi átt að smygla áfengi og Geirfinnur hafi ætlað að taka þátt í því. Sævar og Guðjón hafi mikið talað um að auðvelt væri að smygla eiturlyfjum til landsins og því gæti hún trúað að einnig hafi verið um að ræða smygla á amfetamíni. Haft var eftir Erlu: „Ég held að Geirfinnur hafi komist að því að þarna ætti að smygla eiturlyfjum með áfenginu og að hann hafi ekki viljað taka þátt í eiturlyfjasmygli og þá hafi þessi átök orðið, þar sem miklir fjármunir liggja í smygli á eiturlyfjum.“¹⁸³⁶

945. Fyrir liggja handritaðir punktar, dagsettir þennan dag 3. desember 1976, sennilega ritaðir af Grétari, um það sem fram hafi komið við yfirheyrslu yfir Erlu. Í punktunum koma fram engar frekari upplýsingar aðrar en þær að hugsanlega hafi ekki verið skráður leigusamningur um bílaleigubifreiðina og [GM] sem hafi verið með bílaleiguna Geysi væri frændi eða vinur Guðjóns.¹⁸³⁷
946. Fyrir liggur samantektarskýrsla, dagsett sama dag, rituð af Haraldi, um viðtal við Kristján Viðar. Fram kom að Kristján hafi sagt [BaS], leigubifreiðastjóra á Bæjarleiðum, hafa verið í Dráttarbrautinni umrætt kvöld. Hann hafi verið við sendiferðabifreiðina við Vatnsstíg, en ekki Guðjón eins og hann hafi áður borið um. [BaS] hafi einnig verið viðstaddur þegar lík Geirfinns hafi verið flutt í kjallarann að Grettisgötu 82 og verið á fundinum í herbergi hans þegar þeir hafi ákveðið hvað gera ætti við líkið. Sagði hann Sævar hafa rætt við [BaS] þegar stoppað hafi verið við sendiferðabifreiðina. Greindi Kristján Viðar frá því að [GuV], fangavörður í Hegningarhúsinu, hafi einnig verið í Dráttarbrautinni. Hafi [GuV] verið klæddur í appelsínugulan sjóstakk og ekki hulið andlit sitt þegar hann hafi séð Kristján Viðar.

¹⁸³⁵ Bls. 1707.

¹⁸³⁶ Bls. 1708.

¹⁸³⁷ Bls. 1709.

Jafnframt hafi [ViG] verið þar ásamt kunningja sínum sem Kristján sagðist hafa séð áður en vissi ekki hvað hétí. Gaf Kristján útlitslýsingu á manninum og sagði hann eiga heima við Miklubraut. Sagði Kristján Viðar að [ViG] hafi neitað honum um far í bæinn frá Dráttarbrautinni. Kvaðst Kristján hafa áttað sig á því að neitunin hafi komið til vegna þess að [GuV] fangavörður hafi legið í aftursæti bifreiðarinnar sem hafi ekki viljað láta hann sjá sig.¹⁸³⁸

947. Guðjón ritaði færslu í dagbók sína sama dag um að Grétar hafi komið til sín, bjartsýnn að vanda, og talið að nú færi að stytast í þessu. Orðrétt ritaði Guðjón: „Senn gæti ég flutt niður á Skólavörðustíg og fengið heimsóknir en áhugi minn á því er jæja það ku þó vera bærilegri vist en hér en þótt ég vilji setta mig við hvað sem er.“ Ýmislegt væri enn óljóst og þyrfti hann að reyna að rifja það upp næstu kvöld.¹⁸³⁹ Ritaði hann orðrétt: „Það verður erfitt, skal samt fram með bæn og einbeitingu.“ Langt væri liðið á kvöldið og hann litlu bætt við ferðasöguna, eins og hann orðaði það. Hann myndi halda áfram ótrauður daginn eftir.¹⁸⁴⁰
948. Á baksíðu Morgunblaðsins þennan dag birtist frétt undir fyrirsögninni: „Grunur um aðild eða yfirhylmingu“. Fram kom að gæsluvarðhald hafi verið framlengt um 60 daga yfir nýjasta fanganum í Geirfinnsmálinu. Haft var orðrétt eftir Birgi Þormari: „Það leikur sterkur grunur á því að maðurinn hafi gerst sekur um refsiverða háttsemi í sambandi við hvarf Geirfinns. Þessi grunur byggir ekki eingöngu á framburði þeirra ungmenna sem setið hafa inni í sambandi við þetta mál.“ Hafi hann sagt margt óljóst um hugsanlega aðild umrædds manns að málinu en myndin hafi skýrst í yfirheyrslum undanfarna daga. Fram kom að fanginn hafi ekki kært úrskurðinn líkt og þann fyrri.¹⁸⁴¹
949. Laugardaginn 4. desember 1976 var bókað í dagbók Síðumúlafangelsisins að séra Jón Bjarman hafi farið til Guðjóns inn á klefa númer sex klukkan 12:55. Bókað var að presturinn hafi farið klukkan 14:15. Klukkan 16:15 var bókað að bróðir Sævars hafi komið með sendingu til hans. Bókað var að Sigurbjörn Víðir hafi verið inni á klefa til Sævars milli klukkan 17:00 og 17:32.¹⁸⁴² Rannsóknargögn um vitjunina liggja ekki fyrir.
950. Fyrir liggur samantektarskýrsla, dagsett sama dag, rituð af Ívari um viðtal við [GSig], eiginkonu Geirfinns. Aðspurð hvort hún kannaðist við [TPb] frá Sauðárkróki og hvort hann hafi komið á heimili þeirra sagðist [GSig] aldrei hafa heyrt hans getið og hann hefði örugglega aldrei komið á heimili þeirra. Þá sagðist hún aðspurð ekki vita til þess að ungur frændi Geirfinns hafi druknað eða um slys á neinum nákomnum skyldmönnum þeirra. Bókað var í skýrsluna um símtal við John Hill, rannsóknarlögreglumann í Keflavík, sem hafi upplýst um að sjö ára drengur hafi druknað árið 1971 í Njarðvíkurhöfn, en ekkert slíkt slys hafi hent síðan þá.¹⁸⁴³

¹⁸³⁸ Bls. 1710.

¹⁸³⁹ Bls. 1705_B.

¹⁸⁴⁰ Bls. 1705_C.

¹⁸⁴¹ Bls. 1711.

¹⁸⁴² Dagbók nr. 6, bls. 2.

¹⁸⁴³ Bls. 1712.

951. Meðal rannsóknargagna liggur fyrir samantektarskýrsla, dagsett þennan dag 4. desember 1976, rituð af Ívari um viðtal við [ÆÓ], fyrrverandi tengdafaðir Guðjóns. Hafi hann sagst hafa átt rauða Cortina fólksbifreið sem hann hafi oft lánað Guðjóni. Kvaðst hann ekki geta fullyrt hvort Guðjón hafi fengið bifreiðina lánaða 19. nóvember 1974. Sagðist hann þó geta fullyrt með nokkurri vissu að Guðjón hafi aldrei haft bifreiðina að láni yfir nótt.¹⁸⁴⁴
952. Sama dag ritaði Guðjón í dagbók sína um að hafa ekki viljað vakna. Séra Jón Bjarman hafi heimsótt hann sem hafi verið gott og vonaðist Guðjón til að fá hann aftur í næstu viku. Ritaði hann um ástand móður sinnar og að [GUÆ] hafi sagst hafa þetta af ef hann héldi áfram að skrifa henni. Örvæntingin innra með honum léti á sér bæra og þá væru góð ráð dýr. Honum hefði alltaf fallið það vel að vera einn, nema þegar hann gæti ekki verið einn.¹⁸⁴⁵
953. Þennan dag birtist frétt í Tímanum undir fyrirsögninni: „Sterkur grunur um aðild að hvarfi Geirfinns og yfirhylmingu eftir það.“ Í fréttinni sagði að samkvæmt upplýsingum sem Tíminn hafi aflað hafi nýjasti fanginn í málinu gjörbreytti stöðu málsins og þætti rannsóknaraðilum nú einsýnt að botn kæmist í þetta dularfulla mannhvarf áður en langt um liði.¹⁸⁴⁶
954. Sunnudaginn 5. desember 1976 var bókað í dagbók fangelsisins við Síðumúla að séra Jón Bjarman hafi hringt klukkan 13:05 og boðað komu móður Guðjóns með sendingu til sonar sín. Bókað var klukkan 13:30 að Grétar hafi hringt og spurt hvort nokkur bréf eða beiðni um viðtal hafi borist frá Guðjóni. Gat færsluritari þess að svo væri ekki. Klukkan 14:20 var bókað um komu Karls Schütz og Péturs Eggerz sem hafi tekið Guðjón til viðtals. Bókað var klukkan 15:40 að Guðjón hafi verið settur aftur á klefa sinn. Rannsóknargögn um viðtalið liggja ekki fyrir önnur en handritaðir punktar, dagsettir sama dag, sennilega ritaðir af Grétari. Fram kom að Schütz og Pétur hafi rætt við Guðjón um geðheilsu hans og hugsanlegt ósakhæfi. Guðjón hafi spurt hvað hafi verið sagt um Álftanes og ætlað að hugleiða það sjálfur.¹⁸⁴⁷ Guðjón ritaði færslu í dagbók sína þennan dag um samtal sitt við Schütz og Pétur. Schütz hafi bent honum á kenningar þýsks prófessors um hvenær menn væru ekki sjálfráðir gerða sinna. Þegar viljinn væri veikur eftir langa depurð eða þegar „das primitiva“ velli skyndilega fram. Schütz hafi viljað að hann fengi að tala við geðlækni og ritaði Guðjón um að hafa nefnt tvo.¹⁸⁴⁸
955. Bókað var í fangelsisdagbókina klukkan 15:50 að Sævar hafi verið færður fram til viðtals við Schütz og Pétur. Klukkan 17:35 var bókað að Sævar hafi verið settur aftur á klefa sinn. Rannsóknargögn um viðtalið liggja ekki fyrir. Bókað var klukkan 21:30 að Grétar hafi hringt og spurt hvort skilaboð lægju fyrir frá Guðjóni og var honum tjáð að svo væri ekki. Klukkan 22:05 var bókað um að hringt hafi verið í Jónas þar sem Sævar hafi þrábeðið um viðtal við hann. Bókað var að Jónas hafi komið klukkan

¹⁸⁴⁴ Bls. 1713.

¹⁸⁴⁵ Bls. 1705_C.

¹⁸⁴⁶ Bls. 1714.

¹⁸⁴⁷ Bls. 1715.

¹⁸⁴⁸ Bls. 1715_A.

22:30. Fimmtán mínútum síðar var bókað að Sævar hafi verið sendur í hornið til Jónasar. Bókað var að Sævar hafi verið settur aftur á klefa númer 13 klukkan 23:30.¹⁸⁴⁹

956. Í dagbók sína þennan dag ritaði Guðjón um að þurfa að skrifa móður sinni. Hann hafi fengið nýjar bækur. Hafi hann aftur verið spurður um líkið hvar það væri. Ritaði hann orðrétt: „Þetta þykir [mér] verul. óhuggulegt ef vera skyldi rétt. Velti þessu ákaflega fyrir mér. Þetta á nú ekki heima í dagb. en samt.“¹⁸⁵⁰
957. Mánudaginn 6. desember 1976 var bókað í dagbók fangelsisins við Síðumúla um símtal til Arnar Höskuldssonar þar sem hann hafi verið minntur á að gæsluvarðhaldsúrskurður Sævar rynni út þennan dag og Sævar hafi óskað eftir viðtalið við réttargæslumann sinn.¹⁸⁵¹ Bókað var klukkan 15:50 að Sigurbjörn Víðir og Grétar hafi sótt Sævar og flutt hann í sakadóm. Þennan dag var dómþing sett í sakadómi Reykjavíkur af Erni Höskuldssyni og tekið fyrir dómsrannsókn vegna hvarfs Geirfinns. Bókað var að Sævar hafi komið fyrir dóminn klukkan 16:05 og með honum réttargæslumaður hans, Jón Oddsson. Orðrétt var bókað í þingbókina: „Kærði kveðst nú ekki hafa farið til Keflavíkur hinn 19. nóvember 1974.“ Haft var eftir Sævari að Guðjón hafi greitt honum 500.000 krónur fyrir að nefna nöfn þeirra fjögurra manna sem sátu í gæsluvarðhaldi um veturinn og nöfn fleiri manna. Kvaðst Sævar hafa átt að fá 500.000 krónur til viðbótar þegar málinu væri lokið. Var í dómnum kveðinn upp úrskurður og var Sævari gert að sæta áframhaldandi gæsluvarðhaldi í allt að 150 daga. Bókað var að Sævar hafi tekið sér frest til ákvörðunar um kærú á úrskurðinum til Hæstaréttar Íslands. Vék Sævar frá klukkan 16:22.¹⁸⁵²
958. Bókað var í fangelsisdagbókina klukkan 16:55 að komið hafi verið með Sævar úr sakadómi með áframhaldandi úrskurð upp á 150 daga. Bókað var klukkan 18:35 að hringt hafi verið í Jónas fyrir Sævar. Klukkan 21:10 var bókað um komu Sigurbjörns Víðis í fangelsið sem hafi lagt fram 150 daga úrskurð á fangann Sævar Marinó, eins og það var orðað. Bókað var klukkan 22:20 að Grétar hafi tekið Guðjón til viðtals í horninu. Klukkan 23:00 var bókað um komu Jónasar sem hafi farið inn á klefa númer 13 til Sævars. Bókað var að Jónas hafi farið klukkan 23:34. Rannsóknargögn um vitjun á klefa Sævars liggja ekki fyrir. Bókað var að Guðjón hafi verið færður á klefa sinn klukkan 01:50. Fyrir liggja handritaðir punktar dagsettir þennan dag, sennilega ritaðir af Grétari um viðtal við Guðjón. Punktarnir eru tölusettir frá einum upp í sjö. Í fyrsta punkti er haft eftir Guðjóni um að hann væri þess fullviss hafa farið á ljósbláum Volkswagen. Vissi Guðjón ekki hver hafi átt hann, sennilega bifreiðaleiga. Í öðrum punkti var orðrétt ritað: „Man að lík Geirfinns var í aftursæti á bakaleið, þorði ekki að líta við. Var hræddur við það sem gerst hafði. Hvað á fjölskyldumaður að gera sem er skyndilega farinn að aka líki um nótt.“ Í þriðja punkti var haft eftir Guðjóni að honum fundist eins og ekið hafi verið af Keflavíkurvegi beint inn Álftanesveg. Til hægri væru hús og svo úfið hraun. Orðrétt var ritað: „Manstu eftir Gálgahrauni? Eitthvað rámar

¹⁸⁴⁹ Dagbók nr. 6, bls. 4.

¹⁸⁵⁰ Bls. 1715_A.

¹⁸⁵¹ Dagbók nr. 6, bls. 5.

¹⁸⁵² Bls. 1715_B-C.

mig í það. Sennilega væri gott að fara í bíltúr þangað og skoða sig um. Sennilega hefur líkið verið fært. Tók ekki þátt í því en hugsanlega verið með í ráðum. Það hlýtur að hafa verið gert áður en Sævar fór til K.höfn. Dettur helst í hug að það hafi verið sett á stað þar sem það rotnar fljótt. Sennilegur staður: hitaveitustokkurinn. Kannski húsgrunnur í byggingu. Sævar veit [...] örugglega hvar líkið er.“ Í fjórða punkti var haft eftir Guðjóni að hann myndi eftir því að talað hafi verið um sendibifreið sem hafi verið í samfloti. Gæti verið að ekið hafi verið fram hjá honum í Keflavík. Mundi Guðjón ekki hverjir hafi verið í honum. Ef til vill hafi Kristján verið farþegi. Í sjöunda og síðasta punktinum var orðrétt ritað: „Dráttarbr. Man ekki eftir öðrum en Sævari, Kristj., Geirfinni og sjálfum. Getur ekki sagt frá fleirum þar sem hann man ekki eftir fleirum þar. Man ekki hvernig maðurinn dó. Ef hinir segja að Guðjón hafi átt hlut, þá mun það vera rétt. Var haldinn árásarhneigð. Réðist eitt sinn á barnapíu. Reynir að rifja þetta upp. Fjórmenningar saklausir. Vissi ekki af því fyrirfram hvernig þeim var blandað í málið. tilbúinn að staðfesta sakleysi þeirra.“¹⁸⁵³

959. Fyrir liggur upplýsingaskýrsla, dagsett þennan dag, rituð af Jónasi, um athugun hans í nóvember 1976 hjá öllum bifreiðaleigum borgarinnar um hvort aðilar tengdir Geirfinnsmálinu hafi verið með bílaleigubíl á umræddum tíma sem notaður hafi verið í Keflavíkurförðina. Fram kom að í leigusamningum frá umræddum tíma væri ekki að finna nöfn þeirra aðila sem væru viðriðnir málið.¹⁸⁵⁴
960. Meðal rannsóknargagna liggur fyrir upplýsingaskýrsla dagsett sama dag, 6. desember 1976, rituð af Grétari um upplýsingar sem honum hafi borist frá John Hill, rannsóknarlögreglumanni í Keflavík, þess efnis að 19. nóvember 1974 hefði Nýja-Bío í Keflavík sýnt kvikmyndina „French Connection“. Sýning hafi staðið yfir frá klukkan 21:00 til 23:00 eða 23:05. Hlé hafi verið gert á myndinni klukkan 22:00 eða 22:02 og staðið yfir í um tíu mínútur. Bókað var að þegar ekið væri frá Hafnarbúðinni skemmstu leið í Dráttarbrautina væri ekið fram hjá kvikmyndahúsinu.¹⁸⁵⁵
961. Guðjón ritaði færslu í dagbók sína þennan dag um að hafa vaknað upp frá draumi við það þegar sagt hafi verið við hann: „þú ert búinn að vera.“ Orðrétt ritaði Guðjón: „Ég átti bágð með að taka því en það er víst satt og rétt. Erfitt engu að síður að kyngja því.“ Hann hafi átt langar samræður við Grétar seint um kvöldið þar sem margt hafi borið á góma. Ákveðin hafi verið bílferð daginn eftir.¹⁸⁵⁶
962. Þriðjudaginn 7. desember 1976 var bókað í dagbók Síðumúlafangelsisins klukkan 15:05 að Grétar hafi hringt og beðið um að Guðjón yrði tilbúinn til ferðar fljótlega. Klukkan 15:20 var bókað um komu Grétars og Eggerts. Bókað var að Eggert hafi látið þess getið að von væri á Jóni Oddssyni, réttargæslumanni Sævars, til viðtals við skjólstaðing sinn en ekkert gæti orðið af því viðtali þar sem enginn rannsóknarlögreglumaður væri á lausu til að vera viðstaddur. Bókað var að Grétar og Eggert hafi farið með Guðjón klukkan 15:30. Bókað var um komu Jóns Oddssonar,

¹⁸⁵³ Bls. 1722.

¹⁸⁵⁴ Bls. 1716.

¹⁸⁵⁵ Bls. 1717.

¹⁸⁵⁶ Bls. 1715_A.

réttargæslumanns Sævars. Hafi hann stoppað stutt við þar sem enginn var til staðar til að vera viðstaddur viðtalið. Bókað var um að Jón myndi athuga þetta aftur daginn eftir. Bókað var klukkan 16:50 að Karl Schütz og Pétur Eggerz hafi komið og tekið Sævar til viðtals í horninu. Klukkan 18:30 var bókað að Grétar og Eggert hafi komið með Guðjón.¹⁸⁵⁷ Rannsóknargögn um ferðir Guðjóns þennan dag liggja ekki fyrir. Bókað var klukkan 19:15 að Sævar hafi verið færður aftur á klefa sinn. Rannsóknargögn um viðtalið liggja ekki fyrir önnur en handritaðir punktar merktir „Sævar 7.12.76“, sennilega ritaðir af Grétari. Fram kom að líkið hafi verið flutt frá Keflavík til Reykjavíkur í Volkswagen bifreið. Orðrétt var ritað: „Lá aftur í. Guðjón ók – Sævar og Kristján. Ekið að Grettisgötu í kjallara. Guðjón með. Fóru 4 til Keflavíkur voru 5 frá Hafnarbúðinni. Sendi Erlu á puttanum þar sem ekki var pláss í bílnum.“ Innan sviga var rituð athugasemd við framburðinn: „(Ath. þá hefur Geirfinnur verið látinn eða vitað hefur verið að það átti að drepa hann.)“ Loks var ritað orðrétt: „2 dögum seinna fóru þeir til Kv. Sævar og Guðjón á Land-Rover. Dökk gleraugu.“¹⁸⁵⁸

963. Fyrir liggur skýrsla um yfirheyrslu yfir Erlu Bolladóttur þennan dag á skrifstofu rannsóknarlögreglunnar milli klukkan 13:30 og 17:40. Kvaðst hún vera þess nú fullkomlega viss að farið hafi verið á ljósblárrí Volkswagen bifreið til Keflavíkur 19. nóvember 1974. Var hún ekki viss hvort um hafi verið að ræða bílaleigubifreið, en fannst það þó mjög sennilegt þar sem hún hafi oft tekið bifreiðar á leigu hjá bílaleigunni Geysi um haustið 1974. Sagði hún að alltaf hafi verið gerður leigusamningur og hafi hún áður verið búin að breyta fæðingarári sínu í ökuskírteininu svo hún gæti fengið bifreið leigða. Mundi hún ekki hvort hún hefði leigt bifreið í nóvember 1974, en henni fyndist sem svo hafi verið. Mundi hún að eftir að hafa farið með Sævari á ljósblárrí Volkswagen bifreið frá Grýtubakka 19. nóvember 1974 um klukkan 20:00 til 21:00. Kvaðst Erla hafa ekið en Sævar setið í framsætinu við hlið hennar. Hún hafi ekið bifreiðinni að Lambhóli við Starhaga þar sem Sævar hafi farið inn og komið aftur út með Guðjóni. Þeir hafi báðir farið inn í bifreiðina og sagðist Erla hafa ekið þeim að heimili Guðjóns á Ásvallagötu. Fóru þeir þangað inn en hún hafi beðið úti í bifreiðinni. Eftir um það bil 20 mínútur hafi Sævar komið út og sest inn í bifreiðina og kvaðst Erla þá hafa ekið af stað. Mundi hún ekki fyrir víst hvert en kvaðst halda að hún hafi ekið um borgina fyrst síðan vestur Laugaveg og norður Vatnsstíg. Þar hafi hún stöðvað og Sævar farið út úr bifreiðinni. Hafi Sævar komið skömmu síðar gangandi með Kristjáni Viðari og fóru þeir inn í bifreiðina. Kvaðst Erla þá hafa ekið af stað. Sagðist hún hafa séð hvar sendibifreið var lagt upp við vöruhús á Vatnsstígnum. Lýsti Erla sendibifreiðinni með sama hætti og í fyrri yfirheyrslu.¹⁸⁵⁹ Kvaðst hún þá hafa séð Guðjón koma gangandi yfir götuna. Stöðvaði hún þá bifreiðina og hafi Sævar og Kristján Viðar farið út að tala við Guðjón. Skýrði Erla svo frá að Sævar hafi sagt henni að Guðjón ætti að aka bifreiðinni. Kvaðst hún þá hafa fært sig í aftursætið vinstra megin við hlið Kristjáns Viðars. Hafi Sævar setið í framsætinu. Ekið

¹⁸⁵⁷ Dagbók nr. 6, bls. 8.

¹⁸⁵⁸ Bls. 1723.

¹⁸⁵⁹ Bls. 1725.

hafi verið af stað og minnti Erlu að tekið hafi verið bensín í Hafnarfirði en þó þyrði hún ekki að fullyrða um það. Kvaðst Erla hafa heyrt á tal Sævars og Guðjóns á leiðinni þar sem þeir hafi rætt um mann sem væri erfíður. Hafi þeir meðal annars sagt: „Búið er að bjóða mannum peninga, en það þýddi ekkert, hann tæki ekki sönsum og því yrði að gera það sem ákveðið hefði verið.“ Sagði hún Kristján Viðar ekkert hafa sagt alla leiðina nema þegar hann hafi boðið henni pillu. Orðrétt var bókað í skýrsluna: „Þegar við komum til Keflavíkur, þá minnst mig að bifreiðin hafi verið stöðvuð [einhvers staðar] og Sævar hafi sagt okkur að beygja okkur niður og láta ekki sjá okkur, en ekki get ég munað hvar það var í Keflavík.“ Síðan hafi verið ekið að Dráttarbrautinni. Kvaðst Erla hafa farið út ásamt Sævari og hélt hún að Kristján og Guðjón hafi einnig farið út úr bifreiðinni. Lýsti Erla því hvernig þau hafi gengið niður í Dráttarbrautina og hafi þá enginn verið staddur þar. Fannst henni sem Sævar hafi verið að kanna aðstæður. Gengu þau þá aftur að bifreiðinni, óku af stað og komu við í sjoppu þar sem bifreiðar gætu keyrt að og fengið afgreiðslu. Kvaðst hún ekki vita hvar þessi sjoppa væri í Keflavík. Sagði hún Sævar hafa farið inn í sjoppuna en kvaðst ekki hafa vitað til hvers. Hafi hann komið út skömmu síðar og var þá ekið að Hafnarbúðinni. Skýrði Erla svo frá að bifreiðin hafi verið stöðvuð skammt frá hafnarvigtinni og Kristján Viðar hafi farið út úr bifreiðinni. Kvaðst Erla halda að hann hafi farið inn í Hafnarbúðina en sagðist ekki vita til hvers. Hafi Kristján komið aftur inn í bifreiðina eftir um 15 til 20 mínútur og þá hafi annar maður verið með honum sem hún hafi ekki þekkt þá.¹⁸⁶⁰ Kvaðst hún vita það nú að maðurinn hafi verið Geirfinnur Einarsson. Var þá ekið af stað í Dráttarbrautina og bifreiðin stöðvuð til hliðar við bryggjuna. Hafi sendibifreið staðið á bryggjunni, næst landi, og lítill bátur eða trilla var við bryggjuna. Lýsti Erla því að Kristján og Guðjón hafi farið strax út úr bifreiðinni, en hún og Sævar hafi setið smá stund lengur en hann svo farið út. Þegar hún hafi farið út úr bifreiðinni hafi hún séð hvar Sævar og Guðjón hafi verið að ræða við Geirfinn og Kristján Viðar staðið til hliðar. Hafi Geirfinnur ætlað að ganga í burtu, en þá hafi Guðjón gripið í hann og stimpingar byrjað. Hafi þá Kristján komið Guðjóni og Sævari til aðstoðar. Sagði Erla að Sævar hafi þá gengið til sín og sagt henni að fara til Reykjavíkur á puttanum sem hún hafi gert. Hafi Sævar þá ekki viljað láta hana sjá hvað hafi átt að gerast þarna. Kvaðst Erla fullkomlega viss um að einum eða tveimur dögum eftir þetta hafi hún ekið Sævari og Guðjóni á Land Rover jeppanum að Grettisgötu þar sem þeir hafi farið inn og talað við Kristján. Hafi Sævar beðið hana um að bakka bifreiðinni inn um húsasund sem væri á bak við húsið að Grettisgötu 82 sem hún hafi síðan gert. Skýrði Erla frá því að Kristján, Guðjón og Sævar hafi komið út með tvo svarta plastpoka sem þeir hafi sett inn í bifreiðina að aftan. Kvaðst hún hafa ekið þeim öllum suður á Álftanes þar sem þeir hafi farið út í hraunið, líkt og hún hafi áður lýst, og grafið pokann í jörðu.¹⁸⁶¹ Orðrétt var bókað: „Það er möguleiki að ég og Sævar höfum farið fyrir frá Grýtubakka, þann 19. nóv. 1974, heldur en ég hef hér sagt og er hugsanlegt að við höfum farið upp úr kl. 19:00, en ég man að við borðuðum kvöldmat áður en við fórum.“ Kvaðst Erla hafa farið til Kaupmannahafnar 5. eða 8.

¹⁸⁶⁰ Bls. 1726.

¹⁸⁶¹ Bls. 1727.

desember 1974. Skýrði hún frá því að nokkrum dögum áður hafi hún heyrt Sævar tala í síma heima hjá móður hans. Kvaðst Erla ekki vita við hvern hann hafi rætt, en hann hafi sagt að það þyrfti að flytja þetta þar sem mikið væri leitað. Sagði Erla að símtalið hafi átt sér stað eftir flutninginn á plastpokunum suður á Álftanes.¹⁸⁶²

964. Meðal rannsóknargagna liggja fyrir handritaðir punktar, dagsettir þennan dag, sennilega ritaðir af Grétari um yfirheyrsluna yfir Erlu. Bera punktarnir með sér engar frekari upplýsingar fyrir utan eftirfarandi sem ritað var orðrétt: „Sævar sagði henni að hann hafði talað við G. í Klúbbnum. Taldi Sævar hafa vitað hvað ætti að gerast.“¹⁸⁶³
965. Guðjón skrifaði færslu í dagbók sína þennan dag um að daginn eftir yrði einhvers konar lokayfirheyrsla um málið, þeir vildu fá allt upp fyrir jól sem væri þokkaleg jólagjöf sem þeir ætluðust til af honum. Hann hafi sent [GUÆ] bækurnar og stutt bréf til móður sinnar. Orðrétt ritaði hann: „Ef ég hef ekki ruglast á dögum þá finnst mér tíminn líða hratt. Sp. hvar er líkið. Það er undarl. að þetta skuli ekki koma í ljós. Já ég ruglaði dögum, það er miðvikud. á morgun. Eiginl. skiptir þetta engu en þó miklu, mér er illa við að ruglast en ég er að verða ruglaður. Mér líður svo illa þessa stundina, ég er svo þreyttur, man ekkert, á bágt með að tala, get ekki hugsað. Kvíði fyrir morgund. veit að þá situr allt við það sama hjá mér, man ekki, veit ekki, get ekki, svo verð ég sviptur vitinu. Ég er alveg uppgefinn. Hvað skal nú til varnar verða vorri sál í stórri neyð.“¹⁸⁶⁴
966. Miðvikudaginn 8. desember 1976 var bókað í dagbók fangelsisins við Síðumúla að Jónas hafi hringt klukkan 13:05 og beðið um að Sævar yrði klæddur og tilbúinn í bíltúr eftir 15 mínútur.¹⁸⁶⁵ Bókað var klukkan 13:30 að Ívar og Jónas hafi tekið Sævar með sér í bíltúr. Klukkan 15:00 var bókað að Guðjón hafi verið færður fram til Grétars. Tíu mínútum síðar var bókað að komið hafi verið með Sævar og var hann færður beint á klefa. Rannsóknargögn um bíltúrin liggja ekki fyrir. Bókað var að Guðjón hafi verið færður á klefa sinn klukkan 19:25. Rannsóknargögn um yfirheyrsluna liggja ekki fyrir. Klukkan 20:20 var bókað að Sævar hafi verið færður fram í hornið til viðtals við Jónas. Bókað var að Örn Höskuldsson hafi komið klukkan 21:40 og rætt við Grétar. Bókað var klukkan 22:10 að Sævar hafi verið færður á klefa sinn. Rannsóknargögn um viðtalið liggja ekki fyrir. Klukkan 22:25 var bókað að Örn hafi farið.¹⁸⁶⁶ Fimm mínútum seinna var bókað að Guðjón hafi verið færður fram í hornherbergið til viðtals við Grétar. Bókað var klukkan 04:10 að Guðjón hafi verið færður á klefa sinn.¹⁸⁶⁷ Fyrir liggur skýrsla um yfirheyrslu yfir Guðjóni þennan dag klukkan 22:25. Bókað var orðrétt eftir Guðjóni: „Ég ætla nú að skýra frá sannleikanum í máli þessu eftir því sem ég best man. Nokkur atriði þessa máls eru óljós í minni mínu en kunna þó að rifjast upp fyrir mér síðar.“ Kvaðst Guðjón geta fullyrt að Einar Bollason, Magnús Leópoldsson, Valdimar Olsen og Sigurbjörn Eiríksson væru allir

¹⁸⁶² Bls. 1728.

¹⁸⁶³ Bls. 1723–1724.

¹⁸⁶⁴ Bls. 1729_B.

¹⁸⁶⁵ Dagbók nr. 6, bls. 9.

¹⁸⁶⁶ Dagbók nr. 6, bls. 10.

¹⁸⁶⁷ Dagbók nr. 6, bls. 11.

saklausir að dauða Geirfinns. Hann hafi ekki átt neinn þátt í að bendla þá við málið. Aðspurður sagði hann það geta verið að Sævar hafi látið að því liggja þegar hann hafi til landsins aftur í mars 1975 að Klúbbmenn væru við málið riðnir. Sagði Guðjón það hafa verið almannaróm á þeim tíma, en alls ekki hafi verið rætt um að flækja málið með því að bendla Klúbbmenn við það ef þeir yrðu handteknir. Honum hafi verið það fullljóst að þeir hefðu verið saklausir þegar þeir hafi verið settir í gæsluvarðhald og hafi það hvílt mikið á samvisku hans en hann hafi ekki haft kjark til að segja frá málinu þá. Kvaðst Guðjón áður hafa skýrt frá upphafi málsins. Hann hafi farið með Sævari og Erlu heim til sín úr vinnu 18. nóvember 1974. Hafi Sævar þá talað um að hafa hitt mann í Klúbbnum og þurfa að fara til Keflavíkur til að athuga með viðskipti í sambandi við spíra og jafnvel fleira. Hafi Sævar óskað eftir því að hann kæmi með til að ræða við manninn. Kvaðst Guðjón ekki hafa gefið honum loford þar um en sagst munu athuga það. Sagðist Guðjón minnst þess að Sævar hafi haldið fast að honum að koma með. Kvöldið eftir hafi hann farið til [RafG], kunningja síns að Lambhóli við Starhaga. Minnti Guðjón að hann hafi farið á Fiat bifreið.¹⁸⁶⁸ Greindi Guðjón frá því að Sævar hafi komið þangað á bifreið og beðið sig um að koma með til Keflavíkur. Kvaðst Guðjón hafa verið tregur til en að lokum fallist á að fara. Erla hafi verið með Sævari og maður sem Guðjón sagðist ekki hafa kannast við. Mundi Guðjón eftir því að Sævar hafi látið í ljós að hann væri orðinn of seinn á stefnumót í Keflavík. Kvaðst Guðjón ekki muna það glöggst hvað hafi gerst áður en lagt hafi verið af stað til Keflavíkur. Rámaði hann í að hafa ekið Fiat bifreiðinni og skilið hana eftir á einhverjum stað. Eitthvað hafi verið snúið um borgina og rámaði Guðjón eitthvað í sendibifreið í þessu samhengi. Síðan hafi hann tekið við akstri á ljósblárrí Volkswagen bifreið sem Sævar hafi haft til umráða. Sagði Guðjón þau hafa verið fjögur á leiðinni til Keflavíkur og kvaðst hann áður hafa sagt frá þeirri ferð. Mundi hann að á leiðinni hafi verið rætt um hvar sendibifreiðin væri og hvort til hennar sæist en hún hafi verið í eins konar samfloti með þeim. Sagðist Guðjón einnig muna að talað hafi verið um að sýna manninum, sem þau væru að fara að hitta, fulla hörku, ef hann vildi ekki ganga til samninga. Minnti Guðjóni sem hann hafi tekið fullan þátt í þessum umræðum, en hafi ekki gert sér fulla grein fyrir því sem hafi staðið til. Skýrði Guðjón svo frá að þegar komið hafi verið til Keflavíkur hafi margt fólk verið í kringum bíóið við aðalgötuna. Þá hafi Sævar sagt farþegunum að beygja sig niður, sem þeir hafi gert. Annaðhvort hafi verið hlé í bíóinu eða því að ljúka. Kvaðst hann frekar telja að hlé hafi verið þar sem fólkið hafi verið staðbundið fyrir utan bíóið, en ekki að streyma á brott. Kvaðst hann þó ekki geta fullyrt um þetta atriði. Að fyrirlagi Sævars hafi hann ekið beina leið að húsi merktu „Pípugerð Áhaldahús“ og stöðvað þar. Sagði hann farþegana hafa farið út úr bifreiðinni nema ef til vill Erla. Hafi þeir farið í hvarf við húsið og kvaðst Guðjón þá hafa snúið bifreiðinni við og ekið niður á hornið við aðalgötuna og beðið þar. Farþegarnir hafi þá komið aftur og var Sævar æstur yfir því að vera ekki búinn að hitta manninn og talað um að komast í síma til að hringja. Var þá ekið aftur til baka eftir aðalgötunni að bensínstöð.¹⁸⁶⁹ Hafi Sævar ætlað að hringja þar, en það hafi ekki verið

¹⁸⁶⁸ Bls. 1732.

¹⁸⁶⁹ Bls. 1732.

hægt þar sem fullt hafi verið af fólki í sjoppunni. Var þá ekið áfram og í átt að höfninni og stöðvað nokkuð frá Hafnarbúðinni. Greindi Guðjón því að farþegi úr aftursætinu hafi farið út til að hringja. Rámaði Guðjón í að hafa verið spurður um miða sem Sævar hafi látið hann fá og kvaðst þegar hafa skýrt frá því við yfirheyrslu. Hafi farþeginn komið aftur inn í bifreiðina og haft orð um að maðurinn myndi koma. Greindi Guðjón frá því að þegar maðurinn hafi sest inn í bifreiðina hafi hann ekið af stað og eitthvað um bæinn. Orðrétt var bókað í skýrsluna: „Ég heyrði nafn þessa manns ekki nefnt, en eftir því sem mér varð síðar ljóst þá var þetta Geirfinnur Einarsson.“ Hafi Sævar talað við Geirfinn í bifreiðinni og kvaðst Guðjón halda að aðrir hafi lítið blandast í þær umræður. Mundi hann að talað hafi verið um spíra og í stuttu máli mætti segja að þeir hafi verið að fiska eftir upplýsingum hjá hvor öðrum. Hafi Sævar verið með peninga og boðið Geirfinni þá gegn því að fá spíra eða upplýsingar um spíra. Kvaðst Guðjón ekki gera sér fulla grein fyrir því hvar hann hafi ekið eftir að Geirfinnur hafi komið inn í bifreiðina. Sagði hann það þó líklegt að staður hafi verið valinn fyrir þessi „ljósfælnu“ viðskipti, eins og það var bókað í skýrsluna. Hafi þau verið stödd í Dráttarbrautinni þegar í ljós hafi komið að ekki hafi komist á samkomulag með þeim Sævari og Geirfinni. Sagðist Guðjón ekki muna hvers vegna hann hafi stöðvað bifreiðina, en karlmennirnir hafi allir stigið út. Í stuttu máli hafi þeir þrír lent í átökum við Geirfinn sem leiddi til dauða hans. Orðrétt var bókað: „Ég minnst þess, að Geirfinnur ætlaði brott, en ég tók í hann til að stoppa hann af.“ Kvaðst Guðjón ekki muna eftir að hafa slegið Geirfinn með barefli eða hnefum. Mundi hann heldur ekki eftir því að hafa sparkað í hann en rámaði í að hafa tekið hann hálstaki. Honum hafi orðið mikið um það sem gerðist og gat hann hvorki sagt til um hver hlutur hinna hafi verið í átökunum né um hvað hafi leitt til dauða Geirfinns. Kvaðst Guðjón ekki muna eftir áverkum á honum. Mundi hann að ekkert blóð hafi verið á sér eftir átökin. Mundi hann ekki til þess að barefli hafi verið notað.¹⁸⁷⁰ Skýrði Guðjón svo frá að hann myndi ekki eftir því þegar líkið hafi verið sett í bifreiðina. Sagðist hann muna eftir orðum Sævars á leiðinni til Reykjavíkur um að hann væri samsekur um morð. Kvaðst Guðjón hafa orðið mjög óttasleginn vegna þess sem hafi gerst og ekki hafa þorað að líta aftur í bifreiðina en um það væri ekki að efast að líkið hafi verið í bifreiðinni. Erla hafi farið úr bifreiðinni í Dráttarbrautinni en Guðjón kvaðst ekki hafa munað með hvaða hætti það hafi komið til. Orðrétt var bókað í skýrsluna: „Hún mun hafa gleymt kápunni sinni í bifreiðinni. Ekki man ég þó sérstaklega eftir því, en í vor las ég framburð ökumanns, sem hún hafði fengið far með á leið til Reykjavíkur. Hann talaði um að hún hefði verið illa klædd og dró ég þá ályktun af því að hún hefði gleymt kápunni.“ Á leiðinni til Reykjavíkur hafi þeir þrír rætt um hvað ætti að gera við líkið, en ekki komist að samkomulagi. Minnti Guðjóni að hann hafi ekið út á Álftanesveg, vestur fyrir Gálgahraun og þar til hægri. Minnti hann að þeir hafi farið eitthvað upp í hraunkantinn til að athuga, en hætt við að setja líkið þar. Minnti hann einnig að ekið hafi verið upp að hitaveitustokknum hjá Korpu, en sagði það kunna að vera rangminni hjá sér. Kvaðst hann ekki minnst þess að hafa verið með í að taka líkið úr bifreiðinni og ekki minnst þess að hafa ekið inn húsasundið að bakgarðinum

¹⁸⁷⁰ Bls. 1733.

við Grettisgötu 82. Minnti hann helst að hafa ekið heim til sín að Ásvallagötu og skilið við farþegana þar. Minnti Guðjón að Sævar hafi fengið lánaðar skóflur hjá sér, en væri ekki viss um það. Í lok skýrslunnar var orðrétt bókað: „Sá sem ég hef hér talað um sem fjórða manninn í bifreiðinni á leiðinni suður í Keflavík mun vera Kristján Viðar Viðarsson, en ég þekkti hann ekki fyrir þennan tíma og tók lítið eftir honum í þessari ferð. Við samprófun hefur Kristján Viðar sagt, að hann hafi verið í Dráttarbrautinni umrætt sinn og get ég ekki dregið það í efa, enda þótt ég komi honum ekki fyrir mig.“¹⁸⁷¹

967. Fyrir liggur upplýsingaskýrsla, dagsett þennan dag, 8. desember 1976, rituð af Haraldi Árnasyni um að fyrir skömmu hafi Kristján Viðar greint frá því að móðuramma hans [IF] hafi átt þátt í að hluta sundur og fela lík Færeyings að nafni [WP] sem saknað hafi verið síðan í september 1974. Hafi Kristján Viðar skýrt frá því að eftir dauða [WP] hafi hann, Sævar og Tryggvi Rúnar farið með líkið niður í kjallara og inn í vaskahús. Hafi þeir komist að þeirri niðurstöðu að þeir yrðu að hluta líkið í sundur. Hafi hann ætlað að framkvæma verkið en ekki getað það þegar til hafi komið. Tryggvi Rúnar hafi þá kallað hann bleyðu og búist til þess að framkvæma verknaðinn. Hafi Kristján Viðar þá farið upp á íbúðarhæðina en mætt ömmu sinni. Hafi hann þá bannað henni að fara niður en það hafi orðið til þess eins að vekja forvitni gömlu konunnar. Hún hafi því farið niður í vaskahúsið og komið að Sævari og Tryggva Rúnari með lík [WP]. Hafi Kristján þá sagst hafa farið upp í herbergi sitt, tekið inn svefnlyf og sofið fram undir hádegi daginn eftir. Þá hafi verið búið að búa um líkið í tveimur pokum og hafi Albert Klahn verið fenginn til að flytja það í Toyota bifreiðinni. Kristján hafi greint frá því að ákveðið hafi verið að fara með pokana í Fossvogskirkjugarð og grafa þá þar. Hafi amma hans farið með. Hún hafi ekki verið ánægð með felustaðinn sem leitt hafi til ósættis þeirra á milli og hafi Kristján þá farið. Fram kom að Kristján hafi sagst ekki vita hvað hafi orðið um lík [WP], en talið víst að amma hans vissi það. Í lok skýrslunnar var bókað að frásögn Kristjáns hafi verið nokkuð óljós, en hann hafi ekki verið spurður nánar um smáatriði. Orðrétt var bókað: „Er sannleiksgildi frásagnar hans vafasamt, en persónulega finnst mér hæpið, að hann ljúgi upp á ömmu sína, sem virðist honum mjög kær, að ekki sé minnst á jafn alvarlegan verknað og þennan.“¹⁸⁷²
968. Sama dag gaf ríkissaksóknari út ákæru vegna Guðmundarmálsins og fleiri mála á hendur Kristjáni Viðari, Sævari, Tryggva Rúnari, Alberti Klahn, Erlu, [ÁEP] og Guðjóni. Voru Kristján, Sævar og Tryggvi Rúnar ákærðir fyrir morð með því að hafa, aðfaranótt 27. janúar 1974, í félagi ráðist á Guðmund Einarsson í kjallaraþbúð að Hamarsbraut 11 og misþyrmt honum svo, þar á meðal með hnífstungum sem Kristján Viðar hafi veitt honum, að hann hafi hlotið bana af og komið líki hans síðan fyrir á ókunnum stað. Var Albert Klahn ákærður fyrir eftirfarandi hlutdeild í fyrrgreindum verknaði með því að hafa veitt Sævari, Kristjáni Viðar og Tryggva Rúnari liðsinni við að fjarlægja og koma líki Guðmundar fyrir á ókunnum stað og þannig leitast við að afmá ummerki brotsins, bæði fyrrgreinda nótt og síðar síðla sumars 1974 þegar líkamsleifar Guðmundar voru fluttar á enn annan stað. Hafi flutningar þessir farið fram

¹⁸⁷¹ Bls. 1734.

¹⁸⁷² Bls. 1730.

í bifreiðum sem Albert hafi haft til umráða og ekið. Tryggvi Rúnar var einnig ákærður fyrir brennu, nauðgun og þjófnað. Sævar var einnig ákærður fyrir þjófnað og saman með Erlu fyrir þjófnað og hylmingu, skjalafals og fjársvik. Var Sævar einnig ákærður saman með Kristjáni fyrir margvísleg þjófnaðarbrot og hylmingu. Sævar, Guðjón og [ÁEP] voru ákærðir saman fyrir brot á lögum um ávana- og fíkniefni. Þá var Kristján Viðar ákærður fyrir þjófnað og Albert Klahn fyrir hylmingu og brot á lögum um ávana- og fíkniefni.¹⁸⁷³

969. Guðjón ritaði í dagbók sína þennan dag um viðræður sínar við Grétar. Þær hafi staðið lengi og lokið um kvöldmat en hafist aftur eftir mat og staðið til að verða fimm um nóttina. Orðrétt ritaði hann: „Þá hafði ég játað aðild að bana G. Einarssonar og gefið þriðju skýrslu lútandi að Keflavíkurför þeirri sem ógæfusamlegust hefur verið þeirra ferða er ég hef um mína tíð farið. Nú finnst vonandi lík mannsins næstu daga og þjóðin getur þá dregið andann léttar, þótt ekki verði ég í þeim hópi, nema samviska, viska, vizka mín ætti að vera betri nú en verið hefur.“ Vissi hann ekki hvað myndi gerast næst. Ritaði hann um bókaþjóf sem hann hafi fengið. Rifjaði hann upp orð konu sem hafi sagt við hann í Naustinu um sumarið: „Þú átt eftir að líða mikið.“ Henni hefði ratast satt orð á munn. Orðrétt ritaði Guðjón: „Þó virðist mér ég ónægur orðinn fyrir öllu slíku. Ég er eins og vél. Ómennskur finnst mér. Það gerir einangrunin. Hér er ekkert sem hefur áhrif á mig lengur, ég hef lokað mig af tilfinningalega. Eiginlega er ég dauður.“¹⁸⁷⁴ Kraftaverk þyrfti að gerast og hann tryði á það. Hann yrði að losna úr hringekju tómleika og örvæntingar. Hann yrði að fá innri og ytri frið. Hann gæti þetta ef hann vildi. Hann hafi aldrei viljað neitt, ekki vitað hvað hann vildi, allt hafi sett hann úr jafnvægi og slegið hann út af laginu. Orðrétt ritaði Guðjón: „Þessi skírn væntanlega dugir til að rétta mig af. Byrði mín er þung en að bera eitthvað þungt, það er að vera. Orð á orð ofan. Það er auðvelt að missa trú á gildi þeirra og merkingu en þegar þú hefur játað þig sekan um morð þá veistu aftur að þau merkja eitthvað. Svo sannarlega. Nú er ég ekki fullur örvæntingar, vil ekki deyja, en erfitt verður þetta.“¹⁸⁷⁵
970. Fimmtudaginn 9. desember 1976 var bókað í dagbók fangelsisins við Síðumúla að Grétar hafi sótt Sævar klukkan 13:00 og farið með hann í bílferð. Bókað var um komu þeirra til baka klukkan 14:05.¹⁸⁷⁶ Rannsóknargögn um bílferðina liggja ekki fyrir. Bókað var að séra Jón Bjarman hafi farið inn á klefa númer sex klukkan 14:22. Klukkan 17:14 var bókað að Sævar hafi verið færður í hornið til viðtals við Jónas. Sjö mínútum síðar var bókað um komu Grétars sem hafi farið í hornið til Sævars og Jónasar. Klukkan 23:35 var bókað að Sævar hafi verið færður á klefa sinn.¹⁸⁷⁷ Fyrir liggur skýrsla um yfirheyrslu yfir Sævari þennan dag milli klukkan 17:30 og 23:30. Skýrði Sævar svo frá að í byrjun nóvember 1974 hafi hann fyrst heyrt nafnið „Geiri í Keflavík“ nefnt í sambandi við spíra, áfengi og þess háttar. Kvaðst Sævar ekki muna hvar hann hafi heyrt þetta nefnt. Greindi hann frá ferð sinni í Klúbbinn 17. nóvember 1974 með Kristjáni Viðari og að því hann hélt [PKKÞ]. Kvaðst Sævar hafa séð

¹⁸⁷³ Bls. 1735–1745.

¹⁸⁷⁴ Bls. 1745_A.

¹⁸⁷⁵ Bls. 1745_B.

¹⁸⁷⁶ Dagbók nr. 6, bls. 11.

¹⁸⁷⁷ Dagbók nr. 6, bls. 12.

Kristján Viðar ræða við mann í stiganum sem hafi verið ölvaður og opinskár. Grunaði Sævar að Kristján hafi ætlað að reyna að ná veski mannsins og blandaði hann sér því í umræðurnar. Kvaðst Sævar hafa villt á sér heimildir og spurt manninn hvort þeir hafi ekki verið saman á togara. Hafi hann neitað því og kvaðst Sævar þá hafa spurt hann um nafn. Hafi maðurinn þá sagst heita Geirfinnur og vera úr Keflavík. Sagði Sævar þá oft hafa notað svona viðræður til að komast að mönnum sem þeir hafi haft hug á að ræna. Greindi Sævar frá því að honum hafi þá strax dottið í hug að þarna væri um að ræða „Geira úr Keflavík“. Kvaðst Sævar hafa spurt hann hvort hann hefði spíra og væri til í að koma í viðskipti og hafi Geirfinnur játað því. Hafi Kristján Viðar verið vitni að samtali þeirra. Kvaðst Sævar hafa látið í ljós vilja sinn til að komast í beint samband við þann aðila sem Geirfinnur væri að skipta við, en raunverulegur tilgangur hafi verið að komast að því hvar spírinn væri geymdur til þess að stela honum.¹⁸⁷⁸ Kvaðst Sævar hafa nefnt 50.000 til 70.000 krónur í greiðslu fyrir upplýsingarnar. Hafi Geirfinnur tekið vel í þetta og látið sig fá nafn og heimilisfang en ekki símanúmer. Kvaðst Sævar hafa talið sig vera kominn í samband við „Geira í Keflavík“ sem hann hafi áður heyrt nefndan í sambandi við spíra. Sagðist Sævar hafa sagt Erlu frá þessum væntanlegu viðskiptum daginn eftir og það kvöld hafi hann farið heim til Guðjóns og sagt honum frá þessu. Hafi hann og Erla farið að heimili Guðjóns á Land Rover bifreiðinni og Erla beðið á meðan hann hafi farið inn til Guðjóns. Kvaðst Sævar ekki muna hvort [GUÆ], kona Guðjóns, hafi verið heima. Sagðist Sævar hafa boðið Guðjóni að taka þátt og spurt hann hvort hann ætti peninga til að leggja í þessi viðskipti. Kvaðst Sævar ekki vera viss hvort Guðjóni hafi verið það ljóst að hann hafi ætlað sér að stela spíranum. Hafi Guðjón ákveðið að taka þátt og sagst jafnvel ætla að leggja fram einhverja peninga ef hann ætti þá til handbæra. Greindi Sævar frá því að hafa hringt í Kristján Viðar úr íbúð Guðjóns og sagt honum hvað stæði til. Hafi Kristján spurt að fyrra bragði hvort ekki stæði til að stela spíranum og sagðist Sævar hafa játað því. Ákvað Kristján að taka þátt. Greindi Sævar frá því að hafa næst hringt til einhvers sprútttsala, mögulega [SSH], til að spyrjast fyrir um verð á spíra. Því næst hafi hann hringt í Landsímamann og fengið uppgefið símanúmer Geirfinns. Kvaðst hann hafa skrifað það á miða og látið Guðjón fá hann. Loks hafi hann hringt til Geirfinns. Barn hafi svarað símanum og sagt hann ekki heima.¹⁸⁷⁹ Hafi hann rætt ferðina við Guðjón, sagt honum að rafkerfið í Land Rover bifreiðinni væri í ólagi og fyrirætlun um að taka bílaleigubifreið. Var ákveðið að fara til Keflavíkur kvöldið eftir og hafi Guðjón sagst verða heima eða að Lambhóli. Skýrði Sævar svo frá að eftir hádegi daginn eftir hafi hann og Erla farið á Bílaleiguna Geysi og tekið ljósbláa Volkswagen bifreið á leigu. Kvaðst Sævar hafa greitt afgreiðslumanninum 5.000 krónur og sagt honum að sleppa því að gera skriflegan samning sem hann hafi samþykkt. Hafi hann áður fengið bifreiðar á leigu með þessum hætti. Kvaðst Sævar ekki vita nafn afgreiðslumannsins, en þekkja hann vegna fyrri viðskipta. Hafi Erla ekið bifreiðinni að Hjallavegi. Kvaðst Sævar ekki muna eftir neinu sérstöku öðru þennan eftirmiðdag. Um klukkan 18:30 hafi hann og Erla farið á Land Rover bifreiðinni að Grýtubakka og

¹⁸⁷⁸ Bls. 1746.

¹⁸⁷⁹ Bls. 1747.

borðað þar kvöldmat. Kvaðst Sævar hafa hringt í Geirfinn en gat hvorki munað klukkan hvað né hvort hann hafi hringt frá Hjallavegi eða Grýtubakka. Minnti Sævar að Geirfinnur hafi sjálfur svarað símanum. Kvaðst Sævar hafa kynnt sig og nefnt viðskiptin sem þeir hafi rætt í Klúbbnum og spurt hvort hann vildi hitta sig við Hafnarbúðina. Mundi Sævar ekki hvort hann hafi nefnt klukkan 21:30 eða 22:00. Hafi Geirfinnur játað því. Sagðist Sævar hafa sagst verða með peningana með sér. Greindi Sævar frá því að hafa ekki notað sitt rétta nafn í Klúbbnum. Hélt hann að hann hefði notað nafnið Sæmundur Pálsson sem hann hafi oft notað. Kvaðst hann hafa notað það nafn einnig í símtalinu. Um klukkan 20:00 hafi hann farið ásamt Erlu og móður sinni á Land Rover bifreiðinni á kvikmyndasýningu að Kjarvalsstöðum. Áður hafi hann hringt niður á Laugaveg 32 og greint Kristjáni Viðari frá því að farið yrði til Keflavíkur þegar hann kæmi af Kjarvalsstöðum. Að kvikmyndasýningunni lokinni hafi hann og Erla ekið móðir hans beint heim. Þaðan hafi þau ekið að Hjallavegi og skipt á bifreiðum.¹⁸⁸⁰ Hafi Erla ekið beint heim til Guðjóns á Ásvallagötu en hann hafi ekki verið heima. Kvaðst Sævar ekki muna hvort hann hafi hitt [GUÆ]. Greindi Sævar frá því að þá hafi þau ekið að Lambhóli þar sem hann hafi hitt Guðjón, [RafG] og eitthvað fleira fólk, en mundi Sævar ekki hvaða. Minnti Sævar að Guðjón hafi verið með Fiat fólksbifreið á staðnum og taldi nokkuð öruggt að hann hafi fært sig yfir í bifreið Guðjóns. Ekið hafi verið að Vatnsstíg og hafi Erla komið á eftir þeim. Kvaðst Sævar hafa farið upp á Laugaveg og náð í Kristján Viðar sem hafi verið tilbúinn í svörtum leðurjakka og með loðskinnshanska. Sagðist Sævar hafa séð [PKKP], en hann hafi svarað símanum þegar Sævar hringdi frá Grýtubakkanum. Hafi hann og Kristján Viðar gengið saman að Volkswagen bifreiðinni og hafi þá Erla setið aftur í en Guðjón undir stýri. Fóru þeir hægra megin inn í bifreiðina og hélt Sævar að Kristján hafi sest aftur í en hann í framsætið við hlið Guðjóns. Orðrétt var bókað eftir Sævari: „Það var örugglega engin sendiferðabifreið þarna á Vatnsstígnum, eins og við erum áður búin að segja.“ Var þá ekið áleiðis til Keflavíkur og mundi Sævar ekki eftir því að stoppað hafi verið á leiðinni, enda hafi þau verið orðin nokkuð sein. Greindi Sævar frá því að á leiðinni hafi hann og Guðjón rætt um að þeir skyldu sýna Geirfinni fulla hörku ef hann yrði með einhverja stæla. Sagði Sævar að sér hafi fundist Geirfinnur áhugalítill í símanum. Meiningin að baki samræðum þeirra hafi ekki verið að pína hann líkamlega heldur að leggja fast að honum og pressa á hann ef hann yrði neikvæður. Sagði Sævar þetta eitthvað hafa verið nefnt við Kristján Viðar sem hafi jánkað því. Kvaðst Sævar hafa verið með 70.000 krónur meðferðis sem þeir hafi verið tilbúnir að láta Geirfinn fá ef hann myndi láta upplýsingar á móti.¹⁸⁸¹ Sagðist Sævar ekki vera viss um hvað klukkan hafi verið þegar hann hafi komið til Keflavíkur, en hún hafi verið nálægt 22:00. Mundi hann eftir því að hafa sagt að allir skyldu beygja sig niður þegar þau hafi ekið eftir aðalgötunni, sem þau hafi gert. Kvaðst Sævari hafa dottið í hug að lögreglan væri eitthvað í eftirliti og myndi jafnvel stoppa þau þar sem þetta hafi verið bílaleigubifreið. Hafi þau beygt niður að Hafnarbúðinni og Guðjón ekið þar fram hjá. Þar hafi hann og Kristján farið út úr bifreiðinni og gengið inn í Hafnarbúðina. Þar hafi

¹⁸⁸⁰ Bls. 1748.

¹⁸⁸¹ Bls. 1749.

þeir gætt að Geirfinni en ekki séð hann. Kvaðst Sævar hafa keypt einn pakka af Viceroy handa Erlu. Mundi hann ekki eftir manneskjunni sem hafi afgreitt hann. Minnti hann að afgreiðslustúlkurnar hafi verið í bláum sloppum. Hafi þeir talið Geirfinn jafnvel vera í nágrenninu og því ekki hringt. Skýrði Sævar svo frá að þeir hafi gengið út og svipast um eftir Geirfinni en ekki séð hann og því gengið að Volkswagen bifreiðinni. Þá hafi þau ekið eftir aðalgötunni og séð mikið af fólki á götunni. Kvaðst Sævar ekki muna sérstaklega eftir að það hafi verið í sambandi við bíóið. Lýsti Sævar því hvar þau óku í gegnum bæinn að Dráttarbrautinni til að finna rólegan stað til að ræða við Geirfinn á. Stoppuðu þau á hæðinni fyrir ofan Dráttarbrautina og sagðist Sævar hafa farið út úr bifreiðinni ásamt Kristjáni Viðari og athugað staðinn og litist vel á hann þar sem lítið hafi verið um mannaferðir. Hafi Guðjón snúið við á meðan. Settust þeir inn í bifreiðina aftur og hafi þá verið ekið til baka aðalgötuna þar sem Sævar kvaðst hafa farið inn í sjoppu til að hringja í Geirfinn, en hætt við vegna mannfjölda þar inni. Hafi þá verið ekið niður að Hafnarbúðinni. Kvaðst Sævar hafa látið Kristján Viðar fá miðann með nafni og símanúmeri Geirfinns og beðið hann um að fara inn og hringja í hann. Hafi hann sagt Kristjáni að segja eitthvað sem hann gæti ekki munað lengur hvað hafi verið. Bókað var orðrétt í skýrsluna: „Sannleikurinn er sá að ég hafði sagt Geirfinni að ég hétí Magnús Leóoldsson, en ekki Sæmundur Pálsson og hann mun hafa haldið að ég væri Magnús í Klúbbnum. Þegar Kristján kom út hafði hann orð á því að Geirfinnur hefði spurt hvort Maggi væri þarna og síðan sagt að hann mundi koma.“ Greindi Sævar frá því að hafa verið búinn að segja Geirfinni að þau myndu vera á ljósblárrí Volkswagen bifreið. Kvaðst Sævar muna eftir að hafa sagt Geirfinni að koma gangandi að Hafnarbúðinni og einnig að hafa sagt Kristjáni að segja honum það í símann.¹⁸⁸² Hafi Kristján sest í aftursæti bifreiðarinnar þegar hann var búinn að hringja og kom Geirfinnur skömmu seinna að bifreiðinni. Kvaðst Sævar hafa heilsað honum og hleypt honum inn í aftursætið. Sagði Sævar að Geirfinnur hafi setið hægra megin, Kristján Viðar fyrir miðið og Erla fyrir aftan Guðjón. Var þá ekið strax í Dráttarbrautina og sagðist Sævar hafa haft orð á því við Geirfinn að fara á kyrrlátan stað til að ræða saman. Þá hafi ekki staðið til að beita ofbeldi í sambandi við málið. Kvaðst Sævar hafa rætt fyrirhuguð viðskipti við Geirfinn á leiðinni í Dráttarbrautina og hafi hann virst ekki gera sér grein fyrir hvað hann væri að tala um líkt og hann myndi ekkert eftir fyrri viðræðum þeirra. Datt Sævari það helst í hug að Geirfinnur hafi verið það fullur í Klúbbinum að hann myndi ekki eftir samtali þeirra. Kvaðst Sævar hafa sýnt honum 70.000 krónur og beðið hann um að segja sér hvar spírinn væri geymdur. Geirfinnur hafi virst ekki gera sér neina grein fyrir því hvað hann meinti. Sagðist Sævar hafa rétt Geirfinni peningana sem hafi tekið við þeim. Um þetta leyti hafi þau verið að koma í Dráttarbrautina. Kvaðst Sævar hafa spurt hann frekar út í hvar spírinn væri geymdur og hver ætti hann. Hafi Geirfinnur þá snúið út úr og gefið í skyn vilja til að kaupa spíra af þeim. Kvaðst Sævar þá hafa sagt að hann gæti greitt meiri peninga og þannig sýnt honum fram á að þetta væru viðskipti. Hafi Geirfinnur þá byrjað með hávaða og hent peningunum í gólfíð í bifreiðinni og viljað komast út. Hafi Guðjón þá stöðvað bifreiðina. Fóru þeir þá allir út úr bifreiðinni, fyrst Sævar og

¹⁸⁸² Bls. 1750.

Guðjón og síðan Geirfinnur og loks Kristján Viðar. Hafi Geirfinnur ætlað í burtu en Guðjón þá tekið í öxlina á honum og spurt hvort þeir ættu ekki að ræða málin frekar. Hafi Geirfinnur þá sagt eitthvað á þá leið: „Ég þekki Sigurbjörn og ykkur hina í Klúbbnum.“ Lýsti Sævar því hvar hann og Kristján Viðar hafi gengið í veg fyrir Geirfinn og Kristján sagti: „Voruð þið ekki búnir að ræða þetta í Klúbbnum?“ Hafi Geirfinnur þá hrint Kristjáni Viðari sem hafi þá slegið Geirfinn til baka.¹⁸⁸³ Kvaðst Sævar ekki viss hvar höggið hafi komið á hann. Sagðist Sævar þá hafa slegið Geirfinn í andlitið en hann hrint sér svo hann hafi fallið aftur fyrir sig. Kvaðst Sævar hafa sprottið á fætur og ráðist á Geirfinn, en hann hafi stjakað sér frá. Í millitíðinni hafi Kristján Viðar slegið Geirfinn nokkur högg og sum þeirra farið í maga hans. Hafi Guðjón einnig blandað sér í slagsmálin og kvaðst Sævar hafa séð hann slá til Geirfinns. Kristján Viðar hafi tekið hann haustaki aftan frá og kvaðst Sævar þá hafa gripið spýtu sem hafi legið þarna, um 70 sentímetra langa, og barið Geirfinn með henni einu höggi framan á fæturna, en síðan fleygt henni frá. Kvaðst Sævar hafa verið hræddur á þeim tímapunkti og hættur að lítast á þetta. Sagðist hann þá hafa séð að Kristján Viðar hafi verið búinn að skipta um hálstak og taka Geirfinn hliðarháls- eða haustak með hægri hendi. Var Guðjón þá kominn með spýtuna í hendurnar og kvaðst Sævar hafa séð hann slá Geirfinn nokkrum höggum með henni, fyrst í fæturna í mjaðmarhæð. Hafi Geirfinnur reynt að rífa í Kristján með annarri hendinni. Kvaðst Sævar þá hafa tekið í höndina á honum og haldið henni frá Kristjáni og sagt eitthvað á þá leið: „Vertu rólegur maður.“ Kvaðst Sævar hafa farið til Erlu sem hafi verið orðin „nervös útaf þessu“, eins og það var orðað. Sagðist hann hafa látið Erlu fá 5.000 krónur og sagt henni að fara þar sem það þýddi ekkert að róa manninn niður, hann væri alveg óður. Fór Erla þá í burtu og kvaðst Sævar hafa sagt henni að taka leigubifreið til baka. Lýsti Sævar því svo að þegar hann hafi snúið sér aftur að mönnum hafi Geirfinnur legið á bakinu og Guðjón staðið yfir honum, en þá búinn að kasta spýtunni. Hafi Kristján bograð yfir Geirfinni og verið að þukla á honum. Kvaðst Sævar hafa þuklað á honum og leitað eftir púlsi en þá hafi Kristján sagt hann dauðan. Sagðist Sævar hafa fundið að hann hafi verið dauður. Kvaðst hann ekki átta sig á því hvað hafi orðið Geirfinni að bana, hvort það hafi orsakast af höggunum eða haustakinu. Hann hafi ekki séð hann barinn í höfuðið með spýtunni. Kvaðst hann hafa séð blóð eða skrámur á vinstra gagnauga og kjálka en annað ekki. Hafi Guðjón þá sagt: „Náðu í Erlu.“ Sagðist Sævar hafa kallað en ekki fengið svar og séð hana hvergi og því snúið við aftur. Hafi Guðjón þá sagt: „Finndu hana.“ Kvaðst Sævar ekki hafa farið aftur. Hafi Kristján Viðar þá sagt: „Hvað eigum við að gera?“ Hafi þeir þá rætt um að skilja Geirfinn eftir. Kvaðst Sævar hafa talið hættu á að fingraför myndu finnast og þeir tekið undir það.¹⁸⁸⁴ Hafi þeir þá athugað Geirfinn betur og fullvissað sig um að hann væri dáinn. Var þá ákveðið að setja hann inn í bifreiðina að aftan. Sagðist Sævar þá hafa verið búinn að taka upp peningana sem Geirfinnur hafi fleygt á gólfíð í bifreiðinni. Þeir hafi skilið spýtuna eftir á staðnum og kvaðst Sævar ekki treysta sér til að lýsa henni nákvæmlega en þetta hafi verið frekar mjó fjöl. Greindi Sævar frá því að

¹⁸⁸³ Bls. 1751.

¹⁸⁸⁴ Bls. 1753.

þeir hafi sett Geirfinn í aftursætið, vinstra megin, í sitjandi stellingu og hafi hann hallað út á hlið. Kristján Viðar hafi setið í aftursæti til hægri, Guðjón hafi ekið og hann í framsætinu. Óku þeir úr Dráttarbrautinni og leituðu að Erlu nokkra stund þar sem hún hafi gleymt kápunni sinni í bifreiðinni. Óttuðust þeir að henni yrði kalt og ef til vill myndi hún lenda í höndum lögreglunnar. Að því búnu hafi þeir ekið til Reykjavíkur og rætt á leiðinni hvað væri best að gera við líkið án þess að þeir hafi komist að samkomulagi. Hafi komið til tals að setja hann út á Álftanes og mundi Sævar eftir að hitaveitustokkur hafi verið nefndur. Rætt hafi verið um að hættulegt væri að fara með líkið í gegnum Kópavog. Ofan á hafi orðið að aka með líkið beina leið inn sundið bakvið heimili Kristjáns. Hann og Kristján Viðar hafi borið líkið inn í kjallarann og hafi Guðjón komið með þeim inn. Settu þeir líkið inn í geymslu, ofan á fatahrúgu og minnti Sævar að gólfðregill eða eitthvað þess háttar hafi verið sett ofan á líkið. Í framhaldinu hafi þeir farið upp í íbúð Kristjáns Viðars og rætt saman skamma stund. Hafi Kristján Viðar sagt að ekki væri hægt að hafa líkið þarna lengi og því ákveðið að ræða saman daginn eftir. Kvaðst Sævar hafa gist í íbúðinni hjá Kristjáni þessa nótt. Guðjón hafi fljótlega farið heim til sín á Volkswagen bifreiðinni og hafi Kristján Viðar beðið hann um að loka kjallaranum á eftir sér. Greindi Sævar frá því að hafa tekið leigubifreið heim að Hjallavegi morguninn eftir og þá hafi Erla verið komin. Síðar sama dag hafi hann hitt Guðjón á Mokka við Skólavörðustíg og þeir rætt hvað ætti að gera við líkið. Hafi Guðjón nefnt ýmsa möguleika, svo sem að brenna það, sökkva því í vatn, urða það eða grafa í óbyggðum.¹⁸⁸⁵ Sagði Sævar að þeir hafi verið tveir einir þegar þeir hafi rætt þetta, en sig minnti að [BrB] hafi verið nálægur. Um kvöldið hafi hann og Erla skilað Volkswagen bifreiðinni með því að skilja hana eftir við bílaleiguna. Skýrði Sævar svo frá að 21. nóvember 1974 hafi hann og Erla farið niður á Grettisgötu á Land Rover bifreiðinni, en áður hafi þau farið að Bergþórugötu 27 og fengið [BPP] til að stilla bensínjöfina á bifreiðinni. Kvaðst Sævar þá hafa verið í kápunni hennar Erlu. Hann hafi tekið hana utan af Geirfinni þegar þeir voru búnir að bera hann inn. Sagðist hann blóðbletti hafa verið í kápunni. Hann hafi gleymt henni hjá [BPP], en sótt hana nokkrum dögum síðar og hent henni í ruslið. Hafi Erla ekið Land Rover bifreiðinni inn í sundið bak við Grettisgötu 82. Kristján Viðar hafi verið heima þar sem búið hafi verið að ákveða tímamann, en þetta hafi verið milli klukkan 15:00 og 16:00. Beið Erla í íbúð Kristjáns á meðan þeir hafi fært lík Geirfinns yfir í þvottahúsið og vöfðu það inn í eitthvað tau og bundu snæri utan um. Sagði Sævar þá hafa borið líkið út í Land Rover bifreiðina og sett það inn að aftan. Í bifreiðinni hafi verið tvær skóflur sem Guðjón hafi verið búinn að lána þeim. Var þá ekið beint upp í Rauðhóla með viðkomu á bensínstöð þar sem fimm lítra plastbrúsi hafi verið fylltur. Lýsti Sævar því hvar ekið hafi verið inn í Rauðhóla og nokkuð djúp hola grafin ofan í rauðamöl, ekki stærri en það að líkið hafi komist ofan í. Síðan hafi þeir hellt bensíninu yfir og kvaðst Sævar hafa kveikt á eldspýtu og hent henni ofan í. Hafi allt orðið eitt eldhaf um leið. Erla hafi staðið þarna rétt hjá og horft á, en Guðjón hafi ekki komið nálægt þessum flutningi. Hafi líkið brunnið illa og eldurinn dofnað fljótlega. Mjög vond lykt hafi komið og þá hafi þau tekið til við að

¹⁸⁸⁵ Bls. 1753.

moka yfir. Greindi Sævar frá því að um sumarið 1975 hafi hann og Erla farið aftur upp eftir til að athuga hvort þau myndu finna staðinn. Töldu þau sig hafa fundið hann en þar sem strákar hafi verið að leika sér við að skjóta í mark á staðnum hafi þau ekki leitað sérstaklega. Skýrði Sævar frá því að þegar hann hafi hringt til Kristjáns Viðars 18. nóvember 1974, heiman frá Guðjóni, hafi þeir talað um að Kristján myndi sjá um að útvega sendibifreið sem hafi átt að nota til að flytja spírann frá Keflavík til Reykjavíkur. Sagðist Sævar hafa talað um það við Kristján Viðar að reyna að fá [SÓH] frænda sinn til að aka sendibifreiðinni. Hafi Kristján fallist á að sjá um þetta atriði. Greindi Sævar frá því að þegar hann og Kristján Viðar hafi gengið að Volkswagen bifreiðinni á Vatnsstígnum þá hafi [SÓH] komið á sendibifreiðinni og stöðvað nokkru neðar. Kvaðst Sævar hafa talað við hann og sagt honum hvar hann ætti að bíða í Keflavík. Kvaðst hann hafa vísað honum veginn að Dráttarbrautinni. Hafi sendibifreiðin, sem var gulur Mercedes Benz, farið á undan til Keflavíkur. Sagði Sævar bifreiðina hafa verið í eigu stráks sem hafi búið neðarlega á Rauðalæk og ætti þrjár sendibifreiðar. Skýrði Sævar frá því að þegar farið hafi verið í Dráttarbrautina í fyrra skiptið hafi hann og Kristján Viðar farið úr bifreiðinni til að svipast um eftir [SÓH]. Hafi þeir fundið hann neðarlega í Dráttarbrautinni. Hafi Kristján Viðar talað við hann og sagt honum að bíða. Í seinna skiptið þegar átökin við Geirfinn hafi átt sér stað þá hafi þeir stöðvað nokkru frá sendibifreiðinni. Kvaðst Sævar ekki geta sagt til um hvort [SÓH] hafi séð átökin, en sagði það kunna vera. Sagðist hann viss um að [SÓH] hafi ekki átt þátt í átökunum. Hafi Kristján Viðar farið til [SÓH] þegar Geirfinnur var látinn og sagt honum að fara til baka og þegja yfir ferðinni. Kvaðst Sævar halda að [SÓH] hafi verið einn í bifreiðinni. Greindi Sævar frá því að hafa rætt við Guðjón nokkrum dögum eftir atburðina. Kvaðst Sævar hafa sagt Guðjóni frá því að hafa þóst heita Magnús Leópolðsson í samtali við Geirfinn. Hafi þeir ekki vitað hvort Geirfinnur hafi sagt öðrum frá málinu. Kvaðst Sævar þess vegna hafa stungið upp á því að Klúbbmönnum yrði blandað í málið ef þeir yrðu handteknir.¹⁸⁸⁶ Hafi Guðjóni litist vel á þetta og sagðist Sævar einnig hafa nefnt þetta við Kristján Viðar og Erlu. Greindi Sævar frá því að í júlímánuði 1975 hafi þau öll fjögur komið saman heima hjá Kristjáni Viðari á Grettisgötunni. Hafi þau orðið sammála um að ef þau yrðu handteknir skyldu þau flækja málið með því að bera að Klúbbmenn og sprúttular í Reykjavík hafi verið að verki. Hafi Erla stungið upp á Einari bróður sínum, Valdimar Olsen og [JR] þar sem hún hafi vitað að þeir hafi allir tengst Klúbbmönnum og því myndi þetta falla saman þegar farið yrði að rannsaka feril mannanna. Sagði Sævar þau öll hafa fylgst með rannsókn málsins eftir atburðinn 19. nóvember 1974. Vissu þau alltaf nákvæmlega hvernig rannsóknin hafi staðið þar sem stöðugar fréttir hafi verið í blöðum, sjónvarpi og útvarpi. Kvaðst Sævar aldrei hafa farið til Keflavíkur til að fylgjast með rannsókninni. Í lok skýrslunnar var bókað orðrétt: „Það skal tekið fram að missögnin sem kemur fram í skýrslunni varðandi sendiferðabílinn er vegna þess að Sævar Marinó ætlaði að halda honum og öikumanni hans utan við mál þetta.“¹⁸⁸⁷

¹⁸⁸⁶ Bls. 1755.

¹⁸⁸⁷ Bls. 1756.

971. Meðal rannsóknargagna liggur fyrir bréf, dagsett 9. desember 1976, frá Interpol í París um niðurstöður rannsóknar á nafnalista tengdum Guðjóni Skarphéðinssyni sem borist hafi með skeyti 14. nóvember sama ár. Voru niðurstöðurnar raktar í bréfinu. Fram kom að engar upplýsingar um umrædda aðila og heimilisföng væri að finna í málaskrá frönsku lögreglunnar.¹⁸⁸⁸
972. Fyrir liggur ódagsett yfirlit yfir framburði í Geirfinnsmálinu um aðild Kristjáns Viðars. Yfirlitið spannar tímabilið frá 23. janúar 1976 til og með 9. desember sama ár.¹⁸⁸⁹
973. Guðjón ritaði í dagbók sína þennan dag um að séra Jón Bjarman hafi komið og spjallað við hann um stund. Ritaði hann um líðan [GUÆ] og móður sinnar vegna málsins. Hann hafi brugðist, honum hafi mistekist.¹⁸⁹⁰
974. Þennan dag birtist frétt á forsíðu Vísis undir fyrirsögninni: „Enn ekki ljóst hver er eigandi bílsins.“ Fram kom að gæslufanginn sem hafi verið úrskurðaður fyrir nokkru hafi játað, tíu dögum eftir handtöku, að hafa ekið banamönnum Geirfinns til Keflavíkur og aftur til baka. Mörgum spurningum væri hins vegar ósvarað og enn óljóst á hvaða bifreið umrædd ferð hafi verið farin. Fram kom að þó svo umræddur gæslufangi hafi reynst samvinnuþýður á sumum sviðum hafi reynst erfitt að fá upplýsingar um mörg atriði. Þá sagði að hann héldi fast við þann framburð að hafa ekki orðið vitni að því er Geirfinnur hafi beðið bana þar sem hann hafi beðið í bifreiðinni, en ekki farið niður í Dráttarbrautina.¹⁸⁹¹
975. Á forsíðu Tímans var frétt með fyrirsögninni: „Geirfinnsmálið til saksóknara í janúar?“ Greint var frá því að Karl Schütz færi heim til Þýskalands fyrir jólin, en kæmi aftur skömmu eftir áramót í stuttan tíma. Fram kom að almennt álit rannsóknaraðila væri að rannsókn málsins myndi ljúka í janúarmánuði og yrði þá sent ríkissaksóknara.¹⁸⁹²
976. Föstudaginn 10. desember 1976 var bókað í dagbók Síðumúlafangelsisins klukkan 13:30 að Jónas hafi komið með þrjár bækur sem hann ætlaði að lána Sævari privat, eins og það var orðað í færslunni. Bókað var klukkan 21:15 að Guðjón hafi verið færður fram í hornherbergið til viðtals við Eggert N. Bjarnason, rannsóknarlögreglumann. Klukkan 21:22 var bókað að Grétar hafi farið inn í hornherbergið til Guðjóns og Eggerts. Bókað var klukkan 00:50 að Guðjón hafi verið færður í sinn klefa. Fyrir liggur ódagsett samantektarskýrsla, rituð af Grétari, undir yfirheitinu: „Athugasemdir varðandi Guðjón Skarphéðinsson, gæslufanga“. Fram kom að Guðjón hafi verið yfirheyrður þennan dag af Grétari og Eggerti. Hafi Guðjón sagst ekki hafa séð þegar Sævar hafi fengið að hringja í íbúðinni hans 18. nóvember 1974. Hann hafi verið inni á baði eða klósetti. Hafi hann sagt Sævar hafa hringt meira en eitt símtal. Sævar hafi mjög oft þurft að hringja og yfirleitt ekki látið uppi erindið. Fram

¹⁸⁸⁸ Bls. 1759.

¹⁸⁸⁹ Bls. 1761–1769.

¹⁸⁹⁰ Bls. 1745_B.

¹⁸⁹¹ Bls. 1770.

¹⁸⁹² Bls. 1771.

kom að Guðjón hafi minnt að hafa verið á bifreið á Lambhóli 19. nóvember 1974. Einungis komi til greina Fiat fólksbifreið tengdamóður hans, enda hafi hann á þessum tíma ekið henni daglega til læknis á bifreið hennar. Hafi Guðjón sagt unnt að leita upplýsinga hjá lækni hennar til að sjá hvort hún hafi komið þessa daga. Bókað var að Guðjón hafi talið Sævar hafa verið með sér í bifreiðinni þegar henni hafi verið ekið frá Lambhóli. Hafi hann munað óljóst hvert hann hafi ekið bifreiðinni til að skilja hana eftir. Hafi Guðjón skýrt frá því að á leiðinni til Keflavíkur hafi verið talað um að búast mætti við að sýna þyrfti manningu fulla hörku. Þá kynni það að vera að Sævar hafi boðið honum að leggja fram peninga á leiðinni suður eftir. Orðrétt var bókað: „Kveðst muna að Geirfinnur tók við peningunum úr hendi Sævars, en svo hafi hann fleygt þeim á gólfid í bifreiðinni.“ Ekið hafi verið í gegnum Keflavík og stöðvað við „Pípugerð Áhaldahús“. Hafi Guðjón sagst hafa séð í bát uppi á landi. Tveir hafi farið úr bifreiðinni en Erla örugglega verið eftir en hann hafi ekki munað eftir samræðum við hana. Hinir hafi farið að tala við mann, eftir því sem honum hafi skilist af Sævari eftir á. Minnti Guðjón að Sævar hafi þá talað um að hringja þyrfti aftur, en hafi ekki getað fullyrt að orðin: „hringja aftur“ hafi verið notuð.¹⁸⁹³ Bókað var að Guðjón hafi sagst ekki vita hver hafi verið í sendiferðabifreiðinni. Hann hafi ekki munað fyrir víst eftir henni í Reykjavík, en það hafi örugglega verið talað um hana á leiðinni til Keflavíkur. Mundi hann heldur ekki eftir sendibifreiðinni í Keflavík. Fram kom að Guðjón hafi talið öruggt að um hafi verið að ræða gula Mercedes Benz sendibifreið þar sem hann hafi séð hana sumarið eftir í Skunkinum þegar hann hafi komið þangað ásamt Sævari. Hafi Sævar þá alls ekki viljað láta Guðjón sjá ökumann sendibifreiðarinnar. Hafi Guðjón sagt þessa sömu bifreið hafa ekið dóti fyrir Erlu frá Lambhóli þegar hún hafi komið til landsins 1975. Hafi Guðjón ekki geta fullyrt þetta, en sagst hafa frétt það frá [RafG] að bifreið með þessari lýsingu hafi flutt dótið. Hafi hann sagt að aðrir aðilar í málinu hafi lagt áherslu á, að hann kæmist ekki að því hvaða sendibifreið og ökumann þarna var um að ræða. Orðrétt var bókað: „Guðjón sagði að hann hefði ótrúlega gott minni, en hann þyrfti að fá að hugsa um málið í rólegheitum. Þegar hann væri yfirheyrður ætti hann erfitt með að ákveða hvað væri rétt og satt og hvað ekki. Hann kvaðst mundu setjast við og skrifa niður gang málsins, en þannig ætti hann auðveldast með að rifja upp.“¹⁸⁹⁴

977. Fyrir liggur upplýsingaskýrsla, dagsett 30. desember 1976, rituð af Jónasi, þar sem fram kemur að þennan dag, 10. desember 1976, hafi verið farið með Sævar upp í Rauðhóla þar sem hann hafi verið beðinn um að benda á staðinn þar sem líkið hafi verið grafið. Hafi Sævar sagst ekki vera viss á staðnum þar sem farið hafi verið í myrkri. Hafi hann bent á nokkra hóla á svæðinu og sagt þá líkasta staðnum sem grafið hafi verið á. Bókað var að vélgrafa hafi verið fengin til að grafa í hólana, en mikið frost hafi verið og því hafi hún ekki unnið á þeim.¹⁸⁹⁵
978. Klukkan 01:40 þennan dag var bókað í fangelsisdagbókina að Haraldur hafi komið með Kristján Viðar. Var Kristján Viðar færður í hornherbergið til viðtals við Harald

¹⁸⁹³ Bls. 1772.

¹⁸⁹⁴ Bls. 1773.

¹⁸⁹⁵ Bls. 1757.

og Eggert. Klukkan 02:00 var bókað að Eggert, Grétar og Haraldur hafi farið með Kristján Viðar.¹⁸⁹⁶

979. Guðjón ritaði í dagbók sína þennan dag um að hafa sofið alveg gríðarlega mikið, eiginlega allan daginn. Góð sending hafi borist frá móður hans með fötum, rakáhöldum, bók og smákökum. Hann hafi fengið bréf frá [VÉS] sem hafi verið stutt, en fullt af fréttum. Orðrétt ritaði Guðjón: „Grétar er hérna frammi, ætlaði að tala við mig í gærkvöldi en gerði það ekki svo ekki veit ég hvað hann ætlast fyrir í kvöld. Nú er kominn snjór og áreiðanlega kalt úti og verður nú erfitt með líkfundi til vors spái ég. Gott að vera búinn að fá aðra pípu. Og rakvélablöðin hef ég hjá mér, ekki datt mér í hug að það fengi ég.“¹⁸⁹⁷
980. Laugardaginn 11. desember 1976 var bókað í dagbók fangelsisins við Síðumúla að Guðsteinn læknir hafi komið milli klukkan 09:45 og 10:30 og tekið Guðjón og Sævar til viðtals meðal annarra.¹⁸⁹⁸
981. Fyrir liggur upplýsingaskýrsla, dagsett þennan dag, rituð af Ívari Hannessyni, rannsóknarlögreglumanni, um könnun á bifreiðum. Fram kom að í kjölfar lýsingar á bifreið sem komið hafi í grjótnámu við Sandgerði hafi hann leitað til forstöðumanns Bifreiðaeftirlitsins í Hafnarfirði og fengið hjá honum skrá yfir allar leigubifreiðar með G númeri á árinu 1974. Aflað hafi verið upplýsinga hjá bifreiðadeild bæjarfógetaembættisins í Hafnarfirði um allar bifreiðar af Chevrolet gerð sem hafi verið skráðar í leiguakstur árið 1974. Auk þess hafi verið rætt við marga leigubifreiðastjóra, bæði á stöðvum í Hafnarfirði og Reykjavík. Bar athugunin engan árangur.¹⁸⁹⁹
982. Fyrir liggur upplýsingaskýrsla, dagsett 30. desember 1976, rituð af Jónasi, þar sem fram kemur að þennan dag, 11. desember 1976, hafi verið farið með Erlu upp í Rauðhóla. Hún hafi bent á stað um 50 metrum frá þeim stað sem Sævar hafði bent á. Fram kom að hún hafi sagst telja það staðinn þar sem grafið hafi verið á. Bókað var að rauðamölin hafi verið frekar laus í sér og því hafi verið hægt að grafa með vélgröfu, en það hafi engan árangur borið.¹⁹⁰⁰
983. Guðjón ritaði í dagbók sína þennan dag um að hafa átt langt samtal við Eggert og Grétar. Orðrétt ritaði hann: „Eggert þreytir mig, gerir mig önugan og ergilegan, ég gæti ekki talað við hann lengi.“ Hafi móðir hans rætt við Grétar í dag og hún hafi tekið öllu vel og beðið hann um að hafa ekki áhyggjur af skyldmönnum. Ritaði Guðjón um að hafa beðið lækninn um lyf sem auðvelduðu honum að skrifa það sem hann ætti fyrir höndum að skrifa. Hann hafi fengið þrjá skammta í dag en hafi sofið allan daginn og því lítið skrifað. Orðrétt ritaði Guðjón: „Ég er yfir mig þreyttur, borða svolítið af

¹⁸⁹⁶ Dagbók nr. 6, bls. 13.

¹⁸⁹⁷ Bls. 1773_B.

¹⁸⁹⁸ Dagbók nr. 6, bls. 14.

¹⁸⁹⁹ Bls. 1774–1777.

¹⁹⁰⁰ Bls. 1757.

smákök. lít í Biblíuna og Buddenbrooks. Það er komin hláka svo nú ætti að vera hægt að leita.¹⁹⁰¹

984. Þennan dag, 11. desember 1976, birtist frétt í Vísi undir fyrirsögninni: „Sævar Ciesielski: Hefur verið í gæsluvarðhaldi í eitt ár.“ Fram kom að þetta væri eitt lengsta samfellda gæsluvarðhald sem einn maður hafi verið í hér á landi, en hann hafi verið rúmum mánuði lengur en Kristján Viðar og Tryggvi Rúnar.¹⁹⁰²
985. Fyrir liggur að Erla var yfirheyrð vegna Geirfinnsmálsins 12. desember 1976. Bar hún um að hafa tekið ljósbláa Volkswagen bifreið á leigu hjá bílaleigunni Geysi ásamt Sævari, eftir hádegi 19. nóvember 1974, þar sem Land Rover bifreið þeirra hafi verið í ólagi. [GM], starfsmaður bílaleigunnar, hafi beðið hana um að taka til í íbúð hans í staðinn. Hún og Sævar hafi ekið á heimili starfsmannsins og tekið þar til. Starfsmaðurinn hafi síðan greitt henni 1.000 krónur fyrir tiltektina. Greindi hún frá snúningum að Hótel Loftleiðum þar sem [GM] hafi skilað af sér bílaleigubifreið en hann hafi beðið þau um að aka sér aftur heim að því loknu. Þess hafi síðan ekki reynst þörf. Greindi Erla frá því að hún og Sævar hafi farið á Volkswagen bifreiðinni að Hjallavegi og dvalið þar skamma stund. Síðan hafi þau farið á Land Rover bifreiðinni til móður Sævars.¹⁹⁰³ Skömmu fyrir klukkan 20:00 hafi þau farið ásamt móður Sævars á kvikmyndasýningu að Kjarvalsstöðum. Að sýningunni lokinni hafi þau ekið móður Sævars heim en síðan farið aftur að Hjallavegi til að skipta um bifreið. Lýsti Erla akstursleið þeirra um borgina. Þau hafi ekið að Ásvallagötu, en Guðjón hafi ekki verið heima. Þá hafi verið ekið að Lambhóli við Starhaga þar sem Sævar hafi farið inn en komið út eftir skamma stund með Guðjóni. Sævar hafi farið með Guðjóni í bifreið en lagt fyrir hana að aka að Ásvallagötu. Þau hafi síðan hist þar og þeir farið inn í íbúð Guðjóns. Sævar hafi síðan komið einn út og stigið upp í bifreiðina hjá henni. Þau hafi ekið um borgina, en síðan stöðvað við Vatnsstíg. Þar hafi Sævar farið út en komið skömmu síðar inn í bifreiðina ásamt Kristjáni Viðari. Kvaðst Erla hafa ekið af stað en þá séð stóra, ljósa sendibifreið og Guðjón koma gangandi. Hún hafi þá stöðvað bifreiðina og fóru Sævar og Kristján Viðar út til að tala við hann. Síðan hafi Sævar tilkynnt henni að Guðjón ætti að aka og þá færði hún sig í aftursætið. Þá var ekið af stað áleiðis til Keflavíkur með viðkomu á bensínafgreiðslustöð við Reykjavíkurveg í Hafnarfirði. Vildi Erla þó ekki fullyrða um það atriði. Á leiðinni hafi Guðjón og Sævar rætt um einhvern mann sem væri erfiður. Við komuna til Keflavíkur hafi verið stöðvað við Aðalstöðina þar sem Sævar hafi farið inn til að hringja, en án árangurs. Næst hafi verið ekið að Hafnarbúðinni þar sem Sævar og Kristján Viðar hafi báðir farið inn en Sævar hafi keypt Viceroy sígarettur og fleira fyrir hana. Þá hafi verið ekið að Dráttarbrautinni en á leiðinni þangað hafi Sævar sagt öllum að beygja sig niður þar sem fólk hafi verið á ferli þar sem þau óku. Bifreiðin hafi verið stöðvuð í Dráttarbrautinni og fóru þau öll út til að skoða sig um nema Guðjón. Síðan fóru þau aftur upp í bifreiðina og þá var ekið að sjoppu með lúgu. Sævar fór inn til að hringja og kvaðst Erla hafa séð til hans þar sem hann talaði í símann. Vissi hún ekki hver

¹⁹⁰¹ Bls. 1773_B.

¹⁹⁰² Bls. 1778.

¹⁹⁰³ Bls. 1779.

viðmælandinn var. Óku þau næst að Hafnarbúðinni þar sem Kristján Viðar fór einn inn. Þegar hann kom aftur inn í bifreiðina var maður með honum sem Erla sagði hafa verið Geirfinnur Einarsson. Ekið var aftur í Dráttarbrautina og á leiðinni ræddu Guðjón, Kristján Viðar og Sævar við Geirfinn um spíra og hvar hann væri geymdur. Þeir hafi rifist á leiðinni og mundi Erla eftir því að Sævar hafi boðið Geirfinni peninga en Geirfinnur hafi ekki viljað aðstoða þá við að finna spíra. Geirfinnur hafi kastað búnti af 5.000 króna seðlum á gólf bifreiðarinnar. Þá fóru þeir allir út úr bifreiðinni og brutust út slagsmál. Sævar hafi þá komið til hennar, rétt henni pening og sagt henni að fara heim. Kvaðst Erla þá hafa falið sig í mannlausu húsi skammt frá eins og hún hafi áður lýst. Sagði hún það vera sannleikann. Geirfinnur hafi á þeim tímapunkti verið kominn á hné í átökunum. Greindi Erla frá því að sendiferðabifreiðin af Vatnsstígnum hafi verið í Dráttarbrautinni þegar þau komu þangað. Einnig sagðist hún muna eftir litlum bát við bryggjuna. Sagði hún sendiferðabifreiðina mjög líka þeirri sem frændi Kristjáns Viðars hafi verið á þegar hann flutti fyrir hana húsgögn í ágúst 1974. Hún hafi komið heim til sín morguninn eftir en Sævar um hádegið. Þann dag, 20. nóvember 1974, hafi hún farið ásamt Sævari að Ásvallagötu til að ná í Volkswagen bifreiðina. Kvaðst Erla hafa þrifið bifreiðina en ekki tekið eftir neinu sérstöku. Hún hafi síðan skilað henni á bílaleiguna. Greindi Erla frá því að hún og Sævar hafi farið með Land Rover bifreiðina í viðgerð til [BPP] 21. eða 22. nóvember 1974, en þá hafi Sævar verið klæddur í kápu sem hún hafði gleymt í bifreiðinni í Keflavík. Aðspurð um ástæðu þess að hún hafi sagst hafa skotið Geirfinn í Dráttarbrautinni sagðist Erla hafa kvalist af samviskubiti yfir því að hafa logið sök á tvo menn sem voru í gæsluvarðhaldi vegna málsins. Því hafi hún viljað taka sökina á sig og losa þar með um mennina.¹⁹⁰⁴

986. Meðal rannsóknargagna liggur fyrir upplýsingaskýrsla, dagsett 30. desember 1976, rituð af Jónasi, þar sem fram kemur að 12. desember 1976, hafi verið fengin jarðýta með „Ripper“, eins og það er orðað í skýrslunni, sem hafi rifið upp klakann í umræddum hólum við Rauðhóla og grafið þá upp. Leitinn hafi engan árangur borið.¹⁹⁰⁵
987. Guðjón ritaði í dagbók sína 12. desember 1976 um að vera búinn að sofa mikið. Hann hafi vaknað um klukkan 17:00 og fengið annan skammt af töflum og væri að sofna aftur. Orðrétt ritaði hann: „Mér líður prýðilega. Yfir mér er værd og svefn sígur mér á brá. Það verður lítið úr skýrslugerð með þessu móti. Það er allt í lagi, nógur er tíminn, og þó það veit ég ekki.“ Ritaði hann um [GUÆ], son sinn og móður. Hafi hann fengið meðalaskammtinn sinn á miðnætti og hafi þá farið að síga að sér hægt og rólega. Hann væri hissa hvað tíminn liði hratt, hann æddi áfram. Hann væri búinn að halda dagbók í bráðum mánuð. Ritaði Guðjón orðrétt: „Á morgun þegar ég fæ blöðin, þá verð ég að byrja á þessari síðustu og verstu skýrslu minni. Helst vil ég stíla hana til Birgis dómara. Heyri óm af þjóðsöngnum inn til mín, heyrnin skerpist og maður breytist við þessa einveru og einangrun.“ Margt gott væri við það að vera svona einn og þó. Spurði

¹⁹⁰⁴ Bls. 1779–1783.

¹⁹⁰⁵ Bls. 1757.

hann sig hvers vegna hann heyrði ekkert frá [GUÆ] og ákvað að skrifa þakkarbréf til [SigurðGuð] fyrir bókasendinguna.¹⁹⁰⁶

988. Mánudaginn 13. desember 1976 var bókað í dagbók Síðumúlafangelsisins að Jónas og Haraldur hafi komið klukkan 10:55 og farið með Sævar í bíltúr. Hafi verið komið með hann til baka klukkan 11:45.¹⁹⁰⁷ Rannsóknargögn um bíltúrin liggja ekki fyrir önnur en bókun upplýsingaskýrslu, dagsettri 30. desember 1976, ritaðri af Jónasi, þar sem fram kemur að þennan dag, 13. desember 1976, hafi svæðið sem Sævar hafi bent á í Rauðhólum verið gjörkannað með jarðýtu án árangurs.¹⁹⁰⁸ Bókað var klukkan 13:45 að Grétar hafi farið inn á klefa til Guðjóns augnablik og farið síðan. Rannsóknargögn um vitjunina liggja ekki fyrir. Klukkan 17:30 var bókað að Örn Höskuldsson hafi farið inn á klefa númer 13 til Sævars. Bókað var að Örn hafi stoppað stutt.¹⁹⁰⁹ Rannsóknargögn um vitjunina liggja ekki fyrir. Klukkan 21:15 var bókað að Grétar hafi farið inn á klefa til Guðjóns. Bókað var að Grétar hafi farið klukkan 22:10. Rannsóknargögn um vitjunina liggja ekki fyrir. Klukkan 22:30 var bókað að Sævar hafi verið færður fram í horn til Jónasar.¹⁹¹⁰ Bókað var klukkan 22:40 að Eggert hafi hringt og beðið um geymslupláss fyrir einn mann, eins og það var orðað. Klukkan 22:55 var bókað í fangelsisdagbókina að Eggert og Ívar hafi komið með [SÓH] sem hafi verið settur á klefa númer fjögur. Bókað var að hann væri í geymslu til klukkan 17:00 14. desember 1976. Klukkan 23:40 var bókað um að Sævar hafi verið settur inn á klefa sinn.¹⁹¹¹ Rannsóknargögn um yfirheyrslu yfir Sævari liggja ekki fyrir.
989. Fyrir liggur skýrsla dagsett þennan dag um yfirheyrslu yfir Erlu sama dag milli klukkan 14:40 og 16:56 á skrifstofu rannsóknarlögreglunnar. Kvaðst Erla vilja skýra frá því þegar hún hafi ekið Sævari og Kristjáni Viðari með lík Geirfinns frá Grettisgötu að Rauðhólum. Kvaðst hún hafa ekið Land Rover bifreiðinni að Bergþórugötu þar sem [BPP] hafi gert við bensínjöfina. Sagðist hún muna eftir því að Sævar hafi þá verið í kápunni sem hún hafði gleymt í Volkswagen bifreiðinni í Keflavík að kvöldi 19. nóvember 1974. Hélt hún að Sævar hafi skilið kápuna eftir heima hjá [BPP] þetta kvöld sem hún taldi hafa verið fimmtudagskvöld frekar en föstudagskvöld, en í sömu viku og farið hafi verið til Keflavíkur. Greindi Erla frá því að þau hafi farið frá [BPP] að heimili Kristjáns Viðars að Grettisgötu 82. Þar hafi Sævar sagt henni að aka aftur á bak inn í húsasund og koma með bifreiðina að kjallaradyrunum. Að því loknu hafi hún og Sævar farið inn um kjallaradyrnar og upp í íbúð Kristjáns Viðars. Hafi Sævar og Kristján Viðar farið saman út úr íbúðinni en sagt henni að bíða á meðan. Kvaðst Erla hafa verið ein eftir í íbúðinni. Skömmu seinna hafi Sævar komið aftur inn í íbúðina og sagt henni að koma. Hafi þau þá farið út í bifreiðina og var Kristján Viðar þegar sestur í aftursætið. Kvaðst Erla hafa sest undir stýri en Sævar í framsætið. Skýrði Erla svo frá að þá hafi hún tekið eftir því að mjög vond lykt hafi verið í bifreiðinni, líkt og af úldnu kjöti. Kvaðst hún hafa spurt Sævar af

¹⁹⁰⁶ Bls. 1773_D.

¹⁹⁰⁷ Dagbók nr. 6, bls. 16.

¹⁹⁰⁸ Bls. 1757.

¹⁹⁰⁹ Dagbók nr. 6, bls. 18.

¹⁹¹⁰ Dagbók nr. 6, bls. 19.

¹⁹¹¹ Dagbók nr. 6, bls. 20.

hverju þessi lykt stafaði. Hafi Sævar ekki svarað heldur eingöngu snúið út úr. Hafi Sævar sagt henni að aka eitthvað austur og aka varlega. Lýsti Erla því svo að þegar hún hafi komið inn í bifreiðina hafi hún séð eitthvað liggja á gólfi bifreiðarinnar sem hafi líkst mannlíkama og verið innpakkað í tau. Kvaðst Erla halda að þau hafi stöðvað bifreiðina við ESSO að Ártúnshöfða.¹⁹¹² Hafi Sævar farið út úr bifreiðinni og tekið brúsa sem hafi verið aftur í bifreiðinni og keypt bensín á hann. Sagði Erla þetta hafa verið brúsa með haldi og tappa þar við hliðina á sem hafi tekið um fimm lítra. Brúsinn hafi verið úr blikki og með einhverri áletrun sem hún kvaðst ekki muna hver hafi verið. Erla kvaðst hafa ekið frá bensínstöðinni og austur fyrir. Þegar hún hafi komið að afleggjaranum sem lá að Rauðhólum hafi Sævar sagt henni að aka inn á hann. Kvaðst hún hafa ekið samkvæmt fyrirsögn Sævars og yfir einhverjar ójöfnur og stöðvað svo bifreiðina. Þar hafi Sævar og Kristján Viðar farið út og tekið með sér eina skóflu og eitthvað annað verkfæri sem Erla kvaðst ekki muna hvað hafi verið. Þeir hafi byrjað að grafa gryfju eða gröf sem var um tveir metrar á lengd og hnédjúp. Kvaðst Erla fyrst hafa setið í bifreiðinni en síðan ekki þorað því og því farið út og staðið hjá bifreiðinni á meðan þeir hafi grafið gröfina. Sagðist Erla ekki hafa þorað að vera í bifreiðinni þar sem hún hafi þá verið alveg viss um að lík af manni hafi verið í henni. Að greftrinum loknum hafi Sævar og Kristján Viðar burðast með líkið úr bifreiðinni og sett það ofan í gröfina. Þá hafi Sævar sótt bensínbrúsann og hellt úr honum yfir líkið. Síðan hafi Sævar kveikt í með eldspýtu sem hann kastaði ofan í gröfina. Sagði Erla að mikill eldur hafi kviknað strax og hafi eldtungur staðið upp í loftið. Gífurleg ólykt hafi komið frá gröfinni, líkt og af brenndu úldnu kjöti, og mikil sviðalykt. Þegar þeir hafi sett líkið ofan í gröfina hafi það verið í eðlilegri stærð, en þegar búið hafi verið að kveikja í því þá hafi það herpst saman. Greindi Erla frá því að eldurinn hafi logað í gröfinni í nokkra stund, en þegar hann hafi sloknað hafi Sævar og Kristján Viðar tekið til við að moka mól ofan í gröfina sem þeir höfðu áður mokað upp. Kvaðst Erla hafa farið inn í bifreiðina á meðan og þá séð Kristján og Sævar velta stórum steinum ofan á gröfina. Þeir hafi síðan komið aftur inn í bifreiðina og þá hafi Sævar sagt að þeir væru nú lausir við þetta og þá átt við líkið og málið allt saman. Hafi Kristján Viðar tekið undir það.¹⁹¹³ Kvaðst Erla hafa ekið af stað til Reykjavíkur og þá hafi þeir báðir sagt að hún mætti ekki segja neinum frá, sama hver myndi spyrja. Áður en lagt hafi verið af stað hafi Sævar sett bensínbrúsann í bifreiðina. Kvaðst Erla hafa ekið að Grettisgötu 82 þar sem Kristján Viðar hafi farið úr bifreiðinni en síðan hafi þau farið að Hjallavegi og þá hafi klukkan verið um 01:00 eða 02:00. Orðrétt var bókað eftir Erlu: „Eftir að við komum á Hjallaveg þá ítrekaði Sævar það við mig að ég mætti ekki segja frá þessu og ef einhver spyrði mig þá ætti ég að segja að Klúbbmennirnir væru við þetta riðnir og einnig Einar bróður minn, en Sævari var mjög illa við Einar og var ég einnig reið út í hann.“ Sagði Erla að líkflutningurinn hafi átt sér stað eftir kvöldmat 21. nóvember 1974, en þá hafi verið mikið myrkur en þurrt veður. Skýrði Erla svo frá að nokkrum dögum seinna hafi þau verið stödd að Grýtubakka. Hafi Sævar þá lagt aftur áherslu á að hún mætti ekki segja neinum frá því sem hafi gerst. Hafi hann bæði átt við

¹⁹¹² Bls. 1784.

¹⁹¹³ Bls. 1785.

atburðinn í Keflavík og í Rauðhólum. Hann hafi tekið það fram að það væri alveg sama hver spurði hún ætti alltaf að segja að Klúbbmennirnir hafi staðið á bak við þetta. Við sama tilefni hafi Sævar sagt þetta allt hafa farið út um þúfur þar sem hann hafi tekið vitlausan mann. Kvaðst Erla þá hafa munað eftir að Sævar hafi talað um einhvern Geira áður en Keflavíkurferðin hafi verið farin. Sagðist Erla þá hafa verið viss um að Geiri, sem Sævar hafi talað um, hafi verið einhver annar en Geirfinnur. Kvaðst Erla hafa farið sama dag ásamt Sævari heim til Kristjáns Viðars að Grettisgötu. Þar hafi verið fyrir Kristján og Guðjón. Hafi Sævar og Kristján sagt Guðjóni frá því að þeir hafi brennt líkið. Mundi Erla ekki hvort þeir hafi sagt það hafa verið í Rauðhólum. Fannst Erlu sem Guðjón hafi tekið því sem sjálfsögðum hlut. Orðrétt var ritað eftir Erlu: „Þá komu Kristján, Sævar og Guðjón sér saman um það að ef þeir skyldu verða spurðir um Geirfinnsmálið, þá skyldu þeir segja eða nefna í því sambandi Klúbbmennina. Sævar spurði mig þá að því hverjir væru með í þessari Klúbbklíku og sagði ég honum þá að það væru [JR], Valdimar Olsen, Magnús Leópoldsson, Sigurbjörn Eiríksson, [ÁHE] og Einar Bollason, en ég vissi að allir þessir menn hefðu verið heima hjá Valdimar Olsen á þeim tíma sem ég var með [HMW], systir Valdimars.“¹⁹¹⁴ Greindi Erla frá því að Sævar hafi þá bætt við nöfnunum [GBe], [JA] og [RJ]. Guðjón, Sævar og Kristján hafi allir verið hræddir um að hún myndi segja frá þessu og það hafi gert hana smeyka við þá. Kvaðst hún hafa reynt að sannfæra þá um að hún myndi ekki segja frá þessu. Þegar hún hafi komið heim frá Kaupmannahöfn hafi hún ekið Sævari í Rauðhóla um vorið 1975 á Rambler fólksbifreið sem hún hafi þá átt. Taldi hún víst að Sævar hafi verið að kanna hvort nokkur ummerki hafi sést eftir verknað þeirra. Kvaðst hún hafa skýrt lögrelunni frá því hvert hún hafi ekið þá í Rauðhóla og sagði hún það satt og rétt. Taldi hún að þá hafi sama leið verið ekin eins og þegar þau hafi farið með líkið. Kvaðst hún þó ekki treysta sér til að benda nákvæmlega á þann stað þar sem það hafi verið myrkur. Sagði hún að gröfin hafi verið tekin í kantinum á stórum hól og hafi stórir steinar verið þar nálægt, fleiri heldur en þeir sem Sævar og Kristján hafi velt yfir gröfina. Vildi Erla geta þess, varðandi sendibifreiðina sem kæmi við sögu í málinu, að hún hafi verið mjög svipuð þeirri bifreið sem [SÓH], frændi Kristjáns Viðars, hafi verið á þegar hann hafi flutti fyrir hana húsgögn frá Álfheimum að Hjallavegi í ágúst 1974. Kvaðst hún ekki hafa séð ökumann sendibifreiðarinnar á Vatnsstíg eða í Dráttarbrautinni og gæti því ekki sagt til um hvort það hafi verið [SÓH] eða einhver annar. Vildi hún geta þess að [SÓH] hafi verið mikið með Sævari og Kristjáni á þessu tímabili, allavega í októbermánuði. Bifreiðin sem [SÓH] var á hafi verið ljós á litinn af gerðinni Mercedes Benz. Hafi hann ekið bifreiðinni frá einhverri sendibifreiðastöð í Borgartúni. Bókað var í skýrsluna um að Erla hafi ítrekað verið spurð hvort hugsanlegt væri að hún hefði aðfaranótt 20. nóvember 1974 dvalið á einhverju heimili í Keflavík. Hafi Erla svarað því afdráttarlaust neitandi. Sagðist Erla fullkomlega viss um að sendibifreið hafi verið í Dráttarbrautinni og lítill bátur eða trilla hafi þá verið við bryggjuna. Orðrétt var bókað í skýrsluna: „Erla var sérstaklega spurð um það, hvort hún hefði heyrt það að Geirfinni hefði verið boðnir peningar til þess að þegja yfir einhverju, talsvert áður en

¹⁹¹⁴ Bls. 1786.

Keflavíkurferðin var farin.“ Sagðist Erla ekki hafa heyrt talað um að honum hafi verið boðnir peningar fyrr en í bifreiðinni á leiðinni til Keflavíkur.¹⁹¹⁵ Orðrétt var ritað eftir Erlu: „Það sem ég hef nú sagt er sannleikanum samkvæmt og hef ég nú skýrt frá öllu því, sem ég man eftir í máli þessu í skýrslu dags. 12/12 1976 svo og í þessari skýrslu.“¹⁹¹⁶

990. Fyrir liggur skýrsla um yfirheyrslu yfir [SÓH] sem vitni, þennan dag 13. desember 1976, á skrifstofu rannsóknarlögreglunnar milli klukkan 17:20 og 22:30. Bókað var að tilefni yfirheyrslunnar hafi verið athafnir hans síðari hluta árs 1974. Skýrði hann frá ferðum sínum og gerðum um sumarið 1974. Kvaðst hann halda að það hafi verið í ágústmánuði sama ár sem hann hafi flutt heim til Kristjáns Viðars, frænda síns, og ömmu þeirra að Grettisgötu 82. Kvaðst hann hafa haldið til þar fram yfir jól. Hann hafi nokkrum sinnum farið að veiða með Sævari og Kristjáni Viðari í ágúst. Greindi hann frá óreglu á Kristjáni Viðari á meðan hann hafi dvalið á Grettisgötunni. Sagði hann alls konar lausungalýð hafa umgengist Kristján.¹⁹¹⁷ Greindi hann frá kynnum sínum af [GM], starfsmanni bílaleigunnar Geysis. Kvaðst hann hafa hjálpað honum við eitt og annað og fengið í staðinn lánaða bifreið endurgjaldslaust. Mundi hann ekki sérstaklega eftir 19. nóvember 1974 og aðfaranótt 20. sama mánaðar. Kvaðst hann þó alveg viss um að hafa ekki farið til Keflavíkur. Hann hafi sennilega komið um tíu sinnum til Keflavíkur, en aldrei í Dráttarbrautina enda ekki átt þangað erindi. Minntist hann þess ekki að hafa ekið nokkru fyrir Kristján Viðar, Sævar eða Erlu. Orðrétt var bókað eftir honum: „Mig rámar í, þegar ég hef verið minntur á það, að ég flutti einhvern tímann eitthvað dót fyrir Erlu í hús við Hjallaveg. Ég held hún hafi verið að flytja búferlum, en ekki var búslóðin mikil.“ Kvaðst hann ekki muna eftir að hafa notað sendibifreið í þágu þessa fólks og taldi hann sig hafa verið á Ford Mustang bifreið sinni við búslóðaflutninginn fyrir Erlu. Bókað var orðrétt í skýrsluna: „Mér hefur hér verið bent á, að Sævar haldi því fram í skriflegri skýrslu, að ég hafi verið með sendibifreið í Dráttarbrautinni í Keflavík seint um kvöldið 19. 11. 1974, eða aðfaranótt þess 20. Þetta eru helber ósannindi, því eins og fram er komið, þá hef ég aldrei í Dráttarbraut Keflavíkur komið og aldrei ekið einu eða neinu í sendibifreið fyrir þá Kristján Viðar og Sævar eða annanhvorn þeirra.“¹⁹¹⁸
991. Meðal rannsóknargagna er sjötta vikuskýrsla Schütz, dagsett sama dag, 13. desember 1976, til Ólafs Jóhannessonar, dómsmálaráðherra. Í skýrslunni eru atvik málsins rakin í tímaröð á grundvelli framburða sakborninga. Í formála skýrslunnar segir orðrétt: „Tekið skal fram, að framburður Sævars Ciesielskis frá 9.12.1976 er víðtækari og sennilega nær sannleikanum en hingað til. Ber honum og oft saman við framburð hinna sem grunuð eru í málinu. Þessi síðasti framburður hans verður hafður til hliðsjónar á þessu yfirliti.“ Í skýrslunni rekur Schütz að Sævar hafi frétt af því í nóvember 1974 að maður sem kallaður hafi verið „Keflavíkur-Geiri“ stæði í spíraviðskiptum. Hafi Sævar verið staddur í Klúbbnum 17. nóvember 1974 ásamt

¹⁹¹⁵ Bls. 1787.

¹⁹¹⁶ Bls. 1788.

¹⁹¹⁷ Bls. 1789.

¹⁹¹⁸ Bls. 1790.

Kristjáni Viðari og [PKKP] og þar af tilviljun komist í kynni við mann sem hafi kallað sig „Geirfinn frá Keflavík“. Sá hafi verið mikið drukkin og lausmáll. Bókað er í skýrsluna að þessi framburður hafi verið staðfestur af Kristjáni Viðari.¹⁹¹⁹ Hafi Sævar kynnt sig sem Magnús Leópoldsson og Geirfinnur því talið hann vera frá Klúbbnum. Sævar hafi boðið honum 50 til 70.000 krónur ef hann gæfi upp felustað spírans, en Sævar hafi ætlað sér að stela spíranum. Hafi Geirfinnur látið hann fá nafn sitt og heimilisfang í Keflavík, en ekki símanúmer. Hafi þeim komið saman um að Sævar myndi hafa samband við Geirfinn næstu helgi. Í skýrslunni kemur fram að Sævar telji sig hafa sagt Erlu frá fundi sínum með Geirfinni og væntanlegum viðskiptum þeirra, daginn eftir 18. nóvember 1974. Bókað er í skýrsluna að Erla hafi staðfest þetta með framburði sínum. Þá segir að um kvöldið hafi Sævar heimsótt Guðjón á Land Rover jeppabifreið sinni og sagt honum frá þessu. Erla hafi beðið í bifreiðinni á meðan. Bókað var að Erla og Guðjón hafi staðfest þann framburð. Hafi Guðjón þá sagst tilbúinn til að leggja fram reiðufé til viðskiptanna ef hann gæti útvegað þá.¹⁹²⁰ Hafi Sævar hringt í Kristján Viðar úr íbúð Guðjóns sem hafi einnig verið fús til þátttöku. Hafi hann beðið Kristján Viðar um að útvega sendiferðabifreið til að flytja spírann frá Keflavík til Reykjavíkur. Hafi Kristján samþykkt að sjá um þá hlið málsins. Hafi Sævar vitað til þess að Kristján hafi fengið frænda sinn [SÓH] til verksins, sem hafi síðan komið á gulum Mercedes Benz sem hafi verið í eigu ungs manns til heimilis að Rauðalæk. Hafi Sævar fengið upplýsingar um gangverð á spíra hjá sprúttala. Hafi hann þá hringt í Landsímamann og fengið uppgefið símanúmer Geirfinns og síðan hringt til hans, en barn sem hafi svarað í símann hafi sagt Geirfinn ekki heima. Hafi símtölin átt sér stað úr íbúð Guðjóns. Ákveðið hafi verið að leggja af stað næsta kvöld annaðhvort frá heimili Guðjóns eða frá Lambhóli. Bókað var í vikuskýrsluna að framangreint hafi verið staðfest með framburði Guðjóns. Sævar hafi borið um að hafa tekið ljósbláa Volkswagen fólksbifreið á leigu hjá bílaleigunni Geysi 19. nóvember 1974. Hafi Sævar rétt starfsmanni bílaleigunnar 5.000 krónur og þannig komið sér undan skriflegum samningi, en hann hafi áður gert sams konar viðskipti við þann mann. Bókað er í vikuskýrsluna að sá hluti framburðar Sævars hafi verið staðfestur af Erlu en rannsókn væri í gangi.¹⁹²¹ Um klukkan 18:30 hafi Sævar farið ásamt Erlu í Land Rover bifreiðinni á heimili móður sinnar að Grýtubakka 10. Bókað var að Sævar hafi sagst hafa hringt í Geirfinn um það leyti en myndi ekki hvort það hafi verið frá móður sinni eða annars staðar frá. Geirfinnur hafi svarað í símann og Sævar kynnt sig og vísað til samkomulags þeirra. Hafi Sævar talið sig hafa ákveðið stefnumót við Geirfinn klukkan 21:30 eða 22:00 við Hafnarbúðina í Keflavík. Bókað var í vikuskýrsluna að eiginkona Geirfinns hafi fyrir löngu borið um að Geirfinnur hafi svarað í símann um klukkan 19:30 þann 19. nóvember 1974. Jafnframt var bókað að [PÓI], vinnufélagi Geirfinns, hafi borið um að hafa komið á heimili Geirfinns um klukkan 20:50. Hafi Geirfinnur þá sagt honum frá einkennilegu símtali um að koma einsamall og fótgangandi að Hafnarbúðinni. Orðrétt var bókað: „Í þessu sambandi hefði hann (Geirfinnur) haft orð á því að betra væri að fara vopnaður.“ Fram kom að

¹⁹¹⁹ Bls. 1791.

¹⁹²⁰ Bls. 1792.

¹⁹²¹ Bls. 1793.

Sævar hafi enn fremur borið um að hafa sagt Geirfinni að hann myndi taka með sér peninga. Um klukkan 20:00 hafi hann farið ásamt Erlu og móður sinni á Land Rover jeppabifreiðinni á kvikmyndasýningu að Kjarvalsstöðum. Bókað var í vikuskýrsluna að sá framburður hafi verið staðfestur af Erlu og [VK] vitni. Áður hafi hann haft símasamband við Kristján Viðar og látið hann vita að til staði að fara til Keflavíkur um kvöldið. Bókað var að Kristján Viðar og [PKKÞ] hafi staðfest þann framburð.¹⁹²² Að kvikmyndasýningunni lokinni hafi þau ekið móður Sævars heim. Hafi þau þá farið að heimili Erlu og skipt yfir á Volkswagen bílaleigubifreiðina og ekið heim til Guðjóns sem hafi þá ekki verið heima. Eins og um hafi verið rætt hafi þau þá hitt hann að Lambhóli. Bókað var að framburður Sævars um þetta atriði hafi verið staðfestur af Erlu og Guðjóni. Hafi Sævar sagt Guðjón hafa verið að Lambhóli á Fiat fólksbifreið og ekið með honum að Vatnsstíg og Erla hafi ekið sömu leið á Volkswagen bifreiðinni. Bókað var að Erla hafi staðfest þann framburð. Hafi Sævar sagst hafa sótt Kristján Viðar að Laugavegi 32. Sævar hafi þá einnig séð [PKKÞ]. Bókað var í vikuskýrsluna að Kristján Viðar hafi staðfest þennan framburð. Þegar hann og Kristján Viðar hafi gengið að Volkswagen bifreiðinni hafi [SÓH] komið þar að á sendiferðabifreiðinni og lagt henni neðarlega á Vatnsstíg. Bókað var að Kristján Viðar, Erla og Guðjón hafi staðfest þann framburð Sævars. Fram kom að Sævar hafi rætt við [SÓH] og sagt honum að hann fara í Dráttarbrautina í Keflavík. Því næst hafi hann og Kristján Viðar farið upp í Volkswagen bifreiðina, Sævar sest í framsætið en Guðjón tekið við stýrinu af Erlu sem hafi þá sest aftur í vinstra megin. Bókað var í vikuskýrsluna að framburður Sævars hafi verið staðfestur af Kristjáni, Erlu og Guðjóni. Bókað var að Sævar hafi skýrt svo frá að á leiðinni hafi hann og Guðjón talað um að sýna mannum fulla hörku ef hann yrði með stæla. Hafi Sævari fundist Geirfinnur áhugalítill í símanum.¹⁹²³ Það hafi þó ekki verið ætlunin að misþyrma honum líkamlega heldur aðeins ganga hart að honum ef hann myndi bregðast neikvæður við. Hafi Sævar sagst hafa haft 70.000 krónur meðferðis sem hann hafi ætlað að fá Geirfinni í skiptum fyrir upplýsingar. Bókað var í vikuskýrsluna að rannsókn væri í gangi. Fram kom að Sævar hafi borið um að klukkan hafi verið um 22:00 þegar komið hafi verið til Keflavíkur. Þau hafi farið í Hafnarbúðina en ekki hitt Geirfinn. Hafi Sævar og Kristján Viðar farið inn og leitað hans en án árangurs. Hafi Sævari keypt sigarettupakka handa Erlu og þeir farið út án þess að hringja. Bókað var að Erla hafi staðfest þann framburð Sævars. Hafi Sævar borið um að þau hefðu farið á Volkswagen bifreiðinni áleiðis að Dráttarbrautinni og stoppað þar fyrir ofan. Hafi hann og Kristján Viðar farið út úr bifreiðinni og talið staðinn hentugan til viðræðna við Geirfinn. Hafi þeir svipast um eftir [SÓH] sem hafi átt að vera kominn á sendiferðabifreiðinni. Hann hefði þá þegar beðið neðarlega í Dráttarbrautinni. Hafi Kristján Viðar rætt stuttlega við hann. Guðjón hafi snúið bifreiðinni við og þeir Sævar og Kristján komið til baka og sest inn í bifreiðina. Bókað var að Guðjón hafi staðfest þann framburð. Hafi þau ekið aftur til Keflavíkur og staðnæmst við sjoppu þar sem Sævar hafi ætlað að hringja aftur í Geirfinn. Bókað var að Guðjón hafi staðfest það

¹⁹²² Bls. 1794.

¹⁹²³ Bls. 1795.

með framburði sínum. Of margir hafi verið í sjoppunni og því hafi Sævar hætt við að fá að hringja. Fram kom að Erla hafi staðfest þann framburð.¹⁹²⁴ Hafi þá verið ekið að Hafnarbúðinni þar sem Sævar hafi beðið Kristján Viðar um að hringja. Hafi hann rétt Kristjáni miða með nafni og símanúmeri Geirfinns sem og fyrirmælum um hvað skyldi segja við hann. Fram kom að Sævar gæti ekki munað hver fyrirmæli hafi verið. Bókað er að framburður Sævars um þetta atriði hafi verið „fullkomlega“ staðfestur af Kristjáni og Erlu en „sennilega“ staðfestur af Guðjóni. Bókað var í vikuskýrsluna að Kristján Viðar hafi áður borið um að barn hafi komið í símann og kallað svo: „Pabbi.“ Fram kom að barnið hafi staðfest þetta atriði. Þá hafi Geirfinnur komið í símann og spurt: „Er Maggi með?“ Kristján hafi þá komið aftur upp í bifreiðina og greint frá fyrirspurn Geirfinns. Bókað var að skýra mætti spurninguna með því að Sævar hafi upphaflega kynnt sig sem Magnús Leópoldsson. Hafi Sævar jafnframt borið um að hafa sagt Geirfinni að koma fótgangandi að Hafnarbúðinni. Stuttu síðar hafi Geirfinnur sest hægra megin aftur í Volkswagen bifreiðina þannig að Kristján Viðar hafi setið í miðjunni og Erla vinstra megin. Hafi þá verið lagt af stað að Dráttarbrautinni. Bókað var í vikuskýrsluna að framangreindur framburður Sævars hafi verið staðfestur af Kristjáni, Erlu og Guðjóni. Í vikuskýrslunni kom fram að Sævar hafi talið sig hafa sagt við Geirfinn að þeir ætluðu að finna rólegan stað til að ræðast við. Ekki hafi staðið til að láta kom til handalögmála. Hafi Sævar vísað til samræðna þeirra í Klúbbnum 17. nóvember 1974. Hafi Sævar borið um að Geirfinnur hafi ekki virst skilja um hvað væri verið að ræða og ekki munað eftir samtali sínu við Sævar.¹⁹²⁵ Var framburður Sævars að þessu leyti staðfestur af Guðjóni. Hafi Sævar sagst hafa sýnt Geirfinni peningana og skorað á hann að upplýsa um geymslustað spírans. Hafi Geirfinnur tekið við peningunum en ekki virst skilja um hvað væri að ræða. Bókað var að Erla hafi staðfest þennan framburð Sævars. Eftir ítrekaðar spurningar um geymslustaðinn hafi Geirfinnur sagst hafa ætlað að kaupa spíra af þeim. Hafi Sævar þá sagst hafa boðið honum hærri peningaupphæð, en Geirfinnur þá gerst hávær og fleygt peningunum á gólf bifreiðarinnar og viljað út. Hafi Erla staðfest þennan framburð. Hafi þeir Geirfinnur, Guðjón, Sævar og Kristján Viðar farið út úr bifreiðinni en Geirfinnur hafi þá ætlað að koma sér í burtu. Þá hafi Guðjón gripið í öxlina á honum og spurt hvort hann ætlaði ekki að ræða málið frekar. Þá hafi Geirfinnur sagt: „Ég þekki Sigurbjörn og ykkur hina í Klúbbnum.“ Bókað var í vikuskýrsluna undir yfirheitinu: „Slagsmálin“ að Sævar hafi lýst atburðarás slagsmálanna á annan veg heldur en Kristján Viðar og Guðjón. Hafi Sævar meðal annars greint frá því að hann og Kristján Viðar hafi gengið í veg fyrir Geirfinn þegar hann hafi ætlað sér að fara í burtu. Hafi Geirfinnur þá hrint Kristjáni frá sér og Kristján þá slegið hann. Hafi Sævar barið Geirfinn í andlitið og Geirfinnur þá hrint sér svo hann hafi fallið við. Hafi Sævar þá ráðist aftur á hann og Geirfinnur þá hrint sér aftur.¹⁹²⁶ Í millitíðinni hafi Kristján Viðar barið Geirfinn nokkrum sinnum, meðal annars í kviðinn. Hafi Guðjón einnig slegið Geirfinn. Kristján Viðar hafi loks gripið Geirfinn kverkataki og Sævar þá slegið Geirfinn með spýtu í fæturna. Bareflinu hafi

¹⁹²⁴ Bls. 1796.

¹⁹²⁵ Bls. 1797.

¹⁹²⁶ Bls. 1798.

hann síðan hent. Þá hafi Kristján gripið Geirfinn hálstaki frá hlið og Guðjón slegið hann með barefli á fætur og mjaðmir. Bókað var orðrétt í vikuskýrsluna: „Í þessari lýsingu er ekki að finna frásögn Kristjáns af atburðarásinni, nefnilega að hann (Kristján) hafi slegið Geirfinn niður með barefli á brjóst og herðar og Guðjón hafi síðan slegið hann með barefli á höfuðið til dauða.“ Þá var bókað að Guðjón hafi hins vegar haldið því fram að hann hafi tekið þátt í slagsmálunum, hugsanlega haldið Geirfinni með hálstaki en ekki notað nein barefli. Að öðru leyti hafi Guðjón borið fyrir sig minnisleysi í hálf tíma, einmitt þann tíma sem slagsmálin hafi staðið yfir. Teldi Sævar sig hafa þá sent Erlu á puttanum til Reykjavíkur. Bókað var að sá framburður væri studdur framburði Erlu og tveggja bílstjóra sem hafi tekið Erlu upp í bifreið sína. Þegar Sævar hafi snúið til baka telur hann Geirfinn hafa legið á bakinu. Hafi hann og Kristján Viðar virt hann fyrir sér og komið að þeirri niðurstöðu að Geirfinnur væri látinn. Hafi Sævar ekki geta sagt til um dánarorsökina. Sævar hafi sagst hafa tekið eftir blóð- og húðáverkum á vinstri kinn og á höku Geirfinns.¹⁹²⁷ Hafi Kristján Viðar sagt [SÓH] að aka aftur til Reykjavíkur á sendiferðabifreiðinni og þegja um ferðina. Á meðan slagsmálunum stóð hafi [SÓH] staðið talsvert á lengdar. Var lík Geirfinns sett í aftursæti bifreiðarinnar og hafi það „setið“ en hallast smávegis til hliðar. Á leiðinni hafi verið talað um hvað skyldi gera við líkið, en Álftanes og hitaveitustokkurinn hafi komið til umræðu. Bókað var í vikuskýrsluna að Guðjón hafi staðfest þennan framburð Sævars. Auk þess var tekið fram að Guðjón hafi fullyrt að á leiðinni hafi þeir skoðað svæðið á Álftanesi sem og hitaveitustokkinn. Fram kom að Sævar hafi greint svo frá að bakkað hafi verið að húsinu að Grettisgötu 82 og líkið verið sett inn í geymslu. Hafi hann og Kristján Viðar borið líkið á milli sín á meðan Guðjón hafi gengið inn í húsið. Fundur hafi síðan verið haldinn í íbúð Kristjáns. Guðjón hafi farið stuttu síðar en Sævar gist hjá Kristjáni um nóttina. Bókað var að framburður Sævars að þessu leyti hafi verið staðfestur af Kristjáni Viðari. Í vikuskýrslunni var einnig rakinn framburður Sævars um atburði 20. nóvember 1974. Fram kom að Sævar hafi borið um að hafa hitt Guðjón á kaffihúsinu Mokka þar sem þeir hafi rætt um hvað gera skyldi við líkið. Bókað var að sá framburður ætti sér stoð í framburði Guðjóns. Sama dag hafi Volkswagen bifreiðinni verið skilað.¹⁹²⁸ Sævar hafi greint frá því að hafa farið ásamt Erlu til [BPP] kunningja síns 21. nóvember 1974 og beðið hann að líta á bensíngjöf Land Rover bifreiðarinnar. Hafi Sævar þá verið í kápu af Erlu sem notuð hafði verið sem yfirbreiðsla yfir lík Geirfinns. Að sögn Sævars hafi svartir blettir verið á kápunni, sennilega blóðblettir. Hafi hann gleymt kápunni í íbúð [BPP], en sótt hana nokkrum dögum síðar og þá hent henni í ruslatunnu. Bókað var að Erla og móðir [BPP] hafi báðar staðfest framburð Sævars. Þennan dag, milli klukkan 15:00 og 16:00 hafi Erla bakkað Land Rover bifreiðinni inn húsasund við Grettisgötu 82. Hún hafi síðan farið inn í íbúð Kristjáns og beðið þar. Þá hafi Kristján og Sævar farið með líkið af Geirfinni í þvottahúsið, búið um það í strigaefni og bundið um það með snæri. Síðan hafi þeir flutt Geirfinn í Land Rover bifreiðina. Bókað var í vikuskýrsluna að Erla hafi staðfest þennan framburð. Guðjón hafi ekki tekið þátt, en lánað tvær skóflur sem þegar

¹⁹²⁷ Bls. 1799.

¹⁹²⁸ Bls. 1800.

hafi verið búið að koma fyrir í bifreiðinni. Staðfesti Guðjón þann framburð. Erla hafi síðan ekið Land Rover bifreiðinni í Rauðhóla, en á leiðinni hafi þau tekið fimm lítra af bensíni á lítinn brúsa. Bókað var að Erla hafi staðfest þetta með framburði sínum. Hafi þeir grafið holu í mölina í Rauðhólum og lagt líkið í hana, hellt bensíni yfir og kveikt í en eldurinn hafi logað stutt og illa. Bókað var að Erla hafi staðfest þennan framburð og orðrétt sagði: „grét er hún var spurð þar að lútandi.“¹⁹²⁹ Síðan hafi verið mokað yfir líkið. Guðjón hafi heldur ekki tekið þátt í þessum verknaði. Nokkrum dögum síðar hafi Sævar sagt Guðjóni frá því að hann hafi kynnt sig fyrir Geirfinni sem Magnús Leópoldsson. Þar sem ekki væri vitað hvort Geirfinnur hefði sagt öðrum frá því samtali væri best að draga „Klúbbfólkið“ inn í málið ef til handtöku kæmi. Hafi Guðjóni fundist það góð hugmynd. Fram kom að Erlu og Kristjáni Viðari hafi einnig verið greint frá þessu. Bókað var í vikuskýrsluna að Erla hafi staðfest þann framburð. Í júlí 1975 hafi Guðjón, Kristján, Erla og Sævar hist í íbúð Kristjáns. Hafi þau rætt um að flækja málið enn meira með því að segja að „Klúbbfólkið“ og sprúttalar frá Reykjavík hafi staðið á bakvið málið. Bókað var að Erla og Guðjón hafi staðfest þennan framburð Sævars. Enn fremur hafi Erla lagt það til að nefna líka bróður sinn, Einar Bollason, sem og Valdimar Olsen og [JR]. Sagði Sævar Erlu hafa sagt að allt myndi falla betur saman ef fortíð þessara manna yrði dregin fram í dagsljósið. Öll hafi þau fylgst með rannsókn málsins og verið vel upplýst þar sem mikið hafi verið skrifað um málið í fjölmiðlum. Undir yfirheitinu: „Mat á stöðu málsins nú:“ ritaði Schütz um að framburði Sævars og annarra sakborninga og vitna bæri nú saman í mörgum atriðum um samsekt eða aðild.¹⁹³⁰ Orðrétt ritaði hann: „Gera verður ráð fyrir að hér sé ekki á ferðinni aftalað mál til að dreifa athyglinni og flækja rannsókn málsins. Til þess er of mikið samræmi í smáatriðunum og að hluta rökrænt samhengi á milli þeirra.“ Í framhaldinu ritaði Schütz um að lýsingin á ástæðunni fyrir verknaðinum væri enn bundin vafa. Þá yrði að teljast furðulegt að Sævar hafi þorað að kynna sig fyrir ókunnugum manni sem Magnús Leópoldsson þar sem hann hafi ekki getað vitað að sá hinn sami þekkti ekki umræddan Magnús. Þá kom fram í vikuskýrslunni að atburðarás slagsmálanna væri enn óljós, en Guðjón bæri ennþá fyrir sig minnisleysi í um hálfu klukkustund. Ritaði Schütz um að eins og málin stæðu nú væri nauðsynlegt að styrkja framburðina með frekari vitnum eða efnislegum sönnunargögnum. Á næstu dögum yrðu fjölmargir yfirheyrðir, þar á meðal [SÓH] og starfsmaður bílaleigunnar Geysis. Fram kom það mat Schütz að tilgreindur felustaður líksins gæti enn einu sinni verið rangur, en verið væri að leita í Rauðhólum með þungavinnuvélum. Þá sagði í vikuskýrslunni að rannsókn stæði yfir á blóðblettum sem hafi fundist í kjallara hússins við Grettisgötu fyrir nokkrum dögum. Í lok skýrslunnar sagði að eftir jól yrði áhersla lögð á að útrýma ósamræmi í framburðum sem og að yfirheyra sakborninga í málinu með tilliti til ásetningsstigs.¹⁹³¹

992. Guðjón ritaði í dagbók sína þennan dag, 13. desember 1976, að Grétar hafi vakið hann, gengið um gólf í klefa hans og virst vonsvikinn þegar honum hafi orðið það ljóst

¹⁹²⁹ Bls. 1801.

¹⁹³⁰ Bls. 1802.

¹⁹³¹ Bls. 1803. Sjötta vikuskýrsla Schütz er á þýsku á bls. 1804–1818.

að Guðjón hafði ekkert skrifað. Ritaði Guðjón um að hafa ekkert sofið um nóttina heldur látið sig dreyma hamingjudrauma og við það hafi tíminn liðið fljótt. Orðrétt ritaði hann í dagbókina: „Annars er ég alltaf að hugsa um sjálfsmorð. Ég get gert það, þ.e. ég hef það sem til þarf. Sætti mig samt ekki alveg við það enn, þó má ekki mikið út af bera til að ég grípi til þess.“ Grétar hafi komið aftur og spurt um skriftir, en Guðjón sagti þær engar. Hafi Grétar þá gefið honum síðasta tækifæri til morguns, ella þyrfti hann að svara fyrir dómi hvað hann vissi og myndi. Hafi þeir rætt sjálfsmorð og þann kjark sem þyrfti til þess. Ritaði Guðjón um að Grétar hafi boðið sér skákblað og bent honum á að gera hreint fyrir sínum dyrum og fara á Hraunið. Hann væri bara svo voðalega þreyttur og gæti ekki hugsað, hvorki um þetta né þennan sendiferðabílstjóra.¹⁹³²

993. Þriðjudaginn 14. desember 1976 var bókað í dagbók fangelsisins við Síðumúla að séra Jón Bjarman hafi hringt klukkan 10:15 og boðað komu sína eftir hádegi til viðtals við fanga á klefa númer sex. Fimm mínútum síðar var bókað að Grétar hafi sömuleiðis boðað komu sína eftir hádegi til viðtals við Guðjón á klefa númer sex. Bókað var í dagbókina klukkan 10:30 að Ívar og Sigurbjörn Víðir hafi farið með [SÓH] í sakadóm.¹⁹³³ Meðal rannsóknargagna liggur fyrir skýrsla um yfirheyrslu yfir [SÓH] á skrifstofu rannsóknarlögreglunnar klukkan 11:00 þennan dag. Orðrétt var bókað: „Eftir langar samræður ætla ég nú að segja sannleikann.“ Kvaðst [SÓH] muna eftir því að hafa vitað af símtali í nóvember 1974 milli Kristján Viðars og einhvers manns á kaffihúsinu Mokka. Gæti það hafa verið eitthvað í kringum 19. nóvember 1974. Sama kvöld hafi Kristján Viðar spurt hann hvort hann gæti ekið sendiferðabifreið fyrir sig til Keflavíkur. [SÓH] sagði Kristján Viðar hafa talið sig á að fara þessa ferð og því hafi hann fallist á það. Kvaðst [SÓH] aðeins hafa vitað að hann ætti að sækja eitthvað til Keflavíkur. Þennan umrædda dag hafi hann gert við gula Mercedes Benz sendibifreið sem hafi verið í eigu [JÞW]. Nokkru eftir klukkan 21:00 hafi hann ekið sendibifreiðinni að Vatnsstíg.¹⁹³⁴ Skömmu síðar hafi Kristján Viðar komið og sagt sér að aka til Keflavíkur og bíða fyrir utan bæinn. Kvaðst [SÓH] hafa beðið í um 20 mínútur fyrir utan Keflavík þar til Kristján Viðar hafi komið að og sagt honum að aka neðar. Þá hafi hann ekið bifreiðinni inn í Dráttarbrautina og lagt í um tíu til tólf metra fjarlægð frá bryggjunni. Eftir um hálf tíma hafi Kristján Viðar komið að og sagt orðrétt: „Þetta er allt í lagi, það verður ekkert úr þessu, þú getur farið, þú veist ekkert um málið.“ Aðspurður kvaðst [SÓH] ekki hafa séð neinn nema Kristján, en hafa heyrt mannamál því rifa hafi verið á glugga bifreiðarinnar. Kvaðst hann ekki hafa tekið eftir átökum. Þegar hann hafi ekið af stað til Reykjavíkur hafi hann ekki hvorki orðið var við mannaferðir né bifreiðar í Dráttarbrautinni. Kvaðst [SÓH] hafa ekið sem leið hafi legið heim til sín að Grettisgötu 82. Það hafi verið komið undir morgun þegar hann hafi vaknað við Kristján Viðar inni í herberginu þar sem hann sagði: „Halló“. Kvaðst [SÓH] hafa spurt Kristján Viðar hvað hafi skeð en Kristján hafi þá sagt ekkert hafa skeð, það væri hans mál og hann ætti ekki að skipta sér af því. Tók [SÓH] það

¹⁹³² Bls. 1773_D–E.

¹⁹³³ Dagbók nr. 6, bls. 20.

¹⁹³⁴ Bls. 1831.

sérstaklega fram að á þessum tíma hafi þeir oftast sofað í sama herbergi. Kvaðst hann ekki hafa heyrt hljóð í bifreið um nóttina og ekki tekið eftir flutningum í kjallarann. Þá hafi Kristján Viðar ekki greint honum frá því síðar. Sór hann að engir aðrir menn hafi verið með honum í sendiferðabifreiðinni og ekki heldur [GuV] fangavörður í Hegningarhúsinu. Aðspurður kvaðst [SÓH] ekki geta sagt með vissu hvort hann hafi farið til Keflavíkur 19. nóvember 1974, en sagðist viss um að það hafi verið um það leyti. Orðrétt var haft eftir honum: „Að þetta kvöld hefðu átt sér stað atburðir í sambandi við Geirfynn hugsaði ég ekki fyrir en síðar þegar búíð var að taka Kristján fastan og blöðin skrifuðu um málið.“ Tók [SÓH] það skýrt fram að honum hafi ekki verið kunnugt um neitt áfengissmygl né að Geirfynnur hafi átt hlut að máli áður en hann fór umrædda ferð. Þá kvaðst hann ekki hafa vitað að eitthvað hafi verið falið í kjallaranum að Grettisgötu 82 og heldur ekki að eitthvað hafi verið flutt úr kjallara hússins nokkrum dögum síðar. Loks kvaðst hann ekki hafa vitað að Sævar hafi sofað í íbúð Kristjáns Viðars um nóttina, hugsanlega hafi hann þó verið í öðru herbergi.¹⁹³⁵

994. Meðal rannsóknargagna er ódagsett handskrifuð frásögn, líklegast af [SÓH], um bílferð til Keflavíkur. Frásögnin er að stórum hluta samhljóma skriflegri skýrslu um yfirheyrslu yfir [SÓH] þennan dag, 14. desember 1976. Þar kemur fram að Kristján Viðar hafi beðið viðkomandi um að fá sendiferðabifreið að láni til að flytja einhvern hlut. Kvaðst hann fengið bifreiðina að láni og sótt hana á horni Grettisgötu og Skólavörðustígs. Hafi hann notað lykil sem hann hafi haft sjálfur. Þá hafi hann ekið niður Laugavegin og niður Vatnsstíg og lagt bifreiðinni þar. Þá hafi Kristján Viðar komið að og sagt honum að fara til Keflavíkur. Orðrétt segir í frásögninni: „Hann sagði einnig að ég ætti að keira Kvík út á enda (þar bíð ég í sirk 10–20 mín). Þá kemur Kristján og segir að ég eigi að keira niður undir bryggju eða bátalón og snúa bílnum undan sjó og drepa á mótör og ljósum og ég gerði það.“ Kvaðst hann minna að hann hafi tekið olú á Umferðarmiðstöðinni á leiðinni í bæinn.¹⁹³⁶
995. Klukkan 12:50 var bókað í dagbók fangelsisins við Síðumúla að Grétar hafi komið til viðtals við Guðjón á klefa númer sex. Bókað var um komu séra Jóns Bjarman klukkan 14:00. Á sama tíma gerði Grétar hlé á viðtali við Guðjón og leyfði séra Jóni að tala við hann, eins og það var orðað í færslunni. Hálf tíma síðar var viðtali Guðjóns og prestsins lokið og var þá bókað um að Grétar hafi farið aftur í hornið og haldið áfram með Guðjón. Bókað var klukkan 16:30 að Guðjón hafi verið færður á klefa sinn. Rannsóknargögn um viðtalið liggja ekki fyrir. Fimm mínútum síðar var bókað um símtal frá Pétri Eggerz, túlki, sem bað fyrir þau skilaboð til Sævars frá Karli Schütz að hann gæti ekki komið og talað við hann í dag vegna anna, en kæmi væntanlega á morgun.¹⁹³⁷
996. Fyrir liggur skýrsla dagsett þennan dag, 14. desember 1976, um yfirheyrslu yfir Kristjáni Viðari milli klukkan 13:15 og 13:35. Kvaðst Kristján Viðar halda að það hafi verið 18. nóvember 1974 sem Sævar hafi beðið hann að útvega sendiferðabifreið til að fara suður í Keflavík daginn eftir og sækja spíra. Kvaðst Kristján Viðar hafa hringt í

¹⁹³⁵ Bls. 1833.

¹⁹³⁶ Bls. 1834–1835.

¹⁹³⁷ Dagbók nr. 6, bls. 21.

[SÓH] að kvöldi 19. nóvember og beðið hann um að hitta sig í Dráttarbrautinni. Þegar farið hafi verið frá Vatnsstígnum seinna um kvöldið hafi [SÓH] verið kominn á Mercedes Benz sendibifreið sem hann hafi áður ekið og fengið stundum að láni. Kvaðst Kristján Viðar hafa rætt eitthvað við hann. Haft var eftir Kristjáni að önnur sendiferðabifreið, blá að lit, hafi staðið neðar á Vatnsstígnum. Kvaðst Kristján Viðar ekki hafa vitað um [SÓH] fyrr en hann hafi komið í Dráttarbrautina í Keflavík þegar atburðirnir sem þar gerðust hafi verið um garð gengnir. Sagði hann það útilokað að [SÓH] hafi vitað hvað hafi skeð. Kvaðst Kristján Viðar hafa rætt við [SÓH] en þá hafi einhver strákur verið í bifreiðinni með honum sem hann hafi ekki vitað nafnið á en kannaðist við. Bláa sendiferðabifreiðin hafi verið fyrir í Dráttarbrautinni þegar þau hafi komið þar að. Kvaðst Kristján Viðar ekki muna hvað hann hafi sagt [SÓH] að gera til Keflavíkur annað en að taka þar við flutningi.¹⁹³⁸

997. Meðal rannsóknargagna liggur fyrir skýrsla um yfirheyrslu yfir [GuV] þennan dag milli klukkan 16:20 og 18:15. Var tilefni yfirheyrslunnar bókað sem grunur lögreglu um að sendibifreið sem hann hafi ekið á árinu 1974 kynni að hafa verið í Keflavík kvöldið sem Geirfinnur Einarsson hvarf. Kvaðst vitnið hafa ekið sendiferðabifreiðinni R-40045 á Sendibílastöðinni h/f frá mótum september og október 1974 fram til áramóta. Bifreiðin hafi verið gul að lit, frambyggð og af gerðinni Mercedes Benz. Eigandi bifreiðarinnar hafi verið [JPW]. Kvaðst [GuV] ekki vita til þess að aðrir hafi ekið bifreiðinni á meðan hann hafi verið með hana. Kvaðst hann alltaf hafa lagt bifreiðinni fyrir framan hús sitt að Skólavörðustíg, eða gegnt því. Hann myndi ekki eftir því að nokkur hafi farið fram á það við hann að fá bifreiðina lánaða. Sagði hann það mögulegt að bifreiðinni hafi verið stolið án þess að hann hafi tekið eftir því. [GuV] sagði sendibifreiðina hafa bilað lítið á meðan hann hafi ekið henni, þó hafi verið gert við hann í tvígang á bifreiðaverkstæði.¹⁹³⁹ Aðspurður kvaðst hann ekkert kannast við [SÓH]. Neitaði hann því afdráttarlaust hvort hann hafi verið í eða á bifreiðinni í Keflavík 19. nóvember 1974. Taldi hann það afar ólíklegt að bifreiðin hafi verið tekin í heimildarleysi umrætt kvöld.¹⁹⁴⁰
998. Fyrir liggur samantektarskýrsla rituð af Eggerti Bjarnasyni um viðtal við [JPW] 14. desember 1976. Fram kom að [JPW] hafi staðfest að [SÓH] hafi ekið sendiferðabifreiðinni R 40045 um sumarið 1974. Hann hafi oftast en einu sinni lánað [SÓH] bifreiðina eftir að hann hætti akstri hjá honum. Kvaðst hann hafa gert það þar sem [SÓH] hafi unnið að viðgerðum við sendibifreiðina. Sagði [JPW] það allt eins hafa getað verið 19. nóvember 1974 eins og á öðrum tíma. Hægt hafi verið að gangsetja bifreiðina með ýmsu öðru en lykli. Bókuð var sú ályktun í lok skýrslunnar að af þessu mætti því ætla að [SÓH] hafi getað tekið sendibifreiðina og skilað henni aftur á sama stað án þess að sá sem hafi verið ökumaður hennar á þeim tíma hafi orðið þess var.¹⁹⁴¹

¹⁹³⁸ Bls. 1836.

¹⁹³⁹ Bls. 1837.

¹⁹⁴⁰ Bls. 1838.

¹⁹⁴¹ Bls. 1839.

999. Meðal rannsóknargagna er upplýsingaskýrsla, dagsett sama dag og rituð af Ívari Hannessyni. Fram kemur að í kjölfar þess að Sævar hafi í framburði sínum hjá lögreglu talað um „Geira í Keflavík“ hafi verið haft samband við lögregluna í Keflavík og Grindavík. Bókað var að engar upplýsingar lægju fyrir um hvern gæti verið að ræða. Aðeins einn maður gæti mögulega komið til greina, [ÁEP], að jafnaði kallaður „Geiri frændi“. Sá hafi þó nær eingöngu verið nefndur í tengslum við fíkniefni.¹⁹⁴²
1000. Þennan dag var dómþing sett í sakadómi Reykjavíkur af Erni Höskuldssyni og tekið fyrir dómsrannsókn á hvarfi Geirfinns Einarssonar. Klukkan 18:00 var bókað í þingbók að [SÓH] hafi mætt fyrir dóminn sem sakborningur. Bókað var að [SÓH] hafi sagst hafa ekið sendiferðabifreiðinni R 40045 til Keflavíkur 19. nóvember 1974 og þar niður í Dráttarbraut. Kvaðst hann hafa farið þessa ferð fyrir Kristján Viðar, frænda sinn. Kvaðst hann hafa beðið í um það bil 30 mínútur á staðnum eða þar til Kristján Viðar hafi komið til hans og sagt honum að hann gæti farið.¹⁹⁴³ Bókað var að dómarrinn hafi tekið frest til ákvörðunar um gæsluvarðhald. Vék [SÓH] frá klukkan 18:10.
1001. Sama dag, klukkan 18:10 var bókað í fangelsisdagbókina að Jónas Bjarnason hafi farið inn á klefa til Sævars. Klukkan 18:15 var bókað að Guðjón hafi verið færður fram til viðtals við Harald Blöndal og Birgi Þormar. Var Guðjón færður aftur á klefa sinn klukkan 19:10. Rannsóknargögn um viðtalið liggja ekki fyrir. Bókað var klukkan 19:15 að Jónas hafi komið fram af klefa Sævars. Rannsóknargögn um viðtalið liggja ekki fyrir. Klukkan 20:04 var bókað að komið hafi verið með [SÓH] til baka í fangelsið. Klukkan 22:50 hafi Ívar og Eggert rætt við [SÓH] og klukkan 23:40 var bókað að honum hafi verið sleppt. Fyrir liggur skýrsla um yfirheyrslu yfir [SÓH] þennan dag milli klukkan 22:55 og 23:30. Bókað var í upphafi skýrslunnar að hann vildi bæta við framburð sinn og breyta nokkru. Kvaðst hann muna það nú að hann og Kristján Viðar hafi báðir verið staddir að Laugavegi 32 þegar hann hafi borið það í tal við sig að útvega sendibifreið. Það væri ekki rétt að hann hafi verið að stilla kúplinguna í bifreiðinni heldur hafi hann komið að máli við [JÞW], eiganda sendibifreiðarinnar, og beðið hann um að lána sér bifreiðina. [JÞW] hafi játað því svo framarlega sem hún væri ekki í notkun. Stóð bifreiðin í götunni milli Hegningarhússins og Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis. Kvaðst [SÓH] ekki hafa haft samband við ökumanninn því hann hafi sjálfur haft lykil að bifreiðinni.¹⁹⁴⁴ Greindi [SÓH] frá því að þegar hann hafði beðið í um það bil 30 mínútur í Dráttarbrautinni hafi Kristján Viðar komið til sín og virst vera eitthvað miður sín og móður líkt og hann hafi verið á hlaupum. Kvaðst [SÓH] ekki hafa séð neinar mannaferðir í Dráttarbrautinni, en muna eftir litlum trébát í landi. Þá hafi hann heyrt óljóst mannamál en ekki orðaskil. Kvaðst hann ekki muna betur en að hafa komið við á Umferðarmiðstöðinni og tekið eitthvað af hráólíu. Síðan hafi hann lagt bifreiðinni við Grettisgötu 82. Undir morgun hafi hann vaknað við að Kristján Viðar hafi komið og sagðist [SÓH] þá hafa spurt hann hvers vegna ekkert hafi orðið úr þessu í Keflavík.

¹⁹⁴² Bls. 1843.

¹⁹⁴³ Bls. 1818_A.

¹⁹⁴⁴ Bls. 1840.

Hafi Kristján Viðar þá sagt að hann skyldi ekki skipta sér af því. Kvaðst [SÓH] hafa farið með sendibifreiðina á sama stað og hann tók hana rétt fyrir klukkan 08:00 um morguninn.¹⁹⁴⁵

1002. Meðal rannsóknargagna liggur fyrir handrituð frásögn Guðjóns Skarphéðinssonar, dagsett 14. desember 1976, til uppfyllingar á fyrri skýrslu líkt og fram kemur fremst í handritinu. Grétar Sæmundsson vélritaði frásögnina upp eftir handritinu og liggur sú skýrsla einnig fyrir. Í frásögn Guðjóns kom fram að hann, Sævar, Erla og maður sem hann hafi ekki borið kennsl á en talið væri að hafi verið Kristján Viðar hafi farið á Fiat bifreið frá Lambhóli að Grettisgötu eða Njálsgötu í Reykjavík þar sem bifreiðin hafi verið skilin eftir. Þaðan hafi hann og Sævar gengið niður á horn Vatnsstígs og Laugavegar. Þar hafi staðið gul sendibifreið af gerðinni Mercedes Benz. Fullyrti Guðjón að sér hafi þá ekki verið kunnugt um að sendibifreiðin hafi verið á vegum Sævars eða hún hafi átt erindi til Keflavíkur. Ritaði Guðjón um að væntanlega hafi sendibifreiðin átt að flytja farm af áfengi til Reykjavíkur. Hann hafi ef til vill átt orðaskipti við ökumanninn, en kvaðst þó ekki muna eftir neinu sem hann gæti haft eftir.¹⁹⁴⁶ Sendibifreiðin hafi lagt af stað á undan þeim til Keflavíkur. Treysti Guðjón sér ekki til að fullyrða hvort farþegar hafi verið í sendibifreiðinni. Hann hafi tekið við akstrinum á Volkswagen bifreið og ekið til Keflavíkur. Sævar hafi haft orðið á leiðinni og mundi Guðjón eftir því að hann hafi sagt: „Sjáiði sendibílinn?“ og svarað svo sjálfur: „Þarna er hann.“ Á leiðinni hafi einnig verið rætt um manninn sem hafi átt að finna í Keflavík. Nafn hans hafi þó áreiðanlega ekki verið nefnt. Sævar hafi talað um að sýna manninum fulla hörku ef viðskiptin næðu ekki fram að ganga.¹⁹⁴⁷ Þá hafi það rifjast upp fyrir sér hvar ákveðið hafi verið að sendibifreiðin skyldi bíða, það hafi verið við svokallaða Hafnarvog í Keflavík. Ökumaðurinn hafi verið það kunnugur í Keflavík að hann hafi vitað hvaða staður það hafi verið. Ritaði Guðjón um að hafa lengi talið víst að hafa séð sömu sendibifreið sumarið 1975 að Gljúfurárholti. Ef þar hafi verið sami ökumaður á ferð ætti hann að vita hver hann væri. Hann gæti þó ekki komið ökumanninum né nafni hans fyrir sig ennþá. Hann gæti ekki komið fyrir sig að hafa séð umrædda sendibifreið eftir atburðina í Keflavík og mundi ekki heldur eftir að hafa átt viðræður við ökumanninn. Það gæti þó verið en andlegt ástand hans á þessum tíma hafi að öllum líkindum verið mjög annarlegt.¹⁹⁴⁸ Ökuferðinni til Reykjavíkur hafi hann áður lýst og engu við hana að bæta. Mundi hann ekki eftir umræðum um hvað ætti að gera til að þagga niður í ökumanni sendibifreiðarinnar ef og þegar hann yrði þess áskynja hvað hafi gerst í Keflavíkurferðinni. Dró Guðjón upp afstöðumynd af sendibifreið sem hafi verið bakkað inn húsasund milli Njálsgötu og Grettisgötu. Ritaði hann að vel gæti verið að sendibifreið hafi verið ekið þar aftur á bak niður sundið án þess að hann hafi vitað til. Orðrétt ritaði hann: „Yfirlétt gengur mér illa að átta mig á ferðalokum hér í Reykjavík.“ Þætti honum trúlegra að Volkswagen bifreiðinni hafi verið ekið niður sundið en sendibifreiðinni lagt við Grettisgötu. Þó gæti hann ekkert um þetta sagt þar sem hann myndi þetta ekki. Sennilegt þætti honum að ökumanni

¹⁹⁴⁵ Bls. 1841.

¹⁹⁴⁶ Bls. 1819 og 1844.

¹⁹⁴⁷ Bls. 1820 og 1845.

¹⁹⁴⁸ Bls. 1821 og 1846.

sendibifreiðarinnar hafi verið gerð einhver boð svo hann segði ekki frá atburðum ferðarinnar.¹⁹⁴⁹ Ritaði Guðjón um að hann gæti ekki svarað þeim fullyrðingum að hann hafi verið að Grettisgötu og tekið þátt í umræðum um hvað gera skyldi við lík Geirfinns. Hafi svo verið ætti hann að muna eitthvað úr samtalinu þar sem það væri naumast það hversdagslegt, en því væri ekki að heilsa.¹⁹⁵⁰ Guðjón listaði upp þremur spurningum og svörum, í fyrsta lagi: „Sendiferðabíll Mercedes Benz. Sá ég hann í Rvík áður en lagt var af stað?“ Svaraði Guðjón spurningunni játandi. Í öðru lagi: „Hvar átti hann að biða í Keflavík?“ Ritaði Guðjón svarið: „Við Hafnarvogina“. Í þriðja lagi var það spurningin: „Hvað var rætt við þennan sendiferðabílstjóra eftir á?“ Ritaði Guðjón um að geta ekki svarað spurningunni. Hann myndi ekki eftir viðræðum við manninn, hvorki í Keflavík né við komuna til Reykjavíkur. Ef til vill hafi hann verið áheyrandi að viðræðum við manninn síðar. Sagðist hann ekki geta nafngreint hann og kvaðst ekki muna hvernig hann liti út svo hann myndi tæpast þekkja hann úr hópi manna.¹⁹⁵¹ Orðrétt ritaði Guðjón: „Nánari mynd af dauða Geirfinns Einarssonar hef ég einnig verið beðinn að gefa.“ Viðurkenndi hann að vera samsekur þeim Kristjáni Viðari og Sævari, en gæti ekki lýst aðkomu sinni frekar en hann hafði þegar gert í skýrslu. Orðrétt ritaði hann: „Það yrði þá frekar tilbúningur minn og einber skáldskapur, fremur en lýsing staðreynda sem þarna munu hafa átt sér stað. Mér þykir þetta að vísu illt ég mun ekki hafa verið með sjálfum mér er þetta gerðist. Það kann að vera skýring. Barefli á ég að hafa haft undir höndum og notað það gegn Geirfinni. Þess minnst ég ekki. Og ég man aldrei eftir að hafa séð líkið. Ég vil taka það skýrt fram að ég er hér ekki að fara með ósannindi, þó hlýtur þetta að vera ósatt.“¹⁹⁵² Lýsti Guðjón því svo að eftir að Geirfinnur hafi komið inn í bifreiðina við Hafnarbúðina hafi verið ekið um staðinn. Treysti hann sér ekki til að rekja það nánar. Þá mundi hann ekki hvar í bifreiðinni Geirfinnur hafi setið. Vel gæti verið að farið hafi verið strax að Dráttarbrautinni að fyrirlagi Sævars. Treysti Guðjón sér ekki til að rekja þær viðræður sem hafi farið fram í bifreiðinni en þær hafi leitt í ljós að Geirfinnur hafi hvorki getað né viljað selja Sævari áfengi. Eina líklega ástæðan þar að baki væri sú að Geirfinnur hafi hvorki haft aðgang né vitneskju um slíka hluti. Mundi Guðjón ekki hvort þá hafi hafist átök, en Geirfinnur hafi viljað komast út úr bifreiðinni en Sævar ekki viljað láta hann sleppa svo vel og helst viljað pynta manninn til sagna.¹⁹⁵³ Ritaði Guðjón um að þegar komið hafi verið út úr bifreiðinni hafi atburðarásin orðið mjög hröð og um hana gæti hann ekkert borið. Þá gæti hann heldur ekki sagt til um þátt sinn í málinu. Það eitt vissi hann að ekki hafi sést á honum, hvorki á fötum, höndum né andliti. Það mætti vel vera að hann hafi veitt Geirfinni höfuðhögg með barefli, um það gæti hann ekki sagt. Orðrétt ritaði Guðjón: „Þannig gæti ég haldið áfram að lýsa atburðarásinni aftur og aftur en hvað væri hið sanna, hver væri sú rétta vissi ég þó að heldur ekki. Ég vil gjarnan gera nokkrar tilraunir enn, þó árangur af þeim, sé eins og ofan segir, heldur

¹⁹⁴⁹ Bls. 1822 og 1847.

¹⁹⁵⁰ Bls. 1823 og 1848.

¹⁹⁵¹ Bls. 1825 og 1850.

¹⁹⁵² Bls. 1826 og 1851.

¹⁹⁵³ Bls. 1827 og 1852.

óareiðanlegur.¹⁹⁵⁴ Guðjón ritaði um að muna ekki lok ferðarinnar í Reykjavík. Vera mætti að hann hafi lagt Volkswagen bifreiðinni við Grettisgötu 82 en hann myndi ekki eftir að hafa komið þangað inn eða tekið þátt í að bera lík. Hann hafi fengið frá Grettisgötu 82 og tekið Fiat bifreið sína og ekið heim að Ásvallagötu 46.¹⁹⁵⁵ Guðjón ritaði um að vera viss um að líkið hafi verið flutt til Reykjavíkur og þá að öllum líkindum í Volkswagen bifreiðinni. Það eitt gæti hann sagt um framhaldið að Sævar hafi fengið lánaðar hjá sér skóflur. Hann hafi spurt einskis um það hvort og hvar Sævar ætlaði sér að grafa lík Geirfinns. Ritaði Guðjón um að hafa aldrei fengið um það vitneskju enda hefði hann ekki neina ástæðu til að þegja þar um. Rámaði hann í að Sævar hafi komið daginn eftir að Ásvallagötu til að fá lánaðar skóflur og hafi hann þá ef til vill verið á gulu sendibifreiðinni eða Land Rover jeppabifreiðinni. Orðrétt ritaði hann í lokin: „Athuga þetta.“¹⁹⁵⁶

1003. Guðjón ritaði í dagbók sína þennan dag, 14. desember 1976, um að hafa skrifað tæpar tólf blaðsíður fyrir Grétar. Sagði hann þennan dag hafa verið viðburðaríkan. Hann hafi talað lengi við Grétar og margt hafi borið á góma. Þá hafi séra Jón Bjarman komið og borið kveðju frá móður hans og fréttir að heiman. Þá hafi Birgir dómari og Haraldur Blöndal, lögfræðingur komið og vitjað hans. Ritaði Guðjón um að Haraldur hafi borið undir sig ýmis mál, uppboð á Citroen bifreið, ákæru fyrir hasssmýgl með sömu bifreið.¹⁹⁵⁷ Nú færi að stytast í að Geirfinnsmálið yrði gert opinbert og þá yrði það versta afstaðið. Ritaði Guðjón um að hann fengi vart séð að sjálfsmorð myndi leysa vanda sinn eða neinn vanda yfirleitt.¹⁹⁵⁸
1004. Miðvikudaginn 15. desember 1976 var bókað í dagbók fangelsisins við Síðumúla að Karl Schütz og Pétur Eggerz hafi komið klukkan 13:10 og farið með Sævar í bíltúr.¹⁹⁵⁹ Klukkutíma síðar var bókað að þeir hafi komið til baka úr bíltúrnum og sest í hornið. Var Sævar færður á klefa sinn klukkan 14:35.¹⁹⁶⁰ Rannsóknargögn um liggja ekki fyrir, hvorki um bíltúrinn né yfirheyrsluna.
1005. Fyrir liggur samantektarskýrsla, dagsett sama dag og rituð af Grétari, um viðtal við [VSt]. Fram kom að vitnið kannaðist við Guðjón Skarphéðinsson og sagði hann hafa ekið sér og sameiginlegum kunningja þeirra, [RafG], á Citroen bifreið til að sækja hljómburðartæki. Bókað var að ítrekað aðspurður hafi [VSt] sagst telja að þetta hafi verið vorið 1975.¹⁹⁶¹
1006. Tryggvi Rúnar ritaði færslu í dagbók sína þennan dag um að hafa fengið hljómplötu með Kings. Hann héldi að gæsluvarðhaldið rynni út morguninn eftir og velti hann því

¹⁹⁵⁴ Bls. 1828 og 1853.

¹⁹⁵⁵ Bls. 1829 og 1854.

¹⁹⁵⁶ Bls. 1830 og 1855.

¹⁹⁵⁷ Bls. 1773_E.

¹⁹⁵⁸ Bls. 1855_A.

¹⁹⁵⁹ Dagbók nr. 6, bls. 22.

¹⁹⁶⁰ Dagbók nr. 6, bls. 23.

¹⁹⁶¹ Bls. 1856.

- fyrir sér hvort hann færi í bæinn eða hvort Örn Höskuldsson kæmi í fangelsið til að framlengja varðhaldinu. Vonaðist hann til að fá að halda jólin að Litla-Hrauni.¹⁹⁶²
1007. Sama dag, 15. desember 1976, ritaði Guðjón orðrétt í dagbók sína: „Átti von á Grétari í kvöld en til hans hefur ekki heyrst. Það kann þar margt að vera sem veldur að hann kemur ekki svo sem að hans yfirboðarar hugi nú að síðustu skýrslu minni og velti fyrir sér hvað gera skuli.“¹⁹⁶³
1008. Fimmtudaginn 16. desember 1976 var bókað í fangelsisdagbókina að Karl Schütz, Pétur Eggerz og Jónas Bjarnason hafi farið inn til Sævars klukkan 10:20 og farið stuttu seinna með hann í bíltúr.¹⁹⁶⁴ Bókað var að Jónas hafi komið með Sævar úr bíltúrnum klukkan 12:10. Rannsóknargögn um bíltúrinn liggja ekki fyrir. Klukkan 13:20 var bókað að Grétar hafi komið og sótt Sævar. Klukkan 14:00 var bókað að Örn Höskuldsson hafi hringt og boðað komu Tryggva Rúnars frá Litla-Hrauni í dag. Færi hann aftur austur morguninn eftir eða á mánudag. Bókað var í dagbókina klukkan 14:50 að Grétar og Jónas hafi komið aftur með Sævar. Rannsóknargögn um ferðir Sævars liggja ekki fyrir. Klukkan 16:45 var bókað að komið hafi verið með Tryggva Rúnar frá Litla-Hrauni til dvalar í einn til tvo daga. Bókað var klukkan 17:25 að Guðjón hafi verið færður fram til viðtals við Ingvar Kristjánsson geðlækni og Birgi Þormar, dómarafulltrúa. Var Guðjón færður aftur á klefa sinn klukkan 16:30. Rannsóknargögn um viðtalið liggja ekki fyrir.¹⁹⁶⁵
1009. Fyrir liggur svarbréf dagsett sama dag, 16. desember 1976, líklega frá Ólafi Jóhannessyni, dómsmálaráðherra, til Más Péturssonar héraðsdómara. Bréfið var svar við fyrirspurn héraðsdómarans um Karl Schütz og störf hans við rannsókn Guðmundar- og Geirfinnsmálsins. Fram komu upplýsingar um dvalartíma hans hér á landi. Þá sagði að starf Schütz hér á landi væri ekki einungis fólgið í ráðgjöf um tilhögun rannsóknaraðgerða heldur annaðist hann þegar svo bæri undir sjálfur yfirheyrslur sakborninga og vitna með aðstoð túlks. Orðrétt sagði í bréfinu: „Hann gefur mér með vissu millibili yfirlitsskýrslu um gang rannsóknarinnar og ber undir mig tiltekin atriði þegar hann telur þörf á. Að öðru leyti hef ég ekki eftirlit með rannsókn þessari umfram það sem almennt er um rannsóknir rannsóknarlögreglunnar.“ Í niðurlagi bréfsins sagði að Schütz myndi dveljast ytra um jólin en koma aftur í janúarbyrjun og halda áfram starfi sínu fram í febrúar.¹⁹⁶⁶
1010. Meðal rannsóknargagna liggur upplýsingaskýrsla dagsett þennan dag og rituð af Ragnari Vigni, forstöðumanni tæknideildar rannsóknarlögreglunnar í Reykjavík, um símtal við Alfreð Árnason, líffræðing við rannsóknarstofu háskólans. Í skýrslunni voru rakin sex atriði um sýni sem rannsóknarstofan hafi fengið til rannsóknar. Fram kom að efnið hafi verið blóð en væri mjög gamalt og niðurbrotið. Próteinin sem mest væri á að byggja væru horfin úr blóðinu. Af sömu ástæðu væri eggjahvítusvörun mjög dauf. Ekki væri hægt að segja til um aldur blóðsins. Þá sagði að sýnið hafi svarað fyrir

¹⁹⁶² Bls. 1856_A.

¹⁹⁶³ Bls. 1855_A og 1858_A.

¹⁹⁶⁴ Dagbók nr. 6, bls. 24.

¹⁹⁶⁵ Dagbók nr. 6, bls. 25.

¹⁹⁶⁶ Bls. 1857.

prófunum gagnvart manna-, kinda-, hesta- og nautablóði. Fram kom að rannsóknarstofan teldi sýnin hafa verið mjög lítil og frekari sýna væri óskað til að geta gefið ákveðnari svör.¹⁹⁶⁷

1011. Tryggvi Rúnar ritaði í dagbók sína þennan dag, 16. desember 1976. Ritaði hann um steypuvinnu innan fangelsisins og ferð í bæinn seinnipartinn en Örn Höskuldsson hafi beðið um hann þar sem gæsluvarðhaldið rynni út daginn eftir.¹⁹⁶⁸
1012. Guðjón ritaði einnig í dagbók sína þennan dag um heimsókn frá Birgi dómarafulltrúa og Ingvari Kristjánssyni geðlækni. Lýsti hann því að hafa verið sýnt bréf um fyrirhugaða rannsókn á geðheilsu sinni. Hafi geðlæknirinn óskað eftir því að hann gerði skriflega grein fyrir uppvexti sínum og curriculum vitae að öðru leyti, eins og Guðjón orðaði það í færslunni. Ætlaði hann að fást við það næstu daga eftir því sem heilsan leyfði honum en hann væri alltaf svo þreyttur og apatískur. Vildi Ingvar að hann tæki minna af róandi töflum og ritaði Guðjón um að best væri að stigminnka inntökuna og ætlaði hann að byrja á því.¹⁹⁶⁹ Spurði hann Birgi um Grétar og bað hann um að útvega sér tímarit. Orðrétt ritaði hann um Birgi: „Hann er mikill heiðursmaður. Undarlegt að þurfa að lenda í félagsskap óbótamanna til að kynnast heiðursmönnum. Fiat justitia pereat mundi.“ Í lok færslunnar ritaði Guðjón um að það væri alltaf eitthvað á seyði, yfirheyrslur, viðtöl, sendingar eða skilaboð. Orðrétt ritaði hann: „Þó skömm sé frá að segja, hvort sem það eru töflurnar eða hvað, þá líður mér bara já bærilega.“¹⁹⁷⁰
1013. Föstudaginn 17. desember 1976 var bókað í dagbók fangelsisins við Síðumúla að Tryggvi Rúnar hafi verið færður í hornið til viðtals við Sigurbjörn Víði klukkan 09:04. Var hann færður aftur á klefa sinn klukkan 09:30. Rannsóknargögn um yfirheyrsluna liggja ekki fyrir. Bókað var klukkan 11:10 að Tryggvi Rúnar hafi verið færður fram á skrifstofu varðstjóra til viðtals við Örn Höskuldsson og Sigurbjörn Víði. Klukkan 11:20 var bókað að Tryggvi Rúnar hafi verið úrskurðaður í 150 daga áframhaldandi gæsluvarðhald. Dómþing var sett í sakadómi Reykjavíkur þennan dag og tekin fyrir dómsrannsókn á hvarfi Guðmundar Einarsson. Klukkan 11:20 var bókað í þingbók að Tryggvi Rúnar hafi komið fyrir dóminn.¹⁹⁷¹ Var kveðinn upp úrskurður í málinu þar sem fram kom að með ákæru dagsettri 8. desember 1976 hafi ríkissaksóknari höfðað mál á hendur sjö aðilum fyrir ýmiss konar brot. Málið væri höfðað gegn Tryggva Rúnari fyrir meðal annars manndráp, íkveikju, nauðgun og fjögur þjófnaðarbrot. Ákæran hafi enn ekki verið birt. Ljóst væri að málsmeðferðin muni taka langan tíma auk þess sem augljóst væri að fara þyrfti fram rannsókn á tilteknum atriðum í framangreindum málum. Væri því rétt að framlengja gæsluvarðhald Tryggva Rúnars þar til rannsókn mála hans og málsmeðferð væri lokið. Var hann því úrskurðaður í áframhaldandi 150 daga gæsluvarðhald. Bókað var að Tryggvi Rúnar hafi lýst því yfir

¹⁹⁶⁷ Bls. 1858.

¹⁹⁶⁸ Bls. 1856_A.

¹⁹⁶⁹ Bls. 1858_A.

¹⁹⁷⁰ Bls. 1858_B.

¹⁹⁷¹ Bls. 1859.

að hann óskaði ekki eftir að kæra úrskurðinn. Var dómþingi slitið klukkan 11:22.¹⁹⁷² Bókað var í fangelsisdagbókina klukkan 14:25 þennan dag að farið hafi verið með Tryggva Rúnar austur á Litla-Hraun.

1014. Þennan dag var dómþing sakadóms Reykjavíkur háð í Hegningarhúsinu af Erni Höskuldssyni og tekin fyrir dómsrannsókn á hvarfi Geirfinns Einarssonar. Bókað var að Kristján Viðar hafi komið fyrir dóminn klukkan 15:50. Var kveðinn upp úrskurður í málinu þar sem fram kom að rannsókn málsins væri enn ekki lokið og ætti meðal annars eftir að ná samræmi í framburði sakborninganna og reyna síðan að sannreyna þá. Þá kom fram að með ákæru dagsettri 8. desember 1976 hafi ríkissaksóknari gefið út ákæru á hendur Kristjáni Viðari og fleirum. Málið væri höfðað gegn Kristjáni Viðari fyrir meðal annars manndráp, þjófnaði og fleira. Ákæran hafi enn ekki verið birt. Var hann því úrskurðaður í áframhaldandi gæsluvarðhald í 150 daga. Bókað var að Kristján Viðar hafi ekki óskað eftir því að kæra úrskurðinn til Hæstaréttar. Var dómþingi slitið klukkan 16:00.¹⁹⁷³
1015. Tryggvi Rúnar ritaði færslu í dagbók sína þennan dag um að rétt í þessu hafi verið bætt á hann gæslunni stóru, eins og hann orðaði það eða 150 dögum. Örn hafi sagt að hann færi austur þann dag, en fyrst ætti hann að fara upp í Borgartún í myndatöku. Bókaði hann í dagbókina hverjir hefðu ekið honum til og frá Litla-Hrauni.¹⁹⁷⁴
1016. Sama dag, 17. desember 1976, ritaði Guðjón í dagbók sína um hve rithönd hans hafi breyst mikið. Þá spurði hann sig hvar Grétar væri eiginlega niðurkominn. Lýsti hann furðu sinni á því að angist, iðrun og söknuður gerðu ekki lengur vart við sig. Hann væri bara þreyttur, dapur, vænti einskis og óskaði einskis.¹⁹⁷⁵
1017. Þennan dag birtist opnuviðtal við Karl Schütz í Vísi. Orðrétt var haft eftir Schütz: „Þegar ég kom hingað til lands var ég spurður um það, hvort ég teldi miklar líkur á að hægt væri að finna lausn á Geirfinnmálinu svo löngu eftir að atburðirnir hefðu gerst. Þá var liðið um það bil eitt og hálf ár frá því að Geirfinnur Einarsson hvarf. Ég svaraði því þá til, að svo langt væri um liðið að erfitt yrði um vik við að komast til botns í málinu. Nú get ég aftur á móti sagt: Það var alls ekki orðið of seint.“ Í viðtalinu kom fram að morðið á Guðmundi Einarssyni væri upplýst og allt benti til þess að niðurstöðu rannsóknarinnar á dauða Geirfinns Einarssonar væri að vænta fljótlega. Fram kom að svo hafi verið að skilja á Schütz að öll meginatriði málsins væru orðin ljós, en unnið væri að ýmsum tæknilegum rannsóknum og sannprófunum varðandi ákveðna þætti málsins. Ljóst væri að starfsmenn sakadóms Reykjavíkur og rannsóknarlögreglunnar hafi unnið geysimikið og gott starf en þótt erfitt væri að meta hversu mikinn þátt Karl Schütz hafi átt í lausn þessara sakamála væri víst að koma hans hingað til lands hafi verið mikilvæg í þessu sambandi.¹⁹⁷⁶ Var ferill Schütz fyrir þýsku rannsóknarlögregluna rakinn sem og áhugamál hans sem hann sagðist hafa sinnt í um hálfis árs skeið eftir starfslok, eða þar til Pétur Eggerz hafi skorist í leikinn.

¹⁹⁷² Bls. 1860.

¹⁹⁷³ Bls. 1861_A–B.

¹⁹⁷⁴ Bls. 1856_A.

¹⁹⁷⁵ Bls. 1861_A.

¹⁹⁷⁶ Bls. 1862.

Orðrétt sagði í viðtalinu: „Pétur Eggerz hafði eftir áratuga starf á vegum íslensku utanríkisþjónustunnar kynnst fjölmörgum aðilum víða um lönd. Einn þessara kunningja sinna, háttsettan mann í vestur-þýska innanríkisráðuneytinu, hitti hann að máli á Akrapolíhæð í Aþenu snemma á þessu ári. Pétur var staddur í Grikklandi í öðrum erindagjörðum en leitaði þá liðsinnis þessa manns varðandi það að finna sérfræðing í sakamálum, sem gæti stuðlað að því að leysa umfangsmikil glæpamál á Íslandi. Þýski ráðuneytisstarfsmaðurinn sagðist ekki í vafa um að hægt væri að finna rétta manninn til þess að sinna þessu verkefni. Sá hétu herra Schütz og hefði nýlega látið af störfum hjá vestur-þýsku rannsóknarlögreglunni. Er ég bar þetta undir Pétur Eggerz staðfesti hann þennan gang mála og sagðist jafnframt muna að hinn þýski kunningi sinn hefði sagt: „Karl Schütz er þeim hæfileikum búinn, að takist honum ekki að leysa þetta mál, þá er það óleysanlegt.“ Fram kom í viðtalinu að Schütz hafi afhent Pétri Eggerz bók sem hann hafði skrifað um umfangsmikið morðmál sem hann hafi stjórnað rannsókn á. Í bókinni hafi verið að finna lýsingar á vinnuáferðum og starfsháttum sem hann og hans menn hafi notað við rannsóknina. Hafi bókina því gefið mjög góða mynd af Schütz sem sérfræðingi á sviði sakamálarannsóknna. Í lok viðtalsins var eftirfarandi haft eftir Schütz: „[...] svo er það grundvallaratriði, að rannsóknarlögreglumadurinn sé mannlegur og gleymi því aldrei að jafnvel hinn harðsvíraðasti afbrotamaður er þó alltaf maður. Það er líka segin saga að afbrotamenn bregðast alltaf vel við ef sá, sem rannsakar mál þeirra og yfirheyrir þá er umfram allt sanngjarn og mannlegur.“¹⁹⁷⁷

1018. Laugardaginn 18. desember 1976 var bókað í dagbók Síðumúlafangelsisins að Guðsteinn læknir hafi komið og tekið meðal annars Guðjón og Sævar til viðtals milli klukkan 09:30 og 10:10.¹⁹⁷⁸ Bókað var að Sævar hafi verið færður í hornið til viðtals við Grétar og Jónas klukkan 14:30. Var hann færður aftur á klefa sinn klukkan 15:45. Rannsóknargögn um yfirheyrsluna liggja ekki fyrir. Klukkan 21:15 var bókað að hringt hafi verið heim til Jónasar að ósk Sævars. Bað Jónas um að fá að tala við Sævar í símann og hafi það verið leyft. Bókað var að símtalinu hafi lokið klukkan 21:23 og Sævar í kjölfarið settur inn á klefa sinn. Rannsóknargögn um símtalið liggja ekki fyrir.¹⁹⁷⁹
1019. Fyrir liggur upplýsingaskýrsla, dagsett 30. desember 1976, rituð af Jónasi, þar sem fram kemur að þennan dag, 18. desember 1976, hafi Jónas farið með [ReyS], umsjónarmanni með Heiðmörk, upp að Rauðhólum, en hann væri mjög kunnugur svæðinu. Upplýsti hann um að óvenjulega mikið vatn hafi safnast í lægðir í hólunum sumrin 1975 og 1976. Sumarið og haustið 1974 hafi hins vegar verið mikið minna vatn og sennilegt að það svæði sem væri undir vatni hafi verið þurrt haustið 1974.¹⁹⁸⁰ Í skýrsluna var jafnframt bókað um viðtal Jónasar við [KN], sem hafi sinnt

¹⁹⁷⁷ Bls. 1863.

¹⁹⁷⁸ Dagbók nr. 6, bls. 27.

¹⁹⁷⁹ Dagbók nr. 6, bls. 28.

¹⁹⁸⁰ Bls. 1757–1758.

veðurathugunum. Upplýsti hann um að frá 1. til 21. nóvember 1974 hafi verið frost flestar nætur.¹⁹⁸¹

1020. Sama dag ritaði Guðjón færslu í dagbók sína um að best væri að fá að sofa og sofa. Ritaði hann um lestur á ævisögu Stalíns. Bókin væri heldur hlutdræg, en Stalín hafi verið merkismaður. Guðjón ritaði um að vera alltaf að hugleiða sjálfsmorð, hann vissi alveg hvernig hann ætlaði sér að framkvæma það, aðferðin gæti ekki misheppnast. Orðrétt ritaði hann: „Vandræði að þeir skyldu taka af mér dópið, það var svo gott að liggja og dreyma dagdrauma og allskonar drauma. Nú sef ég kannski 3 tíma á sólarhr. og hvað á ég að gera þá 21 tíma sem eftir eru. Þetta svæfði líka samvisku, slævði mig allan. Nú verður erfitt að lifa næstu jól. Þvílíkur bölvapur aumingju og ólánsbjálfi sem þú getur verið drengur.“ Furðaði hann sig á því að hafa ekkert heyrt né séð af Grétari, orðrétt ritaði hann: „Í honum hefur ekkert heyrst langalengi. Gerir ekkert en þó er ég ekki alveg sáttur, eitthvað er ekki eins og það á að vera.“ Síðar ritaði hann: „Ég sit í gildrunni alveg merkilegt fífl sem ég get verið raunar alveg óvenjulegt og sjaldgæft fífl. Mér er til efs að annað eins hafi áður þekkt.“ Áfram ritaði Guðjón: „Það væri verðugt verkefni að gera grein fyrir því hvernig farið er í hundana svona hratt og auðveldlega.“¹⁹⁸²
1021. Þennan dag birtist frétt á baksíðu Dagblaðsins undir fyrisögninni: „Geirfinnsmálið á lokastigi: „Átti Geirfinnur von á öðrum og fleiri í fjöruna? – Líkið flutt eftir að rannsókn málsins hófst á ný í janúar.“ Fram kom að margt benti til þess að játning Erlu um að hafa orðið Geirfinni að bana með byssuskoti væri í meginatriðum réttur. Líklegt væri að ástæðan fyrir villandi framburði einstakra gæslufanga um greftrunarstað líksins væri sú að lík hans hafi verið flutt að minnsta kosti einu sinni eftir að fyrstu fangarnir hafi verið hnepptir í gæsluvarðhald. Tekið var sérstaklega fram að Erla hafi gengið laus fram í maí og Guðjón ekki handtekinn fyrr en í nóvember 1976.¹⁹⁸³
1022. Sunnudaginn 19. desember 1976 var bókað í dagbók fangelsisins við Síðumúla að móðir Sævars hafi komið klukkan 16:35 með skó, rófur, gulrætur, epli og smákökur til hans. Hafi skórnir reynst of stórir á Sævar.¹⁹⁸⁴
1023. Fyrir liggur upplýsingaskýrsla, dagsett 30. desember 1976, rituð af Jónasi, þar sem fram kemur að þennan dag, 19. desember 1976, hafi verið grafið upp það svæði sem Erla hafi bent á og Sævar talið líklegan greftrunarstað. Bar það engan árangur, enda mikið og djúpt vatn á svæðinu og því erfitt að grafa.¹⁹⁸⁵
1024. Daginn eftir, 20. desember 1976, var bókað í fangelsisdagbókina að Grétar hafi komið klukkan 10:55 með sendingu af kökum til Guðjóns. Klukkan 14:20 var þess getið að Félagsmálastofnun í Asparfelli hafi hringt og tilkynnt um að Sævar tilheyrði ekki stofnuninni og fengi þar af leiðandi engar greiðslur þaðan.¹⁹⁸⁶ Bókað var klukkan 14:35 að séra Jón Bjarman hafi farið inn á klefa til Guðjóns. Fór séra Jón klukkan

¹⁹⁸¹ Bls. 1758.

¹⁹⁸² Bls. 1864_A–B.

¹⁹⁸³ Bls. 1864.

¹⁹⁸⁴ Dagbók nr. 6, bls. 29.

¹⁹⁸⁵ Bls. 1758.

¹⁹⁸⁶ Dagbók nr. 6, bls. 29.

- 16:30. Klukkan 18:10 kom Birgir Þormar og tók Guðjón til viðtals. Bókað var að Guðjón hafi verið færður aftur á klefa sinn klukkan 19:20.¹⁹⁸⁷ Rannsóknargögn um viðtalið liggja ekki fyrir.
1025. Sama dag ritaði Guðjón í dagbók sína: „Skelfing leiðist mér þetta Geirfinnsmál og allt þetta vesen. Fari það í rass og rófu allt saman. Hér hef ég bráðum hangið á annan mánuð. Sævar greyið sá er aldeilis búinn að finna fyrir því er að byrja annað árið í gæsluvarðhaldi.“ Ritaði hann um heimsókn frá séra Jóni og matar- og bókasendingu frá móður sinni.¹⁹⁸⁸ Þá ritaði hann um heimsókn frá Birgi Þormar sem hafi sett sig í vanda með því að spyrja hvort hann vildi fá einhvern ættingja í heimsókn um jólin. Bað Guðjón um frest þar sem hann treysti sér illa til að sjá ættingja sína og vissi að þeir treystu sér illa til að sjá hann. Guðjón ritaði um að hafa rætt pólitík og bókmenntir við Birgi Þormar sem hafi gefið sér eintak af Newsweek, orðrétt ritaði hann: „Nú vill hann láta mig hafa nýjustu bók Kiljans og yfirleitt allt fyrir mig gera.“ Ritaði hann um að vera jafnvægislaus, fljótan að þreytast og svitna mikið í svefni.
1026. Þennan dag, 20. desember 1976, birtist frétt á baksíðu Vísis undir fyrirsögninni: „Gæsluvarðhaldsfangarnir í Geirfinnsmálinu: Segja misskilning hafa leitt til dauða Geirfinns. Samantekin ráð um að bendla fjórmeningana sem settir voru í varðhaldi í upphafi árs við málið.“ Í fréttinni kom fram að við yfirheyrslur hafi komið fram að ætlun gæsluvarðhaldsfanganna hafi verið að eiga viðskipti við Geirfinn í Dráttarbrautinni í Keflavík 19. nóvember 1974. Hafi það reynst á misskilningi byggt að Geirfinnur hefði nokkurn varning til sölu. Eftir að Geirfinnur hafi verið búinn að henda til baka peningum sem Sævar hafi rétt honum hafi komið til átaka sem hafi leitt til dauða Geirfinns.¹⁹⁸⁹
1027. Þriðjudaginn 21. desember 1976 var bókað í dagbók Síðumúlafangelsisins klukkan 08:15 að Sigurbjörn Víðir ætlaði að athuga með áframhald á greiðslum Félagsmálastofnunar til Sævars.¹⁹⁹⁰
1028. Fyrir liggur upplýsingaskýrsla, dagsett 30. desember 1976, rituð af Jónasi, þar sem fram kemur að þennan dag, 21. desember 1976, hafi Kristján Viðar bent á stað í um 30 metra fjarlægð frá þeim stað sem Sævar hafi bent á í upphafi. Fullyrti Kristján Viðar að þar hafi Geirfinnur verið grafinn. Bókað var að vélgrafa hafi verið látin kanna staðinn vandlega sem og næsta nágrenni, en án árangurs. Þá var bókað að loftmynda hafi verið aflað hjá Landmælingum Íslands frá árunum 1975 og 1975 til að varpa ljósi á hvort jarðrask hafi átt sér stað á umræddu svæði við Rauðhóla á þessum tíma. Fram kom að svæðið væri friðlýst og því ætti ekkert rask að eiga sér stað. Bókað var að ekkert vatn hafi verið á svæðinu í september 1974.¹⁹⁹¹
1029. Meðal rannsóknargagna er skýrsla Sigurbjörns Víðis og Ívars um yfirheyrslu yfir [GM] þennan dag á skrifstofu rannsóknarlögreglunnar í Reykjavík. Aðspurður um

¹⁹⁸⁷ Dagbók nr. 6, bls. 30.

¹⁹⁸⁸ Bls. 1864_C.

¹⁹⁸⁹ Bls. 1865.

¹⁹⁹⁰ Dagbók nr. 6, bls. 31.

¹⁹⁹¹ Bls. 1758.

kunningssskap sinn við Erlu, Sævar, Guðjón og Kristján Viðar kvaðst hann þekkja þau lítillega. Fram kom að [GM] hafi starfað hjá Bílaleigunni Geysi frá apríl 1973 til janúar 1976, en þá hafi hann verið rekinn þar sem upp hafi komist að hann hafi leigt bifreiðar án samnings og dregið sér fjármuni bílaleigunnar. Sagði hann Bílaleiguna Geysi hafa haft yfir að ráða alls 48 fólksbifreiðum árið 1974 af gerðinni Volkswagen 1200 og 1300, ljósbláum að lit. Bifreiðarnar hafi allar verið kaskótryggðar fram til vorsins 1975. Upp frá því hafi það komið alloft fyrir að hann hafi leigt bifreiðar, án samnings. Því fé sem þannig hafi komið fyrir, hafi hann stungið í eigin vasa. Kvaðst [GM] fyrst muna eftir Sævari snemma sumars 1974 þegar hann hafi leigt bifreið hjá Bílaleigunni Geysi ásamt Guðjóni og bróður hans. Gerður hafi verið samningur um leiguna, en við samningsgerðina hafi vitninu orðið það ljóst að hann þekkti Skarphéðinn föður Guðjóns. Seinna hafi Sævar og Erla komið en kvaðst vitnið ekki muna hvenær það hafi verið. Mundi hann vel eftir Erlu sumarið 1975, en þá hafi hún verið ófrísk og leigt af honum nokkrar bifreiðar.¹⁹⁹² Sagði hann Erlu hafa þrifið rúður á bifreiðum fyrir sig og tekið til í íbúð sinni. Sumarið 1975 hafi hún þrifið fyrir hann íbúðina og þá sagst vera á flóttu undan Sævari, hún væri hrædd við hann og vitnið mætti ekki segja Sævari frá því að hún væri á bifreið frá bílaleigunni. Minnti vitninu að á þeim tíma hafi Erla unnið hjá Jóni Oddssyni, lögfræðingi. Kvaðst hann muna eftir að hafa að minnsta kosti einu sinni greitt Erlu fyrir þriffin. Kvaðst vitnið ekki vilja taka fyrir þann möguleika að hafa lánað Erlu bifreið í skiptum fyrir þriffin. Mundi hann þó ekki eftir slíku tilviki. Tók hann sérstaklega fram að leigutakar sem hafi verið kunnugir starfsmönnum bílaleigunnar hafi stundum fengið að skila bifreiðum eftir lokun og skilið kveikjulaslyklana þá eftir í hanskahólfinu. Sagði hann mögulegt að Erla hafi skilað bifreið á þennan hátt, en sagðist ekkert geta um það sagt. [GM] kvaðst ekki geta slegið því föstu að Erla hafi þrifið íbúð sína í nóvember 1974, en það væri ekki óhugsandi. [GM] neitaði því ekki að hafa lánað Erlu og Sævari bifreið án samnings, en sagði það örugglega ekki hafa verið fyrir en eftir að bifreiðarnar hafi verið teknar úr kaskótryggingu, þar sem hann hafi aldrei lánað bifreið án samnings fyrir en eftir það tímamark. Ábyrgðin í sambandi við kaskóið hafi verið of mikil.¹⁹⁹³ Í niðurlagi skýrslunnar var bókað að vitninu hafi verið gerð grein fyrir framburði Sævars um að hafa fengið leigða bifreið án samnings og sagði hann það vel geta passað, en þó alls ekki á árinu 1974, mögulega eftir mitt ár 1975. Bókað var að [GM] hafi verið kynntur framburður Erlu um að hún hafi fengið lánaða bifreið gegn því að taka til í íbúð hans. Sagði hann það geta verið, en þorði ekki að fullyrða um tímasetningu í því sambandi. Bókað var að vitninu væri ómögulegt að fullyrða á hvaða bifreið Erla kynni að hafa verið í nóvember 1974, en lítið hafi verið að gera á bílaleigunni á þeim tíma. Var yfirheyrslunni lokið klukkan 15:15.¹⁹⁹⁴

1030. Á sama tíma var bókað í dagbók fangelsisins við Síðumúla að Guðjón hafi verið færður í hornið til Grétars. Klukkan 17:20 var bókað að Sigurbjörn Víðir hafi rætt við

¹⁹⁹² Bls. 1866.

¹⁹⁹³ Bls. 1867.

¹⁹⁹⁴ Bls. 1868.

Sævar inni á klefa. Var Guðjón færður aftur á klefa sinn klukkan 17:30.¹⁹⁹⁵ Fyrir liggur ódagsett samantektarskýrsla, rituð af Grétari, með yfirheitinu: „Minnisatriði úr yfirheyrslum yfir Guðjóni Skarphéðinssyni þar sem ekki voru gerðar formlegar skýrslur.“ Í minnisatriði dagsettu þennan dag, 21. desember 1976, kom fram að Guðjón hafi sagst ekki vita fyrir víst hvar eða hvernig Volkswagen bifreiðin hafi verið fengin. Taldi hann sennilegt að hún hafi verið frá Bílaleigunni Geysi og minnti að kassetutækið í bifreiðinni hafi verið bilað. Bókað var að Guðjón hafi sagt mann sem hann hafi séð á ganginum á Lambhóli hafa líkst lýsingu vitna á manni þeim er hafi hringt úr Hafnarbúðinni. Minnti Guðjón að hann hafi verið í ljósum leðurjakka og sagði það geta verið að maðurinn hafi setið fyrir aftan sig á leiðinni til Keflavíkur. Þó gæti verið að hann hafi ekki komið nálægt málinu, en mögulegt að hann hafi átt að koma áfenginu á markað. Kvaðst Guðjón ekki geta komið honum fyrir sig. Hann hafi verið 20–30 ára gamall, meðalmaður að vexti og ljósskolhærður. Í lokin var bókað að Guðjóni fyndist sem einn mann vantaði enn í málið.¹⁹⁹⁶ Bókað var í fangelsisdagbókina að Sigurbjörn Víðir hafi farið klukkan 18:00. Rannsóknargögn um viðtal hans við Sævar þennan dag liggja ekki fyrir.¹⁹⁹⁷ Klukkan 21:30 var bókað að Grétar hafi rætt við Sævar til klukkan 22:00. Rannsóknargögn um viðtalið liggja ekki fyrir. Tíu mínútum síðar var bókað að Grétar hafi aftur farið inn á klefa til Sævars. Klukkan 22:53 var bókað að Eggert N. Bjarnason, rannsóknarlögreglumaður, hafi beðið fyrir skilaboð til Grétars. Klukkan 01:04 var bókað í dagbók fangelsisins að Grétar hafi komið fram af klefa Sævars. Rannsóknargögn um viðtalið liggja ekki fyrir. Klukkan 01:06 var bókað að Grétar hafi farið inn á klefa númer sex, til Guðjóns. Bókað var að hann hafi komið fram klukkan 04:10. Rannsóknargögn um viðtalið liggja ekki fyrir.¹⁹⁹⁸

1031. Guðjón ritaði dagbókarfærslu þennan dag um að hafa sofið illa um nóttina þar sem hann hafi meðal annars verið að semja bréf í huganum til sálfræðings um líf sitt og uppvaxtarár. Ritaði Guðjón um að hafa hitt Grétar seinnipartinn og þeir hafi reynt að ræða málin en það hafi gengið lítið. Grétar hafi sagst koma aftur um klukkan 20:00 eða 21:00. Ritaði Guðjón um að Grétar væri enn ekki kominn og kæmi því líklegast ekki fyrir jól. Þetta væri allt heldur ruglingslegt. Talað hafi verið um lausagæslu, en Guðjón hafi sagt að sér liði prýðilega hér í Síðumúlafangelsinu. Orðrétt ritaði hann: „Sitthvað vill hann fá meira að vita en ég man bara svo nauðalítið. En eitthvað gengur nú á fyrst Óli Jóh. og dómsmálin voru í Kastljósi í kvöld.“ Hann væri illa sofinn og illa fyrir kallaður. Orðrétt ritaði Guðjón: „Svo leið og beið og um tólf kom Grétar. Hafði þá ekki losnað frá Sævari. Honum lá mikið á hjarta.“ Ritaði Guðjón um að hafa afhent Grétari það sem hann hafði skrifað. Grétar hafi lesið það yfir og þeir rætt um það og bangsann sem hann hafði keypt handa syni Guðjóns. Hafi Grétar sagt honum að [GUÆ] vildi ræða við hann og heyra um stöðu málsins. Síðan hafi þeir rætt um

¹⁹⁹⁵ Dagbók nr. 6, bls. 31.

¹⁹⁹⁶ Bls. 1869.

¹⁹⁹⁷ Dagbók nr. 6, bls. 31.

¹⁹⁹⁸ Dagbók nr. 6, bls. 32.

skák og leyst skákþraut. Hafi Grétar farið um fimmleytið og hann þá sofnað en dreymt illa.¹⁹⁹⁹

1032. Miðvikudaginn 22. desember 1976 var bókað í dagbók fangelsisins við Síðumúla að Sævar hafi verið færður fram í hornið til réttarhalds. Þennan dag var dómþing sakadóms Reykjavíkur háð af Erni Höskuldssyni í Síðumúlafangelsi og tekin fyrir dómsrannsókn á hvarfi Geirfinns Einarssonar. Kom Sævar fyrir dóminn klukkan 14:00. Bókað var að Sævar hafi skýrt sjálfstætt frá málsatvikum og framburður hans hafi verið í samræmi við skýrslu sem tekin hafi verið af honum 9. desember 1976. Taldi Sævar sig hafa heyrt talað um Geira í Keflavík hjá leigubifreiðastjóra sem hafi ekið um á rauðum Mercedes Benz. Áður en hann og Erla hafi farið til Kaupmannahafnar hafi verið rätt að blanda öðrum mönnum inn í málið. Þau hafi fylgst náið með blaðaumfjöllun um rannsóknina og spírasmygl hafi þá mikið verið til umræðu. Þegar þau hafi komið frá Kaupmannahöfn hafi hann, Kristján Viðar og Guðjón rätt þetta aftur. Bókað var að Sævar hafi vikið frá klukkan 14:50 og var dómþinginu þá frestað.²⁰⁰⁰
1033. Klukkan 14:55 var bókað í fangelsisdagbókina að Sævar hafi verið færður á klefa sinn aftur.²⁰⁰¹ Bókað var í þingbókina að dómþingið hafi verið flutt að Borgartúni 7 og háð að nýju klukkan 16:23. Bókaðir voru mættir Hallvarður Einvarðsson, vararíkissaksóknari, og Guðmundur Ingvi Sigurðsson, réttargæslumaður Erlu. Bókað var að Erla hafi á sama tíma komið fyrir dóminn. Bókað var að Erla hafi skýrt sjálfstætt frá málsatvikum og framburður hennar hafi verið í samræmi við skýrslur sem teknar hafi verið af henni hjá rannsóknarlögreglunni 12. og 13. desember 1976. Greindi Erla frá því að hún, Guðjón, Kristján og Sævar hafi talað um að bendla aðra við málið áður en hún hafi farið til Kaupmannahafnar. Samtalið hafi átt sér stað heima hjá Kristjáni Viðari. Kvaðst hún ekki geta með nákvæmni bent á þann stað sem lík Geirfinns hafi verið grafið, en það hafi örugglega verið í Rauðhólum. Tilkynnti dómari Erlu um að hún væri laus úr gæsluvarðhaldi. Bókað var að dómari hafi lagt fyrir hana að halda sig innan lögsagnarumdæmis Reykjavíkur og sæta lögreglu eftirliti.²⁰⁰²
1034. Þennan dag, 22. desember 1976, var bókað í fangelsisdagbókina klukkan 18:20 að Grétar hafi komið í fangelsið og litlu síðar hafi Guðjón verið færður fram til viðtals við hann. Klukkan 19:15 var bókað að Jónas hafi komið og farið beint inn á klefa til Sævars. Klukkan 20:05 var bókað að Guðjón hafi verið færður á klefa sinn. Rannsóknargögn um viðtalið liggja ekki fyrir. Á sama tíma var bókað að Grétar hafi farið inn á klefa til Sævars þar sem Jónas hafi verið fyrir. Klukkan 21:30 var bókað í dagbókina að Grétar hafi lokið viðtali sínu við Sævar. Rannsóknargögn um viðtalið liggja ekki fyrir. Klukkan 20:45 var bókað um komu Birgis Þormars og Gísla Guðjónssonar í Síðumúlafangelsið. Klukkan 20:40 var bókað að Jónas hafi lokið samtali sínu við Sævar. Rannsóknargögn um samtali þeirra liggja ekki fyrir. Bókað var

¹⁹⁹⁹ Bls. 1868_B–C.

²⁰⁰⁰ Bls. 1875_A–B.

²⁰⁰¹ Dagbók nr. 6, bls. 33.

²⁰⁰² Bls. 1875_B.

klukkan 21:10 að Birgir Þormar og Gísli Guðjónsson hafi talað við Guðjón Skarphéðinsson. Bókað var að samtali þeirra hafi lokið klukkan 21:30 og á sama tíma hafi Guðjón verið færður á klefa sinn.²⁰⁰³

1035. Guðjón ritaði í dagbók sína sama dag um að hafa dormað fram eftir degi. Grétar hafi komið og viljað fá svör en að vanda hafi lítið verið frá honum að hafa. Ritaði Guðjón um heimsókn frá Birgi Þormars, dómara, og ungum sálfræðingi sem hafi viljað gera á honum lygamælipróf, „physiology stress detector“. Hann hafi spurt um fordæmi en fengið þau svör að þau væru ekki til. Ritaði Guðjón um að hafa sagst vilja ræða þetta við Benedikt, en að öðru leyti hafi hann gefið samþykki sitt fyrir prófuninni. Orðrétt ritaði hann: „Um er að ræða að lögr. vill ekki fallast á minnisleysi mitt, heldur sé þar um yfirhýlmingu að ræða. Ég hef ekkert á móti því að þetta sé athugað með nýjustu tækni.“ Ritaði Guðjón um að skilja sjónarmið lögreglumannanna afar vel. Hann gæti ekki búist við því að þeir tækju minnisleysi hans trúanlegu. Orðrétt ritaði hann: „Ekki væri nú amalegt að muna þetta allt og vita hvar líkið er og allt.“²⁰⁰⁴
1036. Á Þorláksmessu, 23. desember 1976, var bókað í dagbók Síðumúlafangelsisins klukkan 10:30: „Örn Höskuldsson f.l.tr. hringdi og spurði um afstöðu mína til lausagæslu til handa Sævari Marinó, c.a. 1 tíma á dag því var alfarið neitað einnig ræddi hann um að þá langaði til að umbuna Sævari samvinnu ágæta nú seinnipart hausts og þátt hans í því að rannsókn mála stendur nú í því sem hún er nú sagði hann að Jónas ætlaði að ritskoða Morgunblaðið Sævari til aflestrar, tók ég dræmt í þetta en svaraði því samt ekki beint neitandi.“ Bókað var klukkan 11:00 að Erla Bolladóttir hafi hringt og spurt eftir Sigurbirni Víði. Klukkan 13:30 var bókað um komu Guðsteins læknis sem hafi talað við Sævar og Guðjón meðal annarra. Bókað var að Guðjón fengi framvegis ekki Diazepam á kvöldin heldur tvær Mogadon og vísað til lyfjaskrár um frekari upplýsingar. Bókað var klukkan 14:00 að jólagjafir til gæsluvarðhaldsfanganna hafi borist frá Fíladelfíusöfnuðinum. Klukkan 15:45 var bókað í fangelsisdagbókina að Jónas hafi komið með Morgunblað handa Sævari, þrautlesið og úrklippt, eins og það var orðað í færslunni. Færsluritari lét þess getið að blaðið hafi ekki enn verið látið inn til Sævars og yrði ekki í bili. Klukkan 16:00 var bókað að Grétar hafi komið með bréf til Guðjóns sem þegar hafi verið yfirlesið. Fór Grétar inn á klefa til Guðjóns með bréfið. Klukkan 16:25 var bókað um skyndiheimsókn Sigurbjörns Víðis með ávexti og tóbak til Sævars. Klukkan 17:20 var bókað að Grétar hafi farið.²⁰⁰⁵ Rannsóknargögn um vitjun á klefa Guðjóns liggja ekki fyrir.
1037. Guðjón ritaði færslu í dagbók sína þennan dag um vitjun Guðsteins læknis og breytingu á lyfjum. Grétar hafi komið og þeir rætt um lík, fundarstaði, viðskilnað hans við þá félagi í Reykjavík og fleira. Orðrétt ritaði hann: „Spurning hvort það er ég einn sem veit hvar líkið er? Um það þarf ég mikið að hugsa.“ Ákveðið hafi verið að Grétar

²⁰⁰³ Dagbók nr. 6, bls. 33.

²⁰⁰⁴ Bls. 1868_C–D.

²⁰⁰⁵ Dagbók nr. 6, bls. 34.

myndi sækja hann daginn eftir og fara með hann niður í sakadóm þar sem hann fengi að hitta [GUÆ] og ef til vill [VÉS].²⁰⁰⁶

1038. Á aðfangadag, 24. desember 1976, var bókað í dagbók fangelsisins við Síðumúla að Grétar og Gísli Guðjónsson hafi sótt Guðjón klukkan 11:20 og flutt hann í Borgartún til viðtals við aðstandendur. Bókað var klukkan 12:55 að Jónas hafi komið til stefnumóts við Jón Oddsson, réttargæslumann Sævars, vegna samtals hans við Sævar. Klukkan 13:15 var bókað að Gísli Guðjónsson og Grétar hafi komið með Guðjón til baka í fangelsið. Fimm mínútum síðar var bókað að Sævar hafi verið færður fram til viðtals við Jón Oddsson, réttargæslumann sinn. Var Sævar færður inn á klefa sinn klukkan 14:45. Á sama tíma var bókað að jólagjafir hafi verið að berast til fanganna og sá háttur hafi verið hafður á að láta þá opna pakkana frammi undir eftirliti. Klukkan 15:00 var bókað í fangelsisdagbókina að Jónas hafi komið með „Moggann“ sem hann hafi ætlað Sævari. Bókað var að Jónas og Örn hafi sótt það mjög stíft að Sævar fengi að lesa blaðið sem hafi verið ritskoðað af Jónasi. Hafi Örn aftur hringt vegna þessa. Lét færsluritari þess getið að hann hafi bent Erni á að hafa einnig samband við Gunnar Guðmundsson, forstöðumann, vegna málsins þar sem þeir hafi báðir verið neikvæðir gagnvart þessu.²⁰⁰⁷ Í framhaldinu bókaði færsluritari um ákvörðun hans og Gunnars um að Sævar fengi umrætt Morgunblað til aflestrar í hæfilega langan tíma. Blaðið yrði afhent Sævari í umsjá varðstjóra sem sæi til þess að blaðið kæmi óskemmt til baka. Bókað var að séra Jón Bjarman hafi komið milli klukkan 21:20 og 23:00 og gengið á milli klefa og rætt við hvern og einn fanga stutta stund.²⁰⁰⁸
1039. Guðjón ritaði langa færslu í dagbók sína þennan dag. Ritaði hann um að hafa kviðið þeirri stundu að hitta [GUÆ] og [VÉS], en allt hafi gengið vel. Orðrétt ritaði hann: [GUÆ] [v]ildi eðlilega vita af málinu hún hefði verið svo grunlaus þessi elska og nú kvíðir hún löngum dómi, en hvatti mig til að segja allt af léttu en ég varð að segja eins og er að þetta hefði þurrkast út úr mínu heilabúi.“²⁰⁰⁹ Hafi þau talað lengi saman í viðurvist Grétars og Gísla sálfræðings. Guðjón ritaði um persónuleg málefni og fréttir af fjölskyldunni. Þá gerði hann grein fyrir öllum jólagjöfunum sem honum bárust í fangelsið.²⁰¹⁰ Ritaði Guðjón um að hafa aldrei lifað önnur eins jól, orðrétt ritaði hann: „Og skortir þar allan samanburð, í gjöfum, góðum óskum, gæsluvarðhaldseinangrun minni og þeim viðbjóðslegu ákærum sem ég þarf að svara fyrir.“²⁰¹¹
1040. Laugardaginn 25. desember 1976 var bókað í dagbók Síðumúlafangelsisins að [MÓ] hafi komið með desert handa Sævari klukkan 15:30.²⁰¹²
1041. Guðjón ritaði í dagbók sína, 26. desember 1976, um að líklegast yrði lítill friður milli jóla og nýárs; yfirheyrslur, sálkannanir og sannleikspróf. Ritaði hann um að þurfa að skrifa bréf til aðstandenda sinna, langt curriculum vitae fyrir sálfræðinginn sinn og

²⁰⁰⁶ Bls. 1868_D.

²⁰⁰⁷ Dagbók nr. 6, bls. 35.

²⁰⁰⁸ Dagbók nr. 6, bls. 36.

²⁰⁰⁹ Bls. 1875_C.

²⁰¹⁰ Bls. 1875_E.

²⁰¹¹ Bls. 1875_F.

²⁰¹² Dagbók nr. 6, bls. 36.

fleira. Hann hafi orðið eitthvað skríttinn af Chlorpromazine töflunum sem hann hafi fengið um kvöldið, hann væri ekki nægilega hress en þyrfti að skrifa.²⁰¹³

1042. Mánudaginn 27. desember 1976 var bókað í dagbók Síðumúlafangelsisins að Guðjón hafi verið færður í hornið til viðtals við Grétar klukkan 12:45. Bókað var klukkan 14:25 að Jónas og Jón Oddsson, réttargæslumaður Sævars, hafi farið inn á klefa til Sævars.²⁰¹⁴ Bókað var að Jónas og Jón Oddsson hafi farið klukkan 16:08. Klukkan 16:20 var bókað um komu Gísla Guðjónssonar, sálfræðings. Tíu mínútum síðar var bókað um komu Birgis Þormars, fulltrúa, sem hafi mætt til viðtals við Guðjón. Klukkan 16:43 hafi Benedikt Blöndal, réttargæslumaður Guðjóns, komið í fangelsið. Var Guðjón færður á klefa sinn klukkan 16:50.²⁰¹⁵ Rannsóknargögn um viðtal Grétars og Guðjóns liggja ekki fyrir önnur en ódagsett samantektarskýrsla, rituð af Grétari, með yfirheitinu: „Minnisatriði úr yfirheyrslum yfir Guðjóni Skarphéðinssyni þar sem ekki voru gerðar formlegar skýrslur.“ Í minnisatriði dagsettu þennan dag kom fram að Guðjón hafi sagt að sér fyndist sem hann hafi ekið austur Miklubraut í þeim tilgangi að koma líkinu fyrir. Guðjón hafi nefnt ýmsa staði í þessu sambandi; Ártúnshöfða, hitaveitustokk og opinn skurð við Dalbraut. Fram kom að Guðjón teldi að sínar uppástungur hafi allar verið taldar ónothæfar. Hann hafi skilið við þá þrjá í bifreiðinni, þar af einn látinn, fyrir utan heimili sitt. Minnti hann að Sævar hafi sagt eitthvað á þá leið að þeir myndu sjá um það sem eftir væri. Guðjón hafi sagst ekki muna eftir samtölum um að fara með líkið heim til Kristjáns, að hafa ekið Grettisgötuna eða sundið milli bakgarðanna. Hann myndi eftir að hafa ekið um Ásvallagötuna þar sem hann hafi átt heima. Kvaðst hann halda að Sævar hafi fengið lánaða hjá sér stunguskóflu. Mundi hann eftir gulri sendiferðabifreið fyrir utan heimili sitt síðari hluta dags og taldi að þar hafi verið um að ræða sömu bifreið og í Keflavík. Hafi Guðjón lýst klæðnaði sínum umrætt kvöld, hann hafi verið klæddur svörtum leðurjakka, ljósri ullarpeysu og sennilega brúnum molskinnsbuxum. Bókað var í skýrsluna að Guðjón hafi verið með umrædda ullarpeysu í fórum sínum sem hafi verið komið í vörslur Tæknideildar rannsóknarlögreglunnar. Buxunum hafi hann fleygt í Frakklandi 1975, en hann myndi ekki hvað hafi orðið af leðurjakkanum. Bókað var að haft hafi verið samband við fyrrum eiginkonu Guðjóns sem hafi talið líklegt að leðurjakkanum hafi verið fleygt.²⁰¹⁶ Sama dag, klukkan 17:45, var bókað í fangelsisdagbókina að Guðjón hafi verið færður fram til viðtals við Birgi Þormar, fulltrúa, Benedikt Blöndal, réttargæslumann og Gísla Guðjónsson. Bókað var að Guðjón hafi verið færður á klefa sinn klukkan 18:35.²⁰¹⁷ Rannsóknargögn um viðtalið liggja ekki fyrir.
1043. Meðal rannsóknargagna liggur fyrir handritað bréf Guðjóns með svörum við þremur spurningum: „1. Lambhóll? 2. Endalok í Rvík. 3. Sagði S. þér hvað hann gerði við líkið?“²⁰¹⁸ Sem svar við fyrstu spurningunni ritaði Guðjón um að Erla og Sævar hafi

²⁰¹³ Bls. 1875_G og 1875_I.

²⁰¹⁴ Dagbók nr. 6, bls. 37.

²⁰¹⁵ Dagbók nr. 6, bls. 38.

²⁰¹⁶ Bls. 1869–1870.

²⁰¹⁷ Dagbók nr. 6, bls. 38.

²⁰¹⁸ Bls. 1879–1881.

komið að Lambhóli og með þeim maður sem hann hafi kannast við sem hafi verið klæddur ljósum leðurjakka og ljósum buxum. Þau hafi gengið saman út í myrkrið. Þorði Guðjón ekki að fullyrða um hvort Sævar hafi farið með honum á Fiat bifreiðinni. Sem svar við spurningu tvö ritaði Guðjón um að hafa engan veginn tekist að glöggva sig á endalokum ferðarinnar í Reykjavík og það hafi áður komið fram. Honum þætti það leitt, en einangrunarvistin gerði hann sljórri og dauðari með hverjum deginum sem liði.²⁰¹⁹ Spurning þrjú væri að hans mati einkennileg. Hann hafi svarað henni sannleikanum samkvæmt fyrir dómi. Hafi Sævar sagt honum hvað hann hafi gert við líkið þá hlyti það að hafa verið 20. eða 21. nóvember 1974 eða þá á árinu 1975, en því miður hafi Sævar ekki gert hann að trúnaðarmanni sínum í hvorugu þessara mála. Sævar hafi haft næga skynsemi til að koma málum svo fyrir að sem fæstir vissu hvar margumrædd lík væru. Orðrétt ritaði Guðjón: „Herra vararíkissaksóknari og herra Schütz hafa í minni áheyrn slegið því föstu að fólk segi ekki ósatt eftir tólf mánaða gæsluvarðhald. Ef þetta er rétt og herra Sævar hefur gert sitt besta til að benda á þann stað þar sem hann kom margumræddu líki fyrir, en það samt ekki fundist, er aðeins hægt að draga af því þær ályktanir að: a) aldrei hafi verið um neitt lík að ræða. b) líkinu hafi verið stolið af Sævari og hann hafi ekki hugmynd um hvar það sé.“ Ritaði Guðjón um að það væri ekki í hans verkahring að svara þessum spurningum.²⁰²⁰

1044. Guðjón ritaði í dagbók sína þennan dag, 27. desember 1976, um að athafnalífið væri farið aftur í gang. Nú kæmu lögfræðingar, dómarrar, sálfræðingar og rannsóknarlögreglumenn að leita upplýsinga en hann myndi minna nú heldur en fyrir jól.²⁰²¹ Guðjón ritaði um að Grétar hafi komið um eittleytið með spurningar og skilið eftir handa sér biðstöðu sem leysa ætti úr daginn eftir. Orðrétt ritaði hann: „Flókin staða úr Keflavíkurferð og nú var næst á dagskrá þeir sálfr. Birgir d og Benedikt lögfr. Sannleiksprófið fer fram á fimmtudag eða föstudag og ég hef engu að tapa en allt að vinna. Spurningalisti verður lagður þar og svörin verða já eða nei. [...] Birgir dómari lagði fyrir mig ýmsar flóknar spurningar sem illt var að svara og nú er málinu svo komið að það mun kosta mig nokkur ár á Hrauninu. Segir Benedikt lögfr. Ef sannleikspr. fer illa má búast við löngum og þreytandi yfirheyrslum um aðdraganda að dauða Geirfinns. B. dómari spurði mig hvort ég væri hræddur við nokkurn? Af hverju ég hefði ekki farið af landi brott? Hvort mér liði ekki betur eftir að ég var tekinn? Ég vísaði til Dostojevskís.“ Í lok færslunnar sagði hann Grétar hafi fengið peysuna og farið með nammipoka til [SIGu] niður á Freyjugötu.²⁰²²
1045. Þriðjudaginn 28. desember 1976 var bókað í dagbók fangelsisins við Síðumúla að Grétar og Jónas hafi tekið Sævar til viðtals klukkan 13:00. Var Sævar færður á klefa sinn klukkan 13:55.²⁰²³ Rannsóknargögn um viðtalið liggja ekki fyrir önnur en samantektarskýrsla dagsett sama dag, rituð af Grétari. Í upphafi skýrslunnar var bókað að þeir hafi rætt við Sævar en formleg skýrsla hafi ekki verið gerð. Fram kom að Sævar hafi greint frá því að þegar líki Geirfinns hafi verið komið fyrir í Volkswagen

²⁰¹⁹ Bls. 1876.

²⁰²⁰ Bls. 1877–1878.

²⁰²¹ Bls. 1875_I.

²⁰²² Bls. 1875_J.

²⁰²³ Dagbók nr. 6, bls. 38.

bifreiðinni í Dráttarbrautinni hafi hann tekið undir fætur Geirfinns en Kristján Viðar og Guðjón tekið undir axlir hans. Á leiðinni frá Keflavík hafi verið rætt um hvað gera ætti við líkið og Kristján Viðar og Guðjón stungið upp á Álftanesi. Þegar komið hafi verið að Garðahreppi hafi verið ákveðið að fara með líkið heim til Kristjáns Viðars. Þegar líkið hafi verið borið út úr bifreiðinni hafi Kristján Viðar tekið undir axlir þess, en hann undir fæturna. Guðjón hafi ekki aðstoðað við að bera líkið. Bókað var orðrétt í samantektarskýrsluna: „Er Sævar var ítrekað spurður um þetta atriði þá breytti hann framburði og sagði að Guðjón hefði haldið undir líkið meðan Kristján var að opna kjallarahurðina.“ Fram kom að Sævar hafi sagst ekki muna eftir sendiferðabifreiðinni eða [SÓH] á Grettisgötunni þessa nótt. Sævar hafi áður sagt það samantekin ráð að bendla Klúbbmönnum við málið, en ítarlega aðspurður um það atriði og sérstaklega um þátt Guðjóns hafi Sævar sagst hafa nefnt þetta við Guðjón, en hann hafi ekki tekið þátt í ákvörðun um meinsæri. Taldi hann að þeir hafi rætt þetta á Mokka 20. nóvember 1974.²⁰²⁴

1046. Sama dag var bókað í fangelsisdagbókina klukkan 18:15 að Guðjón hafi verið færður til viðtals við Ingvar Kristjánsson geðlækni. Klukkan 19:40 var bókað að Guðjón hafi verið færður aftur á klefa sinn. Bókað var klukkan 21:00 að Sævar hafi fengið að tala við Jónas í síma, var þess getið að slíkt hafi áður verið leyft undir líkum kringumstæðum. Rannsóknargögn um símtalið liggja ekki fyrir. Klukkan 22:15 var bókað að Jónas hafi komið til að ræða við Sævar til klukkan 23:20, en þá hafi Sævar verið færður á klefa sinn aftur.²⁰²⁵ Rannsóknargögn um viðtalið liggja ekki fyrir.
1047. Meðal rannsóknargagna liggur ódagsett samantektarskýrsla, rituð af Grétari, með yfirheitinu: „Minnisatriði úr yfirheyrslum yfir Guðjóni Skarphéðinssyni þar sem ekki voru gerðar formlegar skýrslur.“ Í minnisatriði dagsettu þennan dag, 28. desember 1976, kom fram að Guðjón hafi verið spurður hvaða mann hann hafi séð koma að Lambhóli með Erlu og Sævari. Hafi Guðjón sagst halda að það hafi verið [IJ] sem hann hafi kannast nokkuð við.²⁰²⁶
1048. Guðjón ritaði færslu í dagbók sína þennan dag, 28. desember 1976. Ritaði hann um að Grétar hafi komið æðandi með spurningar, en hann hafi ekki haft nein svör. Hafi Grétar ætlað að koma aftur en ekki gert. Greindi Guðjón frá stuttu viðtali sínu við Ingvar geðlækni sem hafi verið indæll maður. Taka ætti af honum öll meðul fram á fimmtudag, föstudag þegar prófið mikla færi fram. Þá ritaði hann um bréfaskriftir.²⁰²⁷
1049. Miðvikudaginn 29. desember 1976 var bókað í dagbók fangelsisins að Grétar hafi komið klukkan 14:05 og tekið Guðjón til viðtals. Jónas hafi komið tíu mínútum síðar og blandað sér í viðtalið, líkt og það var orðað í færslunni.²⁰²⁸ Bókað var klukkan 16:45 að Örn Höskuldsson hafi komið og farið í hornið til þeirra þriggja sem þar væru. Klukkan 17:15 var bókað að Birgir Þormar hafi hringt og spurt eftir þeim í horninu, eins og það var orðað, en ekki talað við neinn þeirra. Á sama tíma hafi Jónas og Grétar

²⁰²⁴ Bls. 1882.

²⁰²⁵ Dagbók nr. 6, bls. 39.

²⁰²⁶ Bls. 1870–1871.

²⁰²⁷ Bls. 1882_B.

²⁰²⁸ Dagbók nr. 6, bls. 39.

farið inn á klefa númer 13 og rætt við Sævar. Fimm mínútum síðar var bókað að Jónas og Grétar hafi komið fram af klefa Sævars. Rannsóknargögn um vitjunina liggja ekki fyrir. Klukkan 18:00 var bókað að Grétar hafi farið í hornið þar sem Guðjón hafi verið fyrir hjá Erni Höskuldssyni. Fimm mínútum síðar var bókað að Örn og Jónas hafi farið af staðnum. Rannsóknargögn um yfirheyrslu yfir Guðjóni liggja ekki fyrir, önnur en ódagsett samantektarskýrsla, rituð af Grétari, með yfirheitinu: „Minnisatriði úr yfirheyrslum yfir Guðjóni Skarphéðinssyni þar sem ekki voru gerðar formlegar skýrslur.“ Í minnisatriði dagsettu þennan dag, 29. desember 1976, kom fram að Guðjón hafi sagt það rétt sem hann hafi sagt um manninn sem hafi komið með Erlu og Sævari að Lambhóli. En þar kynni hann að vera að rugla saman og væri ekki viss um að hafa séð [IJ] þarna. Hafi hann sagst muna óljóst eftir að hafa séð gulu sendiferðabifreiðina við Vatnsstíg í upphafi ferðarinnar. Mundi hann eftir því að hafa tekið þar við stjórn Volkswagen bifreiðar. Bókað var í skýrsluna að Guðjón hafi ekki munað eftir því að Sævar hafi sagt sér hvaða nafn hann hafi notað í samskiptum sínum við Geirfinn. Guðjón sagði það útilokað að hann hafi tekið þátt í umræðum um að blanda Klúbbmönnum við málið. Hugsanlegt væri að Sævar hafi sagt það í hans áheyrn og hann tekið undir það í hugsunarleysi, en hann hafi alls ekki tekið ákvörðun um þetta.²⁰²⁹ Eftir atburðina í Dráttarbrautinni hafi verið ekið um Keflavík í leit að Erlu. Mundi hann ekki eftir því að stöðvað hafi verið fyrir utan hús í Keflavík, en sagði það vel mögulegt. Sagðist Guðjón ekki hafa fundið að því við Sævar að Erla hafi farið af brott. Greindi Guðjón frá kynnum sínum af [IJ] og taldi að [IJ] hafi farið á eigin bifreið til Keflavíkur umrætt kvöld, hafi hann farið á annað borð. Bókað var að Guðjón hafi sagst alveg viss um að hafa ekki hitt Kristján Viðar eftir aðfaranótt 20. nóvember 1974 og því aldrei rætt við hann um að blanda Klúbbmönnum í málið. Sævar hafi aldrei sagt í sinni áheyrn hvað gert hafi verið við lík Geirfinns. Sagði hann það hugsanlegt að ekið hafi verið með líkið beint að Grettisgötu, en hann myndi ekki eftir því og þætti með ólíkindum að það hafi verið gert. Orðrétt var bókað í skýrsluna: „Í jan. 1976 hafi Erla komið heim til sín og [GUÆ] að Grettisgötu 31a. Hún hafi þá sagt langa sögu um Guðmundarmálið.²⁰³⁰ 2–3 dögum síðar hafi hann hitt Erlu niður í bæ og þá boðið henni inn á Tröð. Hún hafi þá sagt frá bátsferð og 8–9 mönnum sem væru við málið riðnir. Hún hafi verið í örvæntingarástandi og sagt að setið hafi verið um líf sitt. Hún hafi sagt við sig: „Ég vildi láta halda þér utan við þetta þar sem þú átt konu og börn.“ Hann hafi á þessum tíma varla áttað sig á við hvað hún átti.“²⁰³¹

1050. Klukkan 18:15 þennan dag, 29. desember 1976, var bókað í fangelsisdagbókina að Birgir Þormar hafi rætt við Guðjón í milliherbergi. Bókað var að Grétar hafi farið inn á klefa til Sævars milli klukkan 18:35 og 18:45. Rannsóknargögn um vitjunina liggja ekki fyrir. Bókað var að Grétar hafi farið klukkan 19:00. Bókað var að Birgir Þormar hafi lokið samtali sínu við Guðjón klukkan 19:05.²⁰³² Rannsóknargögn um viðtalið liggja ekki fyrir. Bókað var að Grétar hafi komið aftur um klukkan 21:00 og rætt við Guðjón. Klukkan 03:00 var bókað að Grétar hafi farið eftir að hafa áður lokið samtali

²⁰²⁹ Bls. 1871.

²⁰³⁰ Bls. 1872.

²⁰³¹ Bls. 1873.

²⁰³² Dagbók nr. 6, bls. 40.

sínu við Guðjón.²⁰³³ Rannsóknargögn um samtalið liggja ekki fyrir önnur en ódagsett samantektarskýrsla, rituð af Grétari, með yfirheitinu: „Minnisatriði úr yfirheyrslum yfir Guðjóni Skarphéðinssyni þar sem ekki voru gerðar formlegar skýrslur.“ Í minnisatriði dagsettu þennan dag, 29. desember 1976, var bókað eftir Guðjóni að Erla og Sævar hafi komið á Volkswagen bifreið að Lambhóli en hinn maðurinn gæti hafa komið á eigin bifreið. Hann hafi sagst minnst þess nú að hafa séð gulu sendiferðabifreiðina á leiðinni til Keflavíkur. Hún hafi verið stöðvuð við sjoppuna við Flugvallarveginn. Guðjón hafi sagst hafa ekið Volkswagen bifreiðinni þar inn á staðið og Sævar þá farið út að ræða við sendibifreiðastjóran. Þegar komið hafi verið í grennd við Hafnarbúðina hafi sendibifreiðin verið þar í nánd. Hafi Guðjón sagst hafa ekið í gegnum bæinn að Pípugerðinni. Verið geti að hann hafi ekið inn á milli húsa þannig að sést hafi í báta og því hafi hann sagt við þá tvo sem hafi farið út úr bifreiðinni: „Eruð þið sjómenn?“ Myndi hann ekki eftir að hafa sagt það, en það væri líkt hans orðalagi. Mennirnir tveir hafi verið töluvert langa stund í burtu. Guðjón hafi ekki vitað ástæðu þess, en sagt hugsanlegt að Sævar hafi talið áfengið geymt í húsunum í grennd við Dráttarbrautina. Næst hafi hann ekið í grennd við Hafnarbúðina þar sem hann hafi stöðvað bifreiðina í skamma stund.²⁰³⁴ Sagði Guðjón að sá sem hafi farið út úr bifreiðinni til að hringja í Hafnarbúðinni hafi örugglega ekki verið klæddur líkt og vitni hafi gefið lýsingu um og birt hafi verið í blöðum. Sævar hafi verið klæddur í svartan leðurjakka í umrætt sinn. Greindi Guðjón frá því að hafa sjálfur hleypt Geirfinni inn í bifreiðina. Síðan hafi þeir ekið um bæinn og svo í Dráttarbrautina. Viðskiptin hafi þá verið til umræðu en Guðjón sagst ekki muna eftir viðræðunum. Geirfinnur hafi haft áhuga á peningunum, en ekki getað eða viljað benda á spírann. Hafi Sævar verið harður á því að Geirfinnur vissi hvar spírinn væri geymdur. Sagðist Guðjón hafa stöðvað bifreiðina við hlið sendibifreiðarinnar þegar komið hafi verið aftur í Dráttarbrautina. Hafi þeir karpað um málið inni í bifreiðinni en síðan farið út. Geirfinnur hafi þá reynt að komast á brott og mundi Guðjón eftir því að hafa tekið í hann í þeim tilgangi að stöðva hann. Minnti Guðjón að Kristján Viðar hafi ekki komið aftur upp í bifreiðina eftir að hafa hringt úr Hafnarbúðinni og því hafi hann ekki verið viðstaddur þegar átökin hafi hafist. Átökin hafi verið snörp en Guðjón sagst ekki muna frekar eftir þeim. Gæti hann ekki lýst dánarorsök Geirfinns. Kvaðst hann þó muna eftir að hafa tekið Geirfinn hálstaki og taldi það geta hafa verið dánarorsök. Minntist hann þess að hafa kennt sjálfum sér um dauða Geirfinns á eftir. Mundi hann ekki eftir að hafa verið með spýtu eða séð aðra með spýtu. Kvaðst Guðjón hafa skoðað hendur sínar og föt, en ekki séð neitt blóð. Hins vegar hafi blettur verið á buxunum hans sem gæti hafa verið blóð.²⁰³⁵ Sagðist Guðjón minnst þess að daginn eftir, 20. nóvember 1974, hafi bifreið hans af gerðinni Fiat staðið en nokkru aftar en venjulega fyrir utan heimili hans. Bifreiðin hafi verið óhreinni en vanalega og mold á gólfi fyrir framan aftursætin. Bókað var í skýrsluna að á þessum tímapunkti hafi Guðjón verið spurður ítarlega um hvort hann hafi tekið þátt í að koma líkinu fyrir umrædda nótt. Guðjón hafi svarað því til að verið gæti að hann hafi ekið líkinu á þann stað þar sem

²⁰³³ Dagbók nr. 6, bls. 41.

²⁰³⁴ Bls. 1873.

²⁰³⁵ Bls. 1874.

því hafi verið komið fyrir. Líkið hafi þá verið tekið út úr bifreiðinni. Síðan hafi Volkswagen bifreiðinni verið ekið í grennd við þann stað þar sem hann hafi áður skilið við Fiat bifreið sína. Þar hafi verið skipt um bifreið, ekið að Ásvallagötu og náð í skóflurnar og ekið þaðan til baka þar sem líkið hafði verið skilið eftir og það grafið. Bókað var í skýrsluna að Guðjón hafi margítrekað verið spurður hvar líkið hafi verið grafið. Orðrétt var bókað: „[E]n hann kvaðst ekki muna það og ekki vera viss um að þetta væri rétt, heldur væri þetta hugsanlegt.“ Sagðist Guðjón vera viss um að ekki hafi verið kveikt í líkinu, enda hlyti hann að muna eftir því þar sem slíkt væri fáránlegt. Bókað var í lok skýrslunnar að Guðjón hafi fullyrt að hafa ekki flutt líkið síðar, og telja útilokað að aðrir hafi gert það.²⁰³⁶

1051. Meðal rannsóknargagna liggur fyrir upplýsingaskýrsla, dagsett sama dag, rituð af Grétari. Fram kom að Guðjón hafi í framburði sínum nefnt opinn skurð við Dalbraut og greint frá því að hafa lagt til að líki Geirfinns yrði komið þar fyrir. Þar sem Guðjón hafi sagt skurðinn hafa verið í tengslum við lagningu rafmagnskapals hafi verið haft sambandi við fulltrúa hjá Rafmagnsveitu Reykjavíkur sem hafi upplýst að jarðkapall hafi verið lagður um Dalbraut sumarið 1973 og mokað hafi verið ofan í skurðinn jafnóðum og verkinu hafi lokið það sumar. Var sérstaklega bókað í skýrsluna að Guðjón hafi ekki verið upplýstur um þetta.²⁰³⁷
1052. Fyrir liggur bréf, dagsett þennan dag, frá Guðjóni til [GUÆ]. Ritaði Guðjón um að það sem hægt væri að lenda í um ævina færi stundum langt fram úr lygilegasta skáldskap.²⁰³⁸ Ritaði hann um að hvorki mega né geta eða vilja skrifa henni neitt um málið. Málið væri á viðkvæmu stigi og aðstaða hans gæti varla versnað. Ritaði hann um æsku sína og samband sitt við föður sinn. Í lok bréfsins ritaði hann um að hann væri ekki í neinum móð til að skrifa, of margt utanaðkomandi væri að hrjá hann og kvelja. Hann sæti í rjúkandi rústum og vissi hvorki upp né niður í þessu Geirfinnsmáli. Orðrétt ritaði hann: „Hvað á þetta basl að þýða? Hvað varð af Geirfinni?“²⁰³⁹
1053. Guðjón ritaði í dagbók sína sama dag um að hafa vaknað við það að Grétar væri kominn. Ritaði Guðjón um að hafa skriðið fram úr hálfsofandi og heimtað kaffi. Jónas hafi komið líka og síðan hafi verið þvargað fram eftir degi. Örn hafi komið og rætt við sig um daginn og veginn.²⁰⁴⁰ Hann hafi sagt margt af miklu mannviti um framtíð og nútíð. Orðrétt ritaði Guðjón: „Hann vildi sérstaklega benda mér á að setja í mig hörku, brjóta niður stoltið og segja frá öllu.“ Hafi Örn sagt honum að athuga framtíðina þar sem hann vildi ekki hafa hann of lengi á Hrauninu, en þar væri samansafn af rónum og síbrotamönnum. Greindi Guðjón frá því að hafa spjallað við Birgi um stund. Þá ritaði hann um að hafa verið í langri og mikilli yfirheyrslu með Grétari eftir mat. Ritaði Guðjón um að enn skorti á sómasamlegar niðurstöður þrátt fyrir geysileg heilabrot og umþenkingu. Hafi hann farið að sofa klukkan 01:45.²⁰⁴¹

²⁰³⁶ Bls. 1875.

²⁰³⁷ Bls. 1883.

²⁰³⁸ Bls. 1884.

²⁰³⁹ Bls. 1884–1889.

²⁰⁴⁰ Bls. 1882_B.

²⁰⁴¹ Bls. 1890_A.

1054. Þennan dag birtist frétt í Alþýðublaðinu undir fyrirsögninni: „Geirfinnsmálið: Gæzluvarðhaldsfanga sleppt“. Fram kom að Örn Höskuldsson hafi staðfest það við blaðamann að Erlu Bolladóttur hafi verið sleppt úr haldi 22. desember 1976. Í fréttinni var dregin sú ályktun að framburður Erlu um að hafa skotið af byssu að Geirfinni hlyti þar af leiðandi að vera rangur.²⁰⁴²
1055. Fimmtudaginn 30. desember 1976 var bókað í dagbók fangelsisins við Síðumúla að séra Jón Bjarman hafi hringt klukkan 10:00 og spurt fréttu af líðan fanga.²⁰⁴³ Bókað var klukkan 15:45 að Guðjón hafi verið færður fram til viðtals við Grétar og Eggert. Klukkan 17:40 var bókað að Örn hafi komið í fangelsið og farið beint í hornið. Fór hann aftur klukkan 18:20. Klukkan 19:20 var bókað að gert hafi verið matarhlé á yfirheyrslu Guðjóns og hann færður inn á klefa sinn til að matast. Var yfirheyrslu framhaldið klukkan 21:00. Bókað var að Örn hafi komið aftur klukkan 22:50. Bókað var að Grétar, Eggert, Örn og Guðjón hafi farið úr húsi milli klukkan 23:00 og 23:30. Bókað var að Grétar, Eggert og Örn hafi farið klukkan 00:10. Rannsóknargögn liggja ekki fyrir hvorki um yfirheyrslu né ferðir Guðjóns þennan dag.
1056. Guðjón ritaði í dagbók sína sama dag um draumfarir sínar og bókalestur. Ritaði hann um að hafa vaknað þegar Eggert og Grétar hafi komið. Klukkan væri um 20:00 og þeir hafi látlaust rætt um hvar lík Geirfinns væri. Orðrétt ritaði hann: „Ýmislegt bendir til að ég sé að nálgast lausn málsins og m.a. það að ég skalf svo voðalega að ég ætlaði ekki að geta borðað.“²⁰⁴⁴ Síðan ritaði hann um að yfirheyrslan með Eggerti hafi verið löng og endað með för á knattspyrnuvöll Kópavogs þar sem hann teldi lík Geirfinns falið. Hann hafi farið með Erni dómara, Grétari og Eggerti.²⁰⁴⁵
1057. Þennan dag, 30. desember 1976, var á forsíðu Tímans birt frétt undir fyrirsögninni: „Hvorki vitni né líkfundur ómissandi – ef önnur sönnunargögn þykja nógu traust“.²⁰⁴⁶ Var þar vísað til viðtals inn í blaðinu við Jónatan Þórmundsson, prófessor í refsirétti við Háskóla Íslands. Svaraði Jónatan spurningum blaðamanns um ýmis lagaleg atriði sem snertu Guðmundar- og Geirfinnsmálin.²⁰⁴⁷
1058. Á gamlársgangi, 31. desember 1976, var bókað í dagbók fangelsisins við Síðumúla klukkan 12:20 að Gísli Guðjónsson og Gunnlaugur Sigurðsson hafi sótt Guðjón og flutt hann í sakadóm Reykjavíkur.²⁰⁴⁸ Bókað var að Guðjón hafi verið færður á klefa sinn klukkan 15:35. Rannsóknargögn liggja ekki fyrir um ferðir hans þennan dag. Bókað var að Grétar hafi sótt bréf frá fjölskyldu Guðjóns sem honum hafi síðan verið afhent.²⁰⁴⁹
1059. Guðjón ritaði færslu í dagbók sína þennan dag um að líða betur eftir langt grátkast. Orðrétt ritaði Guðjón: „Raddprófið fór fram í dag, mér finnst ég hafa gert vitleysu þar.

²⁰⁴² Bls. 1890.

²⁰⁴³ Dagbók nr. 6, bls. 41.

²⁰⁴⁴ Bls. 1890_A.

²⁰⁴⁵ Bls. 1890_B.

²⁰⁴⁶ Bls. 1891_A.

²⁰⁴⁷ Bls. 1891.

²⁰⁴⁸ Dagbók nr. 6, bls. 43.

²⁰⁴⁹ Dagbók nr. 6, bls. 44.

Yfirheyrslur undanfarið og þetta íþróttavallamál tekið á taugarnar.“ Ritaði hann um að Örn, Grétar og Eggert hafi verið á staðnum í dag og viljað ræða málið áfram. Hann hafi kannski talað óvarlega við Örn um stöðu hans og samband við Birgi Þormar. Velti hann því fyrir sér hvort það gæti haft einhverjar afleiðingar. Guðjón lýsti því í dagbókarfærslunni hvernig hann væri að brotna niður, vissi varla hvað hann hétu lengur. Hann vildi fá meðul en hafi engin svör um það fengið frá yfirfangaverði. Kalt væri í fangaklefanum. Hann hafi fengið bréf frá [GUÆ] og [SIGu]. Orðrétt ritaði hann í lok færslunnar: „Mikið vildi ég að Guð tæki mig til sín, ég er alveg að gefast upp. Amnesia. Hvar eru þessi lík? Hvernig á ég að vita það. Ég er með höfuðverk. Líður hræðilega.“²⁰⁵⁰

1060. Þennan dag birtist opnugrein í Morgunblaðinu um dóms- og sakamál ársins 1976 og var þar meðal annars til umfjöllunar Guðmundar- og Geirfinnsmál. Var gangur málsins á árinu 1976 rakinn og fullyrt að lausn Geirfinnsmálsins myndi liggja fyrir snemma á komandi ári. Meðal annars kom fram að nær fullvíst væri talið að Kristján Viðar hafi verið sá sem hafi hringt í Geirfinn úr Hafnarbúðinni. Hann líktist hins vegar ekkert leirhausnum sem gerður hafi verið eftir fyrirmælum afgreiðslustúlkna í Hafnarbúðinni þannig að leitin að „Leirfinni“ hafi verið alveg út í loftið.²⁰⁵¹
1061. Á nýársdag, 1. janúar 1977, var bókað að séra Jón Bjarman hafi komið og rætt við fangana milli klukkan 16:00 og 17:30.²⁰⁵²
1062. Sama dag ritaði Guðjón færslu í dagbók um mikla vanlíðan sína. Hann vissi ekki hvað myndi halda sér uppi ef ekki væri fyrir samtál sem hann ætti á mánudag og óljósar vonir um framtíðina. Samtál við séra Jón Bjarman hafi verið gott, hann hafi verið rólegur og yfirvegaður. Ritaði Guðjón um að hafa borið undir hann þessi mál um Örn og Birgi og fleiri en hann hafi sagt: „Enga samninga.“ Hann ætti að bera allt undir lögfræðing og Birgir Þormar væri sá dómari sem hann hefði. Ritaði Guðjón um að vera að missa vitið og á endanum myndi hann ekki vita lengur hvað hann hétu. Orðrétt ritaði hann: „Það er verið að reyna að semja við mig undir borðið. Reyna að blekkja uppúr mér upplýsingar sem ég jafnvel hef ekki. Hvað ætlar Örn sér? Af hverju steypist hann hér inn allt í einu?“ Þá ritaði hann um þýðingu tölustafsins sex. Hann væri veikur og hafi ofreynt sig í yfirheyrslum undanfarið. Hann ætti að tala við Grétar um efasemdir sínar um staðinn og útkomuna úr yfirheyrslum síðustu daga.²⁰⁵³
1063. Sunnudaginn 2. janúar 1977 ritaði Guðjón framhald á bréfi sínu til [GUÆ], dagsettu 28. desember 1976. Hann hafi ekki getað haldið áfram með bréfið fyrir því áramótin hafi alveg farið með hann. Hann lýsti bágu andlegu ástandi sínu. Hann væri alveg ruglaður, helst væri að dagbókin vissi eitthvað, en þar gæfi að líta ýmislegt fróðlegt. Vitnaði hann í nýjustu bók Halldórs Kiljan Laxness þegar hann ritaði orðrétt: „Vandinn við að skrifa er fölginn í því að þegja yfir nógu mörgu.“ Aðra góða kláusu væri að finna í bókinni um hvernig hægt væri að fara lengra í burtu frá því sem maður

²⁰⁵⁰ Bls. 1890_C.

²⁰⁵¹ Bls. 1892–1893.

²⁰⁵² Dagbók nr. 6, bls. 45.

²⁰⁵³ Bls. 1890_D.

ætla að nálgast með því að segja allan sannleikann um það. Hann hafi ætlað að segja allan sannleikann um sig í bréfinu til hennar og afhverju hann sæti ákæru fyrir andstyggilegan glæp. Hann hafi síðan týnt öllu saman á leiðinni og hafi endað austur í Hornafirði. Orðrétt ritaði Guðjón: „Þegar ég svo ætla að fara segja söguna af sjálfum mér, þá verður hún því meira þrugl þeim mun meira sem ég legg á mig að vera sannsögull. Að ekki sé nú talað um atburði einnar nætur 19/11–20/11 1974. Kannski þrjár til fjórar klst. Ég legg mig allan fram. Útkoman verður því miður æ meira þrugl og algerar fjarstæður. Svo kemur vel meinandi fólk og segir: „Vandalaust, segðu bara sannleikann.“ Já, það er nú bara það. Kemur enn sú gamla spurning. Hvað er sannleikur. Ekki þar fyrir væntanlega verður hægt að endurgera þessa atburði, þó svo einhver fyrirstaða sé á því einhvers staðar.“ Í bréfið ritaði Guðjón um endurminningar sínar og uppvaxtarár. Í lok bréfsins kom fram að dagbók hans þyknaði með hverjum deginum og vissi hann ekki hvar hann væri staddur án þess að halda slíka bók.²⁰⁵⁴

1064. Guðjón ritaði einnig færslu í dagbók sína þennan dag um langar andvökunætur og slæma andlega líðan. Orðrétt ritaði hann: „Mér finnst ég flæktur í einhvern ótrúlegan lygavef þar sem varla rofar til, sér aldrei heiðan himinn. Success is harder to swallow than failure. Gaman verður þegar búið er að upplýsa þetta Geirfinnsmál. Það er eitthvað bogið við það mál, sérstaklega þykir mér minnisleysi einkennilegt, þetta hefur aldrei hent mig ódrukkinn að muna ekki neitt. Hvað var þarna um að vera, fór ég aldrei 19/11 74 til Keflavíkur heldur eitthvert annað kvöld?“²⁰⁵⁵ Velti Guðjón fyrir sér hvaða erindi Benedikt, Birgir, Örn, Eggert og Grétar ættu við hann daginn eftir og spurði sig hvort eitthvað væri í uppsiglingu eða hvort eitthvað nýtt hafi komið fram. Bað Guðjón Guð að hjálpa sér ef blöðin væru eitthvað í líkingu við forsíðu Tímans sem hann hafi séð á Gamlársdag²⁰⁵⁶ og velti fyrir sér hvort ástæða væri fyrir [GUÆ] að fara úr landi með börnin. Ritaði hann um að vera búinn að snúa sólarhringnum við. Greindi hann frá hugsunum sínum um að Örn og þeir virtust ekki trúa framburði Sævars og Kristjáns Viðars í sambandi við líkflutninga úr Keflavík og fleira. Þarna væri gott gat fyrir hann. Þeir hafi viljað trúa honum og íþróttavellinum.²⁰⁵⁷
1065. Mánudaginn 3. janúar 1977 var bókað í dagbók fangelsisins við Síðumúla að Guðjón hafi verið færður í hornið til viðtals við Eggert klukkan 14:09.²⁰⁵⁸ Klukkan 17:08 var bókað að Benedikt Blöndal, réttargæslumaður Guðjóns og Birgir Þormar hafi rætt við Guðjón og Eggert hafi farið fram á meðan. Bókað var að Benedikt og Birgir hafi farið klukkan 17:50 og á sama tíma hafi Eggert haldið áfram yfirheyrslum yfir Guðjóni. Var Guðjón færður á klefa sinn klukkan 18:45.²⁰⁵⁹ Rannsóknargögn um yfirheyrsluna liggja ekki fyrir.
1066. Sama dag ritaði Guðjón færslu í dagbók sína um að lesa til að bægja frá sér óþægilegum hugsunum. Hann hafi þrasað við Eggert, síðan hafið viðræður við

²⁰⁵⁴ Bls. 1895–1900.

²⁰⁵⁵ Bls. 1890_D.

²⁰⁵⁶ Sjá bls. 1891_A.

²⁰⁵⁷ Bls. 1890_E.

²⁰⁵⁸ Dagbók nr. 6, bls. 46.

²⁰⁵⁹ Dagbók nr. 6, bls. 47.

Benedikt lögfræðing og Birgi Þormar. Ákveðið hafi verið að Birgir yrði áfram með hans mál. Ritaði Guðjón um að hafa sagt þeim frá tilboði Arnar Höskuldssonar. Hafi Benedikt sagst ef til vill gera fyrirspurn um það til Arnar. Guðjón ritaði um að sér þætti búið að rugla sig í málinu og óskað hann eftir því við Birgi að fá að lesa framburð sinn yfir aftur. Hafi Birgir dómari sagt honum að koma persónulegum skilaboðum til sín ef hann svo kysi. Hafi Birgir ætlað að ræða við Ingvar geðlækni um Chlorpromazine.²⁰⁶⁰

1067. Þriðjudaginn 4. janúar 1977 var bókað í dagbók fangelsisins við Síðumúla að Jónas hafi komið klukkan 16:30 með Morgunblaðið til Sævars.²⁰⁶¹
1068. Sama dag ritaði Guðjón færslu í dagbók sína um að hafa lesið dagbókina yfir. Það hafi verið ánægjuleg og fróðleg lesning og ritaði Guðjón um að sjá eftir að hafa ekki lesið hana yfir fyrr. Las hann um líðan sína og stöðu og framtíðarmöguleika. Ritaði hann um að lifa áfram þar sem ástandið gæti ekki versnað. Hann héldi jafnvel að sér væri að skána.²⁰⁶² Engin regla væri á neinu innan fangelsisins lengur. Klukkan væri eftir miðnætti og Mogadon töflurnar væru ókomnar. Ætlaði hann að kvarta við yfirvöld og bera fram óskir um að bætt yrði úr þessu hið snarasta. Velti hann fyrir sér hvernig hann yrði eftir 300 daga til viðbótar í fangelsinu. Þá ritaði hann um að enginn hafi talað við sig í dag.²⁰⁶³
1069. Á baksíðu Dagblaðsins þennan dag birtist frétt undir fyrirsögninni: „Geirfinnsmálið: Voru Klúbbmennirnir tengdir málinu fyrir hreina tilviljun?“ Í fréttinni var haft eftir heimildamanni blaðsins að einn banamanna Geirfinns hafi haft samband við hann undir nafninu Magnús Leópoldsson í þeim tilgangi að leita hófanna um viðskipti. Sennilegt væri talið að þessar viðræður hafi átt sér stað í Klúbbnum 17. nóvember 1974. Síðar hafi orðið samkomulag um það í síma að þessir menn myndu hittast við Dráttarbrautina í Keflavík. Misskilningur með aðilum hafi leitt til orðaskipta og síðar átaka sem á endanum hafi leitt til dauða Geirfinns. Fram kom að lík Geirfinns hafi verið flutt í hús í Reykjavík og þaðan upp í Rauðhóla fyrir ofan Reykjavík. Þar hafi líksins verið leitað mjög undanfarið, en án árangurs.²⁰⁶⁴
1070. Miðvikudaginn 5. janúar 1977 var bókað í dagbók Síðumúlafangelsisins að Jónas hafi komið með Morgunblaðið handa Sævari klukkan 16:30.²⁰⁶⁵ Klukkan 18:30 var bókað að Grétar hafi komið með bréf og fleira handa Guðjóni.²⁰⁶⁶ Sama dag var bókað í dagbók Hegningarhússins að Kristján Viðar hafi kveikt í klefa sínum klukkan 01:40. Slökkvilið hafi komið á staðinn klukkan 01:50 og farið klukkan 02:10. Hafi Kristján Viðar verið fluttur á slysideild Borgarspítala og þaðan í fangelsið að Síðumúla.²⁰⁶⁷ Í dagbók Síðumúlafangelsisins var bókað um símtal frá Erni klukkan 02:00 sem hafi beðið um klefapláss fyrir Kristján Viðar sem hafi verið í Hegningarhúsinu um tíma.

²⁰⁶⁰ Bls. 1901_A.

²⁰⁶¹ Dagbók nr. 6, bls. 48.

²⁰⁶² Bls. 1901_A–B.

²⁰⁶³ Bls. 1903_A.

²⁰⁶⁴ Bls. 1902.

²⁰⁶⁵ Dagbók nr. 6, bls. 48.

²⁰⁶⁶ Dagbók nr. 6, bls. 49.

²⁰⁶⁷ Dagbók Hegningarhússins, nr. 1, bls. 2.

Var það veitt. Klukkan 02:25 var bókað að þrír lögreglumenn hafi komið með Kristján Viðar í jánnum úr Hegningarhúsinu. Var þess getið að við nákvæma leit á Kristjáni Viðari hafi fundist rakvélablað og brot úr spegli. Bókað var klukkan 02:35 að hringt hafi verið í Örn vegna Kristjáns Viðars. Fimm mínútum síðar var bókað að hringt hafi verið til Haraldar Árnasonar, rannsóknarlögreglumanns, að beiðni Kristjáns Viðars. Á sama tíma hafi fangavörður verið kallaður út á aukavakt af öryggisástandum. Bókað var að Kristján Viðar hafi verið færður í hornið til viðtals við Harald klukkan 03:50.²⁰⁶⁸ Klukkan 04:30 var bókað að Kristján Viðar hafi verið færður á klefa númer níu. Bókað var að Haraldur hafi farið klukkan 07:10. Á sama tíma var bókað orðrétt í fangelsisdagbókina: „Þar sem að fanginn Kristján Viðar Viðarsson er ekki í andlegu ástandi góðu, þótti ekki ástæða til að hafa í klefa hans annað en teppi.“²⁰⁶⁹

1071. Fyrir liggur skýrsla um yfirheyrslu þennan dag yfir [BaS] leigubifreiðastjóra. Bókað var að hann hafi verið kallaður til yfirheyrslu vegna framburðar Sævars um að hann væri leigubifreiðastjórinn sem hafi nefnt við sig haustið 1974 að maður að nafni „Geiri í Keflavík“ væri viðriðinn sprúttölu. Vísað var til skýrslu yfir Sævari dagsett 9. desember 1976. Aðspurður sagði [BaS] það alveg öruggt að hann kannaðist hvorki við mann með þessu nafni né mann sem hafi haft með spíra að gera. Kvaðst hann ekki þekkja Sævar í sjón en þekkja Tryggva Rúnar og vera kunnugur Kristjáni Viðari.²⁰⁷⁰
1072. Fimmtudaginn 6. janúar 1977 var bókað í dagbók fangelsisins við Síðumúla að Örn hafi hringt klukkan 09:55 og spurt um líðan Kristjáns Viðars og hvað væri í klefa hans sem hann gæti hugsanlega skaðað sig með. Lét færsluritari þess getið að ekkert væri inni á kleanum nema teppi. Bókað var um kröfu Arnar um að setið yrði yfir Kristjáni Viðari vegna sjálfsvígstilrauna hans. Gat færsluritari þess að erfitt væri að verða við þeirri kröfu þar sem fangelsið væri undirmannað. Bókað var klukkan 13:45 að Jónas og Ívar hafi sótt Sævar og farið með hann í bíltúr.²⁰⁷¹ Var komið með Sævar til baka klukkan 15:30. Rannsóknargögn um bíltúrinn liggja ekki fyrir. Bókað var um símtal frá Erni klukkan 16:00 þar sem hann hafi ítrekað beiðni sína um stöðuga gæslu á Kristjáni Viðari. Færsluritari bókaði um neitun sína og tók fram að hann teldi starfsmenn fangelsisins sama sinnis. Hann hafi hringt í Gunnar Guðmundsson, forstöðumann, sem hafi verið algjörlega mótfallinn slíkri gæslu og aftekið með öllu að henni yrði sinnt, hvorki af fangavörðum eða starfsmönnum sakadóms Reykjavíkur. Gunnar hafi tekið að sér að hringja í Dómsmálaráðuneytið vegna málsins. Færsluritari bókaði um að hafa hringt í alla starfsmenn Síðumúlafangelsisins sem hafi allir verið mótfallnir því að taka þetta að sér, þrátt fyrir fjárhagslegan ábata. Í lok færslunnar var þess getið að Gunnar forstöðumaður hafi hringt og tilkynnt um að ekkert yrði af þessu. Bókað var klukkan 16:30 að Guðsteinn læknir hafi komið að beiðni Arnar til að líta á Kristján Viðar. Var þess getið að Guðsteinn hafi ekki séð neitt athugavert við Kristján en skaffað honum lyf, eins og það var orðað.²⁰⁷² Klukkan 16:50 var bókað að Guðsteinn hafi farið og á sama tíma hafi Haraldur farið inn til Kristjáns og rætt við

²⁰⁶⁸ Dagbók nr. 6, bls. 50.

²⁰⁶⁹ Dagbók nr. 6, bls. 51.

²⁰⁷⁰ Bls. 1903.

²⁰⁷¹ Dagbók nr. 6, bls. 51.

²⁰⁷² Dagbók nr. 6, bls. 52.

hann. Bókað var í fangelsisdagbókina klukkan 17:00 að Sigurbjörn Víðir, Ívar og Bjarnfríður Gunnarsdóttir, spjaldskrárritari í sakadómi, hafi komið með [JEM], dóttur Sævars. Orðrétt var bókað: „Og var hann sóttur í klefa sinn og leyft að sjá barnið, var þetta að öllu leyti ráðstöfun rannsóknarnefndar í stórmálum þeim er nú eru í rannsókn í sakadómi.“ Klukkan 18:10 var bókað að heimsókn Sævars hafi lokið og hann settur aftur á klefa. Klukkan 18:20 var bókað að Haraldur hafi komið frá Kristjáni Viðari. Rannsóknargögn um vitjunina liggja ekki fyrir. Bókuð var athugasemd í dagbók fangelsisins þess efnis að Kristján Viðar mætti reykja undir eftirliti fangavarðar eftir því sem tími væri til.²⁰⁷³ Klukkan 21:31 var bókað að Gunnar Guðmundsson, forstöðumaður hafi hringt og tilkynnt um að Kristján Viðar yrði fluttur í Hegningarhúsið aftur. Klukkan 22:30 var bókað að Sigurbjörn Víðir og Ívar hafi flutt Kristján Viðar í járnum í Hegningarhúsið.²⁰⁷⁴ Í dagbók Hegningarhússins var bókað að Kristján Viðar hafi verið fluttur klukkan 22:50 úr Síðumúlafangelsi aftur í Hegningarhúsið. Var þess getið að Bjarni Matthíasson, starfsmaður sakadóms, hafi setið yfir Kristjáni Viðar.²⁰⁷⁵ Í dagbók Síðumúlafangelsisins var bókað um símtal frá starfsmanni Hegningarhússins klukkan 23:15 sem hafi spurt um lyfjagjöf til Kristjáns Viðars.²⁰⁷⁶

1073. Fyrir liggur skýrsla rannsóknarnefndar Reykjavíkur, dagsett sama dag, með yfirskriftinni: „Atriði sem styrkja játningar“. Fram kom að kanna yrði hvort starfsmaður bílaleigunnar Geysis hafi lánað Sævari og Erlu ljósbláa Volkswagen bifreið. Undir yfirheitinu: „Rannsóknarleiðir“ voru settar fram spurningar. Hvort framburður sakkborninga um að hafa fengið bifreiðina afhenta án leigusamnings væri réttur. Hvort bifreiðin hafi verið afhent gegn því að Erla hreingerði íbúð. Hvort starfsmaðurinn hafi fengið 5.000 krónur frá Sævari. Loks var því velt upp hvort hægt væri að komast að því hvaða bifreið þetta hafi verið.²⁰⁷⁷ Þá liggur fyrir sams konar skýrsla um kápu Erlu. Fram kom að upplýsa þyrfti hvað hafi orðið um kápu Erlu sem var lögð yfir lík Geirfinns á leiðinni til Reykjavíkur. Þyrfti einkum að spyrja Sævar um kápuna. Undir yfirheitinu: „Rannsóknarleiðir“ sagði orðrétt: „Er það víst að S. hafi hent kápunni? Hvert?“²⁰⁷⁸
1074. Meðal rannsóknargagna liggur bréf rannsóknarnefndar Reykjavíkur, dagsett þennan dag, 6. janúar 1977, til Halldórs Þorbjörnssonar, yfirsakadómarar hjá sakadómi Reykjavíkur. Var bréfið merkt: „Mjög áriðandi“. Í efnislýsingu bréfsins stóð: „Varðar: Kæru á hendur Sævari Ciesielski og annarra vegna rannsókna á dauða Geirfinns Einarssonar.“ Í bréfinu kom fram að Kristján Viðar hafi á síðustu tveimur vikum reynt að fyrirfara sér. Hann hafi gert tilraunir til þessa í Hegningarhúsinu á tímabilinu 24. desember 1976 til 5. janúar 1977, annars vegar með því að skera sig á púls og hins vegar með því að kveikja í klefanum sínum. Fram kom að Kristján Viðar væri mjög mótstöðulítill á þessum tímamarki og óútreiknanlegur. Hætta væri á að hann myndi

²⁰⁷³ Dagbók nr. 6, bls. 53.

²⁰⁷⁴ Dagbók nr. 6, bls. 54.

²⁰⁷⁵ Dagbók Hegningarhússins, nr. 1, bls. 3.

²⁰⁷⁶ Dagbók nr. 6, bls. 54.

²⁰⁷⁷ Bls. 1904.

²⁰⁷⁸ Bls. 1908.

endurtaka þessar tilraunir sínar. Núverandi varsla Kristjáns væri ófullnægjandi, hann hafi verið fluttur aftur í Síðumúlafangelsið þar sem fangaverðir fylgdust með honum af og til. Bréfitari benti á að bæði væri það hörmulegt ef ungur maður léti lífið með þessum hætti en einnig myndi af því rísa margvíslegur vandi. Orðrétt var ritað: „Kærði er í hinu viðkvæma máli einn sá þýðingarmesti og jafnframt trúlegasti aðili.“²⁰⁷⁹ Þá liggur fyrir bréf Halldórs Þorbjörnssonar, yfirsakadómara, til Jón Thors, deildarstjóra hjá dómsmálaráðuneytinu, dagsett sama dag. Meðfylgjandi bréfi hans til ráðuneytisins var framangreint bréf rannsóknarnefndarinnar. Í bréfi Halldórs kom fram að erfiðleikar hafi verið á að koma á nauðsynlegri varðgæslu yfir Kristjáni Viðari vegna afstöðu forstöðumanns fangelsisins í Síðumúla. Þrýsti Halldór á að ráðuneytið kæmi því til leiðar að varðgæslu yrði komið á yfir Kristjáni.²⁰⁸⁰

1075. Fyrir liggur skýrsla lögreglunnar í Reykjavík, dagsett sama dag, um íkveikju Kristjáns Viðars í rúmdýnu sinni í Hegningarhúsinu. Fram kom að Kristján hafi verið fluttur á slysadeild Borgarspítalans til að ganga úr skugga um heilbrigði hans.²⁰⁸¹
1076. Guðjón ritaði færslu í dagbók sína sama dag um að hafa sig ekki í neitt nema lestur.²⁰⁸²
1077. Föstudaginn 7. janúar 1977 var bókað í dagbók fangelsisins við Síðumúla að Sævar hafi verið færður fram til viðtals við Grétar og Jónas klukkan 13:45. Bókað var að Sævar hafi verið færður aftur á klefa sinn klukkan 15:05. Fyrir liggur skýrsla um yfirheyrsluna þar sem fram kom að Sævar hafi verið sérstaklega spurður um fyrirmæli sem hann hafi gefið Geirfinni í síma fyrir fundinn í Hafnarbúðinni í Keflavík og hvort hann hafi sagt honum að koma einsamall og fótgangandi. Kvaðst Sævar hafa rætt við Geirfinn í síma áður en þeir hafi farið til Keflavíkur 19. nóvember 1974 og sagt honum að koma einsamall á stefnumótið. Sagði Sævar það öruggt að hann hafi beðið Geirfinn að koma fótgangandi. Aðspurður um miðana sem hann hafi skrifað nafn Geirfinns á í Klúbbnum og síðan símanúmer Geirfinns heima hjá Guðjóni sagðist Sævar hafa verið með stóra vasabók á sér í Klúbbnum, 17. nóvember 1974 og skrifað nafn Geirfinns á lausan miða úr vasabókinni. Kvöldið eftir, þegar hann hafi hringt heiman frá Guðjóni í Landssímann og fengið uppgefið símanúmer Geirfinns hafi hann bætt því inn á miðann. Hann hafi allavega haft símanúmer hans þegar hann hafi hringt í Geirfinn áður en lagt hafi verið af stað suður eftir að kvöldi 19. nóvember 1974. Kvaðst Sævar hafa rétt Kristjáni Viðari miðann þegar hann hafi farið inn í Hafnarbúðina til að hringja. Kvaðst Sævar hafa nefnt það við Kristján Viðar að segja Geirfinni að koma einn og fótgangandi. Kristján Viðar hafi síðan rétt honum miðann aftur þegar hann hafi lokið við að hringja í Geirfinn. Kvaðst Sævar þá hafa rífið miðann í sundur, kuðlað honum saman og hent honum út um gluggann á bifreiðinni. Minntist Sævar þess ekki að hafa skrifað hjá sér nafn og símanúmer Geirfinns á annan miða.²⁰⁸³ Aðspurður um afdrif kápu Erlu sem hann hafi borið um að hafi verið lögð yfir Geirfinn á leiðinni til Reykjavíkur kvaðst Sævar þegar vera búinn að greina frá því

²⁰⁷⁹ Bls. 1906.

²⁰⁸⁰ Bls. 1905.

²⁰⁸¹ Bls. 1907.

²⁰⁸² Bls. 1908_A.

²⁰⁸³ Bls. 1909.

að hafa gleymt kápunni heima hjá [BPP] á Bergþórugötu 20. eða 21. nóvember 1974. Það væri ekki rétt að hann hafi sótt kápuna aftur fljótlega. Hann myndi nú að kápan hafi verið hjá [BPP] þangað til hann og Erla hafi komið heim frá Kaupmannahöfn um vorið 1975, en þá hafi Erla beðið hann um að sækja kápuna. Greindi Sævar frá því að þegar hann hafi ætlað að sækja kápuna hafi systir [BPP] verið með hana. Kápan hafi verið í fatahengi heimilisins þegar hann hafi komið í seinna skiptið. Kvaðst Sævar hafa vitað að svartir blettir hafi verið á innanverðri kápunni. Þegar hann hafi skoðað þá betur hafi hann einnig fundið bletti á annarri erminni. Kvaðst Sævar hafa fleygt kápunni í sorptunnu við Bergþórugötu 27 þar sem hann hafi talið þetta blóðbletti eftir umrætt kvöld í Keflavík. Kvaðst hann hafa sagt Erlu að kápan væri týnd. Aðspurður um hversu mikið reiðufé hann hafi haft umleikis í nóvember 1974 kvaðst Sævar hafa átt í kringum 200.000 krónur 19. nóvember 1974. Hann hafi tekið 70.000 krónur með til Keflavíkur í 5.000 króna seðlum. Seðlarnir hafi verið í búnti með bréfaklemmu utan um.²⁰⁸⁴

1078. Þennan dag var bókað í fangelsisdagbókina klukkan 22:20 að bróðir Sævars hafi komið með sendingu til hans, brauð, bækur og fleira.²⁰⁸⁵
1079. Fyrir liggur skýrsla dagsett sama dag, 7. janúar 1977, um yfirheyrslu yfir [PÓI], milli klukkan 16:15 og 17:55. Bókað var að [PÓI] hafi verið beðinn um að greina nánar frá því þegar Geirfinnur sagði honum frá því að hann væri að fara á stefnumót. [PÓI] sagði Geirfinn aldrei hafa nefnt hverja hann væri að fara að hitta, en hafi sagst hafa fengið símtal um stefnumótið nokkru áður. Kvaðst vitnið ekki hafa spurt Geirfinn nánar út í þetta, en fengið sterklega á tilfinninguna að hann væri að fara að hitta einhverja sem hann þekkti eða hefði hitt áður. Geirfinnur hafi ekki nefnt nein nöfn en talað þannig að vitninu hafi fundist sem hann væri að fara að hitta fleiri en einn mann. Kvaðst [PÓI] muna að Geirfinnur hafi talað um að þetta væri allt eitthvað dularfullt, hann hafi átt að koma einn og fótgangandi. Á leiðinni í bifreiðinni hafi Geirfinnur sagt að betra hefði verið að mæta vopnaður barefli, en fannst vitninu hann hafa sagt það í gríni. Fannst honum sem Geirfinnur hefði sagt sér þetta í trúnaði og mundi að hann hafi sagt að [GSig] mætti ekki vita neitt um þetta. Hafi Geirfinnur farið út úr bifreiðinni áður en Hafnarbúðin hafi verið í sjónmáli. Greindi [PÓI] frá því að Geirfinnur hafi beðið hann um að taka sig með þegar hann færi í vinnuna suður í Sandgerði. Lýsti hann klæðnaði Geirfinns umrætt kvöld.²⁰⁸⁶ Neitaði [PÓI] því aðspurður hvort hann þekkti nöfnin „Geiri“ og „Maggi“ eða hvort hann hafi heyrt Geirfinn tala um menn með þeim nöfnum. Spurður um ferð í Klúbbinn 17. nóvember 1974 kvaðst [PÓI] ekki hafa orðið var við neitt sérstakt en hann hafi oftast verið einhvers staðar nálægt Geirfinni. Greindi hann frá því að Geirfinnur hafi rætt við mann í stiganum milli 2. og 3. hæðar Klúbbsins. Virtist [PÓI] sem þeir hafi þekkt og fannst honum sem hann hafi séð manninn áður, en gat þó ekki komið honum fyrir sig.²⁰⁸⁷ Lýsing [PÓI] á mannum í stiganum var orðrétt: „Þessi maður kom mér þannig fyrir sjónir, að hann væri um 25–

²⁰⁸⁴ Bls. 1910.

²⁰⁸⁵ Dagbók nr. 6, bls. 55.

²⁰⁸⁶ Bls. 1911.

²⁰⁸⁷ Bls. 1912.

30 ára að aldri, grannvaxinn og mér fannst hann vera hávaxinn þar sem hann sat, en ég veitti honum ekki nána athygli í fyrstu. Ég man að hann var frekar ljóshærður, eða skollhærður, en ekki man ég eftir klæðnaði hans.²⁰⁸⁸ Lýsti vitnið vinnutilhögun hans og Geirfinns dagana á eftir, 18. og 19. nóvember 1974. Kvaðst [ÞÓI] hafa komið að heimili Geirfinns um klukkan 07:45 að morgni 20. nóvember 1974, eins þeir höfðu rætt um kvöldið áður. Kvaðst [ÞÓI] hafa í fyrstu beðið fyrir utan og flautað, en síðan barið að dyrum og þá hafi [GSig] komið til dyra á náttslöppnum og tjáð honum að Geirfinnur hafi ekki komið heim um nóttina. Hafi þau rætt stuttlega saman. Kvaðst [ÞÓI] ekki muna eftir neinu öðru sérstöku í tengslum við málið.²⁰⁸⁹

1080. Meðal rannsóknargagna liggur skýrsla rannsóknarnefndar Reykjavíkur, dagsett sama dag, 7. janúar 1977, með yfirskriftinni: „Atriði sem styrkja játningar“. Fram kom að Sævar hafi borið um að hafa hringt í Geirfinn úr íbúð Guðjóns og þá hafi barn komið í símann og sagt faðir sinn ekki heima. Bókað var í skýrsluna að afla þyrfti öruggra upplýsinga um að barnið hafi tekið á móti símtalinu. Var því velt upp hvort eiginkona Geirfinns hafi mögulega verið viðstödd og þá hvort hún myndi eftir símhringingunni. Hvort barnið hafi verið eitt í íbúðinni og hvort hægt væri að afla frekari upplýsinga. Í lokin var bókuð sú spurning hvort Sævar og Guðjón gætu sagt til um hvað klukkan hafi verið þegar símtalið hafi átt sér stað.²⁰⁹⁰
1081. Meðal rannsóknargagna er svokölluð athugasemdaskýrsla rituð af Karli Schütz, dagsett þennan dag, 7. janúar 1977, til Arnar Höskuldssonar. Fram kom að [EBSk], fyrrum vinnuveitandi Geirfinns hafi þennan dag tilkynnt lögreglu um að konan hans hafi í nóvember 1974 fengið upphringingu frá ókunnugum manni sem hafi spurt um símanúmer Geirfinns. Bókað var í skýrsluna að þetta atriði yrði athugað sérstaklega. Í athugasemdaskýrsluna voru bókaðar hugleiðingar [EBSk] um mótívið að baki morði Geirfinns. Fram kom að [EBSk] hafi útilokað það með öllu að Geirfinnur hafi verið þátttakandi í óheiðarlegum viðskiptum eða haft kynni af fólki sem stæði í slíku. Bókað var að [EBSk] hafi fyrir löngu fengið þá hugmynd að Geirfinnur hafi ef til vill orðið fórnarlamb ægilegs misskilnings. Hann hafi verið tekinn fyrir rangan mann og ekki geta staðið undir þeim kröfum sem gerðar hafi verið til hans.²⁰⁹¹ Orðrétt var bókað í athugasemdaskýrsluna: „Athyglisvert er, að Skúlason hefur ekki fengið neinar ábendingar um það að kærðu hafa í millitíðinni einmitt játað þessum tilgátum hans um mótív til verknaðarins.“²⁰⁹²
1082. Meðal rannsóknargagna er sjöunda vikuskýrsla Schütz, dagsett sama dag, til Ólafs Jóhannessonar, dómsmálaráðherra. Í upphafi skýrslunnar kom fram að hann hafi komið úr jólaleyfi 4. janúar 1977 og hafið störf að nýju. Rakti hann niðurstöður frekari rannsókna Geirfinnsmálsins. Greindi Schütz frá framburði [SÓH] í smáatriðum, en athugasemdaskýrslan ber engar frekari upplýsingar með sér um framburði hans hjá

²⁰⁸⁸ Bls. 1914.

²⁰⁸⁹ Bls. 1913.

²⁰⁹⁰ Bls. 1914.

²⁰⁹¹ Bls. 1915.

²⁰⁹² Bls. 1916.

lögreglu.²⁰⁹³ Fullyrt var að framburður [SÓH] bæri í meginatriðum saman við framburði Kristjáns Viðars og Sævars og félli að öllu leyti inn í heildarmynd verknaðarins. Þar sem engar mótsagnir hafi komið upp við sannprófun á framburði hans hafi hann verið látinn laus úr gæsluvarðhaldi. Þá rakti Schütz í vikuskýrslu sinni til ráðherra að starfsmaður bílaleigunnar Geysis, sem nefndur hafi verið í vikuskýrslu nr. 6, hafi komið í leitirnar. Hafi hann viðurkennt fyrir lögreglu að hafa ansi oft lánað bifreiðar fyrirtækisins og stungið greiðslunum í eigin vasa. Orðrétt var bókað í skýrsluna: „Sá möguleiki er að hans sögn fyrir hendi að hann hafi lánað Sævari eða Erlu nokkrum sinnum bíl án þess að gera formlegan samning þar um – e.t.v. líka þann 19.11.1974. Hins vegar þykist hann ekki getað munað nákvæmlega eftir því hvort hann hafi lánað þeim bíl 19.11.1974.“²⁰⁹⁴ Fram kom að Guðjón hafi frá 31. desember 1976 valdið erfiðleikum við að upplýsa málið frekar. Fram kom að Guðjón hafi lýst því yfir við rannsakendur að hann vissi eiginlega alls ekki hvort hann hafi verið með í Keflavík eða ekki. Ritaði Schütz um að Birgir Þormar hafi í samstarfi við ungan sálfræðinema, sem áður hafi starfað í lögreglunni, undirbúið sálfræðiþróf sem hafi verið lagt fyrir Guðjón þennan sama dag, 31. desember 1976. Orðrétt var bókað í vikuskýrsluna: „Augsýnilega hét hann kærða því að niðurstaðan um það – hvort hann hefði verið með í Keflavík eða ekki – myndi liggja fyrir þann 12.1.1977.“ Fram kom að rannsóknarmenn nefndarinnar hafi orðið varir við algjöra breytingu á Guðjóni eftir sálfræðiþrófið. Hann hafi verið lokaður og sagt eitthvað á þessa leið: „Ég verð nú bara að hugsa mig um tvisvar. Ætti ég kannski að taka til baka allt sem ég hef sagt?“ Hafi Guðjón sagst ekkert vilja segja meira fram til 12. janúar 1977. Fram kom að Schütz hafi fengið gögn sálfræðiþrófsins afhent frá Birgi Þormars, en þó ekki svör Guðjóns.²⁰⁹⁵ Sagði hann Birgi hafa haldið áformum sínum leyndum og færst undan því að afhenda rannsóknarnefndinni prófspurningarnar. Lýsti Schütz því mati sínu að við sálfræðiþrófunina hafi atriði úr rannsókn málsins hafi verið sett fram með viðvaningslegum hætti sem hafi verið frekar til þess að hefða framgang rannsóknarinnar. Þætti honum augljóst að verið var að yfirheyra Guðjón um málið, en ekki framkvæma á honum vísindalega athugun um hvort hann væri refsiréttarlega ábyrgur, eins og það var orðað. Orðrétt kom fram: „Þessi „yfirheyrsla“ er hins vegar í algjörri mótsögn við þá stefnu sem rannsóknarnefndin hefur beitt til þess – með góðum árangri – og felst í því að sannfæra kærða um að það sé honum fyrir beztu að segja allan sannleikann og að svonefndar „minnisglompur“ hans séu ekki sannfærandi.“ Með sálfræðiþrófinu hafi Guðjóni verið gefnar hættulegar ábendingar, annars vegar hafi þátttaka í verknaðinum í Keflavík verið dregin í efa, „sem til þessa hefur verið margsinnis staðfest“, og hins vegar hafi verið talið að hindranir sem hann réði ekki við kæmu í veg fyrir tæmandi framburð hans. Schütz bókaði um sýnishorn af þeim prófspurningum sem höfðu verið lagðar fyrir Guðjón; „Fórstu til Keflavíkur þann 19.11.1974?“, „Veistu afhverju Erla Bolladóttir blandaði þér ekki í Geirfinnsmálið?“, „Hefurðu tekið þátt í morði?“ og „Áttir þú þátt í hvarfi

²⁰⁹³ Bls. 1917–1918.

²⁰⁹⁴ Bls. 1919.

²⁰⁹⁵ Bls. 1920.

Geirfinns?²⁰⁹⁶ Þá hafi Guðjón einnig verið spurður eftirfarandi spurninga: „Áttu erfitt með að átta þig á hvort þú eigir þátt í hvarfi Geirfinns?“, „Óttast þú um velferð einhvers ef þú skýrir nánar frá hvarfi Geirfinns?“, „Finnst þér þér vera ógnað af einhverjum ef þú skýrir nánar frá málinu?“ Loks hafi Guðjón verið spurður um örlög Guðmundar Einarssonar og lýsti Schütz yfir furðu sinni á því. Ritaði Schütz um að hið einhliða, ósamræmda atferli Birgis Þormars, hafi otað rannsóknaraðilum gegn hvor öðrum og það væri sérstaklega varhugavert. Taldi hann það skyldu sína að benda á þær hindranir sem rannsókn málsins stæði frammi fyrir.²⁰⁹⁷ Hafi þess verið að vænta að Guðjón myndi upplýsa um síðustu vafaatriðin, en nú væri búið að stefna í hættu frekari framvindu á rannsókn málsins. Í niðurlagi vikuskýrslunnar kom fram að Halldór Þorbjörnsson, yfirsakadómari, hafi ákveðið að leggja áframhaldandi dómsrannsókn á málum Guðjóns í hendur Arnar Höskuldssonar. Þá upplýsti Schütz um sjálfsvígstilraunir Kristjáns Viðars og sagði hann undir stöðugu eftirliti. Undir yfirheitinu: „Frekari ráðstafanir“ kom fram að byrjað væri á sannprófun vitna sem væru til að styrkja játningar í málinu. Þá væri nauðsynlegt að endurgera verknaðinn og yrði stefnt að því í næstu viku.²⁰⁹⁸

1083. Guðjón ritaði einnig í dagbók sína sama dag, 7. janúar 1977. Hann hafi verið kominn á ról um klukkan 15:00, sæmilega hress.²⁰⁹⁹ Ritaði Guðjón um að hafa ekki beðið um viðtal við Grétar. Grétar hafi minnst á það í gærkvöldi, en hann hefði ekki hug á að endurtaka það núna. Ritaði hann um kvöldmatinn og að klósettið hafi verið í ólagi. Þá ritaði hann orðrétt: „Ó, þessu er ekki hægt að lýsa, hræðilegt hvað hefur gerst, hvernig í ósköpunum. Ó, allir þeir dagar sem eiga eftir að koma og mjakast hjá. Og ég hér aleinn, ekki kvarta, ræfill. Þú getur sjálfum þér um kennt. Einhvern tímann gerist eitthvað, ef þú ætlar að halda áfram að lifa.“²¹⁰⁰
1084. Þennan dag birtist frétt á forsíðu Vísi undir fyrirsögninni: „Gæslufangarnir í Guðmundar- og Geirfinnsmálinu: Grunaðir um að vera valdir að þriðja mannshvarfinu.“ Fram kom að grunsemdir rannsóknarmanna um að fangarnir hafi verið viðriðnir að minnsta kosti eitt manndráp til viðbótar hafi vaknað við athugun á framburði þeirra um líkflutninga. Í framburðunum hafi margt bent til þess að um flutning á fleiri líkum en tveimur hafi verið að ræða. Þá sagði að Karl Schütz væri kominn aftur til starfa eftir leyfi. Unnið væri að ýmsum tæknilegum rannsóknum og sannprófunum, en öll meginatriði Geirfinnsmálsins lægju nú ljós fyrir.²¹⁰¹ Á baksíðu DV sama dag var að finna frétt sama efnis undir fyrirsögninni: „Liggur fyrir játning um þriðja morðið?“ Þar kom fram að lögreglan hafi undanfarið kannað afdrif ungs Færeyings sem hafi horfið hér á landi haustið 1974. Samkvæmt heimildum blaðsins hafi einn gæslufanganna í Guðmundar- og Geirfinnsmálum játað að hafa banað Færeyingnum. Í lok fréttarinnar kom fram: „Kann hér að vera komin skýringin á þeim

²⁰⁹⁶ Bls. 1921.

²⁰⁹⁷ Bls. 1922.

²⁰⁹⁸ Bls. 1923.

²⁰⁹⁹ Bls. 1908_A.

²¹⁰⁰ Bls. 1929_A.

²¹⁰¹ Bls. 1930.

- líkflutningum er ökumaður banamanna Guðmundar Einarssonar telur sig hafa tekið þátt í um miðjan september 1974.²¹⁰²
1085. Laugardaginn 8. janúar 1977 var bókað í dagbók Síðumúlafangelsisins að móðir Sævars hafi komið með sendingu til hans í fangelsið klukkan 20:00.²¹⁰³
1086. Fyrir liggur skýrsla rannsóknarnefndar Reykjavíkur, dagsett sama dag, með yfirskriftinni: „Atriði sem styrkja játningar“. Fram kom að Guðjón hafi borið um að hafa farið á Fiat bifreið tengdamóður sinnar að Lambhóli 19. nóvember 1974 þar sem hann hafi síðar hitt Sævar og Erlu. Undir liðnum: „Rannsóknarleiðir“ kom fram að ganga yrði úr skugga um að framburðurinn væri réttur með því að athuga hvort tengdamóðir Guðjóns hafi lánað honum bifreiðina umrætt kvöld. Í skýrsluna voru bókaðar spurningar til tengdamóðurinnar, svo sem hvort hún hafi tekið eftir óvenju miklum óhreinindum á og í bifreiðinni þegar henni hafi verið skilað.²¹⁰⁴
1087. Þennan sama dag var [LHG] yfirheyrð hjá rannsóknarlögreglunni. Fyrir liggur skýrsla um yfirheyrsluna þar sem fram kom að vitnið væri fyrrverandi tengdamóðir Guðjóns. Aðspurð um hvort hún hafi lánað Guðjóni bifreið sína 19. nóvember 1974 kvaðst hún alls ekki geta munað það. Hún hafi verið slæm til heilsunnar umrætt haust og ekið bifreiðinni lítið en Guðjón hafi oft fengið hana lánaða. Aðspurð um hvort bifreiðin hafi verið meira óhrein í eitt skiptið frekar en annað sagðist hún ekki muna það. Greindi vitnið frá því að hafa þurft að fara næstum daglega til læknis í nóvember 1974 og hafi hún þá venjulega fengið Guðjón til að aka sér.²¹⁰⁵
1088. Fyrir liggur skýrsla rannsóknarnefndar Reykjavíkur, ódagsett, með yfirskriftinni: „Atriði sem styrkja játningar“. Fram kom að í tilkynningu um hvarf Geirfinns hafi komið fram nákvæm lýsing á öllum klæðnaði Geirfinns. Undir yfirheitinu: „Rannsóknarleiðir“ segir að skrá þurfi nákvæmlega klæðnað Geirfinns 19. nóvember 1974 eftir klukkan 22:00. Spyrja þurfi Sævar, Kristján Viðar, Erlu og Guðjón nákvæmlega út í klæðnað Geirfinns. Hverju þau hafi tekið eftir í sambandi við klæðnað hans í bifreiðinni, þegar átökin hafi átt sér stað og loks þegar gengið hafi verið frá líkinu í kjallara hússins að Grettisgötu. Þá þurfi að rannsaka hvort sakborningarnir hafi tekið eftir einhverju sérstöku, til dæmis í sambandi við fatnað Geirfinns, þegar reynt hafi verið að brenna lík hans.²¹⁰⁶
1089. Meðal rannsóknargagna liggur fyrir skýrsla um yfirheyrslu þennan dag, 8. janúar 1977, yfir syni Geirfinns, [SJGe] og móður hans, [GSig]. Bókað var að þau hafi sérstaklega verið spurð um símtal sem hafi borist 18. nóvember 1974. Fram kom að sonur Geirfinns myndi ekki eftir því að hafa svarað í símann umræddan dag og svarað því til að faðir hans væri ekki heima. Aðspurð kvaðst [GSig] ekki minnst þess eða geta fullyrt um að [SJGe] hafi svarað í símann 18. nóvember 1974. Hins vegar hafi hann mjög oft svarað í símann, eins og barna væri vani. Minntist hún þess að spurt

²¹⁰² Bls. 1931.

²¹⁰³ Dagbók nr. 6, bls. 56.

²¹⁰⁴ Bls. 1932.

²¹⁰⁵ Bls. 1938.

²¹⁰⁶ Bls. 1935.

hafi verið eftir Geirfinni, en hann þá ekki verið heima. Aðallega hafi það verið kunningjar og vinnufélagar Geirfinns, en minntist hún þess ekki sérstaklega að ókunnugir hafi hringt og spurt eftir honum.²¹⁰⁷ Fyrir liggur önnur skýrsla um yfirheyrslu yfir [GSig] þennan dag. Bókað var að hún hafi verið beðin um að lýsa nákvæmlega fatnaði Geirfinns þegar hann fór að heiman 19. nóvember 1974 eftir klukkan 22:00 og hvort hann hafi haft einhverja muni með sér. Bókað var um nákvæmar lýsingar [GSig] á klæðnaði Geirfinns. Sagði hún Geirfinn hafa haft á sér svart seðlaveski, reykjarpípu með stórum haus, Raleigh píputóbak, armbandsúr með ljósri skífu og svartri leðuról með málmbólum.²¹⁰⁸

1090. Guðjón ritaði færslu í dagbók sína sama dag, 8. janúar 1977. Ritaði Guðjón um eftirstöðvar gæsluvarðhaldsins og að það yrði örugglega framlengt um 60, 90 eða 120 daga. Verst þætti honum að vita aldrei hvernig veðrið væri. Ritaði hann um að biðja einhvern um að kaupa fyrir sig almanak Þjóðvinafélagsins til að hafa upplýsingar um tunglstöðu og sjávarföll. Velti hann fyrir sér hvern hann ætti að biðja, því hann hitti aldrei neinn undanfarið. Orðrétt ritaði hann: „Aumingja mennirnir sem hafa orðið að vera upp í 13 mánuði í gæsluv.h.“²¹⁰⁹ Guðjón ritaði um að ekki væri von á neinum tíðindum fyrir en á mánudag, þá gæti verið að séra Jón Bjarman myndi líta inn. Orðrétt ritaði hann: „Skal nú eiga að fara að taka mig fastari tókum. Brjóta mig niður með því að tala ekki við, banna presti að koma, tefja fyrir bréfum og sendingum o.s.frv. Nei, tortryggingarugl. Ofboðslega getur maður orðið tortrygginn og hatursfullur í svona einangrun.“²¹¹⁰
1091. Sunnudaginn 9. janúar 1977 var bókað í fangelsisdagbókina að Jónas hafi komið klukkan 20:00 til að skoða sendingu til Sævars.²¹¹¹
1092. Fyrir liggur upplýsingaskýrsla, dagsett þennan dag, rituð af Eggerti um ferð á Hvolsvöll til að skoða Land Rover bifreið ásamt forstöðumanni tæknideildar rannsóknarlögreglunnar. Var eigendaferill bifreiðarinnar rakinn í skýrslunni og kom fram að samkvæmt upplýsingum úr bifreiðaskrá hafi Erla og Sævar keypt bifreiðina 14. nóvember 1974 en selt hana aftur 7. júlí 1975. Fram kom að forstöðumaður tæknideildar hafi rannsakað bifreiðina með tilliti til hugsanlegra ummerkja eftir blóð. Var rautt gólfteppi aftur í bifreiðinni fjarlæggt og sett í rannsókn. Í niðurlagi skýrslunnar var bókað að haft hafi verið samband við þann sem hafi keypt bifreiðina af Erlu og Sævari. Hafi sá upplýst um að teppi aftur í bifreiðinni hafi verið mjög óþrifalegt þegar hann hafi keypt bifreiðina og því hafi hann skipt því út. Á miðju teppinu hafi verið blettur, um 40 sentimetrar í þvermál. Vissi hann ekki hvers konar blettur þetta var, en hann hafi verið heldur dekkri en teppið sjálft, sem hafi verið rautt. Teppinu hafi verið fleygt fyrir löngu og því ómögulegt að komast að því hvar það væri niðurkomið.²¹¹²

²¹⁰⁷ Bls. 1933.

²¹⁰⁸ Bls. 1936–1937.

²¹⁰⁹ Bls. 1929_A.

²¹¹⁰ Bls. 1938_A.

²¹¹¹ Dagbók nr. 6, bls. 56.

²¹¹² Bls. 1948.

1093. Meðal rannsóknargagna liggur fyrir skýrsla Ármanns Kristinssonar, sakadómara, dagsett 9. janúar 1977, um könnun hans á I. hluta ákæruskjals dagsettu 8. desember 1976, í svokölluðu Guðmundarmáli. Við yfirferðina hafi verið stuðst við ákæruskjalið, tvö endurrit úr sakadómsbókum og dómskjöl númer 1 til 57. Fram kom að í rannsókn málsins hafi verið gengið býsna langt á vissum sviðum og í því sambandi nefnd blóðflokksrannsókn á Guðmundi Einarssyni. Væri það lofsvert, en á sama hátt yrði að þukla jafn þétt á öðrum þráðum málsins, eins og það var orðað í skýrslunni. Nær engin rannsókn hafi farið fram fyrir dómi í málinu. Að hluta til hafi lögreglurannsókn málsins verið vægast sagt afar sérstæð. Ekkert hafi verið gert til að reyna að samræma framburði aðila. Látið hafi verið undir höfuð leggjast að kanna veigamikil sönnunargögn og yfirheyra mikilsverð vitni. Í sérstökum kafla í skýrslunni er að finna hugrenningar dómarans við yfirllestur dómskjala. Fram komu athugasemdir um að ekkert hafi verið rætt við aðra íbúa hússins að Hamarsbraut 11 eða nágranna. Ekkert hafi verið rætt við leigusala um hvenær íbúðin hafi verið í útleigu og hverjir hafi verið leigutakar. Ósamræmi væri í gögnunum um hvenær Erla og Sævar hafi hafið búskap að Hamarsbraut. Benti sakadómari á að Sævar hafi verið handtekinn í byrjun febrúar 1974 vegna fíkniefnamáls. Afla þyrfti gagna úr þeirri rannsókn, svo sem hvort húsleit hafi þá verið framkvæmd og hvort lögreglumenn hafi orðið varir við blóð að Hamarsbraut 11. Þá yrði að afla gagna um hvort leigusali hafi orðið var við ummerki í íbúðinni þegar Erla og Sævar hafi flutt.²¹¹³ Sem sérstaka athugasemd ritaði sakadómari í skýrsluna: „Hvergi kemur fram, hvernig mál þetta kemst á rekspöl.“ Þá kom fram að ferill Guðmundar Einarssonar hafi hvorki verið kannaður né kunningskapur hans og Kristjáns Viðars. Athuga þyrfti tímamörk vitnisburða þeirra sem töldu sig hafa séð Guðmund í síðasta skipti. Í framburði vitna hafi verið talað um mann í gulri peysu. Velti sakadómari því upp hvort sá maður væri meðal ákærðu og hvort vitnum hafi verið sýndar myndir af ákærðu. Kanna þyrfti nánar hversu víðtæk leitinn að Guðmundi hafi verið og hvort hún hafi verið á líklegum urðunarstað. Minnst hafi verið á 60 sentímetra snjólag þegar leitinn hafi farið fram 29. og 30. janúar 1974 og velti dómari því fyrir sér hvort snjórinn hafi verið fallinn 27. janúar sama ár. Þá vakti hann athygli á því að svo virtist sem Erla Bolladóttir hafi verið yfirheyrd viðstöðulaust hjá lögreglu 20. desember 1975 frá klukkan 09:30 til klukkan 16:30. Benti sakadómari á að það fólk sem Erla hafi umgengist aðfaranótt 27. janúar 1974 og hafi síðan ekið henni heim að Hamarsbraut 11, hafi ekki verið yfirheyrt og listaði hann upp atriði sem spyrja þyrfti um.²¹¹⁴ Þá taldi hann að rannsaka þyrfti betur lýsingar ákærðu á lakinu og afdrifum þess. Staðreyna þyrfti með upplýsingum úr farþegaskrá hvenær nákvæmlega Sævar hafi komið heim frá Kaupmannahöfn og Amsterdam í janúar 1974. Þá væri þörf á að staðreyna framburð Sævars sem hafi fullyrt um að hafa hringt á leigubifreið um nóttina og þeir ákærðu hefðu ekið um í, meðal annars að nætursölu. Benti sakadómari á að framburðir Alberts Klahn frá 23. desember 1975 og Kristjáns Viðars frá 28. desember sama ár væru mjög keimlíkir um mörg atriði, svo sem um gerð bifreiðar, notkun farangursgeymslu og fleira. Velti

²¹¹³ Bls. 1939–1940.

²¹¹⁴ Bls. 1941.

dómarinn því upp hvort þeir hafi getað haft samband sín á milli. Gagnrýndi dómarinn þau vinnubrögð að einungis Kristján Viðar hafi lýst klæðnaði Guðmundar umrædda nótt, en aðrir ákærðu hafi ekki verið látnir lýsa hvorki útliti hans né klæðnaði. Um væri að ræða mikilsvert atriði til sönnunar á því að ákærðu og Guðmundur hafi verið saman þessa nótt.²¹¹⁵ Taldi dómarinn þörf á að kanna hvort Tryggvi Rúnar hafi fyrir umrædda nótt komið inn í íbúðina að Hamarsbraut 11, en í skýrslu hjá lögreglu hafi hann réttilega lýst herbergjaskipan. Gerði hann athugasemd við að Albert Klahn hafi verið yfirheyður sem vitni hjá lögreglu 23. desember 1975 og aftur 19. mars 1976, þegar hann var gæsluvarðhaldsfangi.²¹¹⁶ Vakti hann athygli á því að Kristján Viðar hafi fullyrt í framburði sínum hjá lögreglu að Sævar hafi tekið peningaveski Guðmundar, en það atriði hafi ekkert verið rannsakað nánar af lögreglu. Var það mat dómarans að spyrja þyrfti ákærðu frekar um tilurð mannsblóðs sem hafi fundist á gólfteppi í íbúðinni, í Volkswagen bifreiðinni og í frakka Kristjáns Viðars. Rannsaka þyrfti lækisfræðileg atriði málsins nánar, svo sem hvort Guðmundur hafi getað látist af einni hnífstungu án mikils blóðrennslis. Þá þyrfti að gaumgæfa sennileika framburðar Kristjáns Viðars um hnífstunguna. Orðrétt ritaði sakadómarinn: „Á dskj. nr. 41 er nokkuð rætt um „mótanlegur“ „formbar“ mannsaur og á dskj. nr. 1 segir Erla Bolladóttir að í lakinu hafi verið „linur og blautur mannsaur“. Kanna þarf veður um nóttina, hvort frostleysa hafi verið. Áður en sú rannsókn er framin, væri þó ef til vill ekki úr vegi að fá viðhlítandi svar við því, hvernig „mótanlegur“, „linur“, „blautur“ mannsaur kemst heill á húfi gegnum tvennar brækur?“ Þá væri þörf á að yfirheyra starfsstúlkur á Kópavogshæli miklu nánar og sýna þeim mynd af Guðmundi Einarssyni. Þá þyrfti að yfirheyra rækilega [GuG] og [SGÍ], en Sævar hafi borið um að hafa verið hjá þeim kvöldið 26. janúar 1974, ásamt Alberti Klahn. Vakti sakadómarinn athygli á því að af framburði Sævars á dóm skjali númer 44 virtist sem hann hafi haft samband við meðákærðu. Ósamræmi væri í framburði hans og Erlu. Fram kom að möguleg fjarvistasönnun Sævars hafi ekki verið könnuð, en hann hafi borið um að hafa verið í Hveragerði á umræddum tíma. Loks kom fram í skýrslunni að nauðsyn bæri til að yfirheyra [ViG], leigubifreiðastjóra, sem líklega hafi ekið ákærðu á umræddu tímabili.²¹¹⁷

1094. Guðjón ritaði færslu í dagbók sína þennan dag, 9. janúar 1977, um bókalestur, skákþrautir og skrif. Orðrétt ritaði hann: „Hvað skal hafa komið fyrir geðlækninn og yfirleitt alla. Ég hef ekki heyrt né séð neinn síðan á mánudag. Ætli ballið byrji ekki eftir helgi. Enda þýðir ekkert að röfla við mig minnislausan mann.“²¹¹⁸
1095. Mánudaginn 10. janúar 1977 var bókað í dagbók fangelsisins við Síðumúla að Sævar hafi verið færður í hornið til Jónasar og Ívars klukkan 13:20. Bókað var að Sævar hafi verið færður á klefa sinn klukkan 14:55.²¹¹⁹ Fyrir liggur samantektarskýrsla Ívars um yfirheyrsluna, dagsett sama dag. Fram kom að Sævar hafi verið spurður um símtalið úr íbúð Guðjóns 18. nóvember 1974. Sævar hafi sagst hafa hitt Guðjón um klukkan

²¹¹⁵ Bls. 1942.

²¹¹⁶ Bls. 1943.

²¹¹⁷ Bls. 1946.

²¹¹⁸ Bls. 1948_A.

²¹¹⁹ Dagbók nr. 6, bls. 56–57.

17:00 þann dag. Hélt hann að þeir hafi farið beint heim til Guðjóns. Hann hafi fyrst hringt í símanúmerið 03 til að fá uppgefið símanúmer Geirfinns og síðan hringt beint í Geirfinn. Þá hafi barn svarað og sagt að pabbi sinn væri ekki heima. Kvaðst Sævar halda að Guðjón hafi ekki verið nálægt þegar hann hafi hringt. Í lok skýrslunnar var bókað að Sævar hafi sagst hafa komið heim til Guðjóns um klukkan 17:30 og hringt fljótlega upp úr því.²¹²⁰

1096. Meðal rannsóknargagna liggur fyrir önnur samantektarskýrsla um yfirheyrslu yfir Sævari þennan dag, rituð af Ívari. Í skýrslunni kom fram að hann og Jónas hafi beðið Sævar um að greina nákvæmlega frá fatnaði Geirfinns í Keflavík, þegar hann hafi verið borinn inn á Grettisgötu 82 og síðan þegar líkið hafi verið brennt. Kvaðst Sævar muna það greinilega að Geirfinnur hafi verið í blárrí kuldaúlpu og dökkum flauelsbuxum þegar hann hafi komið inn í bifreiðina við Hafnarbúðina. Þegar átökin hafi átt sér stað í Dráttarbrautinni hafi hann tekið eftir því að rennilásinn á úlpu Geirfinns hafi verið renndur hálf leið upp. Bókað var að Sævar myndi ekkert eftir fatnaði Geirfinns hvorki þegar lík hans hafi verið sett inn í bifreiðina né þegar það hafi verið borið inn í kjallarann að Grettisgötu 82. Fram kom að þegar þeir hafi verið búnir að bera líkið inn í kjallarann hafi Kristján Viðar dregið það inn í geymsluna og sett það ofan á dót þar inni, hægra megin við dyrnar. Mjög mikið dót hafi verið inni í geymslunni. Þá hafi Kristján sett eitthvað tau yfir líkið. Bókað var í samantektarskýrsluna að Sævar hafi sagst hafa tekið líkið út úr geymslunni ásamt Kristjáni Viðari. Minntist Sævar þess ekki að hafa séð í fatnað Geirfinns á þeim tímamarki. Mundi hann óljóst eftir því að Kristján Viðar hafi þá verið búinn að vefja tauinu meira utan um líkið.²¹²¹ Þeir hafi bundið band utan um tauið og kvaðst Sævar halda að það hafi verið ljós trolltvinni eða svipað band. Rámaði Sævar í að Kristján Viðar hafi þá verið búinn að taka úlpuna af líkinu, hann hafi þó ekki séð neitt inni í geymslunni sem hafi tilheyrt líkinu. Hann og Kristján Viðar hafi borið líkið út í Land Rover bifreiðina og Erla hafi ekið. Þegar búíð hafi verið að moka gryfjuna, hafi líkið verið sett þar í, bensíni hellt yfir og kveikt í. Líklega hafi hann gert það. Sagðist Sævar ekki muna eftir að hafa séð neitt í líkið eða fatnað eftir íkveikjuna. Síðar hafi þeir mokað yfir líkið þar sem illa hafi logað í því. Í lok skýrslunnar var bókað að Sævar hafi sagst muna eftir einhverjum áverkum í andliti Geirfinns, taldi hann sig hafa tekið eftir þeim í Dráttarbrautinni.²¹²²
1097. Fyrir liggur samantektarskýrsla rituð af Jónasi um yfirheyrslu yfir Sævari þennan dag, 10. janúar 1977. Bókað var að Sævar hafi verið sérstaklega spurður um ferðir sínar aðfaranótt 20. nóvember 1974 eftir að hann kom frá Keflavík, en framburðir þar um hafi ekki verið á einn veg. Fram kom að Sævar hafi sagst hafa farið ásamt Guðjóni og Kristjáni Viðari upp í innri ganginn að íbúð Kristjáns þegar þeir hafi verið búnir að koma líkinu fyrir í kjallaranum. Kristján Viðar hafi gefið honum nokkrar róandi töflur sem hann hafi tekið inn. Kvaðst hann alls ekki geta munað fyrir víst hvort hann hafi gist í íbúðinni um nóttina eða hvar hann hafi sofið. Hann hafi ekki komið heim á

²¹²⁰ Bls. 1949.

²¹²¹ Bls. 1950.

²¹²² Bls. 1951.

Hjallaveginna fyrir en á milli klukkan 10:00 og 10:30 um morguninn. Sagði hann fyrri framburð sinn um að hafa gísta hjá Kristjáni Viðari ekki vera öruggan þar sem hann myndi ekki eftir nóttinni. Kvaðst hann ekki hafa orðið var við [SÓH] á Grettisgötunni. Aðspurður hvers vegna hann hafi fengið lánaðar skóflur hjá Guðjóni þegar þær hafi verið til reiðu á Grettisgötunni sagði Sævar að Guðjón hafi sagst hafa skóflur þegar þeir hafi rætt saman á Mokka 20. nóvember 1974 um að fela líkið. Mundi hann ekki sérstaklega hvers vegna skóflur hafi ekki verið teknar hjá Kristjáni. Hann og Erla hafi skilað skóflunum heim til Guðjóns nokkrum dögum síðar. Aðspurður um hvort teppi hafi verið á gólfinu í Land Rover bifreið hans og Erlu minnti Sævar að einhver teppisrenningur hafi verið aftur í. Mundi hann ekki eftir að blóð hafi verið sjáanlegt eftir líkflutninginn. Þá mundi hann ekki hvort þessi renningur hafi verið í bifreiðinni þegar þau síðan seldu hana.²¹²³

1098. Fyrir liggur skýrsla rannsóknarnefndar Reykjavíkur, ódagsett, með yfirskriftinni: „Atriði sem styrkja játningar“. Fram kom að Sævar hafi borið um að hafa reynt að hringja í Geirfinn úr sjoppu í Keflavík, en hafa horfið frá því þar sem of margt fólk hafi verið þar inni. Undir liðnum: „Rannsóknarleiðir“ var bókað að komast þyrfti að því hvaða sjoppa þetta hafi verið, hvort hún hafi verið opin umrætt kvöld og hvort eigandinn eða afgreiðslumaðurinn muni eftir Sævari.²¹²⁴ Meðal rannsóknargagna er samantektarskýrsla rituð af Ívari um yfirheyrslu yfir Sævari þennan sama dag, 10. janúar 1977. Bókað var að Sævar hafi verið spurður um sjoppuna í Keflavík. Fram kom að Sævar hafi sagst ætla að hringja í Geirfinn þegar þau hafi verið komin úr Dráttarbrautinni frá því að kanna þar aðstæður. Guðjón hafi þá ekið að sjoppunni sem hafi verið við Aðalstöðina, nær Njarðvíkunum. Fyrir utan hafi verið tvær bensíndællur. Þegar hann hafi komið inn í sjoppuna hafi hann séð að hann gæti ekki hringt, enda hafi margir verið þar inni. Kvaðst Sævar hafa sagt frá því í bifreiðinni að hafa ekki getað hringt og þá hafi Guðjón ekið að Hafnarbúðinni og Kristján Viðar farið inn til að hringja.²¹²⁵ Fyrir liggur önnur samantektarskýrsla rituð af Ívari um yfirheyrslu yfir Sævari þennan dag. Fram kom að Sævar hafi verið spurður hvort hann hafi vitað hvar Geirfinnur hafi unnið og hvort hann eða Guðjón hafi hringt til vinnuveitanda Geirfinns og spurt um símanúmer hans. Bókað var að Sævar hafi sagst ekki hafa hugmynd um vinnustað Geirfinns og neitað því alfarið að hafa hringt heim til vinnuveitanda hans. Vissi hann ekki til þess að Guðjón hafi gert það. Bókað var að Sævar hafi sagst einungis hafa vitað nafn Geirfinns og heimilisfang.²¹²⁶
1099. Bókað var í fangelsisdagbókina klukkan 15:25 að séra Jón Bjarman hafi komið með bækur, fjögur bréf og fleira handa Guðjóni. Hann hafi rætt við Guðjón í leiðinni. Bókað var að séra Jón hafi farið klukkan 16:15. Um sama leyti hafi Guðjón verið færður í hornið til Ívars og Grétars. Bókað var að Guðjón hafi verið færður á klefa sinn klukkan 17:15.²¹²⁷ Fyrir liggur skýrsla rituð af Ívari, dagsett sama dag, um yfirheyrslu yfir Guðjóni milli klukkan 16:20 og 16:55. Bókað var að Guðjón hafi verið spurður

²¹²³ Bls. 1952.

²¹²⁴ Bls. 2014.

²¹²⁵ Bls. 1954.

²¹²⁶ Bls. 1955.

²¹²⁷ Dagbók nr. 6, bls. 57.

um það hvenær dagsins 18. nóvember 1974 Sævar hafi notað símann í íbúð hans. Kvaðst Guðjón hafa unnið til klukkan 17:00 þennan dag, en ekki muna hvenær hann hafi hitt Sævar. Hann hafi komið með honum heim að Ásvallagötu og fengið afnot af símanum. Hann hafi ekki verið hjá Sævari þegar hann hafi hringt og vissi hann því ekki hvert hann hafi hringt. Í lok skýrslunnar var bókað eftir Guðjóni að klukkan hafi verið um 17:30 þegar þeir hafi komið heim og Sævar hafi hringt stuttu eftir það. Skýrslan var ekki undirrituð af Guðjóni. Bókuð var athugasemd um að Guðjón hafi neitað að skrifa undir þar sem hann hafi greint frá þessu atriði áður. Fram kom að Grétar hafi verið viðstaddur yfirheyrsluna.²¹²⁸ Meðal rannsóknargagna er önnur skýrsla rituð af Ívari um yfirheyrslu yfir Guðjóni milli klukkan 17:05 og 17:12. Bókað var að Guðjón hafi verið spurður um sjoppuna í Keflavík sem Sævar hafi farið í. Lýsti Guðjón því svo að þegar þeir hafi komið úr Dráttarbrautinni í fyrra skiptið hafi verið ekið fram hjá Aðalbílastöðinni í Keflavík og stöðvað við sjoppu sem væri nær Njarðvíkunum. Fyrir utan sjoppuna hafi verið tvær bensíndælur. Sævar hafi farið inn en kvaðst Guðjón ekki hafa vitað erindið, en margir hafi verið inni í sjoppunni. Neðst í skýrsluna var bókað að Guðjón hafi neitað að skrifa undir þar sem hann hafi greint frá þessu atriði áður. Var þess getið að Grétar hafi verið viðstaddur yfirheyrsluna.²¹²⁹ Fyrir liggur önnur skýrsla um yfirheyrslu yfir Guðjóni milli klukkan 17:20 og 18:10. Bókað var að Guðjón hafi verið beðinn um að lýsa nákvæmlega fatnaði Geirfinns 19. nóvember 1974. Fram kom að Guðjón hafi sagst draga það í efa að hann hefði nokkuð um þetta atriði að segja. Hann hafi ekki vitað hver Geirfinnur hafi verið og hafði aldrei heyrt hann nefndan. Kvaðst hann ekkert geta sagt til um það hvort maður sá sem hafi komið inn í bifreiðina í Keflavík hafi verið Geirfinnur. Kvaðst hann ekki hafa heyrt nafn hans nefnt. Gat hann ekkert lýst fatnaði mannsins sem kom inn í bifreiðina. Hann hafi áður greint frá því óljósa sem hann muni um atburðinn í Dráttarbrautinni. Myndi hann óljóst að þar hafi skeð einhver voðalegur atburður. Eina lýsingin sem hann hefði á fatnaði væri sú sem hann hafi lesið í Morgunblaðinu þegar greint hafi verið frá hvarfi Geirfinns. Mundi hann eftir að talað hafi verið um að Geirfinnur hafi verið klæddur í kuldaúlpu, minnti Guðjón að henni hafi verið lýst sem gráblárri. Þorði hann ekki að slá því föstu, hvort þessi lýsing væri úr blaðinu eða hvort hún væri á manningnum sem hafi komið inn í bifreiðina í umrætt sinn. Var sama athugasemd bókuð neðst í skýrsluna um að Guðjón hafi neitað að undirrita skýrsluna þar sem hann teldi sig hafa þegar verið búinn að tjá sig um þessu atriði. Var þess getið að Grétar hafi verið viðstaddur yfirheyrsluna.²¹³⁰

1100. Þá liggur fyrir svokölluð athugasemdashýrsla Schütz, dagsett sama dag 10. janúar 1977. Þar kom fram að Sigurbjörn Eiríksson og Magnús Leópoldsson hafi verið yfirheyrðir þennan dag vegna málsins. Bókað var að Sigurbjörn hafi mætt ásamt lögmanni sínum, Jóni Ólafssyni. Fram kom að hvorugum hafi verið kunnugt um hvort Geirfinnur hafi þekkt Magnús persónulega eða vitað nafn hans. Var Magnúsi ekki

²¹²⁸ Bls. 1956.

²¹²⁹ Bls. 1957.

²¹³⁰ Bls. 1958.

kunnugt um að Geirfinnur hafi drukkið ókeypis við einhvern bar í Klúbbnum.²¹³¹ Bókað var í athugasemdaskýrsluna um að Magnús hafi boðist til að rannsaka það atriði með leynd og tilkynna svo um árangurinn. Fram kom að Sigurbjörn hafi haft svipaða sögu að segja og Magnús. Aðspurðir um hvort þeir þekktu einhvern „Geira frá Keflavík“ neituðu þeir báðir. Í niðurlagi skýrslunnar kom fram að þeim hafi verið kynnt að þeir væru aðeins að aðstoða með vafaatriði. Spurningarnar hafi hvorki verið yfirheyrsla yfir kærðum aðilum né vitnum, af þeirri ástæðu hafi ekki verið tekin af þeim formleg skýrsla.²¹³²

1101. Fyrir liggur skýrsla rannsóknarnefndar Reykjavíkur, dagsett þennan dag, með yfirskriftinni: „Atriði sem styrkja játningar“. Fram kom að Guðjón hafi borið um að hafa lánað Sævari tvær skóflur til að grafa líkið. Undir yfirheitinu: „Rannsóknarleiðir“ var því velt upp hvar skóflurnar væru. Orðrétt var bókað: „Ef þær finnast þarf að fara varlega með þær vegna þess að jarðvegsleifar á skóflunum gætu gefið vísbendingar.“²¹³³
1102. Fyrir liggur samantektarskýrsla rituð af Grétari um yfirheyrslu yfir [EJ] þennan dag, 10. janúar 1977. Bókað var að Guðjón hafi sagst hafa fengið lánaðar skóflur hjá [EJ]. Var þess getið að systir Guðjóns væri tengdadóttir vitnisins. Greindi vitnið frá því að Guðjón hafi fengið lánaða hjá sér skóflu síðari hluta árs 1974. Minnti hann að um það leyti hafi Guðjón verið að flytja í íbúð þar sem hafi verið leki. Guðjón hafi fengið skófluna lánaða í um tvær vikur til að grafa eitthvað í því sambandi. Bókað var að Einar hafi afhent rannsóknarlögreglunni skófluna. Fram kom að hann hafi notað hana talsvert í garðvinnu sumrin 1975 og 1976, auk þess sem hann hafi mokað snjó með henni eftir að Guðjón hafi skilað henni.²¹³⁴
1103. Fyrir liggur skýrsla rannsóknarnefndar Reykjavíkur, dagsett sama dag, með yfirskriftinni: „Atriði sem styrkja játningar“. Fram kom að Sævar hafi borið um að Guðjón hafi verið samþykktur því að leggja fram peninga til þess að borga Geirfinni. Ekki hafi þó komið til þess þar sem Guðjóni hafi ekki tekist að útvega peningana. Bókað var undir yfirheitinu: „Rannsóknarleiðir“ að spyrja þyrfti Guðjón út í þetta og hvað hann hafi gert til þess að reyna að afla peninga.²¹³⁵
1104. Meðal rannsóknargagna liggur samantektarskýrsla, dagsett þennan dag 10. janúar 1977, rituð af Haraldi Árnasyni. Í skýrslunni kom fram að hann hafi rætt við [LiJ], starfsstúlku í veitingahúsinu Klúbbnum, en talið væri að hún hafi borið um að Geirfinnur hafi á áberandi hátt krafist drykkja í Klúbbnum og ekki greitt fyrir þá. Fram kom að [LiJ] hafi neitað því með öllu og sagst ekki hafa heyrt á þetta minnst. Hún hafi jafnframt greint frá því að þegar ljósmynd af Geirfinni hafi verið birt í dagblöðum hafi starfsfólk Klúbbsins rætt málið og enginn þeirra talið sig hafa séð Geirfinn eða veitt honum athygli meðal gesta Klúbbsins.²¹³⁶

²¹³¹ Bls. 1959.

²¹³² Bls. 1960.

²¹³³ Bls. 1961.

²¹³⁴ Bls. 1962.

²¹³⁵ Bls. 1963.

²¹³⁶ Bls. 1964.

1105. Guðjón ritaði færslu í dagbók sína þennan dag um líðan sína og lögskilnað. Ritaði hann um spjall sitt við séra Jón Bjarman. Orðrétt ritaði Guðjón: „Síðan þras við Ívar og Grétar. Ég neitaði að undirskrifa skýrslurnar, það þótti þeim grunsamlegt. Grétar heldur áfram í kvöld. Hann er argur út í mig, það er ég viss um.“ Ritaði Guðjón um mikla bókasendingu sem honum hafi borist og bréf sem Grétar ætti eftir að lesa yfir.²¹³⁷
1106. Þriðjudaginn 11. janúar 1977 var bókað í dagbók fangelsisins við Síðumúla að Sævar hafi verið færður í hornherbergið til yfirheyrslu hjá Sigurbirni Víði og Ívari klukkan 14:15. Tíu mínútum síðar var bókað að Sævar hafi verið færður á klefa sinn aftur. Rannsóknargögn um yfirheyrsluna liggja ekki fyrir. Bókað var klukkan 16:15 að Guðjón hafi verið færður fram til yfirheyrslu hjá Eggerti og Grétari. Var Guðjón færður aftur á klefa sinn klukkan 17:20. Rannsóknargögn um yfirheyrsluna liggja ekki fyrir. Bókað var í fangelsisdagbókina klukkan 18:30 að Jónas hafi komið með Morgunblaðið handa Sævari en farið strax aftur. Klukkan 18:45 var bókað að Birgir Þormar hafi sótt bréf sem hann hafi átt frá Guðjóni.²¹³⁸
1107. Fyrir liggur samantektarskýrsla, rituð af Ívari um yfirheyrslu yfir Erlu Bolladóttur þennan dag, klukkan 11:45. Bókað var að Sigurbjörn Víðir hafi verið viðstaddur yfirheyrsluna. Fram kom að Erla hafi verið beðin um að greina nákvæmlega frá fatnaði Geirfinns í Keflavík og þegar kveikt hafi verið í líki hans í Rauðhólum. Mundi hún ekki eftir fatnaði Geirfinns þegar hann hafi komið inn í bifreiðina við Hafnarbúðina. Þegar átökin hafi átt sér stað í Dráttarbrautinni hafi hún tekið eftir fatnaði hans og sagst muna það örugglega að Geirfinnur hafi verið í dökkri kuldaúlpu. Hún hafi síðan farið í burtu að skipun Sævars. Fram kom að Erla hafi greint frá því að tveimur dögum síðar hafi hún og Sævar farið að Grettisgötu 82. Hún hafi farið með Sævari upp í íbúð Kristjáns Viðars en þeir síðan farið frá og sagt henni að bíða. Eftir nokkurn tíma hafi þeir kallað í hana og hún þá farið út í Land Rover bifreiðina. Erla hafi þá séð innpakkaðan stranga aftur í bifreiðinni. Ekið hafi verið í Rauðhóla og þar hafi Sævar og Kristján Viðar grafið gryfju, sett strangann ofan í og hellt yfir hann bensíni og Sævar síðan kveikt í. Logað hafi illa í þessu og því hafi Sævar og Kristján Viðar mokað yfir. Hún hafi ekki séð í fatnað, enda hafi verið mikið myrkur. Umbúðirnar utan um líkið hafi verið eitthvað tau og eitthvað bundið utan um.²¹³⁹ Meðal rannsóknargagna er önnur samantektarskýrsla dagsett þennan dag um yfirheyrslu yfir Erlu klukkan 12:00. Aðspurð hvort Sævar hafi farið í sjoppu í Keflavík til að hringja og hvaða sjoppa það hafi verið sagði Erla hann hafa farið í sjoppuna við hliðina á Aðalstöðinni í Keflavík og talað um að hringja þar. Þegar hann hafi komið aftur í bifreiðina hafi hann talað um að of margt hafi verið inni í sjoppunni og hann hafi því ekki hringt.²¹⁴⁰
1108. Fyrir liggur samantektarskýrsla rituð af Jónasi, dagsett sama dag 11. janúar 1977, um yfirheyrslu yfir Erlu á skrifstofu rannsóknarlögreglunnar. Bókað var að Sigurbjörn

²¹³⁷ Bls. 1964_A.

²¹³⁸ Dagbók nr. 6, bls. 58.

²¹³⁹ Bls. 1966.

²¹⁴⁰ Bls. 1967.

Víðir hafi verið viðstaddur yfirheyrsluna. Fram kom að Erla hafi verið spurð um fjárhag Sævars. Aðspurð hvort hún hafi fengið leigða bifreið hjá bifreiðaleigu Karnabæjar gegn því að taka til hjá starfsmanni leigunnar hafi Erla sagst hafa einhvern tímamann í nóvember 1974 fengið þar Volkswagen bifreið lánaða og í staðinn hafi hún tekið til hjá afgreiðslumanninum. Hún hafi ekki munað dagsetninguna en sagði það geta hafa verið 19. nóvember 1974. Neitaði hún því aðspurð hvort hún hafi séð miða með nafni og símanúmeri Geirfinns í fórum Sævars.²¹⁴¹

1109. Meðal rannsóknargagna liggur samantektarskýrsla, dagsett sama dag 11. janúar 1977, um viðtal Ívars og Sigurbjörns Víðis við [MJón], afgreiðslumann í sjoppunni við Aðalstöðina í Keflavík. Fram kom að töluvert væri um að fólk kæmi og fengi afnot af símanum gegn borgun. Kvaðst vitnið hafa verið að vinna til klukkan 23:00 þriðjudaginn 19. nóvember 1974. Mundi hann ekkert eftir umræddu kvöldi og gat því ekkert sagt til um hverjir hafi komið í sjoppuna það kvöld.²¹⁴²
1110. Fyrir liggur skýrsla rannsóknarnefndar Reykjavíkur, dagsett sama dag, með yfirskriftinni: „Atriði sem styrkja játningar“. Fram kom að ókunnugur maður hafi hringt á heimili [EBSk], vinnuveitanda Geirfinns, í kringum 19. nóvember 1974 og spurt um símanúmer hans. Þegar eiginkona [EBSk] hafi sagst ekki vita númerið hafi maðurinn brugðist ergilegur við og sagt eitthvað á þá leið: „Ekki einu sinni símanúmer starfsfólks ykkar vitið þið.“ Undir yfirheitinu: „Rannsóknarleiðir“ kom fram að spyrja þyrfti eiginkonu [EBSk] út í símtalið. Þá þyrfti að spyrja Sævar og Guðjón um þetta atriði.²¹⁴³
1111. Þennan dag, 11. janúar 1977, fóru Sigurbjörn Víðir og Ívar til Keflavíkur og ræddu við eiginkonu [EBSk] vinnuveitanda Geirfinns, [ElG]. Bókað var að hún hafi verið spurð um símtal sem [EBSk] hafi greint Schütz frá 7. janúar 1977. Fram kom að vitnið teldi manninn sem hafi hringt hafa spurt um símanúmer hjá „Geira“, en kunningjar og vinnufélagar hafi kallað Geirfinn, „Geira“. Að hugsuðu máli taldi hún símtalið hafa borist einhverjum dögum fyrir 19. nóvember 1974.²¹⁴⁴
1112. Fyrir liggur skýrsla rannsóknarnefndar Reykjavíkur, ódagsett, með yfirskriftinni: „Atriði sem styrkja játningar“. Fram kom að kærðu í málinu hafi sum hver borið um að trilla hafi legið við bryggjuna í Dráttarbrautinni 20. nóvember 1974. Undir liðnum „Rannsóknaraðferðir“ var bókað að spyrjast þyrfti fyrir um þetta í Dráttarbrautinni.²¹⁴⁵ Sams konar skýrsla liggur fyrir meðal rannsóknargagna þar sem fram kom að kærðu í málinu hafi greitt Geirfinni högg með spýtum sem þau hafi látið að liggja að hafi verið á víð og dreif um Dráttarbrautina. Undir liðnum „Rannsóknarleiðir“ sagði að spyrja þyrfti stjórnendur Dráttarbrautarinnar út í þetta atriði.²¹⁴⁶ Fyrir liggur að Sigurbjörn Víðir og Ívar ræddu við tvo starfsmenn Dráttarbrautarinnar til að kanna hvort bátur eða trilla hafi verið þar við bryggju 19. nóvember 1974. Meðal rannsóknargagna

²¹⁴¹ Bls. 1976.

²¹⁴² Bls. 1968.

²¹⁴³ Bls. 1969.

²¹⁴⁴ Bls. 1970.

²¹⁴⁵ Bls. 1993.

²¹⁴⁶ Bls. 1994.

liggur skýrsla um viðtalið, dagsett 11. janúar 1977, þar sem fram kom að bátar hafi ekki verið geymdir við bryggjuna nema rétt á meðan verið væri að undirbúa þá fyrir upptöku í Dráttarbrautina. Útilokað væri að bátar eða trillur hafi verið geymdar þar næturlangt vegna þess að mikill munur væri á flóði og fjöru og alltaf einhver hreyfing við bryggjuna vegna sjávarstrauma. Samkvæmt bókhaldi fyrirtækisins hafi enginn bátur verið tekinn upp í Dráttarbrautina í nóvember 1974. Fram kom að flesta daga væri eitthvað af spýtum í Dráttarbrautinni þar sem þar færi fram viðgerð á trébátum. Samkvæmt fyrirliggjandi upplýsingum hafi verið hreinsað til í Dráttarbrautinni í maí 1974 og aftur ári síðar. Þess á milli hafi verið tekið til og rusl brennt.²¹⁴⁷

1113. Fyrir liggur skýrsla rannsóknarnefndar Reykjavíkur, ódagsett, með yfirskriftinni: „Atriði sem styrkja játningar“. Fram kom að Sævar hafi borið um að Geirfinnur hafi tekið á móti 70.000 krónum í bifreiðinni á leiðinni í Dráttarbrautina, en síðan kastað peningunum á gólf bifreiðarinnar. Undir heitinu: „Rannsóknarleiðir“ sagði að rannsaka þyrfti hvaðan Sævar hafi komist yfir þessa peninga, hvar þeir hafi verið geymdir og hverjir hafi vitað um geymslustað þeirra.²¹⁴⁸ Önnur sams konar skýrsla liggur fyrir meðal rannsóknargagna þar sem fram kom að [SÓH] hafi sagst hafa sofið í herbergi Kristjáns Viðar eftir Keflavíkurferðina og orðið var við það þegar Kristján Viðar hafi komið heim. Sævar hafi líka borið um að hafa sofið hjá Kristjáni Viðari, en [SÓH] hafi ekki viljað kannast við það. Væri um mótsögn að ræða sem spyrja þyrfti Sævar og Kristján Viðar út í.²¹⁴⁹
1114. Fyrir liggur skýrsla rannsóknarnefndar Reykjavíkur, ódagsett, með yfirskriftinni: „Atriði sem styrkja játningar“. Fram kom að dvalarstaður Erlu aðfaranótt 20. nóvember 1974 væri ekki nægilega upplýstur. Hún hafi borið um að hafa dvalið í „rauða húsinu“ frá um klukkan 22:30 til næsta morguns. Bókað var að um sex stiga hiti hafi verið umrædda nótt. Undir heitinu: „Rannsóknarleiðir“ kom fram að ræða þyrfti við eigendur eða umsjónarmenn hússins og fá fram upplýsingar um ástand hússins á þeim tíma.²¹⁵⁰ Meðal rannsóknargagna liggur samantektarskýrsla rituð af Ívari, dagsett 11. janúar 1977, um viðtal við [ÞoI], verkstjóra hjá Keflavík h/f og umsjónarmanni með svokölluðu „rauða húsi“. Greindi hann frá því að einungis veiðarfæri hafi verið geymd á fyrstu hæð hússins og svo hafi verið síðastliðin tíu ár. Engin breyting hafi farið fram á húsnæðinu á sama tímabili. Mjög algengt væri að húsið stæði opið og því væri mjög líklegt að það hafi verið opið 19. nóvember 1974. Kvaðst hann hafa komið oft í húsið haustið 1974 og ekki minnst þess að hafa séð þar neitt óvenjulegt, svo sem vindlingastubba eða ælu. Bókað var eftir vitninu að Haukur Guðmundsson, rannsóknarlögreglumaður hafi gert athuganir í húsinu í janúar eða febrúar 1976.²¹⁵¹
1115. Meðal rannsóknargagna liggur skýrsla rannsóknarnefndar Reykjavíkur, ódagsett, með yfirskriftinni: „Atriði sem styrkja játningar“. Fram kom að til þessa hafi viðskiptavinir

²¹⁴⁷ Bls. 1973–1974.

²¹⁴⁸ Bls. 1971.

²¹⁴⁹ Bls. 1972.

²¹⁵⁰ Bls. 1977.

²¹⁵¹ Bls. 1978.

í Hafnarbúðinni 19. nóvember 1974 ekki verið spurðir hvort maður eins og Kristján Viðar hafi komið inn í verslunina eftir klukkan 22:00. Einnig hafi Sævar borið um að hafa verið í fylgd með Kristjáni Viðari og keypt sígarettur og súkkulaði. Fram kom undir heitinu: „Rannsóknarleiðir“ að hafa þyrfti upp á umræddum viðskiptavinum og spyrja þá út í þessi atriði. Bókað var að Sævar og Kristján Viðar hefðu átt að vekja athygli viðstaddra þar sem þeir væru svo ólíkir að stærð. Var þess getið að til greina kæmi að leggja myndir fyrir vitnin.²¹⁵² Fyrir liggur samantektarskýrsla, dagsett 11. janúar 1977, rituð af Sigurbirni Víði um viðtal hans og Ívars við [HBÓ]. Fram kom að samkvæmt upplýsingum frá lögreglunni í Keflavík hafi [HBÓ] verið í Hafnarbúðinni í Keflavík að kvöldi 19. nóvember 1974. Bókað var að hún hafi setið við borð í Hafnarbúðinni ásamt tveimur piltum milli klukkan 21:30 og 23:30 umrætt kvöld. Mundi hún eftir því að þrír menn hafi komið inn til að hringja. Einn þeirra hafi verið um 20 ára gamall í bláum, hvítteinóttum jakka. Annar þeirra hafi verið í brúnum leðurlíkisjakka. Gat hún ekki gefið lýsingu á þeim þriðja. Bókað var að fleiri menn hafi komið inn í Hafnarbúðina sem hún hafi ekki séð þaðan sem hún hafi setið. Treysti hún sér ekki til að þekkja mennina aftur.²¹⁵³

1116. Meðal rannsóknargagna er upplýsingaskýrsla Sigurbjörns Víðis og Ívars, dagsett þennan dag 11. janúar 1977, um akstursmælingar á milli þeirra staða sem hafa komið fram við rannsókn Geirfinnsmálsins. Bókað var að við verkefnið hafi þeir ekið á Volvo fólksbifreið í eigu rannsóknarlögreglunnar í Reykjavík. Við tímamælinguna hafi þeir notað tvær skeiðklukkur og stillanlegan vegmæli bifreiðarinnar til að mæla vegalengdir á milli staða. Fram kom að þeir hafi stillt skeiðklukkur og vegmæli við brottför af hverjum stað og lesið svo af við komuna á þann næsta. Orðrétt var ritað: „Akstursleiðir milli staða völdum við sjálfir, að okkar mati, sem eðlilegastar milli staða, þar sem ekki liggur fyrir hvaða leiðir hafa verið eknar. Í tímamælingunni er ekki gert ráð fyrir þeim tíma, sem farið hefur í stans á hverjum stað.“ Skýrslunni fylgdi með skrá yfir veg- og tímalengd milli staða og akstursleiðir.²¹⁵⁴ Í skýrslunni kom einnig fram sá tími sem það tók rannsóknarlögreglumennina að ganga frá Pípugerðinni og niður að Dráttarbrautinni og aftur til baka. Meðfylgjandi skýrslunni var kort þar sem akstursleiðirnar höfðu verið merktar inn á.²¹⁵⁵ Þá liggur fyrir önnur skýrsla, rituð af Sigurbirni Víði, með töflu yfir áætlaðan komu- og brottfarartíma þar sem reiknað var með biðtíma í samræmi við framburð aðila. Orðrétt var bókað í skýrsluna: „Tekið verður tillit til þess, sem fram hefur komið í málinu, að aðilar hafi verið orðnir of seinir á stefnumótið í Keflavík og því reiknað með stuttum biðtíma á hverjum stað.“ Í skýrslunni sagði að fram hafi komið að áætlaður brottfarartími frá Kjarvalsstöðum hafi verið um klukkan 20:40 og því hafi verið gengið út frá þeirri tímasetningu við upphaf ferðarinnar. Rakið var í töflunni hvort reiknað hafi verið með biðtíma eða ekki og var biðtíminn þá áætlaður.²¹⁵⁶

²¹⁵² Bls. 1979.

²¹⁵³ Bls. 1982.

²¹⁵⁴ Bls. 1983.

²¹⁵⁵ Bls. 1984–1985.

²¹⁵⁶ Bls. 1986–1987.

1117. Sama dag var bókað í dagbók Hegningarhússins að Kristján Viðar hafi farið í yfirheyrslu klukkan 16:20 og komið aftur í fangelsið um klukkan 19:00.²¹⁵⁷ Rannsóknargögn um yfirheyrsluna liggja ekki fyrir.
1118. Fyrir liggja handritaðir punktar Grétars, dagsettir 11. janúar 1977. Fram kom að punktarnir hafi verið ritaðir að mestu á meðan hann hafi rætt við Guðjón þennan dag. Punktarnir voru að hluta til ritaðir í fyrstu persónu frásögn. Orðrétt ritaði Grétar: „Mér var sagt að skrifa ekki undir neitt. Það er ekki hægt að taka mál af dómara nema hann geri eitthvað af sér. Í fyrsta lagi er hægt að skipta um dómara þegar gæsluvarðhald rennur út. Birgir og Benedikt sögðu mér að skrifa ekki undir neitt. Ég varð undrandi, og vildi vita hver réði í málinu gagnvart mér. Þeir útskýrðu þá að Birgir réði.“ Fram kom að Guðjón hafi svarað því neitandi aðspurður hvort hann myndi skrifa undir skýrslu. Spurður um ástæðuna að baki þeirri stefnubreytingu hafi Guðjón spurt á móti hvers konar skollaleikur þetta væri með málið og spurt hvaða dómari réði. Hafi honum þá verið tjáð að Örn réði, en Birgir hafi unnið að hans þætti í málinu í upphafi. Guðjón hafi talið það lygi. Ritaði Grétar um að hafa rætt einslega við Guðjón nokkra stund. Orðrétt ritaði Grétar: „Honum var ekki sagt að málið hefði verið tekið af Birgi.“²¹⁵⁸
1119. Guðjón ritaði einnig færslu í dagbók sína þennan sama dag. Ritaði hann um að hafa vaknað þegar Grétar og Eggert hafi komið inn. Þeir hafi þrætt um hver væri dómari málsins og afhverju hann hafi ekki viljað undirrita skýrslurnar. Ritaði Guðjón um að hafa rifið kjaft. Hann yrði að ná sambandi við Birgi Þormar dómara og Benedikt lögmann. Ritaði hann um að hafa skrifað Birgi dómara bréf. Birgir hafi sótt bréfið en ekki haft tal af honum. Velti Guðjón því fyrir sér hvað kæmi út úr þessum dómaramálum. Orðrétt ritaði hann: „Það er eins og þeir séu orðnir hálfhræddir við mig!“ Þá ritaði hann bréfaskrif og bókalestur.²¹⁵⁹ Í lok dagbókarfærslunnar ritaði Guðjón: „G. var í dag að tala um forréttindi mín. Hinir hefðu ekki haft þau, a.m.k. ekki í fyrstu. Var hann að hóta að taka þau af mér. En ég las í hug hans. Aumingja strákurinn.“ Síðar ritaði hann: „Nú verða læti á morgun. Jæja, við skulum sjá til hvað gerist.“²¹⁶⁰
1120. Miðvikudaginn 12. janúar 1977 var bókað í dagbók fangelsisins við Síðumúla að Grétar og Jónas hafi farið með Sævar klukkan 13:10. Klukkustund síðar var bókað um símtal frá Jóni Oddssyni, réttargæslumanni sem hafi spurt eftir Jónasi. Hafi Jón sagt peninga til Sævars vera til reiðu í Asparfelli 12. Bókað var klukkan 15:03 að Jónas hafi komið til baka með Sævar. Rannsóknargögn um ferðir Sævars liggja ekki fyrir. Fyrir liggur samantektarskýrsla Jónasar dagsett þennan dag, um að hafa ásamt Grétari spurt Sævar sérstaklega að því hvort hann hafi séð bát við bryggjuna í Dráttarbrautinni. Bókað var að Sævar hafi svarað því til að hann hefði engan bát séð þar og sögurnar um bátinn hefðu verið uppspuni.²¹⁶¹ Jafnframt liggur fyrir meðal rannsóknargagna uppdráttur, gerður af Sævari, sem hann hafi sagt sýna atburðarásina

²¹⁵⁷ Dagbók Hegningarhússins, nr. 1, bls. 6.

²¹⁵⁸ Bls. 1991.

²¹⁵⁹ Bls. 1991_A.

²¹⁶⁰ Bls. 1991_B.

²¹⁶¹ Bls. 1992.

af átökunum í Dráttarbrautinni í Keflavík 19. nóvember 1974.²¹⁶² Klukkan 17:00 var bókað að Jónas og Grétar hafi farið með Guðjón.²¹⁶³ Bókað var að Grétar hafi komið til baka með Guðjón klukkan 17:40. Rannsóknargögn liggja ekki fyrir um ferðir Guðjóns. Bókað var klukkan 21:25 að Grétar hafi komið og sótt tvö bréf frá Guðjóni til Benedikts Blöndals, hæstaréttarlögmans.²¹⁶⁴

1121. Þennan dag var bókað í dagbók Hegningarhússins að um klukkan 13:00 hafi komið fyrirskipun frá Erni Höskuldssyni um að klefinn hjá Kristjáni Viðari og gæslumanni hans yrði hafður opinn. Bókað var að Kristján Viðar hafi þá verið færður af klefa númer sjö yfir á klefa númer átta. Þá var bókað að Kristján Viðar hafi verið færður til yfirheyrslu klukkan 15:30 og komið hafi verið með hann í fangelsið klukkan 18:00 ásamt tveimur varðmönnum.²¹⁶⁵ Rannsóknargögn um yfirheyrslu yfir Kristjáni Viðari þennan dag liggja ekki fyrir.
1122. Meðal rannsóknargagna liggur fyrir skýrsla rannsóknarlögreglunnar í Reykjavík, rituð af Nirði Snæhólm, dagsett 12. janúar 1977, um upplýsingar um Guðmund Einarsson. Fram kom að skýrslan hafi verið unnin að beiðni Gunnlaugs Briem, sakadómara í Reykjavík.²¹⁶⁶ Meðfylgjandi voru skýrslur um yfirheyrslur yfir [EB], föður Guðmundar, [ÁP], æskuvini hans og [PSn], vinnuveitanda Guðmundar. Í skýrslunum kom fram að Guðmundur hafi bragðað áfengi, en hann hafi aldrei notað lyf. Hann hafi verið rólegur og skapstilltur að eðlisfari. Guðmundur hafa verið sterkur, en forðast slagsmál. Fram kom að Guðmundur og Kristján Viðar hafi verið saman í bekk í Austurbæjarskóla. Þeir hafi þekkt og leikið sér saman í barnaskóla. Greindi [ÁP] svo frá að Guðmundur og Kristján Viðar hafi stolið saman gosflöskum frá Ölgerðinni þegar þeir voru um tólf eða þrettán ára gamlir. Sagði hann Kristján Viðar örugglega ekki hafa verið á ballinu sem hann og Guðmundur hafi verið á í Hafnarfirði nóttina sem Guðmundur hvarf.²¹⁶⁷
1123. Guðjón ritaði í dagbók sína þennan dag, 12. janúar 1977, um að hafa verið vakinn klukkan 17:00 þar sem hann ætti að fara út. Spurði hann sig hvað væri nú í gangi. Orðrétt ritaði Guðjón: „Leiddur fyrir yfirsakadómara Halldór Þorbj. Hann segir að B. sé ekki frekar dómari minn í þessu máli. Það sé á rannsóknarstigi. Ég skýri mínar ástæður og vill að B. Blöndal sé settur inn í málið. G. er einn viðstaddur. Virðist svo að B. Þ. og B. Bl. hafi að marki farið með rangt mál við mig.“ Í lok færslunnar ritaði hann um að hafa skrifað Benedikt Blöndal, réttargæslumanni sínum, og óskað skýringa.²¹⁶⁸
1124. Þennan dag birtist frétt á baksíðu Dagblaðsins undir fyrirsögninni: „Geirfinnsmálið: Í haldi í 20 tíma“. Fram kom að ungum Reykvíking sem hafi starfað við bílamálun, hafi verið haldið í allt að 20 klukkustundir vegna rannsóknar Geirfinnsmálsins. Maðurinn

²¹⁶² Bls. 2007.

²¹⁶³ Dagbók nr. 6, bls. 59.

²¹⁶⁴ Dagbók nr. 6, bls. 60.

²¹⁶⁵ Dagbók Hegningarhússins, nr. 1, bls. 6.

²¹⁶⁶ Bls. 1996.

²¹⁶⁷ Bls. 1997–2004.

²¹⁶⁸ Bls. 1991_A.

væri skyldur einum gæsluvarðhaldsfanganum og því hugsanlegt að hann hafi verið fenginn til að mála sendiferðabifreiðina sem talið væri að hafi verið notuð til Keflavíkurfararinnar. Eigandi bifreiðarinnar hafi einnig verið til yfirheyrslu vegna sama máls.²¹⁶⁹

1125. Fimmtudaginn 13. janúar 1977 var bókað í dagbók fangelsisins við Síðumúla að Grétar hafi komið klukkan 12:10. Lét færsluritari þess getið að hann hafi farið með honum inn á klefa til Guðjóns. Bókað var að Grétar hafi farið klukkan 12:25. Rannsóknargögn um vitjun til Guðjóns liggja ekki fyrir. Bókað var klukkan 13:00 að Jónas hafi komið með Morgunblaðið til Sævars.²¹⁷⁰ Bókað var að Grétar hafi komið með bréf til Guðjóns klukkan 20:15 sem honum hafi verið afhent.²¹⁷¹
1126. Fyrir liggur samantektarskýrsla, dagsett þennan dag, rituð af Ívari um yfirheyrslu yfir Kristjáni Viðari. Bókað var að Haraldur hafi verið viðstaddur. Fram kom að Kristján Viðar hafi verið beðinn um að lýsa klæðnaði Geirfinns frá því þau hafi hitt hann í Keflavík og þar til líkið hafi verið brennt. Bókað var að Kristján Viðar hafi sagt Geirfinn hafa verið í dökkri kuldaúlpu og dökkum buxum. Mundi hann hvorki eftir neinu sérstöku í tengslum við fatnað Geirfinns á meðan átökin hafi átt sér stað né þegar líki hans hafi verið komið fyrir í aftursæti bifreiðarinnar. Lýsti Kristján Viðar því hvernig þeir hafi borið líkið úr bifreiðinni inn á baklóðina við Grettisgötu 82. Greindi hann frá því að hafa farið yfir vegg og yfir í port við næsta hús til að komast að aðalinnangi hússins. Hann hafi farið inn um hann og opnað síðan kjallarann fyrir Guðjóni og Sævari. Þeir hafi síðan borið líkið inn í þvottahúsið og lagt það ofan á rimlabekk og sett teppi yfir hann. Þar sem ekki hafi verið unnt að læsa þvottahúsinu hafi þeir ákveðið að fara með Geirfinn inn í geymsluna á móti. Hann og Guðjón hafi þá sett eitthvað utan um lík Geirfinns og minnti Kristjáni Viðari að það hafi verið plast, en skjáfað hafi í umbúðunum.²¹⁷² Bókað var að Kristján Viðar hafi sagst hafa tekið seðlaveski úr buxnavasa Geirfinns og einnig penna. Hann hafi tekið 5.000 krónur úr veskinu en síðan skolað því niður í salerninu að Laugavegi 32 daginn eftir. Mundi hann ekki litinn á veskinu, en sagði það örugglega hafa verið dökkt. Orðrétt var bókað í samantektarskýrsluna: „Pennann hefur hann afhent rannsóknarlögreglunni.“ Greindi Kristján Viðar frá því að þegar hann og Sævar hafi tekið líkið úr geymslunni hafi þeir bundið einhverju bandi utan um umbúðirnar og borið það síðan út í Land Rover bifreiðina. Erla hafi þá verið uppi í íbúðinni, en komið niður og ekið þeim í Rauðhóla. Þar hafi þeir mokað gryfju og sett líkið þar í. Minnti Kristjáni Viðar sem þeir hafi tekið umbúðirnar utan af líkinu áður. Bensíni hafi síðan verið hellt yfir og Sævar hafi loks kveikt í, en fatnaðurinn hafi logað illa. Kristján Viðar hafi sagst muna að líkið hafi sigið saman eftir að eldurinn hafi verið borinn að því. Þeir hafi því næst mokað yfir líkið. Svarta myrkur hafi verið úti. Bókað var að Kristján Viðar gæti ekki tjáð sig frekar um hvar nákvæmlega þeir hafi grafið líkið. Þá myndi hann eftir því að eitthvað blóð hafi verið á andliti Geirfinns þegar þeir hafi sett hann inn í bifreiðina við

²¹⁶⁹ Bls. 2015.

²¹⁷⁰ Dagbók nr. 6, bls. 61.

²¹⁷¹ Dagbók nr. 6, bls. 62.

²¹⁷² Bls. 2011.

Dráttarbrautina.²¹⁷³ Meðal rannsóknargagna liggur fyrir önnur samantektarskýrsla rituð af Ívari um yfirheyrslu yfir Kristjáni Viðari þennan dag. Aðspurður um sjoppuna sem Sævar hafi farið í og staðsetningu hennar greindi Kristján Viðar frá því að Sævar hafi talað um að hringja eftir að þau hafi komið úr Dráttarbrautinni og Guðjón hafi þá ekið að einhverri sjoppu. Fram kom að Kristján Viðar hafi sagst vera ókunnugur í Keflavík og geta því ekki staðsett sjoppuna nánar. Sævar hafi farið einn inn, en komið strax aftur og sagt að margt fólk hafi verið inni. Þá hafi Guðjón ekið að Hafnarbúðinni og sagðist Kristján Viðar þá hafa farið inn og hringt í Geirfynn.²¹⁷⁴

1127. Meðal rannsóknargagna liggur skýrsla Gísla Guðmundssonar, lögreglumanns, dagsett sama dag, 13. janúar 1977, um framhaldsrannsókn í morðmáli Guðmundar Einarssonar að beiðni Gunnlaugs Briem, sakadómara. Fram kom að Ármann Kristinsson, meðdómari Gunnlaugs, hafi gert allítarlega skrá yfir atriði sem þyrftu frekari rannsóknar við. Um mikla vinnu væri að ræða og því hafi Hellert Jóhannesson og Nirði Snæhólm einnig verið falið að vinna einnig að framhaldsrannsókninni. Í skýrslunni kom fram að óskað hafi verið eftir því við Örn og Eggert að þeir leggðu fram allar skýrslur og upplýsingar varðandi málið.²¹⁷⁵ Fyrir liggur samantektarskýrsla Grétars, dagsett sama dag, um viðtöl í apríl 1976 við íbúa miðhæðar og rishæðar húss númer 11 við Hamarsbraut í janúar 1974. Fram kom að íbúar miðhæðar hafi nokkrum sinnum orðið varir við hávaða úr kjallaraíbúð hússins seint að kvöldi eða nóttu, en undantekningalaust hafi hljóðnað við það eitt að stappa fæti í gólfið. Gátu þeir ekki sagt til um hvort hávaði hafi komið frá íbúðinni 27. janúar 1976 eða borið um mannaferðir eða bílaumferð. Aldrei hafi heyrst hávaði sem hægt væri að setja í samhengi við umrædda atburði. Bókað var að íbúar rishæðarinnar hafi ekki orðið varir við hávaða úr kjallaraíbúðinni og engar upplýsingar getað gefið um málið. Einnig var rætt við íbúa húss númer 12 að Hamarsbraut sem hafi verið gegnt húsi númer 11. Fram kom að úr eldhúsglugga hússins hafi sést inngangur í kjallara á Hamarsbraut 11. Bókað var að íbúar hússins hafi ekki orðið varir við neitt sem hægt hafi verið að setja í samband við umrædda atburði.²¹⁷⁶
1128. Fyrir liggur samantektarskýrsla rituð af Jónasi þennan dag, um ábendingu frá göngufólki sem hafi verið á ferð í Rauðhólum 23. nóvember 1974 og séð grunsamlega menn þar á ferð. Í skýrsluna var bókað um viðtöl við þrjá aðila sem þarna hafi verið í göngu í umrætt sinn og séð tvo til þrjá menn og bifreið. Fram kom að þetta hafi verð um bjartan dag, um klukkan 14:00. Í niðurlagi skýrslunnar var bókað að miðað við aðstæður í Rauðhólum og tímasetningu þá teldi Jónas það útilokað að umræddir menn hafi verið þarna í sambandi við Geirfinnsmálið.²¹⁷⁷
1129. Guðjón ritaði færslu í dagbók sína þennan dag um að Grétar hafi tekið bréfin til Benedikts Blöndals. Ritaði Guðjón um að hafa hripað niður til minnis atriði sem hann vildi fá svar við daginn eftir. Hann langaði til að halda svoltið áfram þessu

²¹⁷³ Bls. 2012.

²¹⁷⁴ Bls. 2013.

²¹⁷⁵ Bls. 2016.

²¹⁷⁶ Bls. 2017.

²¹⁷⁷ Bls. 2018–2019.

dómaraprasi, eins og hann orðaði það, það væri svo skemmtilega vandræðalegt. Orðrétt ritaði hann: „Ég má til með að klípa í skottið á réttvísinni, úr því hún dinglar því svona framan í mig.“ Ritaði hann um að þurfa að taka afrit af þeim bréfum sem hann sendi frá sér þar sem verðirnir væru komnir í spilið og hefðu lúmskt gaman af. Í framhaldinu ritaði Guðjón orðrétt: „Þegar veðrið verður orðið gott í vor apríl, maí, júní og ég lokaður hér inni, þá ætla ég að deyja eins og fugl í búri. Fór að skæla um leið og ég sá hvað ég hafði skrifað.“ Guðjón ritaði um að Grétar hafi komið um klukkan 13:00 í fylgd með varðstjóra og sagt að Örn þyrfti að lesa yfir bréfin til Benedikts Blöndals áður en þau yrðu send. Því fengi hann að velja hvort það yrði gert eða þá að hann hætti við að senda þau. Ritaði Guðjón um að hafa ákveðið að halda bréfunum. Ritaði hann um kulda í kleanum sem enginn skildi af hverju stafaði.²¹⁷⁸

1130. Föstudaginn 14. janúar 1977 var bókað í dagbók Síðumúlafangelsisins að bróðir Sævars hafi komið með sendingu til hans klukkan 15:30. Þá var bókað um komu Jónasar klukkan 16:16 með Morgunblaðið til Sævars ásamt peningum frá Félagsmálastofnun, 7.500 krónum. Var þess getið að Jónas hafi farið inn á klefa til Sævars. Bókað var að viðtalinu hafi lokið klukkan 17:00. Rannsóknargögn um vitjun til Sævars liggja ekki fyrir. Klukkan 17:30 var bókað að komið hafi verið með Tryggva Rúnar frá Litla-Hrauni að beiðni Gunnlaugs Briem, sakadómara.²¹⁷⁹
1131. Sama dag var bókað í dagbók Hegningarhússins að farið hafi verið með Kristján Viðar út úr húsi klukkan 14:40. Bókað var að komið hafi verið með Kristján Viðar úr sakadómi klukkan 05:35, aðfaranótt 15. janúar 1977.²¹⁸⁰ Fyrir liggur samantektarskýrsla um yfirheyrslu yfir Kristjáni Viðari milli klukkan 16:00 og 00:10 þennan dag. Tilefni yfirheyrslunnar var bókað sem vitneskja hans og þátttaka í hvarfi Geirfinns Einarssonar. Greindi Kristján Viðar frá því að hafa staðið á stigapallinum á 2. hæð Klúbbsins með Sævari þegar Sævar hafi beðið hann um að ganga upp að manni og spyrja hann hvort hann vildi selja eða kaupa spíra. Sagði Kristján Viðar það hugsanlegt að þetta hafi verið 17. nóvember 1974. Maðurinn hafi verið undrandi á spurningunni og Kristján þá sagst hafa verið að gera að gamni sínu. Kvaðst Kristján Viðar halda að hann hafi verið að bera á milli eitthvað dulmál varðandi hass. Fannst Kristjáni Viðari hugsanlegt að maðurinn hafi verið Geirfinnur Einarsson. Greindi Kristján Viðar frá því að Sævar hafi hringt til sín að Laugavegi 32, mánudaginn 18. nóvember 1974, og beðið sig um að koma með sér í spíraleiðangur suður með sjó. Kvaðst Kristján hafi spurt Sævar að því hvort hann ætlaði að stela spíra og hafi Sævar játað því og spurt á móti hvort hann gæti útvegað sendibifreið og nefnt þá [SÓH].²¹⁸¹ Daginn eftir, 19. nóvember 1974, hafi hann beðið [SÓH] um að útvega sendibifreið fyrir kvöldið. Kvaðst Kristján Viðar hafa sagt honum að koma á Vatnsstíg milli klukkan 20:00 og 20:30. Greindi Kristján Viðar frá því að Sævar hafi sótt hann um kvöldið að Laugavegi 32 og þeir gengið saman út að Vatnsstíg. Þar hafi [SÓH] verið á gulri, Mercedes Benz sendiferðabifreið og kvaðst Kristján Viðar hafa að beiðni

²¹⁷⁸ Bls. 2019_A.

²¹⁷⁹ Dagbók nr. 6, bls. 64.

²¹⁸⁰ Dagbók Hegningarhússins nr. 1, bls. 8.

²¹⁸¹ Bls. 2023.

Sævars sagt honum að aka til Keflavíkur. Kvaðst Kristján hafa verið allmikið undir áhrifum lyfja og hafa átt erfitt með að átta sig á leiðbeiningum Sævars og því hafi Sævar vísað [SÓH] til vegar. Hann og Sævar hafi síðan farið inn í ljósbláa Volkswagen bifreið þar sem Erla hafi setið í aftursæti og Guðjón undir stýri. Lýsti Kristján Viðar ferðinni til Keflavíkur og sagði Guðjón og Sævar hafa rætt um einhvern sem gæti verið erfiður. Kvaðst Kristján Viðar muna að á leiðinni hafi verið tekið bensín á bifreiðina, mögulega í Hafnarfirði. Lýsti Kristján Viðar því að þegar komið hafi verið til Keflavíkur hafi sendibifreið [SÓH] verið kyrrstæð rétt við Aðalbílastöðina.²¹⁸² Kvaðst Kristján Viðar hafa sagt honum að fara í Dráttarbrautina, en þeir hafi hvorugir vitað hvar hún væri og hafi Sævar þá sagt hana innst í kaupstaðnum. [SÓH] hafi þá ekið af stað, en þau ekið að Hafnarbúðinni. Greindi Kristján frá því að hann og Sævar hafi farið saman inn í Hafnarbúðina þar sem Sævar hafi keypt sigarettur og súkkulaði. Mundi Kristján Viðar eftir því að Sævar hafi mælt fyrir um að þeir skyldu láta eins og þeir þekktust ekki. Klukkan hafi þá verið um 22:00. Lýsti Kristján Viðar því að bifreiðinni hafi næst verið ekið að Dráttarbrautinni til að athuga með [SÓH]. Hafi Sævar sagt honum að flýta sér. Kristján Viðar kvaðst hafa sagt [SÓH] að bíða rólegum og flýtt sér síðan aftur í bifreiðina sem hafi verið ekið að sjoppu þar sem Sævar hafi farið inn í til að hringja. Gat Kristján Viðar ekki lýst því hvar sjoppa væri, en sagði hana vera einhvers staðar við aðalgötuna. Skömmu síðar hafi Sævar komið út í bifreiðina og sagst ekki hafa getað hringt þar sem svo margt fólk hafi verið í sjoppunni. Þá hafi verið ekið að Hafnarbúðinni og kvaðst Kristján Viðar þá hafa séð Guðjón skrifa miða sem hann hafi rétt Sævari. Sævar hafi látið hann hafa miðann með nafni og símanúmeri Geirfinns og sagt honum að hringja í hann. Átti Kristján Viðar að segja Geirfinni að þeir væru komnir og hann ætti að koma einn og fótgangandi. Kvaðst Kristján Viðar hafa farið inn í Hafnarbúðina, fengið lánaðan síma og átt einhver orðaskipti við afgreiðslustúlku í bláum sloppi. Barn hafi svarað símanum þegar hann hafi spurt eftir Geirfinni og kvaðst Kristján Viðar hafa heyrt barnið kalla: „Pabbi“. Þá hafi karlmaður komið í símann og hann hafi þá spurt: „Ert þú Geirfinnur?“. Maðurinn hafi svarað því játandi og kvaðst Kristján Viðar þá hafa sagt það sem fyrir hann hafi verið lagt. Geirfinnur hafi þá spurt: „Er Maggi þarna?“ og kvaðst Kristján þá hafa svarað: „Það er enginn hérna, ég er hérna einn.“ Geirfinnur hafi þá spurt hvar hann væri og kvaðst Kristján Viðar hafa sagst vera í einhverri sjoppu. Geirfinnur hafi þá spurt hver hann væri og kvaðst Kristján Viðar hafa sagt það skipta engu máli og lagt á. Mundi Kristján Viðar ekki afdrif miðans en kvaðst halda að annaðhvort hann eða Sævar hafi eyðilagt hann.²¹⁸³ Stuttu seinna hafi Guðjón sagt: „Þarna kemur hann.“ Settist Geirfinnur inn í bifreiðina og var þá ekið að Dráttarbrautinni. Lýsti Kristján Viðar því að Sævar hafi rétt Geirfinni búnt af 5.000 króna seðlum sem Geirfinnur hafi síðan kastað á gólf bifreiðarinnar. Kvaðst Kristján Viðar þá hafa sagt: „Hvaða fíflalæti eru þetta, hvað á þetta að þýða? Ef þú ætlar að láta eins og fífl hérna skaltu koma þér út.“ Rífrildið hafi haldið áfram þegar komið hafi verið í Dráttarbrautina. Mundi Kristján Viðar að Geirfinnur hafi sagst þekkj

²¹⁸² Bls. 2024.

²¹⁸³ Bls. 2025.

Sigurbjörn Eiríksson, Magnús Leópolðsson og Klúbbsmenn. Geirfinnur hafi viljað fara en hann hafi staðið í vegi fyrir honum. Þá hafi Guðjón sagt: „Við skulum taka hann í gegn.“ Lýsti Kristján Viðar því svo að Geirfinnur hafi hrint honum og hann þá reitt honum hnefahögg á vinstri kjálka. Sævar hafi slegið til hans líka og þá hafi Geirfinnur gripið Sævar og kastað honum frá sér. Guðjón hafi þá blandað sér í átökin. Sagði Kristján Viðar að annaðhvort hann eða Guðjón hafi tekið Geirfinn hálstaki. Sævar hafi þá slegið Geirfinn tveimur eða þremur höggum með um 80 sentímetra langri, ferkantaðri spýtu. Kvaðst Kristján halda að högginn hafi lent framan á fótleggjum Geirfinns og á meðan hafi hann haldið honum í hálstaki. Mundi Kristján Viðar eftir því að hafa verið orðinn mjög reiður og hafa tekið spýtuna og slegið Geirfinn þungu höggi þvert yfir brjóstið. Við höggið hafi Geirfinnur fallið aftur á bak og gefið frá sér sársaukastunur. Kvaðst Kristján Viðar þá hafa slegið hann tvisvar eða þrisvar í brjóst og höfuð með spýttunni. Minnti Kristjáni Viðar sem Guðjón hafi líka veist að Geirfinni á sama tíma.²¹⁸⁴ Átökin hafi gerst af svo miklum ofsa og gengið svo hratt yfir að hann ætti ekki gott með að glöggva sig á atburðarásinni. Þegar átökunum var lokið kvaðst Kristján Viðar hafa sagt Sævari að segja Erlu að fara í burtu, þar sem hann hafi ekki viljað að hún myndi lenda í vandræðum ef lögreglan kæmi. Þegar Sævar hafi komið til baka frá því að ræða við Erlu hafi þeir athugað hvort Geirfinnur væri lífs eða liðinn. Sævar hafi þá fullyrt að hann væri látinn. Kvaðst Kristján Viðar hafa viljað skilja hann eftir en Sævar hafi viljað setja hann í Volkswagen bifreiðina, sem hafi orðið ofan á. Lýsti Kristján Viðar því hvernig Geirfinni hafi verið komið fyrir í bifreiðinni í sitjandi stellingu, vinstra megin í aftursætið og látinn hallast aftur og til vinstri að hliðarrúðunni. Áverkar hafi verið sjáanlegir á vinstra gagnauga og á vinstri kinn eða kjálka. Flík hafi verið breidd yfir hann og minnti Kristján Viðar að það hafi verið kápa Erlu. Bókað var að Kristján Viðar hafi viljað bæta því við að áður hafi hann gengið niður að bryggju þar sem [SÓH] hafi beðið í sendibifreiðinni. Kvaðst Kristján hafa sagt honum að fara þar sem ekkert yrði úr flutningunum. Sendibifreiðin hafi hvorki verið í sjónmáli við Volkswagen bifreiðina né vettvang atakanna og því hafi verið útilokað fyrir hann að hafa séð nokkuð, auk þess sem [SÓH] hafi legið út af í framsæti bifreiðarinnar. Næst hafi hann og Sævar svipast um í nágrenninu eftir Erlu en án árangurs. Á leiðinni til Reykjavíkur hafi þeir allir verið felmtri slegnir, enda hafi enginn búist við þessum málalokum. Ræddu þeir um að fela hann einhvers staðar á Álftanesi og einnig hafi verið rætt um hitaveitustokk en ákvörðun tekin um að fara með hann í kjallarann að Grettisgötu 82. Var bifreiðinni ekið inn í sunnið bak við húsið og lýsti Kristján Viðar því hvernig hann kom sér þaðan inn í húsið og opnaði kjallaradyrnar innan frá.²¹⁸⁵ Þeir hafi hjálpast að við að bera lík Geirfinns og lagt hann á rimlabekk inni í þvottahúsinu. Kvaðst Kristján Viðar hafa breitt grænt teppi yfir hann. Hann hafi ekki haft lykla að geymslunni og því hafi hann sparkað hurðinni upp. Kvaðst Kristján Viðar hafa tekið svartan plast- eða leðurlíkisdúk úr geymslunni og hafa ásamt Guðjóni vafið honum utan um Geirfinn eftir að hafa flutt lík hans úr þvottahúsinu yfir í geymsluna. Sævar hafi fylgst með en ekki tekið þátt í þessu.

²¹⁸⁴ Bls. 2026.

²¹⁸⁵ Bls. 2027.

Greindi Kristján Viðar frá því að hafa tekið seðlaveski og svartan skrúfblýant úr vasa Geirfinns áður. Lögðu þeir Geirfinn á geymslugólfíð, með höfuðið í átt að glugganum, en fætur að dyrum. Kvaðst Kristján Viðar síðan hafa læst geymslunni. Því næst hafi þeir allir farið í upp í herbergi Kristjáns Viðars, en Guðjón hafi farið skömmu síðar. Hann og Sævar hafi tekið inn róandi lyf. Sævar hafi síðan farið og skömmu seinna hafi [SÓH] komið. Minnti Kristján Viðar að hann hafi sagst hafa farið að skila sendibifreiðinni. Þá hafi Sævar komið aftur og talað um að treysta sér ekki til að fara heim.²¹⁸⁶ [SÓH] hafi þá spurt hvað hafi gerst í Dráttarbrautinni. Kvaðst Kristján Viðar ekkert hafa sagt honum, enda hafi hann og Sævar verið búnir að ákveða það. [SÓH] hafi reiðst við það og farið að sofa, en þeir Sævar hafi dottað í litlum sófa í herberginu. Greindi Kristján Viðar frá því að seinnipart 21. nóvember 1974 hafi Sævar hringt til hans að Laugavegi 32 og þeir mælt sér mót við Grettisgötu 82. Þangað hafi Sævar og Erla komið á Land Rover bifreið og lagt henni í húsasundið. Erla hafi farið upp í herbergið hans, en hann og Sævar hafi tekið Geirfinn út úr geymslunni og lagt hann á gólfíð í þvottahúsinu. Þeir hafi látið dúkinn vera utan um hann, en hnýtt hann saman með hvítu nælonbandi. Greindi Kristján Viðar frá því að hann og Sævar hafi hjálpast að við að bera lík Geirfinns að Land Rover bifreiðinni, en svo hafi hann tekið líkið í fangið á meðan Sævar hafi opna afturhurðina. Mundi Kristján Viðar eftir að hafa séð tvær skóflur inni í bifreiðinni. Næst hafi hann sótt Erlu og hún ekið þeim að Rauðhólum. Virtist Kristjáni Viðari sem Sævar hafi verið búinn að ákveða hvað skyldi gera við lík Geirfinns. Kvaðst hann hafa verið því fegnastur að losna við það úr geymslunni enda hafi hann þá verið búinn að hafa orð á því að ekki væri hægt að hafa það þar lengi. Mundi Kristján Viðar eftir því að hafa mótmælt því að fara með Geirfinn í Rauðhóla, en Sævar hafi fullyrt að svæðið væri friðað og því myndi enginn hrófla við því. Þau hafi komið við á bensínafgreiðslustöð við Ártúnshöfða og annaðhvort Erla eða Sævar hafi keypt þar bensín á plastbrúsa. Þegar komið hafi verið í Rauðhóla hafi hann og Sævar byrjað að grafa, en hætt við vegna hættu á grjóthruni. Stuttan spöl frá hafi þeir grafið um 80 sentímetra djúpa gryfju og lagt Geirfinn þar ofan í. Land Rover bifreiðin hafi staðið rétt hjá og Erla þar við hana.²¹⁸⁷ Annar hvor þeirra hafi hellt bensíni yfir Geirfinn og síðan hafi Sævar kveikt í með eldspýtu. Við það hafi komið mikið logi, en fljótlega dregið úr honum. Mundi Kristján Viðar eftir miklum óþef og að hafa fundist sem Geirfinnur hafi hreyft sig. Kvaðst hann hafa nefnt það við Sævar. Næst hafi þeir mokað yfir líkið og sléttað jarðveginn. Að þessu loknu hafi þau ekið í bæinn en Kristján Viðar kvaðst ekki muna hvar hann hafi farið úr bifreiðinni. Bókað var orðrétt í skýrsluna: „Ég minnst þess ekki, að talað hafi verið um, að ef til yfirheyrslna kæmi, vegna hvarfs Geirfinns ætti að blanda Klúbbmönnum og fleirum inn í málið. Hafi svo verið hefi ég algjörlega gleymt því.“ Tók Kristján Viðar fram að í júní 1976 hafi hann fullyrt um aðild fjögurra manna að málinu. Sagði hann það rangminni að [ÓSi], [GuBi] og [SJGu] hafi tekið þátt í atburðunum en nú hafi sér verið tjáð að Guðjón Skarphéðinsson hafi játað aðild sína að málinu. Orðrétt var bókað eftir honum: „Ég vil einnig taka fram, að skýrsla þessi er gerð eftir beztu

²¹⁸⁶ Bls. 2028.

²¹⁸⁷ Bls. 2029.

vitund og er í alla staði rétt. Þau atriði, í fyrri framburðum sem ekki eru í samræmi við skýrslu þessa, eru ekki rétt. Í lok skýrslunnar var bókað um leiðréttingu Kristjáns Viðars á tveimur atriðum. Sagði hann Sævar hafa fullyrt að Geirfinnur væri látinn þegar hann hafi komið frá því að segja [SÓH] að fara til Reykjavíkur. Varðandi högginn sem hann hafi veitt honum með spýtunni, þá hafi hann slegið hann tvisvar í brjóstið og einu sinni í höfuðið og hafi högginn ekki verið þung. Í lok skýrslunnar var orðrétt bókað: „Kristjáni Viðari er ljóst, að skýrslutaka þessi hefur farið fram úr 6 klst. en var lokið að eigin ósk.“²¹⁸⁸

1132. Fyrir liggur upplýsingaskýrsla rituð af Ívari, dagsett 14. janúar 1977, um penna sem Kristján Viðar afhenti lögreglu og kvaðst hafa tekið af líki Geirfinns. Í skýrslunni var nákvæm lýsing á útliti pennans og þess getið að meðfylgjandi skýrslunni væru ljósmyndir af pennanum, teknar af Tæknideild rannsóknarlögreglunnar.²¹⁸⁹ Þá liggur fyrir samantektarskýrsla dagsett sama dag, rituð af Ívari, um viðtal hans og Sigurbjörns Víðis við [GSig], eiginkonu Geirfinns og [SJGe], son þeirra. Bókað var að þau hafi verið spurð hvort Geirfinnur hafi verið með penna á sér þegar hann hafi farið að heiman 19. nóvember 1974 eða hvort þau vissu til þess að hann hafi átt einhvern penna. Fram kom að þau vissu ekki til þess að hann hafi verið með penna á sér, en hins vegar gæti svo hafa verið. Bókað var að þeim hafi verið sýndur penninn sem Kristján Viðar hafi afhent lögreglunni ásamt tveimur öðrum svipuðum pennum. Fram kom að þau hafi bæði sagst aldrei hafa séð þessa penna áður.²¹⁹⁰ Fyrir liggur önnur samantektarskýrsla, dagsett sama dag og rituð af Ívari, um viðtals hans og Sigurbjörns Víðis við [ÞÓI], vinnufélaga og kunningja Geirfinns. Aðspurður hvort Geirfinnur hafi verið með penna í fórum sínum að kvöldi 19. nóvember 1974 eða hvort hann vissi til þess að Geirfinnur hafi átt penna kvaðst [ÞÓI] ekki hafa hugmynd um það. Bókað var að [ÞÓI] hafi verið sýndur penninn sem Kristján Viðar hafi afhent lögreglunni ásamt tveimur öðrum pennum og kvaðst [ÞÓI] viss um að hafa ekki séð pennana áður.²¹⁹¹
1133. Fyrir liggur skýrsla tæknideildar Bundeskriminalamt í Wiesbaden til sakadóms Reykjavíkur, dagsett þennan dag, um rannsókn á sönnunargögnum í morðmáli Geirfinns Einarssonar. Fram kom að meðfylgjandi skýrslunni hafi verið trébútur, álitserð og ljósmyndamappa. Fram kom að til rannsóknar hafi verið; trébútur úr setu trébekkis, háraggnir sem hafi fundist á trébekk og nokkur trésýni úr setu trébekkis, allt úr kjallara hússins að Grettisgötu 82, sex aðskilin aursýni úr Mercedes Benz bifreið og einn teppabútur úr Land Rover bifreið. Fram kom að Geirfinnur Einarsson hafi verið í O blóðflokki, Rh plús. Niðurstöður rannsóknarinnar hafi verið þær að mannsblóð af blóðflokki A hafi fundist á einni hlið trébútsins. Háraggnirnar hafi reynst vera dýrahár. Aursýnin úr Mercedes Benz bifreiðinni hafi reynst jákvæð með tilliti til mannsblóðs og þá sérstaklega eitt þeirra, en vegna þess hve mikil óhreinindi hafi reynst í sýninu hafi ekki verið unnt að framkvæma frekari rannsóknir á því. Þá kom fram að

²¹⁸⁸ Bls. 2030.

²¹⁸⁹ Bls. 2031.

²¹⁹⁰ Bls. 2032.

²¹⁹¹ Bls. 2033.

teppabúturinn úr Land Rover bifreiðinni hafi ekki sýnt ótvíræð viðbrögð gagnvart blóðforprófun.²¹⁹²

1134. Meðal rannsóknargagna liggja fyrir minnisþingur Kristmundar Jóhannesar Sigurðssonar, aðstoðaryfirlögregluþjóns hjá rannsóknarlögregluþingi í Reykjavík, sem hann ritaði við lestur á málskjölum Guðmundarmálsins. Orðrétt ritaði hann: „Við lestur málsins, finnst mér ekki hafa verið staðið að yfirheyrslum eins og tilefni hafa gefist til og ekki sé fram komið svo ljóst sé, hvort einn eða fleiri af kærðum, hafi valdið dauða Guðmundar Einarssonar.“²¹⁹³ Í minnisþingunum rakti Kristmundur að ekki hafi verið leitað upplýsinga á leigubifreiðastöðvum um akstur á mönnum nóttina sem Guðmundur hvarf. Þá hafi ekki verið rætt við dyraverði og annað starfsfólk Alþýðuhússins til að afla upplýsinga um Guðmund. Fram kom að skortur væri á mikilvægum upplýsingum um veður og snjóalög. Rakti hann atriði úr framburðum Erlu svo sem um að hún hafi ekki borið um að hafa fundið óþef þegar hún hafi komið inn í íbúðina um nóttina, líkt og nokkuð hafi verið rætt um að hafi verið mikill eftir lát Guðmundar. Þá hafi hún borið um að lakið hafi ekki verið í rúminu og hellst hafi niður úr sykarpoka, en ekki minnst á að húsgögn hafi færst úr stað. Benti Kristmundur á að blóð hefði ekki átt að leyna sér, hafi Guðmundur verið dreginn fram í geymsluna.²¹⁹⁴ Ritaði hann um að lakið væri þýðingarmikið í málinu. Þá benti hann á að ekki hafi verið aflað upplýsinga um atburðinn frá öðrum íbúum hússins að Hamarsbraut 11 og nágretta í nærliggjandi húsum. Þá kvaðst hann ekki hafa fundið gögn um hvort hljóðbært hafi verið í húsinu og hver afstaða herbergja hafi verið milli hæða. Benti hann á að slagsmál eða ryskingar að næurlagi færu varla fram á hljóðlátan hátt og ættu sérstaklega að heyrast í húsi sem staði ekki við umferðargötu.²¹⁹⁵ Ritaði hann um skort á upplýsingum um hvort geymslan hafi verið tóm aðfaranótt 27. janúar 1974 svo aðstaða hafi verið til að athafna sig þar. Spurði hann spurninga um hvort engin ummerki hafi verið í íbúðinni morguninn eftir sem hafi þurft að þrifa og hver hafi þá gert það og hvernig. Orðrétt ritaði Kristmundur: „Gátu þau í fangavistinni á einhvern hátt, látið hvort annað vita að einhverju leiti, um framburði annars hvors og þá hvernig?“ Velti hann því fyrir sér hvort sagan um hnífinn væri þvættingur þar sem framburðir hafi ekki verið á þá leið að Guðmundur hafi hlotið blæðandi áverka.²¹⁹⁶ Taldi hann ekki ósennilegt að upphaf málsins hafi verið að Sævar hafi stolið veski Guðmundar, en hann hafi verið þekktur að slíkum athöfnum. Velti Kristmundur fyrir sér nokkrum sviðsmyndum af dauða Guðmundar miðað við fyrirliggjandi framburðarskýrslur og þá ábyrgð hvers og eins ákærðu í því sambandi.²¹⁹⁷ Benti hann á að ekki hafi gerður reki að því að kanna hvort skór sem ákærðu hafi verið í umrædda nótt væru enn til reiðu. Gerði hann athugasemd við að ákærðu hafi látið verið spurðir um hvar áverkinn hafi verið á Guðmundi þegar þeir hafi kannað hvort hann væri

²¹⁹² Bls. 2020–2022.

²¹⁹³ Bls. 2039.

²¹⁹⁴ Bls. 2034.

²¹⁹⁵ Bls. 2035.

²¹⁹⁶ Bls. 2036.

²¹⁹⁷ Bls. 2037.

látinn.²¹⁹⁸ Þá gagnrýndi Kristmundur að ákærðu hafi ekki verið spurðir nánar út í ástand líksins, fatnað og annað þegar líkið hafi verið urðað og svo þegar það hafi verið flutt. Benti hann á að hefðu slíkar upplýsingar legið fyrir hefði verið unnt að átta sig betur á sannleiksgildi framburða.²¹⁹⁹

1135. Þennan dag, 14. janúar 1977, ritaði Tryggvi Rúnar í dagbók sína um að hafa verið fluttur í bæinn þar sem hann ætti að mæta hjá Gunnlaugi Briem á mánudag. Ritaði hann um að vera saklaus í Guðmundarmálinu og nauðgunarmálinu.²²⁰⁰
1136. Guðjón ritaði færslu í dagbók sína sama dag um draumfarir sínar. Velti hann fyrir sér hvar lögfræðingurinn hans væri og ritaði um að vita aldrei hverju væri von á í fangelsinu. Aldrei hafi verið eins kalt og nú í klefanum. Honum væri illt í höfðinu og liði illa. Furðaði hann sig á því að hafa ekki heyrt í stórmennunum í allan dag.²²⁰¹
1137. Laugardaginn 15. janúar 1977 var bókað í dagbók Síðumúlafangelsisins að sonur Jónasar Bjarnasonar, rannsóknarlögreglumanns, hafi komið með Morgunblaðið til Sævars klukkan 20:15.²²⁰²
1138. Fyrir liggur samantektarskýrsla, dagsett þennan dag, rituð af Ívari um viðtal við [EBSk], fyrrum vinnuveitanda Geirfinns. Fram kom að [EBSk] hafi verið spurður út í þennann sem Kristján Viðar hafi afhent lögreglu. Bókað var að hann hafi sagst ekki vita til þess að starfsmenn hans hafi fengið slíka skrófblýanta eða séð þá hjá fyrirtækinu. Hann hafi afhent starfsmönnum mjög ódýra kúlupenna til að nota við innfærslur í vinnudagbækur.²²⁰³
1139. Tryggvi Rúnar ritaði í dagbók sína sama dag um að hafa fengið Chloral og tvær töflur af Mogadon kvöldið áður og hafa sofið ágætlega. Lítið sem ekkert hafi skeð yfir daginn. Hann væri hálf stressaður. Ritaði hann um að hafa beðið fangavörð um að hringja heim og láta vita að hann væri í Síðumúlafangelsi og það hafi verið gert. Hann hafi engin lyf fengið yfir daginn, bara fyrir svefninn.²²⁰⁴
1140. Guðjón ritaði í dagbók sína þennan dag, 15. janúar 1977, um kulda í klefanum.²²⁰⁵ Ritaði hann um að þurfa að komast til tannlæknis, það væri einhver dumbungur í höfðinu á honum, hann ætti erfitt með að skrifa og hugsa í samhengi. Velti hann því fyrir sér hversu langur næsti úrskurður yrði. Fór að háttu klukkan 01:09 og fór fram úr klukkan 18:26. Ritaði hann um að hlýrra væri í klefanum heldur en undanfarið. Orðrétt ritaði hann: „Í stórmönnum hefur ekkert heyrt í dag og verður væntanlega ekki fyrr en á mánud. í fyrsta lagi. Geðlæknir alveg týndur, málið dómaraust. Allt í vitleysu.“ Fangavörður hafi sagt honum að hlýtt væri úti, ritaði Guðjón um að finna það inni í

²¹⁹⁸ Bls. 2038.

²¹⁹⁹ Bls. 2039.

²²⁰⁰ Bls. 1893_A.

²²⁰¹ Bls. 2039_A.

²²⁰² Dagbók nr. 6, bls. 66.

²²⁰³ Bls. 2040.

²²⁰⁴ Bls. 2040_A.

²²⁰⁵ Bls. 2039_A.

klefanum. Guðjón ritaði um að Örn væri enn að lesa yfir bréf hans til [GUÆ] og þætti þar áreiðanlega margt grunsamlegt.²²⁰⁶

1141. Þennan dag birtist frétt í Tímanum undir fyrirsögninni: „Rannsóknarlögreglumaður til V-Þýskalands – með gögn varðandi Geirfinns-málið.“ Fram kom að Örn Höskuldsson hafi staðfest það við blaðamann. Þá sagði að frétt Alþýðublaðsins frá deginum áður hafi verið borin undir Örn þar sem fram kom að maður sá er síðast hafi verið handtekinn í málinu hafi játað að lík Geirfinns hafi verið flutt upp í Rauðhóla þar sem kveikt hafi verið í því og rauðamöl rótað yfir líkamsleifarnar. Fram kom að Örn hafi sagt frétt Alþýðublaðsins ranga.²²⁰⁷
1142. Sama dag var birt grein eftir Hauk Guðmundsson, fyrrum lögreglumanni, undir fyrirsögninni: „Hvað er að gerast?“ Í greininni kom fram að vegna umræðu og skrifa um afbrotamál undanfarin misseri teldi hann þörf á að upplýsa um nokkur atriði við meðferð þeirra og þá sérstaklega hlutverk ríkissaksóknara. Rakti hann aðkomu Þórðar Björnssonar, ríkissaksóknara, að nokkrum sakamálum. Undir yfirheitinu: „Geirfinnsmál og önnur mál“ kom fram að ríkissaksóknari hafi ekki séð neina ástæðu til að fylgjast með og kveða á um rannsókn Geirfinnsmálsins í upphafi þrátt fyrir að Valtýr Sigurðsson, fulltrúi bæjarfógetans í Keflavík, hafi ítrekað óskað viðtals við ríkissaksóknara vegna málsins. Orðrétt ritaði Haukur: „31. des. 1975 eða u.þ.b. 13 mánuðum eftir hvarf Geirfinns, óskaði ríkissaksóknari loks eftir því símleiðis að fá send málsskjöl, sem voru send frá honum rakleiðis í sakadóm Reykjavíkur, vegna nýrra upplýsinga í málinu.“²²⁰⁸
1143. Sunnudaginn 16. janúar 1977 var bókað í dagbók fangelsisins við Síðumúla að Jónas og Grétar hafi komið klukkan 14:20 og tekið Sævar með sér út í bíltúr í góða veðrinu, eins og það var orðað í færslunni. Klukkan 16:00 var bókað að komið hafi verið með Sævar úr bíltúrnum.²²⁰⁹ Rannsóknargögn um bíltúrinn liggja ekki fyrir.
1144. Sama dag var bókað í dagbók Hegningarhússins að Haraldur Árnason hafi sótt Kristján Viðar klukkan 17:00 og farið með hann úr húsi. Bókað var að Haraldur hafi komið til baka með Kristján Viðar klukkan 23:30.²²¹⁰
1145. Guðjón ritaði í dagbók sína þennan dag um að vera feginn því að upp væri runninn sunnudagur en þá fengi hann frið fyrir þessu liði öllu, eins og hann orðaði það. Ritaði hann um draumfarir sínar og bókalestur og að hafa vaknað klukkan 17:48. Hann hafi ekkert heyrt í stórmennunum í dag. Ritaði hann um að vera nötrandi eins og gamalmenni og eiga ekki gott með að fara yfir skákir þar sem hann missi alltaf þráðinn.²²¹¹
1146. Mánudaginn 17. janúar 1977 var bókað í dagbók Síðumúlafangelsisins að Bjarni Matt, rannsóknarlögreglumaður, hafi komið klukkan 14:05 og fengið að birta Sævari og

²²⁰⁶ Bls. 2040_B.

²²⁰⁷ Bls. 2041.

²²⁰⁸ Bls. 2042.

²²⁰⁹ Dagbók nr. 6, bls. 66.

²²¹⁰ Dagbók Hegningarhússins, nr. 1, bls. 9.

²²¹¹ Bls. 2042_A.

Guðjóni ákæru í Guðmundarmáli, fíkniefnamálum, skjalafalsi, svikum og þjófnaði. Bókað var klukkan 18:00 að Gísli Guðmundsson, rannsóknarlögreglumaður, hafi hringt og spurt hvort Kristján Viðar væri ekki örugglega réttentur. Bókað var að færsluritari hafi talið það nokkuð öruggt. Bókað var í dagbókina að starfsmenn Heimilistækja hafi lokið við að setja sjónvarpsmyndavél í einn klefa og bjölluhnappa í fimm klefa.²²¹²

1147. Fyrir liggur upplýsingaskýrsla dagsett þennan dag, rituð af Ívari. Fram kom að Magnús Leópoldsson hafi haft samband við Karl Schütz og upplýst um að afgreiðslustúlka í Klúbbinum gæti gefið upplýsingar um mann sem hafi verslað á barnum skömmu fyrir hvarf Geirfinns.²²¹³
1148. Meðal rannsóknargagna liggur bréf, dagsett 17. janúar 1977, frá dóms- og kirkjumálaráðuneytinu til forstöðumanns Síðumúlafangelsisins um ákvörðun ráðuneytisins um að koma fyrir í einum klefa fangelsisins sjónvarpsmyndavél þannig að fylgjast megi með fanga sem vistaður er í klefanum á skermi í varðstofu. Fram kom að eingöngu ætti að notast við slíkan sjónvarpsbúnað við gæslu á föngum sem hætta væri á að gæti valdið sjálfum sér tjóni.²²¹⁴
1149. Guðjón ritaði í dagbók sína þennan dag um að einhver Bjarni hafi birt fyrir honum ákæru fyrir að hafa látið flytja með vitund hass með R 45248 frá Rotterdam til Reykjavíkur. Ritaði hann um að hafa beðið um Benedikt Blöndal sem réttargæslumann sinn. Sagði hann stórmenni ekki hafa komið og velti fyrir sér hvað hann ætti að gera til að drepa tímann. Hann væri slæmur á taugum og í augunum og gæti því ekki skrifað.²²¹⁵
1150. Þriðjudaginn 18. janúar 1977 var bókað í dagbók fangelsisins við Síðumúla að klukkan 10:00 var bókað að Tryggvi Rúnar hafi verið sóttur fyrir Gunnlaug Briem, sakadómara. Bókað var klukkan 11:40 að komið hafi verið með Tryggva Rúnar til baka. Bókað var að Benedikt Blöndal, réttargæslumaður Guðjóns, hafi komið klukkan 14:25. Tíu mínútum síðar var bókað um komu Grétars og Eggerts. Klukkan 15:20 var bókað að Guðjón hafi verið færður til viðtals við Benedikt, Grétar og Eggert. Var hann færður á klefa sinn aftur klukkan 16:15.²²¹⁶
1151. Sama dag var bókað í dagbók Hegningarhússins að Kristján Viðar hafi verið sóttur klukkan 15:40 og færður til yfirheyrslu.²²¹⁷ Þennan dag var dómþing sakadóms Reykjavíkur háð af Erni Höskuldssyni og fyrir tekið dómsrannsókn vegna hvarfs Geirfinns. Bókað var að Kristján Viðar hafi komið fyrir dóminn klukkan 15:54, ásamt réttargæslumanni sínum Páli Arnóri Pálssyni. Bókað var í þingbókina að Kristján Viðar hafi skýrt sjálfstætt frá málsatvikum til samræmis við skýrslu sína hjá lögreglu dagsett 14. janúar 1977.²²¹⁸ Bókað var að Kristján Viðar hafi lesið yfir skýrsluna og

²²¹² Dagbók nr. 6, bls. 68.

²²¹³ Bls. 2043.

²²¹⁴ Bls. 2044.

²²¹⁵ Bls. 2044_A–B.

²²¹⁶ Dagbók nr. 6, bls. 69.

²²¹⁷ Dagbók Hegningarhússins, nr. 1, bls. 11.

²²¹⁸ Bls. 2047_A.

staðfest rétt eftir sér haft. Orðrétt var bókað í þingbókina: „Kærði kveðst vilja leiðrétta eftirfarandi: Þeir hafi ekki notað nema ca. 1 lítra af benzíni er þeir kveiktu í líkinu. Þá óskar kærði að taka fram, að hann hafi verið undir áhrifum lyfja í Keflavík umrætt sinn og ekki getað fundið út sjálfur hvort Geirfinnur var lífs eða liðinn í Dráttarbrautinni er átökin voru um garð gengin.“ Vék Kristján Viðar frá klukkan 17:30.²²¹⁹ Í dagbók Hegningarhússins var bókað að komið hafi verið með Kristján Viðar klukkan 17:50 og á sama tíma hafi tveir lögreglumenn mætt til vaktar yfir honum.²²²⁰

1152. Klukkan 18:45 þennan dag var bókað í dagbók fangelsisins við Síðumúla að Sigurbjörn Víðir hafi tekið Tryggva Rúnar til viðtals. Á sama tíma hafi Mogginn komið fyrir Sævar, eins og það var orðað í færslunni.²²²¹ Bókað var að Tryggvi Rúnar hafi verið færður á klefa sinn klukkan 21:20 að loknu samtali við Sigurbjörn Víði. Rannsóknargögn liggja ekki fyrir önnur en færsla í dagbók Tryggva Rúnars þar sem fram kom að þeir hafi rætt um brunann að Litla-Hrauni.²²²² Klukkan 22:15 var bókað í fangelsisdagbókina að hringt hafi verið í Sigurbjörn Víði fyrir Tryggva Rúnar. Var þess getið að Tryggvi Rúnar hafi óskað þess að fá að ræða við verjanda sinn sem fyrst og breyta framburði sínum frá deginum áður.²²²³
1153. Fyrir liggur skýrsla Njarðar Snæhólm, dagsett 18. janúar 1977, um viðtal við móður Guðmundar Einarssonar. Aðspurð hvort Guðmundur hafi verið í yfirhöfn þegar hann hvarf sagði hún Guðmund ekki hafa átt yfirhöfn og því verið yfirhafnalaus þegar hann fór að heiman. Aðspurð hvort hann hafi verið með hring á sér sagði hún Guðmund hafa átt hring, en hann hafi ekki verið með hann á sér. Aðspurð hvort hann hafi verið með seðlaveski á sér játaði hún því og lýsti því sem dökkleitu úr slönguskinni. Aðspurð hvort Guðmundur hafi verið með úr á sér játaði hún því og sagði það hafa verið af gerðinni Pierpoint. Bókað var í skýrsluna að lögreglan hafi haft ábyrgðaskírteinið í marga mánuði og auglýst eftir úrum af sams konar tegund. Fjöldi úra hafi verið skoðaður í því sambandi en úr Guðmundar hafi ekki komið í leitirnar.²²²⁴
1154. Meðal rannsóknargagna er upplýsingaskýrsla, dagsett sama dag, rituð af Jónasi, um könnun á skilyrðum til uppgrftar í Rauðhólum. Fram kom að leitað hafi verið til [EBSk], fyrrum vinnuveitanda Geirfinns, og hann beðinn um að kanna aðstæður í Rauðhólum. Bókað var að [EBSk] hafi sagt óráðlegt að grafa frekar á svæðinu fyrr en frost væri farið úr jörðu. Lýsti hann því yfir við Karl Schütz að hann væri reiðubúinn að framkvæma ítarlega leit á umræddu svæði um leið og aðstæður væru fyrir hendi.²²²⁵
1155. Fyrir liggur samantektarskýrsla rituð af Ívari, dagsett þennan dag, um viðtal við afgreiðslustúlku í Klúbbnum. Greindi hún frá því að hafa afgreitt mann á vínbar

²²¹⁹ Bls. 2047_D.

²²²⁰ Dagbók Hegningarhússins, nr. 1, bls. 11.

²²²¹ Dagbók nr. 6, bls. 69.

²²²² Bls. 2047_A.

²²²³ Dagbók nr. 6, bls. 70.

²²²⁴ Bls. 2045.

²²²⁵ Bls. 2046.

Klúbbsins skömmu fyrir hvarf Geirfinns. Fram kom að hún hafi ekki getað fullyrt að það hafi verið þann 17. nóvember 1974. Maðurinn hafi greitt með ávísun og þegar hún hafi beðið hann um að sanna á sér deili hafi sjaldgæft nafn hans komið til umræðu. Kvaðst hún halda að nafnið hafi verið Geirfinnur. Hafi maðurinn sagt eitthvað á þá leið að hann væri ekki síðasti Geirfuglinn.²²²⁶

1156. Þennan dag, 18. janúar 1977, ritaði Tryggvi Rúnar í dagbók sína um að hafa rætt við Gunnlaug Briem í sakadómi um brunann á Litla-Hrauni. Hann hafi lýst yfir sakleysi sínu. Um kvöldið hafi hann farið fram og rætt við Sigurbjörn Víði um sama mál. Þá ritaði Tryggvi Rúnar um að hafa óskað eftir viðtali við lögfræðinginn sinn og að vilja ræða við hann um þetta allt saman.²²²⁷
1157. Guðjón ritaði færslu í dagbók sína sama dag um að Benedikt Blöndal, Grétar og Eggert hafi komið að honum sofandi í klefanum. Dómaramál hafi verið til umræðu ásamt fleiru. Ritaði Guðjón um að samkvæmt ákvörðun Halldórs Þorbjörnssonar, yfirsakadómara væri Örn Höskuldsson framvegis dómari. Orðrétt ritaði hann: „Ég gat engar varnir uppi haft.“ Ritaði Guðjón um að hafa lent upp á kant við fangavörð útaf beiðni um Newsweek og hafa snarbrugðið. Velti hann því fyrir sér hvort þeir ætluðu að fara að taka fyrir bókasendingar til hans eða eitthvað þess háttar. Ritaði hann um að hafa nefnt tannlækni við stórmennin og að það yrði kannað. Þá hafi þeir rætt aflýsingu og uppboð á Citroen bifreiðinni.²²²⁸
1158. Miðvikudaginn 19. janúar 1977 var bókað í dagbók fangelsisins að Tryggvi Rúnar hafi verið sóttur og færður í yfirheyrslu hjá Gunnlaugi Briem, sakadómara klukkan 09:55. Bókað var að komið hafi verið með Tryggva Rúnar til baka klukkan 11:50. Rannsóknargögn um yfirheyrsluna liggja ekki fyrir önnur en færsla í dagbók Tryggva Rúnar þar sem fram kom að hann hafi verið yfirheyrður vegna nauðgunarmáls sem hafi verið höfðað gegn honum.²²²⁹ Klukkan 13:50 var bókað í fangelsisdagbókina að Gunnlaugur Briem hafi hringt og sagt að Tryggvi Rúnar ætti að vera í algjörri einangrun og flutningur niður á Skólavörðustíg yrði ekki til umræðu. Var þess getið að ákvörðunin hafi verið tekin af öllum þremur dómurum. Bókað var að Gunnlaugur hafi sagst vera tilbúinn að ræða við Tryggva Rúnar ef hann svo óskaði. Bókað var að séra Jón Bjarman hafi hringt klukkan 14:05 og boðað komu sína til Guðjóns. Var þess getið að Örn hafi gefið leyfi til þess, ef það myndi ekki skarast á við yfirheyrslur. Bókað var að Jónas og Magnús Magnússon, rannsóknarlögreglumenn hafi farið með Sævar klukkan 14:25. Lét færsluritari þess getið að þeir ætluðu að fara út með hann og svo í yfirheyrslu. Klukkan 15:54 var bókað að komið hafi verið með Sævar til baka.²²³⁰ Fyrir liggur samantektarskýrsla, rituð af Ívari um yfirheyrslu yfir Sævari þennan dag. Fram kom að lagðar hafi verið spurningar fyrir Sævar varðandi misræmi í skýrslu sem tekin hafi verið af honum 9. desember 1976 og skýrslu Kristjáns Viðars frá 14. janúar 1977 um ferðina til Keflavíkur 19. nóvember 1974. Bókað var að

²²²⁶ Bls. 2047.

²²²⁷ Bls. 2047_E.

²²²⁸ Bls. 2044_C.

²²²⁹ Bls. 2060_A.

²²³⁰ Dagbók nr. 6, bls. 71.

Magnús Magnússon, rannsóknarlögreglumadur, hafi verið viðstaddur yfirheyrsluna. Aðspurður hvort hann hafi orðið var við Mercedes Benz sendiferðabifreiðina sem [SÓH] hafi ekið umrætt kvöld frá Reykjavík til Dráttarbrautarinnar í Keflavík hafi Sævar sagst muna að bifreiðin hafi beðið eftir þeim við sjoppu sem hafi verið við aðalgötuna. Þar hafi hann og Kristján Viðar farið út, vísað [SÓH] veginn að Dráttarbrautinni og sagt honum að bíða þar. Aðspurður hvort tekið hafi verið bensín á Volkswagen bifreiðina á leiðinni til Keflavíkur hafi Sævar neitað því og sagst alls ekki muna eftir því. Bókað var að Sævar hafi verið spurður hvort það væri rétt sem Kristján Viðar hafi borið um að á leiðinni til Keflavíkur hafi verið rætt um að taka manninn „í gegn“ ef hann myndi reynast erfiður. Fram kom að Sævar hafi svarað því til að hann myndi ekki hvort þannig hafi verið komist að orði, en talað hafi verið um að pressa manninn til að gefa upplýsingar um spíra. Bókað var að Sævar hafi verið spurður um ástæðuna fyrir því að Geirfinnur hafi látist í átökunum í Dráttarbrautinni og hvernig dauða hans hafi borið að.²²³¹ Bókað var að Sævar hafi ekki getað lýst því nánar en hann hafi gert í skýrslu sinni hjá lögreglu 9. desember 1976. Greindi hann frá því að þegar hann hafi komið til baka frá því að segja Erlu að fara í burtu hafi maðurinn legið á jörðinni og hann og Kristján Viðar komist að þeirri niðurstöðu að hann væri látinn. Kristján Viðar hafi þreifað eftir hjartslætti innan á honum, en hann hafi þreifað eftir púlsi á úlnið, en ekki fundið neinn og því talið manninn látinn. Var Sævar spurður hvort þeir hafi verið byrjaðir að grafa í Rauðhólum en fært sig af einhverjum sökum og grafið líkið á öðrum stað. Bókað var að Sævar hafi svarað því til að þegar þeir hafi komið í Rauðhólana hafi þeir athugað hvar hentugast væri að grafa, en kvaðst ekki muna að þeir hafi fært sig eftir að þeir hafi byrjað að grafa.²²³²

1159. Þennan dag var bókað í dagbók Síðumúlafangelsisins að séra Jón Bjarman hafi farið inn til Guðjóns klukkan 15:45.²²³³ Bókað var klukkan 16:15 að Tryggvi Rúnar hafi verið færður fram til viðtals við Hilmar Ingimundarson, réttargæslumann sinn, í áheyrn lögreglumanns frá sakadómi. Klukkan 16:20 var bókað að séra Jón Bjarman hafi farið. Bókað var að Tryggvi hafi verið færður aftur á klefa sinn klukkan 16:30. Bókað var í fangelsisdagbókina klukkan 21:30 að Guðjón hafi verið færður fram í horn til yfirheyrslu hjá Jónasi og Grétari. Klukkan 23:05 var bókað um símtal frá Erni sem hafi fengið að ræða við Jónas. Bókað var að Guðjón hafi verið færður aftur á klefa klukkan 23:20.²²³⁴ Fyrir liggur samantektarskýrsla um yfirheyrsluna, rituð af Grétari. Bókað var að Guðjóni hafi verið bent á ósamræmi í framburði hans og [EJ], en Guðjón hafi talað um að hafa fengið tvær skóflur lánaðar hjá honum, en [EJ] hafi fullyrt í framburði sínum hjá lögreglu að hafa einungis lánað honum eina skóflu. Bókað var að Guðjón hafi sagt það rétt hjá [EJ]. Bókuð var lýsing Guðjóns á umræddri skóflunni og þess getið að lýsingin kæmi heim og saman við þá skóflu sem [EJ] hafi sagst hafa lánað Guðjóni og væri í vörslum rannsóknarlögreglunnar. Fram kom að Guðjón hafi sagst hafa þurft að grafa skurð í lóðinni að Ásvallagötu 46 í byrjun nóvember 1974.

²²³¹ Bls. 2048.

²²³² Bls. 2049.

²²³³ Dagbók nr. 6, bls. 71.

²²³⁴ Dagbók nr. 6, bls. 72.

Taldi hann sennilegt að Sævar hafi vitað af því að hann hefði skóflur til umráða.²²³⁵ Meðal rannsóknargagna liggur önnur samantektarskýrsla um yfirheyrslu yfir Guðjóni þennan dag, rituð af Grétari. Í upphafi skýrslunnar var bókað að Guðjóni hafi verið bent á að í kringum 19. nóvember 1974 hafi verið hringt heim til vinnuveitanda Geirfinns í þeim tilgangi að fá uppgefið símanúmerið hans. Fram kom að Guðjón hafi sagst ekki hafa hringt þetta símtal og ekki vita til þess hver hafi gert það. Aðspurður hvort hann hafi heyrt nafnið „Geiri“ í tengslum við Keflavíkurferðina hafi Guðjón sagst ekki muna til þess, hugsanlega hafi Sævar nefnt þetta nafn en hann myndi ekki eftir því.²²³⁶ Þá liggur fyrir þriðja samantektarskýrslan, rituð af Grétari, um yfirheyrslu yfir Guðjóni þennan dag. Fram kom að Guðjón hafi verið spurður hvort Sævar hafi 18. nóvember 1974 beðið hann um að leggja fram peninga í sambandi við Keflavíkurferðina. Bókað var að Guðjón hafi ekki minnst þess, en sagt að það gæti hafa gerst þótt hann myndi ekki eftir því. Í lok skýrslunnar var bókað að fram hafi komið við yfirheyrslur yfir Guðjóni og Sævari að þeir hafi verið einir í íbúð Guðjóns 18. nóvember 1974 þegar þeir hafi rætt um Keflavíkurferðina.²²³⁷

1160. Meðal rannsóknargagna liggur skýrsla rannsóknarnefndar Reykjavíkur, ódagsett, með yfirskriftinni: „Atriði sem styrkja játningar“. Fram kom að samræmi væri í framburðum Erlu og Sævars um að hafa farið til [BPP] og beðið hann um að líta á bensíndæluna í Land Rover bifreiðinni sama dag og þau hafi flutt líkið í Rauðhólana. Undir heitinu: „Rannsóknarleiðir“ var bókað að spyrja þyrfti [BPP] um þetta atriði.²²³⁸ Fyrir liggur önnur sams konar skýrsla, ódagsett, þar sem fram kom að Sævar hafi borið um að hafa sótt kápuna hennar Erlu til [BPP], en sama kápa hafi verið notuð til að breiða yfir höfuð Geirfinns. Vegna bletta í kápunni hafi Sævar fleygt henni í ruslatunnu fyrir utan hjá [BPP]. Undir liðnum: „Rannsóknarleiðir“ kom fram að kanna yrði hvort framburðurinn væri réttur. Spyrja þyrfti nágranna og fleiri hvort þeir hafi séð kápuna. Þá var því velt upp hvar öskutunnan hefði verið tæmd og hvort fjarstæðukennt væri að leita á öskuhaugunum.²²³⁹
1161. Fyrir liggur samantektarskýrsla, rituð af Jónasi, um yfirheyrslu yfir [BPP] þennan dag. Fram kom að [BPP] hafi alls ekki getað munað hvort Sævar hafi komið til sín 21. nóvember 1974 til að fá gert við Land Rover bifreiðina. Sævar hafi nokkrum sinnum komið til að fá eitthvað smávegis lagfært, en hann kvaðst ekki muna sérstaklega eftir að hafa fengist við blöndung eða bensíndælu bifreiðarinnar. Aðspurður hvort möguleiki væri á að Sævar hafi komið kápunni fyrir í sorptunnu er hann sótti hana kvað hann það vel mögulegt. Í sömu skýrslu var bókað viðtal við [KS], systur [BPP]. Fram kom að Sævar hafi borið um að þegar hann hafi ætlað að sækja kápuna um vetur 1975 hafi [BPP] sagt systur sína vera með hana. Bókað var að [KS] hafi sagst ekkert muna eftir umræddri kápu og aldrei hafa farið í hana. Staðfesti hún að Sævar hafi komið stundum með Land Rover bifreiðina til að fá hana lagfærða.²²⁴⁰ Þá var í sömu

²²³⁵ Bls. 2054.

²²³⁶ Bls. 2055.

²²³⁷ Bls. 2056.

²²³⁸ Bls. 2050.

²²³⁹ Bls. 2051.

²²⁴⁰ Bls. 2052.

samantektarskýrslu bókað um viðtal við móður [BÞÞ], en í lögregluskýrslu dagsettri 20. október 1976 hafi hún sagst muna eftir umræddri kápu á heimilinu. Aðspurð hvort hún hafi orðið vör við bletti í kápunni, til dæmis blóðbletti, hafi hún sagt kápuna dökka á lit og því gæti hún ekki svarað spurningunni með neinni vissu. Hún hafi ekki tekið eftir neinum blettum, en uppbornaðir blóðblettir gætu hafa verið í kápunni án þess að hún hafi veitt því athygli.²²⁴¹

1162. Meðal rannsóknargagna liggur skýrsla rannsóknarlögreglunnar í Keflavík, dagsett sama dag 19. janúar 1977, um athugun á nafnalista að beiðni Jónasar Bjarnasonar, rannsóknarlögreglumanns í Reykjavík. Fram kom að umrædd nöfn hafi ekki komið á skýrslur hjá lögreglunni í Keflavík vegna sprúttölu eða áfengissmygls að einu nafni undanskildu.²²⁴²
1163. Fyrir liggur bréf Ásgeirs Friðjónssonar, sakadómara í ávana- og fíkniefnamálum, til Gunnlaugs Briem, sakadómara, dagsett þennan dag. Meðfylgjandi var meðal annars myndrit af ákæruskjali á hendur Sævari. Í bréfinu kom fram að ekki yrði séð að Guðmundur Einarsson hafi verið kallaður fyrir dóminn sem vitni eða grunaður. Þá hafi lögreglustjóraembætti í Reykjavík ekki haft afskipti af honum.²²⁴³
1164. Þá liggur fyrir meðal rannsóknargagna minnispointar Gísla Guðmundssonar, rannsóknarlögreglumanns, vegna framhaldsrannsóknar í máli Guðmundar Einarssonar. Minnispointarnir eru ódagsettir, en fram kemur að þeir séu í aðalatriðum byggðir á punktum úr skýrslu Ármanns Kristinssonar, sakadómara, sem dagsett var 9. janúar 1977. Fram kom að athuga þyrfti hjá föður Erlu hvort til hafi verið fleiri en einn lykill að íbúðinni. Athuga þyrfti hvort kannað hafi verið hvort Guðmundur eða aðrir sem málinu tengdust hafi haldið dagbók.²²⁴⁴ Reyna þyrfti að rekja sögu hnífsins sem Kristján Viðar hafi beitt.²²⁴⁵ Kanna þyrfti hvort sú vonda lykt sem greint hafi verið frá gæti hafa tengst öðru tilviki þar sem Kristján Viðar og Sævar hafi fundið lyktina miklu fyrir en Erla. Var því velt upp hvort lyktin gæti hafa átt um Geirfinn eða Færeying. Þá kom fram að kanna þyrfti eins vel og kostur væri sannleiksgildi framburðar Kristjáns Viðars um að hafa tekið hnífinn úr belti sínu og stungið aftur fyrir sig í Guðmund. Athuga þyrfti hvort Kristján Viðar væri réttthentur og hvaða aðstöðu hann hafi haft til að ná hnífnum. Þá þyrfti að kanna vakta- eða launaskrá Kópavogshælis varðandi störf [JIG] og [HeG].²²⁴⁶ Yfirheyrja þyrfti rækilega [GuðGí] og [SGí] þar sem Sævar hafi sagt hann og Albert Klahn hafa verið þar að kvöldi 26. janúar 1974. Þá kom orðrétt fram: „Eftir er að kanna um ferðir Sævars austur í Hveragerði, þar telur hann sig hafa fjarvistarönnun. Ath. að Pétur Eggerz hafði fengið upplýsingar um komu Sævars á lögreglustöðina til, Arnars Guðmundssonar fltr., þar verið með segulbandstæki, er hann ætlaði með austur í Hveragerði eða að Gljúfurholti.“²²⁴⁷

²²⁴¹ Bls. 2053.

²²⁴² Bls. 2057–2059.

²²⁴³ Bls. 2060.

²²⁴⁴ Bls. 2333.

²²⁴⁵ Bls. 2334.

²²⁴⁶ Bls. 2335.

²²⁴⁷ Bls. 2336.

1165. Fyrir liggur samantektarskýrsla dagsett 19. janúar 1977, rituð af Gísla Guðmundssyni, um skýrslur sem lagðar hafi verið fram við í tengslum við framhaldsrannsókn á hvarfi Guðmundar. Fram kom að lögð hafi verið fram skýrsla merkt Rannsóknarnefnd Reykjavíkur, sem rituð hafi verið af Sigurbirni Víði í Vestmannaeyjum 26. nóvember 1976. Skýrslan hafi verið um viðtal við [LV] þar sem hann hafi aðspurður talið líklegt að hann hafi komið heim til Kristjáns Viðars daginn eftir að Guðmundur hafi horfið.²²⁴⁸ Greint var frá því að í framhaldi af framangreindri skýrslu hafi Sigurbjörn Víðir haft svo til sömu frásögn eftir [ISd], konu [LV]. Í skýrslu um viðtal við hana hafi komið fram að þau hafi ætlað sér að heimsækja [DanH], leigubifreiðastjóra.²²⁴⁹ Þá var í samantektarskýrslu Gísla vísað til framlagðrar skýrslu Sigurbjörns Víðis um viðtal við [SBe] um ferðir Sævars í Kaupmannahöfn. Framangreindar skýrslur, ritaðar af Sigurbirni Víði, liggja ekki fyrir meðal rannsóknargagna. Fram kom að Örn Höskuldsson hafi afhent skýrslur um upplýsingaöflun á Spáni, ritaðar af Gísla Pálssyni og Kristjáni Péturssyni. Um hafi verið að ræða viðtöl við [MÁ] og [HJP]. Bókað var í samantektarskýrsluna að Örn hafi sagt að umrædd gögn hafi ekki verið lögð fram í málinu vegna þess hve fjarstæðukennt efni þeirra væri. Fram kom að skýrslurnar hafi verið afhentar Haraldi Henryssyni, auk gagna frá fíknilyfjadómstólnum.²²⁵⁰ Tilvitnaðar skýrslur liggja ekki fyrir meðal rannsóknargagna. Loks var bókað í samantektarskýrsluna að [ViG], leigubifreiðastjóri, virtist vera aðalökumaður sakborninganna, þó aðallega Sævars. Örn, Eggert og Sigurbjörn Víðir hafi allir borið um að [ViG] hafi verið yfirheyrður og vistaður um tíma en láðst hafi að gera skýrslu um það efni, eða skrá niður framburð hans.²²⁵¹
1166. Fyrir liggur skýrsla um yfirheyrslu þennan dag yfir [GEPB], rituð af Gísla Guðmundssyni. Fram kom að vitnið hafi kannast við skýrslu sína hjá lögreglu dagsetta 9. júlí 1976 og talið sig geta bætt litlu við hana.²²⁵² Ber skýrslan með sér engar nýjar upplýsingar sem máli geta skipt.
1167. Þennan dag ritaði Tryggvi Rúnar í dagbók sína um að hafa rætt nauðgunarmálið við Gunnlaug Briem í sakadómi Reykjavíkur. Ritaði hann um sakleysi sitt af sakargiftunum. Tryggvi Rúnar ritaði um að hafa rætt við lögfræðinginn sinn um dvöl sína í Síðumúlafangelsinu og hafi hann fengið þau svör að þetta væri dagaspursmál hvenær hann færi niður eftir.²²⁵³ Ritaði hann um að eiga að mæta fyrir dóm daginn eftir í samprófun í nauðgunarmálinu. Rifjaði Tryggvi Rúnar upp fyrri dvöl sína í Síðumúlafangelsinu og hvaða klefum hann hafi dvalið í hverju sinni. Klefinn sem hann væri í núna væri ekki góður, en þó betri en klefi númer sjö sem hann hafi verið sem lengst í. Ritaði hann um að hata þann klefa út af lífinu, þar hafi hann verið í mesta ruglinu, allt frá Þorláksmessu 1975 fram til júlí 1976.²²⁵⁴

²²⁴⁸ Bls. 2337.

²²⁴⁹ Bls. 2338.

²²⁵⁰ Bls. 2338.

²²⁵¹ Bls. 2339.

²²⁵² Bls. 2340.

²²⁵³ Bls. 2060_A.

²²⁵⁴ Bls. 2060_B.

1168. Guðjón ritaði færslu í dagbók sína þennan dag um að séra Jón Bjarman hlyti að fara að koma. Hann þyrfti að ræða þetta dómaramál við hann. Ritaði Guðjón um að sannleiksmælingavélin væri biluð, sem væri slæmt. Ingvar geðlæknir væri týndur og á meðan þýddi ekki að tala við Guðstein því Ingvar væri hans læknir.²²⁵⁵ Velti hann því fyrir sér hvað dómarrinn væri að bræða með sér. Orðrétt ritaði Guðjón: „Ég er í vanda staddur í málinu. Hvað skal nú til varnar verða. Verst af öllu er að muna þetta ekki og vita uppá hár. Fyrir vikið er þetta eins og fúafen. Alveg sama hvað ég brýst um, uppúr kemst ég ekki. Aldrei verið jafnfastur og nú, því ég er búinn að gleyma öllum fyrri framburði. Fæ líklega að líta yfir hann í dag.“ Guðjón ritaði um heimsókn frá séra Jóni Bjarman sem hafi lesið ákærana yfir, tekið poka af bókum og fengið fréttir af málinu. Hann hafi komið með poka af bókum sem Gunnar Guðmundsson, yfirfangavörður væri að fara yfir, en hann væri strangur. Ritaði Guðjón um að hafa sagt séra Jóni frá málinu með Birgi Þormars, lygamælinn, geðlækninn og stjórnunarörðugleika. Velti Guðjón því fyrir sér hvort ekki ætti að karpa eitthvað við hann og spurði sig að því hvar Grétar væri. Um kvöldið hafi hann fengið bækurnar sem séra Jón hafi komið með, ásamt bréfi frá [VÉS]. Niðurlagið hafi vantað í bréfið, en það gerði ekkert til. Ritaði Guðjón um að ætla að svara bréfinu sem fyrst.²²⁵⁶ Grétar og Jónas hafi komið um klukkan 21:30 og reynt að fá staðfest smáatriði. Þeir hafi verið að til klukkan 23:30. Hann væri ekki hress. Orðrétt ritaði hann: „Reyndi in vain að útskýra fyrir þeim. Hvað er hægt að útskýra fyrir venjul. karlmönnum.“²²⁵⁷
1169. Fimmtudaginn 20. janúar 1977 var bókað í dagbók fangelsisins við Síðumúla að farið hafi verið með Tryggva Rúnar niður í sakadóm klukkan 10:55. Var komið með Tryggva Rúnar til baka klukkan 13:10. Rannsóknargögn liggja ekki fyrir um tilgang fararinnar. Bókað var klukkan 13:40 að Sævar hafi verið færður fram til viðtals við Jónas og Ásgeir Friðjónsson, sakadómara í ávana- og fíkniefnamálum. Klukkan 13:46 var bókað að Ívar hafi komið í þeim tilgangi að ræða við Sævar. Var Sævar færður á klefa sinn klukkan 15:03.²²⁵⁸ Fyrir liggur samantektarskýrsla um viðtal við Sævar þennan dag, rituð af Jónasi. Fram kom að Ívar hafi verið viðstaddur. Bókað var að Sævar hafi verið spurður sérstaklega um fyrstu samskipti hans og Geirfinns í Klúbbnum 17. nóvember 1974. Orðrétt var bókað: „Og bentum honum á framburð Kristjáns V. Viðarssonar í skýrslu þeirri sem hann gaf hjá rannsóknarlögreglunni 14/1.1977. og jafnframt bentum við honum á misræmi það sem fram kæmi þar og í framburði hans sjálfs frá því 9. des 1976.“ Fram kom að Sævar hafi sagt framburð Kristjáns Viðars geta verið efnislega réttur um þetta atriði. Þeir hafi notað svona aðferðir þegar þeir hafi verið að ræna menn. Hafi Sævar sagt það mjög líklegt að hann hafi sagt Kristjáni Viðari að fara til mannsins og spyrja hann eitthvað á þá leið hvort hann vildi viðskipti með áfengi. Mundi Sævar að Kristján Viðar hafi verið eitthvað fúll í tengslum við þetta og þá hafi hann farið sjálfur upp að mannum og rætt við hann eins og þeir hafi þekkt og spurt hann til nafns. Þegar maðurinn hafi kynnt sig sem Geirfinn og sagst vera úr Keflavík hafi hann látið sér detta til hugar að þetta væri

²²⁵⁵ Bls. 2044_C.

²²⁵⁶ Bls. 2060_C.

²²⁵⁷ Bls. 2060_D.

²²⁵⁸ Dagbók nr. 6, bls. 73.

„Geiri í Keflavík“ sem hann hafði áður heyrt nefndan í tengslum við spíra. Sagðist Sævar þá hafa kynnt sig sem Magnús Leópoldsson og spurt Geirfinn hvort þeir gætu ekki átt viðskipti um áfengi. Bókað var í lok skýrslunnar að ítrekuð hafi verið sú spurning við Sævar hvort ekki væri mögulegt að hann hafi komið við á bensínstöð á leiðinni til Keflavíkur 19. nóvember 1974. Fram kom að Sævar hafi sagst vera búinn að svara og ekki getað svarað á annan máta.²²⁵⁹

1170. Þennan dag, 20. janúar 1977, var bókað í fangelsisdagbókina klukkan 16:20 að Guðjón hafi verið færður til viðtals við Grétar. Var Guðjón færður aftur á klefa sinn klukkan 18:40.²²⁶⁰ Klukkan 19:10 var bókað að Guðjón hafi verið færður aftur fyrir Grétar. Var hann færður aftur á klefa sinn klukkan 20:10.²²⁶¹ Rannsóknargögn um yfirheyrsluna liggja ekki fyrir.
1171. Fyrir liggur samantektarskýrsla dagsett þennan dag, rituð af Sigurbirni Víði, um viðtal við [JG] sem upplýsingar hafi verið um að hafi verið í Hafnarbúðinni að kvöldi 19. nóvember 1974. Fram kom að hann hafi verið í Hafnarbúðinni umrætt kvöld frá klukkan 21:00 til 23:00. Hann hafi gefið sig fram við lögreglu þegar auglýst hafi verið eftir mögulegum sjónarvottum á sínum tíma. Fram kom að [JG] hafi ekki veitt neinum manni sérstaka athygli. Treysti hann sér ekki til að gefa lýsingu á þeim sem hafi komið inn í Hafnarbúðina, hvað þá þekkja þá aftur.²²⁶²
1172. Sama dag ræddu Sigurbjörn Víðir og Ívar við [GSig] og liggur samantektarskýrsla um viðtalið fyrir meðal rannsóknargagna. Fram kom að [GSig] hafi sérstaklega verið spurð um blóðkort Geirfinns. Sagði hún hann ævinlega hafa borið það á sér og nær öruggt að það hafi verið í veski hans. Mundi hún að blóðflokkur hans hafi verið O Rh plús.²²⁶³
1173. Fyrir liggur skýrsla tæknideildar rannsóknarlögreglunnar í Reykjavík, dagsett þennan dag 20. janúar 1977, um rannsókn á sendiferðabifreiðinni Í 840, áður R 40045, af gerðinni Mercedes Benz. Fram kom að sendibifreiðin hafi verið flutt á bifreiðaverkstæði lögreglunnar til rannsóknar. Samkvæmt upplýsingum núverandi eiganda bifreiðarinnar hafi hann málað allt farangursgeymslurými í hólf og gólf snemma á síðastliðnu hausti áður en hann hafi hafið kjöt- og sláturflutninga á bifreiðinni. Bókað var í skýrsluna að sendibifreiðin hafi verið rannsökuð samkvæmt fyrirmælum Karls Schütz. Fram kom að samskeyti milli gólfs og hliða bifreiðarinnar í innanverðu farangursgeymslurými hafi verið skröpuð upp og uppskrapið sett í plastpoka sem hafi verið jafnóðum merktir. Bókað var að innihald plastpokanna hafi verið þurrkað í tvo sólarhringa. Þá hafi sýni verið tekin til prófunar með efnameðferð til að athuga hvort þau sýndu blóðsvörun. Orðrétt var ritað í skýrsluna: „Kom í ljós við þessa athugun að sýni úr 6 pokum sýndu blóðsvörun og sýni úr poka sem merktur var H. H1. 1. (Hægri hlið 1) en það er uppskrap við hliðarhurð fremst í farangurshúsi hægra megin, sýndi áberandi mesta blóðsvörun við Benzidin prófun þessa.“ Lét

²²⁵⁹ Bls. 2067.

²²⁶⁰ Dagbók nr. 6, bls. 73.

²²⁶¹ Dagbók nr. 6, bls. 74.

²²⁶² Bls. 2061.

²²⁶³ Bls. 2062.

skýrsluritari þess getið að hann hafi farið með plastpokana til nánari rannsóknar til Wiesbaden þar sem innihald þeirra hafi verið rannsakað nánar á rannsóknarstofum Bundeskriminalamt. Vísaði hann þar um til skýrslu stjórnanda líffræðideildar Bundeskriminalamt.²²⁶⁴

1174. Sama dag ritaði Guðjón færslu í dagbók sína um að hafa ekki sofnað fyrir en að ganga níu um morguninn. Ritaði hann um að hafa hugsað um Geirfinnsmál, það væri ögn að rofa til. Hann hafi setið lengi með Grétari þennan dag að athuga Geirfinnsmál, nú væri klukkan 19:00. Þá hafi þeir reynt áfram og verið að til um klukkan 21:00. Ritaði hann orðrétt: „Lá lengi fyrir og þóttist vera að hugsa. Sit og styn og andvarpa eymdarlega. Hvað er að. Bakteríur nútímans.“ Ritaði hann um að fyrirhuguð væri ferð að Grettisgötu morguninn eftir til rannsóknar og upprifjunar og ef til vill meiri samræður með Grétari.²²⁶⁵
1175. Föstudaginn 21. janúar 1977 var bókað í dagbók fangelsisins við Síðumúla að Grétar hafi hringt klukkan 15:25 og óskað eftir því að Guðjón yrði tilbúinn þar sem þeir þyrftu að fara með hann út. Klukkan 16:00 var bókað að Grétar og Eggert hafi komið að sækja Guðjón. Bókað var að Grétar hafi komið til baka með Guðjón klukkan 16:38.²²⁶⁶ Rannsóknargögn um ferðir Guðjóns þennan dag liggja ekki fyrir önnur en handritað bréf Guðjóns til Grétars, dagsett þennan dag, 21. janúar 1977.²²⁶⁷ Einnig liggur fyrir endurritun Grétars á bréfinu. Orðrétt ritaði Guðjón: „Eftir á að hyggja, þetta er að vísu með formerkjum „creative thinking“. Þú sem rannsakari hjartna og nýrna hefur væntanlega tekið eftir því hvað mér varð starsýnt á í vorri ferð í dag. Nei, jæja þá skal ég segja þér það. Það voru tröppurnar út úr húsinu bakdyramegin. Svona tröppur eru ekki algengar. Mér finnst ég hafi farið þarna inn sennilega ekki getað beðið einn í bílnum úti og komið inn að miðstöðvarkötlunum tveim sem þarna standa. Um það atriði hvort ég hafi komið upp í herbergið þori ég ekki að segja neitt, en tröppurnar eru mér minnisstæðar, vegna þess að ég var þannig á mig kominn að ég komst ekki af sjálfsdáðum upp þær. Þ.e.a.s. áttaði mig ekki á svona skarpri hægri beygju sem gera varð til að komast áfram leiðar sinnar. Gott ef S. leiddi mig ekki upp þær.²²⁶⁸ Síðan mun ég hafa ekið bílnum út úr sundinu og sennilega lagt honum einhversstaðar við nærliggjandi götur, gott ef ekki í einhverju porti. Síðan mun S. hafa tekið lykllana og fylgt mér að Fíatinum, sem hefur þá sennilega staðið við Vatnsstíg. Ég man óljóst eftir einhverjum huggunarorðum sem hann var að láta falla við mig um að þetta væri allt í lagi o.s.frv. Einhvers staðar í grennd við Úðafoss, ég man ekki við hvaða götu hún er, þar finnst mér Vw hafi verið lagt. Mér þótti réttara að hripa þetta niður, en þetta er birt án ábyrgðar af hálfu undirritaðs.“²²⁶⁹
1176. Bókað var í fangelsisdagbókina klukkan 17:00 að móðir Sævars hafi komið með skó handa honum. Fimmtán mínútum síðar var bókað að Jónas hafi komið með Moggann

²²⁶⁴ Bls. 2064–2065.

²²⁶⁵ Bls. 2060_D.

²²⁶⁶ Dagbók nr. 6, bls. 75.

²²⁶⁷ Bls. 2070–2071.

²²⁶⁸ Bls. 2068.

²²⁶⁹ Bls. 2069.

til Sævars. Klukkan 20:55 var bókað að Grétar hafi komið með pappír og skáklöð handa Guðjóni.²²⁷⁰

1177. Pennan dag var Erla yfirheyrð milli klukkan 13:30 og 14:25 af Sigurbirni Víði og Grétari á skrifstofu rannsóknarlögreglunnar. Fram kom að tilefni yfirheyrslunnar hafi verið nokkur atriði í Geirfinnsmálinu. Kvaðst Erla hafa séð Sævar hringja á heimili móður hans að Grýtubakka 10 á milli klukkan 19:00 og 19:30 þriðjudaginn 19. nóvember 1974. Hún hafi ekki heyrt hvað hann hafi sagt og vissi því ekki við hvern eða um hvað hann hafi talað. Kvaðst Erla ekkert hafa vitað um undirbúning Keflavíkurferðarinnar eða erindið þangað fyrr en hún hafi heyrt Sævar og Guðjón ræða saman í bifreiðinni á leiðinni suður eftir um mann sem væri erfiður og þyrfti að beita fullri hörku. Kvaðst Erla hafa dregið þá ályktun að eitthvað ætti eftir að gerast í Keflavík. Vissi hún ekki hvernig Geirfinnur hafi látið lífið en minnti að Sævar hafi sagt sér að hann hafi látist í átökum við hann, Kristján Viðar og Guðjón.²²⁷¹
1178. Tryggvi Rúnar ritaði í dagbók sína þennan dag um að hafa farið út í garð um klukkan 18:00 í um tíu mínútur. Orðrétt ritaði hann: „Já, svona er nú lífið hjá mér í dag og hefur verið síðustu mánuði. Bara að bíða og sjá hvað skeður, þó ég viti fyrir víst að ég er ekki í þessu Guðmundarmáli, þá verð ég að bíða og sjá útkomu þess þ.e.a.s. saklaus.“ Ritaði hann um stöðu brunamálsins og nauðgunarmálsins. Lýsti hann nokkuð harðorður reiði sinni í garð kærandsins í nauðgunarmálinu og framburðar vitnis sem hafi sagt hann hafa hótad þeim lífláti. Orðrétt ritaði hann: „Já, þær halda að ég sleppi aldrei út en það er misskilningur hjá þeim. TLeifsson sleppur út í lífið á þessu ári.“²²⁷² Ritaði Tryggvi Rúnar um að hafa þvegið af sér um kvöldið og rætt við Gunnar Guðmundsson, forstöðumann, um ýmislegt og þar á meðal Guðmundarmálið. Hafi Gunnar sagst halda að þeir þyrftu ekki að ræða við hann heldur væri verið að staðfesta atriði sem sneru að öðrum sakborningum málsins. Orðrétt ritaði Tryggvi Rúnar: „Enda hef ég ekkert að segja í þessu máli, ég veit ekki neitt, enda kom ég hvergi þar nærri þó svo ég hafi játað mig inn í mál sem ég á ekki neinn þátt í sem betur fer segi ég nú bara, því eftir þetta allt væri lítið gaman að eiga einhvern þátt í svona máli eins og þessu og þessu Geirfinnsmáli. Já ekki öfunda ég strákana yfir þessu. Ég er farinn að vorkenna þeim þrátt fyrir allt að hafa lent í þessu. En ef þeir hafa nú þrátt fyrir allt komið mér í þetta verða þá að koma mér út úr því sem allra fyrst. Ef þeir eru ekki búnir að því nú svo að þetta mál geti nú komist á hreint sem allra fyrst og að minn þáttur sem er enginn komi í ljós fyrir almenningi, þ.e.a.s. fyrir þjóðinni sem að hefur haldið mig inni í þessu öllu og þessu (Geirfinnsmáli). Já það þarf að koma skýrt fram í öllum atriðum svo ég losni út úr þessu öllu saman eins og rétt er. P.s. Ég held með tímanum að ég geti tekið mig á ef ég hætti öllum ólátum, þ.e.a.s. slagsmál og að standa í þessum félagsskap. Ef það tekst þá heldur fólk og trúir því að ég sé ekki eins glataður eins og ég leit út að vera í byrjun þ.e.a.s. Þorláksmessu 1975 og allt til dagsins í dag, en samt er mikið breytt. Þ.e.a.s. ég er alltaf að detta úr fleiri málum með hverjum mánuði, þ.e.a.s. stelpu í Vík í Mýrdal sem var logið upp á mig, svo þessi karl í Ólafsvík, þá var

²²⁷⁰ Dagbók nr. 6, bls. 75.

²²⁷¹ Bls. 2066.

²²⁷² Bls. 2065_D.

ég á sjó. Svo þetta (Guðmundarmál) sem ég var aðal karlinn í fyrst, en svo orðinn smá þeð en núna held ég að þeir sjái mig ekki lengur í þessari mynd sinni, því þar er ég ekki í raunveruleikanum, þrátt fyrir allt.²²⁷³

1179. Guðjón ritaði færslu í dagbók sína sama dag, 21. janúar 1977, um að fara ætti að Grettisgötu 82. Orðrétt ritaði hann: „Ekki veit ég sosum hvaða þýðingu það hefur en þetta má reyna, það er alltaf verið að reyna eitthvað.“ Ritaði hann um að líða betur en kvöldið áður, en þó væri honum alltaf illa við svona ferðir. Annars vegar við að hitta einhvern sem hann þekkti og hins vegar að fara inn aftur. Guðjón ritaði orðrétt: „Heldur vandræðalegt ferðalag. Ekki kannaðist ég við mig þarna. Þó er vont um að segja eins og minnið á þessa atb. er þokukennt.“ Ritaði Guðjón um að hafa lesið Kiljan enn einu sinni eftir mat og hafa hugsað Grettisgötumál. Hann hafi hripað Grétari bréf um málið. Ritaði hann orðrétt: „Hringdi svo á þjón, sem er ókominn, ég vil láta karlinn vita af því. Smáatriði, en gætu hjálpað.“ Ritaði Guðjón um að vörður hafi komið með frá Grétari ógrynni af pappír og bókina „Skáldskapur á skákbörði.“²²⁷⁴
1180. Laugardaginn 22. janúar 1977 var bókað í dagbók Síðumúlafangelsisins að Guðsteinn læknir hafi rætt við Tryggva Rúnar meðal annarra milli klukkan 09:40 og 10:00. Klukkan 14:45 var bókað að Ingvar Kristjánsson geðlæknir hafi rætt við Guðjón til klukkan 17:00, en þá hafi hann verið færður á klefa sinn aftur.²²⁷⁵ Bókað var að móðir Sævars hafi komið með fatasendingu til hans klukkan 15:00. Klukkan 20:20 var bókað að Sævar hafi verið færður fram til viðtals við Grétar. Var Sævar færður aftur á klefa sinn klukkan 20:50.²²⁷⁶ Fyrir liggur samantektarskýrsla, rituð af Grétari, um viðtal við Sævar þennan dag. Fram kom að Sævar hafi verið spurður um skóflur sem hann hafi áður borið um að hafi verið notaðar þegar lík Geirfinns hafi verið grafið. Ber skýrslan engar nýjar upplýsingar með sér.²²⁷⁷ Bókað var að Guðjón hafi verið færður til viðtals við Grétar klukkan 21:10. Þá var bókað í fangelsisdagbókina að Jónas hafi komið með blöð og talað við Sævar milli klukkan 21:30 og 21:50. Rannsóknargögn um viðtalið liggja ekki fyrir. Bókað var að Guðjón hafi verið færður á klefa sinn klukkan 23:30.²²⁷⁸ Rannsóknargögn um viðtalið liggja ekki fyrir.
1181. Sama dag var bókað í dagbók Hegningarhússins að klukkan 13:10 hafi Kristmundur Sigurðsson, lögreglumaður, komið að beiðni Ármanns Kristinssonar, sakadómara, og rætt við Kristján Viðar.²²⁷⁹ Rannsóknargögn liggja ekki fyrir um yfirheyrsluna.
1182. Fyrir liggur skýrsla lögreglunnar í Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu um hvarf á byssusting, dagsett sama dag, 22. janúar 1977. Fram kom að [MJM] hafi verið yfirheyrð sem vitni vegna hvarfs á byssusting úr vörslum hennar og eiginmanns hennar árið 1973. Bókað var að vitnaskýrslan hafi farið fram að beiðni Gísla Guðmundssonar, rannsóknarlögreglumans í Reykjavík. Lýsti vitnið byssustingnum

²²⁷³ Bls. 2065_E–F.

²²⁷⁴ Bls. 2071_A–B.

²²⁷⁵ Dagbók nr. 6, bls. 77.

²²⁷⁶ Dagbók nr. 6, bls. 77.

²²⁷⁷ Bls. 2072.

²²⁷⁸ Dagbók nr. 6, bls. 77.

²²⁷⁹ Dagbók Hegningarhússins, nr. 1, bls. 13.

ítarlega, sem hafi verið með um 25 sentímetra löngu blaði. Fram kom að byssustingurinn hafi verið á heimili vitnisins í Kaupmannahöfn, en hafi horfið um sumarið 1973. Vissi vitnið ekki með hvaða hætti byssustingurinn hafi horfið. Aðspurð sagðist [MJM] kannast við Kristján Viðar og hafa hitt hann í október 1973 á Íslandi, en þá hafi eiginmaður hennar kynnt hann fyrir henni.²²⁸⁰

1183. Sama dag var [AÚJ] tekin til yfirheyrslu hjá Gísla Guðmundssyni. Fyrir liggur skýrsla um yfirheyrsluna þar sem fram kom að hún kannaðist við Erlu í sjón. Aðspurð kvaðst hún muna eftir því að hafa ekið Erlu suður í Hafnarfjörð og sagði það vel geta hafa verið að kvöldi 26. janúar 1974 líkt og Erla hafi skýrt frá hjá rannsóknarlögreglunni. Hún hafi þá verið með núverandi eiginmanni sínum, [ÓA] og minnti hana að fleiri krakkar hafi verið í bifreiðinni. Mundi hún ekki hver hafi ekið, en sagði manninn sinn oftast hafa gert það.²²⁸¹ Vel gæti verið að þau hafi verið á Mercedes Benz bifreið sem hann hafi átt. Kvaðst [AÚJ] ekki muna eftir því að hafa boðið Erlu í party og fannst það heldur ótrúlegt þar sem þær hafi þekkt lítið. Bókað var að vitnið myndi afla frekari upplýsinga um það atriði. Kvaðst hún ekki muna hvað klukkan hafi verið þegar ekið hafi verið suður í Hafnarfjörð í umrætt sinn en taldi það hljóta hafa verið á milli klukkan 01:00 og 03:00. Mundi hún ekki heimilisfangið en húsið hafi verið sunnan við lögreglustöðina. Mundi hún ekki betur en að Erla hafi farið inn um dyr hússins. Vitnið kvaðst ekki hafa tekið eftir ljósi í húsinu, né neinum mannaferðum þar. Þá sagðist hún ekki muna eftir að hafa séð neina bifreið við húsið, en kvaðst ekki vilja neitt fullyrða um það. Minnti [AÚJ] að hún hafi séð Erlu koma aftur út úr húsinu en vildi ekkert fullyrða um það frekar. Kvaðst hún ekki geta sagt til um hvort Erla hafi farið inn um dyr hússins því hún hafi ekki veitt því sérstaka athygli.²²⁸²
1184. Fyrir liggur skýrsla um yfirheyrslu yfir [EJR] þennan dag. Fram kom að tilefni yfirheyrslunnar hafi verið ábending hennar til lögreglu í upphafi rannsóknar málsins þar sem hún hafi greint frá því að hafa ásamt vinkonu sinni séð til ferða Guðmundar aðfaranótt sunnudagsins 27. janúar 1976. Fram kom að vitnið minntist þess að hafa látið rannsóknarlögregluna vita um að hún hafi séð Guðmund á gangi í Hafnarfirði við annan mann umrædda nótt. Hún hafi verið þarna á ferð í bifreið með [SM] vinkonu sinni. Sagði hún klukkuna hafa verið um 02:00 þegar þær hafi ekið eftir Strandgötunni á leið til Reykjavíkur. Sagði hún Guðmund og manninn hafa verið skammt frá Alþýðuhúsinu á gangi í gagnstæða átt miðað við þær. Kvaðst vitnið hafa þekkt Guðmund vel og vera alveg viss um að þetta hafi verið hann. Lýsti hún klæðnaði Guðmundar og sagði hann oft hafa verið í þessum sama jakka. Þá kvaðst hún hafa veitt því athygli að hann hafi eitthvað verið undir áhrifum áfengis, en þó ekki mikið áberandi. Vitnið kvaðst ekki hafa þekkt piltinn sem hafi verið með Guðmundi. Orðrétt var bókað: „Henni fannst hann svipaður á hæð og Guðmundur og vera með dökkt mikið hár sem flaksaðist. Mætta kvaðst muna eftir því að hann hafi verið í dökku buxum og í ljósri skyrtu og hélt á jakka sínum á handleggnum.“²²⁸³ Sagði hún þá hafa

²²⁸⁰ Bls. 2073–2074.

²²⁸¹ Bls. 2341.

²²⁸² Bls. 2342.

²²⁸³ Bls. 2343.

gefið þeim merki með fingrunum líkt og þeir vildu vera með, en Guðmundur hafi greinilega þekkt þær og þá dregið sig í hlé. Greindi hún frá því að þær hafi fyrst ætlað að stöðva bifreiðina en hætt við þar sem pilturinn sem hafi verið með Guðmundi hafi verið það mikið ölvaður. Þær hafi því ekið áfram og vissi hún ekki frekar um ferðir Guðmundar og féлага hans. Orðrétt var bókað í skýrsluna: „Mætta skoðar nú myndir úr myndasafni rannsóknarlögreglunnar þar á meðal af þeim mönnum sem viðurkennt hafa aðild sína að hvarfi og dauða Guðmundar Einarssonar. Ekki segist hún þekkja þar á myndunum pilt þann sem var með Guðmundi umrædda nótt í Hafnarfirði, en hún tekur út mynd af Kristjáni Viðari Viðarssyni og segir hann líkjast nokkuð þeim manni. Hún segist ekki vilja fullyrða neitt um þetta, en telur þó nokkrar líkur á að um sama mann geti þarna verið að ræða.“ Greindi hún frá því að um viku eftir hvarf Guðmundar hafi hringt til hennar maður sem hafi kynnt sig sem Kristján vin Guðmundar Einarssonar. Hann hafi beðið hana um að lýsa manningnum sem hún hafi séð með Guðmundi. Hún hafi gert það og þessi Kristján þá sagt að lýsingin gæti ekki átt við neinn af kunningjum Guðmundar.²²⁸⁴

1185. Meðal rannsóknargagna liggur fyrir skýrsla um yfirheyrslu yfir [SM] þennan dag. Staðfesti hún framangreindan framburð [EJR] og sagðist hafa kannast vel við Guðmund og vera viss um að þetta hafi verið hann. Með honum hafi verið ungur maður sem hún hafi ekki þekkt. Minnti hana að hann hafi verið svipaður á hæð og Guðmundur og hafi verið mjög áberandi ölvaður, eða að minnsta kosti látið þannig.²²⁸⁵ Sagði hún piltana hafa verið stadda hægra megin Strandgötunnar til móts við bæjarskrifstofunnar sem hafi verið í húsi númer sex. Orðrétt var bókað: „Mætta skoðar nokkrar myndir í myndasafni rannsóknarlögreglunnar, en þar á meðal eru myndir af þeim aðilum sem hafa viðurkennt aðild að morði Guðmundar Einarssonar. Hún stanzar við mynd af Kristjáni Viðari Viðarssyni og segir hann líkjast þeim pilti sem var þarna með Guðmundi umrædda nótt á Strandgötu í Hafnarfirði. Ekki kveðst hún samt vilja fullyrða neitt um þetta.“²²⁸⁶
1186. Þennan dag ritaði Tryggvi Rúnar í dagbók sína um viðtal við Guðstein lækni. Hann hafi beðið hann um að skaffa sér vítamín og kalktöflur og að athuga með skurðaðgerð á hægri fæti líkt og gerð hafi verið á vinstri. Þá ritaði hann um útiveru í garðinum í fimm mínútur sem hafi gert honum gott.²²⁸⁷
1187. Guðjón ritaði færslu í dagbók sína þennan dag um draumfarir sínar og bókalestur. Ritaði hann um að Ingvar geðlæknir hafi komið, rólegur að vanda. Ingvar hafi átt gott spjall við [GUÆ] og látið vel af henni. Ritaði Guðjón um að þeir hafi rætt uppvaxtarár hans og skólagöngu. Gott hafi verið að ræða við Ingvar og honum liði nokkuð vel.²²⁸⁸ Ritaði Guðjón um að hafa átt langt spjall við Grétar um kvöldið útaf bréfinu sem hann hafi skrifað honum. Ráðgerð væri ferð til Keflavíkur daginn eftir.²²⁸⁹

²²⁸⁴ Bls. 2344.

²²⁸⁵ Bls. 2345.

²²⁸⁶ Bls. 2346.

²²⁸⁷ Bls. 2074_A.

²²⁸⁸ Bls. 2071_B.

²²⁸⁹ Bls. 2071_C.

1188. Sunnudaginn 23. janúar 1977 var bókað í dagbók Síðumúlafangelsisins að Grétar hafi hringt klukkan 10:00 og boðað seinkun. Bókað var að hann kæmi klukkan 11:00 að sækja Guðjón. Rétt síðar var bókað að Jónas hafi hringt sömu erinda vegna Sævars. Klukkan 10:35 var bókað um komu Hallvarðs Einvarðssonar, vararíkissaksóknara, sem hafi spurst fyrir um fyrirhugaða ferð rannsóknarlögreglumanna með tvo fanga til Keflavíkur. Bókað var að hann hafi fengið staðfesta brottfarartíma. Bókað var klukkan 10:45 að Jónas og Jón Halldórsson hafi farið með Sævar til Keflavíkur. Klukkan 10:55 var bókað að Grétar hafi komið ásamt Guðmundi Guðmundssyni til að sækja Guðjón. Bókað var að þeir hafi farið með hann til Keflavíkur klukkan 11:25. Bókað var í fangelsisdagbókina að komið hafi verið með Sævar til baka klukkan 14:00. Fyrir liggur samantektarskýrsla, rituð af Jónasi, um ferð Sævars til Keflavíkur þennan dag. Fram kom að Sævar hafi greint frá atburðarásinni í Dráttarbrautinni. Bókað var að Sævar hafi verið beðinn um að benda á þann stað sem Mercedes Benz sendiferðabifreiðin hafi staðið þegar hann hafi séð hana fyrst í Keflavík 19. nóvember 1974. Bókað var að Sævar hafi bent á Aðalstöðina og sagst nokkurn veginn viss um að þar hafi bifreiðin staðið. Fram kom að Sævar hafi þá verið beðinn um að benda á þann stað þar sem hann hafi sagt farþegum Volkswagen bifreiðarinnar að beygja sig niður. Bókað var að Sævar hafi sagt það hafa verið einhvers staðar á aðalgötunni, en hafi ekki getað bent nákvæmlega á staðinn. Beðinn um að benda á sjoppuna þar sem hann hafi farið inn og ætlað að hringja umrætt kvöld benti Sævar á sjoppuna við Aðalstöðina. Var þess getið að Sævar hafi í fyrstu talið það hafa verið sjoppu skammt frá lögreglustöðinni, en muna nú að hann hafi verið að rugla saman við það tilefni þegar hann og Erla fóru til Keflavíkur í gjaldeyrisleit, en þá hafi hann farið inn í þá sjoppu til að hringja. Orðrétt var bókað: „Ég spurði Sævar enn einu sinni hvort hann væri öruggur um að ekki hefði verið tekið bensín í umræddri ferð. Hann sagði sig ráma óljóst í að tekið væri bensín þarna í Keflavík og þá við Aðalstöðina. Hann sagðist halda að Guðjón hafi séð um það.“²²⁹⁰
1189. Þennan dag var bókað í fangelsisdagbókina að komið hafi verið með Guðjón aftur í fangelsið klukkan 15:20. Rannsóknargögn liggja ekki fyrir um Keflavíkurferð Guðjóns, önnur en athugasemdaskýrsla Karls Schütz, dagsett sama dag. Á sama tíma var bókað að [ÓmL], bróðir Tryggva Rúnars, hafi komið með sængurföt og ávexti handa honum.²²⁹¹ Klukkan 19:25 var bókað að Guðjón hafi verið færður fram til Grétars í hornherbergið. Bókað var að Grétar hafi lokið viðtali sínu við Guðjón klukkan 23:10 og hafi Guðjón verið settur aftur á klefa númer sex. Rannsóknargögn liggja ekki fyrir um viðtalið. Klukkan 23:20 var bókað að Grétar hafi komið aftur með tóbak fyrir Guðjón.²²⁹²
1190. Sama dag, 23. janúar 1977, var bókað í dagbók Hegningarhússins að Haraldur Árnason og Gunnlaugur Sigurðsson hafi flutt Kristján Viðar úr húsi klukkan 12:20. Bókað var að komið hafi verið með hann til baka klukkan 15:05.²²⁹³ Rannsóknargögn

²²⁹⁰ Bls. 2075.

²²⁹¹ Dagbók nr. 6, bls. 78.

²²⁹² Dagbók nr. 6, bls. 79.

²²⁹³ Dagbók Hegningarhússins, nr. 1, bls. 14.

liggja ekki fyrir um ferðir Kristjáns Viðars önnur en athugasemdaskýrsla Karls Schütz, dagsett sama dag.

1191. Meðal rannsóknargagna er svokölluð athugasemdaskýrsla rituð af Karli Schütz, dagsett sama dag, 23. janúar 1977. Fram kom að þennan dag hafi verið gerð tilraun með kærðu, Sævari, Erlu, Kristjáni Viðari, Guðjóni og [SÓH], til að sviðsetja atburðina í Dráttarbrautinni aðfaranótt 20. nóvember 1974. Orðrétt var bókað í skýrsluna: „Með því var reynt að a) Rannsaka framburð varðandi afstöðu á vettvangi, til þess að geta metið gildi framburðarins yfirleitt. b) Til þess að ná frekara samræmi þar sem frásögnum ber ekki saman.“ Bókað var að aftur hafi komið greinilega í ljós ósamræmi varðandi smáatriði í frásögnum kærðu af atburðunum, einkum varðandi högg sem Geirfinni hafi verið veitt. Af þeirri ástæðu hafi eingöngu verið sviðsettar staðsetningar á bifreiðum, staða Geirfinns og sakborninganna. Bókað var í skýrsluna að hætt hafi verið við ítarlega sviðsetningu á því þegar Geirfinnur hafi verið beittur ofbeldi með hnefahöggum og barsmíðum með spýtu þar sem talið hafi verið að slíkt myndi ekki bera árangur. Hvað það atriði snerti yrði því að ganga út frá fyrirbyggjandi framburðum. Bókað var í athugasemdaskýrsluna að meðfylgjandi væru ljósmyndir, teikningar og stuttar athugasemdir sem hafi verið gerðar á staðnum.²²⁹⁴ Fyrir liggja athugasemdir Karls Schütz um lýsingu hvers og eins sakbornings í tengslum við sviðsetningu verknaðarins. Fram kom að Erla hafi lýst afstöðu Volkswagen bifreiðarinnar, hún hafi ekkert munað um hálstak og vissi ekki hvernig andlátíð hafi borið að. Sagði hún lík Geirfinns hafa legið á maganum. Hún hafi þá staðið ennþá kyrr við Volkswagen bifreiðina en Sævar, Guðjón og Kristján Viðar hafi staðið yfir líkinu. Bókað var að Sævar hafi staðsett Volkswagen bifreiðina þremur metrum vestar. Lýsti hann hálstakinu þannig að Kristján hafi haldið með vinstri hendi um háls Geirfinns. Bókað var að hann hafi haldið takinu í um sjö sekúndur samkvæmt skeiðklukku. Lýsti Sævar því að þá hafi Kristján Viðar beygt Geirfinn niður og haldið hálstakinu áfram í boginni stellingu. Á þeim tímapunkti hafi hann gengið til Erlu að Volkswagen bifreiðinni og þegar hann hafi komið til baka hafi Geirfinnur legið á maganum. Kristján Viðar hafi þá þreifað á hjarta Geirfinns og sagt: „Hann er dáinn.“ Hafi Sævar sagst hafa þreifað á púlsinum og haldið einnig að Geirfinnur væri látinn. Bókað var að Sævar hafi breytt stöðu sendiferðabifreiðarinnar um fimm metra til vesturs. Fram kom að Sævar teldi að [SÓH] hafi ef til vill séð eitthvað. Hafi Sævar sagt Erlu hafa farið burt á milli tveggja bygginga í Dráttarbrautinni.²²⁹⁵ Í skýrsluna var bókað að Kristján Viðar hafi sagt staðsetningu Volkswagen bifreiðarinnar vera sunnar. Bókað var að hann hafi sagst hafa tekið við hálstakinu af Guðjóni og hafi gripið um hálsinn aftanfrá, beygt Geirfinn aftur og ýtt með hnénu í hné hans. Fram kom að Kristján Viðar hafi sýnt hálstakið og samkvæmt skeiðklukku hafi hann haldið taki í um 10 sekúndur. Á meðan á því hafi staðið hafi Sævar slegið Geirfinn í fætuna með lurki. Bókað var að Kristján Viðar hafi sagt líkið hafa legið á vinstri hlið. Hann hafi reynt að finna hjartapúls, en engan fundið. Lagði Kristján Viðar áherslu á að hann væri enginn fagmaður. Fram kom að hann hafi sagt þá við Sævar: „Ég held að hann sé dáinn.“

²²⁹⁴ Bls. 2076–2077.

²²⁹⁵ Bls. 2078.

Síðan hafi hann gengið að sendiferðabifreiðinni og talað við [SÓH] eins og áður hafi komið fram. Hafi Kristján Viðar sagt að þegar hann hafi komið til baka hafi Sævar sagst hafa þreifað á púlsinum og talið manninn dáinn. Fram kom að Kristján Viðar hafi efast um staðsetningu sendibifreiðarinnar og talið að [SÓH] hafi ekkert séð.²²⁹⁶ Bókað var að Guðjón hafi staðsett Volkswagen bifreiðina nokkurn veginn á sama stað og Erla. Lýsti hann því yfir að geta ekki greint frá upphafi átakanna og hvar einstakir aðilar hafi staðið. Mjög dimmt hafi verið og ef hann segði eitthvað núna gæti það orðið einhver vitleysa. Orðrétt var ritað: „Aðspurður gengur hann lengra til norðurs að dráttarbrautinni sem liggur þversum og segir: „Hér á þessu svæði gæti það verið.““ Guðjón neitaði aftur að gefa upp nokkrar staðarákvarðanir. Hann sagði: „Ég verð að hugsa mig betur um, og ég held að það komi, það kemur áreiðanlega.““ Bókað var að Guðjón hafi ekki getað lýst því hvernig Geirfinnur hafi legið. Hann hafi sjálfur ekki kannað lífsmörk og vissi ekki hver hafi gert það. Aðspurður mundi hann ekki hvort líkið hafi verið borið að fólksbifreiðinni eða hvort henni hafi verið ekið að líkinu. Bókað var að Guðjón hafi sagt sendibifreiðina standa nokkurn veginn á réttum stað, en hann kynni ekki við rauðan stuðara sem væri nú á bifreiðinni. Auk þess hafi hann sagt númerið á bifreiðinni ekki rétt.²²⁹⁷ Bókað var að [SÓH] hafi sagst viss um að hafa ekki ekið sendibifreiðinni að bryggjunni, hann hafi ekki ekið svo neðarlega. Sagði hann Kristján Viðar hafa komið aftan að bifreiðinni og sagt sér að bíða lengur. [SÓH] hafi sagst hafa verið inni í bifreiðinni allan tímann. Mannamálið sem hann hafi heyrt, hafi komið vinstra megin fyrir aftan sig. Bókað var að [SÓH] hafi verið kynntur framburður annarra hlutdeildarmanna og þrátt fyrir það hafi hann haldið fast við framburð sinn. Aðspurður hafi [SÓH] sagt stuðara og hliðarrákir á sendibifreiðinni hafa verið svartar á umræddum tíma, en verið breytt þegar sendibifreiðin hafi verið seld. Undir yfirheitinu: „Í rauða húsinu“ kom fram að húsið væri veiðarfærageymsla. Bókað var að fimm sígarettustubbar hafi fundist á jarðhæð, undir sæti úr timburplötu, en engin spýja hafi fundist þar. Þá kom fram að Erla hafi borið um að hafa haldið sig í litlu herbergi hægra megin í afturenda hússins aðfaranótt 20. nóvember 1974. Bókað var að ekkert hafi fundist þar sem hafi sannað framburð hennar, hvorki sígarettustubbar né spýja.²²⁹⁸

1192. Fyrir liggur skýrsla dagsett þennan dag, 23. janúar 1977, um yfirheyrslu yfir [BRJ]. Bókað var að tilefnið hafi verið framburður Kristjáns Viðars um að hafa stolið frá vitninu gömlum byssusting sem hann hafi veitti Guðmundi banastungu með. Lýsti hann byssustingnum ítarlega. Fram kom að á handfangi byssustingsins hafi verið tittur til að læsa stinginn ofan í slíðrinu. Til að losa stinginn úr slíðrinu hafi því þurft að ýta tittinum inn. Byssustingurinn hafi horfið úr herbergi sínu í Kaupmannahöfn í kringum miðjan júlí 1973, en vitnið vissi ekki hver hafi verið þar að verki. Mundi hann eftir því að á þessum tíma hafi Kristján Viðar og Sævar komið í heimsókn ásamt fleirum, en mjög gestkvæmt hafi verið hjá honum. Margir sem hafi komið í heimsókn hafi

²²⁹⁶ Bls. 2079.

²²⁹⁷ Bls. 2080.

²²⁹⁸ Bls. 2081.

handleikið byssustinginn og því vitað af honum.²²⁹⁹ Byssustingurinn í slíðrinu hafi verið fremur þungur og því taldi hann ólíklegt að menn hafi borið hann á sér eða látið hann hanga við belti. Kvaðst hann þekkja Sævar, Kristján Viðar, Tryggva Rúnar og Albert Klahn en aldrei hafa heyrt þá ræða um þá atburði sem þeir hafi nú játað á sig.²³⁰⁰

1193. Þá kom [AÚJ] aftur til yfirheyrslu hjá Gísla Guðmundssyni þennan dag. Fyrir liggur skýrsla um yfirheyrsluna þar sem fram kemur að hún hafi kannað það hvort hún hafi boðið Erlu í party áður en henni hafi verið ekið heim aðfaranótt 27. janúar 1974. Kvaðst vitnið hafa rætt þetta við mann sinn og kunningja en enginn hafi kannast við þetta party og sjálf myndi hún alls ekki eftir því. Greindi hún frá því að maður hennar myndi ekki eftir ökuferðinni að Hamarsbraut 11. Bókað var í skýrsluna að hringt hafi verið í [ÓÁ] sem hafi staðfest framburð konu sinnar, hann myndi ekki eftir ferðinni. Þá var bókað að farið hafi verið með [AÚJ] að Hamarsbraut 11. Kannaðist hún ekki vel við staðinn og sagðist ekki muna eftir því að ekið hafi verið að húsinu heldur hafi verið stöðvað á Suðurgötunni og Erla hafi hlaupið þar úr bifreiðinni. Orðrétt var bókað: „Eftir þessu að dæma, er ekki víst að Hamarsbraut 11 hafi sést úr bílnum.“²³⁰¹
1194. Meðal rannsóknargagna liggur fyrir skýrsla um yfirheyrslu yfir [SRV]. Bókað var að tilefni skýrslutökunnar væri framburður vitnisins um að hafa orðið var við ferðir Guðmundar Einarssonar aðfaranótt 27. janúar 1974. Greindi hann frá því að hafa ekið um Hafnarfjarðarbæ á bifreið sinni umrædda nótt ásamt [EKH]. Fremur hált hafi verið og minnti hann að snjóþæfingur hafi verið á götunum og fremur illfært að aka víða. Veðrið hafi þó verið gott að mestu leyti þessa nótt. Lýsti hann því svo fyrir lögreglu að hann hafi ekið upp Reykjavíkurvegin og þegar hann hafi komið að mótum Hverfisgötu hafi ölvaður maður gengið fyrir bifreiðina. Hann hafi hæggt ferðina þar sem maðurinn hafi verið á leiðinni yfir götuna. Kvaðst vitnið hafa haldið ferð sinni áfram þegar maðurinn hafi verið kominn af akbrautinni. Mundi hann ekki eftir því að hafa séð manninn aftur. Sagði hann manninn hafa verið einan á ferð. Hann myndi ekki vel eftir útliti hans en myndi það glögggt að hann hafi verið dökkhærður með sítt hár og klæddur köflóttum jakka. Í lok skýrslunnar bætti hann því við að maðurinn hafi dottið í vegkantinum og ljóst að hann hafi verið mikið ölvaður.²³⁰²
1195. Sama dag var [KMM], vinur Guðmundar, yfirheyrður hjá lögreglu. Fyrir liggur skýrsla um yfirheyrsluna þar sem fram kom að vitninu hafi verið kynnt það sem haft hafi verið eftir honum við rannsókn á hvarfi Guðmundar og hafi hann staðfest það rétt eftir sér haft. Lýsti hann gerðum þeirra félaganna fram til þess að þeir fóru á ball í Alþýðuhúsinu í Hafnarfirði umrætt kvöld. Kvaðst hann ekki muna hvað klukkan var þegar þeir komu þangað. Mundi hann ekki atburðarásina á ballinu.²³⁰³ Næsta sem hann mundi var að hann og félagi hans, [SKrH], hafi tekið leigubifreið við samkomuhúsið

²²⁹⁹ Bls. 2347.

²³⁰⁰ Bls. 2348.

²³⁰¹ Bls. 2349.

²³⁰² Bls. 2350.

²³⁰³ Bls. 2351.

Skiphól eftir að [SKrH] hafi lent í slagsmálum þar fyrir utan. Kvaðst vitnið hafa verið klæddur ljósum bol, en [SKrH] ljósdoppóttri skyrtu.²³⁰⁴

1196. Þennan dag ritaði Tryggvi Rúnar í dagbók sína um að hafa óskað eftir því að hringt yrði heim og að fá að fara út í garð. Ritaði hann um að vera spenntur fyrir því að klára þessi smá afbrot sem hann hafi verið ákærður fyrir. Hann væri saklaus af nauðgunarákærinni og manndrápi. Orðrétt ritaði Tryggvi Rúnar: „Já, nei takk, þar er ég saklaus og í þessu Guðmundarmáli kem ég hvergi nálægt. Það er eins öruggt eins og ég sit hér og skrifa það niður hjá mér og vitna í Guð minn að ekki hef ég verið þar nærri.“²³⁰⁵
1197. Guðjón ritaði einnig færslu í dagbók sína þennan dag, 23. janúar 1977, um langt og strangt ferðalag til Keflavíkur með Grétari og Guðmundi Guðmundssyni úr Keflavík. Orðrétt ritaði Guðjón: „Dráttarbr. ath. þar var fjöldi fólks, mikið tilstand. Hef ekki getað haft mitt uppúr því enn.“ Grétar hafi komið um kvöldið og hafið nákvæma skýrslugerð til klukkan 23:18. Ritaði Guðjón um að Grétar hafi þá keypt fyrir hann Mac Baren tóbak. Orðrétt ritaði Guðjón: „Við erum í tímaþröng segir Gr. Ekki veit ég það. Svo er líka best að hreinsa þetta af. Það er ekki eftir neinu að bíða.“²³⁰⁶
1198. Mánudaginn 24. janúar 1977 var bókað í dagbók fangelsisins við Síðumúla að Ingvar Kristjánsson geðlæknir hafi hringt og boðað Guðjón í heilalínurit á föstudag.²³⁰⁷ Klukkan 13:35 var bókað að Guðjón hafi verið færður fram til viðtals við Grétar. Bókað var klukkan 16:10 að Jónas hafi hringt og spurt hvort Sævar væri með úr á sér. Lét færsluritari þess getið að svo væri ekki. Á sama tíma var bókað að beiðni Sævars um viðtal við Jón Oddsson, réttargæslumann, hafi verið komið á framfæri við Jónas. Var þess getið að Jón hafi hringt fyrir um daginn og boðað komu sína og fulltrúa frá sendiráði Bandaríkjanna. Bókað var klukkan 17:45 að Ívar hafi farið inn til Tryggva Rúnars. Hann hafi farið aftur klukkan 18:00. Rannsóknargögn um vitjunina liggja ekki fyrir önnur en færsla í dagbók Tryggva Rúnars þar sem fram kom að Ívar hafi rætt við hann um líkamsárasmál sem til rannsóknar væri hjá lögreglu.²³⁰⁸ Á sama tíma var bókað að Guðjón hafi verið færður á klefa sinn um stundarsakir. Rannsóknargögn um viðtalið liggja ekki fyrir. Klukkan 18:10 var bókað að Sævar hafi verið færður fram til viðtals við Grétar og Jónas. Bókað var um komu Jóns Oddssonar, réttargæslumanns Sævars klukkan 18:35. Hófst viðtal þeirra klukkan 18:40. Meðal rannsóknargagna liggur fyrir samantektarskýrsla um viðtal hans og Jónasar við Sævar þennan dag. Bókað var að þeir hafi beðið Sævar um að skýra nákvæmlega frá atburðum þegar hann og félagar hans hafi borið lík Geirfinns inn í kjallarann á Grettisgötu 82 aðfaranótt 20. nóvember 1974. Fram kom að Sævar hafi sagst munu reyna að gera sitt besta, en þar sem langt væri um liðið gæti hann ekki verið viss um smáatriði.²³⁰⁹ Minnti Sævar að ljóslost hafi verið inni í þvottahúsinu. Hann hafi staðið á ganginum og séð inn í

²³⁰⁴ Bls. 2352.

²³⁰⁵ Bls. 2081_A.

²³⁰⁶ Bls. 2071_C.

²³⁰⁷ Dagbók nr. 6, bls. 79.

²³⁰⁸ Bls. 2091_A.

²³⁰⁹ Bls. 2082.

Þvottahúsið þar sem félagar sínir hafi sett dökkleitt efni utan um eða yfir líkið sem hafi legið á gólfinu. Hafi Sævar sagt Kristján Viðar hafa sparkað eða spennt upp hurðina að geymslunni. Mundi Sævar ekki hvernig líkið hafi verið borið yfir í geymsluna, en minntist þess að hafa tekið þátt í því. Orðrétt var bókað í samantektarskýrsluna: „Þar hafi það verið lagt hálfvegis á grúfu upp á drasl til hægri handar, en vinstri vanginn hafi snúið upp og hann séð andlitíð. Hann kvaðst hafa séð blóðugar skrámur eða rispur á vinstri vanganum, en ekki aðra áverka.“ Greindi Sævar frá því að þegar hann og Kristján Viðar hafi rætt um flutning á líkinu hafi hann spurt hvort hann ætti ekki að koma með plast utan um líkið, en Kristján þá sagti það óþarft þar sem hann hefði efni til þess. Lýsti Sævar því að þegar hann hafi komið í geymsluna hafi verið búið að setja eitthvað utan um líkið svo hann hafi ekki séð andlit þess. Þá hafi þeir fært líkið yfir í þvottahúsið. Kristján hafi komið með efni og minnti Sævar að það hafi verið brúnleitt. Það hafi ekki verið plast. Þeir hafi sett efnið utan um líkið inni í þvottahúsinu og bundið saman með snæri. Mundi Sævar ekki hvaðan snærið hafi komið og gat ekki sagt til um hvort það hafi verið úr hampi eða nælon. Aðspurður hvort blætt hafi úr vitum líksins eða hvort það hafi verið mikið blóðugt sagðist Sævar ekki hafa séð annað blóð en storku á vinstri vanga.²³¹⁰

1199. Bókað var í fangelsisdagbókina klukkan 19:25 að Guðjón hafi verið færður fram til Grétars aftur. Var Guðjón færður aftur á klefa sinn klukkan 21:15. Rannsóknargögn um yfirheyrsluna liggja ekki fyrir. Bókað var klukkan 22:20 að Tryggvi Rúnar hafi fengið lánaða bókina, „Lögbókin þín“.²³¹¹
1200. Fyrir liggur skýrsla rannsóknarlögreglunnar um yfirheyrslu yfir [SÓH] þennan dag milli klukkan 17:20 og 18:50. Bókað var að [SÓH] væri með réttarstöðu vitnis. Kvaðst [SÓH] þess fullviss að Kristján Viðar hafi komið að máli við hann í nóvember 1974 og beðið hann um að aka einhverju. Það hafi ábyggilega verið heima hjá honum, annaðhvort um hádegisbilið eða um kvöld. Orðrétt var bókað: „Ekki get ég dagsett þennan atburð, en vel getur verið, að þetta hafi verið þann 18.11.1974, enda tel ég svo vera.“ Greindi [SÓH] frá því að Kristjáni Viðari hafi verið kunnugt um að hann hafði aðgengi að sendibifreið. Kvaðst [SÓH] hafa haft samband við [JÞW] og fengið leyfi hans til að fá sendibifreið að láni á umræddum tíma svo lengi sem hún væri þá ekki í vinnu. Kvaðst [SÓH] hafa talið víst að hann ætti að koma að Laugavegi 32, þar sem Kristján Viðar hafi haldið til að mestu. Honum hafi verið kunnugt um að ökumaður sendibifreiðarinnar hafi átt heima við Hegningarhúsið að Skólavörðustíg og þar myndi bifreiðin standa væri hún ekki í notkun.²³¹² Kvaðst hann hafa haft lykil að bifreiðinni og hafa tekið hana fyrir utan Skólavörðustíg 9, án þess að láta ökumann hennar vita. Hann hafi ekið sendibifreiðinni áleiðis að Laugvegi 32, en þar sem erfitt hafi verið að fá bifreiðastæði á Laugaveginum hafi hann stöðvað bifreiðina við Vatnsstíg. Sendibifreiðin hafi verið af gerðinni Mercedes Benz, árgerð 1970, gul á litinn með svarta stuðara og númerið R-40045. Kvaðst hann hafa stöðvað sendibifreiðina milli klukkan 21:00 og 21:30. Þá hafi Kristján Viðar komið hlaupandi að bifreiðinni og sagti

²³¹⁰ Bls. 2083.

²³¹¹ Dagbók nr. 6, bls. 80.

²³¹² Bls. 2084.

sér að aka til Keflavíkur. Hann hafi ekki viljað greina honum frá erindinu heldur myndi hann sjá það sjálfur ef af þessu yrði. Hafi Kristján Viðar sagt honum að stöðva bifreiðina þar sem malbikað yfirborð Hafnargötunnar hafi endað. Lýsti [SÓH] akstursleið sinni út úr borginni og að þeim stað sem Kristján Viðar hafi lagt fyrir hann að stöðva á. Þar hafi hann beðið í um 10 til 20 mínútur eða þar til Kristján Viðar hafi komið.²³¹³ Þá hafi Kristján gefið honum nánari fyrirmæli. Kvaðst [SÓH] hafa ekið eins og fyrir hann hafi verið lagt og eins langt niður að sjó eins og hann hafi treyst sér, snúið bifreiðinni við, drepíð á vélinni og opnað aðeins rifu á glugganum í dyrunum ökumannsmegin. Kvaðst hann hafa slökkt á ljósum bifreiðarinnar og þá hafi verið mjög dimmt. Hann hafi beðið í um 10 til 20 mínútur í bifreiðinni eftir því að Kristján Viðar myndi hafa nánara samband við hann. Kvaðst hann hafa heyrt mannamál, sem hafi virst koma að neðan, frá svæðinu á milli bifreiðarinnar og sjávarins. Hann hafi ekki heyrt orðaskil, en einhver æsingur virst í röddunum. Kvaðst hann ekkert hafa séð þar sem hann hafi ekki farið út úr bifreiðinni. Hann hafi ekki orðið var við aðra bifreið í Dráttarbrautinni umrætt kvöld. Kristján Viðar hafi komið aftur móður eða eitthvað æstur og sagt honum að þetta væri allt í lagi, hann gæti farið því ekkert yrði úr þessu. Sagðist [SÓH] aldrei hafa vitað hvað það hafi verið sem hann hafi átt að sækja umrætt kvöld. Hélt hann að klukkan hafi verið eitthvað um 22:00 þegar hann hafi komið til Keflavíkur. Kvaðst hann hafa ekið sem leið hafi legið til Reykjavíkur og hafa sett eldsneyti á bifreiðina á Umferðarmiðstöðinni. Næst hafi hann ekið sendibifreiðinni að Grettisgötu 82 og lagt henni gegn akstursstefnu.²³¹⁴ Kvaðst hann hafa farið að sofa í herbergi Kristjáns Viðars, líkt og venjulega. Undir morgunn hafi hann vaknað við að Kristján Viðar hafi komið og þá spurt hann hvert erindið til Keflavíkur hafi eiginlega verið og hvað hafi komið þar fyrir. Hafi hann svarað á þann veg að það skipti ekki máli og honum kæmi það ekki við þar sem ekkert hafi orðið úr neinu. Málið hafi ekki frekar verið rætt. Kvaðst [SÓH] ekki hafa orðið var við Sævar, hvorki um kvöldið né nóttina. Hann hafi haft það á tilfinningunni að fleiri hafi verið með í för, en ekki hafa orðið var við neinn annan en Kristján Viðar. Greindi [SÓH] frá því að hafa skilað sendibifreiðinni á sama stað og hann hafi tekið hana og því ólíklegt að ökumaður hennar hafi nokkuð orðið var við að henni hafi verið ekið um nóttina.²³¹⁵

1201. Meðal rannsóknargagna liggur skýrsla rannsóknarnefndar Reykjavíkur, ódagsett, með yfirskriftinni: „Atriði sem styrkja játningar“. Fram kom að Kristján Viðar hafi borið um að í geymslunni að Grettisgötu hafi verið stór leðurlíkisdúkur sem hafi verið vafinn utan um Geirfinn og síðan bundið um með ljósum nælonþræði. Kristján Viðar hafi borið um að hafa tekið með sér skóflu úr kjallara hússins þegar þau hafi lagt af stað með líkið í Rauðhóla. Þá hafi hann borið um að hafa spyrnt upp hurðinni að geymslunni svo að dyraumbúnaður hafi gefið eftir. Undir liðnum: „Rannsóknarleiðir“ var bókað að kanna þyrfti hvort amma Kristjáns Viðars kannaðist við umræddan dúk og ljóst nælonsnæri. Tryggja þyrfti umrædda skóflu og sanna að um sömu skóflu væri að ræða. Rannsaka þyrfti hvort dyraumbúnaður að geymsludyrum gæfi eftir ef spyrnt

²³¹³ Bls. 2085.

²³¹⁴ Bls. 2086.

²³¹⁵ Bls. 2087.

væri í hurðina. Athuga hvort búið væri að lagfæra hurðina.²³¹⁶ Fyrir liggur samantektarskýrsla Haraldar Árnasonar, um viðtal við [IF], föðurömmu Kristjáns Viðars, til heimilis að Grettisgötu 82. Bókað var að hún hafi verið spurð um atriði sem fram hafi komið í skýrslu Kristjáns Viðars hjá lögreglu 14. janúar 1977. Aðspurð um leðurlíkisdúk eða annað álíka í geymslunni mundi hún ekki eftir slíkt hafi verið þar geymt. Það gæti þó verið þar sem þar hafi safnast fyrir dót á mörgum árum. Aðspurð um hvítt nælonsnæri eða –band mundi hún ekki sérstaklega eftir slíku í kjallaranum. Minnti hana að afgangur af þvottasnúrum úr næloni hafi verið einu sinni verið settur í þurrkhúsið. Kvaðst hún muna eftir að hafa haldið öllum snærisspottum til haga í plastpoka í geymslunni. Aðspurð um ljós í vaskahúsi kvaðst hún hafa látið taka loftljósið í burtu um 1970 þar sem aðrir sem hafi gengið um kjallarann hafi verið gjarnir á að skilja vaskahúsljósið eftir logandi.²³¹⁷ Þá liggur fyrir önnur samantektarskýrsla, dagsett sama dag og rituð af Haraldi, um skoðun á dyraumbúnaði á geymslu í kjallara húss nr. 82 við Grettisgötu, í tilefni af framburði Kristjáns Viðars um að hafa spyrnt upp geymsluhurðinni þegar hann Sævar og Guðjón hafi komið með lík Geirfinns úr Keflavík. Bókað var að rætt hafi verið við [IF], föðurömmu Kristjáns Viðars, sem hafi verið viðstödd skoðunina. Fram kom að hurð og dyrakarmur hafi verið mjög illa farinn og erfitt að greina eina skemmd frá annarri. Bókað var að við athugun hafi komið í ljós sprunga í dyrakarmi, um 40 sentimetrar upp og niður fyrir lokjárn sem bendi til þess að hún hafi myndast við það að hurðinni hafi verið spyrnt upp. Aðspurð sagði [IF] það oft hafa komið fyrir að Kristján Viðar hafi spyrnt upp hurðinni og hún hafi of þurft að lagfæra hurðina. Mundi hún ekki hvenær það hafi verið gert síðast.²³¹⁸

1202. Fyrir liggur vottorð Veðurstofu Íslands til sakadóms Reykjavíkur, dagsett þennan dag 24. janúar 1977, um líkur á frosti í jörð í Rauðhólum 21. nóvember 1974. Fram kom að líklegt yrði að telja að frost hafi komið í jörð á tímabilinu 17. til 21. nóvember 1974 í Rauðhólum.²³¹⁹
1203. Meðal rannsóknargagna liggur fyrir samantektarskýrsla, dagsett þennan dag 24. janúar 1977, rituð af Gísla Guðmundssyni, um efni málskjala frá sakadómi í ávana- og fíkniefnamálum varðandi ólöglega meðferð fíkniefna Sævars og fleiri. Fram kom að það sem gerði gögnin áhugaverð væri að atburðir væru að gerast á því tímabili sem Guðmundur Einarsson hafi horfið og sama fólk kæmi þar við sögu. Bókað var að gögn lægju fyrir um að húsleit hafi verið framkvæmd heima hjá Kristjáni Viðari 19. febrúar 1974 í tengslum við fíkniefnamálið. Ekki hafi verið getið um byssusting eða hníf í þeim gögnum. Orðrétt bókaði Gíslí: „Á bls. 62 í sömu gögnum, gerir [ViG] grein fyrir akstri sínum með Sævari á undan og eftir umræddri utanferð og vekur þar athygli, að svo virðist sem dagarnir 26.–27. janúar 1974 detti út úr prógraminu. Þ. 25. jan. kveðst [ViG] keyra Sævar að Gljúfurholti í Ölfusi, þá hafi hann haft með sér mat og verið einsamall og ætlað að dvelja þar um einhvern tíma. Þann 28. jan. greinir [ViG] frá við

²³¹⁶ Bls. 2088.

²³¹⁷ Bls. 2092.

²³¹⁸ Bls. 2093.

²³¹⁹ Bls. 2089–2091.

yfirheyrsluna, að hann aki Sævari aftur austur að Gljúfurholti og þá hafi Kristján Viðar Viðarsson, verið með. Á framburði [ViG] er það að skilja, að Sævar að minnsta kosti, hafi verið með aftur til Reykjavíkur. Af þessu sýnist vera nauðsynlegt, að yfirheyra [ViG] rækilega í sambandi við þetta mál.²³²⁰

1204. Fyrir liggur skýrsla um yfirheyrslu yfir [SKrH], kunningja Guðmundar Einarssonar, þennan dag. Fram kom að hann hafi staðfest það sem lesið hafi verið upp fyrir hann og bókað var eftir honum í upphafi rannsóknar málsins.²³²¹ Ber skýrslan engar nýjar upplýsingar með sér.
1205. Tryggvi Rúnar ritaði í dagbók sína þennan dag um að hafa beðið Högna fangavörð um að hringja í Hilmar Ingimundarson, réttargæslumann, til að spyrja hann um stöðu sína og hvers vegna hann væri nú í einangrun. Ritaði Tryggvi Rúnar um að hringt hafi verið í Hilmar sem hafi sagst munu skoða málið. Þá ritaði Tryggvi Rúnar um að hafa farið út í garð um klukkan 17:45, úti hafi verið mjög gott veður líkt og um sumar.²³²²
1206. Þennan dag ritaði Guðjón færslu í dagbók sína um svefn og draumfarir. Ritaði hann um að hafa setið og samið skýrslu með Grétari milli klukkan 13:30 og 18:00, en þá hafi verið gert hlé. Þeir hafi hafist handa aftur og verið að til klukkan 21:20. Orðrétt ritaði Guðjón: „Enn er eftir að bæta skýrsluna, sérst. l. um atb. í Dráttarbr. þar vantar nokkuð í, veit ekki hvort það verður betrubætt. Þyrfti að hugsa þetta mál í kvöld.“²³²³
1207. Þriðjudaginn 25. janúar 1977 var bókað í dagbók fangelsisins við Síðumúla að Guðjón hafi verið færður fram til Grétars klukkan 09:40. Bókað var að Grétar hafi gert matarhlé klukkan 11:55.²³²⁴ Fyrir liggur skýrsla um yfirheyrslu yfir Guðjóni þennan dag milli klukkan 09:30 og 18:45. Greindi Guðjón frá því að hafa hitt Sævar í fyrsta sinn í um tvo mánuði 14. nóvember 1974 þegar hann hafi komið til að sýna honum Land Rover bifreið sína. Þeir hafi hist einu sinni eða tvisvar á vinnustað Guðjóns eftir það, en hann hafi ekkert vitað um fyrirhugaða Keflavíkurferð fyrr en 18. nóvember 1974. Greindi Guðjón frá því að Sævar hafi fengið lánaðan síma hjá sér þann dag. Mundi Guðjón eftir því að hafa látið Sævar fá miða sem Sævar hafi skrifað símanúmer á og látið hann svo fá aftur. Kvaðst Guðjón hafa stungið miðanum í vasann. Spurði Sævar hann í framhaldinu hvort hann vildi koma með til Keflavíkur daginn eftir, 19. nóvember 1974, til að hitta mann. Mundi Guðjón eftir því að Sævar hafi sagst hafa hitt manninn í Klúbbinum.²³²⁵ Greindi Guðjón frá því að hafa farið heiman frá sér að Lambhóli á Fiat bifreið tengdamóður sinnar milli klukkan 20:00 og 20:30, en hafi verið búinn að dvelja þar talsverða stund, í 30 til 45 mínútur þegar Sævar hafi komið. Orðrétt var bókað eftir Guðjóni: „Ég get þess að á s.l. vetri eftir að Geirfinnsmálið komst aftur í hámbæli, þá spurði ég [RafG] hvort verið gæti að ég hafi komið til hans kvöldið 19.11.1974 og að ég hafi hitt Sævar þar. Hann svaraði: „Hver man það?“ Kvaðst Guðjón áður hafa sagt mann hafa verið með Sævari og Erlu, en sagðist ekki

²³²⁰ Bls. 2354.

²³²¹ Bls. 2357.

²³²² Bls. 2091_A.

²³²³ Bls. 2081_B.

²³²⁴ Dagbók nr. 6, bls. 81.

²³²⁵ Bls. 2094.

vera viss um það atriði. Verið gæti að hann hafi verið að rugla einhverju saman.²³²⁶ Kvaðst Guðjón hafa á þessum tímapunkti tekið ákvörðun um að fara með í Keflavíkurferðina og hafi þar ráðið að nokkru forvitni hans og greiðasemi við Sævar.²³²⁷ Hann hafi ekið Volkswagen bifreiðinni suður eftir, Sævar hafi setið í framsætinu, Erla og Kristján Viðar aftur í. Orðrétt var bókað í skýrsluna: „Ég get þess að ég tók lítið eftir þessum manni, sem mun vera Kristján Viðar. Ég hef séð hann við samprófun en treysti mér ekki til að fullyrða að það hafi verið hann sem var í bifreiðinni. Mér hefur verið sagt að hans játning liggi fyrir um þetta atriði og get ég ekki dregið hana í efa. Ég þekkti Kristján Viðar ekki fyrir þennan tíma og eftir þessa nótt sá ég hann ekki fyrr en hjá lögregglunni.“ Kvaðst Guðjón hafa áttað sig á því síðar að það sem Sævar hafi sagt í bifreiðinni á leiðinni um að sýna manninum fulla hörku og jafnvel að láta hann hverfa hafi hann meint í fullri alvöru.²³²⁸ Að fyrirsögn Sævars hafi hann ekið upp að sendibifreiðinni í Keflavík og kvaðst Guðjón þá hafa séð höfuð ökumannsins á hlið. Hann hafi ekki þekkt manninn en séð að hann var hrokkinhærður með skollitað hár og grannleitur. Eftir þetta hafi hann ekið beint í gegnum bæinn að fyrirsögn Sævars sem hafi sagt farþegum bifreiðarinnar að beygja sig niður þegar ekið var fram hjá bíóinu. Taldi Guðjón að hlé hafi verið í bíóinu þar sem fólk hafi verið staðbundið í grennd við bíóið og eins hafi klukkan verið rúmlega 22:00. Bókaðar voru lýsingar Guðjóns á því hvernig hann ók að Pípugerðinni þar sem Sævar og Kristján Viðar hafi farið út úr bifreiðinni en hann snúið bifreiðinni við og fært hana. Rámaði hann í að hafa þá séð sendibifreiðinni ekið út í Dráttarbrautina. Eftir nokkra bið hafi þeir komið til baka. Einhver æsingur hafi verið í Sævari þar sem hann hafi verið kominn of nærri lögreglustöðinni með bifreiðina og maðurinn sem þeir hafi átt stefnumót við hafi sennilega verið farinn. Þá hafi hann ekið að bensínstöð við aðalgötuna í Keflavík og upp hafi komið sú spurning hvort nægt bensín væri á bifreiðinni.²³²⁹ Kvaðst Guðjón ekki muna betur en að hann hafi sett bensín á bifreiðina. Lýsti hann árangurslausri tilraun Sævars til að hringja í sjoppunni við aðalgötuna og svo þegar Kristján Viðar hafi hringt í Hafnarbúðinni. Kvaðst Guðjón hafa afhent miðann sem Sævar hafði látið hann fá og hann hafði þegar greint frá. Lýsti hann því þegar Sævar hafi hleypt manni inn í aftursæti bifreiðarinnar. Bókað var í skýrsluna að hlé hafi verið gert klukkan 11:30.²³³⁰

1208. Þennan dag, klukkan 12:55, var bókað í fangelsisdagbókina að Grétar og Guðjón hafi aftur hafið störf við skýrslugerð, eins og það var orðað í færslunni.²³³¹ Bókað var í skýrsluna að yfirheyrslan hafi hafist aftur klukkan 12:55. Í framhaldinu var orðrétt bókað: „Ég hef séð myndir af honum síðan og kem ég honum ekki fyrir mig, en það er ekki að marka, þar sem ég tók ekki það vel eftir andliti mannsins. Ekki heyrði ég nafn mannsins nefnt, en ég dreg ekki lengur í efa, að það hafi verið Geirfinnur Einarsson, sem þarna var um að ræða.“ Gat Guðjón ekki lýst leiðinni sem hann ók um bæinn áður

²³²⁶ Bls. 2095.

²³²⁷ Bls. 2096.

²³²⁸ Bls. 2097.

²³²⁹ Bls. 2098.

²³³⁰ Bls. 2099.

²³³¹ Dagbók nr. 6, bls. 82.

en ekið hafi verið í Dráttarbrautina. Mundi hann að Sævar og Geirfinnur hafi rætt saman um spíra og virtust báðir vera að fiska upplýsingar frá hvor öðrum. Mundi Guðjón að Sævar hafi verið með peninga og boðið Geirfinni þá í skiptum fyrir spíra eða upplýsingar. Mundi Guðjón eftir einhverju þrasi útaf peningunum en vissi ekki hvað hafi orðið um þá. Lýsti Guðjón því hvernig hann hafi ekið inn í Dráttarbrautina, en mundi ekki hvers vegna hann hafi ekið aftur þangað. Taldi hann að sér hafi verið vísað til vegar. Samkomulag hafði ekki náðst milli Sævars og Geirfinns, en þeir hafi farið útúr bifreiðinni í sæmilegum friði. Átök hafi ekki hafist strax og mundi hann ekki til að lýsa orðaskiptum. Sagði Guðjón að Geirfinnur hafi veist að sér í orðum svo hann hafi reiðst ofsalega. Mundi Guðjón ekki hvað Geirfinnur hafi sagt, Myndi hann lítið eftir því sem hann segði eða gerði þegar hann reiddist svona. Rámaði hann í að hafa tekið í öxl Geirfinns til að stöðva hann þegar hann hafi ætlað í burtu.²³³² Orðrétt var bókað í skýrsluna: „Við lentum þá í tuski og minnir mig að ég hafi náð á honum hálstaki og hélt ég honum föstum þó örugglega ekki lengi. Hálstakinu hélt ég þannig að ég var með olnbogann undir hökunni á honum. Verið getur að ég hafi skellt honum til jarðar og minnir mig að hann hafi dasast við þetta, en það sem á eftir fór er svo óljóst í minni mínu að það yrði nánast skáldskapur að lýsa því.“ Kvaðst Guðjón ekki muna eftir hlutdeild Sævars og Kristjáns Viðars í átökunum. Mundi hann ekki eftir að barefli hafi verið notað, en það kynni að vera fyrir því. Orðrétt var bókað: „Ég man að ég skynjaði svo að Geirfinnur lá á jörðinni og hreyfðist ekki meir. Taldi ég þá að hann væri látinn. Hann lá á bakinu og hallaðist á vinstri hlið, höfuð hans snéri að mér. Ekki tók ég eftir neinum áverkum á honum.“ Kvaðst Guðjón ekki geta sagt til um dánarorsök en vera það ljóst að hann hafi látist í átökum við þá þrjá. Kvaðst hann ekki hafa kannað lífsmörk. Hann hafi orðið miður sín og ráfað í burtu en þá hafi hann séð framan á sendiferðabifreiðina sem hafi verið kyrrstæð í líkri stöðu og þegar hann hafi séð bifreiðina síðastliðinn sunnudag, en þá hafi hann þekkt hana aftur. Greindi Guðjón frá því að þá hafi hann tekið eftir að búíð hafi verið að mála rauðar rendur á hliðar bifreiðarinnar, en þær hafi ekki verið áður. Þá hafi framstuðarinn einnig verið rauðmálaður, en Guðjón minnti að hann hafi verið svartur á umræddum tíma. Kvaðst hann einnig muna að sendibifreiðin hafi verið á R-númeri á umræddum tíma, en það hafi hún ekki verið á sunnudeginum. Kvaðst Guðjón ekki hafa getað rifjað upp hvað hafi síðan gerst fyrr en hann hafi verið kominn að Hafnarfirði. Hann vissi ekki hvenær Erla hafi farið, hvernig líkið hafi verið sett í bifreiðina og hver hans hlutur hafi verið í því. Kvaðst hann muna næst eftir sér þegar Sævar hafi talað um að nú væri hann samsekur um morð. Guðjón kvaðst hafa verið utan við sig og hváð, en Sævar hafi þá sagt: „Sástu ekki hvað við gerðum við manninn?“²³³³ Lýsti Guðjón uppástungum sínum um greftrunarstað fyrir líkið, hann hafi talað fyrir því að koma því fyrir á Álftanesi, í hitaveitustokk og á íþróttavellinum í Kópavogi. Kvaðst Guðjón ekki muna hver hafi ráðið ferðinni eða átt uppástunguna um að fara með líkið inn sunnið á milli Grettisgötu og Njálsgötu. Orðrétt var bókað eftir Guðjóni: „Síðastliðinn föstudag var farið með mig í kjallarann á Grettisgötu 82 og einnig var farið með mig inn í íbúðina

²³³² Bls. 2100.

²³³³ Bls. 2101.

sem Kristján Viðar bjó í á þessum tíma. Þá rifjaðist upp fyrir mér að ég hafði komið þar aðfaranótt 20.11.1974.“ Mundi hann ekki eftir að hafa aðstoðað við bera líkið úr bifreiðinni inn í kjallarann. Hann hafi orðið einn eftir í bifreiðinni og þá farið út og inn í kjallarann á eftir hinum. Mundi Guðjón eftir því að hafa rekið sig utan í miðstöðvarkatlana sem hafi verið í kjallaranum. Þegar hann hafi komið í dyrnar á þvottahúsinu hafi hann séð bakhlutana á Sævari og Kristjáni Viðari þar sem þeir voru að setja eitthvað utan um líkið sem lá uppi á bekknum.²³³⁴ Minnti hann að það sem hafi verið breitt yfir líkið hafi verið grænt á litinn. Hann hafi ekkert aðstoðað þá með líkið. Guðjón kvaðst ekkert muna eftir að hafa farið upp í íbúðina og taldi sig hafa stoppað mjög stutt þarna. Sævar hafi farið með honum út til að leggja bifreiðinni. Minnti Guðjóni að Sævar hafi gengið áleiðis með honum niður á Vatnsstíg þar sem hann hafi náð í Fiat bifreiðina og ekið heim. Mundi Guðjón eftir því að Sævar hafi talað til sín hughreystingarorðum og sagt að þetta yrði allt í lagi og hann skyldi sjá um það sem eftir væri. Lýsti Guðjón dvöl sinni á Mokka daginn eftir, 20. nóvember 1974 þar sem hann hafi lesið um útför Þórbergs Þórðarsonar í Þjóðviljanum. Þá hafi Sævar komið inn og hvíslað að sér eitthvað á þá leið að nú væri bara að þegja. Minnti Guðjóni að Sævar hafi við þetta tilefni beðið um að fá skóflur lánaðar eða tilkynnt honum um að hann hefði tekið þær.²³³⁵ Skóflunum hafi Sævar skilað síðar í þeirri viku. Kvaðst Guðjón örugglega ekki hafa tekið þátt í að koma líkinu fyrir og mundi ekki til þess að Sævar hafi sagt honum það. Verið gæti að Sævar hafi tilkynnt honum um það, en ekki nefnt ákveðinn stað í því sambandi. Fram kom að Guðjón hafi sagt það mögulegt að Sævar hafi nefnt við sig eftir að þeir hafi hist á Mokka að rétt væri að blanda Klúbbmönnum í málið. Mundi Guðjón ekki hvort hann hafi svarað þessu, enda hafi honum fundist hugmyndin fávísleg. Kvaðst hann engan þátt hafa átt í því að blanda óviðkomandi mönnum í málið. Bókað var í lok skýrslunnar að Guðjóni væri það ljóst að frásögnin í þessari skýrslu væri ekki í fullu samræmi við það sem hann hafi áður sagt. Orðrétt var bókað: „Þar sem misræmi er tel ég þessa skýrslu réttari, og það sem ég hafi áður sagt og ekki er rétt hafi verið vegna rangminnis. Vera má að mér takist síðar að rifja upp ýmiss atriði, sem mér hefur hér ekki tekist að rifja upp enn.“ Bókað var að yfirheyrslunni hafi lokið klukkan 18:45.²³³⁶

1209. Bókað var í dagbók Hegningarhússins þennan dag klukkan 13:14 að Kristján Viðar hafi verið fluttur í sakadóm Reykjavíkur. Kom hann til baka í fangelsið klukkan 15:10. Um klukkan 18:00 var bókað að rakari hafi komið og klippt Kristján Viðar.²³³⁷
1210. Bókað var í fangelsisdagbókina þennan dag, 25. janúar 1977, klukkan 13:40 að Örn hafi hringt og tilkynnt um að sér þætti ekki unnt að flytja Sævar í Hegningarhúsið þrátt fyrir að honum hafi verið hálfpartinn lofað því. Mælti Örn fyrir um að Sævar yrði fluttur í klefa númer 20 þar sem hann væri stærri og rýmri. Færsluritari bókaði um að því yrði ekki svarað án samráðs við Gunnar Guðmundsson, forstöðumann, auk þess sem borðið í klefanum væri laflaust og enn hafi ekki verið orðið við beiðni um

²³³⁴ Bls. 2102.

²³³⁵ Bls. 2103.

²³³⁶ Bls. 2104–2105.

²³³⁷ Dagbók Hegningarhússins nr. 1, bls. 15.

lagfæringu á klefanum. Bókað var um að Örn hafi sagst ætla beita sér fyrir því að klefinn yrði lagaður strax. Orðrétt bókaði færsluritari: „Jafnframt bað ég Örn að sjá um að fanganum yrði sagt hreint út að flutn. væri ekki mögulegur, svo hann væri ekki að því daglega og eilífðar stagli um flutning og loforð um það, eins og hann væri látlaust að. Örn kvað það rétt að fanginn fengi að vita þetta, og sagðist skildi sjá um að Jónas Bjarnason r.l.m. gerði það í dag.“ Bókað var að smiður hafi komið klukkan 16:00 til að lagfæra borðið í klefa númer 20.²³³⁸ Bókað var í fangelsisdagbókina klukkan 16:15 að hringt hafi verið með hraði í Gunnlaug Briem, sakadómara, fyrir Tryggva Rúnar sem sagst hafi viljað breyta og bæta framburð sinn fyrir dómi helst þá þegar. Hafi dómari tekið þessu vel og sagst munu láta sækja Tryggva Rúnar. Fimmtán mínútum seinna var bókað að Tryggvi Rúnar hafi verið fluttur í sakadóm Reykjavíkur. Klukkan 16:45 var bókað að Jónas hafi komið með Moggann til Sævars, eins og það var orðað, en blandast í skýrslugerð Grétars og Guðjóns í horninu. Klukkan 18:00 var bókað að komið hafi verið með Tryggva Rúnar úr sakadómi. Bókað var að Guðjón hafi verið færður á klefa sinn klukkan 18:15.²³³⁹

1211. Fyrir liggur upplýsingaskýrsla, dagsett þennan dag 25. janúar 1977, rituð af Ívari um tímamælingu frá Hafnarbúðinni að heimili Geirfinns að Brekkubraut 15 í Keflavík. Fram kom að John Hill, rannsóknarlögreglumaður í Keflavík hafi mælt með skeiðklukku hversu langan tíma það hafi tekið hann að fara fótgangandi á milli þessara staða. Bókað var að tíminn hafi verið sex mínútur og 30 sekúndur, en John hafi gengið frekar greitt.²³⁴⁰
1212. Meðal rannsóknargagna liggur fyrir upplýsingaskýrsla, dagsett sama dag, rituð af Ívari um verkefni frá Karli Schütz þar sem óskað var álitis prófessors við Rannsóknarstofu Háskóla Íslands.²³⁴¹ Meðfylgjandi skýrslunni var afrit af verkefninu. Fram komu fjórar spurningar sem óskað var svara við; í fyrsta lagi hvert væri öruggt merki þess að maður væri látinn, í öðru lagi hverju gætu menn tengdir Geirfinnsmálinu örugglega hafa komist að við rannsókn á líki Geirfinns, í þriðja lagi hvenær hefist stirðnun, hvenær losnar lík úr stirðnun og hvenær byrja líkblettir að myndast. Í fjórða og síðasta lagi var beðið um álit á því hvort hægt væri að drepa mann með hálstaki. Beðið var um álit á hálstaki og hversu lengi halda þyrfti hálstaki til að drepa mann. Bókað var að líkið hafi verið sett inn í bifreið í sitjandi stellingu eftir um hálf klukkustund og þá ekið til Reykjavíkur í um 45 mínútur. Líkið hafi síðan verið borið inn í geymslu í íbúðarhúsnæði og geymt þar innpakkað í tvo sólarhringa. Hitinn í geymslunni hafi verið góður stofuhiti.²³⁴²
1213. Fyrir liggur upplýsingaskýrsla, dagsett sama dag, rituð af Eggerti um tæknilega rannsókn á sýnum úr vörurými sendibifreiðarinnar Í-840. Fram kom að við rannsókn tæknideildar lögreglu hafi fundist blóðleifar og eftir nánari rannsókn í Þýskalandi hafi í ljós komið að um mannsblóð hafi verið að ræða. Fram kom að blóðleifarnar hafi

²³³⁸ Dagbók nr. 6, bls. 82.

²³³⁹ Dagbók nr. 6, bls. 83.

²³⁴⁰ Bls. 2106.

²³⁴¹ Bls. 2107.

²³⁴² Bls. 2108.

fundist fremst hægra megin í vörurými sendibifreiðarinnar, innan við dyr sem notaðar hafi verið til þess að ferma og afferma bifreiðina. Bókað var að í nóvember 1974 hafi sendibifreiðin verið með númeri R-40025 og verið í eigu [JPW]. Fram kom að rætt hafi verið við [JPW] og hafi hann tjáð lögreglu að hann hafi í eitt sinn fengið skurð á fingur og blóðgast þegar hann var að vinna fremst í vörurýminu.²³⁴³

1214. Meðal rannsóknargagna liggur fyrir upplýsingaskýrsla dagsett þennan dag, 25. janúar 1977, rituð af Jónasi um ítarlega leit lögreglu að manni að nafni „Geiri í Keflavík“. Fram kom að með aðstoð lögreglunnar í Keflavík hafi verið tekin saman listi með 47 nöfnum á öllum mönnum í Keflavík þar sem nafnið Geir eða Geiri kæmi fyrir og voru nefnd sem dæmi nöfnin Ásgeir, Þorgeir og Valgeir. Fram kom að John Hill, rannsóknarlögreglumaður í Keflavík hafi kannað hvort einhver þessara manna væri grunaður um misferli í sambandi við áfengi á árinu 1974 og hafi skilað skýrslu með niðurstöðum sínum, sem var dagsett 19. janúar 1977.²³⁴⁴
1215. Meðal rannsóknargagna liggur fyrir skýrsla Haraldar Árnasonar, dagsett þennan dag, um samantekt á æviatriðum Kristjáns Viðars. Fram kom að samantektin hafi verið byggð á viðtölum við Kristján Viðar og aðra þá sem til hans hafi þekkt sem og mati Haraldar. Lýsti Haraldur bágum aðstæðum Kristjáns Viðars í æsku.²³⁴⁵ Fram kom að Kristján Viðar hafi gist fangageymslur lögreglunnar 18 sinnum, þar af níu sinnum vegna ölvunar, á tímabilinu 5. september 1971 til 10. ágúst 1975. Í hin skiptin hafi hann verið handtekinn vegna alvarlegri brota eða verið geymdur fyrir rannsóknarlögreglu. Þá kom fram að á tímabilinu frá 1. nóvember 1972 til 23. desember 1975 hafi Kristján Viðar setið samtals 489 daga í fangelsi, en á þeim degi hafi hann verið úrskurðaður í gæsluvarðhald vegna rannsóknar Guðmundarmálsins og síðar Geirfinnsmálsins. Í skýrslunni kom fram að hann hefði mikla tilhneigingu til að vernda ættingja sína, sem hafi komið skýrlega í ljós við rannsókn Geirfinnsmálsins, en hann hafi gert tilraunir til að halda frænda sínum, [SÓH], utan við málið.²³⁴⁶ Mikið hafi borið á vonleysi og sjálfsásökunum hjá Kristjáni Viðari og hafi hann oftast en einu sinni haft orð á því að hann verðskuldaði ævilanga fangelsisvist. Þá kom fram að honum fyndist óbærilegt að hugsa um þær sorgir sem hann hafi valdið öðrum. Í lok skýrslunnar var bókað að Kristján Viðar væri fámáll, áberandi dulur og fáorður um eigin hagi eða persónuleg vandamál. Hann væri skapstór og reiddist fljótt en væri ekki langrækinn.²³⁴⁷
1216. Sams konar samantektarskýrsla liggur fyrir um Erlu, rituð af Sigurbirni Víði og dagsett þennan dag, 25. janúar 1977. Fram kom að skýrslan hafi verið byggð á samtölum hans við Erlu og mati hans á persónuleika hennar. Voru uppeldisaðstæður Erlu raktar í grófum dráttum.²³⁴⁸ Fram kom að Erla og Sævar hafi kynnst haustið 1973. Hún hafi aðstoðað hann við ýmis konar afbrot og einnig þagað yfir alvarlegri

²³⁴³ Bls. 2109.

²³⁴⁴ Bls. 2110.

²³⁴⁵ Bls. 2111–2112.

²³⁴⁶ Bls. 2113.

²³⁴⁷ Bls. 2114.

²³⁴⁸ Bls. 2115.

afbrotum eins og Guðmundarmálinu. Bókað var orðrétt: „Varðandi „Geirfinnsmálið“ þá skýrði Erla sjálfstætt frá því og dró þá saklausa menn inn í málið, með þeim afleiðingum, að þeir sátu í gæsluvarðhaldi, sem hér segir: Einar Bollason, frá 26/1/1976 til 9/5/1976. Magnús Leópolðsson, frá 26/1 1976 til 9/5 1976. Sigurbjörn Eiríksson, frá 10/2 1976 til 9/5 1976.“ Fram kom að Erla hafi gist fangageymslur lögreglunnar tvisvar sinnum á vegum fíkniefnalögreglunnar. Hún hafi setið í gæsluvarðhaldi á tímabilinu 13. til 20 desember 1975 og 4. maí til 22. desember 1976. Í lok skýrslunnar sagði að Erla væri í meðallagi greind, talsvert áhrifagjörn, virtist hysterísk og samfara því oft kærulaus. Hún hafi gott minni, en væri lygin og oft ófyrirleitin. Hún hefði ekki mikið samviskubit yfir því sem hún hafi sagt ósatt.²³⁴⁹

1217. Þá liggur fyrir samantektarskýrsla um persónulýsingu á Sævari, rituð af Jónasi og dagsett sama dag. Í skýrslunni var heimilisaðstæðum Sævars lýst. Fram kom að hann hafi farið í unglingskólann í Reykjanesi við Ísafjarðardjúp um 15 ára aldur en látinn fara vegna slæmrar framkomu. Þar hafi hann kynnst Guðjóni Skarphéðinssyni sem hafi verið kennari við skólann. Bókað var að Sævar hafi ekki stundað neina fasta vinnu og hafi að mestu lifað á því sem hann hafi aflað með afbrotum.²³⁵⁰ Fram kom að hann hafi verið úrskurðaður í gæsluvarðhald í júlí 1973 fyrir innflutning og dreifingu á fíkniefnum. Í nóvember sama ár hafi hann aftur verið úrskurðaður í gæsluvarðhald vegna sams konar mála og aftur í febrúar 1974. Fram kom að hann og Erla hafi kynnst í ágúst 1973 og farið að búa saman í ársbyrjun 1974. Bókað var að hann hafi flutt til Kaupmannahafnar í desember 1974 og búið þar fram í apríl 1975. Ótti hafi verið í honum vegna póstsvikamálsins og eins afdrifa Geirfinns Einarssonar.²³⁵¹ Bókað var að glögglega hafi komið fram í viðtölum við Sævar að hann vissi að lögreglan hefði lítil gögn í höndunum og hafi gert sér grein fyrir að erfitt yrði að sanna á hann málið ef játning hans lægi ekki fyrir. Fram kom að Sævar hafi verið mjög á verði gagnvart málinu en reynt ákaft að komast að því hvað hinir sakborningarnir hafi sagt og eins hafi hann oft beðið um að vera samprófaður við þá. Hann hafi yfirleitt svarað öllum spurningum, en sagt ósatt ef hann vildi ekki segja sannleikann. Hann vildi gjarnan fá að greina frá málinu öllu með langri sögu sem síðan hafi ekki staðist nema að litlu leiti við frekari könnun. Fram kom að Sævar hafi tilnefnt ýmsa menn sem hafi átt hlut að máli og hafi nefnt bæði kunningja og féлага án þess að láta sig varða óþægindin sem hann hafi valdið þeim. Í skýrslunni kom fram að Sævar hafi yfirleitt verið í frekar léttu skapi þegar hann hafi mætt til yfirheyrslu, en þó væri greinilegt að hann væri orðinn þreyttur á einverunni í gæsluvarðhaldinu. Orðrétt var bókað: „Ef þungt var í honum nægði oftast smávegis hól um hann til að koma honum í gott skap, en fyrir kom ef lagt var of fast að honum í yfirheyrslum að hann reiddist og sagðist taka allt aftur sem hann væri búinn að segja um mál þessi. Hann hefði aldrei til Keflavíkur farið og vissi ekki neitt um málið.“ Þá var orðrétt bókað: „Það var greinilegt að Sævar taldi sig geta með þessu ruglað og þreytt rannsóknarmenn í málinu þannig að þeir gæfust upp.“ Í skýrslunni kom fram að yfirheyrsluáðferðum yfir Sævari hafi verið breytt samkvæmt

²³⁴⁹ Bls. 2117.

²³⁵⁰ Bls. 2118.

²³⁵¹ Bls. 2119.

fyrirmælum frá Karli Schütz. Hætt hafi verið að taka af honum formlegar skýrslur og hafi Jónas þess í stað rætt meira við Sævar um málið í heild. Sævari hafi verið gerð grein fyrir stöðu hans og þá hafi verið lagðar fyrir hann spurningar um ákveðin atriði. Þá hafi miklar upplýsingar legið fyrir um málið frá öðrum sakborningum. Orðrétt var bókað: „Með þessu tókst að safna upplýsingum þannig að allgóð heildarmynd var komin snemma í desember og þá virtist Sævar vera farinn að gera sér ljóst að málið væri sér tapað, lögreglan væri komin með það miklar upplýsingar að hann slyppi ekki lengur, enda búið að skýra honum greinilega frá því að hann yrði að skýra algjörlega sjálfstætt frá sínum hluta málsins.²³⁵² Fram kom að Sævar hafi engin geðbrigði sýnt í umræðu um þau mál sem hann væri nú sakaður um. Hafi Jónas rætt við hann um þessi endalaus ósannindi hans, eins og það var orðað, en Sævar þá svarað því til að hann hafi verið síljúgandi síðan hann var krakki og gerði oft ekki greinarmun á því hvenær hann segði satt eða ósatt. Bókað var að Sævar hafi verið þakklátur fyrir allt sem hafi verið gert fyrir hann og voru í dæmaskyni nefndar stuttar ökuferðir, ávextir og bækur. Í lok skýrslunnar kom fram að Sævar hafi sýnt merki þess að óttast misþyrmingar eða að vera drepinn þegar hann losnaði úr fangelsi eða færi í lausagæslu þar sem aðilar sem hann væri hræddur við næðu til hans. Hafi hann helst nefnt Tryggva Rúnar í því sambandi. Orðrétt sagði: „Einangrunin í gæsluvarðhaldinu virðist vera farin að hafa mikil áhrif á hann og eins er hann farinn að gera sér fulla grein fyrir að hann verður að taka afleiðingum gerða sinna og hefur oft rætt um við lögfræðing sinn að hann vilji gera allt sem hann getur til að lík þeirra horfnu finnist, en geti ekki bent á þá frekar en búið er.²³⁵³

1218. Meðal rannsóknargagna er samantektarskýrsla um Guðjón Skarphéðinsson, dagsett 25. janúar 1977 og rituð af Grétari. Í skýrslunni voru rakin uppvaxtarár Guðjóns, fjölskyldugerð og persónueiginleikar.²³⁵⁴ Ritað var um fíkniefna- og áfengisneyslu Guðjóns. Fram kom að Guðjón hafi verið á stundum nánast geðveikur. Sumarið 1974 hafi faðir hans látist í umferðarslysi og dóttir hans slasast mikið. Þá hafi hann orðið mjög tæpur á geðsmunum. Snemma um haustið sama ár hafi hann hafið störf hjá Menningarsjóði, en stundað vinnuna illa. Samstarfsfólk hans hafi talið hann eiga við geðræn vandamál að stríða.²³⁵⁵ Fram kom að honum hafi verið sagt upp störfum í ágúst 1975. Rakin var í skýrslunni aðild hans að innflutningi á fíkniefnum í bifreið seint sama haust. Þá kom fram svo virtist sem Guðjón hafi töluvert umgengist Sævar og haft einhverja vitneskju um afbrot hans. Bókað var að Guðjón hafi verið handtekinn 12. nóvember 1976 vegna aðildar að hvarfi Geirfinns. Við yfirheyrslur hafi hann eindregið neitað bæði aðild og vitneskju um málið fyrir utan það sem hann hafi heyrt og séð í fjölmiðlum. Fram kom að nokkru áður en 20 daga gæsluvarðhaldsúrskurður yfir honum hafi runnið út hafi hann byrjað að meðganga vissa þætti málsins. Hann hafi síðan þá verið að bæta við játningu sína en þó væri enn margt óljóst í sögu hans. Í skýrslunni kom fram að Guðjón væri stöðugt að verja sig með minnisleysi, en hafi þó margoft sýnt að hann hafi mjög gott minni. Orðrétt var

²³⁵² Bls. 2120.

²³⁵³ Bls. 2121.

²³⁵⁴ Bls. 2122.

²³⁵⁵ Bls. 2123.

bókað í skýrsluna: „Hann forðast eftir megni að segja frá hlut annarra í málinu og reynir mjög að fiska og komast að hvað aðrir hafa sagt. Hann hefur látið í það skína að hann geti rifjað allt málið upp með nógu löngum tíma, en jafnframt látið á sér skilja, að hann geti ekki látið alveg undan.“ Þá kom fram að hann hafi ekki reynt að flækja málið með vísitandi lygum, en verið með hártoganir og haldið sig við aukaatriði.²³⁵⁶ Bókað var að ekki hafi borið á andlegum veikleika hjá Guðjóni í gæsluvarðhaldinu. Fyrstu dagana hafi hann þó verið þunglyndur og virst fyrirlíta sig fyrir að hafa lent í máli með öðrum málsaðilum. Síðar hafi hann virst rólegri og rætt um framtíðina. Í lok skýrslunnar kom fram að Guðjón hefði ríka tilhneigingu til að koma sér hjá því að skýra frá aðalatriðum málsins, svo sem hvernig dauða Geirfinns hafi borið að og um afdrif líksins. Hann hafi sagt að ekki geti skipt neinu meginmáli að skýra nákvæmlega frá þessum atriðum þar sem þeir þrír hljóti allt að einu að vera dæmdir in solidum, eins og það var orðað í skýrslunni. Hann hafi haldið fullu jafnaðargeði í yfirheyrslum en sjálfur borið um að geta reiðst ofsalega í smá tíma og þá vita hvorki hvað hann hafi sagt né gert. Orðrétt var bókað í skýrsluna: „Hann hefur sagt að með tilliti til framtíðar sinnar þá sé nauðsynlegt að málið skýrist algerlega, ella verði alltaf uppi getgátur og umtal um málið. Hann hefur ítrekað talað um að líkið verði að finna og hóttað að hann ætli að þvæla málið og halda því opnu, þar til líkið finnst.“²³⁵⁷

1219. Fyrir liggur skýrsla um yfirheyrslu yfir [EKH], þennan dag 25. janúar 1977. Var honum kynnt tilefni yfirheyrslunnar, um framburð [SRV] þess efnis að hann hafi verið með honum í bifreið á Reykjavíkurvegi í Hafnarfirði þegar hann hafi séð ölvaðan mann á akbrautinni 27. janúar 1974. Mundi vitnið ekki eftir atvikinu og fannst ekki ósennilegt að [SKK] hafi getað verið sá sem var með honum í bifreiðinni í umrætt sinn.²³⁵⁸ Ber skýrslan engar frekari upplýsingar með sér.
1220. Tryggvi Rúnar ritaði færslu í dagbók sína þennan dag, 25. janúar 1977, um samtal við Gunnlaug Briem, sakadómar, um brunann að Litla-Hrauni árið 1972. Ritaði hann um að hafa gengið frá því og að eiga að ræða við Harald Henrysson, dómara, daginn eftir.²³⁵⁹
1221. Sama dag ritaði Guðjón í dagbók sína um einkennilega líðan. Orðrétt ritaði hann: „Það er eins ekkert komi mér við lengur. Ég dröslast áfram með efnislíkamann og er í honum, en að öðru leyti er ég hátt yfir þetta allt hafinn eða langt fyrir neðan. Veit ekki hvort heldur er.“ Þá ritaði hann um að unnið hafi verið að vélritun lokaskýrslu yfir daginn. Rakarinn hafi komið um kvöldið og klippt hann stutt. Í lok færslunnar ritaði Guðjón um að hafa heyrt andstyggilegar raddir í gegnum hálfsvfn.²³⁶⁰
1222. Meðal málsgagna eru þrjár yfirlýsingar sem Sævar vélritaði væntanlega í Hegningarhúsinu er hann hafði ritvél að láni. Fyrsta er auðkennd „25/januar 1977“, næsta „5/I 1977“ og sú þriðja er án auðkenningar. Ekki liggur fyrir hvenær yfirlýsingarnar voru afhentar sakadómi Reykjavíkur. Í yfirlýsingum þessum getur að líta frásögn af inntaki

²³⁵⁶ Bls. 2124.

²³⁵⁷ Bls. 2125.

²³⁵⁸ Bls. 2360.

²³⁵⁹ Bls. 2091_B.

²³⁶⁰ Bls. 2125_A.

fyrstu framburða hans um Guðmundarmálið og harðræði sem hann hafi sætt í þeim tengslum. Fyrsta yfirlýsingin er fjórar tölusettar blaðsíður 4–7 ekki liggur fyrir hvenær yfirlýsingin var afhent sakadómi Reykjavíkur.²³⁶¹ Rakti Sævar hvernig skýrslutökur þróuðust í lok desember 1975 sem og fyrstu vikurnar í janúar 1976 og lýsti harðræði sem hann hafi verið beittur sem meðal annars hafi falist í því að honum hafi verið neitað um hjartalyf sem hafi leitt af sér mikla vanlíðan, ljós hafi verið látið loga í fangaklefa hans allan sólarhringinn auk þess sem hann bar um að rannsóknarlögreglumenn hafi ítrekað lagt á sig hendur og haft uppi ýmis konar hótanir við hann. Ritaði hann um að hafa dregið til baka fyrstu skýrslu sína sem hann hefði gefið 22. desember 1975 en í kjölfarið hafi verið haft ljós allan sólarhringinn í einn og hálfan mánuð í klefanum sem hann var hafður í á þessum tíma sem var hlið varðstofu fangavarða. Eins bar hann um að er hann hafi dregið framburð sinn til baka hafi hann verið sviptur tóbaki, skriffærum og blöðum sem hann hafi verið búinn að rita niður fjarvistasönnun um að hafa ekki hitt Erlu fyrir en á sunnudagskvöldi. Hún hafi þá verið að tala um að hún væri búin að vera hrædd og dreymt illa og hafi borið á hann að vera kominn til landsins fyrir löngu. Þar sem hún hafi verið svona illa á sig komin hafi hann hætt við að fara austur með [ViG]. Bar hann um að rannsóknarlögreglumennirnir Eggert og Sigurbjörn Víðir hafi margoft snúið hann niður í gólf og hótad að traðka á honum eins og hann hefði traðkað á Guðmundi en þetta hafi þeir sagt og eins að hann hafi sparkað í Guðmund áður en hann sjálfur hafi borið um það. Þegar hins vegar kom að framlengingu gæsluvarðhalds 11. janúar 1976 hafi hann verið orðinn ruglaður á þessu öllu saman. Þar hafi hann sagt að hann hefði sparkað í piltinn til þess að ekki yrði sparkað í hann og að hann hafi verið svo blindur að honum hafi ekki dottið í hug að þurfa að sitja lengur inni. Það hafi síðan komið honum algerlega í opna skjöldu þegar gæsluvarðhald hafi verið framlengt um 60 daga og því hafi verið bætt við að það þýddi ekkert að kæra úrskurðinn. Ritaði hann um að hafa ekki áttað sig á að hann væri fyrir dómi en hann hafi strax dregið framburðinn til baka. Í kjölfarið hafi hann verið beittur harðræði bæði af rannsóknarlögreglumönnum og fangavörðum. Rakti hann síðan ýmis tilvik harðræðis sem fangaverðir hefðu beitt hann sem síðar voru meðal þeirra tilvika sem tekin voru til rannsóknar í máli rannsóknarlögreglu ríkisins nr. 2875/79,²³⁶² svonefndri harðræðisrannsókn, sem fram fór árið 1979. Í lok yfirlýsingarinnar gat hann þess að hann hefði ekki fengið að tala við lögmann sinn frá því rétt eftir jól 1975 fram til loka apríl 1976.

1223. Í yfirlýsingu sem Sævar vélritaði í Hegningarhúsinu og auðkennd er „5/I 1977“ rakti hann tilvik harðræðis sem hann hafi orðið fyrir í janúar 1976, vísar auðkenning væntanlega til þess.²³⁶³ Ekki liggur fyrir hvenær yfirlýsingin var afhent sakadómi Reykjavíkur. Tilvik þetta hafi falist í að fangavörður hafi krafist þess, þegar hann hafi óskað þess að fá að fara á salernið, að hann færi allsnakinn. Hafi hann sagt þetta vera fyrirmæli frá varðstjóra. Fangavörðurinn hafi hrint honum í gólfið þegar hann hafi ekki tekið þessi orð alvarlega. Ekki hafi orðið af salernisferð í það skiptið en síðar

²³⁶¹ Bls. 2125_B.

²³⁶² Málgrein 1788.

²³⁶³ Bls. 2125_F.

sama kvöld hafði annar fangavörður samþykkt eftir nokkur orðaskipti að hann færi á buxunum einum fata. Bar hann um að Sigurbjörn Víðir og Guðrún Jóna Sigurjónsdóttir fangavörður hefðu orðið vitni að þessum samskiptum. Tilvik þetta var rannsakað í harðræðisrannsókninni.²³⁶⁴

1224. Fyrir liggur jafnframt ódagsett og óundirrituð vélrituð yfirlýsing Sævars sem væntanlega var vélrituð í Hegningarhúsinu.²³⁶⁵ Ekki liggur fyrir hvenær yfirlýsingin var afhent var sakadómi. Greindi Sævar frá aðdraganda þess að hann játaði aðild að Guðmundarmálinu. Bar hann um að hafa verið beittur miklu harðræði samhliða því sem hann var yfirheyrður um fjársvik gagnvart Pósti og síma og aðild að dauða Guðmundar Einarssonar. Þessar aðfarir hafi orðið til þess að hann játaði fjársvikin og tók undir frásögn Erlu sem borin var undir hann við yfirheyrslu 22. desember 1975. Sagði hann einnig frá því að hafa innt Sigurbjörn Víði eftir því við samprófun í júlí 1976 hvers vegna þeir hafi byrjað að tala við Erlu um mannhvarf og hafði eftir Sigurbirni Víði að málsatvik hefðu verið draumkennd fyrir henni. Þá gat hann þess að Erla hafi sjálf sagt honum við samprófun í maí 1976 að viðstöddum Nirði Snæholm aðalvarðstjóra að hún hafi sagt þeim frá draumi þar sem hún hafi ekkert vitað um hvarf Guðmundar Einarssonar. Í lok yfirlýsingarinnar rakti hann hugsanir sínar um að segja það sem af honum væri krafist þegar Örn fulltrúi yfirsakadómara hafi lesið upp úr framburði Erlu. Kvað hann skýrslur sínar svo fáránlegar að hvaða heilvita maður gæti séð í gegnum þær. Stríkaði hann svo undir orðin „sá sem flír undann díri spir ekki til vegar, eða dírum.“ Lauk Sævar yfirlýsingunni með útdrætti úr framburði sínum frá 22. desember 1975 og ósk um að upphaf málsins yrði rannsakað.
1225. Á baksíðu Dagblaðsins þennan dag birtist frétt undir fyrirsögninni: „Geirfinnsmálið: Atburðurinn í Dráttarbrautinni endurtekinn.“ Fram kom að átökin sem hafi leitt til dauða Geirfinns fyrir liðlega tveimur árum hafi verið endurtekin í Dráttarbrautinni. Gæslufangarnir þrír, Kristján Viðar, Sævar og Guðjón hafi verið fluttir til Keflavíkur og atburðirnir að kvöldi 19. nóvember 1974 hafi verið settir á svið. Fram kom að heimildarmenn Dagblaðsins hafi talið tilganginn meðal annars þann að kanna ákveðin viðbrögð gæslufanganna og samprófa þá í einstökum atvikalýsingum.²³⁶⁶
1226. Miðvikudaginn 26. janúar 1977 var bókað í dagbók fangelsisins við Síðumúla að lögreglumenn úr sakadómi hafi komið klukkan 13:10 til að sækja Tryggva Rúnar fyrir Harald Henrysson, dómara.²³⁶⁷ Bókað var klukkan 13:20 að hringt hafi verið í Örn vegna Kristjáns Viðars og Sævars. Var þess getið að Sævar kærði sig ekki um að færa sig á milli klefa, en búið hafi verið að bjóða honum það. Allt væri á huldu með Kristján Viðar ennþá. Klukkan 13:35 bókaði færsluritari um símtal sitt við Jón Thors, deildarstjóra hjá dómsmálaráðuneytinu. Ræddu þeir meðal annars um Kristján Viðar. Lét færsluritari þess getið að hann hafi aftekið það með öllu að sjónvarpsvélina yrði lánuð niður í Hegningarhús. Bókað var að Jónas hafi komið klukkan 13:45 til að ræða við Sævar. Var Sævar færður fram klukkan 14:00 til viðtals við Jónas. Klukkan 14:10

²³⁶⁴ Málsgrein 1788.

²³⁶⁵ Bls. 2125_G.

²³⁶⁶ Bls. 2126.

²³⁶⁷ Dagbók nr. 6, bls. 84.

var bókað um að komið hafi verið með Tryggva Rúnar til baka í fangelsið. Rannsóknargögn um ferðir Tryggva Rúnars liggja ekki fyrir, önnur en færsla í dagbók hans þar sem fram kom að hann hafi gengið frá fjórum innbrotsmálum hjá Haraldi Henryssyni, sakadómara. Á sama tíma hafi komið Jón Oddsson, réttargæslumaður Sævars, ásamt ameríska sendiráðsritaranum til að ræða við Sævar. Bókað var að Jónas hafi verið viðstaddur viðtalið. Fóru þeir klukkan 15:35. Bókað var klukkan 16:15 að séra Jón Bjarman hafi komið til viðtals við Guðjón. Var þess getið að hann hafi haft meðferðis sendingu og bréf til Guðjóns. Bókað var að hann hafi farið um klukkan 18:15. Á sama tíma var bókað að Jónas og Grétar, rannsóknarlögreglumenn, hafi farið með Guðjón.²³⁶⁸ Klukkan 18:50 var bókað að Grétar hafi komið til baka með Guðjón.²³⁶⁹ Rannsóknargögn liggja ekki fyrir um ökuferðina önnur en færsla í dagbók Guðjóns þar sem fram kom að þeir hafi skoðað Úðafoss og nágrenni og ekið um Frakkastíg.²³⁷⁰

1227. Meðal rannsóknargagna liggur fyrir skýrsla doktors Ólafs Bjarnasonar hjá rannsóknarstofu Háskólans til sakadóms Reykjavíkur um svör við fjórum spurningum sem Ívar Hannesson, rannsóknarlögreglumaður, hafi óskað svara við. Var skýrslan dagsett þennan dag, 26. janúar 1977. Fram kom að skilgreining örugggra andlátsmerkja væri ef til vill mismunandi eftir löndum. Öruggr andlátsmerki í Danmörku væru til dæmis líkstirðnun, líkblettir og rotnun. Úrskurður læknis byggðist hins vegar að jafnaði á því hvort hjartsláttur hafi stöðvast og öndun hætt. Fram kom að fljótlega eftir andlát byrjaði líkamshiti að lækka þar til hann næði sama hitastigi og umhverfið. Sem svar við annarri spurningu; að hverju gætu menn tengdir Geirfinnsmálinu örugglega hafa komist að við rannsókn á líki Geirfinns, sagði að vafasamt væri að þeir hefðu getað sannreynt með öruggri vissu að hjartsláttur væri hættur. Hafi þeir aldrei séð líkbletti áður væri óvíst að þeir hefðu áttað sig á útliti þeirra. Fram kom að þeir hefðu átt að geta sannreynt líkstirðnun og svo hefði lykt vegna rotnunar ekki leynt sér hafi þeir verið að fást við líkið svo löngu eftir andlát. Ólíklegt væri að þeir hafi getað áttað sig á minniháttar ytri áverkum, svo sem áverkum eftir kyrkingu, þó svo slíkir áverkar hefðu mikla þýðingu við athugun sérfræðings á mögulegri dánarorsök. Meiriháttar áverkar, til dæmis á höfði, hefðu ekki átt að leynd sér. Fram kom að líkstirðnun byrjaði venjulega að myndast tveimur til fimm klukkustundum eftir andlát. Hún byrjaði í augnlokum og kjálkavöðvum og færði sig síðan smátt og smátt niður eftir líkamanum og endaði í ganglimum. Stirðnun væri vanalega fullmynduð átta til tólf klukkustunum eftir andlát og héldist þannig í einn til þrjá sólarhringa. Síðan hyrfi hún í sömu röð og hún myndast.²³⁷¹ Í skýrslunni kom fram að væri kverkatak það öflugt að það hindraði algjörlega öndun væri talið að viðkomandi myndi missa meðvitund eftir um tvær til þrjár mínútur, en deyja eftir fjórar til fimm mínútur. Fram kom að ef um kröftugan mann væri að ræða sem veitti verulega mótspyrnu gæti liðið mun lengri tími frá því kverkatak væri beitt þar til köfnun ætti sér stað. Þekkt væri að slíkt kverkatak gæti í

²³⁶⁸ Dagbók nr. 6, bls. 85.

²³⁶⁹ Dagbók nr. 6, bls. 86.

²³⁷⁰ Bls. 2131_B.

²³⁷¹ Bls. 2127.

einstökum tilfellum valdið skyndidauða vegna ósjálfráðra viðbragða taugakerfisins.²³⁷² Fyrir liggur upplýsingaskýrsla dagsett sama dag, rituð af Ívari, um að doktor Ólafur Bjarnason hafi ekki getað skilgreint hálstakið á annan hátt og að einu gildi hvort tekið væri kverkatarki með höndum eða aftan frá í handarkrika.²³⁷³

1228. Fyrir liggur samantektarskýrsla dagsett þennan dag, 26. janúar 1977, rituð af Ívari um hvort ljós hafi logað á athafnasvæði Dráttarbrautarinnar í Keflavík 19. nóvember 1974. Fram kom að hann hafi rætt við starfsmann Dráttarbrautarinnar sem hafi upplýst um að tveir ljóskastarar hefðu verið settir upp haustið 1971 eða 1972. Alltaf væri kveikt á þeim um nætur og svo hafi örugglega verið 19. nóvember 1974. Bókaði Ívar um að hafa komið í Dráttarbrautina seint um kvöld í nóvember 1976 og þá séð umrædda ljóskastara en fundist þeir ekki gefa mikla birtu á athafnasvæðið.²³⁷⁴
1229. Fyrir liggur upplýsingaskýrsla, dagsett sama dag, rituð af Grétari um skóflur sem mætti ætla að notaðar hafi verið til að grafa lík Geirfinns Einarssonar. Fram kom að hann hafi ítrekað spurt Guðjón um hvar hann hafi fengið stunguskóflu og hvar hún væri niðurkominn en hann hafi ekki getað gefið neinar nánari upplýsingar. Fram kom að rætt hafi verið við [JSigurj], sambýling Guðjóns á þeim tíma og [GUÆ], fyrrum eiginkonu Guðjóns. Bókað var að þau hafi bæði munað eftir því að Guðjón hafi grafið skurð á lóðinni við Ásvallagötu 46 haustið 1974 en gátu hvorugt upplýst um hvar Guðjón hafi fengið skóflur til verksins, eða hvar þær væru nú niðurkomnar.²³⁷⁵
1230. Meðal rannsóknargagna liggur fyrir skýrsla um yfirheyrslu yfir Kristjáni Péturssyni, fulltrúa hjá Tollgæslunni á Keflavíkurflugvelli, þennan dag, 26. janúar 1977. Var tilefni yfirheyrslunnar bókað sem koma vitnisins að Hamarsbraut 11, mánudaginn 4. febrúar 1974, vegna handtöku á Sævari Ciesielski. Kvaðst Kristján vel muna eftir umræddu atviki, en búið hafi verið að leita að Sævari nokkra daga á undan, en ekki hafi áður verið leitað að honum að Hamarsbraut 11. Greindi hann frá því að honum hafi borist ábending símleiðis þess efnis að leita að Sævari á umræddum stað. Um þetta leyti hafi hann haft allmarga krakka, eins og hann orðaði það, sem hafi verið tilbúnir að gefa honum upplýsingar. Kvaðst Kristján hafa beðið innandyra á meðan Sævar hafi klætt sig í föt. Minntist hann þess að hafa gengið þar inn í eldhús og stofu. Kvaðst hann muna eftir því að honum hafi fundist allt á rúi og stúi í íbúðinni en sagðist ekki muna eftir neinu sérstöku sem gæti varpað ljósi á þá atburði sem væru nú til rannsóknar. Mundi hann ekki hvort teppi hafi verið á gólfi íbúðarinnar en taldi líklegra að svo hafi ekki verið.²³⁷⁶
1231. Þennan dag var tekin skýrsla af vitninu [LG], en hún var stödd á dansleiknum í Alþýðuhúsinu í umrætt sinn. Kvaðst hún hafa séð Guðmund þar rétt fyrir lokun, en ballinu var lokið klukkan 02:00. Hún hafi reynt að heilsa honum, en hann hafi ekki þekkt hana. Sagðist hún ekki hafa séð hann eftir ballið.²³⁷⁷ Í kjölfarið var [AV] tekin til

²³⁷² Bls. 2128.

²³⁷³ Bls. 2129.

²³⁷⁴ Bls. 2130.

²³⁷⁵ Bls. 2131.

²³⁷⁶ Bls. 2361.

²³⁷⁷ Bls. 2362.

yfirheyrslu, en hún hafi einnig verið á ballinu í Alþýðuhúsinu ásamt vinkonu sinni [LG] og séð Guðmund í umrætt sinn. Greindi hún svo frá að hann hafi látið sem hann þekkti þær ekki. Kvaðst hún hafa talið hann mikið ölvadan. Minnti hana að lítið hafi verið eftir af ballinu þegar hún sá Guðmund. Kvaðst hún ekki hafa séð hann aftur.²³⁷⁸ Bera skýrslurnar engar frekari upplýsingar með sér.

1232. Fyrir liggur skýrsla um yfirheyrslu yfir [SGÍ] þennan dag. Tilefni yfirheyrslunnar var framburður Sævars um að hann og Albert Klahn hafi verið á heimili hennar að Vesturgötu 24 að kvöldi 26. janúar 1974. Kvaðst vitnið ekki treysta sér til að muna eftir þessu laugardagskvöldi en Sævar, Albert og fleiri menn hafi verið tíðir gestir á heimilinu. Kristján Viðar hafi einnig oft komið, en ekki mundi hún eftir að Tryggvi Rúnar hafi komið.²³⁷⁹ Gat hún engar upplýsingar gefið um ástand eða ferðir umræddra manna umrætt kvöld, þar sem komur þeirra þangað hafi verið mjög tíðar um þetta leyti.²³⁸⁰ Í beinu framhaldi var af sama tilefni tekin skýrsla af [JIG], sambýliskonu Alberts Klahn. Kvaðst hún ekki eiga gott með að muna eftir umræddu laugardagskvöldi. Sagði hún þessa menn ekki hafa komið oft á heimilið nema þá helst Sævar sem hafi þá verið að heimsækja [HeG]. Kvaðst vitnið hafa séð mynd af Guðmundi í blöðum og ekki muna eftir því að hann hafi komið á Kópavogshælið. Þá kvaðst hún ekki þekkja Tryggva Rúnar. Var henni þá sýnd mynd af honum og kvaðst hún þá ekki minnst þess að hafa séð hann koma í heimsókn á Kópavogshælið. Mundi hún ekki eftir því að [HeG] hafi greint henni frá því að Sævar hafi komið í heimsókn umrætt laugardagskvöld eða nóttina eftir.²³⁸¹ Í lok skýrslunnar var bókað að vitnið vissi til þess að Sævar hafi látið [HeG] fá stóran hníf sem hafi verið afhentur rannsóknarlögreglunni eftir yfirheyrslur árið 1976. Kvaðst hún ekki muna hvenær hann hafi fengið henni hnífinn.²³⁸²
1233. Tryggvi Rúnar ritaði færslu í dagbók sína þennan dag, 26. janúar 1977, um að hafa farið upp í sakadóm til að ræða við Harald Henrysson, dómara, um fjögur innbrot sem hann hafi framið á tímabilinu 1972 til 1974. Ritaði Tryggvi Rúnar um að hafa gengið frá þeim. Orðrétt ritaði hann: „Svo nú er allt klárt nema þetta (Guðmundarmál) að mér skilst. Ég vona bara að Kristján og Sævar segi sannleikann í þessu sem fyrst. Því fyrr því betra, aðallega fyrir þá. Svo með þennan Albert Klahn, ef þetta skýrist ekki sem fyrst því ég er orðinn ansi leiður á þessari bið. Þá fer ég í hungurverkfall til að mótækla að hann sé laus því hann hefur gefið ranga sök í minn garð. P.s. og af hverju getur það ekki alveg eins verið í (Guðmundarmálinu) því það er sannleikur að þar lýgur hann mig inn í sína bifreið sem ég hef umrædda nótt aldrei komið í þegar þetta átti sér stað, með þennan flutning (með heilu líki af manni í, eða þessum (Guðmundi Einarssyni). Nei, ekki ég Tryggvi Rúnar Leifsson. Ég hef aldrei farið svona flutning fyrr né síðar í fullri alvöru. Það sver ég við minn mann.“²³⁸³

²³⁷⁸ Bls. 2363–2364.

²³⁷⁹ Bls. 2365.

²³⁸⁰ Bls. 2366.

²³⁸¹ Bls. 2366.

²³⁸² Bls. 2367.

²³⁸³ Bls. 2131_A.

1234. Guðjón ritaði í dagbók sína sama dag um heimsókn frá séra Jóni Bjarman.²³⁸⁴ Klukkan væri 17:47 og séra Jón sæti frammi og væri að fiska. Ritaði hann um stutta ökuferð með Grétari og Jónasi til að skoða Úðafoss og nágrenni. Þá ritaði hann um spilaprautir sem hann var að leysa.²³⁸⁵
1235. Fimmtudaginn 27. janúar 1977 var bókað í dagbók Síðumúlafangelsisins að Sigurbjörn Víðir hafi rætt við Tryggva Rúnar milli klukkan 08:15 og 08:40. Rannsóknargögn liggja ekki fyrir um viðtalið.²³⁸⁶ Klukkan 14:02 var bókað að Jónas og Ívar hafi farið með Sævar í bíltúr. Bókað var að þeir hafi komið til baka klukkan 15:58. Rannsóknargögn um bíltúrinn liggja ekki fyrir. Klukkan 16:15 var bókað að hringt hafi verið í Gunnlaug Briem, sakadómara, að beiðni Tryggva Rúnars. Fram kom að tilfærslu og eða lausagæslu hafi verið hafnað að svo komnu máli.²³⁸⁷ Bókað var klukkan 17:45 að Guðjón hafi verið færður fram til viðtals við Ingvar Kristjánsson geðlækni. Klukkan 19:05 var bókað að Guðjón hafi verið færður aftur á klefa.²³⁸⁸
1236. Bókað var í dagbók Hegningarhússins að Kristján Viðar hafi verið sóttur af sakadómsmönnum klukkan 10:30. Klukkan 11:30 var bókað að komið hafi verið aftur með Kristján Viðar í fangelsið.²³⁸⁹ Fyrir liggur skýrsla dagsett sama dag, 27. janúar 1977, um sakbendingu við framhaldsrannsókn á hvarfi Guðmundar. Fram kom að átta mönnum frá lögregluskóla ríkisins hafi verið stillt upp ásamt Kristjáni Viðari. Voru [EJR] og [SM] látnar segja til um hvort þær þekktu þar sama mann og þær hafi séð með Guðmundi Einarssyni á Strandgötu í Hafnarfirði aðfaranótt 27. janúar 1974. Bókað var að klukkan 10:45 hafi [EJR] mætt og verið innt eftir því hvort hún hafi þekkt þar aftur sama mann. Greindi hún frá því að maður sem hafi borið númerið sex hafi líkst mjög þeim manni sem hún hafi séð í umrætt sinn með Guðmundi, nema henni hafi vírst sem hann hafi verið mun feitari en hann hafi verið þá. Kvaðst hún ekki vilja fullyrða að þetta væri sami maður þar sem svo langur tími væri liðinn frá því hún hafi séð mennina saman. Bókað var orðrétt: „Kristján Viðar var með nr. 6, þegar þetta var gert.“ Þá var bókað að [SM] hafi mætt klukkan 10:55 og verið látin sjá Kristján Viðar í hópi sömu manna, en þá hafi hann borið númerið fjórir. Bókað var að hún hafi sagt þann sem hafi borið númer fjögur hafi líkst þeim manni sem hún hafi séð með Guðmundi umrædda nótt. Kvaðst hún þó ekki geta fullyrt það þar sem svo langur tími væri liðinn frá því hún sá mennina.²³⁹⁰
1237. Í beinu framhaldi ræddi Gísli við Kristján Viðar í viðurvist Páls Arnórs Pálssonar, réttargæslumanns hans. Fyrir liggur samantektarskýrsla um samtalið þar sem fram kom að Kristján Viðar hafi verið inntur eftir því hvort hann gæti verið sá maður sem [EJR] og [SM] hafi séð með Guðmundi umrædda nótt á Strandgötu í Hafnarfirði. Bókað var að Kristján Viðar hafi sagt það ekki geta passað, enda hafi hann verið með Tryggva Rúnari líkt og hann hafi greint rannsóknarlögreglunni frá. Fram kom að

²³⁸⁴ Bls. 2125_A.

²³⁸⁵ Bls. 2131_B.

²³⁸⁶ Dagbók nr. 6, bls. 86.

²³⁸⁷ Dagbók nr. 6, bls. 87.

²³⁸⁸ Dagbók nr. 6, bls. 88.

²³⁸⁹ Dagbók Hegningarhússins, nr. 1, bls. 17.

²³⁹⁰ Bls. 2368.

Kristján Viðar hafi verið spurður hvort hann hafi hringt í [EJR] skömmu eftir hvarf Guðmundar og spurt hana um lýsingu á þeim manni sem hafi verið með Guðmundi. Kvaðst Kristján ekki muna eftir neinu slíku. Bókað var í lok skýrslunnar að ekki hafi verið tekin skýrsla af Kristjáni Viðari þar sem hann hafi verið beðinn um að hugleiða málið og skýra seinna frá niðurstöðum sínum. Kristján hafi tekið því vel og lofað að reyna að rifja þessi atriði betur upp.²³⁹¹

1238. Fyrir liggur önnur samantektarskýrsla, dagsett þennan dag, rituð af Gísla, um símtal frá [EJR] klukkan 21:00 þar sem hún hafi sagst vera búin að hugsa málið mikið og vera enn öruggari en áður um að þarna hafi verið um þann mann að ræða sem hún hafi séð með Guðmundi umrædda nótt. Sagðist hún muna sérstaklega eftir munnsvip hans, en eins og hún hafi tekið fram um morguninn þá væri maðurinn mun feitari en hann hafi verið á umræddum tíma.²³⁹²
1239. Meðal rannsóknargagna er samantektarskýrsla um framkvæmd sakbendingarinnar, dagsett sama dag og rituð af Gísla. Fram kom að sakbendingin hafi verið að fyrirlagi Gunnlaugs Briem. Ákveðið hafi verið að gefa [EJR] og [SM] tækifæri til að sjá Kristján Viðar ef það gæti rifjað betur upp fyrir þeim hvort það hafi verið hann sem þær hafi séð með Guðmundi á Strandgötunni umrædda nótt. Viðstaddir voru Ragnar Vignir, deildarstjóri tæknideildar lögreglu, sakadómararnir Gunnlaugur Briem og Haraldur Henrysson ásamt Páli Arnóri Pálssyni, réttargæslumanni Kristjáns Viðars. Var sakbendingin framkvæmd þannig að stúlkurnar voru látnar skoða mennina í gegnum gler, ein í einu, fyrst [SM] og svo [EJR]. Orðrétt var bókað: „Þeir voru allir með númer frá 1–9 og í þeirri umferð bar Kristján nr. 4. [SM] hafði skýrt Ragnari frá því að sá maður sem hún taldi líkjast þeim sem með Guðmundi hafði verið væri sá sem var nr. 4 og mun [EJR] hafa heyrt [SM] nefna þá tölu.“ Fram kom að ákveðið hafði verið fyrirfram að láta mennina skipta um númer og var Kristján Viðar með spjald númer sex í seinni umferð. Bókað var að [EJR] hafi talið mann með númer sex vera þann sem henni þætti líkjast þeim sem hafi verið með Guðmundi umrædda nótt.²³⁹³ Hún hafi sérstaklega haft orð á því að [SM] hefði rangt fyrir sér.²³⁹⁴
1240. Fyrir liggur samantektarskýrsla rituð af Haraldi Árnasyni, rannsóknarlögreglumanni, um viðtal við Kristján Viðar þennan dag að hans ósk. Fram kom að Kristján Viðar hafi verið í mjög slæmu sálarlegu ástandi. Orðrétt var bókað: „Skýrði hann mér frá því, að hann væri að bilast vegna atviks, er gerzt hafði árið 1972. Sagði Kristján að hann gæti stundum ekki sofið vegna umhugsunar um þetta atvik og að hann yrði að segja frá því svo hann ekki sturlaðist.“ Í skýrslunni var bókað um frásögn Kristjáns Viðars af því er hann hafi af gáleysi myrt mann með því að kasta járnteini í höfuðið á honum. Fram kom að Kristján Viðar teldi Sævar hafa aðstoðað við flutning á líki mannsins. Hann væri viss um að skýringin á tregðu Sævars til að greina frá greftrunarstað líks Geirfinns væri sú að fjögur lík væru þar falin, það er lík Geirfinns, Guðmundar, [WP] og svo lík þessa manns. Í lok skýrslunnar var bókað að Kristján Viðar teldi mann

²³⁹¹ Bls. 2369.

²³⁹² Bls. 2369.

²³⁹³ Bls. 2370.

²³⁹⁴ Bls. 2371.

þennan hafa verið [SvK], nema við Háskóla Íslands, sem hafi verið lýst eftir í blöðum skömmu eftir þetta atvik.²³⁹⁵

1241. Þennan dag ritaði Tryggvi Rúnar færslu í dagbók sína um að hafa farið út í garð með Daníel, fangaverði sem væri nýbyrjaður og hafi skipt við Skúla Steins sem hafi farið austur á Litla-Hraun til vinnu. Ritaði Tryggvi Rúnar um að sjá ekki eftir honum, hann væri falskur maður. Hann hafi rætt við Gunnar Guðmundsson, forstöðumann, um klukkan 19:30. Gunnar hafi greint honum frá samtali sínu við Gunnlaug Briem, sakadómara, um að flutningur hans niður á Skólavörðustíg væri ekki mögulegur að svo komnu máli. Þá yrði Guðmundarmálið tekið fyrir um miðjan febrúar. Ritaði Tryggvi Rúnar um að ekkert annað væri í stöðunni en að bíða en hann væri feginn því að málið væri komið fyrir dóm.²³⁹⁶
1242. Guðjón ritaði færslu í dagbók sína þennan dag. Ritaði hann um að hafa rætt ævisögu sína fram til haustsins 1966 með Ingvari Kristjánssyni geðlækni. Þeir hafi rætt um heilalínurit, bókmenntir og leikverk.²³⁹⁷ Grétar hafi komið á meðan hann og Ingvar hafi rætt saman, en farið aftur.²³⁹⁸
1243. Föstudaginn 28. janúar 1977 var bókað í dagbók fangelsisins við Síðumúla að Guðjón hafi verið fluttur í heilarit klukkan 09:00. Bókað var að komið hafi verið með Guðjón til baka klukkan 10:00.²³⁹⁹
1244. Fyrir liggur samantektarskýrsla, dagsett þennan dag, rituð af Ívari um viðtal við [JSS], rekstrarstjóra hjá [EBSk]. Fram kom að [JSS] hafi verið spurður um penna sem starfsmenn hafi fengið. Sagði hann þá hafa verið ódýra bírópenna til notkunar við innfærslur í vinnubækur. Aðspurður hafi hann sagst ekki vita til þess að Geirfinnur eða aðrir starfsmenn hafi fengið teikniblýanta og hafði ekki áður séð þann sem Kristján Viðar hafði afhent lögreglu.²⁴⁰⁰
1245. Meðal rannsóknargagna liggur fyrir samantektarskýrsla með persónuupplýsingum um [SÓH]. Skýrslan var dagsett þennan dag, 28. janúar 1977 og rituð af Eggerti. Fram kom að [SÓH] hafi síðustu ár verið töluvert í félagsskap við Sævar og Kristján Viðar, frænda sinn. Í skýrslunni kom fram að [SÓH] kæmi Eggerti fyrir sjónir sem fremur geðfelldur ungur maður. Hann virtist ekki taugaóstyrkur og hefði engin sérstök einkenni sem bentu til þess að hann væri að segja ósatt. Í lok skýrslunnar bókaði Eggert að honum þætti [SÓH] ekki óskynsamari heldur en fólk almennt.²⁴⁰¹
1246. Þennan dag mætti [EJR] aftur til yfirheyrslu hjá lögreglu. Fyrir liggur skýrsla um yfirheyrsluna, dagsett sama dag, rituð af Gísla. Fram kom að hún hafi staðfest rétt eftir henni bókað í skýrslu um sakbendingu. Lýsti hún því nánar hvar mennirnir hafi verið

²³⁹⁵ Bls. 2132–2133.

²³⁹⁶ Bls. 2131_I.

²³⁹⁷ Bls. 2131_F.

²³⁹⁸ Bls. 2131_G.

²³⁹⁹ Dagbók nr. 6, bls. 89.

²⁴⁰⁰ Bls. 2134.

²⁴⁰¹ Bls. 2135–2136.

staðsettir á Strandgötunni í umrætt sinn. Minnti hana að þær hafi mætt mönnunum nokkru norðan við gatnamót Lækjargötu og Strandgötu.²⁴⁰²

1247. Fyrir liggur skýrsla um yfirheyrslu yfir [SKK] þennan dag, 28. janúar 1977, á skrifstofu rannsóknarlögreglunnar. Bókað var að honum hafi verið kynnt tilefnið. Greindi hann svo frá að muna ekki vel þar sem svo langt væri um liðið síðan hann hafi átt að hafa ekið umrædda leið. Minntist hann þess að hafa verið að aka [SRV] ásamt öðrum pilti sem hann hafi ekki þekkt mikið. Mundi hann eftir að hafa ekið Reykjavíkurvegin og skammt frá umferðarljósunum hafi hann séð ölvaðan, ungan og síðhærðan mann. Mundi hann eftir því að farþegar bifreiðarinnar hafi beðið hann um að hleypa ekki mannum inn í bifreiðina og því hafi hann haldið ferð sinni áfram. Gat hann ekki sagt til um tímasetningar með vissu, en ferðin hafi verið farin eftir dansleik sem haldinn hafi verið í Alþýðuhúsinu í Hafnarfirði.²⁴⁰³ Fyrir liggur upplýsingaskýrsla, dagsett sama dag, rituð af Hellerti Jóhannessyni, um mögulega ökumenn bifreiðar á Reykjavíkurvegi aðfaranótt 27. janúar 1974. Bókað var að [SKK] hafi borið um að hafa verið ökumaður [SRV] og annars manns sem hafi verið [EKH]. Þá hafi [SRV] borið um að hafa verið ökumaður í umrætt sinn, en [EKH] tekið fyrir að svo hafi getað verið. Fram kom að af þessu tilefni hafi verið kannað hvort [SRV] hafi haft ökuréttindi á umræddum tíma og reyndist svo ekki vera fyrr en 11. nóvember 1974.²⁴⁰⁴
1248. Meðal rannsóknargagna liggur fyrir upplýsingaskýrsla dagsett sama dag, rituð af Gísla, um lán á gömlum byssusting í slíðri til samanburðar á þeim byssusting sem Kristján Viðar hafi viðurkennt að hafa stolið frá vinafólki sínu í Kaupmannahöfn. Bókuð var nákvæm lýsing á byssustingnum. Að beiðni dómara yrðu teknar ljósmyndir af byssustingnum til framlagningar í málinu, ef um sams konar hlut væri að ræða.²⁴⁰⁵
1249. Þennan dag, 28. janúar 1977, ritaði Guðjón um heilalínuritið sem hafi farið fram um morguninn. Tengdar hafi verið 16 elektróður við höfuð hans og hann látinn anda með opinn munn. Ljós hafi blikað í augu hans, blátt í opin augu og rautt í lokuð. Þá ritaði hann um að hafa lagt kapal og lesið bækur.²⁴⁰⁶
1250. Laugardaginn 29. janúar 1977 var bókað í dagbók Síðumúlafangelsisins að Guðsteinn læknir hafi komið klukkan 09:20 og rætt við Tryggva Rúnar meðal annarra til klukkan 10:20.²⁴⁰⁷ Bókað var að Ívar hafi komið klukkan 15:35 til að ræða við Sævar. Bókað var að Ívar hafi farið klukkan 16:10. Rannsóknargögn um viðtal við Sævar liggja ekki fyrir. Klukkan 18:12 var bókað að Guðjón hafi verið færður fram til viðtals við Grétar. Bókað var að Guðjón hafi verið færður á klefa sinn klukkan 19:15.²⁴⁰⁸ Fyrir liggur skýrsla um yfirheyrslu yfir Guðjóni þennan dag klukkan 18:40, undirrituð af Guðjóni. Orðrétt var bókað eftir honum: „Það má rétt vera, að ég hafi stöðvað við gatnamót,

²⁴⁰² Bls. 2371.

²⁴⁰³ Bls. 2372.

²⁴⁰⁴ Bls. 2374.

²⁴⁰⁵ Bls. 2373.

²⁴⁰⁶ Bls. 2136_B.

²⁴⁰⁷ Dagbók nr. 6, bls. 90.

²⁴⁰⁸ Dagbók nr. 6, bls. 91.

ekki fjarri Hafnarbúðinni, er ég ók inn í Keflavík að kvöldi þess 19.11.1974.“ Ítrekaði Guðjón að hann hafi á þessum tíma ekki vitað hvar Hafnarbúðin var. Sagði hann það geta verið að einhver eða einhverjir hafi þá farið út úr bifreiðinni. Varðandi það atriði hvar hann hafi skilið Volkswagen bifreiðina eftir um nóttina taldi Guðjón sig hafa ekið skamman spöl. Kvaðst Guðjón hafa talið sig hafa skilið bifreiðina eftir í portinu við Úðafoss, en að athuguðu máli væri hann ekki alveg viss. Taldi hann víst að hann hafi skilið bifreiðina einhvers staðar eftir á þessu svæði. Mundi hann ekki betur en að hafa látið Sævar hafa lykllana að bifreiðinni um nóttina.²⁴⁰⁹

1251. Fyrir liggur skýrsla um yfirheyrslu yfir [BRJ] þennan dag, um byssusting sem lögreglan hafi aflað við framhaldsrannsókn á hvarfi Guðmundar. Lýsti vitnið því yfir eftir skoðun á byssustingnum að um nákvæmlega sams konar grip væri að ræða, eini munurinn væri efnið í hulstrinu. Kvaðst vitnið hafa vitað til þess Kristján Viðar hafi oft gengið með hníf á sér, en aldrei séð hann bregða honum fyrir sig.²⁴¹⁰
1252. Sama dag var aftur tekin skýrsla af [SM] í tilefni af framburði hennar og [EJR] um staðsetningu mannanna á Strandgötu aðfaranótt 27. janúar 1974. Fram kom að henni hafi verið sýnt kort af hluta Hafnarfjarðar og taldi hún mennina hafa verið til móts við Strandgötu 6, þar sem bæjarskrifstofurnar væru til húsa. Minnti hana að þetta hafi verið um tvöleytið umrædda nótt. Bókað var að henni hafi verið kynntur framburður [EJR] um að mennirnir hafi verið skammt norðan við Lækjargötu. Sagði hún það ekki geta staðist því hún myndi þetta vel og benti á að hún væri mun kunnugri í Hafnarfirði heldur en [EJR]. Kvaðst vitnið vera nokkurn veginn viss um að Kristján Viðar væri sá sem hafi verið með Guðmundi í umrætt sinn.²⁴¹¹
1253. Fyrir liggur skýrsla um yfirheyrslu yfir Snorra Sigurjónssyni, lögreglumanni, um húsleit á heimili Kristjáns Viðars 19. febrúar 1974. Aðspurður hvort hann hafi tekið eftir byssusting í fórum Kristjáns Viðars í umrætt sinn kvaðst hann ekki muna eftir því að hafa séð slíkan grip og taldi ólíklegt að hann hefði farið fram hjá þeim hafi hann verið þar. Greindi hann frá því að í lok janúar 1974 hafi í þágu rannsóknar fíkniefnamáls verið fylgst mjög mikið með ferðum ákveðinna einstaklinga, þar með þeirra sem kæmu við sögu í máli Guðmundar Einarssonar. Minntist vitnið þess að þegar Kristján Pétursson hafi handtekið Sævar hafi hann hringt á skrifstofu fíkniefnadeildarinnar og óskað eftir því að hann kæmi til móts við hann að verslun við Álfaskeið í Hafnarfirði. Kvaðst vitnið ekki muna betur en að hann hafi farið einn þangað og hitt þá Kristján og Sævar þar sem þeir hafi setið í bifreið Kristjáns. Taldi hann líklegt að hann hafi fylgt bifreið Kristjáns eftir. Mundi hann ekki eftir neinu, hvorki í framburði Sævars né hegðun, sem hægt væri að tengja hvarfi Guðmundar.²⁴¹²
1254. Meðal rannsóknargagna liggur fyrir upplýsingaskýrsla Hellerts um könnun á því hvort leigubifreið hafi verið send 26. og 27. janúar 1974 að Hamarsbraut 11, Kópavogshæli, Grettisgötu 82 og Vesturgötu 24. Fram kom að í bókhaldi Hreyfils hafi komið fram að

²⁴⁰⁹ Bls. 2137.

²⁴¹⁰ Bls. 2373.

²⁴¹¹ Bls. 2375.

²⁴¹² Bls. 2376.

bifreið hafi verið send að starfsmannahúsi Kópavogshælis báða dagana, að Kópavogshæli 26. janúar og daginn eftir að Grettisgötu 82. Bókað var að búið væri að brenna bókhald Bæjarleiða fyrir árið 1974. Upplýsingar hafi ekki borist frá Borgarbilastöðinni og Bifreiðastöð Reykjavíkur. Þá hafi ekki verið til bókhald fyrir umrætt ár hjá Bifreiðastöð Steindórs, bókhald Nýju-bílastöðvarinnar í Hafnarfirði hafi týnst í flutningum og bókhaldi Bifreiðarstöðvar Hafnarfjarðar fyrir árið 1974 hafi verið fargað.²⁴¹³

1255. Þennan dag ritaði Guðjón færslu í dagbók sína. Ritaði hann upp setningar úr bókum og bókaði Orðrétt: „Er líklega að fá eitt vonleysiskastið enn.“ Þá ritaði hann um að Grétar hafi truflað hann. Hann hafi viljað nánari skýrslu um smáatriði og hafi bent honum á að bera fram óskir um að fá að sjá nýtt dagblað. Benedikt réttargæslumaður væri væntanlegur um kvöldið eða morguninn eftir til að ræða lögfræðileg atriði.²⁴¹⁴
1256. Sunnudaginn 30. janúar 1977 var bókað í dagbók klukkan 17:30 að [SÓG], móðir Sævars, hafi komið með fatasendingu til hans og ávexti. Klukkan 20:30 var bókað að Morgunblaðið hafi komið til Sævars.²⁴¹⁵
1257. Fyrir liggur skýrsla um yfirheyrslu yfir [AH], kunningja Kristjáns Viðars, þennan dag. Tilefni yfirheyrslunnar voru upplýsingar þess efnis að vitnið hafi verið tíður gestur á heimili Kristjáns Viðars að Grettisgötu 82. Aðspurður hvort hann hafi orðið séð eða heyrt eitthvað sem hægt væri að tengja rannsókn málsins sagðist hann ekki muna eftir neinu sérstöku sem hægt væri að setja í samband við þetta mál. Greindi hann frá því að hafa komið nokkrum sinnum á heimilið eftir áramótin 1973, 1974. Nokkuð hafi verið um drykkjuskap og óreglusemi. Mundi hann eftir að hafa séð þar Albert Klahn, Tryggva Rúnar, Sævar og [ViG], leigubifreiðastjóra.²⁴¹⁶ Ber skýrslan með sér engar frekari upplýsingar.
1258. Þennan dag var [ÁP], vinur Guðmundar Einarssonar, yfirheyrður á skrifstofu rannsóknarlögreglunnar. Fram kom að vitnið hafi verið með Guðmundi á dansleik í Alþýðuhúsinu aðfaranótt 27. janúar 1974. Rámaði hann í að hafa farið af dansleiknum rétt áður en honum var lokið. Þá hafi hann gengið út á Strandgötuna í áttina að Skiphóli og náð þar í leigubifreið sem hafi ekið honum heim.²⁴¹⁷ Ber skýrslan engar frekari nýjar upplýsingar með sér.
1259. Mánudaginn 31. janúar 1977 var bókað í dagbók fangelsisins við Síðumúla að yfirfangavörður í Hegningarhúsinu hafi hringt klukkan 12:15 vegna væntanlegs flutnings á Sævari og upplýst að klefinn væri ekki tilbúinn og því yrði að láta vita áður en hann kæmi. Klukkan 13:00 var bókað um símtal frá Erni sem hafi tilkynnt um flutning á Sævari í Hegningarhúsið klukkan 14:00. Klukkan 14:05 var bókað um komu Jóns Oddssonar, réttargæslumanns Sævars, og þess getið að hann hafi spurt um Jónas og Karl Schütz en þeir hafi hvorugir verið á staðnum. Bókað var klukkan 14:20

²⁴¹³ Bls. 2378.

²⁴¹⁴ Bls. 2137_D.

²⁴¹⁵ Dagbók nr. 6, bls. 92.

²⁴¹⁶ Bls. 2379.

²⁴¹⁷ Bls. 2391–2382.

að séra Jón Bjarman hafi farið inn á klefa til Guðjóns. Klukkan 14:33 var bókað í fangelsisdagbókina að Grétar og Jónas hafi flutt Sævar í Hegningarhúsið. Var þess getið að Sævar kæmi ekki aftur í Síðumúlafangelsið eftir 416 daga dvöl.²⁴¹⁸ Klukkan 16:00 var bókað að séra Jón Bjarman hafi farið eftir viðtal við Guðjón. Bókað var klukkan 16:15 að Örn og Grétar hafi komið í fangelsið. Hafi Örn ætlað að framlengja gæsluvarðhaldsúrskurði á Guðjóni, en þar sem hornið hafi verið upptekið hafi hann ákveðið að fara með fangann niður í sakadóm. Klukkan 18:00 var bókað í fangelsisdagbókina að komið hafi verið með Guðjón til baka úr sakadómi með úrskurð um 100 daga áframhaldandi gæsluvarðhald.²⁴¹⁹ Þennan dag var dómþing sett og tekin fyrir dómsrannsókn á hvarfi Geirfinns. Í þingbók var bókaður mættur Benedikt Blöndal, réttargæslumaður Guðjóns. Bókað var að klukkan 16:45 hafi Guðjón komið fyrir dóminn. Bókað var að Guðjón hafi skýrt sjálfstætt frá málsatvikum og framburður hans hafi verið í samræmi við skýrslu hans hjá lögreglu dagsett 25. janúar 1977.²⁴²⁰ Kvaðst Guðjón ekki muna hvernig átökin hafi hafist og hafa tekið manninn hálstaki einu sinni. Taldi hann sig hafa séð Sævar og Kristján Viðar vera með lík mannsins í kjallara heima hjá Kristjáni að Grettisgötu 82. Bókað var að Guðjón hafi lesið yfir skýrslu sína hjá lögreglu dagsetta 25. janúar 1977 og sagt þar rétt eftir honum haft.²⁴²¹ Var í dóminum kveðinn upp úrskurður þar sem fram kom að Guðjón hafi viðurkennt aðild sína að málinu fyrir rannsóknarlögreglu og fyrir dómi. Fram kom að Guðjón hafi verið ákærður vegna brota á ávana- og fíkniefnalöggjöfnum og biði dóms í því máli. Rannsókn Geirfinns málsins væri ekki lokið og enn ætti eftir að ljúka geðrannsókn á honum. Var Guðjón úrskurðaður í áframhaldandi gæsluvarðhald í allt að 100 daga.²⁴²² Bókað var að Guðjón ætlaði að ráðgast við réttargæslumann sinn um kærú á úrskurðinum til Hæstaréttar. Vék hann frá klukkan 17:25.²⁴²³

1260. Fyrir liggur skýrsla um yfirheyrslu yfir Erlu þennan dag, klukkan 14:00. Greindi Erla frá því að hafa verið heitbundin Sævari 19. og 20. nóvember 1974. Þau hafi á þeim tíma verið búin að ákveða að giftast. Kvaðst Erla annarrar skoðunar í dag og sagði hjónaband með Sævari ekki lengur koma til greina. Kvaðst Erla ekki geta svarað því ákveðið hvers vegna Sævar hafi viljað hafa hana með til Keflavíkur umrætt kvöld. Sævar hafi bara sagt að hún ætti að koma með í stutta ferð. Spyrja yrði Sævar um það hvers vegna hann hafi viljað hafa hana með. Kvaðst Erla ekki heldur geta sagt til um hvers vegna Sævar hafi viljað hafa Kristján Viðar með. Vissi hún ekki hvort það hafi verið vegna þess að til hafi staðið að drepa Geirfinn. Hélt hún frekar að Kristján Viðar hafi átt að hjálpa til við að flytja spírann.²⁴²⁴ Aðspurð sagði hún það hafa verið möguleika fyrir sig að koma í veg fyrir slagsmálin, til dæmis með því að hlaupa í burtu og ná í lögregluna.²⁴²⁵ Kvaðst Erla ekki hafa boðist til þess að keyra líkið út í Rauðhóla heldur hafi Sævar heimtað það af henni. Hefði hún neitað honum um það

²⁴¹⁸ Dagbók nr. 6, bls. 94.

²⁴¹⁹ Dagbók nr. 6, bls. 95.

²⁴²⁰ Bls. 2140_A.

²⁴²¹ Bls. 2140_B.

²⁴²² Bls. 2140_C.

²⁴²³ Bls. 2140_D.

²⁴²⁴ Bls. 2138.

²⁴²⁵ Bls. 2139.

hefði Sævar kannski barið hana. Hefði hún neitað hefði Sævar reddað öikumanni, hugsanlega Guðjóni. Kvaðst hún með þessu hafa viljað hlífa Sævari, hún hafi ekki hugsað um sjálfa sig. Kvaðst hún ekki geta sagt neitt meira um málið.²⁴²⁶

1261. Þennan dag var [HeG] yfirheyrð í tengslum við framhaldsrannsókn á hvarfi Guðmundar. Fyrir liggur skýrsla um yfirheyrsluna þar sem orðrétt er bókað: „Mættu er sýnd mynd af Guðmundi Einarssyni, sem birtist í dagblöðum á sínum tíma. Mætta kveðst ekki kannast við hann af myndinni. Hún segir ekki loku fyrir það skotið að hann hafi einu sinni komið ásamt Sævari Ciesielski o.fl. í heimsókn er hún var á Kópavogshælinu. Hún kveðst ekki muna hvenær sú heimsókn kunni að hafa verið, en það geti vel verið kvöldið áður en Guðmundur hvarf. Mættu minnir að þeir hafi þá verið á leigubíl, en veit ekki hvaða bíll það var, eða af hvaða leigubílastöð. Hún segist muna eftir því, að þeir hafi haft orð á því að þeir væru mikið að flýta sér, og stanzað mjög stutt.“ Taldi hún fremur ólíklegt að stúlka sem hafi deilt með henni herbergi á Kópavogshælinu hafi orðið vör við komu mannanna. Sagði vitnið það fráleitt að hún sjálf hafi farið með Sævari og félögum í þetta skipti. Kvaðst hún halda að [JIG] hafi vitað um komu þessara manna. Minnti [HeG] að hún hafi verið stödd á annarri hæð í herbergi [JIG], en hún hafi verið frammi á snyrtiherberginu að mála sig. Orðrétt var bókað: „Mætta segir að herbergi þeirra [LH] hafi verið í kjallara hússins og mennirnir ekki komið þangað í þetta skipti, nema þeir hafi verið búnir að því áður og spurst þar fyrir um sig.“ Kvaðst vitnið ekki geta munað erindi mannanna í þetta skipti. Sagði hún minni sitt allt á reiki þar sem hún hafi verið oft undir áhrifum áfengis á umræddu tímabili.²⁴²⁷ Gat hún ekki munað hvort Sævar hafi komið aftur í heimsókn til hennar eftir miðnætti sama kvöld og áðurgreind heimsókn hafi átt sér stað. Það gæti vel verið þótt hún myndi ekki eftir því. Aðspurð sagði hún fyrri framburð sinn réttan um svarta skyrtu sem Sævar hafi komið með til hennar og beðið hana um að þvo eða henda. Minnti hana að hún hafi tekið eftir litlum blettum í skyrtunni, á brjóstinu og annarri erminni. Sagðist hún ekkert geta sagt til um hvort það hafi verið blóðblettir eða eitthvað annað. Kvaðst hún ekki muna hvenær Sævar hafi komið með skyrtuna en taldi sig muna að það hafi verið um sama leyti og hann hafi komið með hníf með hvítu skafti sem hún hafi áður afhent lögreglunni. Bókað var orðrétt: „Mætta segist ekki muna, hvernig það kom til, en hún muni eftir því, að Sævar hafi haft orð á því, að með hnífnum hefði hann orðið mannsbani, en hann hefði líka tekið það fram, að það hefði skeð erlendis.“ Seinna hafi hann viljað fá hnífinn aftur en hún hafi ekki orðið við þeirri beiðni Sævars.²⁴²⁸ Greindi hún frá því að enginn almenningssími hafi verið að Kópavogshæli og einungis hafi verið hægt að komast í síma hjá vaktmanni, en hann hafi eingöngu verið notaður af starfsfólki. Sagðist hún ekki viss um að Kristján Viðar hafi nokkru sinni komið með Sævari eða öðrum á Kópavogshælið á þeim tíma sem hún hafi unnið þar, nema þetta eina skipti sem hún hafi getið um.²⁴²⁹

²⁴²⁶ Bls. 2140.

²⁴²⁷ Bls. 2383.

²⁴²⁸ Bls. 2384.

²⁴²⁹ Bls. 2385.

1262. Guðjón ritaði í dagbók sína þennan dag um að hafa legið andvaka um nóttina. Orðrétt ritaði hann: „Lá vakandi og hélt æsingaræður og rak allt Geirf.mál öfugt ofan í dómara og lýðinn.“ Ritaði hann um draumfarir sínar og að hafa vaknað hágrátandi og grátið lengi. Velti hann því fyrir sér yfir hverju hann hafi grátið; heiminum, brostnum vonum, óhamingju, ógæfu, óláni, sjálfsvorkunn, því sem hann vildi vera en gat ekki verið, gæti nú en fengi ekki að vera. Ritaði Guðjón um að séra Jón Bjarman hafi komið eins og sannur verndarengill. Þeir hafi rætt lengi saman um ýmis mál og ritaði Guðjón um að hafa orðið hressari við þessa heimsókn. Skrifaði hann bréf til Birgis Þormars, dómara og skilaði honum bókunum. Ritaði Guðjón um fyrirtökuna í sakadómi. Orðrétt ritaði Guðjón: „Þar var staddur B.Blöndal og ég beðinn að rekja sjálfstætt efni skýrslur frá 25/1, það ritað í dómabók og kveðinn upp gæsluvarðhaldsúrskurður uppá 100 daga, eitt hundrað daga.“²⁴³⁰
1263. Þennan dag, 31. janúar 1977, birtist opnuviðtal í Mánudagsblaðinu við [GuP] undir fyrirsögninni: „Haukur og Kristján eru notaðir af tröðkurunum.“ Í viðtalinu fór [GuP] mikinn um handtökumálið svokallaða sem leiddi til þess að Hauki Guðmundssyni, lögreglumanni í Keflavík, var vikið frá störfum. Orðrétt var haft eftir [GuP]: „Hvernig væri til dæmis, að Kristján Pétursson segði frá kunningsskap sínum og Sævars Ciesielski, sem nú situr inni fyrir morðið á Guðmundi Einarssyni og aðild að drápi Geirfinns. Þeir voru góðir kunningjar og sáust síðast saman daginn, sem Geirfinnur hvarf.“²⁴³¹
1264. Sama dag var birt frétt á baksíðu Dagblaðsins undir fyrirsögninni: „Geirfinnsmálið: Var ekki ásetningur að bana Geirfinni? – sagan um Klúbbsmenn uppspuni frá rótum.“ Fram kom að rannsókn Geirfinnsmálsins væri að mestu lokið og að sennilega hafi Geirfinni ekki verið banað af ásetningi. Frásögn sú sem hafi leitt til handtöku og gæsluvarðhalds Klúbbsmanna hafi verið hreinn tilbúningur sem hafi verið saminn af banamönnum Geirfinns og vitundarmönnum.²⁴³²
1265. Þriðjudaginn 1. febrúar 1977 var bókað í dagbók fangelsisins við Síðumúla að Jónas og Grétar hafi sótt Guðjón og flutt hann í sakadóm klukkan 10:30.²⁴³³ Bókað var að komið hafi verið til baka með Guðjón klukkan 13:35.²⁴³⁴ Fyrir liggur skýrsla um yfirheyrslu yfir Guðjóni þennan dag á skrifstofu rannsóknarlögreglunnar í Reykjavík. Aðspurður mundi Guðjón eftir því að Sævar hafi talað um hvarf einhvers á leiðinni til Keflavíkur. Kvaðst hann hafa tekið þessu sem gríni, en þegar hann hugsaði um þetta núna væri það hugsanlegt að dauði Geirfinns hafi verið fyrirfram ákveðinn, án þess að hann hafi vitað það á þeim tímapunkti. Kvaðst Guðjón líta svo á að Geirfinnur hafi hlotið að vita að hann væri að gera eitthvað ólöglegt umrætt kvöld. Það að hann hafi komið tvisvar benti til að hann hafi viljað gera viðskipti. Aðspurður um hagsmuni sína af málinu sagði Guðjón þá hafa verið að mestu leyti forvitni.²⁴³⁵ Kvaðst hann ekki geta

²⁴³⁰ Bls. 2137_J–K.

²⁴³¹ Bls. 2144–2145.

²⁴³² Bls. 2146.

²⁴³³ Dagbók nr. 6, bls. 96.

²⁴³⁴ Dagbók nr. 6, bls. 97.

²⁴³⁵ Bls. 2141.

gefið neina skýringu á þeim aðstæðum að Kristján hafi haldið Geirfinni föstum og Sævar slegið hann framan á fæturna. Sagðist Guðjón telja að þá meðferð yrði að meta í samhengi við Guðmundarmálið og önnur mál þar sem Sævar og Kristján Viðar hafi misþyrmt mönnum. Það hafi ekki verið hans vilji að átökunum lyki með dauða Geirfinns. Mundi Guðjón ekki lengur af hverju hann hafi orðið reiður, en reiðin hafi ekki haft þau áhrif á hann að hann hafi óskað eftir dauða Geirfinns. Hegðun hans hafi stafað af því að hann vildi ekki að Geirfinnur færi til lögreglunnar. Aðspurður hvort hann hafi getað stöðvað árásir Sævars og Kristjáns Viðars gegn Geirfinni kvaðst Guðjón hafa metið það svo að sér hafi ekki verið það kleift þar sem þá hefðu þeir getað misþyrmt honum.²⁴³⁶ Kvaðst hann ekki hafa verið undir áhrifum áfengis umrætt kvöld en mögulega hafi hann reykt dálítið hass. Hann hafi ekki hugsað út í það að fara til lögreglunnar, honum hafi verið ómögulegt að hugsa vegna þess sem hafði gerst. Lagði Guðjón áherslu á að Sævar hafi fengið hann til að fara í Keflavíkurförðina vegna þess að Erla hafi ekki getað ekið og hann hafi þurft á betri öikumanni að halda. Aðspurður sagði Guðjón að sér hafi verið ókunnugt um hversu hættulegir Sævar og Kristján Viðar hafi verið. Hann hefði ekki komist að því fyrr en ári síðar í blöðunum. Guðjón kvaðst ekki geta sagt til um hvers vegna hann hafi lánað Sævari skóflurnar. Í framhaldinu var orðrétt bókað: „Ég er orðinn dálítið þreyttur og óska eftir því að þessari skýrslutöku ljúki. Þó vil ég bæta við eftirfarandi: Ég gaf alls ekki samþykki mitt til þess að hann tæki skóflurnar. Enda var mér þá margt óljóst sem skeð hafði.“ Bókað var að yfirheyrslunni hafi lokið klukkan 12:15.²⁴³⁷

1266. Bókað var í fangelsisdagbókina klukkan 14:15 að Örn hafi hringt og fengið upplýsingar um gæsluvarðhaldsvist Sævars. Klukkan 15:15 var bókað um símtal til Guðsteins lækni. Var hann beðinn um að líta á sár á höfði Guðjóns sem hafi komið eftir heilalínarit sem framkvæmt var í liðinni viku. Var þess getið að Guðsteinn kæmi morguninn eftir. Bókað var klukkan 18:15 að Grétar og Benedikt Blöndal, réttargæslumaður Guðjóns, hafi komið til viðtals við hann.²⁴³⁸ Bókað var að Guðjón hafi verið færður á klefa sinn klukkan 19:00.²⁴³⁹ Rannsóknargögn um viðtalið liggja ekki fyrir önnur en færsla í dagbók Guðjóns þar sem ákveðið hafi verið að kæra ekki gæsluvarðhaldsúrskurðinn til Hæstaréttar. Þeir hafi rætt um að aðstoð hans við að upplýsa málið yrði metin honum til refsilækkunar en hegðun hans undanfarið yrði túlkuð til refsihækkunar. Ritaði Guðjón um að þetta yrði ægilegt. Ritaði Guðjón um að vera með höfuðverk af þreytu og geðshræringunni.²⁴⁴⁰
1267. Meðal rannsóknargagna liggur fyrir skýrsla um yfirheyrslu yfir Kristjáni Viðari þennan dag, 1. febrúar 1977. Kvaðst Kristján Viðar hafa verið undir áhrifum lyfja umrætt kvöld og ekki aðeins tekið inn töflur þann dag heldur hafði hann verið í stanslausri neyslu í nokkra mánuði. Mundi hann eftir að hafa 19. nóvember 1974 tekið inn blöndu af örvandi og róandi lyfjum. Kvaðst Kristján Viðar ekki hafa hugmynd um

²⁴³⁶ Bls. 2142.

²⁴³⁷ Bls. 2143.

²⁴³⁸ Dagbók nr. 6, bls. 97.

²⁴³⁹ Dagbók nr. 6, bls. 98.

²⁴⁴⁰ Bls. 2156_A.

hvers vegna Guðjón hafi farið með í Keflavíkurförðina.²⁴⁴¹ Aðspurður sagði Kristján Viðar það rétt að Geirfinnur hafi ekki gert neitt af sér heldur hafi hann sagt eitthvað sem hafi reitt þá til reiði. Kvaðst Kristján Viðar ekki muna hvað hann hafi nákvæmlega sagt. Það hafi ekki verið fyrirfram ákveðið að drepa hann. Leit Kristján Viðar svo á að Geirfinnur hefði fengið að fara heim ef hann hefði sýnt þeim áfengið. Kristján Viðar minnti að Guðjón hafi tekið Geirfinn hálstaki, en kvaðst ekki halda að hann hafi lamið hann með lurk. Á meðan hann hafi haldið honum hálstaki hafi Sævar lamið hann með lurk framan á leggina og lærin og magann, að hann hélt. Kvaðst Kristján Viðar ekki hafa lokað fyrir öndun Geirfinns með hálstakinu heldur hafi hann við og við sleppt hægri hendinni.²⁴⁴² Síðan hafi hann kýlt hann tveimur höggum á vinstra brjóst og við það hafi Geirfinnur stunið og fallið til jarðar. Þá hafi hann slegið hann einu höggi með spýtu í vinstri kinn. Höggið hafi ekki verið þungt þar sem hann hafi ekki ætlað að drepa hann. Ekki hafi blætt úr Geirfinni eftir höggið. Greindi Kristján Viðar frá því að hafa þreifað eftir púlsi en engan fundið. Þegar hann hafi komið til baka frá því að ræða við [SÓH] hafi Sævar sagt hann látinn. Þá hafi hann séð blæðingu á hægri kinn Geirfinns og taldi Kristján Viðar því ekki útilokað að hann hafi verið sleginn meira í millitíðinni. Aðspurður sagði Kristján Viðar að Geirfinnur hafi varið sig og mundi eftir því að Geirfinnur hafi ætlað að ráðast á hann þegar hann hafi sleppt hálstakinu. Kvaðst Kristján Viðar þá hafa slegið hann með spýtunni á brjóstið.²⁴⁴³ Lýsti Kristján Viðar iðrun sinni.²⁴⁴⁴ Ber skýrslan engar frekari nýjar upplýsingar með sér.

1268. Fyrir liggur skýrsla dagsett sama dag um yfirheyrslu yfir Sævari. Sagði Sævar að hann og Erla hafi ætlað að slíta samvistum í nóvember 1974. Hún hafi orðið ófrísk eftir hann í desember 1974 og þá hafi þau ákveðið að gifta sig síðar. Kvaðst Sævar ekki getað svarað því hvers vegna Erla hafi farið með til Keflavíkur. Þau hafi alltaf verið saman og hún hafi ef til vill komið með bara vegna félagsskapsins. Kvaðst Sævar hafa tekið Kristján Viðar með vegna þess að þeir hafi verið vinir frá barnsaldri og hann hafi ef til vill getað selt áfengi. Aðspurður kvaðst Sævar ekki hafa tekið hann með vegna líkamlegra yfirburða hans gegn Geirfinni.²⁴⁴⁵ Aðspurður kvaðst Sævar aldrei hafa sagt í bifreiðinni á leiðinni suður eftir að Geirfinnur ætti að hverfa. Aðspurður sagði Sævar það ekki rétt að Guðjón hafi farið í ferðina af forvitni, hann hafi átt að fá peningagreiðslu fyrir.²⁴⁴⁶ Kvaðst Sævar hafa slegið Geirfinn með spýtu á fótleggina eða lærin á meðan Kristján Viðar hafi haldið honum hálstaki. Hann hafi gert það vegna þess að Geirfinnur hafi hrint honum. Taldi Sævar að Geirfinnur hafi dottið niður dauður strax eftir hálstakið. Hann hafi ekki séð hvort Geirfinnur hafi verið sleginn með spýtu eftir að hann féll til jarðar. Greindi Sævar frá því að þegar hann hafi komið frá því að ræða við Erlu hafi Kristján Viðar sagt honum að Guðjón hafi slegið Geirfinn

²⁴⁴¹ Bls. 2147.

²⁴⁴² Bls. 2148.

²⁴⁴³ Bls. 2149.

²⁴⁴⁴ Bls. 2150.

²⁴⁴⁵ Bls. 2151.

²⁴⁴⁶ Bls. 2152.

áfram með spýtu þar sem hann hafi legið á jörðinni.²⁴⁴⁷ Lagði Sævar áherslu á að hann hafi ekki haft ásetning til að drepa Geirfinn. Þá tryði hann því ekki að Kristján Viðar hafi haft ásetning til þess. Aðspurður kvaðst Sævar hafa þurft að taka Erlu með í líkflutninga í Rauðhólana þar sem hann hafi ekki haft völ á öðrum bílstjóra. Hvorki hann né Kristján Viðar hafi haft ökuskírteini.²⁴⁴⁸

1269. Meðal rannsóknargagna liggur fyrir skýrsla tæknideildar rannsóknarlögreglunnar í Reykjavík, dagsett þennan dag 1. febrúar 1977, um athugun í kjallara hússins númer 82 við Grettisgötu 7. og 8. desember 1976. Fram kom að leit hafi verið framkvæmd í geymsluherbergi í eigu ömmu Kristjáns Viðars og þvottaherbergi hússins. Leitað hafi verið að blóðblettum og prófanir gerðar með þartilgerðum efnum. Bókað var að efni hafi fundist á einum rimli á trébekk sem hafi gefið svörun við blóði, efnið hafi verið á um 25 x 30 millímetra kafla á rimlinum. Hafi rimillinn verið tekinn til frekari rannsóknar ásamt grænu teppi sem hafi hangið uppi í kjallaraganginum.²⁴⁴⁹
1270. Fyrir liggur skýrsla um yfirheyrslu yfir [LH] þennan dag í tengslum við framhaldsrannsókn á hvarfi Guðmundar. Fram kom að [LH] hafi dvalið í sama herbergi og [HeG] á Kópavogshælinu. Kvaðst hún hafa orðið vör við að náinn kunningskapur hafi verið á milli Sævars og [HeG] og hann hafi oft komið í heimsókn til hennar, jafnt á nóttu sem að degi. Kvaðst hún ekki muna eftir kvöldinu 26. janúar 1974 eða aðfaranótt 27. janúar sama ár. Gæti hún ekki borið um hvort Sævar hafi þá komið í heimsókn til [HeG].²⁴⁵⁰
1271. Sama dag var [ViG] yfirheyrður vegna málsins á skrifstofu rannsóknarlögreglunnar. Fyrir liggur skýrsla um yfirheyrsluna þar sem fram kom að hann hafi bent á framburð sinn hjá ávana- og fíkniefnadómstólnum í sambandi við utanferðina með Sævari í janúar 1974 og staðfest þar rétt eftir sér haft um atburðarásina. Orðrétt var bókað: „Í þeim framburði kemur það fram, að mætti hafi ekið Sævari og félögum hans, bæði á undan og eftir þá för, en tveir dagar, 26. og 27. janúar, falli alveg út úr þeirri mynd. Mætti kveðst ekki treysta sér til að skýra það nú hvernig á því stendur að eyða myndast í þessa tvo daga. Hann getur þess helst til, að hann hafi reynt að forðast að keyra þessa menn og láta þá ná í sig þegar mikið var að gera á stöðinni.“²⁴⁵¹ Í skýrsluna var bókað að Hreyfill hafi þennan dag tekið saman bókaða túra vitnisins umrædda daga. Þar hafi meðal annars komið fram að vitnið hafi farið alls tólf ferðir í starfsmannahúsið í Kópavogi og enn fremur að Grettisgötu 82, klukkan 07:00 á morgni 27. janúar 1974. Kvaðst [ViG] ekki muna lengur eftir þessum ferðum. Taldi hann ólíklegt að hann hafi farið allar þessar ferðir að Kópavogshælinu, taldi hann líklegra að verið væri að ítreka við hann skilaboð um að koma þangað. Mundi hann ekki eftir ferðinni að Grettisgötu.²⁴⁵² Kvaðst [ViG] hafa velt þessu máli mikið fyrir sér, sérstaklega þar sem hann hafi þekkt þá menn sem bendlaðir væru við málið. Sagðist

²⁴⁴⁷ Bls. 2153.

²⁴⁴⁸ Bls. 2154.

²⁴⁴⁹ Bls. 2155.

²⁴⁵⁰ Bls. 2386.

²⁴⁵¹ Bls. 2388.

²⁴⁵² Bls. 2389.

hann ekki hafa heyrt neitt það á tali manna sem væri hægt að setja í samband við hvarfið á Guðmundi. Kvaðst hann ekki hafa séð byssusting í fórum Kristjáns Viðars en ráma í að hann hafi keypt sér dolk í versluninni Ellingsen. Kvaðst hann ekki hafa séð hníf í fórum Sævars.²⁴⁵³ Seinna sama dag var [ViG] aftur tekinn til skýrslutöku hjá lögreglu og spurður hvort hann hafi haldið dagbók yfir akstur á leigubifreiðinni. Kvaðst hann ekki vanur að halda dagbók en hafi haldið utan um þá túra sem hann hafi farið þar sem hann hafi ekið leigubifreið föður síns. Hafi hann notað færslurnar í uppgjöri þeirra á milli en taldi útilokað að þær væru til yfir áðurgreint tímabil, það er 26. og 27. janúar 1974.²⁴⁵⁴

1272. Guðjón ritaði í dagbók sína þennan dag um að Grétar myndi sækja hann klukkan 10:30 en hann vissi ekki hvað til stæði. Ritaði Guðjón um að hafa verið í erfiðri og þreytandi yfirheyrslu með Schütz. Hann hafi borðað með Grétari og Jónasi og spjallað við Pétur Eggerz. Orðrétt ritaði Guðjón: „Talað var um að ég ræddi við Sævar til að komast að því hvar lík G. gæti verið að finna og vildi um það hafa samráð við lögfr. minn.“ Þá ritaði hann um bréfaskriftir til móður sinnar og Schütz. Guðjón ritaði orðrétt í dagbók sína. „Átti spjall við Gunnar M. varðst. um G.f.mál og stakk að honum teoríu um málið sem ég hef haldið fyrir mig. Braut þar mitt boðorð um að segja sem fæst. Það er bara svo margt sem mér finnst of dularfullt í þessu máli enn til þess að geta fallist á núverandi niðurstöður. Hvað er þar á bakvið.“²⁴⁵⁵
1273. Miðvikudaginn 2. febrúar 1977 var bókað í dagbók fangelsisins við Síðumúla að Guðsteinn læknir hafi komið klukkan 09:00 og litið á sár í hársverði Guðjóns sem hafi komið í ljós eftir heilalínurit. Var þess getið að Guðsteinn hafi talið sárin brunasár og því ekkert við þeim að gera.²⁴⁵⁶ Klukkan 15:30 var bókað að Gísli Guðmundsson, rannsóknarlögreglumaður, hafi hringt og spurt um Sævar. Lét færsluritari þess getið að hann hafi tjáð Gísla að Sævar hafi verið fluttur í Hegningarhúsið. Fram kom að Gísli hafi látið undrun sína í ljós í símtalinu og spurt hver stjórnadi flutningunum. Bókað var að Gísla hafi verið bent á að ræða við Örn. Færsluritari bókaði klukkan 16:15 um samtal sitt við Grétar um hvaða fundur væri fyrirhugaður sem Guðjón kviði svo fyrir, en hann hafi beðið um töflu af róandi. Bókað var að Grétar hafi sagt fundinn vera að beiðni [GUÆ], fyrrum eiginkonu Guðjóns. Lét færsluritari þess getið að hann hafi lofað Guðjóni róandi töflu fyrir fundinn, en ekki væri endanlega ákveðið hvenær hann yrði.²⁴⁵⁷ Klukkan 20:30 var bókað að Grétar hafi hringt og boðað komu sína í fangelsið til að sækja Guðjón. Hann ætlaði að leyfa Guðjóni að tala við [GUÆ] og færi viðtalið fram utan fangelsisins. Bókað var að Grétar og Guðjón hafi farið klukkan 21:30. Komu þeir til baka klukkan 22:40.²⁴⁵⁸
1274. Fyrir liggur samantektarskýrsla, dagsett þennan dag, rituð af Jónasi um framburð Sævars og Kristjáns Viðars. Fram kom að þeir hafi báðir borið um að hafa verið búnir

²⁴⁵³ Bls. 2390.

²⁴⁵⁴ Bls. 2391.

²⁴⁵⁵ Bls. 2137_K.

²⁴⁵⁶ Dagbók nr. 6, bls. 98.

²⁴⁵⁷ Dagbók nr. 6, bls. 99.

²⁴⁵⁸ Dagbók nr. 6, bls. 100.

að ræna einn mann í Klúbbinum 17. nóvember 1974, áður en þeir hafi rætt við Geirfinn. Athugað hafi verið hvort kæra hafi borist rannsóknarlögreglunni um þjófnað á veski umrætt kvöld, en án árangurs. Þá liggur fyrir önnur samantektarskýrsla rituð af Jónasi, dagsett sama dag, um athugun hjá leigubifreiðastöðinni Hreyfli. Fram kom að Sævar hafi borið um að hafa að morgni 20. nóvember 1974 komið með leigubifreið frá Hlemmtorgi heim til sín að Hjallavegi í Kópavogi. Bókað var að útilokað væri að komast að því hvaða leigubifreiðastjórar hafi farið umræddan túr.²⁴⁵⁹

1275. Guðjón ritaði færslu í dagbók sína þennan dag um að hafa verið vakinn klukkan 09:10. Guðsteinn læknir hafi skoðað hann og sagt sárin brunasár. Ritaði Guðjón um slæmar draumfarir og kulda í klefanum. Hann hafi beðið um róandi fyrir kvöldið. Ritaði Guðjón um samtali við Gunnar Marínósson þar sem fram hafi komið að óvíst væri hvort af fundi hans og [GUÆ] gæti orðið í kvöld. Fannst Guðjóni það miður þar sem vont væri að bíða. Ritaði hann um fyrirhugaða blóðrannsókn á Kleppi og almenna heilsufarsathugun.²⁴⁶⁰ Guðjón ritaði um fund sinn með [GUÆ] um kvöldið. Hún væri á leið til útlanda, slúðrið og óhróðurinn væri ólýsanlegur.²⁴⁶¹
1276. Fimmtudaginn 3. febrúar 1977 var bókað í dagbók Síðumúlafangelsisins að Sigurbjörn Víðir hafi komið við klukkan 08:15 og tekið bréf frá Guðjóni til systur hans.²⁴⁶² Klukkan 10:45 var bókað að séra Jón Bjarman hafi hringt og spurt um Guðjón.²⁴⁶³ Bókað var að séra Jón Bjarman hafi farið inn á klefa til Guðjóns klukkan 20:40. Klukkan 23:05 var bókað að séra Jón hafi komið fram að loknu viðtali við Guðjón.
1277. Bókað var í dagbók Hegningarhússins þennan dag að Örn Höskuldsson hafi hringt klukkan 15:50 og beðið um að brýnt yrði fyrir vaktmönnum yfir Kristjáni Viðari að þeir töluðu ekkert við hann og gættu að því að hann og Sævar gætu ekki haft samband sín á milli. Lét færsluritari þess getið að hann hafi gefið Gunnlaugi Briem, sakadómara, vottorð að hans beiðni um að Sævar hafi verið látinn á klefa númer tíu að fyrirmælum Arnar.²⁴⁶⁴
1278. Guðjón ritaði færslu í dagbók sína þennan dag um bréfrítun til Karls Schütz. Guðjón ritaði um að séra Jón Bjarman hafi komið til sín líkt og fyrir hugskeyti. Hann hafi setið lengi hjá honum og þeir spjallað um margt.²⁴⁶⁵
1279. Þennan dag, 3. febrúar 1977, birtust fréttir af Geirfinnsmálinu á forsíðum allra blaða á Íslandi ásamt andlitsmyndum af Sævari, Kristjáni Viðari, Guðjóni og Erlu. Fram kom að sakadómur Reykjavíkur hafi haldið tveggja og hálfur klukkustundar langan fund með fréttamönnum síðdegis 2. febrúar 1977. Á fundinum voru viðstaddir rannsakendur Geirfinnsmálsins ásamt Karli Schütz, Halldóri Þorbjörnssyni yfirsakadómara, Erni Höskuldssyni auk túlka. Greint var frá því að rannsókn málsins væri að lokum komin og málið yrði væntanlega sent ríkissaksóknara fyrir lok næstu

²⁴⁵⁹ Bls. 2156.

²⁴⁶⁰ Bls. 2156_A.

²⁴⁶¹ Bls. 2156_B.

²⁴⁶² Dagbók nr. 6, bls. 100.

²⁴⁶³ Dagbók nr. 6, bls. 101.

²⁴⁶⁴ Dagbók Hegningarhússins, nr. 1, bls. 21.

²⁴⁶⁵ Bls. 2156_C.

viku. Á fundinum hafi verið skýrt frá gangi rannsóknarinnar og rakinn aðdragandinn að morði Geirfinns. Var sú atvikalýsing birt í flestum blöðum. Í *Alpýðublaðinu* var birt frétt undir fyrirsögninni: „Geirfinnsmálið upplýst: Þrír piltar hafa játað á sig morðið.“ Rakinn var aðdragandinn að morði Geirfinns, eins og honum hafði verið lýst á blaðamannafundinum. Fram kom að Sævar hafi nálgast Geirfinn í Klúbbinum 17. nóvember 1974 í þeim tilgangi að ræna hann. Hann hafi hætt við þegar Geirfinnur hafi kynnt sig, en Sævar hafi talið hann vera „Geira frá Keflavík“ sem hann hafði heyrt um að seldi spíra. Sævar hafi þá kynnt sig sem Magnús Leópoldsson og sóst eftir því að kaupa spíra af Geirfinni. Fram kom að Geirfinnur hafi verið talsvert ölvaður og því mögulega misskilið Sævar og talið hann vera spírasöllumann. Geirfinnur hafi látið Sævar fá nafn sitt og heimilisfang og þeir ákveðið að Sævar myndi hafa samband við hann síðar. Fram kom að 19. nóvember 1974 hafi Erla og Sævar tekið bifreið á leigu hjá bifreiðaleigu Geysis. Enginn samningur hafi verið gerður heldur hafi afgreiðslumanninum verið greiddar 5.000 krónur undir borðið. Rakið var að Kristján Viðar hafi viðurkennt að hafa hringt í Geirfinn úr Hafnarbúðinni og samtal þeirra hafi verið eftirfarandi: „Geirfinnur: „Er Maggi þarna?“ Kristján Viðar: „Við erum hér.“ Geirfinnur: „Ég er búinn að koma í Hafnarbúðina, en ég kem þá aftur.“ Þá kom fram að framburður vinnufélaga Geirfinns um að Geirfinnur hafi sagt skynsamlegra að fara vopnaður á stefnumótið hafi verið staðfestur. Rakið var að Sævar hafi sagt Erlu að fara á puttanum til Reykjavíkur þar sem þeir hafi þurft á plássi hennar að halda í bifreiðinni undir lík Geirfinns.²⁴⁶⁶ Fram kom að rannsakendur teldu að ekki hafi verið um fyrirfram skipulagt morð að ræða. Upplýstu rannsakendur um að sakborningarnir hafi viðurkennt að það hafi verið samantekin ráð hjá þeim að bendla fjórmeningana við málið.²⁴⁶⁷ Sama dag birtist frétt í *Vísi* undir fyrirsögninni: „Börðu Geirfinn til bana þegar hann reyndi að komast undan – Fjórmeningarnir sem settir voru í varðhald lýstir saklausir.“ Fram kom að Schütz hafi tekið fram á blaðamannafundinum að ef til vill vildu morðingjarnir ekki að líkið myndi fundast vegna þess hversu illa útleikið það væri eða þá í þeirri von um að fá hagstæðari meðferð fyrir dómi. Hins vegar lægju fyrir játningar fimm manns, þar af þriggja, sem hafi tekið þátt í morðinu sjálfu. Enginn vafi léki á þátttöku þeirra í glæpnum.²⁴⁶⁸ Inni í blaðinu var önnur frétt undir fyrirsögninni: „Þýskar aðferðir“. Hermdu heimildir blaðsins að Schütz hafi beitt sér fyrir því að fangarnir færu í ökuferðir um borgina ásamt óeinkennisklæddum lögreglumönnum. Slík hlé á algjörri einangrun hafi gefið mjög góða raun og fangarnir reynt samstarfsfúsari á eftir.²⁴⁶⁹ Á forsíðu *Tímans* var fyrirsögnin: „Banamenn Geirfinns Einarssonar: Þröngur hópur afbrotamanna sem einskis svífast til þess að komast yfir peninga.“ Frekari fréttir um lausn Geirfinnsmálsins voru inni í blaðinu.²⁴⁷⁰ Þar var aðdragandinn að morðinu rakinn nánar og orðrétt kom fram: „Schütz sagði varðandi komu Kristjáns og Sævars inn í Hafnarbúðina, að það væri með ólíkindum, að enginn í Hafnarbúðinni hefði tekið sérstaklega eftir þeim tveimur, þar eð annar væri lítill að

²⁴⁶⁶ Bls. 2157.

²⁴⁶⁷ Bls. 2158.

²⁴⁶⁸ Bls. 2160.

²⁴⁶⁹ Bls. 2161.

²⁴⁷⁰ Bls. 2162.

vexti en hinn mjög stór. Í búðinni hefði Sævar keypt sígarettur handa Erlu og súkkulaði, sem er sannað að hann hafi afhent henni.²⁴⁷¹ Í frétt með fyrirsögninni: „Geirfinnur þekkti ekki Magnús Leópoldsson í sjón“ kom fram að á fundinum hefði Schütz bent á að með því að nefna sig Magnús Leópoldsson hafi Sævar tekið á sig mikla áhættu sem sýndi best hversu „kaldur“ hann væri.²⁴⁷² Þá var birt frétt í Tímanum með fyrirsögninni: „Bardagaþrekið í lamasessi.“ Aðspurður hvers vegna Guðjón hafi ekki verið úrskurðaður í gæsluvarðhald þegar hann hafi fyrst komið til yfirheyrslu hafi Örn sagt erfitt að svara spurningunni en bardagaþrekið hafi verið í lamasessi. Um þetta leyti hafi fjórmenningunum nýlega verið sleppt úr haldi og fjölmiðlar hafi verið mjög gagnrýnir á þá ákvörðun. Þá hafi þeir ekki alveg verið vissir um þátt Guðjóns í málinu. Á sama stað var frétt með fyrirsögninni: „Ekki margt jákvætt við frumrannsóknina.“ Aðspurður hvort Keflavíkurrannsóknin hafi verið vænleg til árangurs kvaðst Schütz ekki sjá margt jákvætt við þá rannsókn. Lýsti hann furðu sinni á viðtölum rannsakenda við sjáendur. Þá hafi leirmyndin fremur verið til þess fallin að villa um fyrir rannsókninni heldur en hitt.²⁴⁷³ Á forsíðu Morgunblaðsins var viðtalsfrétt við Ólaf Jóhannesson, dómsmálaráðherra undir fyrirsögninni: „...martröð er létt af þjóðinni.“ Vildi hann þakka sérstaklega starfshópnum sem hafi unnið að rannsókn málsins og taldi þá hafa unnið ákaflega vel og að martröð hafi verið létt af þjóðinni. Orðrétt var haft eftir honum: „Það hefði verið óskemmtilegt, ef málið hefði ekki upplýstst. Þá hefðu að minnsta kosti fjórir menn og kannski fleiri verið tortryggðir allt sitt líf, legið undir grun. Það er ljótur leikur. En mér er efst í huga þakklæti til manna, sem unnið hafa að þessu og sérstaklega Karls Schütz, þýzka sakamálasérfræðingsins.“²⁴⁷⁴ Þennan dag birtust fréttir í Morgunblaðinu um blaðamannafundinn. Undir fyrirsögninni: „Aldrei kynnst jafn duglegum en lágt launuðum lögreglumönnum“ var frétt um ummæli Karls Schütz um íslenska starfsbræður sína. Fram kom að Örn Höskuldsson hafi verið rannsóknarstjóri, lögreglumennirnir Eggert Bjarnason, Rúnar Sigurðsson og Jónas Bjarnason hafi haft sérstaka umsjón með Sævari. Haraldur Árnason, lögreglumaður, hafi haft umsjón með Kristjáni Viðari, Grétar Sæmundsson hafi haft umsjón með Guðjóni og Sigurbjörn Víðir Eggertsson hafi haft umsjón með Erlu. Þá hafi Eggert einnig haft umsjón með [SÓH], en hann hafi þó aldrei setið í gæsluvarðhaldi. Þá kom fram að Ívar Hannesson hafi unnið að því að undirbyggja framburði einstakra manna.²⁴⁷⁵ Önnur frétt um sama efni birtist í Morgunblaðinu undir fyrirsögninni: „Engin Mafia heldur þröngur hópur venjulegra glæpamanna – sagði sakamálafræðingurinn Schütz.“ Í fréttinni komu fram lýsingar Schütz á rannsóknaraðferðum. Í upphafi hafi verið reynt að leysa málið utan við sakborningana þar sem þeir hafi margsinnis verið staðnir að lygum. Leitað hafi verið að vitnum fyrir utan, en eftir tveggja mánaða vinnu hafi þeir gefist upp á þessari aðferð. Um tvö ár hafi þá verið liðin frá atburðinum og greinilegt að fólk myndi lítið frá þessum tíma. Auk þess hafi rannsakendur rekið sig á að margir þeir sem Sævar og félagar hafi

²⁴⁷¹ Bls. 2165.

²⁴⁷² Bls. 2164.

²⁴⁷³ Bls. 2163.

²⁴⁷⁴ Bls. 2167.

²⁴⁷⁵ Bls. 2169.

umgengist hafi ekki verið sterkir á svellinu á ýmsum sviðum og framburðir þeirra því komið að litlu gagni. Orðrétt var haft eftir Karli Schütz: „Eftir tvo mánuði breyttum við alveg um og einbeittum okkur að sakborningunum. Við beittum sömu aðferðum og beitt er í Þýzkalandi, en þó auðvitað innan ramma laganna. Við fundum nokkur föst atriði, sem við gátum borið á milli og samprófað sakborningana. Við þurftum ætíð að vera á varðbergi því þau Kristján Viðar, Sævar og Erla reyndu hvað eftir annað að villa um fyrir okkur, og voru þau þá oft slóttug.“ Síðar í fréttinni var haft eftir Schütz að þegar Guðjón hafi verið handtekinn vegna framburðar sakborninganna hafi fyrsta örugga vitnið komið í málið.²⁴⁷⁶

1280. Föstudaginn 4. febrúar 1977 var bókað í dagbók fangelsisins við Síðumúla að farið hafi verið með Guðjón á Klepp í blóðtöku klukkan 08:20. Bókað var að komið hafi verið með hann til baka klukkan 09:05.²⁴⁷⁷ Klukkan 15:30 var bókað að Benedikt Blöndal, réttargæslumaður Guðjóns, hafi hringt og tilkynnt um að hafa sinnt bankaerindum fyrir Guðjón. Klukkan 17:00 var bókað að Ingvar Kristjánsson geðlæknir hafi komið til að tala við Guðjón. Bókað var að hann hafi farið klukkan 19:35.²⁴⁷⁸
1281. Guðjón ritaði í dagbók sína þennan dag um blóðtöku og líkamsskoðun á Kleppi. Guðjón ritaði um að Grétar væri kjafthýr og Schütz væri að fara af landi brott og hann myndi sennilega ekki hitta hann áður en hann færi. Það væri eftirsjárlaust af hans hálfu. Ritaði hann um að erfitt væri að hafa ekki konu til að tala við og vera góður við. Ingvar Kristjánsson geðlæknir hafi vitjað hans í klefann og setið lengi á tali við hann. Þeir hafi rætt margt meðal annars Geirfinnsmálið. Ingvar hafi sagt margt af skynsamlegu viti. Gat Guðjón þess að Ingvar hafi skilið eftir til úrlausnar 16 persónuleikabætti og MMPI próf, bæði löng og vitlaus eins og þeir hafi verið sammála um.²⁴⁷⁹
1282. Þennan dag birtist frétt á forsíðu Tímans undir fyrirsögninni: „Hefði hiklaust átt að setja á stofn rannsóknarnefnd þremur dögum eftir hvarf Geirfinns – segir Karl Schütz vestur-þýzki sakamálafræðingurinn.“ Orðrétt var haft eftir Schütz: „Ég tel hiklaust að rétt hefði verið að setja á stofn rannsóknarnefnd í Geirfinnsmálinu, þegar u.þ.b. þrjú dagar voru liðnir frá hvarfi Geirfinns, enda mátti þá ætla, að hér væri um morðmál að ræða, sagði vestur-þýzki sakamálasérfræðingurinn Karl Schütz í samtali við Tímann í gær.“ Í fréttinni kom fram að Karl Schütz héldi af landi brott daginn eftir. Sama dag birtist frétt í Þjóðviljanum undir fyrirsögninni: „Geirfinnsmálið: Engir lausir endar lengur, segir yfirsakadómari í Reykjavík – því eru ekki allir sammála.“ Í fréttinni voru rakin nokkur atriði í Geirfinnsmálinu sem blaðamenn Þjóðviljans töldu veigamikil og væru óupplýst í málinu. Fram kom að þegar umrædd atriði hafi verið borin undir Halldór Þorbjörnsson yfirsakadómara hafi hann svarað á þá leið að engir endar væru lausir í málinu og aðeins væri eftir að fullbúa það til afhendingar ríkissaksóknara. Orðrétt sagði í lok fréttarinnar: „Leikmönnum sýnist að of mörgum

²⁴⁷⁶ Bls. 2171.

²⁴⁷⁷ Dagbók nr. 6, bls. 102.

²⁴⁷⁸ Dagbók nr. 6, bls. 103.

²⁴⁷⁹ Bls. 2176_B.

spurningum sé ósvarað í þessu máli til þess að segja að því sé lokið.²⁴⁸⁰ Á baksíðu Morgunblaðsins var birt frétt undir fyrirsögninni: „[GSig], kona Geirfinns Einarssonar: „Oki af mér létt.““ Fram kom að hún hafi þurft að verja börnin fyrir sorpblaðamennsku um að Geirfinnur hafi staðið í glæpsamlegu athæfi, svo sem smygli og spírasölu. Meðal annars vegna þess fagnaði hún niðurstöðum rannsóknarinnar sem hafi hreinsað Geirfinn af öllum slíkum gróusögum.²⁴⁸¹ Í sama blaði var birt frétt undir fyrirsögninni: „Mál fjórmeninganna: Þrjú vitni báru á þá sakir og Hæstiréttur staðfesti ætíð gæzluvarðhaldsúrskurðina.“ Fram kom að á blaðamannafundi sakadóms í vikunni hafi komið fram að Erla, Sævar og Kristján Viðar hafi í upphafi árs 1975 verið ásátt um að bera sakir á fjórmeningana ef Geirfinnsmálið kæmi upp á yfirborðið, enda hafi þeir þá þegar verið bendlaðir við málið í kjaftasögum sem hafi gengið um borgina. Hafi þau hist þrisvar til að samræma framburðinn og skáldað sögu um að fjórmeningarnir hafi ætlað að eiga viðskipti við Geirfinn um spíra í Keflavík.²⁴⁸²

1283. Laugardaginn 5. febrúar 1977 var bókað í dagbók Síðumúlafangelsisins að Grétar hafi komið klukkan 10:20 með sendingu til Guðjóns. Bókað var að klukkan 10:40 að farið hafi verið með Guðjón til tannlæknis. Klukkan 10:45 var bókað að Guðsteinn læknir hafi komið og rætt við Tryggva Rúnar meðal annarra til klukkan 12:00. Bókað var að komið hafi verið með Guðjón til baka klukkan 11:50. Klukkan 12:40 var bókað um símtal í fangelsið frá [GW] sem hafi viljað koma því á framfæri að hann og tveir félagar hans, sem allir hafi verið vinir Geirfinns, hafi ákveðið með samþykki eiginkvenna sinna að skjóta morðingja Geirfinns þegar þeir yrðu fluttir úr fangelsinu. Hefðu þeir til reiðu hríðskotaríffil með kíkí. Bókaði færsluritari í fangelsisdagbókina að [GW] hafi sagt þá ætla að setja upp vakt í nágrenni við fangelsið til að framkvæma verknadinn. Bókað var klukkan 13:20 að Örn hafi verið látinn vita af þessu símtali. Hafi Örn sagst munu athuga þetta.²⁴⁸³ Klukkan 17:00 var bókað að Eggert hafi komið vegna morðhótana sem hafi borist.²⁴⁸⁴
1284. Fyrir liggur upplýsingaskýrsla rituð af Gísla Guðmundssyni þennan dag vegna framhaldsrannsóknar á hvarfi Guðmundar. Fram kom að Ármann Kristinsson, sakadómar, hafi óskað eftir því að ljósmyndir af ákærðu og Guðmundi yrðu látnar liggja frammi á þeim leigubifreiðastöðvum í Hafnarfirði sem hafi fargað bókhaldi sínu fyrir árið 1974, ef það yrði til glöggvunar fyrir bifreiðastjóra stöðvanna um að hafa farið að Hamarsbraut 11 eða ekið þessum mönnum eitt eða annað. Bókað var að það hafi verið gert og myndu ljósmyndirnar liggja þar frammi í nokkra daga. Á sama stað bókaði Gísli um ferð sína að Hamarsbraut 11 ásamt Jóhannesi Jónssyni, rannsóknarlögreglumanni í Hafnarfirði. Þar hafi þeir rætt við eigendur að kjallara og fyrstu hæðar hússins, en þau hafi flutt þangað 15. mars 1974.²⁴⁸⁵ Fram kom að þeir hafi fengið að líta á húsaskipan. Greindu eigendur frá því að timburgólf væri á milli

²⁴⁸⁰ Bls. 2180.

²⁴⁸¹ Bls. 2181.

²⁴⁸² Bls. 2182.

²⁴⁸³ Dagbók nr. 6, bls. 104.

²⁴⁸⁴ Dagbók nr. 6, bls. 105.

²⁴⁸⁵ Bls. 2392.

hæða og fremur hljóðbært í húsinu. Orðrétt var bókað: „[Á]reiðanlega hefði vel heyrst upp, þegar gleðskapur eða átök áttu sér stað í kjallaranum.“ Vissu eigendur hússins ekki til annars en að aðeins einn lykill hafi verið til að úthurðarlæsingunni á kjallaranum.²⁴⁸⁶

1285. Þennan dag birtist opnuviðtal við Karl Schütz í Tímanum. Aðspurður hvers vegna Einar Bollason hafi verið nefndur á nafn þegar bendla hafi átt Klúbbmenn við Geirfinnsmálið sagði Schütz að Erla hafi stungið upp á nafni Einars þegar hún, Sævar og Kristján Viðar hafi rætt sín á milli eftir morðið að blanda Klúbbmönnum í málið. Aðspurður um hvernig Valdimar Olsen hafi verið blandað inn í málið sagði Schütz að samkomulagið hafi verið í grófum dráttum þannig að blanda hafi átt Klúbbmönnum og að auki mönnum sem tengdust þeim á einhvern hátt. Í þessum hópi hafi verið Valdimar Olsen og einnig hafi þau rætt um að blanda [JR] í málið. Aðspurður um hvaða atriði hafi verið erfiðast í rannsókn Geirfinnsmálsins sagði Schütz orðrétt: „Eitt erfiðasta viðfangsefnið var að fá sakborningana, sem mánuðum saman höfðu ekki gert neitt annað en að segja ósatt, til þess að segja sannleikann. Þessi breyting gerðist ekki á skömmum tíma, við yfirheyrðum þau hvað eftir annað í fangelsinu, eða fórum með þá inn í Sakadóm – og einnig yfirheyrðum við þá á ferð í bíl um Reykjavík og nágrenni.“ Fram kom að Schütz hafi einnig nefnt að erfitt hafi verið hvað langur tími hafi verið liðinn frá atburðinum. Viðbrögð þeirra fjölmörgu sem hafi verið leitað til vegna rannsóknarinnar hafi verið mjög á einn veg: „Það er hugsanlegt að þetta hafi verið svona, en ég man það ekki nákvæmlega.“ Í viðtalinu greindi Schütz frá því að nokkrum dögum eftir handtöku Guðjóns hafi hann fyrst nefnt Volkswagen bifreiðina sem lík Geirfinns var flutt í. Orðrétt var haft eftir Schütz: „[V]ið vorum með Guðjóni í bíl og ókum um Reykjavík. Ég vil skjóta því hér inn í að ég tel afskaplega mikilvægt að hafa manlegt samband við sakborning. Í þessari ferð um Reykjavík ókum við niður Vatnsstíginn þar sem þau öll hittust að kvöldi 19. nóvember. Þá spurðum við Guðjón að því, hvort hann hafi verið á Vatnsstígnum. Við urðum þess varir, að hann hikaði við spurninguna, en að lokum sagði hann: „Já, ég var hér á Vatnsstígnum, en fór héðan í Volkswagen með Erlu, Kristjáni og Sævari.“²⁴⁸⁷ Þennan dag, 5. febrúar 1977, birtist í Morgunblaðinu heilsíðuviðtal við Karl Schütz um Geirfinnsmálið, bakgrunn þess og ástæður. Fram komu upplýsingar um mismunandi bakgrunn sakborninganna. Haft var orðrétt eftir Schütz: „Við erum mjög ánægðir með það að eftir að Guðjón kemur í yfirheyrslur, hefur hann ekki beitt ósannindum, heldur skýrt rétt frá, en það er annað en sagt verður um hina aðilana.“ Fram kom að Guðjón væri greindur og klókur. Orðrétt var haft eftir Schütz: „Það er rétt að geta þess að Guðjón þekkti Kristján Viðar ekki fyrir afbrotið, en Guðjón kynntist Sævari fyrst þegar Sævar var nemandi hans.“²⁴⁸⁸ Önnur frétt var birt í Morgunblaðinu þennan dag undir fyrirsögninni: „Rannsókn fjárvikanna hjá Pósti og síma var kveikjan að lausn Guðmundar- og Geirfinnsmála.“ Fram kom að þegar Sævar og Erla hafi verið í gæsluvarðhaldi vegna Póstsvikamálsins hafi lögreglumenn heyrt orðróm um að þau

²⁴⁸⁶ Bls. 2392.

²⁴⁸⁷ Bls. 2185.

²⁴⁸⁸ Bls. 2187.

- kynnu ef til vill að búa yfir vitneskju um afdrif Guðmundar. Fyrripart janúar 1976, þegar yfirheyrslur í Guðmundarmálinu hafi verið í fullum gangi, hafi nýtt nafn borið á góma ungmennanna, nafn Geirfinns Einarssonar. Hafi þá verið gengið hart á eftir svörum og Sævar, Kristján Viðar og Erla þá kannast við málið. Þar með hafi Geirfinnsrannsóknin hafist að nýju.²⁴⁸⁹
1286. Sunnudaginn 6. febrúar 1977 ritaði Tryggvi Rúnar færslu í dagbók sína um samtalið við Gunnar Guðmundsson. Hann hafi spurt Gunnar um hvenær hann kæmist austur og fengið þær upplýsingar að málið yrði tekið fyrir um miðjan mánuðinn, svo hann gæti ekki búist við því fyrr en í byrjun maí.²⁴⁹⁰
1287. Guðjón ritaði færslu í dagbók sína þennan dag um bókalestur og að honum leiddist þetta Kleppspróf, eins og hann orðaði það.²⁴⁹¹
1288. Mánudaginn 7. febrúar 1977 ritaði Gísli upplýsingaskýrslu vegna framhaldsrannsóknar á hvarfi Guðmundar. Fram kom að hnífsblað það sem [HeG] hafi borið um að Sævar hafi beðið sig að geyma hafi verið rannsakað hjá Glæpamálastofnuninni í Wiesbaden í september 1976, en ekkert hafi komið út úr því. Bókað var að um miðjan janúar 1977 hafi doktor Kissling upplýst um að hnífsblaðinu hafi verið hent þar sem það hafi enga þýðingu haft fyrir rannsókn málsins.²⁴⁹²
1289. Guðjón ritaði færslu í dagbók sína þennan dag um að vera alltaf að hugsa um komandi málaferli og yfirheyrslur fyrir dómi.²⁴⁹³ Hann væri alltaf að hugsa um Geirfinnsmálið og botnaði ekkert í því. Ritaði hann um að hafa tekið ákvörðun um að segja ekki meira um Geirfinnsmál fyrr en lík væri fundið.²⁴⁹⁴
1290. Þriðjudaginn 8. febrúar 1977 var bókað í dagbók fangelsisins við Síðumúla að Guðjón hafi verið færður fram til viðtals við Gylfa Ásmundsson, sálfræðing, klukkan 16:50. Bókað var að Guðjón hafi verið færður aftur á klefa sinn klukkan 18:00. Bókað var að Ingvar Kristjánsson geðlæknir hafi komið til viðtals við Guðjón klukkan 20:20. Bókað var að hann hafi farið klukkan 23:35.²⁴⁹⁵
1291. Fyrir liggur samantektarskýrsla dagsett þennan dag, rituð af Ívari, um sviðsetningu atvika í Dráttarbrautinni 23. janúar 1977. Fram kom að þegar Guðjón hafi strax haft orð á því að hann þekkti þar sömu sendiferðabifreið og hafi verið í Dráttarbrautinni 19. nóvember 1974. Hafi Guðjón haft orð á því að stuðararnir væru rauðir og hliðarrendur rauðar, en á umræddum tíma hafi stuðararnir verið svartir og engar hliðarrendur. Einnig hafi hann sagst muna að bifreiðin hafi verið á R-númeri. Bókað var að Guðjón hafi staðfest þessi atriði í skýrslu dagsettri 25. janúar 1977. Fram kom að Ívar hafi rætt við [JPW] sem hafi staðfest að þegar sendibifreiðin hafi verið í hans eigu hafi hún

²⁴⁸⁹ Bls. 2186.

²⁴⁹⁰ Bls. 2188_A.

²⁴⁹¹ Bls. 2182_B.

²⁴⁹² Bls. 2393.

²⁴⁹³ Bls. 2182_C.

²⁴⁹⁴ Bls. 2182_D.

²⁴⁹⁵ Dagbók nr. 6, bls. 110.

verið með skrásetningarnúmer R-40045, stuðarar verið svartir og engar rendur hafi verið á hliðum bifreiðarinnar.²⁴⁹⁶

1292. Þennan dag var [PRE] yfirheyrður sem vitni vegna framhaldsrannsóknar á hvarfi Guðmundar. Fyrir liggur skýrsla um yfirheyrsluna þar sem bókað er að tilefnið sé frásögn Tryggva Rúnars um atburðinn að Hamarsbraut 11 þegar Guðmundi hafi verið ráðinn bani. Vísaði vitnið á framburð sinn hjá rannsóknarlögreglunni 29. nóvember 1976 um sama efni. Kvaðst hann muna vel eftir samtalinu og sagði [HFE] hafi verið vitni að því. Enginn þeirra hafi verið undir áhrifum í umrætt sinn, hvorki áfengis né lyfja. Samtalið hafi farið fram um klukkan 20:00 í klefa númer 39 á fyrstu hæð Litla-Hrauns. Kvaðst [PRE] hafa spurt Tryggva Rúnar um málið þar sem hann hafi verið nýkominn úr yfirheyrslum. Fannst honum Tryggvi Rúnar ekki tregur til að ræða um málið og fundist hann segja þeim sannleikann. Kvaðst vitnið muna eftir því að Tryggvi Rúnar hafi sagst hafa slegið Guðmund niður og síðan hafi Sævar sparkað í höfuð hans þar sem hann hafi legið á gólfinu. Guðmundur hafi verið að reyna að rísa á fætur þegar Sævar hafi sparkað í höfuð hans og það hafi orðið honum að bana. Minntist vitnið þess ekki að Tryggvi Rúnar hafi sérstaklega skýrt frá þætti Kristjáns Viðars í málinu að öðru leyti en því að hann hafi verið viðstaddur. Mundi hann ekki eftir því að Tryggvi hafi tilgreint ástæðu fyrir árásinni á Guðmund. Minnti vitninu að Tryggvi hafi haft orð á því að þeir hafi dregið líkið inn í einhvern skáp. Í kjölfarið hafi þeir orðið svo skelkaðir að þeir hafi tekið inn LSD töflur. Tryggvi Rúnar hafi greint frá því að hafa orðið svo ruglaður eftir töflurnar að hann myndi ekki eftir því hvað þeir hafi gert við líkið, en rámaði eitthvað í að hafa farið með það í jeppa. Orðrétt var bókað eftir vitninu: „[Tryggvi Rúnar] hafi síðan alveg gleymt þessu máli og ekkert verið að hugsa um það, fyrr en hann var tekinn og farið að yfirheyra hann um það, þá hafi þetta rifjast upp smátt og smátt.“ Aðspurður kvaðst [PRE] muna eftir að Tryggvi Rúnar hafi eitthvað talað um að líklega tvær stúlkur hafi verið viðstaddar, en ekki nefnt þær á nafn. Mundi vitnið ekki eftir því að minnst hafi verið á hníf í sambandi við þennan atburð. Bókað var í skýrsluna að vitnið hafi enn ekki komist að því hverjir hafi setið fyrir honum og ráðist á hann í Keflavík 8. október 1976. Kvaðst hann gruna að árásin hafi verið að undirlagi Tryggva Rúnars vegna þess að hann hafi gefið lögreglunni upplýsingar um Tryggva Rúnar.²⁴⁹⁷ Var vitnið nokkuð visst um að Tryggvi Rúnar hafi rætt málið við fleiri fanga á Litla-Hrauni enda hafi þetta ekki verið mikið launungarmál hjá honum. Í framhaldinu var tekin skýrsla af [HFE]. Minnti hann að það hafi verið í júlí eða ágúst 1976 á Litla-Hrauni sem hann hafi heyrt Tryggva Rúnar ræða um atburðinn þegar Guðmundi var ráðinn bani. Orðrétt var bókað: „Mætti segir að frásögn hans af því hafi verið mjög ruglingsleg og erfitt að henda reiður á hvað raunverulega gerðist.“ Sagði hann Tryggva hafa rætt frjállega um málið og spurt hvað hafi verið ritað um það í blöðum. Bókað var orðrétt í skýrsluna: „Mætti segist hafa heyrt það á Tryggva að hann teldi sig vera saklausan í málinu og jafnvel að þarna væri um að ræða samsæri gegn sér. Hann hafi t.d. haldið því fram, að flutningar á líki Guðmundar væri algjört rugl hvað hann sjálfan snerti. Það hafi helst verið á honum að

²⁴⁹⁶ Bls. 2189.

²⁴⁹⁷ Bls. 2395.

skilja að hér væri á ferðinni eitt allsherjar rugl.“ Mundi vitnið eftir því að Tryggvi hafi sagst óskað þess heitast að lík Guðmundar fyndist þar sem hann hafi verið sannfærður um að þannig yrði hann hreinsaður af verknaðinum. Kvaðst vitnið hafa skynjað það að Tryggvi Rúnar kenndi Kristjáni Viðari um að hafa flækt sér í málið. Bókað var að skýrsla [PRE] hjá lögreglu hafi verið lesin upp fyrir vitninu. Sagði vitnið framburðinn vera helber ósannindi. Mundi hann eftir því að hafa verið inni á klefa með þeim en þar hafi þessi mál alls ekki verið rædd líkt og [PRE] hafi grein lögreglunni frá. Tilefnið hafi verið sáttafundur milli þeirra tveggja, en [PRE] hafi verið mjög hræddur við Tryggva Rúnar. Hafi Tryggvi lýst því yfir að hann þyrfti ekki að vera hræddur því hann myndi láta hann í friði. Kvaðst vitnið ekki vita hvers vegna [PRE] hafi verið að spinna þessa sögu, en það kæmi honum ekki á óvart.²⁴⁹⁸

1293. Fyrir liggur upplýsingaskýrsla dagsett sama dag, 8. febrúar 1977, rituð af Gísla vegna framhaldsrannsóknar á hvarfi Guðmundar. Fram kom að nokkrar skýrslur hafi komið fram eftir að sakadómaramarnir þrír hafi fengið málið til meðferðar, þar á meðal skýrsla, rituð af Sigurbirni Víði í Vestmannaeyjum um yfirheyrslu 26. nóvember 1976 yfir [LV]. Í upplýsingaskýrsluna var bókað að [LV] hafi borið um heimsókn sína að Grettisgötu 82 ásamt unnustu sinni, [ISd] og [HV], bróður sínum. Þar hafi verið staddir Kristján Viðar, Tryggvi Rúnar, Albert Klahn og Sævar. Fram kom að [LV] hafi greint frá því að hópurinn hafi ætlað í Klúbbinn, en enginn komist inn nema Sævar. Þá hafi hinir farið að Sólheimum 27 til [DanH] og [EIEI], en ekki fengið þar inngöngu. Hafi hann haldið því fram að lögreglan hafi komið skömmu síðar og þeir þá forðað sér í burtu. Fram kom að kannað hafi verið með útkall hjá lögreglunni 27. janúar 1974 og aðfaranótt 28. janúar að Sólheimum 27 en ekkert hafi verið skráð. Bókað var að ekki væri óhugsandi að lögreglan hafi verið þar í öðrum erindagjörðum.²⁴⁹⁹
1294. Guðjón ritaði færslu í dagbók sína 8. febrúar 1977. Endurritaði hann kvæði úr „Spánarvin“.²⁵⁰⁰ Þá hafi Gylfi Ásmundsson, sálfræðingur, komið með gáfnapróf og lagt fyrir að hann að leysa öll prófin fyrir fimmtudag.²⁵⁰¹ Hlýlegi geðlæknirinn hans hafi komið eftir kvöldmat og þeir hafi náð að ræða um árið 1971. Velti Guðjón því fyrir sér hvort hann talaði of mikið.²⁵⁰²
1295. Miðvikudaginn 9. febrúar 1977 var bókað í dagbók Síðumúlafangelsisins að Sigurbjörn Víðir hafi komið klukkan 08:00 og talað við Tryggva Rúnar. Bókað var að Sigurbjörn Víðir hafi farið klukkan 09:05.²⁵⁰³ Klukkan 13:15 var bókað að Ívar Hannesson vantaði aðstöðu í horninu til að tala við Tryggva Rúnar í um 30 mínútur. Bókað var að lögreglumenn að austan hafi viljað liðka til og boðist til að bíða með sín mál. Klukkan 13:30 var bókað að Ívar hafi tekið Tryggva Rúnar til skýrslutöku í horninu. Klukkan 14:45 var bókað að skýrsla hafi verið undirrituð í horninu og Tryggvi Rúnar hafi verið færður inn á klefa sinn. Rannsóknargögn liggja ekki fyrir um

²⁴⁹⁸ Bls. 2398.

²⁴⁹⁹ Bls. 2399.

²⁵⁰⁰ Bls. 2182_E–J.

²⁵⁰¹ Bls. 2182_J.

²⁵⁰² Bls. 2182_L.

²⁵⁰³ Dagbók nr. 6, bls. 110.

skýrslutökuna. Bókað var að Tryggvi Rúnar hafi verið færður fram til viðtals við Hilmar Ingimundarson, réttargæslumann sinn, klukkan 18:45. Fimm mínútum síðar var bókað að Grétar hafi komið til að sækja bréf að beiðni Guðjóns. Bókað var að Tryggvi Rúnar hafi verið færður aftur inn á klefa sinn.²⁵⁰⁴ Bókað var að bróðir Tryggva Rúnars hafi komið með sendingu til hans klukkan 22:20.²⁵⁰⁵

1296. Þennan dag var [PRE] aftur tekinn til yfirheyrslu hjá lögreglu og borinn undir hann framburður [HFE]. Fyrir liggur skýrsla um yfirheyrsluna og kvaðst [PRE] halda fast við það sem hann hafi sagt í skýrslu sinni hjá lögreglu 8. febrúar 1977. Rétt væri hjá [HFE] að frásögn Tryggva Rúnars hafi verið ruglingsleg á köflum, en hann hafi rakið nokkuð atburðarásina í sambandi við Guðmund.²⁵⁰⁶
1297. Meðal rannsóknargagna liggur fyrir upplýsingaskýrsla, dagsett þennan dag, rituð af Gísla, um akstursleiðir [ViG], leigubifreiðastjóra, dagana 26. og 27. janúar 1974. Orðrétt var bókað: „Í fyrstu var talið að [ViG] hafi verið pantaður nokkrum sinnum að Starfsmannahúsi Kópavogshælis og á Grettisgötu 82, en þegar grannt er skoðað, þá hefur hann ekki verið sendur á þessa staði á áðurgreindum tíma.“²⁵⁰⁷ Í annari upplýsingaskýrslu, dagsettri sama dag, kom fram yfirlit yfir bókaða túra að starfsmannahúsi Kópavogshælis, Kópavogshæli og Grettisgötu 82 á fyrrgreindum tíma. Bókað var að kalla þyrfti fyrir alla þá leigubifreiðastjóra sem ættu í hlut.²⁵⁰⁸
1298. Guðjón ritaði færslu í dagbók sína 9. febrúar 1977 um hafa lokið við að svara sálfræðiprófum, nema MMPI prófinu.²⁵⁰⁹
1299. Fimmtudaginn 10. febrúar 1977 var bókað í dagbók fangelsisins við Síðumúla að séra Jón Bjarman hafi hringt klukkan 11:15 og hafi aðallega verið að spyrjast fyrir um heilsufar Guðjóns. Klukkan 16:25 var bókað að Guðjón hafi verið færður fram til viðtals við Benedikt Blöndal, réttargæslumann sinn, í áheyrn Grétars.²⁵¹⁰ Bókað var að Guðjón hafi verið færður inn á klefa sinn klukkan 17:00. Klukkan 17:25 var bókað að Guðjón hafi verið færður fram til viðtals við Gylfa Ásmundsson, sálfræðing. Var Guðjón færður á klefa sinn að loknu viðtali klukkan 18:45.²⁵¹¹
1300. Meðal rannsóknargagna liggur bréf frá Gunnlaugi Briem, sakadómara í Reykjavík, dagsett þennan dag, til Halldórs Þorbjörnssonar, yfirsakadómara í Reykjavík. Ritaði Gunnlaugur um að hafa fengið Guðmundarmálið úthlutað 15. desember 1976 sem dómsformaður en meðdómsmenn yrðu Ármann Kristinsson og Haraldur Henrysson. Ritaði hann um að við yfirlestur málgagna hafi komið í ljós að mjög skorti á að málið væri nægilega rannsakað.²⁵¹² Rakti Gunnlaugur hvar ákærðu voru vistuð þegar málskjölin hafi verið afhent. Tryggvi Rúnar hafi síðan verið fluttur frá Litla-Hrauni í

²⁵⁰⁴ Dagbók nr. 6, bls. 111.

²⁵⁰⁵ Dagbók nr. 6, bls. 112.

²⁵⁰⁶ Bls. 2399.

²⁵⁰⁷ Bls. 2400.

²⁵⁰⁸ Bls. 2401.

²⁵⁰⁹ Bls. 2191_A.

²⁵¹⁰ Dagbók nr. 6, bls. 112.

²⁵¹¹ Dagbók nr. 6, bls. 113.

²⁵¹² Bls. 2192.

Síðumúlafangelsið 14. janúar 1977, að fyrirmælum Arnar Höskuldssonar. Ritaði Gunnlaugur um að hafa beðið um að Tryggvi yrði vistaður í Hegningarhúsinu en því hafi ekki verið sinnt. Erla hafi verið látin laus úr gæsluvarðhaldi 22. desember 1976, en hann ekki frétt af því fyrr en fimm dögum síðar er hann hafi lesið um það í blaði. Sævar hafi verið fluttur í Hegningarhúsið 31. janúar 1977, án hans vitneskju, í klefa við hliðina á Kristjáni Viðari. Þá hafi hann frétt af sjálfsvígsvakt yfir Kristjáni Viðari á skotspónum.²⁵¹³ Vísaði Gunnlaugur í bréf sem honum hafi borist frá Valdimar Guðmundssyni, yfirfangaverði í Hegningarhúsinu, þar sem fram hafi komið að hann hafi bent Erni Höskuldssyni á klefa í hinum enda Hegningarhússins til að vista Sævar í, en því hafi ekki verið sinnt. Í bréfinu hafi komið fram að hljóðbært væri í Hegningarhúsinu og heyrst gæti á milli klefa. Ritaði Gunnlaugur um að hafa reynt að leita skýringa á þessu tiltæki, en ekki fengið og tilraunir til að fá þessu breytt hafi reynst árangurslausar. Orðrétt ritaði Gunnlaugur: „Síðdegis í gær hringdi Jónas Bjarnason, rannsóknarlögreglumaður, til mín og beindi þeirri fyrirspurn til mín frá Sævari Marinó, sem hann hafði þá samdægurs talað við, hvenær dómsyfirheyrslur hæfust í máli hans. Ég veit ekki hvað þeim Jónasi og Sævari Marinó hefur farið á milli, en samtal þetta fór fram án minnar vitundar og mér er sagt, að yfirheyrslum í „Geirfinnsmáli“ sé lokið, svo sem áður greinir.“ Ritaði Gunnlaugur um að fleiri atriði mætti týna til sem vörpuðu ljósi á vinnuskilyrði málsins. Orðrétt ritaði hann: „Af ofanskráðu ætti að vera ljóst, að mál þetta er komið á mjög alvarlegt stig. Rannsókn þess hefur þegar tafist af framangreindum orsökum og getur ekki haldið áfram við þessar aðstæður. Þarf að fá skýr svör um það þegar, hvort fela á dómurum málsins forræði fanganna á meðan á rannsókn málsins stendur, en ætlunin er að hafa þá í einangrun á meðan og leyfa ekki samtöl við þá, nema leyfi komi sérstaklega hverju sinni.“²⁵¹⁴

1301. Þennan dag voru yfirheyrðir átta leigubifreiðastjórar í tengslum við framhaldsrannsókn á hvarfi Guðmundar Einarssonar. Fyrir liggja skýrslur um yfirheyrslurnar. Enginn þeirra mundi eftir leiguakstri 26. og 27. janúar 1977. Var þeim sýndar ljósmyndir af ákærðu í málinu og könnuðust tveir þeirra við að hafa ekið Tryggva Rúnari nokkur skipti.²⁵¹⁵ Bera skýrslurnar engar frekari upplýsingar með sér.
1302. Fyrir liggur upplýsingaskýrsla, dagsett 10. febrúar 1977, rituð af Gísla um beiðni Ármanns Kristinssonar, sakadómara, um að kanna hvenær [JIG] og [HeG] hafi verið á vöktum á Kópavogshæli 26. og 27. janúar 1977. Fram kom að bréf hafi borist þennan dag frá skrifstofu ríkisspítalanna með upplýsingum um vaktir þeirra þessa daga.²⁵¹⁶
1303. Guðjón ritaði færslu í dagbók sína þennan dag um að þurfa að svara MMPI sálfræðiprófi. Hann hafi fengið hegningarlögin hjá Gunnari Marinóssyni. Guðjón ritaði um viðtal sitt við Benedikt Blöndal, sem hafi verið hlýlegur að vanda. Gylfi sálfræðingur hafi komið og verið mun viðkunnalegri nú en fyrst. Gylfi hafi lagt fyrir hann Rorschach próf. Þeir hafi rabbað um atburði og ástæður sem hafi lent út um allar

²⁵¹³ Bls. 2193.

²⁵¹⁴ Bls. 2194–2195.

²⁵¹⁵ Bls. 2402–2409.

²⁵¹⁶ Bls. 2404.

þorpagrundir, eins og Guðjón orðaði það.²⁵¹⁷ Guðjón ritaði um að hafa flett hegningarlögnum en hefði ekki heilsu til að skoða ákærana.²⁵¹⁸

1304. Bókað var í dagbók Hegningarhússins að Jónas hafi komið klukkan 18:15 með Morgunblaðið til Sævars, en hann hafi fengið dagblöð af og til frá því hann kom í fangelsið 31. janúar 1977. Bókað var að Kristján Viðar hafi að leyfi dómara haft hjá sér segulbandstæki sem hægt væri að hlusta á án þess að í því heyrðist, en tækið hefði hlustun fyrir eyru. Var þess getið að enginn fangavörður hafi heyrt eða vissi hvað væri á kasettunum sem Kristjáni væru færðar.²⁵¹⁹
1305. Þennan dag voru yfirheyrðir tveir leigubifreiðastjórar í tengslum við framhaldsrannsókn á hvarfi Guðmundar Einarssonar. Fyrir liggja skýrslur um yfirheyrslurnar. Hvorugur þeirra mundi eftir leiguakstri 26. og 27. janúar 1977.²⁵²⁰ Bera skýrslurnar engar frekari upplýsingar með sér.
1306. Þennan dag ritaði Guðjón í dagbókina um sín morgunverk og bókalestur. Ritaði hann um að veðrið væri alltaf eins, stillur, logn og jafnvel heiðskírt. Hann væri með flösu í hársverðinum og væri alltaf að klóra sér. Ritaði Guðjón orðrétt: „Dandruff is a sign of a madness.“ Ætlaði hann að spyrja Ingvar út í þetta.²⁵²¹
1307. Laugardaginn 12. febrúar 1977 var bókað í dagbók Síðumúlafangelsisins að Grétar hafi komið með þýskt bréf til Guðjóns.²⁵²²
1308. Guðjón ritaði færslu í dagbók sína þennan dag um að hafa hitt Guðstein lækni sem hafi gefið honum pensillín við tannrótargöngu og lausn við flösu. Ritaði hann um að hafa fengið bréf frá [HH] sem búið hafi verið að opna og hafa skrifað Erni stutt bréf og beðið um samtal.²⁵²³
1309. Þennan dag var birt frétt á forsíðu Tímans undir fyrirsögninni: „Guðmundar- og Geirfinnsmál: Að öllum líkindum tekin saman til dóms.“ Haft var eftir Hallvarði Einvarðssyni, vararíkissaksóknara, að honum þætti einsýnt að málin kæmu til dóms saman. Fram kom að ástæðan lægi í augum uppi, tveir sakborningar væru viðriðnir bæði málin, Sævar og Kristján Viðar.²⁵²⁴
1310. Sunnudaginn 13. febrúar 1977 var bókað í dagbók fangelsisins við Síðumúla klukkan 18:10 að Grétar hafi komið með bréf til Guðjóns og tekið annað frá honum. Var þess getið að hann ætlaði að tala við Guðjón.²⁵²⁵ Rannsóknargögn um vitjunina liggja ekki fyrir önnur en færsla í dagbók Guðjóns. Fram kom að þeir hafi rætt marga um málið sem yrði senn úr höndum Arnar og þyrfti því að ræða við Gunnlaug Briem um aðgang að dagblaði. Ritaði Guðjón um að Grétar hafi tekið bréf til [GUÆ]. Orðrétt ritaði

²⁵¹⁷ Bls. 2195_A.

²⁵¹⁸ Bls. 2195_B.

²⁵¹⁹ Dagbók nr. 1, bls. 26.

²⁵²⁰ Bls. 2408–2409.

²⁵²¹ Bls. 2195_B.

²⁵²² Dagbók nr. 6, bls. 115.

²⁵²³ Bls. 2195_C.

²⁵²⁴ Bls. 2196.

²⁵²⁵ Dagbók nr. 6, bls. 117.

hann: „Vatn og frost hamla leit í Rauðhólum og hann bar sig aumlega yfir því.²⁵²⁶ Grétar hafi talað um ökuferðir til að bæta honum skapið. Velti Guðjón því fyrir sér hvort eitthvað byggi undir því. Ritaði hann um að hafa talað of mikið við Grétar, hafa sagt of margt.²⁵²⁷

1311. Þennan dag var Kristján Pétursson yfirheyrður aftur í tengslum við framhaldsrannsókn á hvarfi Guðmundar. Fyrir liggur skýrsla um yfirheyrsluna þar sem fram kemur að honum hafi verið kynntur framburður Snorra Sigurjónssonar, lögreglumanns, um að hafa ekið til móts við hann eftir handtöku á Sævari. Mundi hann ekki sérstaklega eftir því en taldi það hugsanlegt. Staðfesti hann að engin átök hafi orðið á milli hans og Sævars við handtökuna.²⁵²⁸
1312. Mánudaginn 14. febrúar 1977 var bókað í dagbók Síðumúlafangelsisins að Örn Höskuldsson hafi komið klukkan 17:05 og farið beint inn á klefa til Guðjóns. Bókað var að Örn hafi farið klukkan 17:25.²⁵²⁹ Rannsóknargögn liggja ekki fyrir um vitjunina önnur en færsla í dagbók Guðjóns. Fram kom að Örn hafi komið klukkan 17:10. Hann hafi veitt honum frá heimild til að skrifa bréf til útlanda. Ritaði Guðjón um að verið væri að senda málskjölin til dómara og rannsókn væri hætt. Erni þætti vont að skilja við málið á þessu stigi og rannsóknarmenn skiptust í tvo hópa um vænlegan líkfundarstað. Að sögn Arnar yrði málið ef til vill nokkra mánuði á dómstigi. Ritaði Guðjón um að Örn hafi átalið hann fyrir að skrifa of löng bréf. Undir lok færslunnar ritaði Guðjón orðrétt: „Undarlegt að vera að stritast við að lifa bara af því mann langar til að vera jarðaður í miklu sólskini í júní. Mala domestica majora sunt lacrimis.“²⁵³⁰
1313. Bókað var í dagbók Hegningarhússins þennan dag að Sævar hafi verið fluttur úr húsinu klukkan 15:20 af Jónasi Bjarnasyni, rannsóknarlögreglumanni. Bókað var að komið hafi verið til baka með Sævar klukkan 16:20.²⁵³¹
1314. Þriðjudaginn 15. febrúar 1977 var bókað í dagbók fangelsisins við Síðumúla að Grétar hafi komið klukkan 19:10 með sendingu til Guðjóns; bækur, bréf frá systur hans og Morgunblaðið sem hafi verið ritskodað. Lét færsluritari þess getið að blaðið hafi verið samþykkt til afhendingar líkt og blað Sævars. Bókað var að Grétar hafi farið aftur klukkan 19:25.²⁵³²
1315. Miðvikudaginn 16. febrúar 1977 var bókað í dagbók fangelsisins við Síðumúla að Sigurbjörn Víðir hafi komið klukkan 08:15 og farið inn til Tryggva Rúnars samkvæmt beiðni hans um viðtal. Bókað var Sigurbjörn Víðir hafi farið klukkan 08:50. Bókað var klukkan 16:20 að Smári Sigurðsson, rannsóknarlögreglumaður, hafi komið með erindisbréf frá Gunnlaugi Briem, sakadómara, varðandi Tryggva Rúnar, um að hann þurfi sérstakt leyfi hverju sinni til viðtals við lögmann eða aðra.²⁵³³

²⁵²⁶ Bls. 2195_D.

²⁵²⁷ Bls. 2196_A.

²⁵²⁸ Bls. 2410.

²⁵²⁹ Dagbók nr. 6, bls. 119.

²⁵³⁰ Bls. 2196_A.

²⁵³¹ Dagbók Hegningarhússins, nr. 1, bls. 28.

²⁵³² Dagbók nr. 6, bls. 121.

²⁵³³ Dagbók nr. 6, bls. 122.

1316. Bókað var í dagbók Hegningarhússins þennan dag Sævar hafi verið sóttur klukkan 09:45 til yfirheyrslu hjá Haraldi Henryssyni, sakadómara. Bókað var að komið hafi verið til baka með Sævar klukkan 12:15. Klukkan 15:00 var bókuð athugasemd í fangelsisdagbókina um að bréf hafi borist frá Gunnlaugi Briem, sakadómara, þess efnis að öllum væru bönnuð viðtöl við Sævar og Kristján Viðar nema með sérstöku leyfi. Bókað var að bannið gildi jafnt um Örn Höskuldsson og þá rannsóknarlögreglumenn sem áður fóru með mál fanganna.²⁵³⁴
1317. Fyrir liggur bréf Gunnlaugs Briem, sakadómara í Reykjavík, til Valdimars Guðmundssonar, yfirfangavarðar í Hegningarhúsinu, dagsett sama dag. Með bréfinu var tilkynnt um að honum, Ármanni Kristinssyni og Haraldi Henryssyni, hafi verið falið mál gegn Kristjáni Viðari og Sævari. Fram kom að viðtöl við Kristján Viðar og Sævar væru ekki leyfð nema með sérstöku leyfi frá dómurum málsins.²⁵³⁵
1318. Guðjón ritaði færslu í dagbók sína þennan dag um bókalestur og líðan sína. Ritaði hann um að vera alltaf að hugsa um Geirfinnsmálið. Orðrétt ritaði hann: „Kveljandi þankar blandnir óskhyggju og vonum, sem allt líklega bregst. Þó er Guði ekkert ómáttugt, en hvað má ég brotlegur hundur fyrir Guði og mönnum.“ Guðjón ritaði um að Morgunblaðið hafi ekki fundist. Hann hafi grátið yfir kaplinum og hætt. Ritaði hann orðrétt: „Elsku góði Guð taktu mig til þín! Láttu þetta ekki dragast svona lengi.“ Hann hafi beðið um Diazepam því hann ætti vont með að þrauka. Ritaði Guðjón um að hafa fengið eitthvað og hafa gleypst það orðlaust, enda væri þetta allt sama tóbakið.²⁵³⁶
1319. Þennan dag birtist yfirlýsing frá Róberti Árna Hreiðarssyni, lögmanni [SÓH], í Vísi, undir fyrirsögninni: „Orðið fyrir aðkasti og alvarlegum ofsóknum“. Gagnrýndi Róbert Árne sakadóm Reykjavíkur fyrir að hafa nafngreint [SÓH] á liðnum blaðamannafundi. Nafnbirtingin hafi stórskadað mannorð hans og æru og hann hafi orðið fyrir alvarlegum ofsóknum frá fólki sem teldi hann að einhverju leyti vitorðsmann banamanna Geirfinns. Óskaði Róbert Árne þess að birt yrði yfirlýsing þar sem greint var frá stöðu [SÓH] í málinu.²⁵³⁷
1320. Fimmtudaginn 17. febrúar 1977 var bókað í dagbók Síðumúlafangelsisins að séra Jón Bjarman hafi komið til heimsóknar til Guðjóns klukkan 17:00. Bókað var að séra Jón hafi farið klukkan 18:05. Bókað var klukkan 18:30 að Benedikt Blöndal, réttargæslumaður Guðjóns, hafi komið með skákbók til hans. Tíu mínútum síðar var bókað um að Grétar hafi komið með Morgunblað til Guðjóns, var þess getið að hann hafi einnig farið inn á klefa til að tala við Guðjón. Bókað var að Grétar hafi komið fram frá Guðjóni klukkan 19:50. Rannsóknargögn um vitjunina liggja ekki fyrir.²⁵³⁸
1321. Þennan dag var [AH] yfirheyrður aftur í tengslum við framhaldsrannsókn á hvarfi Guðmundar. Fyrir liggur skýrsla um yfirheyrsluna þar sem fram kom að hann hafi

²⁵³⁴ Dagbók Hegningarhússins, nr. 1, bls. 29.

²⁵³⁵ Bls. 2197.

²⁵³⁶ Bls. 2197_B.

²⁵³⁷ Bls. 2198.

²⁵³⁸ Dagbók nr. 6, bls. 125.

verið inntur eftir því hvort eitthvað fleira hafi rifjast upp eftir skýrslu hans hjá lögreglu 30. janúar 1977. Bókað var að honum hafi verið kynnt að [ISd] eiginkona [LV] hafi gefið lýsingu á manni sem hafi verið staddur heima hjá Kristjáni Viðari sunnudagskvöldið 27. janúar 1977. Af lýsingunni að dæma gæti hún átt við vitnið. Tók vitnið undir það með lögreglu, en kvað lýsinguna jafnframt geta átt við [IRB]. Mundi hann ekki eftir þessu tiltekna kvöldi en vissi til þess að hann hafi komið heim til Kristjáns Viðars á þessu tímabili.²⁵³⁹ Ber skýrslan engar frekari upplýsingar með sér.

1322. Fyrir liggur skýrsla um yfirheyrslu yfir [GJS] sama dag, 17. febrúar 1977. Tilefni yfirheyrslunnar var vinskapur hans og Guðmundar Einarssonar. Fram komu upplýsingar um persónu og geðslag Guðmundar. Kvaðst hann kannast við Sævar og Kristján Viðar og bar þeim ekki góða sögu. Kvaðst hann hafa vitað til þess að Kristján Viðar hafi stundum komið í heimsókn til Guðmundar inn í Blesugróf þegar þeir hafi verið saman í barnaskóla.²⁵⁴⁰ Greindi hann frá því að hafa tekið þátt í leitinni að Guðmundi, en hún hafi hafist 29. janúar 1974. Erfitt hafi verið að leita vegna þess að snjór hafi verið á jörðu.²⁵⁴¹ Ber skýrslan engar nýjar upplýsingar með sér.
1323. Sama dag fóru Gísli og Hellert að Grettisgötu 82 og ræddu þar við [IF], ömmu Kristjáns Viðars. Fyrir liggur samantektarskýrsla um samtalið. Aðspurð hvort hún myndi eftir því að hafa farið í Fossvogskirkjugarð síðastliðið sumar með Kristjáni Viðar og Sævari hafi hún sagst ekki muna eftir því. Hún hafi oft farið í kirkjugarðinn enda væri skyldfólk hennar þar grafið. Innt eftir því hvort hún kannaðist við U-laga járn sem Kristján Viðar hafi borið um að hafa slegið mann óvart í höfuðið með að Grettisgötu 82 hafi hún sagst ekki kannast við slíkt járn, en hafi það verið á heimilinu væri það ekki þar lengur.²⁵⁴² Ber skýrslan engar frekari upplýsingar með sér.
1324. Guðjón ritaði færslu í dagbókina um að hafa spurt Gunnar Marínósson um Morgunblaðið og hverju það sætti að það hafi ekki borist.²⁵⁴³ Ritaði Guðjón um að Grétar hafi komið í langt spjall og boðið í ökuferð daginn eftir.²⁵⁴⁴
1325. Föstudaginn 18. febrúar 1977 var bókað í dagbók Síðumúlafangelsisins að Grétar og Sigurbjörn Víðir hafi komið klukkan 14:25 og sótt Guðjón. Bókað var að þeir hafi komið með Guðjón til baka úr sakadómi klukkan 16:15, eins og það var orðað. Rannsóknargögn liggja ekki fyrir um ferðir Guðjóns önnur en færsla í dagbók Guðjóns þar sem hann ritaði um ökuferð milli klukkan 14:00 og 16:00. Guðjón ritaði um að þeir hafi farið víða um borgina og út á Granda. Þeir hafi keypt herta ýsu, Morgunblaðið og Mac Baren tóbak. Ritaði Guðjón um að hafa orðið hressari eftir

²⁵³⁹ Bls. 2410–2411.

²⁵⁴⁰ Bls. 2412.

²⁵⁴¹ Bls. 2413.

²⁵⁴² Bls. 2413.

²⁵⁴³ Bls. 2197_B.

²⁵⁴⁴ Bls. 2197_C–D.

ferðalagið.²⁵⁴⁵ Klukkan 18:30 var bókað að Grétar hafi komið með bréf til Guðjóns frá [GUÆ] ásamt mynd af syni þeirra.²⁵⁴⁶

1326. Guðjón ritaði í dagbók sína þennan dag um hvaða breytingar kynnu að felast í því að mál hans væru að færast í hendur Gunnlaugs Briem. Ritaði hann um að hafa lesið Morgunblaðið. Velti hann því fyrir sér hvort geðlæknirinn hans væri búinn að gefast upp á verkinu.²⁵⁴⁷
1327. Fyrir liggur skýrsla um yfirheyrslu yfir [ViG] þennan dag, vegna framhaldsrannsóknar á hvarfi Guðmundar. Bókað var í upphafi skýrslunnar að í ljós hafi komið að upplýsingar frá Hreyfli um ferðir hans á leigubifreið 26. og 27. janúar 1974 hafi ekki verið réttar, hann hafi ekki verið skráður fyrir þeim akstursleiðum sem í fyrstu var haldið. Bókað var að hann hafi verið beðinn velvirðingar á mistökunum. Mundi hann ekki eftir neinu sem gæti komið að gagni við rannsókn málsins. Kvaðst hann ekki muna eftir að hafa ekið Kristjáni Viðari, Tryggva Rúnar og Sævari frá Grettisgötu 82 til Hafnarfjarðar með viðkomu í starfsmannahúsi Kópavogshælis þar sem Sævar hafi orðið eftir. Vildi hann þó ekki taka fyrir að það hafi gerst.²⁵⁴⁸ Ber skýrslan engar frekari upplýsingar með sér.
1328. Þennan dag ræddi Gísli Guðmundsson, rannsóknarlögreglumaður, við foreldra Tryggva Rúnars á heimili þeirra. Fyrir liggur samantektarskýrsla um samtalið. Aðspurð hvort Tryggvi Rúnar hafi haldið dagbók eða ætti vasabók frá þeim tíma sem Guðmundur hvarf sögðu foreldrar hans það víst að svo hafi ekki verið.²⁵⁴⁹
1329. Fyrir liggur skýrsla um rangar sakargiftir á hendur Valdimar Olsen, Einari Bollasyni, Magnúsi Leópoldssyni og Sigurbirni Eiríkssyni, dagsett sama dag, rituð af Eggerti Bjarnasyni. Fram kom að Sævar, Kristján Viðar og Erla hafi borið þessa aðila röngum sökum.²⁵⁵⁰ Rakið var að við yfirheyrslu að kvöldi 22. janúar 1976 hafi Sævar og Erla borið um tilvist mannanna fjögurra í Keflavík og að þeir ættu hlut að Geirfinnsmálinu. Fram kom að á þeim tíma hafi Sævar setið í gæsluvarðhaldi vegna Guðmundarmálsins, en Erla hafi verið laus síðan skömmu fyrir jól.²⁵⁵¹ Orðrétt var bókað í skýrsluna: „Erla hafði tjáð okkur, sem að rannsókn málsins unnum, að hún hefði mikinn beyg af einhverju og yrði fyrir ónæði af símhringingum. Það varð því úr, að Erla var boðuð til yfirheyrslu fyrrgreint kvöld. Örn Höskuldsson fulltrúi yfirsakadómara og Sigurbjörn Víðir Eggertsson rannsóknarlögreglumaður ræddu við Erlu í skrifstofu yfirfangavarðar í fangelsinu við Síðumúla. Á sama tíma ræddi ég undirritaður við Sævar Marinó í yfirheyrsluherbergi fangelsisins og vissi hvorugt um tilvist hins. Ég spurði Sævar Marinó hvort hann vissi við hvað Erla væri hrædd og sagði hann þá, að það myndi vera vegna „Geirfinnsmálsins“, og innti ég hann nánar eftir því máli. Sævar Marinó nefndi nöfn þeirra Einars, Valdimars og Magnúsar og

²⁵⁴⁵ Bls. 2198_A.

²⁵⁴⁶ Dagbók nr. 6, bls. 127.

²⁵⁴⁷ Bls. 2198_A.

²⁵⁴⁸ Bls. 2413–2414.

²⁵⁴⁹ Bls. 2415.

²⁵⁵⁰ Bls. 2199.

²⁵⁵¹ Bls. 2200.

sagði, að þeir hefðu allir tekið þátt í ferð til Keflavíkur um það leyti, sem Geirfinnur Einarsson hvarf. Ég tók síðan skriflega skýrslu af Sævari Marinó um þessi atriði. Á meðan komu mjög svipuð atriði fram hjá Erlu, en skrifleg skýrsla var ekki af henni tekin fyrr en daginn eftir, þ.e. 23.1.1976.“ Sama dag hafi verið tekin skýrsla af Kristjáni Viðari sem hafi viðurkennt að hafa tekið þátt í ferð til Keflavíkur og hafa þar séð Sævar, Erlu, Einar og fleira fólk. Bókað var í skýrsluna að Sævar, Kristján Viðar og Erla hafi síðan margoft skýrt frá því að framangreindir menn hafi verið viðriðir Geirfinnsmálið. Í skýrslunni var yfirlit yfir þær lögregluskýrslur þar sem þau hafi greint frá hlut fjórmeninganna í málinu.²⁵⁵² Þá var rakið í skýrslunni hvenær þau hafi borið um aðkomu manna í yfirheyrslum fyrir dómi.²⁵⁵³

1330. Pennan dag var Erla yfirheyrð af Hellert og Gísla vegna framhaldsrannsóknar á hvarfi Guðmundar. Fyrir liggur skýrsla um yfirheyrsluna þar sem fram kom að Erla væri búsett að Hörpugötu 13 og starfaði hjá Bæjarútgerð Reykjavíkur. Bókað var að Erla hafi sagt fyrri framburð sinn um málið vera réttan og hún hafi ekki neinu við hann að bæta. Kvaðst hún reiðubúin að svara öllum spurningum sem lagðar yrðu fyrir hana um einstök atriði málsins. Aðspurð kvaðst hún ekki hafa þekkt Tryggva Rúnar fyrir atburðinn, en hafa séð hann eftir atburðinn að Hamarsbraut 11 og talið þar um sama mann að ræða. Kvaðst hún ekki muna eftir að hafa séð þarna nema fjóra menn, Sævar, Kristján Viðar, Tryggva Rúnar og þann sem hafi verið vafinn inn í lakið. Taldi hún það nokkuð víst að lakið hafi verið úr rúminu hennar, hvítt með röndum sem hafi verið orðnar daufar af þvotti og notkun. Kvaðst hún ekki hafa séð manninn í lakinu og því ekki geta staðfest hver hann hafi verið. Henni hafi aldrei verið sagt frá því hver hann hafi verið fyrr en við yfirheyrslur í Síðumúlafangelsi. Minnti Erlu að ljós hafi verið í kjallaraíbúðinni þegar hún hafi komið heim um klukkan 03:00 þessa nótt. Kvaðst hún hafa skriðið inn um glugga á þvottahúsinu þar sem hún hafi ekki haft lykil. Var hún alveg viss um að enginn maður hafi þá verið inni í íbúðinni, nema það hafi þá verið hinn látni, sem gæti þá hafa verið í geymsluherberginu inn af þvottahúsinu. Sagðist Erla ekki hafa kveikt ljós í þvottahúsinu. Kvaðst hún ekki hafa verið mikið ölvuð þetta kvöld en mundi ekki hvort hún hafi verið búin að neyta fíkniefna.²⁵⁵⁴ Hún hafi nokkuð gert af því að reykja hass og tvisvar sinnum tekið inn litla skammta af LSD. Kvaðst hún ekki muna eftir því að einhverjar konur hafi komið að Hamarsbraut 11 umrædda nótt. Tók Erla fram að hún hafi orðið mjög miður sín þegar henni hafi verið það ljóst hvað hafði gerst og af þeim sökum myndi hún illa alla atburðarásina. Kvaðst hún ekki hafa orðið vör við að leigubifreið hafi verið pöntuð að Hamarsbraut 11 þessa nótt. Þá hafi hún ekki orðið vör við að Albert Klahn hafi komið að húsinu. Kvaðst hún hafa orðið vitni að því þegar líkið hafi verið borið út úr húsinu, en Sævar, Kristján Viðar og Tryggvi Rúnar hafi allir hjálpast að við það. Sagðist hún ekki hafa séð bifreiðina sem líkið hafi verið sett í. Kvaðst Erla ekki vita hvert þeir hafi farið með líkið. Orðrétt var bókað: „Ekki kveðst mætta muna eftir því, að mikill hávaði væri í þeim þremmingum, er þeir voru að vefja lakinu utan um manninn, né heldur þegar þeir

²⁵⁵² Bls. 2201.

²⁵⁵³ Bls. 2202.

²⁵⁵⁴ Bls. 2416.

voru að bera það út. Hún telur að verknaðurinn hljóti að hafa verið búinn að ske, áður en hún kom heim um nóttina. Hún segir húsið vera mjög hljóðbært og alveg útilokað annað en að hún hefði heyrt í þeim, ef átök hefðu orðið á milli þeirra eftir að hún kom heim.²⁵⁵⁵ Kvaðst Erla ekki hafa séð hníf eða eggvopn í fórum manna, en sagðist stundum hafa séð Kristján með hníf hangandi við beltisól. Mundi hún ekki eftir að blóð hafi verið inni í íbúðinni eftir atburðinn. Minnti hana að hún hafi séð lakið úr rúminu þeirra í ruslatunnunni fyrir utan húsið, en ekki séð það eftir það. Minntist Erla þess að Sævar hafi komið að Hamarsbraut 11 að kvöldi 27. janúar 1974. [ViG] hafi ekið honum og beðið út í bifreiðinni á meðan. Sævar hafi ætlað að fara austur að Gljúfurholti en hætt við og látið [ViG] fara. Í lok yfirheyrslunnar greindi Erla frá því að Sævar hafi búið hjá henni að Hamarsbraut 11 af og til frá nóvember 1973. Hún hafi ekki átt margar vinkonur á þessum tíma því Sævar hafi sett sig upp á móti því. Hún hafi þó átt góðan kunningskap við [SigrGu] og hafi farið heim til hennar þegar Sævar var handtekinn vegna fíkniefnamáls.²⁵⁵⁶ Kvaðst Erla aldrei hafa heyrt Sævar minnst á Guðmund Einarsson, hvorki fyrir atburðinn né eftir hann. Þá sagði hún að aldrei hafi verið rætt um hvarfið á honum þegar fjölmiðlar hafi borið fréttir af því.²⁵⁵⁷

1331. Þennan dag ræddi Gísli við [EB], föður Guðmundar Einarssonar. Fyrir liggur samantektarskýrsla um samtalið. Aðspurður hvort Guðmundur hafi haldið dagbók eða átt vasabók hafi faðir hans sagt Guðmund ekki hafa haldið neitt slíkt. Þá hafi hann leitað eftir einhverju því sem gæti haft þýðingu fyrir málið en án árangurs. Fram kom að lögreglan hafi ekki áður óskað eftir því að leitað væri í dóti Guðmundar.²⁵⁵⁸
1332. Guðjón ritaði í dagbók sína þennan dag, 20. febrúar 1977 um að í Morgunblaðinu hafi verið umfjöllun um að enn væri beðið eftir gögnum í Geirfinnsmálinu til að samningaviðræður fjórmenninga og fjármálaráðuneytis gætu hafist.²⁵⁵⁹
1333. Mánudaginn 21. febrúar 1977 var bókað í dagbók fangelsisins við Síðumúla að hringt hafi verið í Gunnlaug Briem, sakadómara, fyrir Tryggva Rúnar vegna Guðmundarmálsins. Bókað var að hann byggist við að Tryggvi yrði að vera í Síðumúlafangelsinu út marsmánuð, þá væru línur farnar að skýrast. Annað gæti hann ekki sagt á þessu stigi.²⁵⁶⁰
1334. Meðal rannsóknargagna liggur fyrir bréf frá Jóni Oddssyni, réttargæslumanni Sævars, til Þórðar Björnssonar, ríkissaksóknara, dagsett þennan dag. Ritaði Jón um að móðir Sævars hafi beðið hann um að koma því á framfæri að hún minntist þess að hafa verið á Kjarvalsstöðum 19. nóvember 1974 ásamt Sævari og Erlu. Þau hafi sótt hana í vinnuna klukkan 18:00 og ekið heim að Grýtubakka þar sem hún hafi lagað kvöldmat fyrir þau. Um klukkan 20:00 hafi þau ekið á jeppabifreið að Hjallavegi þar sem Erla hafi hlaupið inn. Í bifreiðinni hafi verið tveir stórir matarpakkar. Þá hafi þau ekið að Kjarvalsstöðum en langan tíma hafi tekið að finna bílastæði og hafi þau loks lagt

²⁵⁵⁵ Bls. 2417.

²⁵⁵⁶ Bls. 2418.

²⁵⁵⁷ Bls. 2419.

²⁵⁵⁸ Bls. 2419.

²⁵⁵⁹ Bls. 2198_M.

²⁵⁶⁰ Dagbók nr. 6, bls. 131.

bifreiðinni hjá Smjörlíkisgerðinni. Síðan hafi verið hleypt inn í hollum inn á Kjarvalsstaði og þau þurft að bíða talsvert. Fyrst hafi þau skoðað Reykjavíkursýninguna og síðan kvikmyndasýninguna og ljósmyndasýninguna og þurft að bíða talsvert. Kvikmyndasýningin hafi tekið um hálf tíma. Sævar hafi kynnt móður sína fyrir vini sínum, [VK], konu hans og föður. Sævar hafi viljað bjóða þeim í kaffi og virst ekki liggja mikið á. Móðir Sævars hafi þurft að flýta sér og ekki viljað eyða peningum. Sævar og Erla hafi ekið henni heim að Grýtubakka. Þá hafi klukkan verið rúmlega 22:00. Fram kom að móðir Sævars væri sykursjúk og þyrfti af þeim sökum alltaf að borða klukkan 22:00. Myndi hún eftir því að hún hafi verið orðin of sein fyrir þessa svokölluðu kvöldnæringu. Sævar og Erla hafi þá farið heim að Hjallavegi milli klukkan 22:00 og 22:30, með tvo kassa af matvælum sem þau hafi verið að flytja heim til sín. Í lok bréfsins ritaði Jón um að svo virtist sem tímasetningar í málinu stæðust ekki.²⁵⁶¹

1335. Þennan dag var [SSA] yfirheyrður í tengslum við framhaldsrannsókn á hvarfi Guðmundar. Fram kom að tilefnið væri það að vitnið þekkti Tryggva Rúnar og Kristján Viðar. Bókað var að vitnið hafi sagst ekki geta gefið neinar upplýsingar í sambandi við Tryggva og Kristján sem skýrt gæti aðild þeirra að morðinu á Guðmundi. Kvaðst hann ekki hafa þekkt Guðmund. Orðrétt var bókað: „Mætti kveðst hafa kynnst Kristjáni, þegar þeir voru saman á Litla Hrauni sennilega á árinu 1975, en Tryggva Rúnari segist hann hafa þekkt eitthvað áður.“ Kvaðst [SSA] hafa verið í Reykjavík þegar Guðmundur hvarf í janúar 1974. Hann hafi þá verið að vinna í fiskbúðinni í Vogaveri. Hann hafi þá þekkt Tryggva Rúnar og stundum lent með honum á fylleríi. Orðrétt var bókað: „Mætti telur sig muna eftir því hvar hann var um helgina þegar Guðmundur hvarf. Hann segist þá hafa verið að skemmta sér með kunningja sínum, sem heiti [GaE] og átti þá heima í Njörvasundi 40. Þetta segist mætti muna vegna þess, að [GaE] hafi verið í skóla með Guðmundi Einarssyni og þeir hafi rætt um hann daginn sem verið var að leita að honum.“²⁵⁶² Kvaðst [SSA] minnst þess að eitthvað hafi verið rætt um að Guðmundur hafi fallið niður í sprungu í hrauni nálægt Hafnarfirði því vitað hafi verið að hann hafi verið þar á skemmtistað. Greindi [SSA] frá því að [GaE] hafi talið þetta heldur ótrúlegt því Guðmundur hafi verið vel hraustur. Fram kom að [SSA] hafi verið inntur eftir því hvort hann teldi Kristján Viðar og Tryggva Rúnar líklega til að hafa framið þann verknað sem þeir hafi sjálfir viðurkennt. Bókað var að hann gæfi Kristjáni Viðari slæmt orð og hafa reynt hann að því að vera mikill hrotti og ekki hika við að lemja menn til óbóta. Kvaðst [SSA] sjálfur hafa reynslu af því. Kvaðst hann hafa aðra sögu að segja af Tryggva Rúnari og ekki trúa því að hann hafi tekið þátt í þessum verknaði og taldi allt eins víst að hinir hafi logið þessu upp á hann.²⁵⁶³
1336. Þriðjudaginn 22. febrúar 1977 var bókað í dagbók Síðumúlafangelsisins að Gunnlaugur Briem, sakadómari, hafi hringt klukkan 15:40 og spurt um líðan Tryggva Rúnars. Bókað var að séra Jón Bjarman hafi lýst yfir áhyggjum sínum við Harald

²⁵⁶¹ Bls. 2206.

²⁵⁶² Bls. 2420.

²⁵⁶³ Bls. 2421.

Henrysson, sakadómara, um að Tryggvi Rúnar væri að verða ruglaður. Færsluritari lét þess getið að hafa sagt Gunnlaugi að honum þætti svo ekki vera. Bókað var að annaðhvort Hellert Jóhannsson eða Gísli Guðmundsson, rannsóknarlögreglumenn, kæmu á vegum dómsins til að ræða við Tryggva Rúnar.²⁵⁶⁴ Klukkan 20:00 var bókað að Grétar hafi komið með Morgunblaðið fyrir Guðjón.²⁵⁶⁵

1337. Þennan dag milli klukkan 16:30 og 18:50 var Albert Klahn yfirheyrður vegna framhaldsrannsóknar á hvarfi Guðmundar. Fyrir liggur skýrsla um yfirheyrsluna þar sem fram kom að hann hafi verið beðinn um að gera nánari grein fyrir nokkrum atriðum varðandi málið ef hann treysti sér til. Kvaðst hann ekki muna eftir neinu sérstöku sem hann gæti skýrt nánar. Þó myndi hann eftir einu atriði sem hann hafi ekki minnst á áður. Greindi hann frá því að þegar búið hafi verið að flytja líkið út í hraunið og þeir hafi lagt af stað til baka þá hafi Tryggvi Rúnar skyndilega tekið sig hálstaki aftan frá þar sem hann hafi setið undir stýri. Hann hafi sleppt takinu þegar „Stjáni“ hafi skipað honum að gera það. Beðinn um lýsingu á ástandi þeirra félaga þegar þeir hafi komið út í bifreiðina hjá honum sagði Albert að Tryggvi Rúnar hafi verið æstastur af þeim og engu líkara en hann hafi verið eitthvað ruglaður. Sér hafi virst Sævar vera í jafnvægi, en Kristján Viðar í annarlegu ástandi. Sagðist hann nú halda að hann hafi ekki bakkað upp að Hamarsbraut 11, heldur ekið að húsinu og stöðvað skammt frá útidyrnum. Mundi hann eftir því að hafa hringt dyrabjöllu eða bankað á útidyrhurðina og þá hafi Sævar komið til dyra en aftrað honum inngöngu og beðið hann um að bíða frekar úti í bifreiðinni. Lýsti Albert því hvar Sævar hafi komið fyrstur út og beðið hann um að opna farangursgeymsluna á bifreiðinni, sem hafi verið gert með handfangi undir mælaborðinu. Kvaðst hann hafa verið á Volkswagen bifreið föður hans, árgerð 1957. Sævar hafi þá farið inn aftur og þeir þrír komið út með líkið á milli sín vafið inn í hvítan eða ljósleitan dúk. Fyrst hafi þeir ætlað að setja líkið í farangursgeymsluna, en þegar ekki hafi verið hægt að loka henni, hafi þeir lagt það á gólfíð í bílnum á bak við framsætin. Kvaðst Albert ekki hafa gert sér grein fyrir því að um lík væri að ræða. Sævar, Kristján Viðar og Tryggvi Rúnar hafi fyrst haft orð á því að um lík hafi verið að ræða þegar þeir fluttu það í kirkjugarðinn. Aldrei hafi verið nefnt hvaða lík þetta hafi verið.²⁵⁶⁶ Minnti hann að Kristján Viðar hafi verið klæddur í hálf síðan mokkafrakka, en mundi ómögulega klæðnað hans að öðru leyti. Hann hafi ekki tekið eftir því hvort tölu hafi vantað á frakkann. Minntist hann þess ekki að hafa séð blóðbletti í stykkinu sem hafi verið vafið utan um líkið og ekki orðið var við blóðbletti eða aðra bletti í bifreiðinni eftir flutningana. Sagðist Albert ekki hafa fundið neina óvenjulega lykt, hvorki saurlykt né aðra. Kvaðst Albert ekki muna hvar hann hafi verið kvöldið fyrir atburðinn. Minnti hann helst að hann hafi verið heima þegar hann hafi fengið boð um að koma á Hamarsbraut 11, en sagðist alls ekki geta munað það. Hélt hann fast við fyrri framburð sinn um að líkið hafi verið sett í Fossvogskirkjugarð, en þeir hafi allir verið með í því að koma líkinu þar fyrir. Mundi hann ekki hvort líkið hafi verið sótt að nóttu eða degi, en taldi líklegra að það hafi

²⁵⁶⁴ Dagbók nr. 6, bls. 135.

²⁵⁶⁵ Dagbók nr. 6, bls. 136.

²⁵⁶⁶ Bls. 2423.

verið að næturlagi. Sömu menn hafi verið í bifreiðinni, en þá hafi hann verið á Toyota bifreið frá föður sínum. Þá hafi þeir ekið út í hraun og Tryggvi og Sævar farið út úr bifreiðinni og sótt líkið á meðan hann og Kristján Viðar biðu í bifreiðinni. Minnti hann að fyrst hafi verið ekið heim til Kristjáns og svo seinna um kvöldið í kirkjugarðinn. Fannst Alberti sem Sævar hafi stjórnað verkinu. Minnti hann að þeir hafi verið með tvær skóflur, önnur hafi verið í bifreiðinni, en hin hafi verið fengin heima hjá Kristjáni Viðari. Bókað var að Albert hafi talið að ekki væri hægt að finna skófluna sem hafi verið í bifreið föður hans. Orðrétt var bókað: „Ekki kvaðst mætti hafa fundið neina lykt, þegar verið var að flytja líkið í kirkjugarðinn.“ Líkið hafi verið í svörtum plastpoka. Ítrekað aðspurður kvaðst Albert alveg viss um að Tryggvi Rúnar hafi verið með þegar líkið hafi verið sótt út í hraunið, en ekki alveg eins viss um að hann hafi verið með við flutninginn heiman frá Kristjáni Viðari og í kirkjugarðinum. Mundi hann ekki fyrir víst hvenær flutningarnir áttu sér stað, en giskaði á að þeir hafi farið fram í júlí til ágúst 1974 í kringum miðnætti. Taldi Albert að hann hafi verið kominn heim um tvöleytið þá nótt, líklega eftir að hafa ekið hinum heim til Kristjáns Viðars. Kvaðst hann ekki hafa heyrt minnst á þennan atburð aftur. Allir hafi lagt mikla áherslu á að þegja yfir ferðinni með líkið.²⁵⁶⁷

1338. Guðjón ritaði í dagbók sína um að liðinn væri hálfur mánuður frá því Ingvar geðlæknir hafi vitjað hans síðast.²⁵⁶⁸
1339. Miðvikudaginn 23. febrúar 1977 var bókað í fangelsisdagbókina að hringt hafi verið í Gunnlaug Briem, sakadómara, fyrir Tryggva Rúnar sem hafi óskað eftir viðtali við Hilmar Ingimundarson, réttargæslumann sinn. Bókað var að Gunnlaugur hafi sagt það sjálfsagt og lagt málið í hendur Hellerts Jóhannssonar, rannsóknarlögreglumanns. Bókað var að Hellert hafi komið klukkan 17:25 og rætt við Tryggva Rúnar inni á klefa. Bókað var að hann hafi farið klukkan 19:05 að loknu viðtali við Tryggva. Rannsóknargögn um vitjunina liggja ekki fyrir.²⁵⁶⁹
1340. Þennan dag var [BVA] yfirheyrður sem vitni í tengslum við framhaldsrannsóknar á hvarfi Guðmundar. Fram kom að vitnið hafi verið fangi á Litla-Hrauni á árinu 1975 og þá kynnst Tryggva Rúnari. Mundi hann ekki eftir neinu í fari Tryggva Rúnars sem hægt væri að setja í samband við málið. Tryggvi Rúnar hafi aldrei rætt þetta við hann. Sagði hann þá hafa verið mikið saman í fangelsinu og haft fremur lítil afskipti af öðrum föngum. Kvaðst hann ekki hafa orðið var við að Tryggvi væri illa farinn á taugum en hann hafi neytt lyfja líklega fjórum sinnum á dag, aðallega Mogadon samkvæmt læknisráði.²⁵⁷⁰
1341. Fyrir liggur samantektarskýrsla, rituð af Gísla Guðmundssyni, um húsleit að Grettisgötu 82. Fram kom að hann hafi farið við þriðja lögreglumann að Grettisgötu 82 til að ræða þar við ömmu Kristjáns Viðars, [IF]. Henni hafi verið sýndar myndir af byssusting eins og þeim sem Kristján Viðar hafi átt að hafa tekið ófrjálsri hendi í

²⁵⁶⁷ Bls. 2426.

²⁵⁶⁸ Bls. 2206_D–G.

²⁵⁶⁹ Dagbók nr. 6, bls. 137.

²⁵⁷⁰ Bls. 2427.

Kaupmannahöfn. Bókað var að aðspurð hafi [IF] sagst ekki kannast við að Kristján Viðar hafi haft slíkan grip í sínum fórum. Gaf hún lögreglu heimild til að leita í íbúðinni. Bókað var að leitað hafi verið mjög rækilega í allri íbúðinni, en án árangurs.²⁵⁷¹

1342. Guðjón ritaði færslu í dagbók sína þennan dag og velti því fyrir sér hvort geðlæknirinn væri alveg týndur.²⁵⁷²
1343. Fimmtudaginn 24. febrúar 1977 var bókað í dagbók Síðumúlafangelsisins að klukkan 14:10 hafi verið hringt í Hellert Jóhannesson, rannsóknarlögreglumann, að beiðni Tryggva Rúnars með ósk um viðtal og skýrslugjöf.²⁵⁷³ Bókað var um komu Hellerts klukkan 15:35. Fór hann beint inn á klefa til viðtals Tryggva Rúnars. Bókað var klukkan 16:30 að sending hafi borist Guðjóni frá [GUÆ]. Klukkan 17:00 var bókað um símtal frá Grétari sem hafi tilkynnt um að Guðjón væri ekki á nokkurn hátt í hans umsjá lengur, hvorki um viðtöl, sendingar né Morgunblað. Bókað var að Gunnlaugur Briem, sakadómari, hefði forræði á málinu og því yrði að leita til hans vegna málsins. Þá væri Örn einnig farinn frá málinu. Bókað var að Hellert hafi komið frá Tryggva Rúnari klukkan 17:40.²⁵⁷⁴ Rannsóknargögn um vitjunina liggja ekki fyrir.
1344. Fyrir liggur skýrsla rannsóknarnefndar Reykjavíkur um yfirheyrslu yfir [HBI] þennan dag. Greindi hún frá því að eftir miðjan nóvembermánuð 1974 hafi einhver komið að Laugavegi 32, þar sem hún hafi verið búsett, og sótt Kristján Viðar. Þetta hafi verið að kvöldi til en búið hafi verið að hringja til hans fyrir um daginn. Eftir símtalið hafi Kristján Viðar haft orð á því að hann væri að fara um kvöldið til Keflavíkur til að sækja spíra og hafi hann beðið [PKKÞ] um að koma með en af því hafi þó ekki orðið. Kvaðst vitnið minna að Kristján Viðar hafi verið klæddur í svartan leðurjakka. Hún hafi ekki séð hver hafi sótt Kristján Viðar en kvaðst ekki hafa séð hann fyrir en daginn eftir, en Kristján hafi sofið í sama herbergi og þau að Laugavegi 32. Kristján Viðar hafi komið daginn eftir í ljósum gærupelsi og sagst hafa sofið nóttina að Grettisgötu 82 og farið þar í bað og haft fataskipti. Kristján hafi ekkert rætt um ferðina, en vitnið hafi vitað að hann hafi engan spíra fengið. Í lok skýrslunnar kvaðst vitnið ekki vita hvenær ferðin hafi verið farin, en talið hugsanlegt að það hafi verið 19. nóvember 1974.²⁵⁷⁵
1345. Guðjón ritaði í dagbók sína sama dag um að allt færi nú í gegnum Gunnlaug Briem dómara og hans sendisveina. Óljóst væri því hvernig sendingum og Morgunblaði verði hagað. Ritaði Guðjón um að hafa spurt fangavörð um geðlækni, en hann hafi ekkert vitað. Orðrétt ritaði Guðjón: „Yfirleitt veit aldrei neinn neitt. Það er segin saga. Og Grétar hættur að hafa afskipti af málinu. Slæmt, segi ég og sakna hans.“
1346. Þennan dag, 24. febrúar 1977, birtist aðsend grein í Dagblaðinu undir fyrirsögninni: „Geirfinnskýrslan: Margar spurningar vakna.“ Í greininni voru rakin atriði sem

²⁵⁷¹ Bls. 2428.

²⁵⁷² Bls. 2206_G–K.

²⁵⁷³ Dagbók nr. 6, bls. 138.

²⁵⁷⁴ Dagbók nr. 6, bls. 139.

²⁵⁷⁵ Bls. 2207–2208.

greinarhöfundur fannst annaðhvort ósvarað eða óstaðfest. Minntist greinarhöfundur þess ekki að hafa séð það í blöðunum að sonur Geirfinns hafi heyrt föður sinn segja: „Er Maggi þarna?“ Þá væri það staðreynd að sjónarvottur í Hafnarbúðinni teldi það af og frá að Kristján Viðar væri maðurinn sem hafi hringt úr Hafnarbúðinni. Orðrétt ritaði hann: „Hvers vegna má ekki taka mark á honum, fremur en fólki sem æ ofan í æ hefur verið staðið að ósannindum?“ Þá kom fram að greinarhöfundur þætti skorta allt mótíf að baki sakaraburði á Klúbbmenn. Hvergi hafi komið fram að Sævar og Kristján Viðar hafi átt nokkuð sökótt við Klúbbmennina. Annað gildi um Einar Bollason, þar sem viðhlítandi skýring lægi þar að baki.²⁵⁷⁶

1347. Guðjón ritaði færslu í dagbók sína þennan dag um að hafa óskað eftir viðtali við Gunnar Marinósson, varðstjóra. Þeir hafi spjallað lengi um málband, Mogga, Gunnlaug Briem, geðlækni, verðlag, veður og Geirfinnsmál.²⁵⁷⁷
1348. Laugardaginn 26. febrúar 1977 var bókað í fangelsisdagbókina að Hellert hafi komið og rætt við Tryggva Rúnar klukkan 10:45. Bókað var að hann hafi farið að loknu viðtalinu klukkan 11:20. Rannsóknargögn liggja ekki fyrir um viðtalið. Bókað var að Ingvar Kristjánsson geðlæknir hafi komið klukkan 16:10 og hafi Guðjón verið færður strax til viðtals við hann. Bókað var að Guðjón hafi verið færður aftur á klefa sinn klukkan 21:05.²⁵⁷⁸
1349. Þennan dag var yfirheyrður leigubifreiðastjóri í tengslum við framhaldsrannsókn á hvarfi Guðmundar. Fram kom að hann hafi verið sendur í túr að Grettisgötu 82, klukkan 07:00 að morgni 27. janúar 1974. Kvaðst hann ekkert muna eftir umræddum túr. Ber skýrslan engar frekari upplýsingar með sér.²⁵⁷⁹ Fyrir liggur upplýsingaskýrsla dagsett sama dag, 26. febrúar 1977, rituð af Hellerti, um athugun á leigubifreiðastöðvum í Hafnarfirði um akstur að Hamarsbraut 11 aðfaranótt 27. janúar 1974. Athugunin var árangurslaus. Fram kom að rætt hafi verið við tvo leigubifreiðastjóra. Orðrétt var bókað: „Hvorugur þeirra mundi eftir aksturstúr þangað, en annar ökom. kvaðst ekki hafa ekið þessa nótt nema fyrri partinn þar sem ófærð hafi verið orðin.“²⁵⁸⁰
1350. Guðjón ritaði færslu í dagbók sína þennan dag um að hafa rætt við geðlækninn til klukkan 21:30. Orðrétt ritaði hann: „Þetta er nú meiri kjaftavaðallinn. Komumst aftur til miðs árs 1974. Er þreyttur eftir þetta.“²⁵⁸¹
1351. Þennan dag birtist frétt í Tímanum undir fyrirsögninni: „Geirfinnsmálið komið til ríkissaksóknara“. Fram kom að málið hafi verið sent saksóknara daginn áður til ákvörðunar um útgáfu ákæru. Vitnað var í Örn Höskuldsson um að gögnin fylltu um 3.000 blaðsíður.²⁵⁸²

²⁵⁷⁶ Bls. 2209–2210.

²⁵⁷⁷ Bls. 2210_B–E.

²⁵⁷⁸ Dagbók nr. 6, bls. 142–143.

²⁵⁷⁹ Bls. 2428.

²⁵⁸⁰ Bls. 2450.

²⁵⁸¹ Bls. 2210_F.

²⁵⁸² Bls. 2211.

1352. Sunnudaginn 27. febrúar 1977 var móðursystir Kristjáns Viðars, [SEK], yfirheyrð sem vitni vegna framhaldsrannsóknar á hvarfi Guðmundar. Óskaði hún sjálf eftir því að skýra frá einu atriði sem gæti varpað ljósi á afdrif byssustings. Fram kom að fyrir tveimur til þremur árum hafi móðir vitnisins, [IF], spurt hvað hún ætti að gera við hníf sem hún hafi fundið á heimilinu. Kvaðst vitnið hafa séð hnífinn og muna hvernig hann hafi litið út. Gaf hún lögreglu lýsingu á hnífnum og slíðrinu. Bókað var að vitninu hafi verið sýndar myndir af sambærilegum þeim sem leitað væri að og hún sagst hann líkjast mjög þeim hlut sem hún hafi reynt að lýsa. Kvaðst vitnið hafa sett umræddan grip í bréfpoka sem hann hafi verið í, þá í plastpoka með öðru rusli og síðan hafi móðir hennar farið með pokann út í ruslatunnu.²⁵⁸³ Í kjölfarið var [IF], amma Kristjáns Viðars, yfirheyrð aftur hjá lögreglu í tengslum við framhaldsrannsóknina. Bókað var að hún hafi óskað eftir því sjálf að skýra frá einu atriði sem gæti varpað ljósi á afdrif byssustingsins. Bar hún um að þetta atriði hafi rifjast upp fyrir henni þegar hún hafi rætt málið við dóttur sína, [SEK]. Kvaðst hún ekki muna hvenær þetta hafi verið, en giskaði á að þetta hafi verið fyrir jólin 1973. Hún hafi verið að gera skápana hreina í eldhúsinu og þá hafi byssustingurinn legið í efsta skáp. Bókað var að vitnið hafi viljað skýra frá því að þegar Kristján Viðar hafi komið heim frá Kaupmannahöfn síðla sumars 1973 hafi hún veitt þessum hlut athygli í ferðatöskunni hans. Kvaðst hún hafa haft orð á því við Kristján að hún væri hrædd við hafa þetta inni á heimilinu. Hann hafi þá sagst hafa ætlað að eiga þetta til minja.²⁵⁸⁴ Kvaðst hún hafa hent byssustingnum í samráði við dóttur sína til að fyrirbyggja slys, en mikil óregla hafi verið á Kristjáni Viðari og margs konar óreiðufólk hafi heimsótt hans. Bókað var að vitninu hafi verið sýndar myndir af sams konar byssusting og hún sagst ekki sjá betur en að um sams konar hlut hafi verið að ræða. Kvaðst hún aldrei hafa séð Kristján Viðar fara út með byssustinginn.²⁵⁸⁵
1353. Mánudaginn 28. febrúar 1977 var bókað í dagbók fangelsisins við Síðumúla klukkan 11:50 að Jón H. Halldórsson, lögreglumaður, hafi komið með sendingu og bréf til Guðjóns sem höfðu verið send Gunnlaugi Briem. Klukkan 12:50 var bókað að Gunnlaugur Briem hafi hringt og rætt við færsluritara, Gunnar Guðmundsson, um Guðjón. Bókað var um niðurstöðu símtalsins, að öll bréf til og frá Guðjóni færu í yfirlestur hjá Gunnlaugi. Hafi Gunnlaugur beðið færsluritara um að sjá um aðrar sendingar. Um fyrirkomulag afhendingar Morgunblaðsins myndi hann láta vita um síðar.²⁵⁸⁶
1354. Meðal rannsóknargagna liggur bréf Gunnlaugs Briem, sakadómarar, til [ME], stöðvarstjóra hjá Bæjarsímanum í Hafnarfirði, dagsett þennan dag. Með bréfinu óskaði Gunnlaugur eftir upplýsingum um hvaða símar hafi verið skráðir að Hamarsbraut 11 í janúar 1974 og hverjir hafi verið skráðir fyrir þeim. Þá óskaði hann eftir upplýsingum um hvort einhver símanna hafi verið lokaður dagana 26. og 27. janúar 1974.²⁵⁸⁷

²⁵⁸³ Bls. 2430.

²⁵⁸⁴ Bls. 2431.

²⁵⁸⁵ Bls. 2432.

²⁵⁸⁶ Dagbók nr. 6, bls. 144.

²⁵⁸⁷ Bls. 2212.

1355. Guðjón ritaði færslu í dagbók sína sama dag um að Högni, fangavörður, hafi tjáð honum að Gunnlaugur Briem væri með bréf frá móður hans til yfirlestrar, en dómariinn vildi fá að lesa öll bréf til og frá honum. Guðjón ritaði um að þurfa að ræða þetta nánar við Gunnar Guðmundsson, yfirvarðstjóra. Orðrétt ritaði Guðjón: „Fór út í garð í fyrsta skipti, milt veður og skýjafar. Langt spjall við G.G. um dómara, G.f.mál, Kristján Viðar, Sævar, Erlu. Ég skrifa e.t.v. Benedikt og dómaramum á morgun.“²⁵⁸⁸
1356. Þriðjudaginn 1. mars 1977 var bókað í fangelsisdagbókina að Gunnlaugur Briem hafi hringt klukkan 13:30 og tilkynnt um að Guðjón fengi Morgunblaðið. Hafi hann lagt fyrir starfsmenn fangelsisins að skaffa blaðið og ritskoða það. Klukkan 16:00 var bókað að komið hafi verið með bréf til Guðjóns, yfirlesið af Gunnlaugi Briem.²⁵⁸⁹
1357. Fyrir liggur svarbréf dagsett þennan dag frá [ME], stöðvarstjóra hjá Pósti og síma í Hafnarfirði til Gunnlaugs Briem, sakadómara. Fram kom að þrjár símar hafi verið skráðir að Hamarsbraut 11, þar af einn á [BoG]. Fram kom að skuld hafi verið á símanum frá 24. október 1973, sem hafi enn verið ógreidd 1. febrúar 1974. Samkvæmt því hefði síminn átt að vera lokaður dagana 26. og 27. janúar 1974. Tekið var fram að ekki væri þó hægt að fullyrða um að svo hafi verið.²⁵⁹⁰
1358. Þennan dag var [SæJ] yfirheyrður í tengslum við framhaldsrannsókn á hvarfi Guðmundar. Bókað var að tilefni yfirheyrslunnar væri framburður Sævars um að hafa heimsótt [HeG] 26. janúar 1974, sem þá var búsett í starfsmannahúsi Kópavogshælis og hafa hitt vitnið það kvöld. Kvaðst [SæJ] vita hver Sævar væri og vissi af kunningsskap hans við [HeG]. Mundi vitnið ekki sérstaklega eftir þessu umrædda kvöldi og ekki eftir því að hafa séð Sævar þetta kvöld, en vildi ekkert fullyrða um það. Sagðist hann ekki muna það glögggt að hafa séð Sævar í starfsmannahúsinu, en líklega gæti það þó verið.²⁵⁹¹
1359. Guðjón ritaði í dagbók sína þennan dag um að hafa samið bréf til dómara og Benedikts Blöndal, réttargæslumanns. Hann hafi fengið Morgunblaðið og óskað eftir viðrun í aldingarðinum, eins og hann orðaði það. Gunnar Guðmundson hafi komið með bréf frá ömmu hans og [He]. Bréfin hafi verið í brúnum þoka með stimpli frá Gunnlaugi Briem. Hann hafi tilkynnt honum um að Gunnlaugur hafi ekki viljað heimila heimsókn frá [GUÆ]. Ritaði Guðjón um að kalt hafi verið í útiverunni. Ritaði Guðjón um að hafa skrifað bréf til Benedikts Blöndal þar sem hann hafi farið nokkrum orðum um dómaramann. Orðrétt ritaði hann: „Sem ég vona að verði ekki lögð út mér til verri vegar, en stríðnin er alltaf söm við sig.“²⁵⁹²
1360. Miðvikudaginn 2. mars 1977 var bókað í dagbók Síðumúlafangelsisins að Gísli Guðmundsson, rannsóknarlögreglumaður, hafi komið klukkan 11:20 til að tala augnablik við Tryggva Rúnar og Guðjón. Var þess getið að hann hafi talað við þá inni á klfunum. Bókað var að Gísli hafi farið klukkan 11:55. Rannsóknargögn um viðtölin

²⁵⁸⁸ Bls. 2212_A.

²⁵⁸⁹ Dagbók nr. 6, bls. 146.

²⁵⁹⁰ Bls. 2213–2214.

²⁵⁹¹ Bls. 2433.

²⁵⁹² Bls. 2214_A–B.

liggja ekki fyrir. Klukkan 15:40 var bókað að Gísli Guðmundsson hafi hringt og tilkynnt um að ekki næðist í Hilmar Ingimundarson, réttargæslumann Tryggva Rúnars, og því yrði viðtalsbeiðni Tryggva að bíða til morguns.²⁵⁹³

1361. Fyrir liggur samantektarskýrsla rituð af Gísla Guðmundssyni, dagsett þennan dag, um viðtal við Sævar 27. febrúar 1977 í tengslum við framhaldsrannsókn á hvarfi Guðmundar. Fram kom að viðtalið hafi farið fram að fyrirlagi dómaranna í málinu. Orðrétt var bókað: „[S]kýrði Sævar mér frá því að atburðarásin á Hamarsbraut 11 í Hafnarfirði, þegar Guðmundi var ráðinn bani, væri ekki sannleikanum samkvæm. Hann sagði það ekki rétt, sem hann hefði áður haldið fram, að hringt hefði verið í leigubíl og síðar í Albert Klahn Skaftason.“ Sævar hafi greint svo frá að síminn hjá Erlu hafi verið lokaður vegna skuldar þegar þetta hafi gerst. Kvaðst Sævar hafa látið Erlu fá peninga til að greiða skuldina. Hafi Sævar bent á að þetta hlyti að vera auðvelt að kanna. Í framhaldinu hafi Gunnlaugur Briem, sakadómari, skrifað upplýsingabeiðni til stöðvarstjóra bæjarsímans í Hafnarfirði. Svar hafi borist þar sem fram hafi komið að vegna skuldar á símanum hafi síminn verið lokaður dagana 26. og 27. janúar 1974. Skuldin hafi verið greidd 6. febrúar sama ár. Bókað var í samantektarskýrsluna að Sævar hafi greint frá því að hann myndi ekki betur en að Tryggvi Rúnar hafi verið vafinn á hægri hendi þegar atburðurinn á Hamarsbrautinni hafi gerst. Hafi Sævar sagst muna eftir því að Tryggvi Rúnar hafi brennt sig illa þegar hann hafi óvart lagt hendina á heita eldavélarhellu þegar þeir voru staddir á Vesturgötu 24 um miðjan janúarmánuð 1974. Bókað var að Sævar hafi sagt auðvelt að kanna sannleiksgildi framburðarins því Tryggvi Rúnar hafi örugglega farið á slysavarðstofuna til að fá gert að brunasárinu. Fram kom að upplýsinga hafi verið beiðst frá slyshadeild útaf umræddu brunasári.²⁵⁹⁴
1362. Guðjón ritaði í dagbók sína um að þurfa að setjast niður við bréfaskriftir. Orðrétt ritaði hann: Þá var hleypt inn til mín einhverjum Axel og hann sagðist vera fyrir dómarana í Guðm.máli að athuga lausa enda og var að spyrja um einhvern Gumma sem oft átti að hafa verið með Albert Klahn, síðan um heilsuna, hver væri minn verjandi og fór svo.“ Ritaði Guðjón um að hafa lesið Morgunblaðið. Þá ritaði hann um að sér liði asnalega og tengdi það því að hann hafi ekki tekið inn Mogadon kvöldið áður. Orðrétt ritaði hann: „Þeir eru að verða búnir að gera mig að eiturlyfjaneytanda þessir skrattar.“ Guðjón ritaði um að þurfa að skrifa [VÉS] og gera röfl útaf þessum Axel. Dró hann sviga utan um nafn Axels og ritaði þar fyrir ofan: „Gísli Guðm.“ Ritaði Guðjón um að ætla að reyna að sofna án Mogadon.²⁵⁹⁵
1363. Fimmtudaginn 3. mars 1977 var bókað í dagbók Síðumúlafangelsisins að Sigurbjörn Víðir hafi komið klukkan 08:00 og tekið bréf frá Guðjóni til Gunnlaugs Briem, sakadómara.²⁵⁹⁶ Bókað var klukkan 11:25 að Gunnlaugur hafi hringt og rætt möguleika á flutningi á Kristjáni Viðari aftur í fangelsið. Bókað var að Gunnlaugur hafi spurt um hegðun og framkomu fangans á meðan hann hafi dvalið í Síðumúlafangelsi og spurt hvers vegna hann hafi verið fluttur í Hegningarhúsið. Lét

²⁵⁹³ Dagbók nr. 6, bls. 148–149.

²⁵⁹⁴ Bls. 2434.

²⁵⁹⁵ Bls. 2216_A–B.

²⁵⁹⁶ Dagbók nr. 6, bls. 149.

færsluritari þess getið að ekkert hafi verið athugavert við hegðun Kristján Viðar og starfsmenn Síðumúlafangelsis hafi aldrei skilið hvers vegna hann hafi verið fluttur. Bókaði hann um að helsta ástæðan fyrir flutningnum hafi verið að Kristján Viðar hafi viljað lausagæslu en það hafi á endanum ekki verið raunin. Fram kom að Gunnlaugur hafi sagst vilja hætta stöðugri vakt yfir Kristjáni Viðari þar sem það væri óhóflega dýrt, en Valdimar yfirfangavörður Hegningarhússins teldi sig ekki geta vistað hann öðruvísi. Bókað var að Gunnlaugur ætlaði að ræða málið við Jón Thors, deildarstjóra ráðuneytisins og Gunnar Guðmundsson, forstöðumann Síðumúlafangelsisins.²⁵⁹⁷ Klukkan 11:40 var bókað að Gunnlaugur hafi hringt aftur og tilkynnt um að ekki gæti orðið af beiðni Tryggva Rúnars um viðtal við réttargæslumann hans, að svo komnu máli. Fram kom að Hilmar vildi tala einslega við skjólstæðing sinn, en það vildi Gunnlaugur ekki. Orðrétt var bókað í fangelsisdagbókina: „[H]ann er ekki sáttur við viðbrögð hans og framkomu í Guðmundarmáli og segist ekki skilja það. [É]g sagði dómáranum að það væri ekki nýtilkomið með breyttan framburð í því máli. Tryggvi hefði haft við orð snemma s.l. sumar að draga framburð sinn til baka. Þá minntist dómárin á samtali sem Hilmar lögmaður segist hafa átt við Tryggva ekki alls fyrir löngu, ég kannaðist við það sagðist hafa leyft það, en ekki hefði það samt verið með öllu áheyrnarlaust ég hefði sjálfur fylgst með því. [D]ómarinn sagði að við því væri ekkert að segja eða gera úr þessu og breytti sjálfsgæslu litlu. En hér eftir ekkert slíkt, af því hvernig Tryggvi hagaði sér.“²⁵⁹⁸ Bókað var klukkan 23:30 að Gísli Guðmundsson og Hellert Jóhannesson, rannsóknarlögreglumenn, hafi komið með Albert Klahn í geymslu.²⁵⁹⁹ Fyrir liggur samantektarskýrsla um yfirheyrslu yfir Alberti Klahn sama kvöld vegna framhaldsrannsóknar á hvarfi Guðmundar. Fram kom að Albert hafi komið á skrifstofu rannsóknarlögreglunnar þennan dag, klukkan 18:00 að ósk Gísla Guðmundssonar. Fram kom að Gísli og Kristmundur J. Sigurðsson, rannsóknarlögreglumenn hafi rætt við Albert. Orðrétt var bókað í samantektarskýrsluna: „Albert bar fyrir sig miklu minnisleysi en virtist þó færast nær raunveruleikanum, þegar á leið samtali okkar.“ Fram kom að Albert hafi veitt upplýsingar um kunningja sinn, [GunJ]. Bókað var orðrétt: „Hann sagði að verið gæti, að þessi [GunJ] hefði verið með í bílnum, er þeir fóru til Hafnarfjarðar og var hann þá kominn að þeirri niðurstöðu að hann hefði ekið þeim félögum að Hamarsbraut 11 laugardagskvöldið 26. janúar 1974.“ Bókað var í lok skýrslunnar að í samráði við Gunnlaug Briem hafi Albert verið færður til geymslu í Síðumúlafangelsi.²⁶⁰⁰

1364. Fyrir liggur vottorð [TPs], lækni um komu Tryggva Rúnars á slysadeild Borgarspítalans í janúar 1974, að beiðni rannsóknarlögreglunnar í Reykjavík. Vottorðið var dagsett, 2. mars 1977. Í vottorðinu kom fram að komið hafi verið með Tryggva Rúnar á slysadeild 14. janúar 1974 í lífshættu vegna eitrunar af ofneyslu svefnlyfja. Var hann lagður inn á gjörgæsludeild til meðhöndlunar. Fram kom að brunasár hafi verið á vinstri hendi Tryggva Rúnars. Fram kom að Tryggvi hafi komið til eftirlits á spítalann 21. janúar sama ár og var þá bókað í sjúkraskrá að brunasárin

²⁵⁹⁷ Dagbók nr. 6, bls. 150.

²⁵⁹⁸ Dagbók nr. 6, bls. 151.

²⁵⁹⁹ Dagbók nr. 6, bls. 152.

²⁶⁰⁰ Bls. 2439.

hafi verið gróin.²⁶⁰¹ Meðal rannsóknargagna liggur fyrir samantektarskýrsla dagsett þennan dag, 3. mars 1977, rituð af Gísla, vegna framhaldsrannsóknar á hvarfi Guðmundar. Fram kom að þennan dag hafi borist umbeðið læknisvottorð vegna Tryggva Rúnars. Orðrétt var bókað: „Þetta vottorð virðist ekki hafa aðra þýðingu fyrir rannsókn þessa máls en þá að staðfesta frásögn Sævars Ciesielski, um það þegar Tryggvi Rúnar brenndi sig og sýnir að hann getur munað atburði sem skeðu á þessum tíma.“²⁶⁰²

1365. Meðal rannsóknargagna liggur fyrir skýrsla um yfirheyrslu yfir [LH] í tengslum við framhaldsrannsókn á hvarfi Guðmundar. Í upphafi skýrslunnar var bókað að Sævar hafi haldið því fram í viðtali við Gísla Guðmundsson, rannsóknarlögreglumann, að hann muni sérstaklega eftir því þegar hann var hjá [HeG] í starfsmannahúsi Kópavogshælis laugardagskvöldið 26. janúar 1974 að vitnið hafi farið á dansleik í Klúbbnum en komið heim í ástarsorg. Bókað var að vitnið hafi verið innt eftir því hvort framburður Sævars fengi staðist. Fram kom að umrætt atvik hafi átt sér stað, en hún hafi verið í Glaumbæ, en ekki í Klúbbnum.²⁶⁰³ Kvaðst hún ekki geta sagt til um hvort dagsetningin væri rétt, en þetta hafi verið á laugardagskvöldi. Hún hafi komið til baka með leigubifreið. Mundi hún ekki hvort Sævar hafi þá verið heima hjá [HeG], en sagði það vel geta verið. Mundi hún ekki heldur hvort [SæJ] hafi verið staddur í herberginu þeirra. Kvaðst hún hafa verið undir áhrifum áfengis í umrætt sinn.²⁶⁰⁴
1366. Fyrir liggur samantektarskýrsla, dagsett þennan dag 3. mars 1977, rituð af Gísla Guðmundssyni í tengslum við framhaldsrannsóknina. Í skýrslunni kom fram að í viðræðum hans og Sævars undanfarna daga hafi komið fram veruleg breyting á atburðarásinni laugardagskvöldið 26. janúar 1974, miðað við það sem áður hafi komið fram í málinu. Til viðbótar við það að ekki hafi verið hringt úr símanum að Hamarsbraut 11 í leigubifreið og síðar í Albert Klahn hafi Sævar haldið því fram að Albert hafi ekið Kristjáni Viðari, Tryggva Rúnari og einum manni til viðbótar sem kallaður væri Gunni til Hafnarfjarðar í umrætt sinn. Fram kom að Sævar hafi sagst vita engin deili á Gunna, en hann hafi verið talsvert mikið með Alberti á því tímabili sem Guðmundur Einarsson hafi horfið. Aðspurður hvers vegna hann hafi ekki sagt frá þessum manni í fyrri framburðum hafi Sævar sagt að sér hafi yfirleitt aldrei verið trúað og hann því ekki séð ástæðu til að segja frá þessu fremur en öðru sem einhverja þýðingu gæti haft á gang málsins. Fram kom að Sævar hafi talið sig muna það vel að hann hafi verið staddur að Vesturgötu 24 umrætt laugardagskvöld og þá hefði Albert Klahn komið þangað til að kaupa LSD af [SGÍ]. Sævar hafi sagst hafa beðið Albert um að aka sér til [HeG] að starfsmannahúsi Kópavogshælis, en hann neitaði því. Albert hafi þá farið heim til Kristjáns Viðars að Grettisgötu 82 og látið Tryggva Rúnar fá LSD. Þar hafi Gunni verið viðstaddur sem hafi verið búinn að taka inn LSD. Bókað var að Sævar hafi sagst hafa tekið leigubifreið til [HeG]. Nokkru seinna hafi Kristján Viðar komið og falast eftir peningaláni, en Albert hafi beðið út í Volkswagen

²⁶⁰¹ Bls. 2215–2216.

²⁶⁰² Bls. 2435.

²⁶⁰³ Bls. 2435.

²⁶⁰⁴ Bls. 2436.

bifreiðinni á meðan ásamt Gunna og Tryggva Rúnari. Bókað var að Sævar hafi sagst ekki hafa lánað Kristjáni Viðari peninga og þá hafi þeir farið suður í Hafnarfjörð. Orðrétt var bókað: „Sævar segist muna vel eftir veru sinni hjá [HeG] þetta kvöld, hann segist hafa verið með [Ballantines] viskí og segist muna eftir því að hafa gefið [SæJ] í glas, eins og fram hefur komið áður. [SæJ] man sjálfur illa eftir þessu, en rámar samt í að hafa þegið viskí glas hjá Sævari, en man ekki hvort það var á þessu kvöldi eða öðru.“ Sævar hafi sagst ekki geta fullyrt um hvort Gunni hafi farið með hinum á Hamarsbrautina. Hann hafi sjálfur tekið leigubifreið frá starfsmannahúsinu að Hamarsbraut 11. Þá hafi mennirnir allir verið komnir inn í íbúðina og þar með talinn Albert Klahn. Var Sævar ekki viss um að Gunni hafi þá verið með þeim.²⁶⁰⁵

1367. Meðal rannsóknargagna liggur fyrir samantektarskýrsla, dagsett þennan dag, 3. mars 1977, rituð af Kristmundi Sigurðssyni, um könnun á því hvaða afgreiðslustúlkur hafi verið til vinnu á Bifreiðastöð Hafnarfjarðar og nætursölonni aðfaranótt 27. janúar 1974. Rætt hafi verið við [GÁs] sem hafi sagst sérstaklega minnisgóð. Hún hafi sagst hafa verið á vakt í umrætt sinn og snjóað hafi um nóttina. Þá hafi hún verið á vakt kvöldið eftir og einnig á mánudagsmorgninum, en þá hafi lögreglan í Hafnarfirði komið með mynd af Guðmundi Einarssyni og spurt hvort hún myndi eftir að hafa séð hann aðfaranótt sunnudagsins. Hjálparsveitin í Hafnarfirði hafi einnig rætt við hana en hún hafi ekki orðið vör við þennan mann. Kannaðist hún við ljósmynd af Kristjáni Viðari og sagði hann nokkrum sinnum hafa komið að afgreiðslulúgunni, en gat ekki sagt um hvort hann hafi komið umrædda nótt. Ekki mundi hún eftir að hafa séð Sævar og Tryggva Rúnar þegar hún skoðaði ljósmyndir af þeim.²⁶⁰⁶ Einnig var rætt við [ÓG] sem var með [GÁs] á vakt í umrætt sinn. Taldi hún rétt að hún hafi verið á vakt aðfaranótt 27. janúar 1974. Bókað var að henni hafi verið sýndar ljósmyndir af Kristjáni Viðar, Tryggva Rúnari, Sævari og Guðmundi Einarssyni en hún hafi ekki munað eftir því að hafa orðið þessara manna vör þessa nótt. Mundi hún eftir því að Sævar og Kristján Viðar hafi oftast en einu sinni komið að afgreiðslunni á stöðinni, en gat ekki sagt til um hvenær það hafi verið.²⁶⁰⁷
1368. Föstudaginn 4. mars 1977 var bókað í dagbók fangelsisins við Síðumúla klukkan 12:15 að Hellert hafi sótt Albert Klahn og flutt hann í sakadóm. Fyrir liggur skýrsla um yfirheyrslu yfir Alberti þennan dag milli klukkan 13:00 og 02:00. Tekið var fram að hlé hafi verið gert á yfirheyrslunni á meðan Albert hafi mætt fyrir dóm svo og klukku tíma matarhlé. Orðrétt var bókað í upphafi skýrslunnar: „Mætti óskar eftir því í upphafi að taka það sérstaklega fram að hann hafi nú ákveðið það, að gera hreint fyrir sínum dyrum og segja allan sannleikann í málinu.“ Greindi Albert frá því að hafa verið staddur að Grettisgötu 82 laugardagskvöldið 26. janúar 1974, ásamt [GunJ], Kristjáni Viðari og Tryggva Rúnari. Minnti hann klukkan hafi verið milli 21:00 og 22:00. Ákveðið hafi verið að fara að Vesturgötu 24 til [SGÍ] til að kaupa LSD töflur. Sagði hann [GunJ] hafi komið með sér en Sævar hafi verið staddur á heimili [SGÍ]. Kvaðst Albert hafa keypt þrjár til fjórar töflur eða jafnvel fengið þær að láni. Mundi hann eftir

²⁶⁰⁵ Bls. 2437–2439.

²⁶⁰⁶ Bls. 2451.

²⁶⁰⁷ Bls. 2452.

því að Sævar hafi beðið um far að starfsmannahúsi Kópavogshælis, en hann færst undan því. Hann og [GunJ] hafi farið aftur að Grettisgötu 82, en Sævar verið um kyrrt. Kvaðst Albert ekki muna betur en að Kristján Viðar, Tryggvi Rúnar og [GunJ] hafi allir tekið eitthvað inn af þessum töflum.²⁶⁰⁸ Greindi Albert frá því að þeir hafi allir farið í Volkswagen bifreið föður hans. Þeir hafi allir verið peningalausir og því hafi Kristján Viðar og Tryggvi Rúnar lagt til að þeir færu út að „bísa“, það er að fara að skemmtistöðum og komast í samband við náunga sem hafi átt peninga eða stela veskjum. Lýsti Albert ferð þeirra á milli skemmtistaða í Reykjavík, sagðist hann ekki hafa tekið þátt í „bísinu“ og ekki [GunJ] heldur. Þar sem þetta hafi ekki borið árangur hafi hann ekið að starfsmannahúsinu við Kópavogshælið í þeim tilgangi að hitta á Sævar og fá lánaða hjá honum peninga. Kristján Viðar hafi farið þar inn en komið til baka því Sævar hafi ekki viljað lána honum peninga. Tryggvi og Kristján hafi þá lagt til að ekið yrði til Hafnarfjarðar til að „bísa“ þar. Kvaðst Albert hafa ekið til Hafnarfjarðar, taldi hann það hafa verið um það leyti sem dansleikjum hafi verið að ljúka. Hann hafi stöðvað neðarlega í brekkunni á Reykjavíkurveginum og þar hafi Kristján og Tryggvi farið út. Kvaðst hann þá hafa snúið bifreiðinni við og ekið aftur upp í brekkuna og stöðvað þar. Kvaðst hann hafa beðið í bifreiðinni ásamt [GunJ].²⁶⁰⁹ Þegar þeir hafi komið aftur að bifreiðinni þá hafi maður verið með þeim sem Albert kvaðst ekki hafa þekkt en síðar reynst vera Guðmundur Einarsson. Gaf Albert lýsingu á Guðmundi, en sagðist ekki muna hvernig hann var klæddur. Kvaðst Albert hafa tekið því vel þegar Kristján og Tryggvi Rúnar hafi spurt hvort maðurinn mætti koma með. Þeir hafi þá allir sest í aftursæti bifreiðarinnar. Hélt Albert að það hafi verið Kristján Viðar sem hafi lagt til að ekið yrði að Hamarsbraut 11 og þar slegið upp partíi. Kristján Viðar hafi opnað húsið og þeir allir farið þangað inn. Myrkur hafi verið í íbúðinni. Ræddu þeir saman um kaup á áfengisflösku. Fljótlega hafi Sævar komið og furðað sig á veru þeirra í íbúðinni. Hann hafi þó ekki óskað eftir því að þeir færu í burtu. Þá hafi Kristján og Tryggvi gengið að Guðmundi með að reiða fram peninga til kaupa á áfengi, en Guðmundur færst undan því. Lýsti Albert því hvernig átök milli þeirra brutust út.²⁶¹⁰ Kvaðst hann ekki hafa séð Sævar slá eða sparka til Guðmundar. Hann og [GunJ] hafi setið á dívan eða legubekk í fremra herberginu á meðan. Hann hafi ekki orðið vitni að því þegar Guðmundur hafi verið sleginn og gæti því ekki borið um það hver hafi gert það, en taldi að Kristján og Tryggvi hafi báðir verið þar að verki. Hann hafi litið inn í innra herbergið eftir átökin og þá hafi Guðmundur legið hreyfingarlaus á bakinu á gólfinu. Kvaðst Albert ekki hafa séð blóð á honum eða annars staðar. Þá hafi hann ekki séð neitt barefli eða eggvopn notað í átökunum. Mundi hann eftir því að hafa fljótlega eftir þetta ekið [GunJ] heim að Lokastíg 18 í Reykjavík. Að því loknu hafi hann farið aftur að Hamarsbraut 11 og bankað á dyrnar en Sævar sagt honum að færa bifreiðina að tröppunum og bíða í bifreiðinni. Sagðist Albert alveg muna eftir því að hafa ekki farið inn í húsið aftur.²⁶¹¹ Lýsti hann því hvernig þeir komu líkinu fyrir í bifreiðinni og flutningunum út í

²⁶⁰⁸ Bls. 2440.

²⁶⁰⁹ Bls. 2441.

²⁶¹⁰ Bls. 2442.

²⁶¹¹ Bls. 2443.

Hafnarfjarðarhraun.²⁶¹² Þá lýsti hann því hvernig Tryggvi Rúnar hafi tekið hann hálstaki í bifreiðinni á leiðinni til baka og Kristján Viðar stoppað hann af. Minnti Albert að hann hafi ekið Sævari aftur að Hamarsbraut 11 en hinum að Grettisgötu 82. Sjálfur hafi hann farið heim til sín að Njálsgötu 44 og giskaði á að klukkan hafi þá verið um 04:00. Kvaðst Albert ekki hafa orðið var við blóðbletti, hvorki í bifreiðinni eftir flutninginn né í léreftsstykkinu sem líkið hafi verið vafið í. Þá sagðist hann ekki muna eftir því að hafa fundið vonda lykt, hvorki inni á Hamarsbraut 11 né inni í bifreiðinni þegar verið var að flytja líkið.²⁶¹³

1369. Þennan dag var dómþing sakadóms Reykjavíkur háð af Gunnlaugi Briem og tekið fyrir rannsókn á dauða Guðmundar Einarssonar. Bókað var í þingbókina að komið hafi verið með ákærða Albert Klahn í dóminn klukkan 17:50, en hann hafi verið í haldi lögreglu frá klukkan 18:00 daginn áður. Bókað var að Albert hafi lýst því yfir að hann væri reiðubúinn að skýra frá málsatvikum þótt réttargæslumaður hans væri ekki viðstaddur.²⁶¹⁴ Framburður Alberts var bókaður og var hann í samræmi við fyrrgreinda skýrslu hans hjá lögreglu sama dag.²⁶¹⁵ Fyrir dómi greindi Albert frá því að meðákærðu hafi allir þrír barið manninn, uns hann hafi fallið meðvitundarlaus í gólfið. Atlagan hafi staðið yfir skamma stund, en verið hrottafengin.²⁶¹⁶ Þá kvaðst Albert aldrei hafa séð Erlu.²⁶¹⁷ Orðrétt var bókað: „Ákærði kveðst breyta fyrri framburði til samræmis við það, er nú hefur verið rakið. Ákærði man ekki að maðurinn kallaði meðákærðu dópista.“ Bókað var um ákvörðun dómarans þess efnis að Albert skyldi vistaður í allt að 24 klukkustundir, uns ákvörðun yrði tekin um gæsluvarðhald. Vék Albert frá klukkan 19:05 og var dómþingi slitið.²⁶¹⁸
1370. Í framangreindri skýrslu um framburð Alberts þennan dag, 4. mars 1977, kom fram að hann hafi gert grein fyrir síðari þætti málsins, flutningi á líki Guðmundar úr Hafnarfjarðarhrauni í kirkjugarðinn í Hafnarfirði. Bókað var að Albert hafi sagst reiðubúinn til að fara í kirkjugarðinn og benda á staðinn, en hann þekkti ekki til þar og gæti því ekki lýst staðháttum að neinu gagni.²⁶¹⁹ Taldi hann þetta hafa verið í ágúst 1974. Minnti hann að Sævar hafi hringt heim til hans um klukkan 16:00 eða 17:00 og beðið hann um að koma að Grettisgötu 82 án þess að nefna erindið. Hann hafi farið þangað, en mundi ekki klukkan hvað. Þar hafi verið Kristján Viðar, Sævar og Tryggvi Rúnar. Rætt hafi verið að sækja lík Guðmundar og flytja það á annan stað. Kvaðst Albert ekki hafa skilið þetta, en hann hafi verið beðinn um að sjá um aksturinn. Féllst hann á það. Greindi Albert frá því að þeir hafi reykt hass heima hjá Kristjáni Viðari og farið svo í þetta um kvöldið. Hann hafi ekið út í Hafnarfjarðarhraun en Sævari og Tryggva Rúnari hafi gengið erfiðlega að finna lík Guðmundar. Kristján Viðar hafi beðið með honum í Toyota bifreiðinni. Þeir félagar hafi tekið með sér svarta plastpoka

²⁶¹² Bls. 2444.

²⁶¹³ Bls. 2445.

²⁶¹⁴ Bls. 2217.

²⁶¹⁵ Bls. 2218.

²⁶¹⁶ Bls. 2219.

²⁶¹⁷ Bls. 2220.

²⁶¹⁸ Bls. 2221.

²⁶¹⁹ Bls. 2445.

heiman frá Kristjáni Viðari til að nota við flutningana. Þeir hafi beðið þar til dimmt hafi orðið og þá hafi þeir ekið af stað að kirkjugarðinum í Hafnarfirði, að fyrirlagi Sævars.²⁶²⁰ Lýsti Albert akstursleið sinni að kirkjugarðinum. Fyrst hafi Sævar og Kristján Viðar farið út úr bifreiðinni til að kanna aðstæður. Síðan hafi hann og Tryggvi Rúnar farið á eftir þeim. Mundi Albert ekki eftir því að hafa tekið þátt í greftrinum en gröf hafi verið tekin og líkamsleifum Guðmundar komið þar fyrir. Gröfin hafi verið í fullri manslengd, en mjó og á að giska 50 til 70 sentimetrar á dýpt. Kvaðst Albert ekki hafa verið viðstaddur þegar líkamsleifarnar hafi verið settar ofan í gröfina og heldur ekki þegar mokað hafi verið yfir. Kvaðst hann telja að tvær skóflur hafi verið notaðar, önnur úr bifreið föður hans en hin af heimili Kristjáns Viðars. Vissi hann ekki klukkan hvað þetta hafi átt sér stað en taldi líklegt að hún hafi verið á milli tvö og þrjú um nóttina. Minnti hann að hann hafi ekið Tryggva Rúnari heim að Selásbletti 14, en hinum að Grettisgötu 82. Bókað var í lok skýrslunnar að Albert hafi sagst hafa sagt allan sannleikann í málinu eins og hann geti best munað. Sagði hann fyrri framburði sem ekki kæmu heim og saman við þessa skýrslu ekki vera rétta. Kvaðst hann reiðubúinn til að gera allt sem í hans valdi stæði til að upplýsa málið. Bókað var að yfirheyrslan hafi verið gerð að fyrirlagi Gunnlaugs Briem og Ármanns Kristinssonar, sakadómara, með fullu samþykki Alberts.²⁶²¹

1371. Bókað var í fangelsisdagbókina þennan dag, 4. mars 1977, klukkan 12:20 að færsluritari hafi rætt við Gunnar Guðmundsson, forstöðumann, um flutning á Kristjáni Viðari úr Hegningarhúsi í Síðumúlafangelsi. Bókað var að Gunnar hafi komið því þannig fyrir að Kristján yrði ekki fluttur í Síðumúlafangelsið að svo komnu máli heldur yrði hann áfram í Hegningarhúsinu og þá sennilega án sérstakrar gæslu. Bókað var að ef Kristján Viðar yrði staðinn að agabroti í Hegningarhúsinu yrði tekið á móti honum í Síðumúlafangelsi.²⁶²² Klukkan 13:20 var bókað að Sigurbjörn Víðir og Ívar hafi komið ásamt [PRE]. Á sama stað var bókað að Gunnlaugur Briem hafi staðfest með símtali að Ívar og co, eins og það var orðað, mættu fá Tryggva Rúnar til viðtals og samprófunar við [PRE]. Klukkan 13:40 var Tryggvi Rúnar færður fram í horn til samprófunar. Bókað var að Tryggvi Rúnar hafi verið færður aftur á klefa sinn klukkan 13:55. Klukkan 17:00 var bókað um símtal frá Gunnlaugi Briem sem hafi veitt leyfi fyrir því að Haraldur Blöndal, hæstaréttarlögmaður, og Grétar Sæmundsson kæmu til viðtals við Guðjón.²⁶²³
1372. Fyrirliggjandi eru sjö yfirlýsingar Sævars, sem hann væntanlega vélritaði í Hegningarhúsinu er hann hafði ritvél að láni, fjórar sem auðkenndar eru „4/3 I977“ er lutu að harðræði sem hann hafi sætt auk þriggja annarra yfirlýsinga er lutu að svipuðum málsatvikum auk yfirlits yfir sönnunarstöðu Guðmundarmálsins séð frá hans sjónarhorni, auðkennt nafni Sævars og Alberts. Ekki liggur fyrir hvenær yfirlýsingar þessar voru afhentar sakadómi Reykjavíkur.²⁶²⁴

²⁶²⁰ Bls. 2446.

²⁶²¹ Bls. 2447.

²⁶²² Dagbók nr. 6, bls. 153.

²⁶²³ Dagbók nr. 6, bls. 154.

²⁶²⁴ Bls. 2221_C–J.

1373. Í þeirri fyrstu rakti hann tilvik harðræðis sem hann hafi orðið fyrir 1., 2. eða 3. maí 1976. Yfirlýsingin er undirrituð. Gunnar Guðmundsson forstöðumaður Síðumúla-fangelsisins hafi látið Högna Einarsson fangavörð sækja hann og Gunnar þá greint honum frá því að Hallvarður Einvarðsson vararíkissaksóknari hafi verið búinn að leggja málið fyrir sig og nú skyldi Sævar greina frá því hverjir hafi farið til Keflavíkur 19. nóvember 1974. Þegar hann hafi sagst ekki vita það hafi Gunnar gengið í skrokk á honum þannig að um misþyrmingar og pyntingar hafi verið að ræða. Kjartan Kjartansson fangavörður hafi opnað hurðina á herberginu og spurt hvort ekki væri allt í lagi sem Gunnar hafi svarað játandi. Klukkan 22:00 hafi forstöðumaðurinn falið Gunnari Marinóssyni varðstjóra fangelsisins að fylgjast með því að Sævar stæði teinréttur með hendur niður með síðum til klukkan 02:00 um nóttina. Fór Sævar þess á leit að þetta athæfi yrði rannsakað og tilgreindi Kjartan til vitnis. Tilvik þetta var rannsakað í máli rannsóknarlögreglu ríkisins nr. 2875/79,²⁶²⁵ svonefndri harðræðisrannsókn, sem fram fór árið 1979. Þar var stuðst við framburð Kjartans fyrir dómi 15. apríl 1977 þar sem hann gaf yfirlýsingu að eigin frumkvæði um þetta atvik. Í framburði sínum bar hann um að Sævar hefði verið svínbeygður af Gunnari eins og hann orðaði það.²⁶²⁶
1374. Í annarri yfirlýsingunni sem auðkennd er „4/3 1977“ rakti hann tilvik harðræðis sem hann hafi orðið fyrir í byrjun júní 1976 Yfirlýsingin er undirrituð. Tilvik þetta hafi átt sér stað í tengslum við samprófanir sem hann hafi undirgengist ásamt Kristjáni Viðari og Tryggva Rúnari. Viðstaddir samprófun þeirra þriggja hafi verið Sigurbjörn Víðir rannsóknarlögreglumaður og Hlynur Þór Magnússon fangavörður. Við það tækifæri hafi Tryggvi Rúnar innt Sævar eftir því hvort hann gæti ekki komið til móts við þá og sagt að hann hafi sparkað í Guðmund og orðið honum að bana og vísað svo leiðina. Það hafi Sævar sagt tómmt mál um að tala að hann færi að játa á sig sök þar sem hann hefði hvergi komið nærri. Við samprófunina hafi Tryggvi Rúnar spurt hver hafi vísað á hann í sambandi við málið og hafi Sigurbjörn Víðir þá staðhæft að Sævar hafi gert það. Tryggvi Rúnar hafi hótað því í samprófuninni að gera hann örkumla ævilangt. Degi síðar hafi hann verið verið leiddur saman með Tryggva Rúnari á ný og þá hafi Tryggvi ráðist á hann en Sigurbjörn Víðir gengið út úr herberginu. Tryggvi hafi slegið hann í höfuð og andlit auk þess sem hann hafi fengið stóreflis marblett á öxlina. Sigurbjörn Víðir hafi komið inn á ný og stöðvað atögu Tryggva Rúnars en haft sjálfur í hótunum við Sævar og lagt á hann hendur þegar hann hafi verið að fara með hann inn í klefa á ný. Í lokin gat Sævar þess að Hlynur Þór hafi sagt honum að Tryggvi Rúnar hafi oft greint honum frá þessu. Lauk Sævar yfirlýsingunni með þeim orðum að þessi meðferð varðaði við lög og svona hátterni ætti ekki að líðast.
1375. Í þriðju yfirlýsingunni sem auðkennd er „4/3 1977“ rakti hann tilvik harðræðis sem hann hafi orðið fyrir í lok júlí 1976. Yfirlýsingin er undirrituð. Tilvik þetta hafi fallist í því að Skúli Steinsson fangavörður, með aðstoð Jóhanns Gunnars Friðjónssonar fangavarðar, hafi fyllt vask í sturtuherbergi af vatni og dýft höfði hans ofan í vaskinn og kaffært hann þannig ítrekað jafnframt því sem Skúli hafi spurt með hverjum hann

²⁶²⁵ Málsgrein 1810.

²⁶²⁶ Bls. 2586–2587.

hafi farið til Keflavíkur og hvert hann hafi farið með líkið af Guðmundi Einarssyni. Þessum atgangi hafi ekki lokið fyrr en hann hafi verið farinn að öskra og legið rennandi blautur og grátandi á gólfinu þá hafi Guðjón Lúther sem var vaktstjóri þennan dag komið þar að og stöðvað þetta. Sævar ritaði um að hafa séð Sigurbjörn Víði frammi í varðstofuherbergi fyrr um daginn en um kvöldið hafi hann verið færður fram í yfirheyrslu hjá Sigurbirni Víði sem hafi spurt hann þannig spurninga að Sævar hafi dregið þá ályktun að Sigurbjörn hafi beðið Skúla fyrir að gera þetta. Óskaði Sævar þessi að þessar pyntingar sem hann hafi orðið fyrir myndu verða teknar til umfjöllunar. Tilvik þetta var rannsakað í máli rannsóknarlögreglu ríkisins nr. 2875/79,²⁶²⁷ svonefndri harðræðisrannsókn, sem fram fór árið 1979.

1376. Í ódagsettri yfirlýsingu fjallaði Sævar meðal annars um að hafa rætt þessa meðferð við Hallvarð Einvarðsson vararíkissaksóknara að viðstöddum Hlyni Þór Magnússyni fangaverði. Viðbrögð Hallvarðs hafi falist í að inna hann eftir því hvort hann væri vatnshræddur sem hann hafi ekki svarað. Hallvarður hafi þá spurt hann hvort hann kynni að synda en hann svarað því að hann vær ekki góður sundmaður og hafi Hallvarður þá svarað því til að það væri kannski reynandi að fleygja honum út í sjó.
1377. Í fjórðu yfirlýsingunni sem Sævar vélritaði í Hegningarhúsinu og auðkennd er „4/3 1977“ rakti hann tilvik harðræðis sem hann hafi orðið fyrir 1., 2. eða 3. maí 1976. Gat hann þess að viðstaddir hefðu verið Hallvarður vararíkissaksóknari, Örn fulltrúi yfirsakadómara og Sigurbjörn Víðir rannsóknarlögreglumaður. Rakti Sævar hótanir í sinn garð um að hann yrði fluttur úr landi og látinn hverfa í amerísku fangelsi nema hann myndi játa. Að auki bar hann um að Sigurbjörn Víðir hefði lagt hendur á sig að hinum fjarstöddum en gumað af því þegar Örn hefði snúið til baka inn í herbergið. Lauk hann yfirlýsingunni með þeim orðum að svona skyldi ekki líðast í réttarríki eins og héraendis.
1378. Í fimmtu yfirlýsingunni sem Sævar ritaði í Hegningarhúsinu og auðkennd er „4/3 1977“ rakti hann tildrög handtöku hans 12. desember 1975. Yfirlýsingin er undirrituð. Gerði Sævar athugasemdir við að lögreglan hafi gert tilraun til að handtaka hann án handtökuheimildar og að hann hafi hringt á lögmann sinn, Jón Oddsson, á meðan lögreglan hafi útvegað heimild til húsleitar og handtöku. Hann hafi gert athugasemd við þessa framgöngu þegar hann kom fyrir dómara sem hafi látið sér fátt um finnast og úrskurðað hann í 30 daga gæsluvarðhald.
1379. Þá liggur fyrir ódagsett yfirlýsing sem auðkennd er með nöfnum Alberts Klahn Skaftasonar og Sævars Marinós Ciesielski. Í yfirlýsingunni eru dregin saman sjö atriði sem lúta að athugasemdum Sævars um Guðmundarmálið. Fyrsta atriðið laut að símhringingu um miðnætti 27. janúar 1974 frá Hamarbraut 11 heim til Alberts að Njálsgötu. Ritað var „já“ við nöfn Sævars og Alberts og „100%“ við nöfn Tryggva Rúnars og Kristjáns Viðars. Þar fyrir neðan var rituð athugasemd um að síminn hafi verið lokaður að Hamarsbraut og sett upp sem stærðfræðijafna þar fyrir aftan „100% LYGI/0.“ Næsta atriði lýtur að því að Albert hafi vísað á marga staði út í hrauni til að reyna að finna eitthvað sem hann hafi keyrt með fyrir Kristján Viðar, Sævar og

²⁶²⁷ Málsgrein 1788.

Tryggva Rúnar en ekkert hafi fundist. Hann hafi margoft orðið margsaga og var ritað við textann: „100% LYGI.“ Þriðja atriðið var að framburðir væru mjög misjafnir og fíranlegir í alla staði um atburði sem áttu að hafa gerst að Hamarsbraut 11, „100% LYGI.“ Fjórða atriðið var um að engin minntist þess að maður hafi dáið í átökum að Hamarsbraut 11. Allir hafi viljað muna og Kristján Viðar og Tryggvi Rúnar hafi farið að minna að það sem Sigurbjörn Víðir hafi sagt þeim um að Sævar hafi sparkað í piltinn og orðið honum að bana væri rétt. Orðrétt vélritaði Sævar: „100% LYGI.“ Fimmta atriðið var að þeim Kristjáni Viðari og Tryggva Rúnari hafi verið sagt að þeir hafi verið ölvaðir og lyfjaðir og þess vegna ekkert munað en Eggert hafi sagt Sævari að þetta hafi gerst, það væri sálrænt að hann vildi ekki muna. Sjötta atriðið fólst í að Sævar hafi verið látinn játa á sig sakir. Erla hafi fyrst verið látin ljúga upp á hann og hann svo á sig og aðra, og svo Kristján Viðar og Tryggvi Rúnar á hann, þetta nefndi Sævar samsæri. Sjöunda atriðið fól í sér þá ályktun að aðferðin benti til þess að hér væri um hugsun að ræða, samsæri á háu stigi til að koma honum í fangelsi og láta dæma þá í svo langan tíma að það sé sama og morð. Engum skuli líðast það.

1380. Fyrir liggur upplýsingaskýrsla, dagsett 5. mars 1977, rituð af Gísla Guðmundssyni vegna framhaldsrannsóknar á hvarfi Guðmundar. Fram kom að fyrir hádegi þennan dag hafi verið farið með Albert suður í Hafnarfjarðarkirkjugarð þar sem hann hafi talið mikla möguleika á því að geta bent á staðinn þar sem lík Guðmundar hafi verið grafið. Bókað var að með í för hafi verið Gunnlaugur Briem, Kristmundur Sigurðsson, aðstoðaryfirlögregluþjónn og Hellert Jóhannesson, lögregluumaður. Bókað var að þrátt fyrir ráp fram og aftur þá hafi Albert ekki getað bent á neinn stað sem talist gæti líklegur greftrunarstaður. Bókað var að þetta hafi verið skoðað eins rækilega og unnt hafi verið í um tvær klukkustundir.²⁶²⁸
1381. Þennan dag klukkan 13:15 var Albert Klahn yfirheyrður aftur í tengslum við framhaldsrannsókn á hvarfi Guðmundar. Fyrir liggur skýrsla um yfirheyrsluna þar sem fram kom að hann hafi verið inntur eftir því hvort hann gæti upplýst eitthvað frekar í málinu, til dæmis hvað hafi orðið um veski Guðmundar og eða armbandsúr. Kvaðst Albert ekki aldrei hafa séð neinn með veski Guðmundar og ekki séð hann sjálfan taka það upp, það sama gildi um armbandsúr hans. Kvaðst hann ekki vita hvort Guðmundur hafi verið færður úr einhverjum fötum eða skóm. Ítrekað aðspurður kvaðst Albert alveg viss um að líkamsleifar Guðmundar hafi verið settar í Hafnarfjarðarkirkjugarð og með honum hafi verið Kristján Viðar, Sævar og Tryggvi Rúnar. Taldi hann allar líkur á því að flutningurinn hafi farið fram um miðjan ágúst 1974.²⁶²⁹
1382. Í beinu framhaldi var dómþing sakadóms Reykjavíkur háð í Borgartúni 7 af Gunnlaugi Briem og tekið fyrir rannsókn á dauða Guðmundar Einarssonar. Kom Albert Klahn fyrir dóminn klukkan 13:45. Bókað var að hann hafi sagst reiðubúinn að skýra frá í málinu, þótt réttargæslumaður hans væri ekki viðstaddur. Staðfesti hann framangreindan framburð hjá lögreglu um að hafa ekki séð að verðmæti hafi verið tekin af manni þeim sem ráðist hafi verið á að Hamarsbraut 11 aðfaranótt 27. janúar

²⁶²⁸ Bls. 2449.

²⁶²⁹ Bls. 2448.

1974. Bókað var að Albert hafi skýrt frá því að þegar meðákærðu hafi farið með manninn út í hraunið hafi Kristján Viðar sagt honum að líta ekki í þá átt sem þeir færu og reyna að fylgjast ekki með ferðum þeirra. Rætt hafi verið um hvort hann ætti að slökkva ljós bifreiðarinnar en það hafi orðið að ráði að hafa þau kveikt. Þegar meðákærðu hafi komið aftur inn í bifreiðina hafi Sævar sest í framsæti en hinir aftur í. Þá hafi Tryggvi Rúnar tekið hann kverkataki og hert svo að hálsi hans að honum hafi legið við köfnun. Þá hafi Kristján Viðar sagt honum að hætta þessu og þá hafi Tryggvi Rúnar sleppt takinu.²⁶³⁰ Af þessu tilefni hafi Kristján Viðar sagt Tryggva Rúnar vera brjáláðan. Staðfesti Albert framburð sinn hjá lögreglu frá kvöldinu áður um flutning á líki Guðmundar í Hafnarfjarðarkirkjugarð um miðjan ágúst 1974. Lýsti Albert því hvar Tryggvi Rúnar og Sævar hafi sett plastpoka með einhverju í eða stranga með plasti utan um í farangursgeymslu Toyota bifreiðar föður hans. Þeir hafi síðan beðið í um tvær klukkustundir uns dimmt hafi orðið og þá ekið til Hafnarfjarðar. Orðrétt var bókað: „Ekki fann ákærði neina lykt koma upp í bifreiðinni af líkinu.“ Bókað var að gröfin sem hafi verið tekin hafi verið við leiði, um tveggja metra löng, um 40 sentímetra breið og 50 til 60 sentímetra djúp. Lýsti Albert þeirri leið sem líkið var borið úr bifreiðinni þar sem það var lagt ofan í gröfina og mokað yfir. Minnti Alberti að meðákærðu Kristján Viðar og Sævar hafi gert það en hann hafi átt að hafa gætur á mannaferðum á meðan. Orðrétt var bókað í þingbókina: „Ákærði staðhæfir rækilega aðspurður, að líkið hafi verið grafið á framangreindum stað.“ Að því búnu hafi hann ekið ákærðu til Reykjavíkur. Kvaðst Albert vilja breyta fyrri framburði sínum til samræmis við framangreint. Kvað hann meðákærðu hafa verið búna að gefa honum í skyn að öruggara væri fyrir hann að skýra ekki frá því sem hann vissi um þetta mál. Bókað var um ákvörðun dómarans um að Albert yrði í haldi lögreglunnar til klukkan 18:00 þennan dag en í farbanni eftir það. Var honum gert að mæta einu sinni í viku hjá Kristmundi Sigurðssyni, rannsóknarlögreglumanni vegna þess. Vék Albert frá klukkan 14:45 og var dómþingi slitið.²⁶³¹

1383. Fyrliggjandi eru sex yfirlýsingar Sævars, sem hann væntanlega vélritaði í Hegningarhúsinu er hann hafði ritvél að láni, þrjár sem auðkenndar eru „5/3 1977“ og þrjár ódagsettar sem fjalla um svipuð atriði. Ekki liggur fyrir hvenær yfirlýsingar þessar voru afhentar sakadómi Reykjavíkur.²⁶³²
1384. Sú fyrsta laut að samprófun við Kristján Viðar og Erlu sem fram fór 5. maí 1976 þar sem Sævar var lostinn kinnhesti. Viðstaddir voru auk þeirra þriggja, Hallvarður Einvarðsson vararíkissaksóknari, Njörður Snæhólm aðalvarðstjóri, rannsóknarlögreglumennirnir Eggert Norðdahl Bjarnason og Sigurbjörn Víðir Eggertsson, Gunnar Guðmundsson forstöðumaður Síðumúlafangelsisins og Örn Höskuldsson fulltrúi yfirsakadómara. Fyrst hafi Kristjáni Viðari verið gefið orðið sem innti Sævar eftir því hverjir hefðu verið í sendiferðabifreiðinni á Vitastíg en því sagðist Sævar hafa svarað svo að það vissi Kristján Viðar best sjálfur. Þá hafi Erla borið það á Sævar að það væri hann sem héldi henni innilokaðri, en Sævar kvaðst hafa kváð vegna þeirrar

²⁶³⁰ Bls. 2222.

²⁶³¹ Bls. 2224.

²⁶³² Bls. 2221_K–Z.

staðhæfingar þar sem honum hafi verið kunnugt, eftir samtal við Njörð Snæhólm, að hún hefði fáum dögum fyrr borið um að hafa skotið Geirfinn. Hann hefði spurt hana hvernig hún hefði notað byssuna en honum þá sagt að stoppa en hann þá farið að rifast við rannsóknarlögreglumennina um það líkamlega ofbeldi sem þeir hefðu beitt hann fyrir og einnig beint orðum sínum til Gunnars Guðmundssonar sem hafi slegið í borðið og steitt hnefann framan í Sævar. Samprófuninni hafi lokið skömmu síðar í upplausn þar sem Erla meðal annars hafi æpt ítrekað á hann að hann héldi henni þarna inni og margnefnt barn þeirra í þessu samhengi. Fangaverðir sem hafi flutt hann á klefa að nýju hafi beitt mjög harkalegum aðferðum við það.

1385. Fyrir liggur ódagsett yfirlýsing sem auðkennd er: „Í maí mánuði 1976, í Síðumúlafangelsi.“ Í henni fjallar Sævar um samskipti við rannsóknaraðila, fangaverði og aðra sakborninga, einkum Erlu og Kristján Viðar, dagana 3. til 5. maí 1976. Rakti Sævar fyrst samskipti sín við Njörð Snæhólm, 3. maí 1976, og sagðist hafa útskýrt fyrir honum að Erla og Kristján Viðar væru höfð á móti honum og notuð til að rannsóknaraðilar gætu náð sér niður á honum. Taldi hann að spilað væri á sálræna eiginleika þeirra en þau þarfnist öryggis og trausts og væru því reiðubúin að ljúga hverju sem er. Taldi Sævar það vera að syndga upp á náðina, syndga í trausti þess að fyrirgefið verði. Þá gat hann þess að Njörður hafi komið í klefann til hans 4. maí 1976 og látið hann vita að Erla væri búin að játa að hafa skotið Geirfinn. Þá bar Sævar um að þá um kvöldið hafi farið fram fjölmenn samprófun sem frestað var vegna upplausnarástands. Þess skal getið að samkvæmt fyrirliggjandi gögnum fór samprófun þessi raunar fram 5. maí 1976. Degi síðar lýsti Sævar því hvað þeim Erlu hefði farið á milli þann dag við samprófun þeirra tveggja þar sem Erla virðist hafa tekið að sér hlutverk spyrilsins. Rakti hann síðan samskipti sem lotið hefðu að upphafi Guðmundarmálsins bæði við Erlu og eins Njörð Snæhólm sem og samtöl við fangaverðina Högna og Skúla.
1386. Í annarri yfirlýsingu sem auðkennd er „5/3 1977“ rakti hann tildrög þess að hann hefði borið um aðild fjórmenningsanna að Geirfinnsmálinu. Yfirlýsingin er undirrituð. Ritaði hann um að hafa skýrt frá ferð með bróður Erlu til Keflavíkur svo hægt væri að vernda hana vegna þeirra hótana sem hafðar hefðu verið frammi í hennar garð. Fjallaði hann um að daginn sem þeir hefðu verið handteknir hefði hann viljað draga skýrsluna til baka þar sem hann hefði bara sagt þetta til að hægt væri að vernda Erlu. Þá hafi orðið mikil sprenging og honum sagt að hann gæti hypjað sig inn í klefa og hengt sig og hafi Örn Höskuldsson sagt Gunnari Marinóssyni að lána honum reipi til þess að gera það. Hermdi Sævar þessa umræðu síðar upp á Gunnar og innti hann svara um hvort hann myndi hylma yfir sem Gunnar hafi sagst ekki myndi gera. Kvað Sævar jafnt eiga yfir alla ganga en Sigurbjörn Víðir og Eggert hafi andmælt þessu við samprófunina 5. maí 1976, sem Sævar vísaði til að fjallað væri um á öðru blaði, en Sævar taldi það helgast af nærveru Hallvarðs Einvarðssonar. Fjallaði hann síðan nánar um þær hótanir sem Erlu hefði átt að vera að berast og það hvort þær hafi ekki verið ímyndun af hálfu hennar en Eggert hafi sagt að móður Erlu hafi verið kunnugt um þær. Taldi Sævar að mál þetta væri „keðja vitleysunnar“ og að Erla hafi á þessum tíma verið að drepast úr samviskubiti. Óskaði hann þess að þetta yrði kannað þar sem þetta væri hreinasti

ósómi af embættismönnum að haga sér svona sem hafi gert honum mjög bilt við og að eitthvað væri gruggugt við þetta allt saman.

1387. Þriðja yfirlýsingin sem Sævar vélritaði sem auðkennd er „5/3 1977“ fjallaði ítarlega um samprófanir sem hann hafi verið látinn taka þátt í auk þess sem hann vék að tildrögum þess að hann hafi borið um aðild fjórmenninganna. Fyrst nefndi hann samprófun frá því í byrjun maí 1976 með Kristjáni Viðari og Nirði Snæhólm þar sem Kristján hafi borið um að hafa stungið Guðmund með hnífi. Kristján Viðar hafi beðið hann um að koma til móts við sig og rakti í því skyni framburði sína í Guðmundar- og Geirfinnsmálunum. Þennan sama dag hafi hann talað eins við Erlu en hún hafi átt að hjálpa honum að rifja upp. Örn Höskuldsson fulltrúi yfirsakadómara hafi verið viðstaddur sem hafi skipst á við Njörð Snæhólm. Erla hafi grátið við samprófunina og spurt hann hvað hafi gerst. Hann hafi sagt henni að hann myndi ekkert og hvað hún væri að ljúga upp á sig þar sem hann hafi alveg vitað hvar þau voru. Gat Sævar þess að hafa farið í maí einu sinni í samprófun með Erlu og Kristjáni saman, tvisvar með Erlu einni og einu sinni með Kristjáni Viðari. Innti hann eftir því hvort löglegt væri að halda slíkar samprófanir án réttargæslumanns og svo að engin skýrsla hafi verið gerð og að þau hafi átt „að möndla sig saman.“
1388. Í framhaldi þessarar frásagnar gat Sævar um tildrög þess að hann lét í té framburð 8. maí 1976 sem fól í sér síðasta framburð hans er laut að meintri aðild fjórmenninganna að hvarfi Geirfinns og smyglbrotum. Borinn hafi verið í hann pilsner og reyktóbak en hann var í reykingabanni á þessum tíma. Gæddi hann sér vel á hvorutveggja og jánkaði síðan eða neitaði hverri spurningu í yfirheyrslu eftir því sem hann talið viðeigandi en hafi ekki þekkt helminginn af þeim nöfnum sem hafi verið nefnd, yfirheyrslan hafi staðið langt fram á nótt. Morguninn eftir hafi hann fengið mórál og sagt Hallvarði Einvarðssyni vararíkissaksóknara og Erni að það væri verið að leika sér með þau og þau sefjuð niður. Hallvarður hafi lýst yfir af þessu tilefni að Sævar færi í lífstíðar öryggisgæslu.
1389. Þá rakti Sævar samskipti við Eggert Norðdahl Bjarnason rannsóknarlögreglumann 16. júlí 1976 í tengslum við samprófanir með Erlu. Þó dagsetningar sé ekki getið í yfirlýsingu Sævars liggur fyrir samkvæmt dagbók fangelsins við Síðumúla að hann fór í heilalínurit nefndan dag en hann getur þess í yfirlýsingunni að hafa undirgengist slíka rannsókn þennan dag. Við það tækifæri hafi Eggert spurt hann eftir því hvort hann væri veikur og hafi hann jánkað því og lýst því svo að honum finndist tíminn svo lengi að líða, allt vera ómögulegt og hann þreyttur á þessu öllu saman enda aðbúnaðurinn ekki upp á marga fiska, þrjú teppi, engin lök, engar bækur stundum, tannbursti, handklæði og föt. Erla hafi þá komið inn í yfirheyrsluherbergið og hann innt hana eftir því hvort hún vildi drepa hann og hvað hún meinti með því að bera upp á hann lygi. Þegar hún svaraði engu hefði hann sagt að hann vissi upp á hár hvar hann hefði verið þessa nótt 27. janúar 1974 en hún hefði haldið að hann væri ennþá erlendis. Þegar hann hefði komið, líklega um mánaðamótin, hafi hún farið að rífast og sagst hafa liðið illa og dreymt ljóta drauma. Frá þessu hafi hann margoft sagt lögreglunni og skrifað niður í byrjun janúar 1976 en blöð hafi verið tekin úr klefa hans og hann ekki séð þau síðan. Kvaðst hann hafa áréttað við rannsóknarlögreglumennina að Erla hefði sagt

þeim frá draumi. Eggert hefði svarað því til að ekki hafi bæði Kristjáni Viðari og Tryggva Rúnari dreymt sama drauminn. Og hvernig getur staðið á því að þið þrír hafið allir sagt að þið hafið hist fyrir utan dyrnar að Hamarsbraut 11? Því kvaðst Sævar hafa svarað þannig að lögreglumennirnir hefðu sagt þeim það eins og þeir hefðu sagt honum það. Því hafi Eggert mótmælt, slíkt gerðu þeir ekki en Sævar ritaði að þó þeir þættust ekki hafa gert þetta þá hefði hann sönnun fyrir því. Í samtali þeirra Erlu hafi hún sagt að hún hafi ekki munað eftir því að hún hafi verið að segja þeim frá draumi.

1390. Sævar greindi frá annarri samprófun með Erlu sem fram hafi farið á þessum tíma. Þar hafi Erla verið í hlutverki spyrils, hafi spurt hvort hann ætlaði að segja henni hvað hafi gerst. Hafi brosað til hans, tekið í hönd hans og spurt hvað gerðist að Hamarsbraut. Kvaðst hann hafa svarað því til hvort til stæði að drepa hann með ástinni, hvort hann ætti að játa að hafa komið að mannhvarfi út á hennar lygi. Þá hafi Sigurbjörn Víðir blandað sér inn í og sagt að staðreyndir væru staðreyndir og það væri fólk búið að tala og eins væri vitnum til að dreifa. Hann hafi hins vegar neitað að segja hver þau væru þegar Sævar hafi spurt. Sævar ritaði síðan meðal annars eftirfarandi sem samtal Erlu efnislega orðrétt: „Hvernig getur þú eiginlega borið svona upp á mig og svífst einskis segi ég við Erlu. Þú sem vildir giftast mér fyrir jól og lýgur upp á mig sögu sem ég hef fengið að gjalda og ekki einu sinni sent mér neitt á meðan þú gekkst úti og eflaust hefur þú brosað framan í fólknið sem ég þekki meðan verið var að murka úr mér lífið. Erla fór að skæla og segir, ég sat í þessum stól sem þú situr á og svo kom þetta bara út úr mér eins og það væri talað í gegnum mig. Svo gat ég ekki baðað barnið um jólin eða sótt jólamatarboð því ég uppgötvaði að þetta væri veruleiki.“ Sigurbjörn Víðir hafi síðan sagt að hann sjálfur myndi vera tilbúinn til að taka ýmislegt á sig sem hann ætti ekki fyrir sína ástvini og sagt Sævar vita það að það væri hann sem héldi Erlu inni þó Sævar segðist elska hana. Í kjölfarið ritaði Sævar síðan um ásakanir hennar í hans garð um framhjáald og lygi þar sem hann hafi sagst hafa verið austur í Skunki þegar þau hittust á sunnudeginum. Ritaði hann svo nánar um hvernig upphaf Guðmundarmálsins hafi spunnist af frásögnum af draumi og hann hætt við að fara austur að Skunkinum til [BÆ] vinar síns þar sem henni hafi liðið svo illa þegar þau hittust á nefndum sunnudegi. Gat Sævar þess að ofangreint fæli í sér svólítið yfirlit yfir hvernig samræðurnar voru í samprófunum í júlímánuði, sem stóðu milli hans og Erlu, en rakti svo nánar hvernig Sigurbjörn Víðir beitti Erlu gegn honum í þessari samprófunarhrinu. Taldi Sævar framgöngu rannsóknarmanna dýrslega og það skyldi engum hlífa sem brjóti lögin þar sem: „hér hefur á landi oss verið framinn versti glæpur sem ég veit til, sem hefur verið framin. Það stobnar hætu sem er ekki holt fyrir okkar þjóð að menn sem eiga að halda lög og rétt í landi vor séu sekir um glæp.“

1391. Í ódagsettri yfirlýsingu sem Sævar vélritaði í Hegningarhúsinu og auðkennd er í júlímánuði 1976, fjallaði hann enn frekar um samprófanir sem hann undirgekkst í þeim mánuði með Erlu. Laut yfirlýsingin að mestu að sömu atvikum og fyrrgreind yfirlýsing en að auki ritaði hann upp nánari frásögn af samtali sem þau Erla hefðu átt í samprófuninni um málsatvik sunnudaginn 27. janúar 1974, „Ég, hvernig var það þegar ég sá þig fyrst eftir að ég kom að utan hvað sagðir þú mér, það var svo að ég kom þú varst svo hrædd á kvaða degi var það Erla? Já já sko þú komst með [ViG] bílstjóra og

ætlaðir að fara Austur það var á sunnudegi þú varst laungu kominn og hélst framhjá mér ég sá það í vegabréfinu og þú sagðir að þú hafðir verið hjá [BÆ] fyrir austan, svo sagði stelpa mér að þú varst að ganga niðri bæ með stelpu?“ Sagðist Sævar hafa snúið sér að Sigurbirni Víði og sagt að þetta hafi verið skrifað á blað um jólaleytið 1975 þegar hann hafi leitað að fjarvistarsönnun, hann hafi verið hjá [HeG] 27. janúar 1974.

1392. Í ódagsettri yfirlýsingu sem Sævar vélritaði í Hegningarhúsinu og auðkennd er „samtal Víðirs í Síðumuka“ ritaði hann um samskipti við Erlu í samprófun sem fram fór á afmælisdegi hennar 19. júlí 1976 en samkvæmt dagbók Síðumúlafangelsis voru þau í samprófun milli klukkan 13:30 og 19:25 þann dag og fóru svo úr húsi með Sigurbirni Víði og Hlyni Þór fangaverði klukkan 20:20 og komu til baka klukkan 22:50. Lýsti Sævar orðaskiptum þeirra þriggja, hans, Erlu og Sigurbjörns, auk þess sem hann lýsti afmælistat sem þau hafi fengið saman ásamt ístertu frá Erni Höskuldssyni til Erlu í tilefni dagsins. Þá gerði hann grein fyrir ferð út í hraun sunnan álversins í Straumsvík um kvöldið. Samkvæmt því sem hann bar um orðaskipti þeirra hafi þau öðrum þræði hnigið að því að fá hann til að játa atlögu að Guðmundi Einarssyni með hagsmuni Erlu og barns þeirra í huga. Meðfylgjandi yfirlýsingunni var samtal þeirra þriggja sett upp eins og um endurrit munnlegs framburðar væri að ræða. Að síðustu ritaði Sævar hvaða sýn hann hefði á framgöngu Erlu í málinu og hvað kæmi henni til að bera um málsatvik eins og hún hefði gert. Dró hann það saman þannig að hún sækti mjög í að fá huggun. Hún hafi eflaust sagst hafa skotið mann til að fá huggun og svo rifist við hann, að viðstöddum Hallvarði, Erni, rannsóknarlögreglumönnunum Eggerti og Sigurbirni Víði og Gunnari Guðmundssyni forstöðumanni, og ásakað hann fyrir að hann héldi henni inni í fangelsinu þegar hún var nýbúinn að segjast hafa skotið Geirfinn. Taldi Sævar þetta vera merki um truflun. Vék hann síðan að því að hafa verið að skrifa kvikmyndahandrit 7. desember 1975 sem hann hafi ætlað að fara að kvikmynda sem hafi fjallað um mjög svipaða hluti nema ekki svona svart. Það hafi meðal annars átt að vera þeir sem fengu stúlku til að vitna á móti unnusta sínum og svo fyrir rest hafi hún verið svo rugluð að hún hafi verið farin yfir um og á hæli þegar hann kæmi úr fangelsi. Svona hafi kvikmyndahandritið verið sem hann hafi verið að skrifa þegar hann var handtekinn.
1393. Sunnudaginn 6. mars 1977 var bókað í dagbók Síðumúlafangelsisins að Tryggvi Rúnar væri ekki búinn að borða neinn mat þennan dag og hafi tilkynnt um að hann væri kominn í hungurverkfall vegna seinagangs og framvindu þeirra mála sem hann hafi verið ákærður í og yrði af þeim sökum að dvelja í Síðumúlafangelsi, en ekki á Litla-Hrauni.²⁶³³
1394. Þennan dag ritaði Guðjón í dagbók sína um bókalestur og útiveru. Hann hafi lesið Morgunblaðið og þar hafi verið nefndir Kristján Viðar og Sævar.
1395. Mánudaginn 7. mars 1977 var bókað í dagbók Síðumúlafangelsisins að rætt hafi verið við Guðstein lækni klukkan 09:15 vegna hungurverkfalls Tryggva Rúnars. Haft var eftir Guðsteini að það væri í lagi í tvær til þrjár vikur ef hann drykki vatn. Var þess getið að á meðan hann ekki borðaði mætti ekki gefa honum Diazepam, Mogadon og

²⁶³³ Dagbók nr. 6, bls. 156.

Chloral, því þau mætti ekki gefa á fastandi maga. Klukkan 10:15 bókaði færsluritari orðrétt: „Ég fór inn til Tryggva Rúnars og talaði við hann í fullri meiningu. Okkar samtal endaði á því að Tryggvi lofaði að fara að borða aftur.“²⁶³⁴

1396. Fyrir liggur samantektarskýrsla dagsett þennan dag, rituð af Kristmundi Sigurðssyni, um ferð með Albert Klahn í Hafnarfjarðarkirkjugarðinn að beiðni Gunnlaugs Briem. Fram kom að ferðin hafi verið farin 5. mars 1977 og með í för hafi verið Hellert Jóhannesson, lögreglumaður og [GeG], kirkjugarðsvörður. Bókað var að Gunnlaugur hafi óskað eftir því að kirkjugarðsvörðurinn yrði inntur eftir því hvort hann hafi orðið var við jarðrask í kirkjugarðinum í ágústmánuði 1974. Fram kom að sláttur í kirkjugarðinum hæfist seinnipartinn í júlí og stæði yfir fram í september. Taldi [GeG] það mjög ótrúlegt að átt hafi verið við gróin svæði í garðinum án þess að hann hafi orðið þess var. Hann hafi ekki orðið var við neitt jarðrask á þessum tíma, nema í sambandi við grafir sem hafi verið teknar á tímabilinu. Bókað var að hann hafi lofað að afhenda yfirlit yfir jarðsetningar á þessum tíma. Bókað var að Albert hafi haldið sig við sama svæði í kirkjugarðinum sem væri frekar afmarkað svæði í norðaustur horni garðsins.²⁶³⁵ Fram kom að hann hafi ekki getað bent á neinn ákveðinn stað eða hvar helst ætti að leita. Bókað var um leiðarlýsingu Alberts inn um hlið kirkjugarðsins. Fram kom að hluti þeirrar leiðar væri frekar ógreiðfær vegna trjágreina. Bókað var að aðrar lýsingar Alberts hafi verið óljósar og ekki traustvekjandi.²⁶³⁶
1397. Þriðjudaginn 8. mars 1977 var bókað í fangelsisdagbók Hegningarhússins að Haraldur Árnason, lögreglumaður, hafi komið klukkan 23:15 með tvær kasettur handa Kristjáni Viðari. Bókað var að Ragnar Þorsteinsson hafi komið með poka úr klefa Kristjáns Viðars með kasettum. Fram kom að Valdimar Guðmundsson, yfirfangavörður, hafi gert kasetturnar upptækar, eins og það var orðað og komið í veg fyrir samtal þeirra á milli varðandi fangann.²⁶³⁷
1398. Fyrir liggur samantektarskýrsla, rituð af Haraldi og Sigurbirni Víði, dagsett þennan dag, um viðtal við Tryggva Rúnar 28. ágúst 1976. Fram kom að viðtalið hafi verið um flutning á líki Guðmundar Einarssonar en þá hafi borist í tal friðlýst fjárborg sem væri nálægt rauðamalgryfju, svonefndri Lónakotsgryfju. Í viðtalinu hafi Tryggvi Rúnar talið sig muna eftir að hafa verið á þessu svæði ásamt Sævari og Kristjáni Viðari. Hann hafi sagst muna vel eftir því að hafa gengið að opi fjárborgarinnar og hafa séð mjólkurfernu sem hafi verið skilin eftir á syllu í hleðslu fjárborgarinnar. Bókað var í skýrsluna að fleira hafi ekki komið fram í viðtalinu, en athyglivert væri að á syllu í hleðslu fjárborgarinnar væri merki sem á stæði: „Friðlýstar minjar“ sem væri mjög áþekkt að stærð og lögun og hlið mjólkurfernu. Fram kom að frásögn Tryggva Rúnars benti til þess að ferðin hafi verið farin að degi til, en næsta óhugsandi væri að fara þarna um hraunið í náttmyrkri. Bókað var að skiltið væri endurskinsmerki og hefði tæpast farið fram hjá honum hafi ljósfæri verið notuð.²⁶³⁸

²⁶³⁴ Dagbók nr. 6, bls. 157.

²⁶³⁵ Bls. 2453.

²⁶³⁶ Bls. 2454.

²⁶³⁷ Dagbók Hegningarhússins, nr. 1, bls. 40.

²⁶³⁸ Bls. 2226.

1399. Meðal rannsóknargagna er upplýsingaskýrsla dagsett þennan dag, rituð af Gísla Guðmundssyni vegna framhaldsrannsóknar á hvarfi Guðmundar. Fram kom að farið hafi verið fram á það við dómsmálaráðuneytið að haft yrði uppi á [GunJ], eins fljótt og nokkur kostur væri. Fram kom að fulltrúi ráðuneytisins hafi sagst munu gera ráðstafanir samdægurs.²⁶³⁹
1400. Miðvikudaginn 9. mars 1977 var bókað í dagbók Hegningarhússins að Gísli Guðmundsson hafi komið með Sævar í fangelsið klukkan 21:00.²⁶⁴⁰ Fyrir liggur skýrsla um yfirheyrslu yfir Sævari þennan dag milli klukkan 15:00 og 20:40, vegna framhaldsrannsóknar á hvarfi Guðmundar Einarssonar. Bókað var í upphafi skýrslunnar að veruleg breyting hafi orðið á fyrri framburði hans í málinu. Fram kom að yfirheyrslan færi fram að fyrirlagi dómara sem hefðu málið til meðferðar. Orðrétt var bókað: „Honum er bent á rétt sinn um að réttargæzlumaður hans sé viðstaddur en mætti telur nægilegt sé að hann fái afrit af skýrslunni. Gerð var tilraun með að ná sambandi við lögfræðing hans, sem er Kristján Stefánsson í fjarveru Jóns Oddssonar. Mætta er bent á ákv. 1. málsgreinar 40. gr. laga um meðferð opinberra mála. Hann er áminntur um sannsögli.“ Bókað var að Sævari hafi verið kynnt það sem bókað hafi verið eftir honum 2. og 3. mars 1977 um lokun símans á Hamarsbraut 11, brunasár Tryggva Rúnars og fleira. Sagði Sævar þar rétt eftir sér haft. Bókað var að Sævar hafi gefið þá skýringu á breyttum framburði að í fyrri rannsókn málsins hafi ekki verið tekið til greina þegar hann hafi viljað tjá sig og segja allan sannleikann í málinu. Greindi Sævar frá því að hafa komið eftir kvöldmat að Grettisgötu 82 og þar hafi verið Kristján Viðar, Albert Klahn, Tryggvi Rúnar og [GunJ] sem hafi verið búinn að taka inn LSD töflu og jafnvel Tryggvi Rúnar líka. Síðan hafi hann farið að Vesturgötu 24 með svarta handtösku með áfengi og fleiru. Þar hafi hann hitt Albert sem hafi verið að sækja LSD töflur sem hann og Kristján Viðar ætluðu að neyta um kvöldið.²⁶⁴¹ Sagðist Sævar ekki vilja útiloka þann möguleika að hann hafi fengið far með Alberti frá Grettisgötu að Vesturgötu í umrætt sinn. Albert hafi neitað sér um far að starfsmannahúsi Kópavogshælis og því hafi hann tekið leigubifreið þangað. Hann hafi haft það í hyggju að dvelja hjá [HeG] um nóttina og slappa af. Hann hafi haft viskíflösku meðferðis og tvær hljómplötur [Tubular Bells] og War. Taldi Sævar að klukkan hafi verið um 23:00 þegar hann hafi komið til [HeG]. Mundi hann eftir því að [SæJ] hafi komið inn í herbergið í einhvern tíma og þegið viskíglas. Um miðnætti hafi Kristján Viðar komið í þeim tilgangi að fá peningalán. Kvaðst Sævar hafa verið allfjáður um þetta leyti og Kristján verið meðvitaður um það.²⁶⁴² Hann hafi verið með um 60.000 krónur í vasanum. Minnti Sævari að Kristján Viðar hafi beðið hann um 5.000 krónur, en hann hafi sagst geyma peningana sína í Hafnarfirði. Mundi hann ekki hvort Kristján Viðar hafi komið inn í herbergið. Bókað var um lýsingar Sævars á klæðnaði hans og Kristjáns Viðars. Kvaðst Sævar hafa tekið eftir bifreið Alberts fyrir utan húsið, svörtum, eldri Volkswagen. Hann hafi séð [GunJ] í framsætinu, en Kristján Viðar hafi sagt honum að Tryggvi Rúnar væri jafnframt í bifreiðinni. Sagði Sævar að

²⁶³⁹ Bls. 2454.

²⁶⁴⁰ Dagbók Hegningarhússins, nr. 1, bls. 41.

²⁶⁴¹ Bls. 2455.

²⁶⁴² Bls. 2456.

Kristján Viðar hafi haft orð á því að þeir hafi verið á „putterí“ eins og hann hafi heyrt það kallað, það er að keyra á milli skemmtistaða í borginni til að reyna að afla sér peninga. Hafi Kristján Viðar talað um að þeir væru á leið til Hafnarfjarðar í sama tilgangi. Greindi Sævar frá því að þegar Kristján Viðar hafi farið hafi hann farið aftur inn til [HeG]. Giskaði Sævar á að klukkan hafi þá verið um 01:00. Mundi hann eftir því að herbergisfélagi [HeG], [LH] hafi komið stuttu seinna og verið í ástarsorg, en hún hafi verið úti að skemmta sér.²⁶⁴³ Þegar klukkan hafi verið um 02:00 hafi Sævar talið vissara að fara og athuga hvort Kristján Viðar og félagar hafi reynt að komast inn í íbúðina að Hamarsbraut 11, en hún hafi oft staðið ólæst þar sem einungis einn lykkill hafi verið til að útidyrhurðinni. Mundi Sævar eftir því að hafa þá klætt sig og farið í hvíta skyrту sem hann hafi keypt í Amsterdam vikunni áður og lopapeysu utan yfir. Benti hann á að lesa mætti um þá ferð í sérstöku máli sem rannsakað hafi verið á þeim tíma hjá fíkniefnadómstólnum. Kvaðst Sævar hafa tekið leigubifreið til Hafnarfjarðar, en mundi ekki hvar eða hvernig hann hafi fengið bifreiðina. Mundi hann ekki hvaða leigubifreiðastjóri hafi ekið honum en sagði það ekki hafa verið [ViG]. Mundi Sævar eftir því að ljós hafi verið í kjallaraíbúðinni þegar hann hafi komið þar að. Hann hafi greitt fyrir leigubifreiðina, en mundi ekki hversu mikið. Sagðist Sævar muna eftir því að bifreið Alberts hafi staðið fyrir utan kjallaradyrnar. Kvaðst Sævar hafa farið inn í íbúðina, en dyrnar hafi verið opnar. Inni í fremra herbergi íbúðarinnar hafi verið Kristján Viðar, Tryggvi Rúnar, [GunJ] og Guðmundur Einarsson. Erla hafi ekki verið heima.²⁶⁴⁴ Virtist honum sem allir mennirnir hafi verið mjög ölvaðir og í lyfjarugli, nema Albert, hann hafi virst ódrukkinn. Greindi Sævar frá því að um leið og hann hafi birst í íbúðinni hafi Kristján og Tryggvi beðið hann um peninga fyrir áfengisflösku. Kvaðst Sævar hafa sagt við þá að þeir gætu ekki verið í íbúðinni þar sem hann væri ekki húsráðandi heldur fengi Erla að vera þarna hjá föður hennar. Mennirnir hafi ekki hlustað á hann og ekkert annað komist að hjá þeim en að kaupa flösku til að drekka í íbúðinni. Á þeim tímapunkti hafi verið komin nokkur misklíð og hafi Guðmundur ætlað að þrífa í hann, en hann náð að víkja sér undan. Þá hafi ein allsherjar slagsmál brotist út í fremra herbergi íbúðarinnar og beinst að Guðmundi. Var Sævari ekki ljóst hvers vegna Guðmundur hafi ráðist að sér í fyrstu, en taldi þar tvær ástæður koma til greina. Annars vegar hafi hann verið að amast við veru þeirra í íbúðinni og hins vegar hafi Guðmundur talið hann hafa rænt veskinu hans. Tók Sævar það skýrt fram að hann hafi ekki tekið veski Guðmundar og ekki séð það tekið af honum. Benti Sævar á að hann hafi enga ástæðu haft til slíks verknaðar, þar sem hann hafi haft næga peninga. Kvaðst Sævar hafa verið vitni að því þegar Kristján Viðar sló Guðmund í andlitið. Taldi hann að Tryggvi Rúnar og Albert hafi einnig tekið þátt í átökum við Guðmund. Sagðist Sævar ekki hafa séð hver hafi gert hvað eða hver hafi slegið Guðmund niður. Hann hafi sjálfur flúið fram á gang og inn á salerni en þá hafi hann heyrt dyng líkt og maður hafi falli utan í vegg eða á gólf.²⁶⁴⁵ Taldi hann að [GunJ] hafi ekki tekið þátt í átökunum. Þetta hafi allt gerst mjög snögglega. Sagðist Sævar hafa heyrt í Tryggva og Kristjáni og þá hafi hann farið út af salerninu og séð Guðmund liggja á bakinu á

²⁶⁴³ Bls. 2457.

²⁶⁴⁴ Bls. 2458.

²⁶⁴⁵ Bls. 2459.

gólfinu í fremra herberginu. Albert hafi verið að athuga með Guðmund og verið yfir honum. Kvaðst Sævar ekki muna glöggst hvar [GunJ] hafi verið, en taldi hann hafa verið hjá Alberti. Greindi Sævar frá því að þarna hafi hann talið að Guðmundur hafi verið sleginn niður. Tryggvi og Kristján Viðar hafi enn rætt um flöskukaup og peningamál. Kvaðst Sævar hafa fallist á að leggja til peninga gegn því að þeir færu úr íbúðinni. Þá hafi verið gerð tilraun til að vekja Guðmund. Fyrst hafi Tryggvi Rúnar og Kristján Viðar athugað með hann og þá uppgötvað að Guðmundur var látinn. Kvaðst Sævar hafa beygt sig niður að Guðmundi og þá komist að sömu niðurstöðu. Kvaðst Sævar hafa tekið eftir því að eitthvað blóð hafi verið í munnvikum Guðmundar, en ekkert sýnilegt blóðrennsli. Sagðist Sævar ekki hafa séð Kristján Viðar beita hnífi eða eggvopni og ekki séð neitt barefli notað. Orðrétt var bókað: „Mætti óskar eftir að taka það fram, að við samprófun í maí mán. s.l. með Kristjáni Viðar, hjá Nirði Snæhólm í Síðumúlafangelsi, tjáði Kristján Viðar frá því, að hann hafi orðið Guðmundi Einarssyni að bana með hnífstungu. Þetta segist mætti ekki hafa fallist á, enda hafi það ekki við rök að styðjast.“²⁶⁴⁶ Greindi Sævar frá því að í upphafi rannsóknarinnar hafi honum verið sýnt hnífsblað sem [HeG] hafi afhent lögreglu. Látið hafi verið að því liggja að hnífsblaðinu hafi verið beitt í umræddum átökum, en það ætti ekki skylt við raunveruleikann. Bókað var að Sævari hafi verið sýnd ljósmynd af byssusting sem áður hafi verið vikið að við framhaldsrannsókn málsins. Kvaðst Sævar kannast við að hafa séð sams konar grip hjá Kristjáni Viðari, en ekki hafa séð hann með byssustinginn umrætt kvöld eða um nóttina. Orðrétt var bókað í skýrsluna: „Mætti vill geta þess, að í maímánuði s.l. hafi Kristján Viðar tjáð mætta, að hann hafi verið með byssustinginn á sér og orðið Guðmundi að bana með honum. Mætti kveðst þora að fullyrða, að þessi saga Kristjáns sé hreinn uppspuni og kennir um, hvernig staðið var að fyrri rannsókn málsins.“ Greindi Sævar frá því að þegar þeim hafi verið það ljóst að Guðmundur væri látinn hafi þeir orðið mjög óttaslegnir. Í fyrstu hafi þeir rætt um að kalla á lögreglu eða sjúkrabifreið en af ótta við afleiðingarnar hafi þeir horfið frá því. Komið hafi til álita að skilja líkið eftir svo það myndi finnast, en fallið hafi verið frá því vegna hættu á því að böndin myndu berast að þeim sem síðast hafi verið með honum um kvöldið. Þá hafi orðið að samkomulagi að koma líkinu fyrir á öruggum stað svo það myndi ekki finnast. [GunJ] hafi þar verið með í ráðum. Ákvörðun hafi verið tekin um að koma líkinu fyrir fjarri mannabyggðum, en enginn ákveðinn staður hafi verið tilnefndur. Sagði Sævar það rangt að þeir hafi tekið lakið úr rúmi hans og Erlu og vafið það utan um líkið. Sannleikurinn væri sá að þeir hafi borið líkið á milli sín, eins og það hafi legið á gólfinu.²⁶⁴⁷ Rangt væri að þeir hafi borið það fyrst inn í geymsluherbergið heldur hafi þeir borið það beint út í bifreið Alberts. Greindi Sævar frá því að fyrst hafi verið reynt að koma líkinu fyrir í farangursgeymslunni, en þegar ekki hafi verið hægt að loka henni þá hafi líkið verið sett inn í bifreiðina fyrir aftan framsætin. Kvaðst Sævar ekki vilja slá því föstu að þeir hafi reynt að koma líkinu fyrst fyrir í farangursgeymslunni. Kvaðst Sævar ekki hafa tekið eftir blettum á gólfinu þar sem líkið lá. Hann hafi læst útidyrhurðinni eftir að þeir fóru út með líkið. Þegar búið

²⁶⁴⁶ Bls. 2460.

²⁶⁴⁷ Bls. 2461.

hafi verið að koma líkinu fyrir í bifreiðinni hafi hann farið aftur inn í íbúðina, slökkt ljósin og lokað hurðum. Minntist Sævar þess ekki að hafa séð Erlu á staðnum og sagðist ekki hafa hitt hana fyrr en á sunnudagskvöldið 27. janúar 1974. Orðrétt var bókað í lok skýrslunnar: „Þegar hér var komið sögunni, þá óskar mætti eftir því að láta staðar numið og fer fram á það, að reynt verði til þrautar, að fá aðra aðila málsins, til að segja allan sannleikann.“²⁶⁴⁸

1401. Þennan dag ritaði Guðjón færslu í dagbók sína um að hugurinn snerist um væntanleg réttarhöld og önnur framtíðarinnar gleðiefni.²⁶⁴⁹ Daginn eftir, 10. mars 1977, ritaði Guðjón um að Benedikt Blöndal, réttargæslumaður hans, hafi ekki komið til sín og væri hann farinn að örvænta um hann. Ritaði hann um að hafa fengið bréf frá [GUÆ] sem hafi borið sig illa yfir því að aðrir skyldu lesa bréfin yfir. Guðjón ritaði um útveru og lestur á ritskoðuðu Morgunblaði. Hann hafi lengi hugsað um bréfið frá [GUÆ] og annan aðsteðjandi og yfirvofandi vanda. Ritaði hann um að hafa ekki séð séra Jón Bjarman síðan 17. febrúar 1977.²⁶⁵⁰
1402. Fimmtudaginn 10. mars 1977 var Albert Klahn tekinn til yfirheyrslu vegna framhaldsrannsóknar á hvarfi Guðmundar. Sérstaklega aðspurður hvað hafi orðið af armbandsúri Guðmundar Einarssonar kvaðst Albert ekki vita það og sagðist aldrei hafa séð það tekið af honum. Aðspurður hvort [GunJ] gæti hafa fengið úrið sagði Albert það geta verið, en hann vissi ekki um það. Kvaðst Albert hafa hugsað mikið um málið eftir síðustu skýrslu sína fyrir sakadómi. Hann hafi því gert sér erindi að Hamarsbraut 11, suður í Hafnarfjarðarhraun og í Hafnarfjarðarkirkjugarð. Kvaðst hann hafa beygt út á afleggjarann út af Keflavíkurveginum, en ekki treyst sér til að aka eins langt út í hraunið og hann taldi að ekið hafi verið með líkið umrædda nótt. Sagðist Albert vera nokkuð viss um að í umræddri ferð hafi hann ekið nokkurn spöl eftir malarvegi meðfram Keflavíkurveginum. Minntist hann þess að Sævar hafi haft orð á því hvort ekki væri rétt að slökkva ljós bifreiðarinnar, en of skuggsýnt hafi verið og því hafi hann kveikt ljósin aftur. Kvaðst hann halda að gröfin sem þeir hafi tekið í Hafnarfjarðarkirkjugarði hafi verið styttri en hann hafi áður sagt, en dýptin hafi verið sú sama.²⁶⁵¹ Ber skýrslan með sér engar frekari nýjar upplýsingar.
1403. Föstudaginn 11. mars 1977 var bókað í dagbók fangelsisins við Síðumúla að Sigurbjörn Víðir hafi komið við klukkan 08:00 og tekið bréf til hans og Gunnlaugs Briem, frá Guðjóni. Klukkan 10:25 var bókað að Haraldur Blöndal, hæstaréttarlögmaður hafi komið ásamt Hellerti rannsóknarlögreglumanni til að gera skattskýrslu Guðjóns, með leyfi Gunnlaugs Briem. Bókað var klukkan 12:00 að þeir hafi farið eftir að hafa lokið verkefni sínu hjá Guðjóni. Klukkan 13:35 var bókað að Tryggvi Rúnar hafi verið færður fram í horn til Gísla Guðmundssonar. Bókað var að

²⁶⁴⁸ Bls. 2462.

²⁶⁴⁹ Bls. 2225_B.

²⁶⁵⁰ Bls. 2226_A.

²⁶⁵¹ Bls. 2463.

Tryggvi Rúnar hafi verið færður aftur á sinn klefa klukkan 13:55.²⁶⁵² Rannsóknargögn liggja ekki fyrir um yfirheyrsluna.²⁶⁵³

1404. Fyrir liggur skýrsla um yfirheyrslu yfir [ViG] þennan dag, í tengslum við framhaldsrannsókn á hvarfi Guðmundar Einarssonar. Var hann inntur eftir frekari upplýsingum um ferðir hans með Sævar og félagar hans á því tímabili sem Guðmundur hvarf. Bókað var að vitnið hafi sagst hafa gefið allar þær upplýsingar. Mundi hann eftir því að hafa ekið Sævari á sunnudagskvöldið að Hamarsbraut 11 en þá hafi ætlun hans verið að fara austur að Gljúfurholti í Ölfusi, en Sævar hafi horfið frá því. Mundi vitnið ekki eftir því hvaða mánaðardag þetta hafi verið, en sagði þetta hafa verið um níuleytið að kvöldi. Mundi vitnið ekki betur en að Sævar hafi verið eins klæddur eftir að hann kom heim að utan og taldi að hann hafi yfirleitt verið í sömu fötunum og heldur ósnyrtilegur. Aðspurður hvort hann hafi séð Sævar í svartri skyrtu kvaðst vitnið ekki muna eftir því.²⁶⁵⁴
1405. Guðjón ritaði í dagbók sína um að hafa verið vakinn snemma af Haraldi Blöndal og manni frá dómara til að gera skattframtal, sækja um framfærslustyrk og fleira. Gunnar Marinósson hafi komið með Morgunblaðið til hans og ritaði Guðjón um að hafa látið hann lesa bréf frá [GUÆ] um flutning í Hegningarhúsið við Skólavörðustíg. Gunnar hafi verið því heldur andvígur og talið lítið upp úr því að hafa. Ritaði Guðjón um að vilja ræða þetta við Benedikt Blöndal og séra Jón Bjarman.²⁶⁵⁵
1406. Fyrir liggja skýrslur um yfirheyrslur yfir Kristjáni Viðari, Tryggva Rúnari og Sævari 11. mars 1977, vegna framhaldsrannsóknar á hvarfi Guðmundar. Í hverja skýrslu var bókað að ein spurning hafi verið lögð fyrir ákærða að fyrirlagi Gunnlaugs Briem, sakadómara; hvort líkamsleifar Guðmundar hafi verið grafnar í kirkjugarðinum í Hafnarfirði. Svar Kristjáns var orðrétt bókað: „Það er þá algjörlega án minnar vitundar.“²⁶⁵⁶ Svar Tryggva Rúnars var bókað orðrétt: „Þetta veit ég ekkert um, af því ég kem þar hvergi nærri.“²⁶⁵⁷ Orðrétt var bókað eftir Sævari: „Nei, ekki mér vitandi.“²⁶⁵⁸
1407. Laugardaginn 12. mars 1977 var bókað í dagbók Síðumúlafangelsisins klukkan 10:45 var bókað að Haraldur Blöndal, lögmaður, hafi komið með bókina „Lögfræðingatal“ til Guðjóns að gefnu leyfi Gunnlaugs Briem. Bókað var að Gísli Guðmundsson hafi tekið Tryggva Rúnar til viðtals í horninu klukkan 16:10. Var Tryggvi Rúnar færður aftur á klefa sinn klukkan 17:45.²⁶⁵⁹ Rannsóknargögn liggja ekki fyrir um viðtalið.

²⁶⁵² Dagbók nr. 6, bls. 165.

²⁶⁵³ Dagbók nr. 6, bls. 166.

²⁶⁵⁴ Bls. 2464–2465.

²⁶⁵⁵ Bls. 2226_B.

²⁶⁵⁶ Bls. 2465.

²⁶⁵⁷ Bls. 2466.

²⁶⁵⁸ Bls. 2466.

²⁶⁵⁹ Dagbók nr. 6, bls. 167.

1408. Mánudaginn 14. mars 1977 var bókað í dagbók Síðumúlafangelsisins að séra Jón Bjarman hafi hringt klukkan 19:30 og látið vita að hann væri kominn erlendis frá og þar með til starfa aftur.²⁶⁶⁰
1409. Fyrir liggur skýrsla um yfirheyrslu yfir Erlu þennan dag vegna framhaldsrannsóknar á hvarfi Guðmundar. Í upphafi skýrslunnar var bókað orðrétt: „Henni er bent á nokkur atriði í fyrri framburði hennar, sem ekki komi heim og saman við sumt af því sem fram kemur í framburði hennar hjá rannsóknarlögreglunni þ. 20. des. 1975 og framburði þeirra, Sævars Ciesielski og Alberts Klahn Skaftasonar.“ Kvaðst Erla ekki gera sér ljóst hvernig stæði á þessu ósamræmi og treysti hún sér ekki til að skýra það nánar. Sagðist hún ekki geta skýrt það hvers vegna hún hafi ekki nefnt alla þá menn sem hafi verið staddir að Hamarsbraut 11 í umrætt sinn, ef það væri sannleikur málsins. Gat hún ekki heldur skýrt frekar hvers vegna ósamræmi væri í framburði hennar og þeirra Alberts og Sævars annars vegar varðandi rúmlakið og hins vegar varðandi það að líkið hafi verið sett fram í geymslu á meðan þeir hafi farið í burtu af staðnum. Kvaðst Erla ekki minnst þess að bifreið Alberts Klahn hafi staðið fyrir utan dyrnar á húsinu. Mundi hún ekki eftir því hvort síminn hafi verið lokaður vegna vanskila, en sagði það hafa komið fyrir. Minntist hún þess að Sævar hafi látið hana fá peninga til að greiða upp skuld í því sambandi, en gat ekki tilgreint það nánar. Orðrétt var bókað í skýrsluna: „Mætta man eftir því að hafa sagt frá því í skýrslu hjá fíkniefnadómstólnum þ. 7. febr. 1974 að Sævar hafi komið heim til hennar eftir nokkurra daga fjarveru þ. 27. jan. '74 og þá verið með [ViG]. Hún segist ekki geta gefið neina skýringu á því, hvers vegna hún hafi ekki minnst á að hafa orðið vör við Sævar þegar hún kom heim úr Klúbbnum aðfaranótt þ. 27. jan.“²⁶⁶¹
1410. Sama dag var bókað í fangelsisdagbók Hegningarhússins að Kristján Viðar hafi verið fluttur í sakadóm klukkan 13:30.²⁶⁶² Fyrir liggur skýrsla um yfirheyrslu yfir Kristjáni Viðari þennan dag milli klukkan 13:50 og 16:50 í tengslum við framhaldsrannsókn á hvarfi Guðmundar. Bókað var að Páll Arnór Pálsson, réttargæslumaður Kristjáns hafi verið viðstaddur yfirheyrsluna. Fram kom að Gunnlaugur Briem hafi farið fram á að ákærði gerði nánari grein fyrir nokkrum atriðum varðandi þátttöku hans í málinu og skýrði betur atburðarásina. Sagði Kristján Viðar að frásögn sín um að hafa stungið Guðmund með byssusting væri ekki sannleikanum samkvæmt. Orðrétt var bókað: „Mætti segir að þessu hafi skotið upp í kollinn á sér og kannski hafi ástæðan verið sú, að hann vildi einn taka á sig alla sökina. Mætti segir að lýsingin á því þegar hann átti að hafa stungið Guðmund hafi ekki verið raunveruleg og þetta svokallaða „prumphljóð“ sem fram kemur í skýrslu Haraldar Árnasonar hafi verið tilbúningur, sem hann sjálfur telur sig eiga sök á. Einnig segir mætti að sama sé að segja um lyktina, sem lýst er í sömu skýrslu, það sé tilbúningur, en trúlega sé sú lýsing komin frá Erlu Bolladóttur og lögreglumönnunum sem rannsókn höfðu á málinu í upphafi.“ Greindi hann nánar frá því hvernig hann komst yfir umræddan byssusting. Inntur eftir því hvort hann muni að síminn að Hamarsbraut 11 hafi verið lokaður á umræddum

²⁶⁶⁰ Dagbók nr. 6, bls. 169.

²⁶⁶¹ Bls. 2467.

²⁶⁶² Dagbók Hegningarhússins, nr. 1, bls. 43.

tíma kvaðst Kristján Viðar nú muna eftir því. Hann hafi ekki verið spurður fyrr og því ekki munað sérstaklega eftir því.²⁶⁶³ Orðrétt var bókað í skýrsluna: „Mætti er spurður að því, hvort hann muni eftir fleiri mönnum á Hamarsbraut 11, þegar Guðmundi var ráðinn bani. Mætti man eftir því nú að Albert Klahn Skaftason og strákur sem kallaður er Gunnar hafi verið þar inni. Mætti telur að hvorugur þeirra hafi lent í átökunum við Guðmund Einarsson.“ Mundi Kristján Viðar eftir því að Albert og Gunnar hafi komið í heimsókn til hans umrætt laugardagskvöld og þar hafi einnig verið Tryggvi Rúnar. Mundi hann eftir því að Albert hafi farið í leiðangur til að kaupa LSD töflur og minnti Kristjáni Viðari að Gunnar hafi farið með honum. Sagði hann það hugsanlegt að hann hafi tekið inn hálfu LSD töflu. Mundi hann eftir því að þeir fjórir hafi farið út að keyra með Alberti. Þeir hafi ekið á milli skemmtistaða í þeim tilgangi að komast í partí. Eitthvað hafi það gengið illa og þá hafi verið ekið að starfsmannahúsinu við Kópavogshæli. Kvaðst Kristján Viðar hafa rætt við Sævar sem hafi verið þar staddur hjá [HeG]. Sagðist Kristján Viðar hafa beðið Sævar um peningalán fyrir áfengi, en hann hafi verið eitthvað tregur til þess. Greindi Kristján Viðar frá því að hafa spurt Sævar hvort þeir mættu koma inn til [HeG], en Sævar hafi tekið fyrir það og sagst vera á heimleið.²⁶⁶⁴ Sagði Kristján Viðar að þeir hafi þá ekið til Hafnarfjarðar. Í brekkunni ofan við Strandgötuna hafi hann og Tryggvi Rúnar farið út úr bifreiðinni og þar hafi þeir hitt Guðmund Einarsson. Kvaðst Kristján Viðar ekki muna betur en að þeir hafi síðan farið þrjú fótgangandi að Hamarsbraut 11. Orðrétt var bókað: „Mætta er bent á að samkv. framburði Alberts Klahn, hafi þeir allir komið aftur inn í bíl til hans og hann ekið þeim að Hamarsbraut 11. Mætti kveðst nú muna eftir því, að þeir hafi jú farið inn í bíl til Alberts, en sig minni, að þeir hafi farið aftur út úr bílnum. Ekki segist hann samt vilja fullyrða þetta.“ Sagði Kristján Viðar að erindið á Hamarsbraut 11 hafi verið að fá peningalán hjá Sævari. Kvaðst hann hafa bankað bæði á stofu- og herbergisglugga á Hamarsbraut 11. Mundi hann ekki betur en að Sævar hafi skriðið inn um glugga, en þeir hafi ekki verið komnir inn í íbúðina þegar Sævar hafi komið þar að. Sævar hafi hleypt þeim inn og minnti Kristjáni að Albert og Gunnar hafi komið þangað inn rétt á eftir. Greindi Kristján Viðar frá því að fljótlega hafi átök orðið milli Tryggva Rúnars, Sævars og Guðmundar. Mundi hann eftir því að Sævar hafi haft orð á því að þeir gætu ekki verið í íbúðinni þar sem Erla kæmi fljótlega heim, eins hafi hann haft orð á því að hafa ekki hátt. Bókað var að Kristján Viðar myndi illa eftir atburðarásinni inni á Hamarsbraut 11 og myndi ekki sérstaklega eftir Erlu. Kvaðst hann ekki treysta sér til að gefa réttari lýsingu á atburðinum heldur en hann hafi áður gert. Taldi Kristján Viðar sig muna að hann hafi slegið Guðmund fjórum sinnum og sagðist halda að það hafi orðið honum að bana.²⁶⁶⁵ Taldi hann sig einnig muna eftir því að Tryggvi Rúnar hafi líka slegið Guðmund. Sagðist Kristján Viðar ekki vita hvort Albert eða Sævar hafi lent í átökunum. Taldi hann fullvíst að Gunnar hafi ekki lent í átökum við Guðmund. Kvaðst Kristján Viðar ekki muna eftir að lak hafi verið vafið utan um Guðmund og sagðist ekkert vilja um það segja frekar. Mundi hann ekki hvort lík Guðmundar hafi verið lagt í geymsluna að Hamarsbraut 11. Aðspurður hvort hann

²⁶⁶³ Bls. 2468.

²⁶⁶⁴ Bls. 2469.

²⁶⁶⁵ Bls. 2470.

hafi tekið þátt í flutningi á líkinu í Fossvogskirkjugarði í ágúst 1974 sagðist Kristján Viðar ekki hafa verið með í því að flytja líkið, hvorki þangað né á annan stað. Bókað var í lok skýrslunnar að Kristjáni Viðari hafi verið sýnd ljósmynd af [GunJ] og hann sagst þekkja þar þann mann sem hafi verið staddur að Hamarsbraut 11 þegar umræddur atburður átti sér stað.²⁶⁶⁶

1411. Þriðjudaginn 15. mars 1977 var bókað í dagbók fangelsisins við Síðumúla að farið hafi verið með Tryggva Rúnar í sakadóm Reykjavíkur. Bókað var að komið hafi verið með Tryggva Rúnar til baka úr sakadómi klukkan 13:00.²⁶⁶⁷ Rannsóknargögn liggja ekki fyrir um yfirheyrsluna.
1412. Sama dag ritaði Guðjón í dagbók sína um að hafa rætt um Hegningarhúsið við Ara fangavörð, en ekki komist að niðurstöðu.²⁶⁶⁸
1413. Miðvikudaginn 16. mars 1977 var bókað í dagbók Síðumúlafangelsisins klukkan 15:40 að Davíð Hálfánarson, rannsóknarlögreglumaður, hafi komið með bréf til Guðjóns frá sakadómi. Klukkan 15:55 var bókað að Gunnlaugur Briem, sakadómari, hafi hringt og spurt um dvalartíma Tryggva Rúnars í fangelsinu. Bókað var klukkan 16:00 að hringt hafi verið í Hellert Jóhannesson fyrir Tryggva Rúnar. Var þess getið að Hellert kæmi eftir hádegi daginn eftir til viðtals við Tryggva.²⁶⁶⁹
1414. Fyrir liggur samantektarskýrsla dagsett sama dag, rituð af Gísla, um leiðangur þennan dag með Alberti Klahn að Hamarsbraut 11 og Hafnarfjarðarkirkjugarð. Bókað var að með í för hafi verið Gunnlaugur Briem, Ármann Kristinsson, Haraldur Henrysson, Örn Clausen réttargæslumaður Alberts, Kristmundur Sigurðsson aðstoðaryfirlögregluþjónn og fjórir rannsóknarlögreglumenn. Fram kom að Albert hafi farið inn í íbúðina að Hamarsbraut 11 og Gunnlaugur hafi rætt við hann þar inni. Bókað var að Albert hafi ekki virst vel minnugur þess sem þarna hafi gerst. Hann hafi talið sig muna eftir því að átökin hafi byrjað í svefnherberginu, en þegar þau hafi verið um garð gengin hafi Guðmundur legið á gólfinu í fremra herberginu. Að skoðuninni lokinni hafi verið farið enn eina ferð í Hafnarfjarðarkirkjugarð og þar hafi Albert verið beðinn um að benda á greftrunarstaðinn. Bókað var að hann hafi verið mjög á reiki, en haldið því fram að grafið hafi verið meðfram steiptum kanti utan við leiði eða inni í leiði. Bókað var að [GeG] kirkjugarðsvörður hafi verið viðstaddur og sagt sem fyrr að heldur ólíklegt væri að hann hafi ekki orðið þess var hefði gröf verið tekin í garðinum. Vildi hann þó ekki útiloka neitt og sagði hægt að kanna þetta betur þegar frost færi úr jörðu.²⁶⁷⁰
1415. Meðal rannsóknargagna liggur fyrir skjal með heitinu: „Formáli að lokaskýrslu rannsóknarlögreglu um málsrannsókn vegna grunar um dráp Geirfinns Einarssonar frá Keflavík“. Skjalið er ódagsett, líklega ritað af Karli Schütz og stimplað „TRÚNAÐARMÁL.“ Fram kom að málskjöl væru um 2.000 blaðsíður og útbúin hafi verið sérstök vinnumappa fyrir hvern hinna fimm ákærðu í málinu. Orðrétt sagði:

²⁶⁶⁶ Bls. 2471.

²⁶⁶⁷ Dagbók nr. 6, bls. 170.

²⁶⁶⁸ Bls. 2226_E.

²⁶⁶⁹ Dagbók nr. 6, bls. 173.

²⁶⁷⁰ Bls. 2472–2473.

„Hún hefur að geyma allan framburð kærðu sem varðar þá niðurstöðu rannsóknarinnar sem nú liggur fyrir. Fyrri útgáfur framburða og grunsemdir, sem komið hefur í ljós að ekki voru á rökum reistar, er að finna í floknum c) „flokkun skv. tímaröð“. Þá kom fram að hverri vinnuöppu fylgdi sérstök mappa með heitinu: „Geirfinnur“ og mappan: „Styrking játninga“.²⁶⁷¹ Lýst var uppbyggingu og kaflaskiptingu lokaskýrslunnar. Orðrétt sagði: „Lýsing málsatvika verður að vera óeðlilega víðtæk vegna þess hve umfangsmikið málið er, en einnig til þess að mæta vöntun áþreifanlegra sönnunargagna.“²⁶⁷² Þá sagði orðrétt í skýrslunni: „Lokaskýrslan er aðallega byggð á síðustu framburðum sem ber saman og þar með þeim fyrirbyggjandi sönnunum sem þungar eru á metunum. Annars leit undirritaður ekki svo á að það væri hlutverk sitt að leggja fram mál, sem væri nákvæmt og yfirvegað með tilliti til hegningarlaganna (refsiréttarins, strafjuristisch) heldur að leysa afbrotafræðilega (kriminalistisch) óupplýst afbrot.“²⁶⁷³ Í lok skýrslunnar kom fram að skjöl merkt: „Flokkun skv. tímaröð“ væru öll skjöl viðkomandi málinu, röðuð í tímaröð. Þannig fengi lesandinn yfirsýn yfir fyrri framburði sakborninga sem hafi reynst rangur, framburð vitna sem hafi skipt máli og árangurslausar rannsóknir.²⁶⁷⁴

1416. Fyrir liggur lokaskýrsla rannsóknarnefndar Reykjavíkur um dráp Geirfinns Einarssonar. Skýrslan er ódagsett, rituð af Karli Schütz. Í upphafi skýrslunnar kom fram að Sævar, Kristján Viðar, Guðjón og Erla hafi að miklu leyti játað, eftir að hafa vísitandi reynt að flækja málið um langt skeið, en mikið bæri á milli þeirra um undirbúning, framkvæmd og atburði sem hafi fylgt í kjölfar verknaðarins. Fram kom að ósamræmið þyrfti ekki að stafa af vísitandi ósannsögli heldur gæti það verið vegna eftirtektarleysi eða minnisleysi. Greint var frá því að ástæða þess að ekki hafi enn tekist að finna lík hins myrta kynni að vera sú að skömmu eftir að kunnugt varð um líklegan greftrunarstað hafi gert mikið frost sem hafi hindrað frekari leit. Ekki væri þó hægt að útiloka þann möguleika að sakborningarnir væru tregir til að vísa á líkið þar sem þeir óttuðust að upp kæmist hvernig morðið hafi verið framið, ef til vill mjög grimmdarlegan.²⁶⁷⁵ Í skýrslunni kom fram að líta yrði svo á að framkvæmd og tildrög verknaðarins væru rökrétt og trúverðug ef tekið væri tillit til menntunar, uppruna og hugsunarháttar sakborninganna. Orðrétt sagði: „Ekki verður litið fram hjá þeirri staðreynd, að oft hafa þeir reynst búa yfir þekkingu sem aðeins raunverulegir brotamenn búa yfir.“ Varðandi ósamræmi í framburðum yrði að hafa það í huga að sakborningarnir hugsuðu mjög yfirborðslega og áttuðu sig yfirleitt ekki á dýpra samhengi eða atriðum sem lögju að baki þar sem þau tækju ekki eftir slíku. Þá hafi mjög frumstæður orðaforði þeirra orsakað ósamræmi sem ekki hafi verið gerður í slæmum tilgangi.²⁶⁷⁶ Fram kom að ekki væru fyrir hendi neinar skynsamlegar ástæður til að efast um verknaðinn og tildrög hans, eins og hann hafi verið játaður. Með tilliti til þess mætti því líta svo á að niðurstaða rannsóknarinnar væri svo sennileg að hún

²⁶⁷¹ Bls. 2227.

²⁶⁷² Bls. 2228.

²⁶⁷³ Bls. 2229.

²⁶⁷⁴ Bls. 2230.

²⁶⁷⁵ Bls. 2232.

²⁶⁷⁶ Bls. 2234.

nálgaðist vissu. Í skýrslunni sagði að ekki virtist ráðlegt að rannsaka málið frekar til að afmá síðustu vafaatriðin. Í framhaldinu sagði orðrétt: „[P]ví það hefur oft sýnt sig við yfirheyrslur, að fólk sem alls ekki gat munað vafasöm atvik, leitaði undanbragða með því að segja: „Það er hugsanlegt að svo hafi verið“ af misskilinni hjálpssemi eða hræðslu við að segja eitthvað rangt. Á þann hátt og með því að koma með óhæfar ábendingar skapast oft nýjar efasemdir við nánari rannsókn í stað þess að ryðja þeim gömlu úr vegi.“²⁶⁷⁷ Þá sagði að eitt af því sem gæti gert málið erfitt viðfangs eftir að niðurstaða þess yrði kynnt, væru vangaveltur sem vektu efasemdir um árangurinn eða efldu þær. Slíkt gæti haft áhrif á þau yfirvöld sem myndu fást áfram við málið. Reynslan hafi hins vegar sýnt að meðferð afbrota sem framin hafi verið fyrir löngu væru jarðvegur fyrir slíkt, en einnig áhrifagirni margra þegna þessa lands.²⁶⁷⁸ Undir kaflaheitinu „Lýsing málsatvika“ kom fram að Erla hafi komið af stað málsrannsókn gegn Sævari og Kristjáni Viðari og síðar sjálfri sér og fleiri aðilum með því að segja Rannsóknarlögreglunni í Reykjavík ótilkvödd frá Geirfinnsmálinu 22. janúar 1976. Síðan hafi þau komið fram með margar, ótrúlegar og mótsagnakenndar útgáfur af atburðum og vísvitandi dregið saklausa borgara inn í málið. Sævar Kristján og Erla hafi síðan viðurkennt að hafa beint ranglega grunsemdum að fólki samkvæmt fyrirframgerðri áætlun í þeim tilgangi að hindra lausn málsins.²⁶⁷⁹ Raktir voru framburðir Sævars²⁶⁸⁰ og Kristjáns Viðars²⁶⁸¹ um undirbúning verknaðarins. Engar nýjar upplýsingar koma þar fram. Þess var getið sérstaklega að ekki væri hægt að líta svo á að Guðjón hafi lagt fram endanlega játningu. Vikum saman hafi hann vikið sér undan því að láta yfirheyra sig formlega. Einkum bæri hann en fyrir sig eyðum í minni sínu. Það væri einkum hann sem hafi snúið sig út úr spurningum um smáatriði með því að segja: „ég man það ekki nákvæmlega.“ Af þeim sökum væru mörg einstök atriði enn óljós hjá honum. Framburður Guðjóns og Erlu um sama efni var rakinn í skýrslunni, en engar nýjar upplýsingar komu þar fram.²⁶⁸² Undir yfirheitinu: „Niðurstöður rannsókna og staðfestingar á játningum“ kom fram að athugun lögreglu á því hvort til væri maður að nafni Geiri í Keflavík sem verslaði áfengi hafi verið árangurslaus. Þá væri vafasöm sú frásögn Sævars að hafa kynnt sig fyrir Geirfinni sem Magnús Leópolðsson, en miðað við hugsunarhátt Sævars væri honum alveg trúandi til í að leika slíkt.²⁶⁸³ Fram kom að ekki hafi fengist staðfest símtal Sævars heim til Geirfinns 18. nóvember 1974, hvorki hjá eiginkonu Geirfinns né barni hans.²⁶⁸⁴ Undir yfirheitinu: „19. nóvember (þegar verknaðurinn var framinn). Ferðin til Keflavíkur“ var rakinn framburður Sævars²⁶⁸⁵ og Erlu.²⁶⁸⁶ Ber samantektin engar nýjar upplýsingar með sér. Einnig var gerð grein fyrir framburði Kristjáns Viðars. Engar nýjar upplýsingar koma þar fram aðrar en lýsing á símtalinu úr Hafnarbúðinni. Fram kom að

²⁶⁷⁷ Bls. 2233.

²⁶⁷⁸ Bls. 2234.

²⁶⁷⁹ Bls. 2235.

²⁶⁸⁰ Bls. 2236–2238.

²⁶⁸¹ Bls. 2240.

²⁶⁸² Bls. 2241–2242.

²⁶⁸³ Bls. 2243.

²⁶⁸⁴ Bls. 2244.

²⁶⁸⁵ Bls. 2245–2249.

²⁶⁸⁶ Bls. 2249–2252.

barn hafi komið í símann og Kristján Viðar hafi spurt eftir Geirfinni. Barnið hafi kallað: „Pabbi“ og Geirfinnur þá komið í símann. Kristján Viðar hafi þá spurt: „Ert þú Geirfinnur?“ og þegar hann hafi játað því hafi Kristján sagt það sem Sævar hafi lagt fyrir hann að segja: „Við erum komnir“ og „G. ætti að koma fótgangandi og einn.“ Í skýrslunni kom fram að Geirfinnur hafi þá spurt: „Er Maggi þarna?“ og Kristján Viðar hafi þá svarað: „Hér er enginn, ég er einn hér.“ Þegar Geirfinnur hafi spurt hann hafi Kristján sagst vera staddur í sjoppu. Spurningu Geirfinns um hver hann væri hafi Kristján ekki svarað heldur sagt að það skipti ekki máli og lagt síðan á.²⁶⁸⁷ Jafnframt var rakinn framburður Guðjóns og [SÓH] um ferðina til Keflavíkur.²⁶⁸⁸ Engar nýjar upplýsingar komu þar fram. Undir yfirheitinu: „Niðurstöður rannsókna (Styrkingar játninga)“ kom fram að rætt hafi verið við [GM], fyrrum starfsmann bílaleigunnar Geysis. Fullyrt var að hann hafi viðurkennt að hafa oft lánað Erlu og Sævari fólksbifreið án leigusamnings og slíkt hafi getað átt sér stað í nóvember 1974, án þess að hann muni dagsetningu nákvæmlega. Þá sagði orðrétt: „Hann veit þó að Erla tók til í íbúð hans í síðari hluta nóvember 1974.“²⁶⁸⁹ Þá var fullyrt að tengdamóðir Guðjóns hafi staðfest að hann hafi notað Fiat fólksbifreiðina hennar 19. nóvember 1974.²⁶⁹⁰ Þessi hluti skýrslunnar ber að öðru leyti engar nýjar upplýsingar með sér. Undir yfirheitinu: „Ferð í Dráttarbrautina með Geirfinni og átökin“ og „Heimferðin til Reykjavíkur“ var framburður þeirra allra rakinn. Engar nýjar upplýsingar komu fram undir þessum hluta skýrslunnar. Undir heitinu: „Niðurstöður rannsókna (Styrkingar játninga)“ kom fram að grænleitt teppi sem hafi fundist við húsleit í kjallara húss nr. 82 við Grettisgötu hafi verið sent Bundeskriminalamt í Wiesbaden til rannsókna. Engin blóðsummerki hafi fundist á teppinu og árangur því neikvæður. Fullyrt var að við rannsókn Bundeskriminalamt á borðplötu úr trérimlum úr þvottahúsi hafi fundist mannsblóð af A-blóðflokki. Orðrétt sagði í skýrslunni: „BKA komst að því skv. beiðni að hér var um að ræða – í ummerkjum í nokkuð miklu magni – mannsblóð „A“ blóðflokki.“ Tekið var fram að blóðið væri ekki úr Geirfinni og stafaði því frá öðru afbroti eða slysi.²⁶⁹¹ Undir yfirheitinu: „Greftrun líksins“ voru framburðir allra sakborninga raktir, en engar nýjar upplýsingar komu þar fram. Undir heitinu: „Niðurstöður rannsókna (Styrkingar játninga)“ kom fram að sakborningar hafi hvorki tekið eftir líkstjarfa né líkblettum. Kynni það að skýrast af því að full líkstirðnun og líkblettir kæmu ekki fram fyrr en í fyrsta lagi sex til átta klukkustundum eftir andlát, en þá hafi verið búið að leggja líkið í kjallara Grettisgötu 82. Samkvæmt málsatvikum væri hugsanlegt að ekki hafi borið á líkstjarfa þegar líkið hafi verið flutt að kvöldi 21. nóvember 1974 þar sem slíkt ástand stæði yfir í um tvo daga. Líkblettir hafi ekki verið heldur sjáanlegir þar sem líkið hafi verið vafið strax í svokallaðan leðurlíkisdúk. Auk þess hafi ekki verið hægt að kveikja ljós í þvottahúsinu í kjallaranum.²⁶⁹² Ber lokaskýrslan engar frekari nýjar upplýsingar með sér.

²⁶⁸⁷ Bls. 2253–2255.

²⁶⁸⁸ Bls. 2256–2258 og 2258–2260.

²⁶⁸⁹ Bls. 2260.

²⁶⁹⁰ Bls. 2262.

²⁶⁹¹ Bls. 2287–2288.

²⁶⁹² Bls. 2297.

1417. Meðal rannsóknargagna liggur fyrir ódagsett skýrsla með heitinu „Huglægar málsástæður“, líklega rituð af Karli Schütz og stimpluð: „TRÚNAÐARMÁL“. Skýrslan virðist vera beint framhald af framangreindri lokaskýrslu þar sem hún fylgir blaðsíðutali. Fram kom að yfirheyrslur hafi ekki leitt í ljós að afbrotamennirnir hafi haft samráð um að drepa Geirfinn áður en verknaðurinn hafi verið framinn. Ekki væri þó loku fyrir það skotið að Sævar og Kristján Viðar hafi gert ráð fyrir því, ef til vill hvor fyrir sig. Sérstaklega væri það fortíð þessara sakborninga sem gæfi tilefni til að gruna þá um kæruleysi gagnvart dauða Geirfinns. Orðrétt kom fram: „Báðir hafa þeir í morðmáli Guðmundar Einarssonar sannað að þeir séu færir um að drepa mann af lítilfjörlegu tilefni.“²⁶⁹³ Orðrétt kom fram: „Sævar hefði getað hugsað sér, að dauði Geirfinns væri ávinningur fyrir sig á tvennan hátt – jafnvel þó sá síðarnefndi hefði ljóstrað upp um felustað áfengisbirgðanna – bæði hefði hann (Sævar) þá fengið aftur 70.000 krónurnar og jafnframt hefði óþægilegu vitni verið rutt úr vegi. Ósvífni og tilfinningaleysi Sævars eru sterk líkindi til þessarar ályktunar.“ Þá kom fram að Sævari væri trúandi til þess að hafa leyft Kristjáni Viðari að sleppa af sér taumnum. Hafi svo verið hafi hann að nokkru leyti með ásetningi brugðist þeirri skyldu sinni að stöðva Kristján. Orðrétt sagði: „Frá þessum sjónarhóli séð hefur Sævar drepit Geirfinn í gegnum Kristján og litið á aðgerðir Kristjáns sem sínar eigin.“²⁶⁹⁴ Var Kristjáni Viðari lýst þannig að hann væri sjúklega sannfærður um líkamlega yfirburði sína gagnvart öðrum. Orðrétt kom fram: „Hann notar hvert tækifæri til það sýna á grófan hátt krafta sína og svo virðist sem hann geti í átökum ekki hætt fyrir en hann sé búinn að „eyðileggja“ mótherja sinn. Af þessum sökum ætti ekki að horfa fram hjá þeim möguleika, að Kristján gæti í slíkum tilfellum verið gripinn nokkurs konar „drápslosta“. Þessi hvöt kærða kemur ekki í veg fyrir það að hann iðrist ærlega gerða sinna eftir á.“²⁶⁹⁵ Gaumgæfa þyrfti hvort Kristján Viðar væri sakhæfur þegar um afbrot vegna líkamlegra átaka væri að ræða. Greint var frá því að Guðjón reyndi bersýnilega að gera lítið úr hlutdeild sinni að verknaðinum með því að benda á andstyggilega hegðun samverkamanna sinna. Fram kom að Guðjón hafi ekkert gert til að hindra að aðgerðir vina sinna. Skýringar hans um að þeir hefðu annars pyntað hann eða að honum hafi ekki dottið í hug að fara til lögreglunnar yrðu að teljast ótrúlegar. Þá kom fram að persónuleiki Guðjóns, hegðun hans hingað til og niðurstöður rannsóknarinnar gæfu ekki til kynna að hann hafi haft ásetning til að drepa Geirfinn. Orðrétt sagði: „Nær væri að álíta að hér væri um dolus eventualis eða vísvitandi gáleysi.“²⁶⁹⁶ Þar sem Erla hafi einungis verið viðstödd átökin virtist sem hún hafi í mesta lagi veitt „sálræna aðstoð“ með nærveru sinni. Vafasamt yrði að teljast að Erla hafi gerst brotleg með því að koma ekki Geirfinni til hjálpar, til dæmis með því að leita til lögreglunnar. Að hennar mati hefði hún þá sjálf átt hættu á að verða sótt til saka. Auk þess sem hún hafi talið sig heitbundna Sævari. Erfitt myndi reynast að afsanna það og því væri ekki útilokað að Erla myndi réttlæta aðgerðarleysi sitt með því að hún hafi viljað hlífa

²⁶⁹³ Bls. 2299.

²⁶⁹⁴ Bls. 2300.

²⁶⁹⁵ Bls. 2301.

²⁶⁹⁶ Bls. 2303.

Sævari við því að verða sóttur til saka.²⁶⁹⁷ Fram kom að einnig mætti flokka aðstoð hennar við líkflutninginn undir þessa ástæðu. Rakið var að niðurstöður rannsóknarinnar útilokuðu [SÓH] sem verknaðar- og hlutdeildarmann. Hann hafi ekki orðið þess áskynja að Geirfinnur hafi verið í lífshættu og því ekki unnt að ásaka hann fyrir að hafa ekki komið honum til hjálpar.²⁶⁹⁸ Kafli með heitinu: „Persónulýsing sakborninga“ var byggður að hluta á þeirra eigin frásögnum og að hluta á athugunum rannsóknarmanna sem höfðu umsjón með hverju þeirra. Í lýsingu á Erlu kom fram að Erla hafi aðstoðað Sævar við ýmiss konar afbrot, til dæmis ávísanafals, svik og þjófnað, en þagað yfir alvarlegri afbrotum eins og Guðmundarmálinu. Orðrétt kom fram: „[P]ó gaf hún lögreglunni ábendingar, sem leiddu til þess að málið upplýstist. Gaf hún þessar upplýsingar að eigin frumkvæði. Einnig varð framburður hennar til þess að Geirfinnsmálið komst á skrið. Með vísvitandi röngum framburði dró hún saklausa borgara inn í málið, sem olli því að þeir urðu að sæta margra mánaða gæsluvarðhaldi.“²⁶⁹⁹ Í framhaldinu voru nefndir þeir Einar Bollason, Magnús Leópoldsson og Sigurbjörn Eiríksson. Fram kom að framburður Erlu hafi oft verið mjög ruglingslegur. Hún hafi sagt eitt í dag og annað á morgun og logið upp talsverðum sögum, til dæmis hafi hún játað að hafa skotið Geirfinn en sá framburður hafi þótt mjög torkennilegur. Síðar hafi hún sagst hafa játað þetta þar sem hún hafi kvalist af samviskubiti yfir því að hafa borið framangreinda menn röngum sökum.²⁷⁰⁰ Í lýsingu á persónu Guðjóns kom fram að hann hafi sagt það nauðsynlegt að málið skýrðist algjörlega, ella yrðu alltaf uppi getgátur og umtal um málið. Hann hafi ítrekað lýst því yfir að finna yrði líkið og hóttað því að þvæla málið og halda því opnu þangað til.²⁷⁰¹ Fram kom í persónulýsingu [SÓH] að hann hafi meðal annars verið í snúningum fyrir starfsmann í bílaleigunni Geysi.²⁷⁰² Kaflinn ber ekki með sér frekari nýjar upplýsingar. Síðasti kafli skýrslunnar bar heitið: „„Hliðarverkanir““ málsrannsóknarinnar“ en þar voru rakin sex tilvik sem hafi komið upp undir rannsókn málsins og þyrftu frekari rannsóknar við. Var þar nefnd játning Kristjáns Viðars um að hafa drepíð einn mann til viðbótar með járnteini, hugsanlega [WP] frá Færeyjum. Fram kom að frásögn hans væri mjög vafasöm, en málið yrði þó rannsakað frekar. Þá var nefnd íkveikja og sjálfsmorðstilraun Kristjáns Viðars í Hegningarhúsinu.²⁷⁰³ Fram kom að játning Sævars um tilraun til innbrots í apótek á Selfossi yrði rannsökuð sérstaklega. Einnig var greint frá því að Sævar, Erla og Kristján Viðar hafi oft og margsinnis borið saklausa íslenska borgara röngum sökum um að hafa tekið þátt í Geirfinnsmálinu.²⁷⁰⁴

1418. Þennan dag, 16. mars 1977, gaf ríkissaksóknari út ákæru á hendur Kristjáni Viðari, Sævari, Guðjóni og Erlu. Voru Kristján, Sævar og Guðjón ákærðir fyrir manndráp með því að hafa, aðfaranótt 20. nóvember 1974, í félagi ráðist á Geirfinn Einarsson í

²⁶⁹⁷ Bls. 2304.

²⁶⁹⁸ Bls. 2305.

²⁶⁹⁹ Bls. 2312.

²⁷⁰⁰ Bls. 2314.

²⁷⁰¹ Bls. 2323.

²⁷⁰² Bls. 2324.

²⁷⁰³ Bls. 2326.

²⁷⁰⁴ Bls. 2327.

Dráttarbrautinni í Keflavík og misþyrmt honum þar svo að hann hafi hlotið bana af. Flutt lík hans um nóttina í bifreið sem ákærði Guðjón hafi ekið, að heimili ákærða Kristjáns Viðars að Grettisgötu 82 í Reykjavík. Fimmtudaginn 21. nóvember 1974 hafi ákærðu Kristján Viðar, Sævar og Erla flutt lík Geirfinns í bifreið sem Erla hafi ekið frá Grettisgötu 82 að Rauðhólum, með viðkomu á bensínstöð á Ártúnshöfða, þar sem tekið hafi verið bensín á brúsa. Í Rauðhólum hafi þau greftrað líkamsleifar Geirfinns eftir að hafa hellt bensíni á líkama hans og lagt eld í. Var Erla ákærð fyrir eftirfarandi hlutdeild í framangreindum verknaði. Ákærða Kristjáni Viðari var einnig gefið að sök þjófnaður fyrir að hafa stolið seðlaveski Geirfinns úr brjóstvasa hans, sem í hafi verið 5.000 krónur, auk ýmissa skilríkja og teikniblýanti hans. Þá var Kristjáni Viðari, Sævari og Erlu gefið að sök að hafa á árinu 1976 gerst sek um rangar sakargiftir í skýrslum sem þau gáfu rannsóknarlögreglunni í Reykjavík og á dómþingi sakadóms Reykjavíkur. Voru það samantekin ráð þeirra að bera í skýrslum þessum þær röngu sakir á Einar Bollason, Magnús Leópoldsson, Sigurbjörn Eiríksson og Valdimar Olsen að þeir hefðu átt hlut að dauða Geirfinns og smyglbrotum. Tiltækinn var í ákæruskjalinu sá tími sem fyrrgreindir menn sættu gæsluvarðhaldi í þágu rannsóknar málsins sem og dagsetningar á skýrslum þar sem ákærðu báru á mennina rangar sakir.²⁷⁰⁵

1419. Fimmtudaginn 17. mars 1977 var bókað í dagbók fangelsisins við Síðumúla að Hellert hafi hringt klukkan 10:15 og spurt hvort hann mætti koma og ræða við Tryggva Rúnar. Bókað var að heimild hafi verið veitt. Bókað var að Hellert hafi komið 15 mínútum síðar til að ræða við Tryggva Rúnar. Fór hann klukkan 11:30.²⁷⁰⁶ Rannsóknargögn liggja ekki fyrir um viðtalið. Bókað var að Gunnlaugur Briem hafi hringt og tilkynnt um að Hilmar Ingimundarson, réttargæslumaður Tryggva Rúnars, mætti ræða við hann einslega. Bókað var klukkan 17:45 að Guðjón hafi verið færður fram til viðtals við réttargæslumann sinn, Benedikt Blöndal í áheyrn Gísla Guðmundssonar. Var Guðjón færður aftur á klefa sinn klukkan 18:25.²⁷⁰⁷ Klukkan 19:05 var bókað að Hilmar Ingimundarson, réttargæslumaður Tryggva Rúnars, hafi farið inn á klefa til hans. Bókað var að hann hafi komið fram klukkan 19:40 og farið um hæl. Klukkan 20:15 var bókað um komu Ingvars Kristjánssonar geðlæknis til viðtals við Guðjón. Bókað var að [ÓmL] hafi komið með sendingu til Tryggva Rúnars bróður síns klukkan 21:10. Bókað var að samtali Ingvars og Guðjóns hafi lokið klukkan 00:10. Var Guðjón færður aftur á klefa sinn.²⁷⁰⁸
1420. Þennan dag ritaði Guðjón í dagbók sína um samtal sitt við réttargæslumann sinn. Þeir hafi meðal annars rætt flutning á Skólavörðustíg. Hann væri í versta skapi sem hafi þó skánað við að tala við Ingvar geðlækni. Þeir hafi rætt margt af hreinskilni og komist fram til ársins 1975, en hann kæmi aftur daginn eftir.²⁷⁰⁹ Ritaði hann um að hafa þurft

²⁷⁰⁵ Bls. 2328–2331.

²⁷⁰⁶ Dagbók nr. 6, bls. 174.

²⁷⁰⁷ Dagbók nr. 6, bls. 175.

²⁷⁰⁸ Dagbók nr. 6, bls. 176.

²⁷⁰⁹ Bls. 2226_F.

að taka tvær svefntöflur þar sem viðtalið við Ingvar og væntanleg fyrirtaka fyrir dómi á mánudag hafi komið honum úr jafnvægi.²⁷¹⁰

1421. Föstudaginn 18. mars 1977 var bókað í dagbók Síðumúlafangelsisins að Ingvar Kristjánsson geðlæknir hafi hringt klukkan 17:30 og sagst ekki komast til viðtals við Guðjón um kvöldið, en kæmi um helgina. Klukkan 17:50 var bókað um komu [ÓmL], bróður Tryggva Rúnars, með teikniblokk, stílablokk og penna til hans.²⁷¹¹
1422. Fyrir liggur samantektarskýrsla, dagsett þennan dag, rituð af Gísli Guðmundssyni í tengslum við framhaldsrannsókn á hvarfi Guðmundar Einarsson. Fram kom að haft hafi verið samband við Kristján Pétursson, deildarstjóra hjá tollinum á Keflavíkurflugvelli. Var hann inntur eftir því hvað Sævar hafi verið að gera þegar hann var handtekinn 4. febrúar 1974 að Hamarsbraut 11. Bókað var að Kristján hafi sagst ekki muna það sérstaklega hvernig staðið hafi á hjá Sævari, en sig minnti að tónlist hafi verið í gangi. Sérstaklega aðspurður kvaðst Kristján ekki muna eftir því að Sævar hafi verið í símanum eða hafa sjálfur hringt þaðan. Bókað var að hann hafi því ekki geta borið um það hvort síminn hafi verið lokaður.²⁷¹²
1423. Laugardaginn 19. mars 1977 ritaði Guðjón í dagbók sína um að hafa hitt lækni og fengið lyf við tannrótarbólgu. Hann hafi lesið Morgunblaðið og lesbókina. Ritaði hann um að hafa fengið ritblýant, appelsínur og banana frá systur sínum. Orðrétt ritaði Guðjón: „En morgundaginn þarf ég að nota til að athuga ögn lögfræðileg málefni vegna væntanlegra yfirheyrslna á mánudag og leggja niður fyrir mér hvernig að þessu skuli standa. Verst að hafa ekki lagasafnið. Þessir andskotar eru vísir til að snúa mig niður með útúrslunum.“²⁷¹³
1424. Sunnudaginn 20. mars 1977 ritaði Guðjón í dagbók sína um langt spjall við Gunnar Marinósson og ferðalag hans til Kenýa. Móðir hans hafi hringt og sagt fjölskylduna ekki geta tekið því hvernig málum hans væri fyrirkomuð.²⁷¹⁴ Ritaði hann um ákvörðun sína um að hafa engar áhyggjur af þessu tilstandi næsta dag, lét hann Guð og lukkuna um málið.²⁷¹⁵
1425. Mánudaginn 21. mars 1977 var bókað í dagbók fangelsisins við Síðumúla að Tryggvi Rúnar hafi verið fluttur í sakadóm klukkan 10:15. Bókað var að komið hafi verið með hann til baka klukkan 10:40. Klukkan 11:00 var bókað að Guðjón hafi verið fluttur í sakadóm og til baka klukkan 11:50. Klukkan 14:00 var bókað í dagbók fangelsisins að Gísli Guðmundsson hafi hringt og fengið uppgæfið hvenær Tryggvi Rúnar hafi fyrst verið fluttur austur að Litla-Hrauni eftir að gæsluvarðhald yfir honum hófst 23. desember 1975 og hve oft hann hafi verið fluttur á milli fangelsa á þessum tíma.²⁷¹⁶
1426. Þennan dag var dómþing sakadóms Reykjavíkur háð af Gunnlaugi Briem, sem dómsformanni og sakadómurunum Ármanni Kristinssyni og Haraldi Henryssyni og

²⁷¹⁰ Bls. 2476_A.

²⁷¹¹ Dagbók nr. 6, bls. 178.

²⁷¹² Bls. 2476.

²⁷¹³ Bls. 2476_B–C.

²⁷¹⁴ Bls. 2476_C.

²⁷¹⁵ Bls. 2476_D.

²⁷¹⁶ Dagbók nr. 6, bls. 181.

tekið fyrir sakadómsmál gegn Kristjáni Viðari, Sævari, Tryggva Rúnari, Albert Klahn, Erlu, [ÁEP] og Guðjóni. Bókað var í sakadómsbókina að ákæran hafi verið lögð fram ásamt málgögnum.²⁷¹⁷ Þá var bókað að ákæran hafi verið gefin út 8. desember 1976, en dómarrar fengið málið úthlutað 15. þess mánaðar. Orðrétt var bókað: „Við yfirlestur skjala málsins kom í ljós, að rannsókn málsins var í ýmsum atriðum verulega áfátt. Sakarefni í I. kafla ákæru hafði lítils háttar verið rannsakað fyrir dómi, en aðrir þættir ekki að undanskildum þeim, sem dómstóllinn í málinu út af ávana- og fíkniefnum hafði haft til meðferðar. Hefur að undanfögnu verið reynt að bæta úr þessu, áður en fjölskipaður dómur tæki málið til meðferðar. Rannsóknarlögreglumönnum Gísla Guðmundssyni, Kristmundi Sigurðssyni og Hellert Jóhannessyni var falin áframhaldandi rannsókn sakarefnis, er í I. kafla ákæru greinir, hinn 12. janúar s.l., og hafa dómarrar málsins fylgst með rannsókninni.“ Bókað var að Kristján Viðar, Sævar, Tryggvi Rúnar og Guðjón væru nú í gæsluvarðhaldi. Ákærða Alberti Klahn hafi verið sleppt úr gæsluvarðhaldi fyrir útgáfu ákæru og Erlu hafi verið sleppt 22. desember 1976, án vitundar dómarranna. Ákærði Tryggvi Rúnar hafi verið í gæsluvarðhaldi í Síðumúlafangelsi að undanskildu tímabilinu frá 17. júlí til 4. ágúst 1976, 9. ágúst til 30. ágúst 1976, 11. nóvember til 16. desember 1976 og 17. desember 1976 til 14. janúar 1977, en þá hafi hann verið í lausagæslu að Litla-Hrauni. Bókað var að gæsluvarðhald hans þar hafi virst mjög frjálst og framkvæmd þess í aðalatriðum eins og hjá venjulegum refsifanga. Að tilhlutan dómara málsins hafi Tryggvi Rúnar verið fluttur í fangelsið við Síðumúla 14. janúar 1977. Bókað var að Sævar hafi verið fluttur úr Síðumúlafangelsi í Hegningarhúsið 31. janúar 1977, að dómurum málsins forspurðum, og settur þar í klefa við hliðina á ákærða Tryggva Rúnari. Fram kom að engar skýringar hafi fengist á þessu tiltæki, en að sögn yfirfangavarðar væri hljóðbært milli klefa í fangelsinu. Að tilhlutan dómarranna hafi þessu verið breytt. Kristján Viðar hafi tvívegis gert tilraun til að svipta sig lífi og því hafi verið höfð yfir honum sérstök vakt. Þá var bókað að þar sem mikið vantaði á að yfirheyrslum í málinu væri lokið og ósamræmi væri í framburðum ákærðu hafi dómarrar ákveðið með vísan til 16. gr. laga nr. 74/1974 að þinghöld í málinu yrðu lokuð fyrst um sinn.²⁷¹⁸ Voru réttargæslumenn allra ákærðu skipaðir verjendur þeirra og bókað að þeir hafi fengið afhent skjöl málsins.²⁷¹⁹ Bókað var að Albert Klahn hafi mætt fyrir dóminn klukkan 11:00. Framburður hans fyrir dómi var í aðalatriðum í samræmi við fyrirleggjandi framburð hjá lögreglu.²⁷²⁰

1427. Guðjón ritaði í dagbók sína um að hafa verið veginn og mældur í sakadómi Reykjavíkur og hann hafi verið 181 sentímeter á hæð og 67 kíló á þyngd. Tekin hafi verið nákvæm útlíslýsing af honum, ný ljósmynd og fingraför.²⁷²¹ Ekki hafi orðið af því að hann kæmi fyrir dómarrann. „G.M. kom í spjall um tilg. og gerðir Sævars um G.f.mál og hassmál.“²⁷²²

²⁷¹⁷ Bls. 2480–2481.

²⁷¹⁸ Bls. 2484.

²⁷¹⁹ Bls. 2485.

²⁷²⁰ Bls. 2486–2491.

²⁷²¹ Bls. 2476_D.

²⁷²² Bls. 2490_A.

1428. Þriðjudaginn 22. mars 1977 var bókað í dagbók fangelsisins við Síðumúla að séra Jón Bjarman hafi farið inn á klefa til Guðjóns til viðtals við hann klukkan 20:15. Bókað var að séra Jón hafi komið fram klukkan 21:05.²⁷²³
1429. Þennan dag var dómþing sakadóms Reykjavíkur háð og tekið fyrir sakadómsmál á hendur ákærðu. Af hálfu ákærvaldsins var mættur Bragi Steinarsson, vararíkissaksóknari. Bókað var að vitnið [EB], faðir Guðmundar Einarssonar, hafi komið fyrir dóminn klukkan 09:40.²⁷²⁴ Framburður hans fyrir dómnum var í aðalatriðum í samræmi við fyrirbyggjandi framburð hjá lögreglu. Klukkan 10:10 kom fyrir dóminn sem vitni, [ÁÐ], vinur Guðmundar. Framburður hans fyrir dómnum var í samræmi við fyrirbyggjandi framburð hjá lögreglu. Bókað var að vitnið hafi unnið eið að framburði sínum.²⁷²⁵ Klukkan 10:37 kom í dóminn sem vitni [KMM], vinur Guðmundar. Framburður hans fyrir dómnum var í samræmi við fyrirbyggjandi framburð hjá lögreglu. Bókað var að vitnið hafi unnið eið að framburði sínum.²⁷²⁶ Bókað var að vitnið [SKrH], vinur Guðmundar, hafi komið í dóminn klukkan 11:14. Framburður hans fyrir dómnum var í samræmi við fyrirbyggjandi framburð hjá lögreglu. Bókað var að vitnið hafi unnið eið að framburði sínum.²⁷²⁷ Klukkan 14:00 var bókað að vitnið [EJR], sjónarvottur af Strandgötu í Hafnarfirði, hafi komið fyrir dóminn. Framburður hennar fyrir dómnum var í samræmi við fyrirbyggjandi framburð hjá lögreglu en hún gat þess þó að veður aðfaranótt 27. janúar 1974 hafi verið þurr en hvasst. Orðrétt var bókað eftir henni: „Maðurinn sem var með Guðmundi var svipaður á hæð og Guðmundur og með mikið dökkskollitað hár, er virtist liðað. Hann hélt á jakkanum undir hendinni. Maðurinn var í einlitri ljósri skyrtu, en vitnið kveðst ekki geta alveg fullyrt um lit hennar. Vitninu virtist maðurinn vera mikið drukkinn.“ Sagði hún klukkuna hafa verið alveg um 02:00 eða rétt tæplega það þegar hún og vinkona hennar, [SM], hafi komið auga á Guðmund og umræddan mann.²⁷²⁸ Bókað var að skýrsla hafi aldrei verið tekin af vitninu fyrr en 22. janúar 1977.²⁷²⁹ Fram kom að hún teldi afar líklegt að Kristján Viðar hafi verið í fylgd með Guðmundi í umrætt sinn. Orðrétt var bókað í framhaldinu: „Það eina sem vitninu fannst mæla á móti því, er það, að maður sá, er var með Guðmundi var grennri, en að öðru leyti hafi mennirnir verið eins, að því er vitnið minnir. Er vitninu sérstaklega minnisstætt andlit mannsins, þá einkum þykkar varir hans.“ Bókað var að vitnið hafi unnið eið að framburði sínum.²⁷³⁰ Bókað var að klukkan 15:25 hafi komið í dóminn sem vitni [SM], annar sjónarvottur af Strandgötunni í Hafnarfirði. Framburður hennar fyrir dómnum var í samræmi við fyrirbyggjandi framburð hjá lögreglu en hún gat þess þó að sig minnti að maðurinn sem hafi verið með Guðmundi hafi verið svipaður á hæð og hann. Hann hafi verið ungur að aldri, mikið drukkinn og haldið á jakka sínum á handleggnum. Fram kom að henni hafi þótt Kristján Viðar líkjast mest þeim manni sem hún hafi séð með Guðmundi í

²⁷²³ Dagbók nr. 6, bls. 184.

²⁷²⁴ Bls. 2491–2493.

²⁷²⁵ Bls. 2493–2494.

²⁷²⁶ Bls. 2495–2496.

²⁷²⁷ Bls. 2497–2498.

²⁷²⁸ Bls. 2498–2499.

²⁷²⁹ Bls. 2500.

²⁷³⁰ Bls. 2501.

Hafnarfirði. Orðrétt var bókað: „Það sem vitninu fannst helst mæla á móti því að um sama mann væri að ræða, var það að Kristján Viðar Viðarsson [...] var feitari en maður sá, sem það sá með Guðmundi í Hafnarfirði.“ Bókað var að vitnið hafi unnið eið að framburði sínum.²⁷³¹

1430. Guðjón ritaði í dagbók sína um heimsókn frá séra Jóni Bjarman sem hafi greint honum frá því að Gunnlaugur Briem hafi bannað allar vitjanir til hans nema með sérstökum leyfum og fyrirhöfn. Ritaði Guðjón um að hafa beðið séra Jón um að ýta á Gunnlaug með að fá að hitta [GUÆ] og börnin. Hafi presturinn sagst munu gera það en verða að fara varlega. Ritaði hann um að það sem hafi verið klippt úr Morgunblaðinu síðasta föstudag hafi verið umfjöllun um væntanlega ákæru í svokölluðu Geirfinnsmáli.²⁷³²
1431. Miðvikudaginn 23. mars 1977 var bókað í dagbók fangelsisins við Síðumúla að Ingvar Kristjánsson geðlæknir hafi komið til viðtals við Guðjón inni á klefa hans klukkan 20:50. Bókað var að Ingvar hafi farið klukkan 01:05.²⁷³³
1432. Þennan dag var dómþing háð í sakadómi Reykjavíkur og tekið fyrir sakadómsmál á hendur ákærðu. Bókað var að af hálfu ákæruvaldsins hafi sótt þing Bragi Steinarsson, vararíkissaksóknari. Þá var bókað að verjandi ákærðu Erlu, Guðmundur Ingvi Sigurðsson, væri mættur. Klukkan 10:10 var bókað að ákærða Erla hafi komið fyrir dóminn.²⁷³⁴ Fram kom að Erlu hafi verið kynnt dómskýrsla hennar frá 20. desember 1975 og farið yfir lögregluskýrsluna sem hún hafi þá staðfest. Orðrétt var bókað: „Ákærða kveðst staðfesta þennan framburð sinn og segir að rétt sé greint frá í meginatriðum.“ Fram kom að hún og meðákærði Sævar hafi kynnst í júlímánuði 1973 og hafi heitbundist í nóvember sama ár. Þá hafi þau hafið sambúð að Hamarsbraut 11 í Hafnarfirði. Greindi Erla frá því að hafa verið að skemmta sér í Klúbbnum til klukkan 02:00 aðfaranótt sunnudagsins 27. janúar 1974. Hún hafi ætlað heim en hafi verið peningalaus. Fyrir utan veitingastaðinn hafi hún hitt [AÚJ] sem hafi boðið henni í samkvæmi í hús við Laugarnesveg. Kvaðst Erla hafa verið þar til um klukkan 03:00, en þá hafi henni verið ekið heim.²⁷³⁵ Taldi hún sig hafa verið komna heim um klukkan 03:30. Framburður Erlu í framhaldinu var í aðalatriðum í samræmi við fyrirbyggjandi framburð hjá lögreglu en hún gat þess þó að Sævar hafi komið heim aftur að kvöldi sunnudagsins 27. janúar 1974 og verið eitthvað fram á nóttina. Ekki hafi verið minnst á það sem gerst hafi nóttina áður. Kvaðst Erla ekkert vita hvert meðákærðu hafi farið með mannlíkamann í lakinu og gæti ekkert sagt um ferðir þeirra um nóttina.²⁷³⁶ Mundi Erla ekki eftir að hafa rætt við Kristján Viðar og Tryggva Rúnar um nóttina. Var henni þá kynnt það sem Kristján Viðar hafi borið um fyrir dómi. Bókað var að Erla hafi sagt það kunna að vera, en hún myndi það ekki. Bókað var að Erlu hafi verið sýnd mynd af Guðmundi Einarssyni. Minntist hún þess að hafa hitt hann tvisvar sinnum, sennilega á árinu 1972. Í annað skiptið hafi hún hitt hann að Framnesvegi

²⁷³¹ Bls. 2502–2504.

²⁷³² Bls. 2504_A–C.

²⁷³³ Dagbók nr. 6, bls. 186.

²⁷³⁴ Bls. 2505.

²⁷³⁵ Bls. 2506.

²⁷³⁶ Bls. 2507–2509.

61.²⁷³⁷ Orðrétt var bókað: „Ákærða kveðst hafa verið í gæsluvarðhaldi vegna atferlis þess er í IV. kafla ákæru greinir, í desember 1975 og verið þá spurð um hvort hún vissi um það er hún hefur nú skýrt frá. Ákærða mundi ekki eftir þessu fyrst í stað, en við frekari yfirheyrslur rifjaðist það upp fyrir henni.“ Í lok skýrslunnar var bókað að Erla hafi sagst alveg örugg um að meðákærðu hafi ekki verið í íbúðinni þegar hún hafi komið þangað um nóttina. Bókað var að henni hafi verið kynntar fyrri skýrslur í málinu og staðfesti hún þær með áorðnum breytingum. Í framhaldinu var bókað um játningu hennar á sakargiftum í IV. kafla ákæru, tengdum svokölluðu póstsvikamáli.²⁷³⁸

1433. Fyrir liggur skýrsla um yfirheyrslu yfir [BGE]. Bókað var að tilefni yfirheyrslunnar væri framburður [SSA] sem hafi greint frá því að vitnið hafi verið með honum helgina sem Guðmundur Einarsson hvarf. Var [BGE] inntur eftir því hvort hann hafi eitthvað um málið að segja. Sagði hann það vel geta verið að þeir hafi verið að skemmta sér saman helgina 26. til 27. janúar 1974, en sagðist ekki muna sérstaklega eftir því. Kvaðst hann kannast vel við Guðmund Einarsson þar sem þeir hafi verið saman í bekk í Ármúlaskóla í tvo vetur. Mundi hann eftir því að hafa rætt um hvarf Guðmundar við félagana sína, en minntist þess ekki sérstaklega að hann og [SSA] hafi rætt það mál. Sagðist hann alls ekki útiloka það.²⁷³⁹
1434. Ingvar Kristjánsson geðlæknir rannsakaði geðheilbrigði Guðjóns Skarphéðinssonar að beiðni sakadóms Reykjavíkur, geðrannsóknin fór fram á tímabilinu frá 28. desember 1976 til 23. mars 1977.²⁷⁴⁰ Í skýrslu læknisins kom fram að Guðjón hafi alist upp til 18 ára aldurs hjá móðurforeldrum sínum í sveit og lokið stúdentsprófi frá Menntaskólanum á Akureyri eftir að hafa gert hlé á námi 23 ára að aldri. Engar athugasemdir komu fram um að á aðbúnað hans í æsku hafi skort en þess getið að hann hafi verið rekinn af heimili sínu 18 ára eftir að hafa eignast óskilgetið barn. Hann hafi hafið háskólanám ítrekað en horfið frá því. Frá því er greint að Guðjón hafi gifst 1968 og þau hjón eignast tvö börn. Þau hafi í fyrstu verið búsett í Reykjavík en svo sinnt kennslustörfum að Reykjum við Ísafjarðardjúp frá haustinu 1968 fram til vors 1972 en þá flust til Reykjavíkur, og Guðjón þá hafið nám í félagsfræði við Háskóla Íslands á ný og lokið því námi haustið 1973, en látið við svo búið af frekara námi. Á árinu 1975 hafi Guðjón og eiginkona hans skilið að borði og sæng. Sálfræðileg athugun hafi verið gerð á Guðjóni á vegum geðlæknisins af Gylfa Ásmundssyni sálfræðingi. Þess var getið að Guðjón hafi verið samvinnuþýður í rannsókninni að undanskilinni dálítilli tortryggni í byrjun. Lögð voru fyrir hann ýmis sálfræðipróf. Við greindarpróf kom fram að Guðjón væri að eðlisfari prýðisvel greindur, en nýttist greindin ekki til fulls af ýmsum orsökum en starfhæf greind hafi mælst vel yfir meðallagi. Persónuleikapróf sem fyrir hann voru lögð hafi bent til þess, að hann væri innhverfur, gefinn fyrir óraunhæft hugarflug, tilfinninganæmur og stoltur, en ósjálfstæður að skapferli og fljótfær. Áberandi þótti sjálfsfíring og fremur neikvæð

²⁷³⁷ Bls. 2510.

²⁷³⁸ Bls. 2511.

²⁷³⁹ Bls. 2646.

²⁷⁴⁰ Bls. 2647–2657. Sjá dóm, bls. 375–378.

sjálfsmynd, sem var talin einkennast af rótleysi og skorti á viljapreki og staðfestu. Virtist sálfræðingnum að skapgerð hans væri einkum af kleifhugagerð, og í ástandi við prófun hafi mátt merkja ótta um, að hann sjálfur og veruleikinn í kringum hann væri að liðast í sundur eða hrynja til grunna. Ekki þóttu merki um meiri háttar geðveiki eða geðtruflun af vefrænum orsökum. Samkvæmt prófunum taldist hann hins vegar hafa skapgerðargalla, sem gætu haft miður góð áhrif á dómgreind hans, tilfinningastjórn og atferli. Almenn læknisskoðun hafi ekki leitt neitt óeðlilegt í ljós. Geðlæknirinn lýsti Guðjóni sem meðalmanni á hæð, grannvöxnum, dökkhærðum og snyrtilegum. Í fyrstu hafi örlað nokkuð á tortryggni og ótta, en samvinna við hann hafi verið annars góð. Hann hafi átt létt með tjá sig og rætt vandamál sín án allrar tilfinningasemi og af hispursleysi. Stundum hafi hann virst bregða fyrir sig kaldhæðni er hann fjallaði um viðkvæm atriði. Hann virtist búa yfir almennum fróðleik í ríkum mæli og vera greindur vel. Aldrei varð vart neinnar brenglunar í háttum, hugsun, skynjun eða einbeitingu, og minni hans virst gott í viðtölum, nema hvað hann kvaðst óviss um atburðarás við Dráttarbrautina í Keflavík að kvöldi 19. nóvember 1974. Niðurstaða geðlæknisins var að svo virtist sem Guðjón hafi þegar á unglingsárum verið farinn að sýna einkenni um persónuleikagalla, er komu helst fram í viljalífi hans. Vísaði læknirinn í þeim efnum til stefnuleysis varðandi nám og tíð atvinnuskripti. Hann hafi jafnframt virst hafa átt erfitt með að velja sér félagsskap á krítískan hátt, gera raunhæf fjármálaplön eða halda áformum sínum til streitu. Loks var þess getið að lífshlaup hans hafi mótast af einkennum manio-depressífs sjúkdóms, sem sennilega hafi gætt fyrst upp úr stúdentsprófi, en borið hæst vorin 1974, 1975 og 1976. Álit geðlæknisins var að Guðjón væri vel greindur, en haldinn geðvillu (personality disorder) og manio-depressífum geðsjúkdómi, sem komi fram í tímabundnum köstum ofvirkni, hugarflugs, reiði og svefntruflana, sem kynnu að skiptast á við depurðarköst. Ekkert hafi komið fram, um að vefrænn sjúkdómur byggi þar að baki. Taldi læknirinn Guðjón sakhæfan og að ekkert benti óyggjandi til óstöðugs geðslags eða rænuskerðingar, um það leyti sem glæpurinn ætti að hafa átt sér stað. Læknirinn taldi líklegt að Guðjón fengi í framtíðinni geðsveiflur svipaðar þeim fyrri og þyrfti þá geðlæknismeðferðar við en dómstóll þyrfti ekki að taka sérstakt tillit til þessa.

1435. Guðjón ritaði færslu í dagbók sína þennan dag, 23. mars 1977, um að hafa spjallað við Högna um Skólavörðustíg. Ritaði hann um bréf til [GUÆ]. Ingvar geðlæknir hafi komið í langt spjall, þeir hafi lokið við æviferilinn fram til 12. nóvember 1976. Orðrétt ritaði Guðjón: „Ég er maníó-depressívur.“²⁷⁴¹
1436. Fimmtudaginn 24. mars 1977 var bókað í dagbók Hegningarhússins að lögmaður Kristjáns Viðars hafi fengið að ræða við hann fyrir hádegi með leyfi Gunnlaugs Briem, sakadómara. Klukkan 17:05 var bókað að Kristján Stefánsson, lögmaður, hafi komið og rætt við Sævar með leyfi Haraldar Henryssonar, sakadómara. Bókað var að viðtalið hafi farið fram undir eftirliti.²⁷⁴²

²⁷⁴¹ Bls. 2504_C–D.

²⁷⁴² Dagbók Hegningarhússins nr. 1, bls. 49.

1437. Þennan dag var dómþing sett í sakadómi Reykjavíkur og tekið fyrir sakadómsmál á hendur ákærðu. Bókað var að af hálfu ákærvaldsins hafi sótt þing Bragi Steinarsson, vararíkissaksóknari. Klukkan 10:00 kom í dóminn sem vitni [AÚJ], skólasystur Erlu. Framburður vitnisins í framhaldinu var í aðalatriðum í samræmi við fyrirbyggjandi framburð hjá lögreglu en hún gat þess þó að ekki hafi verið um nein kynni á milli hennar á Erlu önnur en þau að þær hafi verið saman í skóla. Minntist hún þess að hafa farið með Erlu í bifreið til Hafnarfjarðar fyrir nokkrum árum. Minntist hún þess ekki að Erla hafi farið með þeim í samkvæmi og þótt það heldur ólíklegt. Vildi hún þó ekki neita því að það hafi verið.²⁷⁴³ Staðfesti hún skýrslu sína hjá lögreglu með áorðnum breytingum. Bókað var að vitnið hafi unnið eið að framburði sínum.²⁷⁴⁴ Bókað var að klukkan 10:45 hafi komið fyrir dóminn sem vitni [HFE], fyrrum refsifangi að Litla-Hrauni. Framburður vitnisins var í aðalatriðum í samræmi við fyrirbyggjandi framburð hjá lögreglu. Bókað var að honum hafi verið kynnt samantektarskýrsla Gísla Guðmundssonar um framburð hans hjá lögreglu og staðfesti hann þar rétt eftir sér haft.²⁷⁴⁵ Klukkan 11:10 var bókað að Páll Arnór Pálsson, skipaður verjandi Kristjáns Viðars hafi mætt í dóminn. Á sama tíma var bókað að komið hafi fyrir dóminn sem vitni, [SEK], móðursystir Kristjáns Viðars. Bókað var að vitninu hafi verið sýndur byssustingur sem ljósmynd væri af í dómskjölum. Framburður vitnisins var í samræmi við fyrirbyggjandi framburð hjá lögreglu. Staðfesti hún skýrsluna í öllum aðalatriðum.²⁷⁴⁶ Bókað var að klukkan 11:32 hafi komið í dóminn sem vitni [IF], amma Kristjáns Viðars. Bókað var að vitninu hafi verið sýndur byssustingur sem ljósmynd væri af í dómskjölum. Framburður vitnisins var í samræmi við fyrirbyggjandi framburð hjá lögreglu en gat þess þó að hafa fleygt byssustingnum rétt fyrir jólin skömmu eftir að dóttir hennar og tengdasonur hafi flutt að Asparteið 2 í Mosfellssveit. Bókað var að vitnið hafi staðfest skýrslu sína hjá lögreglu. Í framhaldinu var bókað að [SEK], móðursystir Kristjáns Viðars hafi mætt á ný í dómnum sem vitni. Kvaðst hún hafa flutt að Asparteiði 2 í Mosfellssveit síðast í júlí 1973. Bókað var að henni hafi verið kynntur framburður móður sinnar um það hvenær byssustingnum hafi verið hent. Kvaðst hún ekkert geta staðhæft um þetta frekar.²⁷⁴⁷ Bókað var að klukkan 12:10 hafi komið í dóminn sem vitni [HeG], vinkona Sævars. Bókað var að henni hafi verið sýnd mynd af Guðmundi Einarssyni. Minntist hún þess ekki að hafa nokkurn tímann séð Guðmund. Kvaðst hún hafa kynnst Sævari snemma á árinu 1973 og þau hafi verið mikið saman eftir það.²⁷⁴⁸ Bókað var að henni hafi verið kynntur fyrri framburður sinn hjá lögreglu um kynni sín af Sævari. Tók hún þá fram að hún myndi mjög lítið eftir þessu tímabili og tók fram að hún myndi ekki hvenær hún hafi kynnst honum. Bókað var að vitninu hafi verið sýndur byssustingur sem ljósmynd væri af í dómskjölum. Kvaðst hún aldrei hafa séð áþekkt vopn í fórum Sævars eða Kristjáns Viðars. Kvaðst hún ekki muna sérstaklega eftir laugardagskvöldinu 26. janúar 1974 og aðfaranótt 27. sama mánaðar. Mundi hún ekki hvort Sævar hafi komið til hennar það kvöld, en hann

²⁷⁴³ Bls. 2512.

²⁷⁴⁴ Bls. 2513.

²⁷⁴⁵ Bls. 2514.

²⁷⁴⁶ Bls. 2515.

²⁷⁴⁷ Bls. 2517.

²⁷⁴⁸ Bls. 2517.

hafi verið tíður gestur hjá henni um þetta leyti og hafi yfirleitt komið á kvöldin eða á nóttunni. Bókað var að vitninu hafi verið kynntur framburður Sævars um að sama kvöld hafi [LH], herbergisfélagi hennar, komið heim af dansleik í ástarsorg og Sævar hafi tekið upp flösku af Ballantines viskí og gefið [SæJ] í glas. Mundi hún ekki sérstaklega eftir þessu. Staðfesti hún fyrri skýrslur sínar hjá lögreglu í öllum atriðum.²⁷⁴⁹ Mundi hún ekki eftir því að Sævar eða aðrir ákærðu hafi nokkurn tíma minnst á Guðmund Einarsson eftir að hann hvarf og farið var að lýsa eftir honum. Bókað var að klukkan 12:32 hafi [PRE], fyrrum refsifangi að Litla-Hrauni, komið fyrir dóminn sem vitni. Framburður vitnisins var í samræmi við fyrirliggjandi framburð hjá lögreglu. Bókað var að vitnið hafi lesið yfir og staðfest skýrslu sína hjá rannsóknarlögreglu.²⁷⁵⁰

1438. Guðjón ritaði færslu í dagbók sína þennan dag, 24. mars 1977. Ritaði hann um lestur á Morgunblaðinu. Hann væri ekki ánægður með að vera maníó-depressívur en hann yrði að sæta því.²⁷⁵¹
1439. Föstudaginn 25. mars 1977 var bókað í dagbók fangelsisins við Síðumúla að komið hafi verið með bréf til Guðjóns klukkan 10:00.²⁷⁵² Klukkan 11:25 var bókað að séra Ragnar Fjalar Lárusson hafi hringt vegna heimsóknar til Guðjóns. Lét færsluritari þess getið að hann og Gunnlaugur Briem hafi þegar rætt saman um að umrædd heimsókn færi ekki fram í fangelsinu heldur myndu lögreglumenn á vegum sakadómarans sjá um að aka um með þá í bifreið á meðan þeir töluðust við.²⁷⁵³
1440. Sama dag var bókað í dagbók Hegningarhússins að Kristjáni Viðar hafi verið fluttur í sakadóm klukkan 09:44. Bókað var að komið hafi verið til baka með Kristján Viðar klukkan 12:30, en hann svo sóttur aftur klukkan 13:20. Bókað var að komið lögreglumenn hafi flutt Kristján aftur í fangelsið klukkan 19:00 og hafið varðstöðu yfir honum.²⁷⁵⁴
1441. Þennan dag var dómþing sakadóms Reykjavíkur háð og tekið fyrir sakadómsmál á hendur ákærðu. Bókað var að Bragi Steinarsson, vararíkissaksóknari, hafi mætt í dómnum klukkan 10:00 af hálfu ákærvaldsins. Á sama tíma var bókað að Páll Arnór Pálsson, verjandi ákærða Kristjáns Viðars, hafi komið fyrir dóminn. Þá var ákærði Kristján Viðar færður í dóminn.²⁷⁵⁵ Bókað var að Kristjáni Viðari hafi verið kynnt sakarefnið í I. kafla ákæru. Orðrétt var bókað: „Kveður hann það rétt, sem honum er gefið þar að sök að því undanskildu, að Guðmundur hafi aldrei verið stunginn með hníf eða byssusting.“ Kvaðst Kristján Viðar hafa kynnst meðákærða Sævari í barnaskóla. Þeir hafi verið mikið saman frá árinu 1972. Kvaðst hann hafa kynnst meðákærða Tryggva Rúnari árið 1971 og þeir hafi verið mikið saman síðan. Kynntist hann meðákærða Alberti Klahn þegar hann var 10 ára og þeir hafi verið töluvert

²⁷⁴⁹ Bls. 2518.

²⁷⁵⁰ Bls. 2520–2521.

²⁷⁵¹ Bls. 2504_D.

²⁷⁵² Dagbók nr. 6, bls. 188.

²⁷⁵³ Dagbók nr. 6, bls. 189.

²⁷⁵⁴ Dagbók nr. 1, bls. 50.

²⁷⁵⁵ Bls. 2521.

saman síðan þá. Sagði hann þá alla hafa neytt áfengis saman og einnig fíkniefna. Tók hann fram að Sævar hafi hætt fíkniefnaneyslu árið 1972.²⁷⁵⁶ Framburður Kristjáns Viðars var í samræmi við fyrirliggjandi framburð hjá lögreglu en gat hann þess þó að kalt hafi verið umrædda nótt, en hann myndi ekki að öðru leyti hvernig veðrið hafi verið.²⁷⁵⁷ Greindi hann frá því að þegar hann og Tryggvi Rúnar hafi farið út úr bifreið Alberts Klahn í brekkunni við Skiphól í Hafnarfirði aðfaranótt 27. janúar 1974 hafi þeir gengið um stund en farið aftur að bifreiðinni. Þá hafi Albert sagst þurfa að fara og þeir gætu ekki fengið að vera lengur í bifreiðinni. Nokkuð þjark hafi orðið út af þessu, en hann og Tryggvi Rúnar hafi fallist á að fara út úr bifreiðinni. Þeir hafi gengið um í átt að Alþýðuhúsinu en farið síðan aftur upp brekkuna í átt að Reykjavík. Þá hafi þeir séð ameríska bifreið, rauðbrúna á lit sem hafi verið full af fólki. Kvaðst Kristján Viðar hafa séð Guðmund Einarsson standa við afturdyr bifreiðarinnar ökumannsmegin. Hann og Tryggvi Rúnar hafi þá spurt hvort þeir gætu fengið far. Guðmundur hafi þá svarað þeim og sagt það ekki vera hægt en hann hefði verið að biðja um far. Bifreiðinni hafi þá verið ekið í burtu og þeir þrír þá orðið eftir. Kvaðst Kristján Viðar hvorki hafa séð fólkið sem var í bifreiðinni né skráninganúmer. Hafi þeir ætlað að reyna að komast til Reykjavíkur á puttanum, en það ekki gengið. Þá hafi þeir ákveðið að fara að Hamarsbraut 11 og reyna að fá lán fyrir leigubifreið.²⁷⁵⁸ Kvaðst Kristján Viðar hafa fengið hugmyndina að því. Mundi hann ekki vel hvaða leið þeir hafi farið en taldi að þeir hafi gengið eftir Strandgötu og mundi hann að þeir hafi gengið fram hjá lögreglustöðinni. Þeim hafi gengið illa að finna húsið. Bókað var að Kristjáni Viðari hafi verið kynntur framburður tveggja sjónarvotta sem staddar voru í bifreið á Strandgötu í Hafnarfirði. Nánar aðspurður skýrði Kristján Viðar svo frá að hann myndi eftir því að Tryggvi Rúnar hafi orðið viðskila við hann og Guðmund í nokkra stund þegar þeir voru staddir við skúra rétt hjá Skiphól að Strandgötu. Töldu þeir minni líkur á því að þeir gætu stöðvað bifreiðar og fengið far ef þeir voru þrír saman. Því hafi Tryggvi Rúnar farið bakvið skúrana svo hann sæist ekki. Mundi hann eftir því að margar bifreiðar hafi ekið fram hjá þeim. Mundi hann eftir ljósblárri fólksbifreið sem hafi hægt ferðina en síðan ekið áfram. Mundi hann ekki eftir því að hvít Volkswagen bifreið hafi nálgast þá en síðan ekið áfram. Þá mundi hann ekki eftir að hafa farið úr jakkanum í umrætt sinn, en sagði það þó geta verið. Kvaðst Kristján Viðar hafa verið í frakka og jakka innan undir, en mundi ekki í hvernig skyrta hann hafi verið í.²⁷⁵⁹ Sagðist hann hafa verið mikið undir áhrifum áfengis, en sérstaklega undir lyfjaáhrifum. Sagði hann það vel geta verið rétt sem sjónarvottarnir hafi sagt í framburðum sínum. Mundi hann ekki eftir því að Guðmundur hafi sagst þekkja stúlkurnar sem hafi ekið fram hjá þeim. Greindi Kristján Viðar frá því að ljós hafi verið slökkt í íbúð Sævars og Erlu. Hann hafi barið að dyrum, en enginn ansað. Bankaði hann þá á glugga á svefnherbergi og stofu. Kvaðst Kristján þá hafa orðið þess var að einhver hafi gengið fram hjá húsinu niður stíginn. Vissi hann ekki hvaða maður þetta var og því hreyfði hann sig ekki til að maðurinn tæki ekki eftir sér. Sagðist hann

²⁷⁵⁶ Bls. 2522.

²⁷⁵⁷ Bls. 2523.

²⁷⁵⁸ Bls. 2525.

²⁷⁵⁹ Bls. 2526.

hafa gengið aftur fyrir húsið og aftur að útidyrnum og þá hafi Sævar staðið hjá Tryggva Rúnari og Guðmundi. Sævar hafi verið tregur til að hleypa þeim inn en hafi þó látið til leiðast. Hafi Sævar fundið að því við hann að hafa komið með Guðmund og Tryggva Rúnar. Orðrétt var bókað eftir Kristjáni Viðari: „Hann (Sævar Marinó) var eitthvað reiður yfir, að ég skyldi láta Tryggva vita, hvar hann byggði.“²⁷⁶⁰ Bókað var að Kristján Viðar hafi óskað eftir því að leiðrétta framburð sinn. Sagði hann að þeir Tryggvi Rúnar hafi hitt Guðmund við Skiphól stuttu eftir að þeir hafi farið úr bifreið Alberts. Þeir þrír hafi gengið að bifreið Alberts, en hann hafi ekki viljað aka þeim og sagst þurfa að fara annað. Kvaðst Kristján Viðar muna eftir að hafa spurt Albert hvort hann þekkti ekki Guðmund og hvort hann vildi ekki gera honum þann greiða að aka honum til Reykjavíkur. Hafi Albert sagst kannast við hann, en ekki geta ekið þeim.²⁷⁶¹ Bókað var að hlé hafi verið gert á þinghaldinu klukkan 12:20 en því fram haldið klukkan 13:45. Bætti Kristján Viðar því við að á leiðinni til Hafnarfjarðar hafi þeir komið við í nætursölunni við Reykjavíkurveg í Hafnarfirði, haft þar stutta viðdvöl og ekið svo áfram. Greindi hann frá því að þegar þeir hafi verið komnir inn í íbúðina við Hamarsbraut 11 hafi Sævar ætlað að verða við beiðni hans um peningalán fyrir leigubifreið. Um fimm mínútum síðar hafi Albert Klahn og [GunJ] komið inn í íbúðina. Kvaðst Kristján Viðar hafa tekið inn Mebumal Natrium töflur sem hann hafi fengið hjá Tryggva Rúnari. Í framhaldinu hafi þeir rætt áfengis kaup. Kvaðst Kristján Viðar hafa beðið um lán hjá Sævari fyrir flösku, en hann verið tregur til. Þá hafi hann stungið upp á því að Guðmundur greiddi helminginn af flöskunni en Guðmundur hafi ekki viljað fallast á það. Hafi hann og Tryggvi Rúnar gengið á eftir Guðmundi, en hann neitað. Þá hafi Sævar, Tryggvi Rúnar og Guðmundur farið inn í svefnherbergið, en hann orðið eftir í stofunni og fengið sér töflur. Kvaðst Kristján hafa orðið þess var allt í einu að átök hafi brotist út í svefnherberginu milli Sævars, Tryggva Rúnars og Guðmundar.²⁷⁶² Lýsti Kristján Viðar átökunum fyrir dóminum og hvernig Tryggvi Rúnar og Sævar hafi ráðist að Guðmundi með hnefahöggum og spörkum. Guðmundur hafi staðið upp og verið mjög reiður og ráðist á hann og spurt hvers vegna hann væri að draga hann inn í svona dópistabæli. Kvaðst Kristján Viðar hafa losað hann af sér og slegið hann nokkur högg í andlit og víðar. Við það hafi Guðmundur fallið í gólfið og ekki staðið upp aftur.²⁷⁶³ Að frumkvæði Sævars hafi hann sagt við [GunJ] að þarna ættu að fara fram viðskipti sem þeir kærðu sig ekki um að hann yrði vitni að. Raunverulega ástæðan að baki hafi verið sú að þeir hafi ekki viljað láta [GunJ] sjá meira. Lýsti Kristján Viðar því að þegar þeim hafi orðið það ljóst að Guðmundur væri látinn hafi gripið þá skelfing. Þeir hafi farið saman á brott úr húsinu, niður á Suðurgötu og náð þar í leigubifreið sem hafi ekið þeim að nætursölunni í Hafnarfirði. Hafi þeir haft þar stutta viðdvöl og voru komnir að Hamarsbraut 11 eftir um hálf tíma.²⁷⁶⁴ Kvaðst hann ekki hafa orðið þess var að Erla hafi verið komin heim þegar þeir komu aftur í íbúðina. Lýsti Kristján Viðar því að Guðmundur hafi verið vafinn í lakið. Hann

²⁷⁶⁰ Bls. 2527.

²⁷⁶¹ Bls. 2528.

²⁷⁶² Bls. 2529.

²⁷⁶³ Bls. 2530.

²⁷⁶⁴ Bls. 2532.

hafi rætt við Erlu inni í stofu og hún sagst ekki ætla að skipta sér af þessu. Albert Klahn hafi komið á bifreið og beðið fyrir utan.²⁷⁶⁵ Bókað var eftir Kristjáni Viðari að hann tæki aftur fyrri framburð hjá lögreglu um að hafa stungið Guðmund Einarsson með byssusting umrædda nótt. Orðrétt var bókað: „Ákærði kveður sögu þessa algerlega út í loftið. Hafi hann sagt lögreglunni hana, vegna þess að hann var orðinn ruglaður af stöðugum yfirheyrslum, bæði um þetta mál og „Geirfinnsmálið“ og hafi sagan verið sögð til að flýta málinu.“²⁷⁶⁶ Framburður Kristjáns Viðars um flutninginn á líkinu var í samræmi við fyrirbyggjandi framburð hjá lögreglu en gat hann þess þó að lakið hafi verið látið vera utan um líkið.²⁷⁶⁷ Hann og Tryggvi Rúnar hafi sótt stóran hellulaga stein og lagt ofan á líkið. Steinninn hafi ekki hulið líkið alveg og því hafi hann sótt þrjá til fjóra steina til viðbótar og lagt yfir höfuð líksins. Taldi hann að klukkan hafi verið um 04:00 þegar hann hafi komið heim að Grettisgötu 82 ásamt Tryggva Rúnari. Greindi Kristján Viðar frá því að þeir hafi tekið inn LSD töflur og þegar hann hafi fundið til áhrifa hafi hann farið að ræða við Tryggva Rúnar um að maður hafi dáíð í Hafnarfirði. Tryggvi Rúnar hafi þá sagt að það væri tóm ímyndun og kvaðst Kristján Viðar hafa sannfærst um að svo hafi verið.²⁷⁶⁸ Þegar lýst hafi verið eftir Guðmundi í kjölfarið hafi hann verið búinn að gleyma því sem hafi gerst umrædda nótt. Bókað var að Kristjáni Viðari hafi verið kynnt skýrsla hans frá 14. október 1976. Orðrétt var bókað: „Ákærði kveður skýrslu þessa ekki hafa við nein rök að styðjast. Hann hafi ekki komið með þá sögu að líkið hafi verið flutt í kirkjugarð.“ Ítrekað spurður hvar lík Guðmundar væri niðurkomið kvaðst Kristján Viðar ekki vita það væru líkamsleifar hans ekki í Hafnarfjarðarhrauni.²⁷⁶⁹ Bókað var að Kristján Viðar hafi vikið frá klukkan 17:48.²⁷⁷⁰

1442. Guðjón ritaði í dagbók sína sama dag, 25. mars 1977, um að hafa lesið Morgunblaðið og fengið bréf frá [VÉS]. Bréfið sem hann hafi skrifað [GUÆ] hafi verið sent til baka þar sem hann hafi skrifað utan á umslagið: „Þetta bréf er einungis ætlað henni, en sá sem opnar það og les, mun þess lengi iðrast.“²⁷⁷¹
1443. Mánudaginn 28. mars 1977 var bókað í dagbók fangelsisins við Síðumúla að séra Ragnar Fjalar Lárusson hafi hringt klukkan 12:45 og sagt Gunnlaug Briem, sakadómara, hafa heimilað einkaviðtal við Guðjón, en áður hafi verið rætt um annað fyrirkomulag. Færsluritari lét þess getið að hann hafi hringt til Gunnars Guðmundssonar, forstöðumanns, sem hafi viljað halda sig við fyrra fyrirkomulag. Bókað var að prestinum hafi verið tilkynnt um það.²⁷⁷²
1444. Fyrir liggur samantektarskýrsla, dagsett þennan dag, rituð af Gísla Guðmundssyni í tengslum við framhaldsrannsókn á hvarfi Guðmundar Einarssonar. Í skýrslunni kom fram að síðasti launatékkinn sem Guðmundur Einarsson hafi fengið hjá fyrirtækinu

²⁷⁶⁵ Bls. 2533.

²⁷⁶⁶ Bls. 2534.

²⁷⁶⁷ Bls. 2535.

²⁷⁶⁸ Bls. 2536.

²⁷⁶⁹ Bls. 2537.

²⁷⁷⁰ Bls. 2538.

²⁷⁷¹ Bls. 2537_E–F.

²⁷⁷² Dagbók nr. 6, bls. 192.

[PSn], hafi aldrei komið fram. Bókað var að rétt hafi verið við föður Guðmundar sem hafi sagt fyrirtækið hafa greitt fjárhæðina aftur vegna þess að tékkinn hafi ekki komið fram.²⁷⁷³

1445. Þennan dag var sett dómþing í sakadómi Reykjavíkur og tekið fyrir sakadómsmál á hendur ákærðu. Bókað var að sækjandi málsins, Bragi Steinarsson, væri kominn í dóminn. Þá voru bókaðir mættir Páll Arnór Pálsson, verjandi Kristjáns Viðars og Örn Clausen, verjandi Alberts Klahn. Bókað var að Kristján Viðar hafi verið færður í dóminn klukkan 10:10. Voru honum kynntir framburðir hans í dómi 11. janúar 1976 og það sem hann hafi þá staðfest úr lögregluskýrslu og framburður hans 25. mars 1977 um átökin að Hamarsbraut 11.²⁷⁷⁴ Bókað var að Kristjáni Viðari hafi verið bent á misræmið. Orðrétt var bókað: „Ákærði segir framburðinn frá 25. þ.m. vera réttari. Hann hafi ekki munað eins vel um málsatvik 11. janúar 1976 eins og nú.“ Bókað var að Kristján Viðar hafi játað sök samkvæmt V. kafla ákæru.²⁷⁷⁵ Bókað var að klukkan 10:35 hafi Albert Klahn komið í dóminn. Bókað var að fram færi samprófun um þau atriði þar sem bæri í milli í framburðum ákærðu. Bókað var að Albert hafi sagt þá ákærðu hafa að kvöldi 26. og aðfaranótt 27. janúar 1974 „farið á bísann“, það er að sjá út drukkna menn og taka af þeim veski. Hélt hann fast við framburð sinn í sakadómi frá 4. mars 1977. Bókað var að Kristján Viðar hafi sagt þá hafa ætlað að hitta kunningja til að komast í heimahús til að sitja við drykkju. Bókað var orðrétt: „Frekara samræmi næst ekki um þetta atriði.“ Bókað var að Kristján Viðar hafi haldið því fram að hann, Tryggvi Rúnar og Guðmundur Einarsson hafi farið fótgangandi frá bifreið Alberts sem hafi verið við Skiphól og að Hamarsbraut 11. Orðrétt var bókað: „Ákærði Albert Klahn kveður þetta vera rétt og hafi verið um misminni hjá sér að ræða, er hann sagði, að hann hefði ekið þeim.“ Kvaðst hann ekki hafa fallist á að aka þeim þremur til Reykjavíkur þar sem honum hafi ekki fundist viðkunnanlegur maður sá sem var með Kristjáni og Tryggva.²⁷⁷⁶ Bókað var að framburður Kristjáns Viðars 25. mars 1977 um þetta atriði hafi verið lesinn. Bókað var að Albert hafi sagst ekki muna eftir að hafa séð Guðmund áður. Fór fram samprófun um átökin að Hamarsbraut 11. Bókað var að samræmi í framburðum ákærðu hafi ekki náðst.²⁷⁷⁷ Framburður Alberts um flutning á líki Guðmundar úr hrauninu við Hafnarfjörð í kirkjugarðinn í Hafnarfirði í ágúst 1974 var lesinn í heyranda hljóði. Kvaðst Albert halda fast við þennan framburð. Bókað var að Kristján Viðar hafi sagst ekki kannast við að hafa tekið þátt í flutningi á líki Guðmundar úr Hafnarfjarðarhrauni og vissi ekki til að meðákærðu hafi tekið þátt í slíku. Hann hafi ekkert hreyft við líki Guðmundar eftir að því hafi verið komið fyrir í Hafnarfjarðarhrauni aðfaranótt 27. janúar 1974. Kvaðst Kristján Viðar ekki geta bent á hvar lík Guðmundar væri niðurkomið. Bókuð var lýsing Alberts á þeirri leið sem hafi verið farin þegar lík Guðmundar var flutt í Hafnarfjarðarhraun. Var orðrétt bókað: „Ákærði Kristján Viðar kveður þetta rétt.“²⁷⁷⁸ Bókað var að Albert hafi sagt það rétt

²⁷⁷³ Bls. 2658.

²⁷⁷⁴ Bls. 2538.

²⁷⁷⁵ Bls. 2539.

²⁷⁷⁶ Bls. 2540.

²⁷⁷⁷ Bls. 2541–2542.

²⁷⁷⁸ Bls. 2544.

sem honum hafi verið gefið að sök í VIII. kafla ákæru. Klukkan 14:10 var bókað að Erla hafi komið í dóminn ásamt verjanda sínum, Guðmundi Ingva Sigurðssyni. Á sama tíma var bókað að Kristján Viðar hafi mætt í dóminn. Bókað var að fram færi samprófun um þau atriði þar sem bæri í milli í framburðum ákærðu. Bókað var að framburður Erlu í skýrslu dagsettri 20. desember 1975 hafi verið lesin í heyranda hljóði. Kvaðst Erla halda fast við það sem hún hafi skýrt frá í málinu. Sagði Kristján Viðar það geta verið rétt sem Erla hafi sagt, en hélt því fram að hann hafi rætt við Erlu að Hamarsbraut 11 umrædda nótt. Mundi Erla ekki eftir því. Bókað var að Erla hafi haldið fast við það að hún hafi séð saur í lakinu sem maðurinn hafi verið vafinn inn í og fundið vonda lykt. Kvaðst Kristján Viðar ekki hafa orðið var við neitt slíkt. Bókað var að viðstaddir hafi vikið frá og var dómþingi slitið.²⁷⁷⁹

1446. Tryggvi Rúnar ritaði færslu í dagbók sína þennan dag, 28. mars 1977. Ritaði hann um að hafa óskað eftir viðtali við Hellert, Kristmund eða Gísla sem hafi reynst uppteknir.²⁷⁸⁰

1447. Þriðjudaginn 29. mars 1977 var bókað í dagbók Síðumúlafangelsisins Bókað var að séra Jón Bjarman hafi farið inn til viðtals við Guðjón klukkan 15:35. Bókað var að séra Jón Bjarman hafi lokið viðtali við Guðjón klukkan 16:30. Klukkan 18:10 var bókað að Gísli Guðmundsson, rannsóknarlögreglumaður, hafi komið klukkan 18:10 og talað við Tryggva Rúnar samkvæmt beiðni hans þar um. Bókað var að þeir hafi lokið samtali sínu klukkan 19:20 og var Tryggvi Rúnar færður aftur á klefa sinn.²⁷⁸¹ Rannsóknargögn um viðtalið liggja ekki fyrir önnur en færsla í dagbók Tryggva Rúnars sama dag. Ritaði hann um að hafa rætt við Gísla í horninu og hafa skýrt þetta fyrir honum með Trabant bifreiðina. Hann hafi beiðið Gísla um að athuga hvenær hann hafi velt bifreiðinni við Fylkissvöllinn en í kjölfarið hafi hann verið tekinn af Árbæjarlögreglunni. Ritaði Tryggvi um að Gísli hafi ætlað að athuga það fyrir hann og ræða við [HKG] og spyrja hana hvort hún myndi þetta tímabil og þá sérstaklega umrædda helgi, 26. til 27. janúar 1974. Ritaði hann um að Gísli hafi sagt honum frá því að hann ætti að mæta fyrir dóm daginn eftir hjá öllum þremur dómurum málsins. Gísli hafi sagt honum að Albert, Erla, Kristján og Sævar væru öll búin að koma fyrir dóminn, en Sævar hefði verið í allan dag. Orðrétt ritaði Tryggvi Rúnar: „Ég vona bara að þau hafi sagt sannleikann í málinu og sagt satt um mig að ég væri þarna hvergi nærri staddur, svo að þetta verði ekki eintómt röfl og vesen.“ Í framhaldinu ritaði hann um að hafa farið í bað til að hressa sig við. Þá ritaði hann orðrétt: „Já, loksins er komið að lokatakmarki mínu þ.e.a.s. segja sannleikann fyrir rétti. En það hefur líka tekið tímenn sem ég hefði aldrei búist við, 15 og hálfur mánuður! Ef ég hefði búist við þessu þá hefði ég aldrei játað mig inn í þetta mál, þ.e.a.s. ef ég hefði vitað tímenn. Ég hélt með því að játa mig inn í þetta slyppi ég út á meðan málið kæmi fyrir dóm. Ég vildi ekki þessi tvö ár sem Örn Höskuldsson hótaði mér að ég yrði inni ef ég játaði ekki. Já og ég slyppi sko ekki út, það væri víst mál. Nei, núna eru dagar Arnar Höskuldssonar taldir. Ég er hræddur um að hann þurfi að pakka niður og kveðja bless, með virðingu

²⁷⁷⁹ Bls. 2546.

²⁷⁸⁰ Bls. 2537_D og 2545_A.

²⁷⁸¹ Dagbók nr. 6, bls. 194.

fyrir sparki í rassgatið sem fylgdargjöf. Hann Örn og eins Eggert sem fóru með ólöglegar yfirheyrslur allan tímann sem þeir fengu játningar. Ég get sagt að ekki var ég hræddur, en ég vildi ekki vera saklaus inni í svona máli, maður getur verið vitlaust á því að vera saklaus inni í svona máli. Ég hugsaði alltaf um fjölskyldu mína, hvað heldur hún hugsaði ég. Svo voru þetta jólin í þokkabót. Það var allt sem sverti þetta fyrir mér. En ég vissi samt að það kæmi að endalokum í þessu og nú er sú stund að renna upp í fyrramálið, kl. 10. Þá fæ ég að tjá mig fyrst.²⁷⁸²

1448. Fyrir liggur samantektarskýrsla, dagsett sama dag, rituð af Gísla í tengslum við framhaldsrannsókn á hvarfi Guðmundar. Bókað var að eftir könnun hjá vinnuveitanda Guðmundar Einarssonar væri ljóst að hann hefði ekki verið með tékka frá fyrirtækinu í fótum sínum þegar hann hvarf.²⁷⁸³
1449. Þennan dag var [GPÁ], kunningi Guðmundar, yfirheyrður sem vitni vegna framhaldsrannsóknar á hvarfi hans. Ber skýrslan um yfirheyrsluna ekki með sér neinar nýjar upplýsingar.²⁷⁸⁴
1450. Sama dag, 29. mars 1977, var dómþing sakadóms Reykjavíkur háð og tekið fyrir sakadómsmál á hendur ákærðu. Bókað var að Bragi Steinarsson, vararíkissaksóknari, hafi komið í dóminn. Þá var bókaður mættur í dóminn Jón Oddsson, verjandi Sævars. Klukkan 10:10 var Sævar færður í dóminn. Orðrétt var bókað: „Ákærði kveðst ekki vilja viðurkenna að það sé rétt, sem honum er gefið að sök í I. kafla ákæru.“²⁷⁸⁵ Greindi hann frá því að hann og Erla hafi kynnst um haustið 1973. Erla hafi þá búið að Hamarsbraut 11, en hann hafi dvalið hjá henni einstöku sinnum, en ekki talið sig eiga þar heimili og hafi aldrei verið skráður þar heimilisfastur. Sagði hann Albert Klahn og Kristján Viðar hafa komið að Hamarsbraut 11 og minnti hann að það hafi verið um jólaleytið 1973. Vissi hann ekki til þess að Tryggvi Rúnar hafi nokkurn tímann komið að Hamarsbraut 11.²⁷⁸⁶ Lýsti Sævar atburðum frá kvöldi 26. janúar 1976. Framburður hans var í samræmi við fyrirliggjandi framburð hjá lögreglu. Bókað var að hlé hafi verið gert á þinghaldinu klukkan 12:00.²⁷⁸⁷ Bókað var að þinghaldinu hafi verið fram haldið klukkan 14:00 og á sama tíma hafi sækjandi, ákærði og verjandi hans komið í dóminn.²⁷⁸⁸ Bókað var að Sævari hafi verið kynntur framburður hans í dómsskýrslu 11. janúar 1976 þar sem hann hafi borið um að Kristján Viðar og Tryggvi Rúnar hafi verið við útidyrnar að Hamarsbraut 11 ásamt þriðja manni þegar hann hafi komið þangað og ruðst inn í íbúðina þrátt fyrir mótmæli hans. Bókað var að Sævar hafi verið beðinn um að gefa skýringu á þeirri breytingu sem hann gerði nú á framburðinum. Var orðrétt bókað í sakadómsbókina: „Ákærði segir framburð sinn nú vera hið rétta í málinu. Muni hann koma fram með skýringar á þessu síðar.“²⁷⁸⁹ Lýsti hann átökunum í íbúðinni og kvaðst sjálfur ekki hafa átt neinn þátt í þeim. Kvaðst hann ekki hafa séð

²⁷⁸² Bls. 2557_A–D.

²⁷⁸³ Bls. 2659.

²⁷⁸⁴ Bls. 2660–2661.

²⁷⁸⁵ Bls. 2547.

²⁷⁸⁶ Bls. 2548.

²⁷⁸⁷ Bls. 2549–2551.

²⁷⁸⁸ Bls. 2552.

²⁷⁸⁹ Bls. 2553.

blóð á Guðmundi, en mundi eftir að hann hafi verið með sprungna vör. Þá hafi hann aldrei staðið upp eftir að hafa fallið í gólfið.²⁷⁹⁰ Bókað var að Sævari hafi verið kynntur framburður hans frá 11. janúar 1976 í sakadómi. Sagði Sævar framburðinn vera hafðan eftir sér, en hann væri rangur. Kvaðst hann aldrei hafa sparkað í kjálka Guðmundar þar sem hann hafi legið á gólfinu. Þá hafi hann aldrei séð Guðmund velta sér við og hann hafi ekki reynt að standa upp. Sérstaklega aðspurður neitaði Sævar því að hafa sparkað í höfuð Guðmundar. Bókað var að á þessum tímamarki hafi Sævar óskað eftir því að eftirfarandi yrði bókað eftir honum: „Ég var ekki að Hamarsbraut 11 þessa nótt. Ég var hjá [HeG] í starfsmannabústað Kópavogshælis alla þessa nótt, ræddi við hana um morguninn um að fara að Gljúfurholti í Ölfusi. Ég hitti Erlu einhvern tíma á sunnudagskvöldið 27. janúar 1974 og var þá með [ViG]. Ég var að hugsa um að fara austur í Gljúfurholt, en hætti við það vegna Erlu. Ég var upphaflega látinn játa á mig sakir, beittur líkamlegu ofbeldi af rannsóknarmönnum, einnig af fangavörðum, hótað af Tryggva Rúnari og Kristjáni Viðari. Erla hótaði að fremja sjálfsmorð í júlímánuði 1976 við samprófun í fangelsinu við Síðumúla. Samprófunin stóð öðru hvoru í 8 daga, og lengst í 6 tíma í einu. Var Erla höfð þar til að koma vitinu fyrir mig. Sigurbjörn sagði við mig, að ef ég játaði ekki að hafa verið á Hamarsbraut 11 þessa nótt, myndi ég fá lífstíðaröryggisgæslu. Sigurbjörn Víðir sagði það vera orð Hallvarðar Einvarðssonar og Hallvarður Einvarðsson lét þessi orð falla í maímánuði og sagðist lofa mér því, að ég fengi að tynast í amerísku fangelsi, ef ég játaði ekki á mig sakir í Guðmundar- og Geirfinnsmáli. Daginn eftir að ég fór í samprófun með Tryggva Rúnari og Kristjáni Viðari var höfð samprófun, þar sem Sigurbjörn Víðir lét Tryggva Rúnar Leifsson ráðast á mig og barði hann mig svolítið til. Síðan er ég átti að fara inn í fangaklefa réðist Sigurbjörn Víðir á mig, sló mig í andlitið í viðurvist Ara Ingimundarsonar, fangavarðar, tók mig á loft og fleygði mér í stól í yfirheyrsluherbergi. Í júlímánuði, júlílok, kom fangavörður, Skúli Steinsson að nafni og biður mig að koma fram með sér. Ég spurði, hvað það væri og sagði hann mig mundu komast að því og ef ég kæmi ekki með góðu yrði ég beittur ofbeldi, en það var ávallt þeirra orðatiltæki þegar ég var látinn fara í yfirheyrslur. Gekk ég fram, og þegar ég kem að sturtuherbergi segir hann mér að bíða aðeins, tekur mig síðan hálstaki og dregur mig inn í sturtuherbergið og lætur renna í vask og gólfklút í vaskinn. Reyndi hann að dýfa mér ofan í, en tókst það ekki í fyrstu, en fékk þá Jóhann fyrrverandi lögreglumann til að aðstoða sig. Skúli spurði með hverjum ég hefði farið til Keflavíkur og hvert ég hefði farið með Guðmund Einarsson út í hraun. Eftir allar vatnsdýfingarnar var ég orðinn þjakaður og var farinn að hljóða. Þá hætta þeir og fleygja mér inn í klefa, en þetta hafði þá staðið í góða stund. Ekki hafði ég lengi verið í klefanum, er Skúli Steinsson kemur á ný, tekur mig með ofbeldi og heldur áfram sama leiknum og áður, þar til ég var allur orðinn blautur og farinn að hljóða. Ekki veit ég hversu lengi þetta stóð, en loks kom varðstjóri, Guðjón að nafni, og kvað þetta gott í bili. Var ég síðan látinn inn í klefa. Daginn sem fjórmeningarnir voru handteknir í Geirfinnsmálinu sagði ég við Örn Höskuldsson, að ég gæti ekki sagt, að ég hefði farið út á bát og ekki heldur sagt að ég hefði farið með þessum mönnum til Keflavíkur. Örn

²⁷⁹⁰ Bls. 2554.

sagði þá við mig: „Farðu inn í klefa og hengdu þig.“ Við Gunnar Marinósson sagði Örn: „Lánaðu honum reipi, svo hann geti hengt sig.“²⁷⁹¹ Bókað var að skýrsla rannsóknarlögreglu 22. desember 1975, skýrslur Sævars 4. og 6. janúar, 30. september og 5. október 1976 hafi verið lesnar í heild sinni í heyranda hljóði í dóminum. Bókað var að Sævar hafi kannast við að hafa gefið þessar skýrslur og undirritað þær, en sagði allt rangt sem kæmi fram í þeim um dauða Guðmundar Einarssonar. Sama ætti við um skýrslu dagsetta 9. janúar 1977 sem hann hafi gefið hjá Gísla Guðmundssyni, rannsóknarlögreglumanni. Ítrekað aðspurður neitaði Sævar því að hafa komið að Hamarsbraut 11 aðfaranótt 27. janúar 1974. Neitaði hann því eindregið og hélt því fram að hann hafi ekki komið þangað um nóttina. Kvaðst hann alltaf hafa haldið fram sakleysi sínu, en hafi ekki getað annað en gefið þessar skýrslur þar sem þess hafi verið krafist af honum. Neitaði hann því að vita nokkuð um flutning á líki Guðmundar, hvorki umrædda nótt né síðar. Sagði hann það rétt sem hafi verið bókað um ferðir hans að kvöldi 26. janúar 1974 uns hann hafi komið að Kópavogshælinu, en aðfaranótt 27. janúar 1974 hafi hann dvalið hjá [HeG]. Bókað var að Sævar hafi viðurkennt rétt það sem honum hafi verið gefið að sök í IV., V. og VI. kafla ákæru. Bókað var að viðstaddir hafi vikið frá klukkan 17:50 og var dómþingi slitið.²⁷⁹²

1451. Þennan dag ritaði Guðjón í dagbók sína um heimsókn frá séra Jóni Bjarman sem hafi sagt honum að [GUÆ] væri að þjarka við dómara um að hún og börnin fengju að hitta hann. Ritað hann um lestur á Morgunblaði. Hann væri skelfing þreyttur og dasaður.²⁷⁹³
1452. Miðvikudaginn 30. mars 1977 var bókað í dagbók fangelsisins við Síðumúla að Tryggvi Rúnar hafi verið fluttur í sakadóm klukkan 09:45. Á sama tíma var bókað um símtal frá Hellerti sem boðaði komu sína og séra Ragnars Fjalars Lárussonar til viðtals við Guðjón í horninu, en ekki utanhúss eins og áður hafði verið bókað um. Bókað var klukkan 10:25 að Guðjón hafi verið færður fram í horn til viðtals við Hellert og séra Ragnar Fjalar. Var hann færður aftur á klefa sinn klukkan 11:20. Bókað var að komið hafi verið með Tryggva Rúnar úr sakadómi klukkan 12:20. Bókað var klukkan 15:40 að Jón H. Halldórsson boðunarmaður hafi birt Guðjóni ákæru í svokölluðu Geirfinnsmáli.²⁷⁹⁴ Klukkan 16:45 var bókað að rætt hafi verið við Gunnlaug Briem að beiðni Tryggva Rúnars. Lét færsluritari þess getið að Hilmar Ingimundarson, verjandi Tryggva Rúnars, kæmi um kvöldið og mætti tala við skjólstæðing sinn að vild. Þá var bókað að einnig hafi verið rætt við Gísla Guðmundsson að beiðni Tryggva sem hafi beðið hann um að athuga ákveðið atriði í sambandi við bílveltu. Bókað var að Hilmar Ingimundarson, verjandi Tryggva, hafi komið klukkan 18:15 og rætt við hann inni á klefa. Bókað var að hann hafi farið klukkan 18:45.²⁷⁹⁵
1453. Fyrir liggur skýrsla um yfirheyrslu yfir [HKG], fyrrum sambýliskonu Tryggva Rúnars, þennan dag. Fram kom að þau hafi verið í sambúð um það leyti sem atburðurinn að

²⁷⁹¹ Bls. 2555–2557.

²⁷⁹² Bls. 2557–2558.

²⁷⁹³ Bls. 2557_E.

²⁷⁹⁴ Dagbók nr. 6, bls. 195.

²⁷⁹⁵ Dagbók nr. 6, bls. 196.

Hamarsbraut 11 hafi átt sér stað. Kvaðst hún hafa rætt við Sigurbjörn Víði og taldi sig hafa sagt honum allt það sem hún vissi og gæti munað. Mundi hún ekki sérstaklega eftir umræddri helgi og gæti því ekki borið um dvalarstað Tryggva Rúnars á þeim tíma. Greindi hún frá því að þau hafi búið saman á heimili foreldra Tryggva Rúnars frá sumri 1973 fram til loka febrúarmánaðar 1974, en þá hafi þau flutt að Gyðufelli 14, dvalið þar í einn mánuð en þá flutt að Kríuhólum 2. Eignuðust þau saman son í desember 1973. Fram kom að þau hafi slitið samvistum í september 1974 vegna óreglu Tryggva Rúnars.²⁷⁹⁶ Vissi hún ekki til þess að Tryggvi Rúnar hafi farið að Hamarsbraut 11 í heimsókn. Sagðist hún aldrei hafa heyrt Tryggva Rúnar minnst á umræddan atburð. Þá hafi hún aldrei heyrt hann minnst á Guðmund Einarsson.²⁷⁹⁷

1454. Meðal rannsóknargagna liggur fyrir samantektarskýrsla, dagsett sama dag, rituð af Gísla Guðmundssyni með yfirliti yfir þá sem hafi heimsótt Tryggva Rúnar þegar hann var í gæsluvarðhaldi að Litla-Hrauni á tímabilinu 16. júlí 1976 til 14. janúar 1977.²⁷⁹⁸
1455. Þennan sama dag, 30. mars. 1977, var dómþing sakadóms Reykjavíkur sett og tekið fyrir sakadómsmál á hendur ákærðu. Bókað var að sækjandi málsins, Bragi Steinarsson, hafi komið í dóminn ásamt Kristjáni Stefánssyni, héraðsdómslögmanni, fyrir hönd Hilmars Ingimundarsonar, verjanda Tryggva Rúnars.²⁷⁹⁹ Bókað var að Tryggvi Rúnar hafi verið færður í dóminn klukkan 10:05. Orðrétt var bókað: „Ákærði kveðst ekki vilja viðurkenna, að það sé rétt sem honum er gefið að sök í I. kafla ákæru.“ Kvaðst Tryggvi Rúnar neita því að hafa ráðist á Guðmund Einarsson ásamt meðákærðu og misþyrmt honum svo að hann hafi hlotið bana af. Kvaðst hann aldrei hafa komið að Hamarsbraut 11 í Hafnarfirði, hvorki aðfaranótt 27. janúar 1974 né fyrir þann tíma. Greindi hann frá því að honum hafi verið sýnt húsið í ársbyrjun 1976 til að vita hvort hann myndi eftir því, kvaðst Tryggvi Rúnar ekkert hafa kannast við húsið og aldrei hafa komið þar inn. Kvaðst hann ekkert geta sagt um hvar hann hafi verið í umrætt sinn. Sagði hann það útilokað að hann hafi verið með meðákærðu Kristjáni Viðari og Sævari, allavega ekki þegar atvik það hafi gerst sem ákært væri út af. Kvaðst Tryggvi Rúnar muna eftir að hafa verið heima hjá Kristjáni Viðari 10. til 12. janúar 1974, en muni ekki eftir að hafa hitt hann aftur í þeim mánuði.²⁸⁰⁰ Mundi hann eftir því að Sævar hafi einnig komið heim til Kristjáns í það skipti, en þeir hafi farið saman á dansleik. Sagðist hann ekki þekkja Sævar nema bara í gegnum Kristján Viðar. Þá þekkti hann Albert mjög lítið og kvaðst ekki muna eftir að hafa hitt hann á þessum tíma. Hann hafi ekki þekkt Guðmund og kvaðst ekki kannast við hann þegar honum var sýnd mynd af honum í dómnum. Bókað var að framburðir Tryggva Rúnars fyrir dómi 11. janúar, 22. mars og 30. apríl 1976 svo og lögregluskýrslur sem hann hafi staðfest hafi verið lesnar í heyranda hljóði. Kannaðist hann við framburðina og sagði þá rétt eftir sér hafða en sagði þá ranga. Var hann beðinn um að gefa skýringu á breyttum framburði.²⁸⁰¹ Var orðrétt bókað eftir Tryggva Rúnari: „Þegar ég var tekinn

²⁷⁹⁶ Bls. 2662.

²⁷⁹⁷ Bls. 2663.

²⁷⁹⁸ Bls. 2664.

²⁷⁹⁹ Bls. 2558.

²⁸⁰⁰ Bls. 2559.

²⁸⁰¹ Bls. 2560.

fyrst 23. desember 1975 heima hjá mér, var borin upp á mig þessi sök, að ég hefði í samráði við Kristján Viðar Viðarsson og Sævar Marinó Ciesielski orðið Guðmundi Einarssyni að bana. Síðan var ég yfirheyrður. Mér varð mikið um þetta, þar sem ég var saklaus í þessu máli. Ég gat ekki sofíð og mér var neitað um svefntöflur. Síðan liðu 2–3 dagar, þar til þurfti að sprauta mig niður, til að ég gæti sofíð, enda var ég kominn með óráð. Ég vil taka það fram, að upp úr þessu voru borin á mig tvö önnur stórmál, að ég hafi átt að verða stúlku að bana í Vík í Mýrdal og einhverjum manni í Ólafsvík, átti það að hafa verið haustið 1974. Ég tel mig alls ekki hafa verið kominn í fullt jafnvægi, þegar ég var tekinn í yfirheyrslur dag eftir dag, sem oft vöruðu í 12 tíma. Ekkert kom annað til umræðu en að ég ætti að játa þetta mál, sem upp á mig var borið. Það var alveg sama hvað ég sagði, þeir tóku ekki mark á því. Ég átti bara að játa að hafa verið með fyrrgreindum mönnum við nefndan verknað. Fyrstu dagana átti ég að skýra frá því sjálfur, hvernig þetta atvikaðist. Sagði Örn Höskuldsson, að ég fengi að rotna í 2 ár í Síðumúla. Það væri hægt að halda mér í þann tíma. Í þessum yfirheyrslum voru yfirleitt 3, Örn Höskuldsson, Sigurbjörn Víðir Eggertsson og Eggert Bjarnason. Áfram héldu hótanirnar og sögðu þeir, að ég yrði dæmdur fyrir þetta, því það væru allir búnir að játa og bentu á mig. Loks kom að því, að ég sá mér ekki annað fært en að játa á mig þátttöku í verknaðinum, þar sem mér fannst það skynsamlegra, úr því sem komið var. Fannst mér yfirheyrslurnar með þeim hætti, að ég játaði þetta með því hugarfari, að hið sanna kæmi í ljós, þegar málið kæmi fyrir dómara.²⁸⁰² Bókað var að Tryggva Rúnari hafi verið kynntur framburður [PRE], fyrrum samfanga hans að Litla-Hrauni, fyrir sakadómi 24. janúar 1977. Sagði Tryggvi Rúnar að framburður hans væri alger ósannindi og kvaðst hann aldrei hafa rætt þetta mál við hann, hvorki að Litla-Hrauni, né annars staðar. Bókað var að Tryggva Rúnari hafi verið bent á skýrslu Ásgeirs Karlssonar, geðlæknis. Kvaðst Tryggvi Rúnar kannast við að hafa sagt við Ásgeir það sem kæmi fram í skýrslunni. Sagðist hann hafa nefnt fjárborg við hann, en ekki í sambandi við þetta mál. Þá var honum kynnt skýrsla Sigurbjörns Víðis og Haraldar, dagsett 8. mars 1977. Jafnframt voru honum sýndar myndir af fjárborginni sem fjallað væri um í skýrslunni. Kvaðst Tryggvi Rúnar muna eftir að rætt hafi verið við hann um umrædda fjárborg og kvaðst kannast við einhverja fjárborg, en vissi ekki hvort um þessa fjárborg væri að ræða. Bókað var að Tryggva Rúnari hafi verið sýnd mynd af [GunJ] og kvaðst hann ekki kannast við hann. Var Tryggva Rúnari næst bent á lýsingu á herbergjaskipan að Hamarsbraut 11 og var skýrsla hans um það atriði frá 9. janúar 1976 lesin í heyranda hljóði. Kannaðist hann við að hafa skýrt frá eins og fram kom í skýrslunni. Var honum næst sýndur uppdráttur af kjallaraíbúð að Hamarsbraut 11. Var hann spurður hvernig hann hafi vitað svo nákvæmlega um herbergjaskipan að Hamarsbraut 11, hafi hann aldrei komið þangað líkt og hann héldi fram. Orðrétt var bókað: „Ákærði skýrir frá því, að hann hafi í yfirheyrslum hjá rannsóknarlögreglunni fengið að vita, hvernig herbergjaskipan var að Hamarsbraut 11 og sé lýsing sín á henni á því byggð.“²⁸⁰³

²⁸⁰² Bls. 2561.

²⁸⁰³ Bls. 2563.

1456. Tryggvi Rúnar ritaði færslu í dagbók sína þennan dag. Ritaði hann um þinghaldið fyrir dómi og sagði verjandann sinn hafa vantað.²⁸⁰⁴ Honum hafi verið sagt að hann hafi ekki komist og í hans stað hafi mætt lögfræðingur sem hann héldi að starfaði með verjanda sínum, Hilmar Ingimundarsyni. Orðrétt ritaði Tryggvi Rúnar: „Jæja svo hófst þetta með því að upplesnar voru lögregluskýrslur og dómskýrslur. Síðan var ég látinn segja útaf hverju ég játaði þetta og það reyndi ég við bestu getu, en auðvitað hefði mátt bæta mörgu við.“ Ritaði Tryggvi Rúnar um að hafa verið spurður um fjárborgir sem hann hafi sagst muna eftir. Hann væri ekki viss með þetta en sagðist viss um að þarna hafi engir flutningar verið á ferð. Þá ritaði hann um að vera alveg viss um að hafa aldrei séð [GunJ], hvorki fyrr né síðar. Orðrétt ritaði hann: „Það er þessi maður sem kemur inn í myndina í Guðmundarmálinu!“ Um framburð fyrrum samfanga að Litla-Hrauni, [PRE] ritaði Tryggvi Rúnar um að svo virtist sem sá væri enn ekki búinn að fá nóg af því að ljúga upp á hann.²⁸⁰⁵ Það væri alvarlegt mál að segja svona ósannindi fyrir dómi. Ritaði Tryggvi Rúnar um að Gunnlaugur Briem hafi spurt hann hvort rétt væri að hann hafi ætlað að berja [PRE], fyrrum samfanga sinn, í samprófun um daginn og hvort hann hafi ætlað að berja Sævar. Ritaði Tryggvi um að hafa farið út í garð, en ekki gert neinar líkamsæfingar þar sem hann væri ennþá í tilfinningalegu uppnámi. Þá hafi Gunnar Marinósson komið inn á klefann og upplýst um að Gísli Guðmundsson hafi sagst ekki enn hafa fundið út hvenær hann hafi velt Trabant bifreiðinni, en Gísli myndi reyna að finna út úr því.²⁸⁰⁶ Ritaði Tryggvi Rúnar um að Gunnar hafi greint honum frá því að Hilmar Ingimundarson hafi farið fram á frestun á dómsrannsókninni, en Gunnlaugur Briem, hafi hafnað því og sagt búið að ráðstafa tímanum í framburð Tryggva Rúnars og samprófanir í framhaldinu. Orðrétt ritaði Tryggvi Rúnar: „P.s. Hilmar kom til mín kl. um 6:15 í kvöld. Hann sagðist verða viðstaddur á morgun þegar samprófun fer fram hjá mér. Hilmar kvaðst það vera Erla Bolladóttir sem ég ætti að vera samprófaður við. Hilmar sagði mér bara að vera rólegur þó eitthvað komi sem ekki er satt. Ég meina ef hún fer að ljúga einhverja vitleysu að ég hafi til dæmis verið á Hamarsbraut þetta kvöld. Í fyrsta lagi þekki ég Erlu ekki neitt svo í öðru lagi þá hef ég aldrei á Hamarsbraut komið!“²⁸⁰⁷
1457. Sama dag, 30. mars 1977, ritaði Guðjón í dagbók sína um ánægjulega heimsókn frá séra Ragnari Fjalari Lárussyni sem framhald yrði á eftir því sem við yrði komið. Þá ritaði Guðjón um að hafa verið birt ákæra fyrir brot gegn 211. gr. almennra hegningarlaga. Hann hafi spjallað um hríð við Gunnar Marinósson og lesið Morgunblaðið.²⁸⁰⁸
1458. Fimmtudaginn 31. mars 1977 var bókað í dagbók fangelsisins við Síðumúla að Tryggvi Rúnar hafi verið fluttur í sakadóm Reykjavíkur klukkan 10:00. Bókað var að komið hafi verið til baka með Tryggva Rúnar klukkan 12:45.²⁸⁰⁹ Þennan dag var dómþing háð í sakadómi Reykjavíkur og tekið fyrir sakadómsmál á hendur ákærðu.

²⁸⁰⁴ Bls. 2557_D.

²⁸⁰⁵ Bls. 2562_B.

²⁸⁰⁶ Bls. 2562_C.

²⁸⁰⁷ Bls. 2562_D.

²⁸⁰⁸ Bls. 2557_E.

²⁸⁰⁹ Dagbók nr. 6, bls. 197.

Bókað var að af hálfu ákærvaldsins hafi sótt þing Bragi Steinarsson, vararíkissaksóknari. Klukkan 10:10 var bókað að Tryggvi Rúnar hafi verið færður í dóminn. Þá var Hilmar Ingimundarson, verjandi Tryggva Rúnars, mættur. Bókað var að á sama tíma hafi Kristján Viðar mætt til samprófunar, ásamt Páli Arnóri Pálssyni, verjanda hans. Bókað var að samprófun hafi farið fram og framburður ákærða Kristjáns Viðars hafi verið lesinn upp í heyranda hljóði. Staðfesti Kristján Viðar framburðinn réttan í öllum atriðum. Bókað var að ákærði Tryggvi Rúnar hafi haldið fast við fyrri framburð sinn og sagt framburð Kristjáns Viðars lygi. Var framburður hans lesinn í heyranda hljóði. Bókað var að samræmi hafi ekki náðst í framburðum ákærðu. Bókað var að Kristján Viðar hafi vikið frá klukkan 10:45.²⁸¹⁰ Bókað var að dómurinn og verjandi Tryggva Rúnars hafi athugað gögn frá fullnustudeild sakadóms um hvort hann hafi verið í afplánun eða gæsluvarðhaldi í janúar 1974 og ágúst sama ár, en svo hafi ekki reynst vera. Bókað var að ákærði Albert Klahn hafi mætt til samprófunar klukkan 11:00, ásamt verjanda sínum, Erni Clausen. Bókað var að framburður Alberts hafi verið lesinn í heyranda hljóði. Kvaðst hann halda fast við framburðinn í öllum atriðum. Var honum skýrt frá framburði Tryggva Rúnars frá 30. mars 1977. Bókað var að ákærðu hafi báðir haldið fast við framburði sína og samræmi hafi ekki náðst. Bókað var að Albert hafi vikið frá klukkan 11:22.²⁸¹¹ Bókað var að Sævar hafi mætt klukkan 11:26 ásamt Jóni Oddssyni, verjanda sínum. Var fyrrihluti framburðar hans frá 29. mars 1977 lesinn í heyranda hljóði. Bókað var að samprófun hafi þá farið fram. Var Tryggvi Rúnar spurður hvort hann hafi verið með meðákærðu Kristjáni Viðari og Alberti að kvöldi 26. janúar 1974. Var svar hans bókað orðrét: „Ég get ekki staðfest það svoleiðis. Ég var svo mikið með þessum mönnum að ég get ekkert fullyrt um það hvort ég var með þeim í þetta sinn. Það er rétt að við vorum oft að „putta“ eða á „veskjabísirí“, en hvort það var þetta kvöld eða ekki man ég ekki.“ Bókað var að Tryggvi Rúnar hafi skýrt frá því að hann hafi lítið verið með meðákærðu á þessum tíma þar sem hann hafi verið farinn að búa með stúlku. Bókað var að frekara samræmi hafi ekki náðst í framburðum ákærðu. Bókað var að verjandi Tryggvi Rúnars hafi óskað eftir því að Sævar yrði spurður hvort hann hafi séð Tryggva Rúnar í bifreið Alberts fyrir utan starfsmannahús Kópavogshælis. Bókað var að Sævar hafi sagst ekki minnst þess en hafi talið það. Bókað var að Sævar hafi vikið frá klukkan 12:12. Bókað var að klukkan 12:13 hafi Erla komið í dóminn ásamt verjanda sínum, Guðmundi Ingva Sigurðssyni.²⁸¹² Bókað var að framburður hennar um það sem hún hafi séð að Hamarsbraut 11 aðfaranótt 27. janúar 1974 hafi verið lesinn í heyranda hljóði. Sagði hún framburðinn réttan í öllum atriðum. Bókað var að henni hafi verið kynntur framburður Tryggva Rúnars um að hann hafi ekki verið þar staddur umrædda nótt. Kvaðst Erla engu að síður halda fast við framburð sinn um það. Hún hafi gefið lýsingu á Tryggva Rúnari þegar hún hafi verið yfirheyrð hjá rannsóknarlögreglu 20. desember 1975. Orðrét var bókað í þingbókina: „Engin lýsing á ákærða er bókuð í framburði hennar, en hún kveðst hafa dregið upp mynd af manningnum í tæknideild rannsóknarlögreglunnar. [...] Ákærða staðhæfir að Tryggvi Rúnar sé sá maður, er hún

²⁸¹⁰ Bls. 2564.

²⁸¹¹ Bls. 2565.

²⁸¹² Bls. 2567.

sá að Hamarsbraut 11 umrædda nótt.“ Bókað var að samræmi hafi ekki náðst í framburðum ákærðu. Bókað var að ákærðu hafi vikið frá klukkan 12:32 og gert hafi verið hlé til klukkan 14:00, en þá mætti sækjandi aftur í dóminn. Klukkan 14:05 var bókað að Albert Klahn og Sævar hafi komið í dóminn.²⁸¹³ Bókað var að Jón Oddsson, verjandi Sævars, hafi einnig mætt í dóminn. Fram fór samprófun og var framburður Alberts að því er snerti Sævar lesinn í heyranda hljóði. Kvaðst Albert halda fast við framburð sinn, en Sævar taldi hann rangan að öllu leyti, nema hvað varðaði komu ákærðu að starfsmannabústaðnum við Kópavogshæli þar sem þeir hafi beðið hann um peningalán. Bókað var að samræmi hafi ekki náðst og samprófunin hafi verið án árangurs. Viku þeir frá klukkan 14:26. Á sama tíma var bókað að Eggert Norðdahl Bjarnason, rannsóknarlögreglumaður, hafi komið í dóminn sem vitni. Bókað var að bókun Sævars um þá meðferð sem hann hafi talið sig hafa orðið fyrir í Síðumúlafangelsi hafi verið lesin í heyranda hljóði.²⁸¹⁴ Kvaðst Eggert ekki kannast við neitt af því sem Sævar hafi haldið fram, honum væri ekki kunnugt um að Sævar hafi verið beittur líkamlegu ofbeldi við rannsókn málsins eða hótunum um það. Orðrétt var bókað: „Vitnið kveður ákærða alltaf hafa verið yfirheyrðan sjálfstætt og hafi hann skýrt frá af fúsum og frjálsum vilja, en spurningar oft verið endurtekna, svo sem oft sé venja við rannsóknir.“ Bókað var að Eggert hafi verið kynntur framburður Tryggva Rúnars. Mundi hann eftir því að Tryggvi Rúnar hafi verið eitthvað miður sín í Síðumúlafangelsinu milli jóla og nýárs árið 1975. Sagði Eggert að Tryggvi Rúnar hafi haft orð á því hvort líðanin gæti verið samviskubit, en hann hafi aldrei áður fengið samviskubit. Sagði hann Tryggva Rúnar aldrei hafa verið beittan hótunum svo hann hafi vitað til. Bókað var að Eggert hafi tekið skýrslu af Tryggva Rúnari 9. janúar 1976 þar sem hann hafi lýst herbergjaskipan að Hamarsbraut 11. Var Eggerti kynntur framburður Tryggva Rúnars um að í yfirheyrslunni hafi hann fengið að vita hvernig herbergjaskipan í íbúðinni hafi verið og lýsing hans hafi verið á henni byggð. Orðrétt var bókað: „Vitnið segir þetta ekki rétt og hafi ákærði sjálfstætt lýst herbergjaskipaninni.“ Þá var í framhaldinu bókað orðrétt í þingbókina: „Vitnið skýrir frá því að við rannsókn póstsvikamálsins, sbr. IV. kafla ákæru, hafi grunur vaknað á því að ákærðu kynnu að vera viðriðir dauða Guðmundar Einarssonar, en rannsóknarlögreglumenn höfðu áður heyrt orðróm í þá átt. Við yfirheyrslu 20. desember 1975 yfir Erlu Bolladóttur, styrktist þessi grunur, og hélt rannsókn málsins áfram í framhaldi af því.“ Bókað var að Sævar hafi þá einnig komið í dóminn og honum verið kynntur framburður Eggerts um það sem að honum sneri. Bókað var að þeir hafi vikið frá klukkan 15:30. Á sama tíma var bókað að Sigurbjörn Víðir Eggertsson, rannsóknarlögreglumaður, hafi mætt í dómnum.²⁸¹⁵ Bókað var að honum hafi verið kynnt bókun Sævars sem hafi verið höfð eftir honum orðrétt. Skýrði Sigurbjörn Víðir svo frá að hann kannaðist ekki við að hafa nokkurn tímann minnst á það við Sævar að hann yrði settur í lífstíðar öryggisgæslu. Hins vegar hafi Sævar mikið talað um það sjálfur og hafi greinilega óttast það. Þá kannaðist hann ekki við að hafa nokkurn tíma heyrt Hallvarð Einvarðsson, þáverandi vararíkissaksóknara, hafa

²⁸¹³ Bls. 2568.

²⁸¹⁴ Bls. 2569.

²⁸¹⁵ Bls. 2571.

orð á því að Sævar fengi að tynast í amerísku fangelsi ef hann játaði ekki á sig sakir. Kvaðst Sigurbjörn Víðir aldrei hafa haft orð á þessu við Sævar. Skýrði Sigurbjörn Víðir frá því að í eitt sinn þegar tilraun hafi verið gerð til samprófunar milli Sævars og Tryggva Rúnars hafi þeir byrjað að bera sakir hvor á annan. Orðrétt var bókað: „Hafi þeir lent í orðahnippingum og Tryggvi Rúnar þrifið í skyrtu Sævars að framan og e.t.v. lyft honum upp.“ Kvaðst Sigurbjörn Víðir hafa stöðvað Tryggva Rúnar strax og Sævar hafi ekkert meiðst. Samprófuninni hafi þar með lokið. Sagði Sigurbjörn Víðir það algjör ósannindi hjá Sævari að hann hafi ráðist á hann á leið inn í fangaklefa, slegið hann í andlitið og tekið hann á loft og fleygt honum í stól í yfirheyrsluherbergi. Greindi hann svo frá að einu skiptin sem hann hafi þurft að snerta Sævar hafi verið þegar hann hafi ætlað að hlaupa út úr yfirheyrslu og það hafi komið fyrir oftast en einu sinni.²⁸¹⁶ Kvaðst hann ekkert kannast við það sem Sævar hafi sagt um Skúla Steinsson, fangavörð. Sagði Sigurbjörn Víðir að oftast hafi farið vel á með honum og Sævari og hann hafi oft gert honum greiða. Bókað var að Sævar hafi þá verið færður í dóminn og verið kynntur framburður Sigurbjörns Víðis. Bókað var að þeir hafi báðir haldið fast við framburð sinn. Vék Sævar frá klukkan 16:00. Bókað var að Sigurbjörn Víðir hafi komið aftur fyrir dóminn sem vitni. Bókað var að Tryggvi Rúnar hafi lýst herbergjaskipan að Hamarsbraut 11 í skýrslu hjá lögreglu 9. janúar 1976 en nú neitaði hann að hafa komið þar og segist hafa fengið upplýsingarnar frá rannsóknarmönnum. Bókað var að Sigurbjörn Víðir hafi sagt þetta ekki rétt. Tryggvi Rúnar hafi skýrt sjálfstætt frá þessu atriði og minnti hann að Tryggvi Rúnar hafi gert skissu af herbergjaskipaninni. Orðrétt var bókað: „Vitnið veit ekki hvort skissan er til.“ Vék Sigurbjörn Víðir frá klukkan 16:05.²⁸¹⁷

1459. Tryggvi Rúnar ritaði færslu í dagbók sína sama dag, 31. mars 1977. Ritaði hann um að hafa mætt fyrir dóm klukkan 10:10. Hellert væri ekki ennþá búinn að finna út hvenær hann hafi velt Trabant bifreiðinni hjá Fylkisvellingum og mætt til lögreglunnar í framhaldinu. Svo virtist sem lögreglan hafi ekki bókað þetta hjá sér. Ritaði hann um samprófunina við Kristján Viðar og að hann væri búinn að taka til baka þetta með hnífinn, að hann hafi stungið Guðmund Einarsson. Ritaði Tryggvi um að Kristján Viðar teldi hann enn inni í málinu. Orðrétt ritaði hann: „Samt er kominn nýr maður inn í þetta sem heitir [GunJ]. Hann á að hafa verið þarna. Hann á að hafa komið á Hamarsbraut þegar þetta skeði – eða hefur átt að hafa skeð. Ég er farinn að halda að þetta geti alveg eins verið tóm endaleyfa frá grunni, þ.e.a.s. að þetta hafi ekki skeð.“²⁸¹⁸ Ritaði Tryggvi Rúnar um að Gunnlaugur Briem, sakadómari, hafi spurt Kristján Viðar hvort þetta væri rétt eftir honum haft. Orðrétt ritaði Tryggvi Rúnar í dagbókina: „Já, sagði Kristján dapurlega. Hann er mjög langt niðri sá ég. Ég (skyl) skil bara ekki af hverju hann segir ekki sannleikann um mig. Að ég hafi ekki verið þarna með, ef þetta er í rauninni sannleikurinn sem hann er að segja um þetta mál. Hann er orðinn svo margsaga í þessu máli að hann getur ekki verið lengur trúanlegt vitni í

²⁸¹⁶ Bls. 2572.

²⁸¹⁷ Bls. 2573–2574.

²⁸¹⁸ Bls. 2573_A–B.

þessu máli.²⁸¹⁹ Ritaði Tryggvi Rúnar um að Albert hafi komið fyrir dóminn og greint frá líkflutningum síðla sumars 1974 þar sem þeir hafi átt að hafa flutt lík Guðmundar í plastpokum og grafið hann í einhverju líkbeði í Fossvogskirkjugarði. Orðrétt ritaði Tryggvi: „Hann er stórskrýttinn að segja svona lagað. Ég veit ekki hvað hefur komið fyrir höfuðið á þessu „fifli“ svo fær hann að ganga laus, með allt þetta á bakinu. Játningu, lygar upp á mig og jafnvel fleiri. Ef þetta í rauninni hefur skeð, þá hefur líkið aldrei verið fært á annan stað, allavega trúí ég því ekki. Svo er hann einn sem heldur þessu fram með þennan seinni flutning.“ Verjandi Alberts, Örn Clausen, hafi spurt hvort Albert mætti fara á Seyðisfjörð og vera þar yfir páskana. Orðrétt ritaði Tryggvi: „Blessaður drengurinn sem er verðlaunaður fyrir að bera ljúgvitni fær að leika sér og kom svo þegar hann er kallaður fyrir og ber þá bara lygasögur. Þessir menn fá að ganga lausir eins og Klahn, Bolladóttir og [PRE].“²⁸²⁰ Ritaði Tryggvi Rúnar um að Sævar hafi næstur komið fyrir dóminn en hann væri búinn að taka til baka játningu sína. Ritaði Tryggvi um að trúa því að Sævar hafi verið á öðrum stað. Orðrétt ritaði hann: „Svo þá er ekki hægt að kenna honum um það, svo þá eru hin fiflin, Kristján, Albert og Erla eftir að segja loka niðurstöður í þessu máli. Ég vona bara að þessu ljúki sem fyrst. En fyrir alla muni verða þau að koma mér út úr þessu máli sem ég á engan þátt í eða hef hvergi komið nærri! P.s. Ekki vill ég verða sýknaður af þessu, eins og það stendur í dag! Það myndu fáir trúa mínu sakleysi. Gott í bili!“²⁸²¹ Að síðustu ritaði Tryggvi Rúnar um samprófun við Erlu. Orðrétt ritaði hann: „Hún hafi séð Kristján Viðar og Sævar „svo annan mann“ sem hefði verið ljóshærður með hrokkið hár, lítill og þrekinn. Gunnlaugur spurði hana að nú sæi hún manninn sem grunaður væri og spurði hana hvort það væri rétt að ég væri sá maður sem hún hefði séð. Hún sagði já. Ég tók það fram að ég hafi aldrei séð þessa manneskju. Svo væri hennar framburður um mig ósannindi í alla staði.“²⁸²²

1460. Sama dag, 31. mars 1977, birtist frétt á baksíðu Vísis undir fyrirsögninni: „Guðmundarmálið: Einn hinna ákærðu dregur játningu sína til baka.“ Fram kom að ákæra í málinu væri til meðferðar hjá sakadómi Reykjavíkur og dómsrannsókn stæði yfir. Í fréttinni sagði að ekki væri talið að þessi nýi framburður myndi breyta framgangi málsins þar sem framburðir annarra aðila hafi ekki breyst.²⁸²³
1461. Föstudaginn 1. apríl 1977 var bókað í dagbók fangelsisins við Síðumúla að Guðjón hafi verið fluttur í sakadóm Reykjavíkur klukkan 12:48. Var þess getið að Högni hafi fengið að fljóta með þar eð hann hafi líka átt að mæta í dóminn. Klukkan 13:55 var bókað að hringt hafi verið í Hellert að beiðni Tryggva Rúnars, sem hafi sagst ekki munu komast fyrr en eftir helgi. Klukkan 14:15 var bókað að komið hafi verið með Guðjón aftur í fangelsið. Klukkan 16:10 var bókað að hringt hafi verið í Gunnlaug Briem fyrir Tryggva Rúnar með fyrirspurn um hvort hann fengi að fara á Litla-Hraun fyrir páska. Orðrétt bókaði færsluritari, Gunnar Guðmundsson, í fangelsisdagbókina: „Við því var algjör neitun hjá Gunnlaugi. Jafnframt bað hann fyrir Sævar Ciesielski en

²⁸¹⁹ Bls. 2573_C.

²⁸²⁰ Bls. 2573_E.

²⁸²¹ Bls. 2573_G.

²⁸²² Bls. 2573_H.

²⁸²³ Bls. 2665.

þegar til átti að taka vildi Sævar ekki yfirgefa svo viðkunnanlegan stað sem hann er á núna, þannig að hann kemur ekki í bili.²⁸²⁴ Klukkan 20:40 var bókað að [ÓmL], bróðir Tryggva Rúnars, hafi sótt bréf frá honum.²⁸²⁵

1462. Þennan dag var dómþing sett í sakadómi Reykjavíkur og tekið fyrir sakadómsmálið á hendur ákærðu. Bókað var að Bragi Steinarsson, vararíkissaksóknari hafi sótt þing af hálfu ákærvaldsins. Klukkan 11:10 kom fyrir dóminn ásamt verjanda sínum, ákærði [ÁEP], sem ákærður var fyrir brot á lögum um ávana- og fíkniefni samkvæmt 1. tölulið VI. kafla ákærunnar fyrir að hafa ásamt Sævari keypt 2,5 kíló af hassi í Rotterdam og undirbúið flutning á efninu til Íslands með því að fela það í bifreiðinni R-45248.²⁸²⁶ Játáði hann sök samkvæmt ákæru og vék frá klukkan 11:14.²⁸²⁷ Bókað var að spjöld með ljósmyndum af öllum ákærðu hafi verið lögð fram ásamt skýrslu rannsóknarlögreglunnar, dagsettri 18. mars 1977. Þá var bókað að Guðjón hafi verið færður í dóminn klukkan 13:13.²⁸²⁸ Á sama tíma hafi verjandi hans, Benedikt Blöndal, mætt í dóminn. Gaf hann skýrslu fyrir dóminn í tengslum við ákæruefnið í 2. tölulið VI. kafla ákærunnar þar sem honum var gefið að sök brot gegn lögum um ávana- og fíkniefni með því að hafa sent bifreið sína R-45248 með skipi frá Rotterdam til Reykjavíkur þrátt fyrir að hafa verið það ljóst að í henni hafi verið falið hassefni.²⁸²⁹ Vékk Guðjón frá klukkan 13:37.²⁸³⁰ Bókað var að klukkan 13:39 hafi Högni Ófeigur Einarsson, fangavörður í fangelsinu við Síðumúla, mætt í dómnum sem vitni. Fram kom að Högni hafi verið vottur þegar Eggert hafi tekið skýrslu af ákærða Tryggva Rúnari 9. janúar 1976. Kvaðst Högni ekki hafa verið viðstaddur þegar skýrslan hafi verið tekin en mundi eftir að hafa skrifað undir skýrsluna sem vottur að yfirheyrslu lokinni. Mundi hann að Tryggvi Rúnar hafi lýst skýrsluna rétta í hans viðurvist.²⁸³¹ Vékk Högni frá klukkan 13:45. Klukkan 13:46 var bókað að Gunnar Marinósson, varðstjóri í Síðumúlafangelsi, hafi komið fyrir dómnum sem vitni. Bókað var að honum hafi verið kynnt það sem Sævar hafi látið bóka orðrétt eftir sér. Kvaðst Gunnar hvorki hafa séð né heyrt það sem Sævar héldi fram. Hann hafi aldrei orðið var við það að Sævar hafi sætt illri meðferð í Síðumúlafangelsi á meðan hann hafi verið þar í gæsluvarðhaldi vegna málsins.²⁸³² Þá var Gunnari kynnt bókun Tryggva Rúnars varðandi skýrslu hans hjá lögreglu 9. janúar 1976. Kvaðst Gunnar yfirleitt ekki hafa verið viðstaddur yfirheyrslur í málinu. Kannaðist hann við hafa undirritað framangreinda skýrslu sem vottur. Mundi hann ekki hvort hann hafi verið viðstaddur þegar skýrslan var lesin, en sagðist örugglega hafa verið viðstaddur þegar Tryggvi Rúnar hafi undirritað skýrsluna og staðfest hana rétta. Vékk Gunnar frá klukkan 14:04.²⁸³³ Bókað var að klukkan 14:05 hafi Skúli Ævar Steinsson, fangavörður að

²⁸²⁴ Dagbók nr. 6, bls. 200.

²⁸²⁵ Dagbók nr. 6, bls. 201.

²⁸²⁶ Bls. 1742.

²⁸²⁷ Bls. 2574.

²⁸²⁸ Bls. 2575.

²⁸²⁹ Bls. 1742.

²⁸³⁰ Bls. 2576.

²⁸³¹ Bls. 2577.

²⁸³² Bls. 2577.

²⁸³³ Bls. 2578.

Litla-Hrauni, áður í Síðumúlafangelsi. Bókað var að Skúli hafi verið fangavörður í Síðumúlafangelsi þegar Sævar hafi verið þar í gæsluvarðhaldi. Greindi hann frá því að mjög illa hafi gengið að fá Sævar til að þrifa sig og klefann sinn. Orðrétt var bókað: „Mætti man eftir því, að einhvern tíma á meðan á gæsluvarðhaldinu stóð, neitaði ákærði að fara í bað og eins að þrifa klefa sinn. Kveðst mætti þá hafa tekið utan um ákærða og farið með hann fram á bað, sett hann þar inn og læst því. Ákærði fór í bað og þreif síðan klefa sinn á eftir. Síðan hlýddi ákærði alltaf mætta um að þrifa sjálfan sig og klefa sinn.“ Sagði hann Sævar ekki hafa verið beittan neinum harðræðum í umrætt sinn og hvorki hafi verið minnst á þetta mál né Geirfinnsmálið í þessu sambandi, enda hafi það ekki verið í hans verkahring að gera það. Sagði hann lýsingu Sævars á meðferðinni í fangelsinu vera fjarri öllu lagi.²⁸³⁴ Bókað var að Skúli hafi vikið frá. Klukkan 14:53 var bókað að Kristján Viðar hafi verið færður í dóminn. Þá var Sævar einnig bókaður mættur. Var framburður Kristjáns Viðars um það sem gerðist að Hamarsbraut 11 aðfaranótt 27. janúar 1974 lesinn í heyranda hljóði. Bókað var að Sævar hafi sagst ekki hafa verið að Hamarsbraut 11 umrædda nótt, en Kristján Viðar hafi haldið fast við framburð sinn. Bókað var að samræmi næðist ekki milli ákærðu. Bókað var að Kristján Viðar hafi sagst kannast við að hafa farið að degi til í Fossvogskirkjugarð í ágúst 1974 með Sævari og fleira fólki sem þeir hafi orðið viðskila við. Þetta hafi verið að degi til og þeir hafi verið að leita að leiði [KES], en ekki fundið það. Bókað var að Sævar hafi vikið frá klukkan 15:20.²⁸³⁵ Þá var bókað að Kristján Viðar hafi skýrt frá því að hafa farið í afplánun að Litla-Hrauni í byrjun febrúar 1974 fram til 13. ágúst sama ár. Vék hann frá klukkan 15:28. Á sama tíma kom Erla fyrir dóminn til samprófunar við Sævar sem var einnig bókaður mættur. Var framburður Erlu um það þegar hún hafi séð Sævar að Hamarsbraut 11 umrædda nótt lesinn í heyranda hljóði. Bókað var að Erla hafi haldið fast við framburð sinn. Þá hafi farið fram samprófun og bókað að Sævar hafi sagst einnig halda fast við framburð sinn um að hafa ekki verið á staðnum í umrætt sinn. Bókað var að Sævar hafi óskað eftir því að Erla yrði spurð hvort Sigurbjörn Víðir, rannsóknarlögreglumadur, hafi nefnt lífstíðaröryggisgæslu við hann þegar hann hafi haft þau til samprófunar í Síðumúlafangelsinu 19. júlí 1976. Orðrétt var bókað eftir Erlu: „Ákærða segir það rétt vera. Ákærða segir Sigurbjörn Víði hafa sagt, að ákærði fengi lífstíðaröryggisgæslu, þ.e. lífstíðarfangelsi, ef hann ekki játaði að hafa verið að Hamarsbraut 11, er Guðmundur Einarsson beið bana.“ Viku Sævar og Erla frá.²⁸³⁶

1463. Þennan dag ritaði Tryggvi Rúnar í dagbók sína um að samtalið sitt við Gunnar Guðmundsson, forstöðumann fangelsisins. Hann hafi sagst vera búinn að ræða við Hellert sem væri að kanna „lögreglubækur“ fyrir hann. Ritaði Tryggvi Rúnar um að hafa beðið Gunnar um að tala við [ÓmL] bróðir sinn til að athuga hvort hann gæti hjálpað honum við að muna þessa helgi og hvar hann hafi verið. Orðrétt ritaði Tryggvi: „Þetta er svo mikið atriði fyrir mig, ef hægt verður að sanna hvar ég var

²⁸³⁴ Bls. 2578–2579.

²⁸³⁵ Bls. 2579.

²⁸³⁶ Bls. 2580–2581.

þessa helgi þá er ég hólpinn. P.s. Hellert kemst ekki fyrr en eftir helgi til að tala við mig.“ Þá ritaði Tryggvi Rúnar um útiveru og spjall við Erling fangavörð.²⁸³⁷

1464. Guðjón ritaði einnig í dagbók sína um að Högni hafi komið með sígarettur og látið hann vita að hann ætti að mæta hjá sakadómi Reykjavíkur klukkan 13:00. Högni hafi ekki vitað útaf hverju.²⁸³⁸ Ritaði Guðjón um fyrirtökuna í dagbókina og taldi upp alla mættu. Ritaði hann um að verjandi sinn, Benedikt Blöndal, hafi sagst munu koma á næstunni og hitta hann í einrúmi, aðeins hefði staðið á ósk um það frá honum. Ritaði Guðjón um að hafa sagst auðvitað óska þess. Ástæðulaust hafi verið fyrir hann að rekja það fyrir dóminum að tollgæslan hafi vitað um fíkniefnin þegar bifreiðin kom til landsins og sömuleiðis um sennilegt samstarf Sævars og Ásgeirs Friðjónssonar, sakadómara í ávana- og fíkniefnamálum. Ætlaði hann að láta það bíða að taka saman varnir í hassmálinu, enda þætti dómurunum fjárhagslega hlið málsins örugglega vera aðalatriðið.²⁸³⁹
1465. Tryggvi Rúnar ritaði í dagbók sína 2. apríl 1977. Hann hafi átt viðtal við Guðstein lækni sem hafi gengið vel. Þá hafi hann rætt við Gunnar Guðmundsson, milli klukkan 13:30 og 14:00 um hvort hann gæti fengið að fara austur á Litla-Hraun fyrir páska.²⁸⁴⁰ Hafi Gunnar greint honum frá því að Gunnlaugur hafi sagt það útilokað. Ritaði Tryggvi Rúnar um að hafa grunað það, en miðað við allt þætti honum að hann ætti frekar að vera laus heldur en Albert, eða „fiflið“, eins og hann kysi að kalla hann. Orðrétt ritaði Tryggvi: „Til dæmis veit ég örugglega að ég er saklaus, þó aðrir trúi því kannski ekki. En hann er nú búinn að játa á sig aðild að þessu máli, þ.e.a.s. hann segist núna hafa verið í slagsmálum þeim sem um ræðir í þessu Guðmundarmáli! Og eins segir hann sig hafa flutt lík Guðmundar á tvo staði fyrst í Hafnarfjarðarhraun síðan aftur á annan stað og þá í grafreit annarra manna, þ.e.a.s. í kirkjugarð, Fossvogskirkjugarð. Allavega á pappírnum þeim sem hann gefur er hann orðinn stór þátttakandi í þessu máli og eins stærsta vitnið í þessu máli þó hann ljúgi. Já, ef einhver á að vera inni þá er það hann, fiflið.“ Nokkru síðar ritaði Tryggvi Rúnar: „Ég fer fram á mikið fyrir hvern dag sem ég hef verið hér lokaður inni. Ég er hræddur um að sú upphæð sem ég mun fá verði til að jafna reikningana svolítið á móti allri innilokuninni.“²⁸⁴¹ Þá ritaði Tryggvi Rúnar um útiveru og æfingar.²⁸⁴²
1466. Sunnudaginn 3. apríl 1977 ritaði Tryggvi Rúnar um að vera farinn að sofa minna. Hann væri ekki að sofna fyrr en um klukkan 04:00 eða 05:00 á nóttunni en svæfi bara til hádegis, það væri ekki nógu gott.²⁸⁴³ Hann hafi óskað eftir því við fangaverðina að happdrættismiðinn hans yrði endurnýjaður og var það gert. Ritaði Tryggvi um vonir sínar um heppni í þetta sinn, hann ætti það alla vega skilið. Ritaði hann um að vera svektur yfir því að einn fangavardanna væri veikur og yrði frá næstu fjórar kvöldvaktir. Honum fyndist alltaf eitthvað vanta þegar hann væri ekki. Orðrétt ritaði

²⁸³⁷ Bls. 2580_A.

²⁸³⁸ Bls. 2562_E.

²⁸³⁹ Bls. 2580_C.

²⁸⁴⁰ Bls. 2665_A.

²⁸⁴¹ Bls. 2665_B.

²⁸⁴² Bls. 2665_C–D.

²⁸⁴³ Bls. 2665_D.

hann: „Hann er svo líflegur og lífgar mann upp um leið. Svo er hann einn af þeim fangavörðum sem ekki lítur á mann sem eitthvað sem ekki ætti að vera til í þessu þjóðfélagi. Hann tekur mann eins og mannlega veru, þó maður sé lokaður inni.“²⁸⁴⁴

1467. Mánudaginn 4. apríl 1977 var bókað í dagbók fangelsisins við Síðumúla að Hellert hafi hringt klukkan 09:30 og boðað komu sína og séra Ragnars Fjalars Lárussonar til viðtals við Guðjón. Færsluritari gat þess að hann hafi mótmælt svo tíðum viðtölum í nafni þess að heimsóknir í fangelsið væru ekki leyfðar. Færsluritari hefði greint Hellerti frá því að þessi rýmkun hefði í för með sér fleiri viðtöl. Bókað var að Hellert hafi sagt það rétt þar sem fleiri hefðu óskað eftir viðtölum. Bókað var klukkan 10:40 að Guðjón hafi verið færður fram til viðtals við Hellert og séra Ragnar Fjalar. Bókað var að Hellert hafi sagst hafa talað við Gunnlaug Briem í kjölfar símtalsins sem hafi tekið fyrir fleiri viðtöl og hafi hann þegar greint prestinum frá því. Bókað var að Guðjón hafi verið færður aftur á klefa sinn klukkan 11:20.²⁸⁴⁵
1468. Fyrir liggur skýrsla rannsóknarlögreglunnar í Reykjavík, rituð af Gísla Guðmundssyni, dagsett sama dag, um beiðni Gunnlaugs Briem um að ákveðin atriði yrðu könnuð vegna rannsóknar á hvarfi Guðmundar Einarssonar. Í fyrsta lagi að afla fæðingarvottorðs Guðmundar, í öðru lagi að fá vottorð um hvort Erla og Sævar hafi verið skráð til heimilis að Hamarsbraut 11 árin 1973 og eða 1974, í þriðja lagi að bæta við uppdráttinn af Hafnarfirði þannig að samkomuhúsið Skiphóll sjáist þar, í fjórða lagi að merkja inn á kort þá leið sem Kristjáni Viðari og Alberti Klahn ber saman um að þeir hafi farið með lík Guðmundar, í fimmta lagi að fá ljósmyndir af svæðinu í hrauninu, í sjötta lagi að setja inn á uppdráttinn þá leið sem Albert Klahn hafi borið um að hafi verið farin úr hrauninu og að kirkjugarðinum í Hafnarfirði. Afla ljósmynda frá kirkjugarðshliðinu inn á það svæði í garðinum sem hann hafi greint frá að líkið hafi verið grafið. Í sjöunda og síðasta lagi að athuga hvort Kristján Viðar, Sævar og Tryggvi Rúnar hafi verið í gæsluvarðhaldi, afplánun eða gist fangageymslur í janúar eða ágúst 1974.²⁸⁴⁶
1469. Þennan dag ritaði Tryggvi Rúnar í dagbók sína um útiveru og æfingar utandyra. Þá ritaði hann um samskipti sín við fangaverði í tengslum við beiðni hans um tímarit inn á klefann.²⁸⁴⁷
1470. Guðjón ritaði einnig færslu í dagbók sína um heimsókn frá séra Ragnari Fjalari sem hafi borið honum fréttir af fjölskyldunni.²⁸⁴⁸
1471. Þriðjudaginn 5. apríl 1977 var bókað í dagbók Síðumúlafangelsisins að Sigurbjörn Víðir hafi komið klukkan 08:00 og tekið þrjú bréf frá Guðjóni til yfirlesturs hjá Gunnlaugi Briem. Klukkan 15:00 var bókað að séra Jón Bjarman hafi komið til viðtals við Guðjón og haft meðferðis bók, kristilegs efnis og tímarit Máls og Menningar sem Guðjón hafi beðið hann um að kaupa fyrir sig. Þá hafi borist í pósti tímaritið „Réttur“

²⁸⁴⁴ Bls. 2665_F.

²⁸⁴⁵ Dagbók nr. 6, bls. 203.

²⁸⁴⁶ Bls. 2666–2667.

²⁸⁴⁷ Bls. 2667_A–D.

²⁸⁴⁸ Bls. 2667_E.

sem hafi jafnframt farið inn til fangans. Bókað var að séra Jón hafi farið inn á klefa til Guðjóns klukkan 15:30. Fór séra Jón klukkan 16:45 að viðtali loknu. Bókað var að [SigurGu], móðir Guðjóns, hafi hringt klukkan 17:50, spurt um líðan hans og beðið fyrir kveðju.²⁸⁴⁹ Klukkan 18:15 var bókað að Gísli Guðmundsson, rannsóknarlögreglumaður, hafi farið inn á klefa til Tryggva Rúnars og rætt við hann þar. Bókað var að Gísli hafi komið fram klukkan 19:00 að loknu viðtali við Tryggva Rúnar.²⁸⁵⁰ Rannsóknargögn liggja ekki fyrir um vitjunina önnur en færsla Tryggva Rúnars þar sem hann greinir frá því að þeir hafi rætt um veltuna á Trabant bifreiðinni, símtöl frá fjölskyldunni og viðtal við barnsmóður hans.²⁸⁵¹

1472. Sama dag var bókað í dagbók Hegningarhússins að Páll Arnór Pálsson, verjandi Kristján Viðars og Haraldur Árnason, rannsóknarlögreglumaður hafi komið til viðtals við Kristján milli klukkan 20:10 og 20:45.²⁸⁵²
1473. Fyrir liggur undirrituð staðfesting úr íbúaskrá Hafnarfjarðar, dagsett sama dag, um að Erla Bolladóttir hafi verið búsett að Hamarsbraut 11 frá 15. ágúst 1973 til 29. janúar 1975, en þá hafi hún verið tilkynnt til Danmerkur samkvæmt upplýsingum frá Hagstofu Íslands.²⁸⁵³
1474. Þennan dag ritaði Tryggvi Rúnar færslu í dagbók sína um að hafa fengið skilaboð frá Hellert um að bílveltan á Trabant bifreiðinni hafi verið 27. febrúar 1974. Orðrétt ritaði Tryggvi: „Ég hélt að þetta hefði verið sami dagur. Og glaðvaknaði, en svo kom annar eða 27-2. Þá er það febrúar. Ekki nógu gott. Mánudur sem er þar á milli. En samt hittinn á daginn! Þ.e.a.s. 27. En ég verð bara að halda áfram að reyna að muna! Það er allt að vinna fyrir mig að muna þessa helgi, ef svo ég gæti það þá gæti ég gengið héðan út! Því ég er svo öruggur að annarsstaðar hef ég verið en á þessari Hamarsbraut og eins og ég hef sagt, hef ég aldrei komið þangað, og er ég þar öruggur í minni „sök“. En ég verð að finna þennan dag hvað sem það kostar. Þó það sé ekki beint gott, eftir svona langan tíma!“²⁸⁵⁴ Ritaði hann um klukkutímalangt samtal sitt við Gísla Guðmundsson, um veltuna á Trabant bifreiðinni, símtöl frá fjölskyldunni og viðtal við barnsmóður hans.²⁸⁵⁵ Ritaði Tryggvi Rúnar um að hafa skrifað tvo miða fyrir Gísla, með atriðum sem þyrfti að kanna tímasetningar á. Ætlaði Gísli að athuga það.²⁸⁵⁶
1475. Sama dag, 5. apríl 1977, ritaði Guðjón í dagbók sína um að hafa ritað Grétari Sæmundssyni bréf. Séra Jón Bjarman hafi komið til hans og þeir spjallað saman um stund.²⁸⁵⁷
1476. Miðvikudaginn 6. apríl 1977 var bókað í dagbók Síðumúlafangelsisins að Gísli Guðmundsson hafi hringt klukkan 11:50 og beðið um upplýsingar hvort núverandi og

²⁸⁴⁹ Dagbók nr. 6, bls. 205.

²⁸⁵⁰ Dagbók nr. 6, bls. 206.

²⁸⁵¹ Bls. 2670_B.

²⁸⁵² Dagbók Hegningarhússins, nr. 1, bls. 56.

²⁸⁵³ Bls. 2670.

²⁸⁵⁴ Bls. 2670_A.

²⁸⁵⁵ Bls. 2670_B.

²⁸⁵⁶ Bls. 2670_C.

²⁸⁵⁷ Bls. 2667_E.

fyrirverandi fangar hafi hugsanlega dvalið í fangelsinu 26. og 27. janúar 1974. Lét færsluritari þess getið að hann hafi svarað beiðninni skriflega að beiðni Gísla.²⁸⁵⁸ Bókað var klukkan 12:30 að Gunnlaugur Briem, sakadómari hafi hringt. Ritaði færsluritari orðrétt í fangelsisdagbók: „Hringdi Gunnlaugur dómari aftur og nú til að biðja mig að segja Guðjóni að hann meggi alls ekki misnota einkabréf sín til aðstandenda, til að ræða um þau mál sem hann er viðriðinn, eða vera að krítisera störf og einstaka starfsmenn dóms síns, ef því héldi áfram þá myndi enda með því að honum yrðu ekki leyfð bréfavíðskipti eftirleiðis.“ Bókað var að Hellert hafi komið klukkan 16:30 vegna Guðjóns. Tíu mínútum síðar var bókað að Gísli hafi komið vegna Guðjóns. Klukkan 17:00 var bókað að Guðjón hafi verið afhentur þeim og þeir farið með hann út í bíltúr en fyrir utan hafi beðið þeirra [GUÆ].²⁸⁵⁹ Bókað var að þeir hafi komið til baka með Guðjón klukkan 17:45. Á sama tíma hafi Gísli farið inn á klefa til Tryggva Rúnars að hans beiðni. Bókað var að Gísli hafi lokið viðtali sínu við Tryggva Rúnar klukkan 18:35.²⁸⁶⁰ Rannsóknargögn um viðtalið liggja ekki fyrir önnur en færsla í dagbók Tryggva þar sem fram kom að þeir hafi rætt könnun Gísla á því hvort Tryggvi Rúnar hafi setið heima hjá Kristjáni Viðari að drykkju umrædda helgi ásamt bræðrunum, [HV] og [LV]. Ritaði Tryggvi Rúnar um að það væri ekki öruggt og því kæmi það honum ekki að gagni. Orðrétt ritaði hann: „Þó er Gísli allur að vilja gerður að reyna að vita hvað ég hef verið niðurkominn þetta kvöld og vill með sínum vilja reyna að komast að sannleikanum. Ekki að menn séu hafðir fyrir rangri sök eins og ég var og er reyndar enn, því þau bera það þrjú að ég hafi verið þarna með, eða á staðnum!²⁸⁶¹ Það sem verst er, að ef dómarnir loka málinu núna er sannleikurinn ekki kominn í ljós, þó þessar játningar liggja fyrir hjá Kristjáni og Albert í dag. P.s. það sem mér þykir verst að þær skýrslur sem þau eru búin að gefa á mig er hreinn uppspuni frá rótum! P.s. Ég veit að ég verð sýknaður af þessu máli, en það er ekki nóg! Þegar þessir framburðir liggja kannski alltaf fyrir hvað á fólk að trúá! En ég vorkenni þessum mönnum alveg hrikalega. Já, samviskan á eftir að bíta þessa menn, Kristján, Albert og [PRE]. Ef þeir koma ekki með það rétta, og segja hvað þeir hafi gert á minn hlut, með að ljúga mig inn í þetta mál eða segjum frekar! Að halda mér í máli sem ég á ekki heima og er kannski ekki raunveruleikinn! Sem er möguleiki eftir allt þetta rugl sem þau eru búin að þvæla aftur og fram.“²⁸⁶²

1477. Fyrir liggur undirrituð staðfesting, dagsett þennan dag, frá Hagstofu Íslands, Þjóðskrá, um að Sævar hafi verið skráður í íbúaskrá að Grýtubakka 10 frá 1. desember 1972 til 29. janúar 1975, en þá hafi hann verið skráður í Danmörku. 30. júní 1976 hafi hann verið skráður aftur að Grýtubakka 10. Sams konar staðfesting liggur fyrir um að Erla hafi verið skráð í íbúaskrá að Hamarsbraut 11 frá 15. ágúst 1973 til 29. janúar 1975, en þá hafi hún verið skráð í Danmörku. 30. júní 1976 var hún skráð að Grýtubakka 10.²⁸⁶³

²⁸⁵⁸ Dagbók nr. 6, bls. 207.

²⁸⁵⁹ Dagbók nr. 6, bls. 208.

²⁸⁶⁰ Dagbók nr. 6, bls. 209.

²⁸⁶¹ Bls. 2670_D.

²⁸⁶² Bls. 2670_E.

²⁸⁶³ Bls. 2671.

1478. Meðal rannsóknargagna liggur fyrir staðfesting Gunnars Marinóssonar, varðstjóra í Síðumúlafangelsi, dagsett sama dag, að Tryggvi Rúnar, Kristján Viðar, Sævar, Erla og Albert Klahn, hafi, samkvæmt bókum fangelsisins, ekki dvalið í fangelsinu dagana 26. til 27. janúar 1974. Tekið var fram að [GunJ] hafi ekki fundist á skrá í bókum fangelsisins. Þá var bókað að engin þeirra hafi verið í Síðumúlafangelsi í ágúst 1974.²⁸⁶⁴ Fyrir liggur sams konar staðfesting, dagsett sama dag, undirrituð af forstöðumanni Hegningarhússins, um að enginn framangreindra hafi verið fangar í Hegningarhúsinu dagana 26. og 27. janúar 1974. Þá var bókað að engin þeirra hafi verið í Hegningarhúsinu í ágúst 1974.²⁸⁶⁵
1479. Þá liggur fyrir bréf Ólafs K. Guðmundssonar, aðstoðaryfirlögregluþjóns hjá lögreglunni í Hafnarfirði, dagsett 6. apríl 1977, um athugun á skýrslum og bókunum í dagbók lögreglunnar í Hafnarfirði dagana 26., 27. og 28. janúar 1974, varðandi Albert Klahn, Erlu, Guðmund Einarsson, [GunJ], Kristján Viðar, Sævar og Tryggva. Fram kom að ekkert hafi fundist.²⁸⁶⁶
1480. Guðjón ritaði færslu í dagbók sína þennan dag um að Gunnar Marinósson, varðstjóri, hafi skilað til hans áminningu frá dómara um að nefna ekki dómara né málið í bréfum. Orðrétt ritaði hann: „Sentio.“ Guðjón ritaði um stefnumót sitt utandyra með [GUÆ]. Hún hafi sagt honum margt af samskiptum sínum við Gunnlaug Briem, persónuhögum og fréttum af fjölskyldunni. Hún hafi verið reið út í verjandann og þætti seinagangur á málum. Ritaði Guðjón um að hún hafi sagst vilja giftast honum aftur. Orðrétt ritaði hann: „Hamburger Abendblatt. „Isländische Lava sind voll von Leichen.“ Ritaði hann um að einhver æsingur væri að færast í málsaðila en hann yrði að vera rólegur eftir getu og halda stillingu. Orðrétt ritaði hann: „Svei, mér það koma þær stundir að ég er feginn að vera hér inni. Eitthvað vildi ég þó geta gert Schütz til miska útaf Hamburger Abendblatt.“²⁸⁶⁷
1481. Laugardaginn 9. apríl 1977 ritaði Tryggvi Rúnar í dagbók sína um að Sigurbjörn Víðir hafi ætlað að fá að tala við hann í einrúmi. Ritaði Tryggvi Rúnar um að vita ekki hvort hann fengi það. Klukkan væri 17:25. Í framhaldinu ritaði Tryggvi um að Sigurbjörn Víðir hafi ekki komið. Orðrétt ritaði hann: „Jón B. sagði að Víðir hefði beðið sig að skila þessu til mín, þ.e.a.s. að hann ætlaði að fá að reyna að tala við mig í einrúmi. Ekki er ég viss um að Gunnlaugur vilji það! Þó ég sé ekki á móti heimsókn frá Sigurbirni Víði!“²⁸⁶⁸
1482. Þennan dag ritaði Guðjón í dagbók sína um að séra Ragnar Fjalar hafi ekki komið. Þar hafi Gunnlaugur Briem gripið í taumana.²⁸⁶⁹
1483. Þriðjudaginn 12. apríl 1977, var bókað í dagbók fangelsisins við Síðumúla að Gísli Guðmundsson hafi hringt klukkan 10:35 og beðið um upplýsingar um fimm aðila úr spjaldskrá fangelsisins fyrir ágúst 1974 vegna svokallaðs Guðmundarmáls. Klukkan

²⁸⁶⁴ Bls. 2672.

²⁸⁶⁵ Bls. 2673.

²⁸⁶⁶ Bls. 2674.

²⁸⁶⁷ Bls. 2670_G og 2674_A.

²⁸⁶⁸ Bls. 2675_D.

²⁸⁶⁹ Bls. 2675_E.

10:40 var bókað að séra Jón Bjarman hafi hringt og spurt fréttu og sagst munu koma til viðtals við Guðjón seinna um daginn. Bókað var klukkan 11:15 að gert hafi verið upp við Gísla varðandi upplýsingabeiðni hans fyrir um morguninn.²⁸⁷⁰ Meðal rannsóknargagna liggur fyrir bókun, rituð af Gísla Guðmundssyni þennan dag, þess efnis að Gunnar Marinósson hafi staðfest að engar upplýsingar hafi fundist á spjaldskrá fangelsisins um fangavist Tryggva Rúnars, Kristjáns Viðars, Sævars, Erlu, Alberts Klahn og [GunJ] í ágúst 1974.²⁸⁷¹ Klukkan 15:25 var bókað í fangelsisdagbókina að séra Jón Bjarman hafi farið inn á klefa til Guðjóns til viðtals við hann. Bókað var að hann hafi farið klukkan 17:10.²⁸⁷²

1484. Baldur Möller ráðuneytisstjóri og Jón Thors deildarstjóri rituðu fyrir hönd dóms- og kirkjumálaráðuneytisins bréf til ríkissaksóknara dagsett þennan dag. Vísað var til bréfs ríkissaksóknara frá 23. febrúar sama ár en því fylgdu réttarskjöl og endurrit dómsrannsóknar vegna kæru um ótilhlýðilega meðferð gæslufanga sem framkvæmd var af Steingrími Gauti Kristjánssyni sem skipaður var sérstaklega til að rannsaka þetta málefni. Af hálfu ráðuneytisins var sérstaklega tekið fram að reglur um meðferð gæslufanga væri að finna í 70. gr. laga um meðferð opinberra mála og í 38. gr. reglugerðar um fangavist nr. 260/1957. Almennar reglur um viðurlög við brotum fanga í afplánun og beiting öryggisráðstafana við fanga væri að finna í 47. og 48. gr. almennra hegningarlaga og svo 27. og 28. gr. fyrrnefndrar reglugerðar nr. 260/1957. Sérreglur hafi ekki verið settar fyrir Síðumúlafangelsið. Fjallað var um að nauðsynlegt væri að halda uppi aga og reglu í fangelsinum og að nauðsynlegt kunni að reynast að beita fanga sem ekki hlýðnist reglum viðurlögum. Algengast sé í slíkum tilvikum að nýta einangrunarklefa en slíkum sé ekki til að dreifa í Síðumúla né annar búnaður til einangrunar fanga sem trúfli umhverfi sitt. Því hafi yfirmaður fangelsisins orðið að beita þeim aðferðum sem nánar sé lýst í rannsókninni við þá fanga sem mjög hafi óhlýðnast fyrirmælum fangavarða eða valdið sérstökum óróa í fangelsinu. Ráðuneytið telji þessi agaviðurlög ekki heppilega lausn en á meðan ekki er annarra úrkosta vöð í þessu fangelsi hafi ráðuneytið ekki lagt bann við notkun þeirra. Það verði hins vegar að vera á valdi yfirmanns fangelsisins að ákveða hverju sinni hvort nauðsyn sé að beita þeim viðurlögum sem hér um ræðir.²⁸⁷³
1485. Tryggvi Rúnar ritaði í dagbók sína þennan dag að hann hafi óskað eftir því við Gunnar Marinósson, varðstjóra, að hann fengi viðtal við Hilmar Ingimundarson, verjanda sinn.²⁸⁷⁴ Gunnar hafi sagst þurfa að fá leyfi frá Gunnlaugi Briem, en hafi enn ekki náð í hann.²⁸⁷⁵
1486. Sama dag ritaði Guðjón færslu í dagbók sína um að þennan dag væru komnir fimm mánuðir síðan hann hafi verið settur í einangrun.²⁸⁷⁶ Séra Jón Bjarman hafi komið í heimsókn og þeir meðal annars rætt um fangaverðina í Síðumúlafangelsi og að

²⁸⁷⁰ Dagbók nr. 6, bls. 214.

²⁸⁷¹ Bls. 2672.

²⁸⁷² Dagbók nr. 6, bls. 215.

²⁸⁷³ Bls. 2675_AD.

²⁸⁷⁴ Bls. 2675_J.

²⁸⁷⁵ Bls. 2675_K.

²⁸⁷⁶ Bls. 2675_F.

Guðmundarmálið væri allt í flækju. Orðrétt ritaði Guðjón: „Sævar hræddur um sálina að hún verði deydd. Kveðst heyra flaut bíla, hróp unglunga og söng fugla niður frá.“²⁸⁷⁷

1487. Miðvikudaginn 13. apríl 1977 var bókað í dagbók Síðumúlafangelsisins að Gunnlaugur Briem, sakadómari, hafi hringt klukkan 12:55 og spurt hvort ekki væri rétt skilið að Gunnar Guðmundsson, forstöðumaður fangelsisins, vildi ekki framfylgja algjöru heimsóknarbanni. Færsluritari bókaði orðrétt: „[K]vað ég það rétt vera að svo ætti að vera og dómariinn ætti að hafa það í huga og aðstoða með að svo væri, með því að hann gæfi engum kost á því og að þar væru allir jafnir. Dómariinn tók þessu vel, sagðist vera orðinn þreyttur á þessu látlausa kvabbi í aðstandendum og fleirum, ekki hafa frið hvorki heima né í sinni vinnu.“ Bókaði færsluritari um að hafa borið beiðni Tryggva Rúnars undir dómariann um hvort hann mætti ræða við verjanda sinn, Hilmar Ingimundarson. Bókað var að dómariinn hafi sagt að kalla mætti til verjandann hvenær sem Tryggvi þess óskaði, án hans tilhlutan, og að þeir mættu ræða saman einslega.²⁸⁷⁸ Bókað var klukkan 15:35 að séra Jón Bjarman hafi komið til viðtals við Guðjón með þrjú bréf til Guðjóns og bók frá móður hans. Bókað var að hann hafi farið klukkan 16:30.²⁸⁷⁹
1488. Sama dag ritaði Tryggvi Rúnar færslu í dagbók sína um að Högni, fangavörður, hafi tilkynnt honum um að verjandinn hans kæmi til viðtals við hann þennan dag, en Gunnlaugur Briem þyrfti ekki lengur að vera milliliður um slíka beiðni.²⁸⁸⁰ Hilmar hafi ekki komið en kæmi þá líklega daginn eftir.²⁸⁸¹
1489. Fimmtudaginn 14. apríl 1977 var bókað í dagbók Síðumúlafangelsisins að Sigurbjörn Víðir hafi komið við á leið í sakadóm klukkan 08:00. Bókað var að hann hafi tekið með sér þrjú bréf til Guðjóns til ákvörðunar og yfirlestrar Gunnlaugs Briem. Bókað var að Hilmar Ingimundarson, verjandi Tryggva Rúnars, hafi komið til viðtals við hann klukkan 17:55. Bókað var að Hilmar hafi komið fram klukkan 18:40.²⁸⁸²
1490. Tryggvi Rúnar ritaði færslu í dagbók sína um að Hilmar Ingimundarson hafi komið til hans og allt sæmilegt hafi verið að fréttu.²⁸⁸³ Ritaði hann um að hafa setið við stanslaust frá klukkan 22:00 til 04:30 og skrifað minnisblað um það liðna til Hilmars.²⁸⁸⁴
1491. Föstudaginn 15. apríl 1977 var bókað í dagbók Síðumúlafangelsisins að tveir boðunarmenn hafi sótt [SSA] í fangelsið og flutt hann í sakadóm Reykjavíkur klukkan 09:20.²⁸⁸⁵ Þennan dag var dómþing háð í sakadómi Reykjavíkur af Gunnlaugi Briem, sakadómara sem dómsformanni og sakadómurunum Ármanni Kristinssyni og Haraldí

²⁸⁷⁷ Bls. 2675_M–O.

²⁸⁷⁸ Dagbók nr. 6, bls. 216.

²⁸⁷⁹ Dagbók nr. 6, bls. 217.

²⁸⁸⁰ Bls. 2675_L.

²⁸⁸¹ Bls. 2675_Ó.

²⁸⁸² Dagbók nr. 6, bls. 218.

²⁸⁸³ Bls. 2675_Q.

²⁸⁸⁴ Bls. 2675_R.

²⁸⁸⁵ Dagbók nr. 6, bls. 220.

Henryssyni. Tekið var fyrir sakadómsmálið á hendur ákærðu. Bókað var að Bragi Steinarsson hafi komið í dóminn af hálfu ákærvaldsins. Klukkan 09:40 var bókað að [SSA] hafi komið fyrir dóminn sem vitni.²⁸⁸⁶ Greindi hann frá því að hafa rætt við ákærða Kristján Viðar skömmu fyrir jól 1975, en þá hafi þeir afplánað refsídóm á Litla-Hrauni. Kristján Viðar hafi sagt honum að Sævar og Erla hafi náð um einni milljón króna út úr Pósti og síma árið áður. Bókað var að vitnið hafi látið rannsóknarlögreglunni í té upplýsingar um þetta. Orðrétt var bókað í framhaldinu: „Vitnið kveður Kristján Viðar ekki hafa nefnt við sig nein önnur brot, er hann vissi um. Minntist hann aldrei við vitnið á það með hverjum hætti Guðmundur Einarsson og Geirfinnur Einarsson hefðu beðið bana, og ekki heyrði það heldur aðra fanga ræða um það á þessum tíma.“ Vék hann frá klukkan 09:57.²⁸⁸⁷ Bókað var í fangelsisdagbókina að komið hafi verið með [SSA] aftur klukkan 10:05. Klukkan 14:40 var bókað að Gísli Guðmundsson hafi rætt við [SSA] inni á klefa. Bókað var að Gísli hafi lokið viðtalinu klukkan 15:05 og farið úr fangelsinu.²⁸⁸⁸ Rannsóknargögn um vitjunina liggja ekki fyrir.

1492. Bókað var í sakadómabók að klukkan 10:15 þennan dag hafi komið fyrir dóminn sem vitni, [SKK], sjónarvottur á Reykjavíkurvegi í Hafnarfirði. Greindi hann frá því að hafa verið að aka Volkswagen bifreið um Hafnarfjörð aðfaranótt 27. janúar 1974 ásamt tveimur mönnum sem hann myndi ekki hverjir hafi verið. Hann hafi ekið meðal annars fram hjá veitingahúsinu Skiphól og taldi klukkuna hafa þá verið um 02:00. Mundi hann ekkert eftir mannaferðum þar í kring eða manni sem hafi vakið einhverja sérstaka athygli.²⁸⁸⁹ Bókað var að vitninu hafi verið kynnt það sem Njörður Snæhólm hafi haft eftir því í skýrslu 31. janúar 1974. Rámaði hann aðeins í það sem þar var bókað. Kvaðst hann ekkert geta nánar um þetta atvik sagt en það sem fram kom í skýrslunni. Þetta hafi verið á tímabilinu 02:00 til 03:00. Kvaðst hann ekki hafa séð hvernig maðurinn datt, en hann hafi ekki orðið var við að maðurinn hafi verið eftir sig eftir byltuna. Sagði hann manninn aldrei hafa snert bifreiðina. Mundi hann eftir að hafa flautað og þá hafi hann staðið upp. Orðrétt var bókað: „Vitnið skýrir frá því, að maðurinn hafi verið á Reykjavíkurvegi við gangbrautarljósinn, sem eru við frystihúsið Frost h.f. Vitnið minnir, að maðurinn hafi verið á gangstéttinni hægra megin miðað við akstursstefnu þess, en það var á leið frá Hafnarfirði.“²⁸⁹⁰ Bókað var að vitninu hafi verið sýnd mynd af Guðmundi Einarssyni. Gat hann ekki sagt neitt um hvort það hafi verið Guðmundur sem hann hafi séð í umrætt sinn. Vék hann frá klukkan 10:43.²⁸⁹¹ Bókað var að [EKH], sjónarvottur af Reykjavíkurvegi í Hafnarfirði, hafi komið fyrir dóminn sem vitni. Mundi hann ekkert hvar hann hafi verið umrædda nótt. Var honum þá kynnt skýrsla hans hjá rannsóknarlögreglu 25. janúar 1977 og sagði hann skýrsluna rétta í öllum atriðum. Bókað var að honum hafi verið kynntur framburður [SRV], sem hafi verið með honum í bifreið aðfaranótt 27. janúar 1974 þegar þeir hafi séð mann á

²⁸⁸⁶ Bls. 2581.

²⁸⁸⁷ Bls. 2582.

²⁸⁸⁸ Dagbók nr. 6, bls. 220.

²⁸⁸⁹ Bls. 2582.

²⁸⁹⁰ Bls. 2583.

²⁸⁹¹ Bls. 2584.

Reykjavíkurvegi sem hafi gengið í veg fyrir bifreiðina. Kvaðst [EKH] ekki muna eftir umræddum atburði. Bókað var að honum hafi verið sýnd mynd af Guðmundi Einarssyni. Kannaðist hann ekki við Guðmund og minntist þess ekki að hafa nokkurn tímann séð hann.²⁸⁹² Vék hann frá klukkan 11:05. Bókað var að á sama tíma hafi Kjartan Kjartansson, fangavörður í Hegningarhúsinu, komið fyrir dóminn sem vitni. Greindi hann frá því að hafa sinnt störfum í Síðumúlafangelsi frá 26. janúar 1976 fram til apríl eða maí sama ár vegna álags í fangelsinu. Bókað var að bókun Sævars í þinghaldi 29. mars 1977 um meðferð á sér í fangelsinu við Síðumúla hafi verið lesin í heyranda hljóði. Kvaðst hann ekki geta borið um af eigin raun það sem þar kæmi fram. Orðrétt var bókað: „Vitnið minnst þess að hafa heyrt talað um, að Örn Höskuldsson hafi viðhaft þau ummæli, er í niðurlagi bókunarinnar greinir, en getur ekki staðhæft, hvort það var viðstatt.“ Hann hafi ekki verið viðstaddur yfirheyrslur yfir ákærða Sævari og því ekki geta borið um það af eigin raun hvort beitt hafi verið líkamlegu ofbeldi, en hann hafi heyrt að yfirheyrslurnar hafi verið ákaflega hávaðasamar.²⁸⁹³ Orðrétt var bókað eftir vitninu: „Vitnið varð vart við það, að fangaverðir virtust yfirheyra ákærða Sævar Marinó, eða blanda sér að óþörfu í hans mál. Nefnir vitnið í því sambandi Skúla Steinsson og Högna Einarsson. Ekki var það þó gert að beiðni rannsóknarmanna, að það viti til. Vitninu fannst ákærði Sævar Marinó, sæta meira harðræði í fangelsinu en aðrir fangar í sama máli, að vitninu fannst að ástæðulausu, þar sem Sævar hafi hegðað sér afburðavel frá sjónarmiði fangavarðar. Ekki varð vitnið vart við það, að ákærði Sævari sýndi tregðu á að þrifa sig og klefa sinn.“ Bókað var að honum hafi verið kynnt bókun Tryggva Rúnars í þinghaldi 30. mars 1977. Kvaðst vitnið ekkert geta borið um þau atriði, enda væri honum mál Tryggva Rúnars ókunnug. Játtaði hann rétt eftir sér haft í sakadómsbók. Í framhaldinu var bókað að vitnið hafi sagst vanta eitt atriði til viðbótar. Bókað var orðrétt: „Ég var þarna ásamt fleiri fangavörðum staddur í milliherbergi milli varðstofu og yfirheyrslusals fangelsisins, sem er fyrst til hægri, er inn í fangelsið kemur. Að yfirheyrslu þeirra Eggerts Bjarnasonar og Sigurbjörns Víðis yfir Sævari Marinó liðinni, fannst mér, að yfirheyrslunni ætti að vera lokið. Svo var þó ekki. Gekk Gunnar Guðmundsson, yfirfangavörður, þá mjög berserkslega inn í yfirheyrsluherbergið og upphófst vægast sagt allmikill hávaði og ég leit í augu nærstaddra fangavarða.²⁸⁹⁴ Ég var ekki viss um, hverjum bæri skylda til að opna hurðina og athuga, hvað þarna færi fram. Þegar ég sá ekki, að neinn hefði kjark til að athuga hvað væri að gerast, opnaði ég hurðina. Ég sá ekki, að Gunnar Guðmundsson væri í hættu staddur, en mér virtist sem Sævar Marinó hefði verið svínbeygður, enda hafði hann ella ekki kallað: „Stilltu þig, stilltu þig, Gunnar, Gunnar.“ Gunnar Guðmundsson skipaði mér að loka tafarlaust. Ekki heyrði ég að fleira gerðist þarna inni.“ Vék vitnið frá klukkan 12:10. Á sama tíma var bókaður mættur í dóminn, Ari Ingimundarson, fangavörður í fangelsinu við Síðumúla. Bókað var að bókun Sævars í þinghaldi 23. mars 1977 hafi verið lesin í heyranda hljóði. Kvaðst Ari ekki kannast við að hafa heyrt um þau atvik sem Sævar nefndi í bókuninni. Var hann sérstaklega spurður um það atriði í bókuninni að hann hafi verið

²⁸⁹² Bls. 2584.

²⁸⁹³ Bls. 2585.

²⁸⁹⁴ Bls. 2586.

sjónarvottur að því þegar Sigurbjörn Víðir hafi slegið Sævar í andlitið, tekið hann upp og fleygt honum í stól í yfirheyrsluherbergi. Kvaðst Ari ekki kannast við að hafa séð þetta og vita ekki til þess að þetta hafi átt sér stað. Kvaðst hann ekki hafa orðið var við það að Sævar hafi verið beittur ofbeldi eða hótunum um ofbeldi í fangelsinu.²⁸⁹⁵ Var bókun Tryggva Rúnars lesin í heyranda hljóði fyrir vitnið. Kvaðst hann ekki hafa verið viðstaddur neinar yfirheyrslur í málinu og geta því ekkert borið um það sem fram kæmi í bókuninni. Vék hann frá klukkan 12:24.²⁸⁹⁶ Bókað var að Jóhann Gunnar Friðjónsson, fangavörður í Síðumúlafangelsi, hafi komið í dóminn klukkan 12:25. Var bókun Sævars lesin í þinghaldinu í heyranda hljóði. Kvaðst vitnið ekki kannast við neitt það sem ákærði Sævar hafi greint frá í bókuninni. Hann hafi ekki verið viðstaddur yfirheyrslur í málinu. Sagði hann Sævar hafa verið prýðisfanga og gert það sem hann hafi verið beðinn um, en þó hafi þurft að ítreka við hann að þrífa sig og klefa sinn. Kannaðist hann ekki við að hafa veitt Skúla Steinssyni aðstoð við að dýfa Sævari ofan í vask og vissi ekki til þess að það hafi verið gert. Vissi hann ekki til þess að nokkurn tíma hafi komið til átaka þegar Sævar hafi átt að fara í bað. Mundi hann þó eftir að Skúli hafi sótt Sævar eitt sinn í klefann til þess að fara í bað og haldið utan um hann á leiðinni fram á bað. Kvaðst hann ekki hafa orðið var við að Sævar hafi verið beittur ofbeldi. Vék hann frá klukkan 12:40. Bókað var að Jón Oddsson, verjandi Sævars hafi verið viðstaddur þinghaldið. Var dómþingi slitið.²⁸⁹⁷

1493. Laugardaginn 16. apríl 1977 var bókað í dagbók Síðumúlafangelsisins að Hilmar Ingimundarson, verjandi Tryggva Rúnars, hafi komið klukkan 12:50 og rætt við hann inni á klefa. Bókað var að Hilmar hafi farið klukkan 13:25.²⁸⁹⁸
1494. Tryggvi Rúnar ritaði færslu í dagbók sína þennan dag um að hafa rætt við Hilmar verjanda sinn. Hann hafi látið Hilmar fá 20 blaðsíður af ýmsu efni til minnis.²⁸⁹⁹
1495. Mánudaginn 18. apríl 1977 var bókað í dagbók Síðumúlafangelsisins að Jón Thors, deildarstjóri í dómismálaráðuneytinu hafi hringt vegna neitunar á viðtali séra Ragnars Fjalars Lárussonar við Guðjón. Bókað var að deildarstjórinn hafi spurt hvort neitunin hafi komið frá Gunnari Guðmundssyni, forstöðumanni og færsluritari, eða Gunnlaugi Briem, sakadómara. Bókaði Gunnar um að ákvörðunin hafi verið sameiginleg. Orðrétt bókaði hann í dagbókina: „Deildarstj. tjáði mér að ég yrði að vera hlutlaus í málinu. Það sagðist ég ekki geta. Hann tjáði mér þá að móðir Guðjóns gengi í skrokk á ráðherra og væri síhringjandi í hann útaf þessu, og sagðist Jón Thors ætla að tala við Gunnlaug sakadómara útaf þessu. Ég benti Jóni á að ef þetta yrði leyft færi skriðan af stað og frúin færi þá að heimta af ráðherra heimsóknir fyrir sjálfa sig og aðra og féllst deildarstj á það.“²⁹⁰⁰ Bókað var klukkan 13:45 að Jón Thors hafi hringt aftur útaf sama máli og það hafi verið rætt fram og aftur. Bókað var að niðurstaðan hafi orðið sú að deildarstjórinn myndi skrifa Gunnari bréf um málið.²⁹⁰¹ Bréfið liggur fyrir meðal

²⁸⁹⁵ Bls. 2587.

²⁸⁹⁶ Bls. 2588.

²⁸⁹⁷ Bls. 2588–2589.

²⁸⁹⁸ Dagbók nr. 6, bls. 221.

²⁸⁹⁹ Bls. 2675_T.

²⁹⁰⁰ Dagbók nr. 6, bls. 222.

²⁹⁰¹ Dagbók nr. 6, bls. 223.

rannsóknargagna, dagsett sama dag. Fram kom að ráðuneytið staðfesti heimild til handa Gunnari Guðmundssyni, forstöðumanni, til að synja öllum almennum heimsóknum til fanga á meðan vistaðir væru í fangelsinu gæslufangar vegna svonefndra Guðmundar- og Geirfinnsmála. Í bréfinu sagði að ráðuneytið teldi rétt að heimila að fangar ættu þess kost að ræða við prest, auk fangelsisprests, að fenginni heimild frá þeim sem hefði rannsókn málsins á höndum. Ef ekki fengist heimild til þess að slíkt viðtal færi fram í einrúmi skyldi sá sem færi með rannsókn málsins leggja til mann til að fylgjast með viðtalinu. Bréfið var undirritað af Jóni Thors, deildarstjóra dómsmálaráðuneytisins.²⁹⁰²

1496. Tryggvi Rúnar ritaði færslu í dagbókina sama dag, 18. apríl 1977, um innstæðu sína á sparnaðarreikningi. Orðrétt ritaði hann: „Jæja, ég á þá svona rétt fyrir utanlandsferð eftir þessi öll ósköp hér. Enda skal ég njóta sólarinnar vel á Spáni! Enda veitir mér ekki af eftir alla þessa innilokun! Og allan tímann að kveljast og þjást og berjast fyrir mínu sakleysi!“²⁹⁰³ Ritaði hann um að fangaverðirnir væru að sínu mati allir niðurdrepandi fyrir utan Jóa sem væri svo lífsglaður, brosandí og hlæjandi öðru hvoru. Þá væri Jón B. svona öðru hvoru talfær, en hann væri samt mjög mislyndur. Ritaði Tryggvi um að Högni hafi verið mjög góður vinur hans en nú væri hann orðinn andstæður honum. Hann bæri lítið traust til hans núna. Lýsti hann Ingimundi með jafnaðargeð og oft kátum. Guðjón væri alltaf eins, segði ekkert nema „kaffi“ og „verði þér að góðu“ og „góða nótt!“. Lýsti hann Ara, Daníel og Erling sem ágætum. Orðrétt ritaði hann í framhaldinu: „Kannski er ég bara leiðinlegur. Og misskil umhverfið.“²⁹⁰⁴
1497. Þriðjudaginn 19. apríl 1977 var bókað í dagbók Síðumúlafangelsisins klukkan 10:00 að Jón Thors hafi hringt aftur. Orðrétt var bókað: „[L]as fyrir mig bréf í sambandi við símtöl sem við áttum í gær (sjá dagbók þar um). Orðalagi og efni bréfsins var ég samþykkur, enda sé ég að ég kemst ekki lengra. Ráðherra var búinn að samþykkja það og verður það sent hingað innan tíðar. Jafnframt sagði Jón mér að ráðuneytið hefði ekki óskað eftir frekari aðgerðum í járnamálinu svokallaða við saksóknara ríkisins þó eins og hann orðaði það að þetta væru ekki æskilegar aðferðir.“²⁹⁰⁵
1498. Þennan dag var dómþing háð í sakadómi Reykjavíkur og tekið fyrir sakadómsmálið á hendur ákærðu. Bókað var að Bragi Steinarsson, vararíkissaksóknari, hafi sótt þing af hálfu ákærvaldsins. Þá var bókað að Páll Arnór Pálsson, verjandi Kristjáns Viðars, hafi komið í dóminn. Klukkan 10:44 var bókað að Kristján Viðar hafi mætt í dóminn.²⁹⁰⁶ Bókað var að hann hafi óskað eftir því að breyta framburði sínum um það þegar hann hafi komið að Hamarsbraut 11 aðfaranótt 27. janúar 1974, ásamt Guðmundi og Tryggva Rúnari. Bókuð var sú breyting á framburði hans að hann, Tryggvi Rúnar, Albert, Guðmundur og Gunnar hafi verið nýkomnir inn í húsið þegar Sævar hafi komið. Það hafi ekki verið Sævar sem hafi komið gangandi niður stíginn að húsinu heldur Albert. Gunnar hafi ekki verið í fylgd með honum, heldur hafi hann

²⁹⁰² Bls. 2676.

²⁹⁰³ Bls. 2675_U.

²⁹⁰⁴ Bls. 2675_Æ.

²⁹⁰⁵ Dagbók nr. 6, bls. 224.

²⁹⁰⁶ Bls. 2589.

komið rétt á eftir. Bókað var að Kristján Viðar hafi sagst hafa skriðið inn um glugga á þvottahúsi íbúðarinnar. Vék hann frá klukkan 11:15.²⁹⁰⁷

1499. Fyrir liggur skýrsla tæknideildar rannsóknarlögreglunnar í Reykjavík, dagsett sama dag, með ljósmyndum frá Landmælingum Íslands sem sýndu hluta Hafnarfjarðar og svæðið vestur fyrir Álverið í Straumsvík. Orðrétt var bókað í skýrsluna: „Merkt er inn á myndina með „rauðu“ leið sú sem Kristján Viðar Viðarsson og Albert Klahn Skaftason segjast hafa farið með lík Guðmundar Einarssonar frá Hamarsbraut 11. Með „grænu“ leið sú sem Albert Klahn Skaftason segir að farið hafi verið með líkið úr hrauninu og í kirkjugarði í Hafnarfirði.“²⁹⁰⁸
1500. Tryggvi Rúnar ritaði færslu í dagbók sína þennan dag, 19. apríl 1977. Ritaði hann um hversu vel [ÓmL] bróðir hans hafi reynst honum. Orðrétt ritaði hann: „Já, ef ég get ekki staðið uppréttur að eiga svona bróður, og barist við þetta afl! sem núna stendur á móti mér sem lyganaðra! Þ.e.a.s. Ég er saklaus! og er að berjast á móti þessum, þessum ógæfusömu mönnum! sem eru að ljúga mig inn í stórmál! og er búið að standa yfir núna í meira en 16 mánuði, kominn viku betur inn á 17 mánuði. P.s. Ég skal standa mig, enda þarf ég ekki að hræðast þar sem ég er saklaus, enda sigrast réttlætið á öllu fyrir rest! Það er ekki bara ég, það eru mínir nánustu sem fá þá gjöf frá mér, enda hef ég aldrei komið nálægt þessum atb.“²⁹⁰⁹
1501. Sama dag ritaði Guðjón í dagbók sína um að hafa vaknað aftur um miðja nótt og ekki sofnað aftur fyrr en undir morgun. Honum liði því eins og margrotuðum manni. Ritaði hann um að Chloral lyfin væru fljótverkandi.²⁹¹⁰
1502. Miðvikudaginn 20. apríl 1977 var bókað í dagbók fangelsisins við Síðumúla að Hilmar Ingimundarson, verjandi Tryggva Rúnars, hafi komið klukkan 12:00 með bréf til forstöðumanns fangelsisins og rætt við Tryggva Rúnar á klefa hans. Bókað var að Hilmar hafi farið klukkan 12:50. Bókað var klukkan 15:00 að séra Jón Bjarman hafi komið til viðtals við Guðjón. Bókað var að séra Jón hafi farið að viðtali loknu klukkan 15:50.²⁹¹¹
1503. Fyrir liggur upplýsingaskýrsla, dagsett þennan dag, rituð af Gísla Guðmundssyni um að gagnaöflun samkvæmt skýrslu dagsettri 4. apríl 1977, væri lokið. Tekið var sérstaklega fram að aflað hafi verið upplýsinga í fangageymslum lögreglunnar í borginni og nágrennabæjum um ákærðu og ljóst væri að þau hafi ekki dvalið þar dagana 26. eða 27. janúar 1974. Sama gildi um fangelsið að Litla-Hrauni, enginn þeirra hafi dvalið þar á þeim tíma.²⁹¹²
1504. Þá liggur fyrir kvaðning, dagsett 20. apríl 1977, til [GunJ] búsettum á Torremolinos, Spáni. Orðrétt sagði í kvaðningunni: „Hér með eruð þér kvaddur til að mæta fyrir sakadómi Reykjavíkur og gefa vitnaskýrslu um átök, er urðu að Hamarsbraut 11 í

²⁹⁰⁷ Bls. 2590–2591.

²⁹⁰⁸ Bls. 2677–2679.

²⁹⁰⁹ Bls. 2675_AB–AC.

²⁹¹⁰ Bls. 2590_A.

²⁹¹¹ Dagbók nr. 6, bls. 226–227.

²⁹¹² Bls. 2667.

Hafnarfirði, aðfaranótt 27. janúar 1974, með þeim afleiðingum að Guðmundur Einarsson, Hraunprýði í Blesugróf, Reykjavík beið bana, en komið er fram í málinu, að þér hafið verið þar viðstaddur. Ferðir til og frá Spáni verða greiddar fyrir yður.²⁹¹³

1505. Sama dag ritaði Tryggvi Rúnar í dagbók sína um viðtal við Hilmar Ingimundarson, verjanda sinn. Hilmar hafi sagt honum að lögreglan hafi enn ekki haft uppi á [GunJ]. Orðrétt ritaði Tryggvi: „Er það vont fyrir mig, ef hann hefur verið þarna á staðnum þegar þetta gerðist, þá getur hann sagt hverjir voru þar og hverjir ekki. Eins og með mig, hann gæti verið lykillinn að málinu fyrir mig. Sagt eins og satt er, að ég hafi ekki verið þarna.²⁹¹⁴
1506. Guðjón ritaði einnig færslu í dagbók sína þennan dag um að hann hafi verið feginn þegar séra Jón Bjarman hafi komið í heimsókn til hans. Hann hafi talið ekki vonlaust að Geirfinnsmálið yrði bráðum tekið fyrir rétt. Ritaði Guðjón um að hann mætti hitta séra Ragnar Fjalar, hann yrði bara að beina óskum um það til fangavardar.²⁹¹⁵
1507. Sama dag var bókað í dagbók Hegningarhússins að fangavörðum Hegningarhússins sem stæðu vaktir yfir Kristjáni Viðari hafi verið gert ljóst að Örn Höskuldsson hafi lagt bann við að vöktunum væri þannig háttað að þær sköpuðu vakta- eða yfirvinnuálag.²⁹¹⁶
1508. Tryggvi Rúnar ritaði færslu í dagbók sína sama dag um útiveru og æfingar í fangelsisgarðinum.²⁹¹⁷ Tryggvi ritaði um að hafa heyrt gól frammi klukkan 10:25. Orðrétt ritaði hann í framhaldinu: „Ef ég á að segja mína meiningu, þá eiga þeir alls ekki að vera á vakt saman, Högni og Erlingur. Jæja, svo við hættem að tala um þá. Ritaði hann um geðslag og persónu fangavardanna. Sagði hann Jóa hafa lífgandi áhrif á Erling, sem innst inni væri með einhver sadisma einkenni. Daníel hefði róandi áhrif á Högna sem vildi vera fremstur í flokki valdbeitingar. Um Högna ritaði Tryggvi Rúnar: „Hann er líkur Erni Höskuldssyni með það enda góðir vinir og Högni hefur hoppað í kringum hann eins og skopparakringla, haldið að þarna væri maður sem með rétt mál færi en núna er ég hræddur um að allir sem sjái það núna á svörtu og hvítu hvað hann er búinn að gera, eyðileggja saklausan mann eins og mig, að eilífu!²⁹¹⁸ Ritaði Tryggvi um að Gunnar Marinósson hafi komið af klefa númer sex klukkan 21:45, en þar væri þessi Guðjón Skarphéðinsson sem ætti einhvern þátt í þessu Geirfinnsmáli. Virtist honum þeir vera mjög samrýmdir. Hann hafi aldrei séð Guðjón inni í fangelsinu, en vel gæti verið að hann myndi kannast eitthvað hann í sjón.²⁹¹⁹
1509. Guðjón ritaði einnig í dagbók sína þennan dag um að hafa sofið frekar vel og hafa samið bréf af ákafa í huganum um nóttina til Benedikts Blöndal.²⁹²⁰ Gunnar

²⁹¹³ Bls. 2679_F.

²⁹¹⁴ Bls. 2675_AC.

²⁹¹⁵ Bls. 2590_D.

²⁹¹⁶ Dagbók Hegningarhússins, nr. 1, bls. 63.

²⁹¹⁷ Bls. 2590_D.

²⁹¹⁸ Bls. 2590_G.

²⁹¹⁹ Bls. 2590_H.

²⁹²⁰ Bls. 2590_J.

Marínósson hafi komið í langt spjall, næstum því tvo klukkutíma. Orðrétt ritaði Guðjón: „Síðan bar margt á góma, [Kr], sr. [RF], Guðm.mál, G.f.mál, trúmál, lyf og maníó-dep., réttarfar og fleira.“²⁹²¹

1510. Sævar ritaði yfirlýsingu í Hegningarhúsinu sem auðkennd er „2I/I 1977“ og „2I/4 1977“ til dómara þeirra „sem meðferð Geirfinnsmáls er falin.“²⁹²² Ekki liggur fyrir hvenær yfirlýsing þessi var afhent sakadómi. Í yfirlýsingunni rakti hann einkum aðdraganda þess að hann fór að bera um málsatvik Geirfinnsmálsins 21. janúar 1976. Þá rakti hann samskipti sín við Örn Höskuldsson fulltrúa yfirsakadómar, rannsóknarlögreglumennina, Eggert Norðdahl Bjarnason, Sigurbjörn Víði Eggertsson og Gunnar Guðmundsson forstöðumann Síðumúlafangelsisins frá því hann var úrskurðaður í áframhaldandi gæsluvarðhald 11. janúar 1976. Greindi Sævar frá því að ítrekað hafi honum verið synjað um að hafa samband við verjanda sinn auk þess sem haft hafi verið í hótunum við hann, sem hann gerði grein fyrir, og hann beittur líkamlegu harðræði. Meðal annars hafi honum verið neitað um tóbak og skriffæri, ljós verið látið loga í klefanum allan sólarhringinn og bæði rannsóknarlögreglumenn og fangaverðir lagt á hann hendur. Ritaði Sævar um að hafa spurt Örn að því 14. janúar 1976 hvort kanna ætti hvar hann hafi verið nóttina sem Guðmundur hvarf og hvort hann hafi nokkuð hitt Erlu fyrr en á sunnudagskvöldinu. Í stað þess að svara þeirri spurningu hafi Örn spurt hann hvar hann hefði verið 19. nóvember 1974. Kvað Sævar þetta hafa verið upphafið að „Geirfinnstali“ eins og hann orðaði það. Lýsti hann síðan miklu harðræði og hótunum sem hann hafi sætt 15. janúar 1976 af hálfu rannsóknarlögreglumanna og svo hafi fangaverðirnir tekið við samfellt frá þeim degi til hádegis 19. janúar 1976. Ritaði Sævar um að Sigurbjörn Víðir hafi sagst hafa sannanir fyrir því að hann hafi farið með Einari Bollasyni 19. nóvember 1974 til Keflavíkur og hafi spurt sig hvort hann þekkti bræður Erlu. Honum hafi verið sagt frá hræðslu Erlu vegna hótana í síma og að hennar væri gætt af vopnuðum vörðum og bar um að hafa sagt hana hrædda við Einar. Ritaði Sævar um að hafa orðið að segja það sem krafist hafi verið af honum annars yrði hún myrt en bar um það að Eggert hafi sagt honum að þarna hafi verið gömul bryggja á afskekktum stað. Þegar þeir hafi sagt honum að hætt væri að hótá Erlu hafi Sævar sagt að þeir þyrftu ekki á honum að halda meir því þeir væru búnir að fá þá menn sem þeir vildu fá. Þeim orðum hans hafi Örn svarað á þá leið að hann gæti farið inn í klefa og hengt sig og hefði beðið Gunnar Marínósson varðstjóra að lána honum reipi.
1511. Föstudaginn 22. apríl 1977 var bókað í dagbók fangelsisins við Síðumúla að Sigurbjörn Víðir hafi komið við klukkan 08:00 á leið sinni í sakadóm Reykjavíkur og tekið með sér tvö bréf til Gunnlaugs Briem frá Guðjóni.²⁹²³
1512. Fyrir liggur bréf frá Guðjóni til Gunnlaugs Briem sakadómar. Bréfið er 11 blaðsíður að lengd og ódagsett. Í upphafi bréfsins ritaði Guðjón orðrétt: Herra dómari. Þessa skýrslu gef ég að yðar ósk og lít því svo á að hún verði ekki gerð að opinberu réttarskjali, en ég mun fúslega staðfesta fyrir dómi þau atriði sem þér óskið.“ Rakti

²⁹²¹ Bls. 2590_L.

²⁹²² Bls. 2676_A.

²⁹²³ Dagbók nr. 6, bls. 229.

hann í framhaldinu kynni sín af Sævari og samskipti þeirra allt frá árinu 1970. Greindi hann frá því að um sumarið 1974 hafi þeir farið saman í veiðitúr í Kálfá í Gnúpverjahreppi á bílaleigubíl frá bílaleigu Karnabæjar og gist að Gljúfurárholti eða í „Skúnknum“ svokallaða. Síðan hafi hann ekki hitt Sævar fyrr en í nóvember, að því er talið væri 14. nóvember 1974, þegar Erla og Sævar hafi komið að heimili hans til að sýna honum nýja bifreið. Mundi hann ekki eftir því að Sævar hafi komið inn á heimili hans nema í þetta eina sinn. Orðrétt ritaði hann: „Ég mun hafa farið til Grindavíkur sunnud. 17/11 vegna bókamarkaðar og ég man ekki eftir að hafa hitt S. eftir það a.m.k. áreiðanlega ekki á heimili mínu, ef til vill nokkrum sinnum á kaffihúsi. Ég var yfirleitt heima á kvöldin [...]. Mér þykir einkennilegt, ef ferðalag til Keflavíkur og alvarlegir atburðir sem þar hafa átt að eiga sér stað eru mér nú gjörsamlega úr minni liðnir.“ Í framhaldinu greindi Guðjón frá samskiptum þeirra á árinu 1975. Sævar hafi hringt í hann „collect“ frá Kaupmannahöfn og greindi Guðjón frá því að hann hafi ekki skilið Sævar þannig að honum væri hætta búin á Íslandi, eins og nú væri haldið fram. Í júnímánuði hafi Sævar boðið honum að veiða með sér í Ölfusá. Hafi þeir farið dagsferð og komið við að Gljúfurárholti. Orðrétt ritaði Guðjón: „Það er mér minnstætt að þar stóð sendiferðabíll af Mercedes Benz gerð þar í hlaði og það kom miklu fátí á S. og vildi hann helst ekki að við færum þar inn sem þó varð úr.“ Í niðurlagi bréfsins ritaði Guðjón að sá trúnaður sem Sævar hafi sýnt honum hafi aðeins náð því marki sem Sævar hafi talið sig hafa gagn af. Orðrétt ritaði hann: „[E]kki hefði mig fremur grunað hann um Geirfinnsmál fremur en Guðmundarmál.“²⁹²⁴

1513. Þennan dag var dómþing háð í sakadómi Reykjavíkur og tekið fyrir sakadómsmálið á hendur ákærðu. Bókað var að lögð hafi verið fram skýrsla rannsóknarlögreglunnar, dagsett 4. apríl 1977, uppdráttur af Hafnarfirði og ljósmynd frá Landmælingum Íslands þar sem merkt hafi verið inn á leiðir þær sem ákærðu Kristján Viðar og Albert Klahn hafi sagst hafa farið með lík Guðmundar Einarssonar, spjöld með ljósmyndum úr Kapelluhrauni, spjöld með ljósmyndum úr kirkjugarðinum í Hafnarfirði, fæðingavottorð Guðmundar Einarssonar, vottorð frá Hagstofu Íslands um búsetu ákærðu Sævars og Erlu, vottorð frá Manntali Hafnarfjarðarbæjar og loks vottorð frá fangelsinu við Síðumúla, Hegningarhúsi og lögreglunni í Hafnarfirði.²⁹²⁵
1514. Guðjón ritaði færslu í dagbók sína sama dag, 22. apríl 1977. Ari fangavörður hafi komið til hans í langt spjall um vistina í fangelsinu, málin almennt, Geirfinnsmálið og frændsemi þeirra. Þeir hafi síðan gengið um fangelsisgarðinn í hálf tíma.²⁹²⁶
1515. Mánudaginn 25. apríl 1977 var bókað í dagbók fangelsisins við Síðumúla að Gunnlaugur Briem hafi hringt klukkan 18:40. Orðrétt bókaði færsluritari: „Hringdi Gunnl. Briem vegna prestsviðtala sem hann vill ekki að fari fram einslega. Hann mun geta þess nánar í bréfi til mín á morgun.“²⁹²⁷ Daginn eftir var bókað í

²⁹²⁴ Bls. 2679_G–Q.

²⁹²⁵ Bls. 2591–2592.

²⁹²⁶ Bls. 2590_L.

²⁹²⁷ Dagbók nr. 6, bls. 233.

fangelsisdagbókina að séra Jón Bjarman hafi komið klukkan 15:00 til viðtals við Guðjón. Bókað var að séra Jón hafi lokið viðtalinu við Guðjón klukkan 16:00.²⁹²⁸

1516. Sama dag var bókað í dagbók Hegningarhússins að Gunnlaugur Briem, sakadómari, hafi hringt klukkan 16:55 og tilkynnt um ákvörðun sína. Orðrétt var bókað í fangelsisdagbókina: „[H]ér með væri því lokið að fangarnir Kristján Viðar og Sævar Ciesielski fái dagblöð, þá bannar hann öll samtöl við Sævar – án undantekningar nema hvað Jón Oddsson lögmaður má tala við hann og fá samkvæmt leyfi í hvert sinn og undir eftirliti.“²⁹²⁹
1517. Þriðjudaginn 26. apríl 1977 var dómþing sett í sakadómi Reykjavíkur og tekið fyrir sakadómsmálið á hendur ákærðu. Bókað var að klukkan 11:30 hafi [SRV] komið fyrir dóminn sem vitni. Staðfesti hann að hafa hringt til yfirlögregluþjóns í rannsóknarlögreglunni í Hafnarfirði 31. janúar 1974 og sagst hafa séð til ferða manns sem hann taldi vera Guðmund á Reykjavíkurvegi aðfaranótt 27. janúar 1974. Fremur hált hafi verið á götum, snjóþæfingur en veður gott. Með honum í bifreiðinni hafi verið [EKH]. Greindi hann frá því að þegar þeir hafi verið staddir á mótum Reykjavíkurvegar og Hverfisgötu milli klukkan 02:15 og 02:30 hafi þeir séð mann á gangstéttinni hægra megin götunnar. Maðurinn hafi virst mikið ölvaður og reynt að stöðva bifreiðar. Hann hafi verið stór með dökkt, mikið hár, yfirhafnarlaus og í köflóttum jakka. Maðurinn hafi gengið út á götuna í veg fyrir bifreiðina. Kvaðst vitnið hafa þá hægt ferðina. Maðurinn hafi farið yfir götuna, en þá fallið við. Virtist vitninu ekki sem honum hafi orðið meint af fallinu.²⁹³⁰ Kvaðst vitnið hafa séð lýst eftir Guðmundi Einarssyni næstu daga á eftir í blöðunum. Bókað var orðrétt: „Vitnið sá mynd af Guðmundi er einnig birtist í blöðunum. Er vitnið ekki í neinum vafa um, að umræddur maður var Guðmundur Einarsson.“ Kvaðst [SRV] miða framangreinda tímaákvörðun við það að hann hafi verið við Alþýðuhúsið þegar dansleik þar hafi lokið um klukkan 02:00, hann hafi beðið þar í um 20 til 25 mínútur. Bókað var að Bragi Steinarsson, vararíkissaksóknari, hafi verið viðstaddur þinghaldið. Viku þeir frá klukkan 11:53.²⁹³¹
1518. Þennan dag var bókað í dagbók Hegningarhússins að dagskipan hafi borist frá Gunnlaugi Briem þess efnis að Jóni H. Halldórssyni hafi verið falið að úthluta Kristjáni Viðari og Sævari dagblöðum og hann væri sá eini sem til þess hefði leyfi.“²⁹³²
1519. Fimmtudaginn 28. apríl 1977 var bókað í dagbók Síðumúlafangelsisins að klukkan 16:00 hafi verið komið með bréf frá Gunnlaugi Briem, sakadómara, til Guðjóns. Klukkan 17:30 var bókað að Hilmar Ingimundarson, verjandi Tryggva Rúnars, hafi komið til viðtals við skjólstaðing sinn. Bókað var að Tryggvi Rúnar hafi verið færður aftur á klefa sinn klukkan 18:10.²⁹³³

²⁹²⁸ Dagbók nr. 6, bls. 235.

²⁹²⁹ Dagbók Hegningarhússins, nr. 1, bls. 65.

²⁹³⁰ Bls. 2593.

²⁹³¹ Bls. 2594.

²⁹³² Dagbók Hegningarhússins, nr. 1, bls. 66.

²⁹³³ Dagbók nr. 6, bls. 237.

1520. Þennan dag var dómþing sakadóms Reykjavíkur háð og tekið fyrir sakadómsmálið á hendur ákærðu Kristjáni Viðari, Sævari Marinó, Guðjóni og Erlu, að því er varðar sakargiftir um hvarf Geirfinns Einarssonar. Var ákæra málsins þingfest ásamt rannsóknargögnum, bréfi Jóns Oddssonar og geðheilbrigðisrannsókn á ákærða Guðjóni. Af hálfu ákæruvaldsins sótti þing Bragi Steinarsson, vararíkissaksóknari. Þá voru bókaðir mættir, Páll Arnór Pálsson, skipaður verjandi Kristjáns Viðars, Jón Oddsson, skipaður verjandi Sævars og Haraldur Blöndal, fyrir Benedikt Blöndal, skipaðan verjanda Guðjóns. Bókað var að Guðmundur Ingvi Sigurðsson, skipaður verjandi Erlu hafi ekki getað mætt. Bókað var að sakflytjendur hafi fengið skjöl málsins afhent og var dómþingi slitið.²⁹³⁴
1521. Tryggvi Rúnar ritaði um útiveru og æfingar í fangelsisgarðinum og von sína um að hlutirnir færu að skýrast von bráðar. Ritaði hann um viðtal við Hilmar, verjanda sinn, sem hafi sagt honum að vera rólegum, það væri ekkert sem þeir gætu gert í bili. Að sögn Hilmars væri enn ekki búíð að finna [GunJ]. Orðrétt ritaði Tryggvi: „Hann væri að fá allt úr dagbókum hér sem fjallaði um mig! og það væri ansi mikið verk að fara í gegnum það. P.s. Ég sagði Hilmari að ég væri ekki sáttur við þetta, að vera hér saklaus! Hilmar skildi það, en við þessu er ekkert að gera eins og er! En lykillinn að málinu getur gengið í skrána, ef þessi [GunJ] finnst!“²⁹³⁵
1522. Föstudaginn 29. apríl 1977 var bókað í dagbók Hegningarhússins að Kristján Viðar hafi fengið garðtíma í fyrsta sinn að fyrirmælum Gunnlaugs Briem.²⁹³⁶
1523. Laugardaginn 30. apríl 1977 var dómþing háð í sakadómi Reykjavíkur og tekið fyrir sakadómsmálið á hendur ákærðu. Bókað var að fram hafi komið í framburðum ákærðu að [GunJ] hafi verið með ákærðu að kvöldi 26. og aðfaranótt 27. janúar 1974 þegar Guðmundur Einarsson hafi beðið bana að Hamarsbraut 11. Bókað var að haft hafi verið uppi á [GunJ] á Torremolinos á Spáni. Gísli Guðmundsson og Torfi Jónsson, rannsóknarlögreglumenn, hafi verið sendir út til að ná tali af honum. Bókað var að þeir hafi farið að utan 23. apríl 1977, hitt [GunJ] og hann hafi fallist á að koma til landsins og bera vitni. Fram kom að [GunJ] hafi komið til landsins daginn áður. Orðrétt var bókað: „Gisti Gunnar á hóteli hér í borginni í nótt og var lögreglumaður á vakt yfir honum.“ Bókað var að sækjandi málsins, Bragi Steinarsson, hafi komið í dóminn. Klukkan 10:22 var bókað að [GunJ] hafi komið fyrir dóminn.²⁹³⁷ Var hann áminntur um sannsögli en jafnframt vakin athygli hans á ákvæðum 2. mgr. 77. gr. laga nr. 74/1974. Bókað var að honum hafi verið send kvaðning til Spánar þar sem fram hafi komið af hvaða tilefni hann hafi átt að mæta. Orðrétt var bókað í þingbókina: „Málið er nú reifað fyrir mætta og rakti hann ýmsa þætti málsins sjálfstætt. Þar sem reifunin hefur tekið alllangan tíma, þykir eftir atvikum rétt að fresta formlegri skýrslutöku, enda kveðst mætti vera eftir sig eftir langa ferð.“ Bókuð var sú ákvörðun dómsins að fresta þinghaldinu til 2. maí 1977 og að lögreglumaður yrði með [GunJ] fram að þeim

²⁹³⁴ Bls. 3057–3058.

²⁹³⁵ Bls. 2595_H–J.

²⁹³⁶ Dagbók Hegningarhússins, nr. 1, bls. 67.

²⁹³⁷ Bls. 2595.

tíma. Bókað var að hann hafi fallist á það en óskað eftir því að fá að vera frekar heima hjá sér.²⁹³⁸

1524. Mánudaginn 2. maí 1977 var bókað í dagbók Síðumúlafangelsisins að hringt hafi verið í Harald Henrysson, sakadómara, vegna þess að úrskurður Guðjóns væri útrunninn.²⁹³⁹
1525. Þennan dag var dómþing sakadóms Reykjavíkur háð og tekið fyrir sakadómsmálið á hendur ákærðu. Bókað var að Bragi Steinarsson, vararíkissaksóknari, hafi komið í dóminn. Klukkan 13:36 hafi komið í dóminn [GunJ]. Var hann áminntur um sannsögli en jafnframt vakin athygli hans á ákvæðum 2. mgr. 77. gr. laga nr. 74/1974. Bókað var að honum hafi verið sýnt eintak af Morgunblaðinu frá 30. janúar 1974, en á annarri síðu blaðsins var lýst eftir Guðmundi Einarssyni. Taldi [GunJ] sig muna eftir að hafa séð fréttina en setti það ekki í samband við neitt sem hann hafi verið sjónarvottur að dagana á undan. Kvaðst hann ekki þekkja Guðmund. Kvaðst [GunJ] þekkja Albert Klahn, en þeir hafi verið saman í gagnfræðaskóla. Bókað var að [GunJ] hafi verið sýndar myndir úr sakaskrá af 20 mönnum og hann beðinn um að segja til um hverja hann þekkti. Orðrétt var bókað í sakadómsbókina: „Tekur hann viðstöðulaust úr myndunum myndir af þremur ákærðu í máli þess, þ.e. ákærðu Kristjáni Viðari Viðarssyni, Sævari Marinó Ciesielski og Tryggva Rúnari Leifssyni. Mætti man eftir nafni Sævars Marinós, en ekki hinna.“²⁹⁴⁰ Bókað var að [GunJ] hafi sagst hafa haft beyg af ákærðu Kristjáni Viðari og Sævari og talið betra að vera ekki of nærri þeim. Mundi hann að Tryggvi Rúnar hafi verið kraftalegur og látið mjög í veðri vaka að hann kynni að slást. Bókuð var lýsing [GunJ] á heimsókn hans og Alberts að Grettisgötu 82 á tímabilinu 2. til 6. janúar 1974 í þeim tilgangi að kaupa hass. Þar hafi verið staddir Kristján Viðar og Tryggvi Rúnar. Bókað var eftir [GunJ] að hann og Albert hafi að því loknu farið heim til hans að Lokastíg 18 en síðan heim til Alberts. Skýrði [GunJ] frá því að hafa komið með Alberti að Grettisgötu 82 nokkru síðar á bifreið. Orðrétt var bókað: „Mætti kveður þetta geta hafa verið 2–3 vikum síðar.“ Mundi [GunJ] ekki hvort það hafi verið í þetta skipti eða síðar sem hann hafi verið að aka með Alberti milli staða í borginni. Bókað var að hann myndi ekki á hvaða bifreið þeir hafi verið á. Minnti hann að tveir menn hafi setið í aftursæti bifreiðarinnar og annar þeirra hafi verið ákærði Kristján Viðar eða Sævar en kvaðst ekki muna fyrir víst hver hinn maðurinn hafi verið. Mundi [GunJ] ekki í hvaða erindagjörðum þeir hafi verið en var helst á því þeir hafi verið að aka á milli skemmtistaða til að leita að einhverjum manni.²⁹⁴¹ Mundi hann ekki sérstaklega eftir að komið hafi verið við á Kópavogshæli í þessari ferð. Einhvern tíma hafi þó verið komið þar við og mundi [GunJ] að hann hafi þá beðið í bifreiðinni. Minnti hann að hann hafi þá verið með Alberti, en mundi ekki hvort fleiri hafi verið í bifreiðinni. Mundi [GunJ] ekki eftir því að farið hafi verið frá Kópavogshæli til Hafnarfjarðar en einhvern tíma um þetta leyti hafi hann verið í bifreið með Alberti Klahn í Hafnarfirði þar sem numið hafi verið staðar í brekkunni á Reykjavíkurvegi. Mundi hann ekki hverjir fleiri hafi verið í

²⁹³⁸ Bls. 2596.

²⁹³⁹ Dagbók nr. 6, bls. 240.

²⁹⁴⁰ Bls. 2597.

²⁹⁴¹ Bls. 2599.

bifreiðinni en þetta hafi verið að næturlagi. Bókað var að [GunJ] myndist endilega sem fleiri hafi verið í bifreiðinni og eitthvað hafi verið um að vera. Mundi hann ekki hvort þeir hafi hitt einhvern og mundi ekki eftir Guðmundi Einarssyni þarna. Orðrétt var bókað: „Mætti man eitthvað eftir því, að Albert var að amast við því að fleiri kæmu í bifreiðina.“ [GunJ] tók það þó fram að það gæti hafa verið í annað skipti. Mundi hann eftir því að framangreinda nótt hafi verið ekið fram hjá lögreglustöðinni í Hafnarfirði við Suðurgötu. Orðrétt var bókað í sakadómsbókina: „Mætti man ekki, hvort numið var staðar þarna við hús, en hann minnr, að þeir hafi verið 2 eða 3 í bifreiðinni. Mætta finnst, að numið hafi verið staðar við eitthvert hús og að þeir Albert hafi farið inn. Hann minnr, að þeir hafi farið inn í íbúð í kjallara. Mætti man ekki eftir að hann hafi farið nema inn á ganginn. Honum er minnstæður stigi upp á loft í húsinu, er blasir við, er inn kemur, og eins man hann eftir að hafa litið inn í þvottahús og geymslu, er var opið.“²⁹⁴² Í framhaldinu var orðrétt bókað: „Mætti kom s.l. laugardag að Hamarsbraut 11 í Hafnarfirði og fannst honum hann kannast við það, er að framan greinir. Einnig kom honum kunnuglega fyrir gangurinn. Mætti man ekki eftir herbergjaskipan að öðru leyti. Mætti sér myndir frá Hamarsbraut 11 í Hafnarfirði. Hann rámar í að það hafi verið tveggja herbergja íbúð, sem hann kom inn í. Mætti tekur fram í þessu sambandi, að hann muni eftir stuttri viðdvöl í 2ja herbergja íbúð með Albert, þar sem spilað var á grammófón, eða a.m.k. talað um músík. Mætta rámar í einhvern grammófón, er var í innra herbergi í horni út við gluggann. Mætti man eftir einhverju þrasi þarna, en af hvaða tilefni það var man hann ekki, og ekki man hann eftir átökum. Honum finnst þó þrasið tengjast meira við brekkuna á Reykjavíkurvegi. Mætti kveðst ekki geta staðhæft, að ákærðu Kristján Viðar, Sævar Marínó og Tryggvi Rúnar hafi verið þarna. Mætti man ekki, hvert var erindið á framangreindan stað. Mætti man ekki, hvert hann fór af stað þeim, er að framan greinir.“²⁹⁴³ Bókað var eftir [GunJ] að hann hafi ekki haft grun um að Sævar seldi hass og hafi ekki vitað um búsetu hans á þessum tíma. Hann teldi sig einhvern tímann hafa séð Erlu en hafi ekki vitað um samband hennar og Sævars. Þá hafi hann ekki vitað til þess að Sævar vendi komur sínar til [HeG] á Kópavogshælið. Greindi [GunJ] frá því að ákærðu hafi aldrei minnst á Guðmund Einarsson við sig og ekki haft orð á því við hann hvað hafi gerst að Hamarsbraut 11 aðfaranótt 27. janúar 1974. Mundi hann eftir því að hafa hitt ákærða Kristján Viðar og ef til vill fleiri í Vestmannaeyjum í mars 1974 og þá hafi ekkert verið minnst á þetta. Einnig mundi [GunJ] eftir því að hafa hitt Sævar í húsi við Laugaveg í júní eða júlí 1974. Bókað var að [GunJ] hafi farið að utan í ágúst 1974 og verið erlendis fram í desember sama ár og farið aftur utan 27. janúar 1975 og verið erlendis síðan.²⁹⁴⁴

1526. Þriðjudaginn 3. maí 1977 var dómþing sett í sakadómi Reykjavíkur og sakadómsmálið á hendur ákærðu tekið fyrir. Bókað var að Bragi Steinarsson, vararíkissaksóknari, hafi komið í dóminn. Klukkan 10:14 var bókað að Albert Klahn hafi mætt í dómnum. Orðrétt var bókað í sakadómsbókina: „Reynt hefur verið að ná til verjanda ákærða,

²⁹⁴² Bls. 2600.

²⁹⁴³ Bls. 2601.

²⁹⁴⁴ Bls. 2602.

Arnar Clausen, hrl., en það hefur ekki tekist. Ákærði kveðst reiðubúinn að gefa skýrslu í málinu þótt verjandi hans sé ekki viðstaddur.“ Bókað var að farið hafi verið yfir framburð ákærða sem snerti [GunJ] og kvaðst Albert halda fast við þann framburð sinn. Staðhæfði Albert að hann og [GunJ] hafi komið að Grettisgötu 82 um kvöldmatarleytið 26. janúar 1974 og haft þar um klukkutíma viðdöl. Þeir hafi verið á Volkswagen bifreið sem faðir hans hafi átt. Ákærði Kristján Viðar hafi verið heima hjá sér og hafi Tryggvi Rúnar einnig verið þarna staddur. Greindi Albert frá því að þeir hafi komið aftur um klukkan 22:00 sama kvöld og þá dvalið fram að miðnætti. Þá hafi þeir farið saman að aka um borgina, eins og hann hafi áður greint frá. Lýsti Albert því að þeir hafi ekið fram hjá lögreglustöðinni í Hafnarfirði á leiðinni að Hamarsbraut 11, en þá hafi hann og [GunJ] verið tveir einir í bifreiðinni. Mundi hann ekki eftir að hafa ekið með [GunJ] í annað skipti í Hafnarfirði. Erindi þeirra að Hamarsbrautinni hafi verið að athuga með hass. Kvaðst Albert hafa vitað að Sævar hefði hass til sölu. Bókað var að Albert hafi sagst muna að þeir hafi báðir farið inn í kjallaraíbúðina að Hamarsbraut 11 og að ákærðu Kristján Viðar og Tryggvi Rúnar og Guðmundur Einarsson voru þar inni.²⁹⁴⁵ Sævar hafi komið um svipað leyti. Mundi hann ekki eftir því hvort grammófónmúsík hafi verið í íbúðinni. Mundi hann ekki eftir neinum grammófóni þar. Greindi Albert frá því að átökin hafi hafist skömmu eftir að þeir hafi komið inn í íbúðina og kvaðst öruggur um að [GunJ] hafi séð þau. Þeir hafi farið á brott skömmu eftir að átökunum hafi lokið og fannst Alberti sem átökin hafi fengið á [GunJ] en hann hafi viljað fara sem fyrst á brott úr íbúðinni. Orðrétt var bókað í lokin: „Ákærði man ekki eftir, að þeir hafi rætt um átökin, hvorki í bifreiðinni á leið til Reykjavíkur né síðar.“²⁹⁴⁶ Bókað var að klukkan 11:00 hafi [GunJ] mætt í dóminn til samprófunar. Bókað var að hann hafi verið áminntur um sannsögli. Orðrétt var bókað: „Fer nú fram samprófun milli mætta og ákærða. Er farið yfir framburð ákærða og jafnframt er mætti spurður um málsatvik. Mætti kveður mikið hafa rifjast upp fyrir sér, er gerðist að kvöldi 26. janúar og aðfaranótt hinn 27./1974.“²⁹⁴⁷ [GunJ] sagði það vel geta verið að hann hafi komið að Grettisgötu 82 að kvöldi 26. janúar 1974. Mundi hann ekki vel um þetta, en sagði það geta verið að hann hafi farið inn í húsið. Kvaðst hann ekki öruggur um þetta en mundi að einhver beygur hafi verið í honum eftir að hafa verið að Grettisgötu 82 hjá Kristjáni Viðari dagana 2. til 6. janúar 1974. Mundi hann eftir því að hafa ekið á milli skemmtistaða með Alberti Klahn þetta kvöld. Minnti hann að þeir hafi verið að leita að einhverjum manni. Með þeim í bifreiðinni hafi verið Kristján Viðar og Tryggvi Rúnar sem hafi setið í aftursæti. Mundi [GunJ] eftir því að þeir hafi ætlað að reyna að ná í áfengi með einhverjum hætti, en ekki mundi hann eftir að veskjaþjófnaður hafi verið nefndur í því sambandi. Mundi hann ekki til þess að nokkuð hafi fengist upp úr krafsinu. Mundi hann eftir því að ekið hafi verið að Kópavogshæli, en ekki í hvaða tilgangi. Orðrétt var bókað: „Þó er hann á því, að þeir hafi ef til vill verið að leita að Sævari Marinó til þess að fá hjá honum peninga.“ Minnti hann fastlega að Kristján Viðar hafi farið úr bifreiðinni við Kópavogshælið og farið þar inn. Mundi [GunJ] eftir því að Tryggvi Rúnar hafi verið spenntur og órólegur

²⁹⁴⁵ Bls. 2604.

²⁹⁴⁶ Bls. 2605.

²⁹⁴⁷ Bls. 2605.

og talað mikið. Hafi Kristján Viðar ekkert minnst á erindi sitt þegar hann hafi komið til baka. Í framhaldinu hafi verið ekið til Hafnarfjarðar. Mundi [GunJ] ekki vel eftir akstrinum en mundi eftir því að stöðvað hafi verið á Reykjavíkurvegi en þar hafi Kristján Viðar og Tryggvi Rúnar farið úr bifreiðinni. Kvaðst [GunJ] ekki hafa vitað í hvaða tilgangi en grunaði að það hafi verið í því skyni að ná í áfengi. Hann og Albert hafi beðið í bifreiðinni á meðan en hann kvaðst ekki muna hve lengi. Þegar Kristján Viðar og Tryggvi Rúnar hafi komið til baka hafi einhver maður verið með þeim. Kvaðst [GunJ] ekki hafa séð manninn vel og því ekki geta lýst honum. Bókað var að [GunJ] hafi tekið það fram í þessu sambandi að hann hafi meira orðið mannsins var frekar en að hann hafi beinlínis séð hann. Minnti [GunJ] að Kristján Viðar og Tryggvi Rúnar hafi ætlað að reyna að fá far fyrir sig og manninn í bifreiðinni. Albert hafi ekki viljað það og upphófst þá þjark út af þessu. Mundi [GunJ] eftir því að Albert hafi ekki viljað hafa meira með þá að gera og ekið áleiðis til Reykjavíkur en síðan snúið við til Hafnarfjarðar. Taldi [GunJ] að Albert hafi ráðið ferðinni. Mundi hann að ekið hafi verið fram hjá lögreglustöðinni í Hafnarfirði og síðan í nánd við hús skammt frá.²⁹⁴⁸ Lýsti [GunJ] því hvernig þeir hafi lagt bifreiðinni í stæði fyrir framan húsið. Minnti hann að hann hafi beðið í bifreiðinni á meðan Albert hafi athugað hvort einhver væri heima. Albert hafi komið eftir skamma stund og þá hafi þeir farið saman að húsinu. [GunJ] lýsti því hvernig útidyr á kjallara hafi verið opnar og ljós inni á gangi íbúðarinnar. Orðrétt var bókað í sakadómsbókina: „Var honum sérstaklega minnisstæður stiginn upp á loft í húsinu, en hann blasir við, þegar inn er komið. Einnig man mætti eftir að hurð á þvottahúsi var opin og að hann sá þar inn.“ Greindi [GunJ] frá því að Kristján Viðar og Tryggvi Rúnar hafi verið inni í íbúðinni. Fannst honum sem Sævar hafi komið jafnvel seinna. Mundi hann einnig eftir manni, frekar stórum en grönnum sem hafi verið betur klæddur en þeir hinir. Gat hann ekki gefið nánari lýsingu á þessum manni. Bókað var að [GunJ] hafi verið sýnd mynd af Guðmundi Einarssyni. Sagði hann það vel geta verið að þetta hafi verið Guðmundur en kvaðst ekki alveg viss. Fannst honum þetta hafa verið sami maður og hafi komið að bifreiðinni í brekkunni á Reykjavíkurvegi. Mundi [GunJ] eftir að hafa farið á snyrtiherbergi sem hafi verið á gangi íbúðarinnar, áður en hann fór inn í stofurnar. Mundi hann eftir að hafa farið inn í innra herbergi íbúðarinnar þegar hann kom af snyrtiherberginu og þá sest hjá Alberti Klahn. Minnti [GunJ] að hann hafi spurt hvort hægt væri að spila á grammófón sem hafi verið í íbúðinni, en mundi ekki hvort spilað hafi verið.²⁹⁴⁹ Mundi hann að eitthvað hafi verið talað um að kaupa áfengisflösku og sagði hann það geta verið að það hafi verið nefnt við manninn. [GunJ] kvaðst ekki hafa verið beinlínis hræddur inni í íbúðinni, en haft það á tilfinningunni að betra væri að fara varlega. Hann hafi treyst Alberti. Í framhaldinu var bókað orðrétt eftir [GunJ]: „Mætta minnir, að Kristján Viðar hafi stjakað við mannum og ýtt honum upp að ísskáp, eins og í því skyni að leggja áherslu á orð sín, að fá manninn til að leggja peninga í flösku. Mætti sá ekki, að farið væri ofan í vasa mannsins til að taka veski hans. Mætti man einnig eftir því, að Tryggvi Rúnar stökk fram eins og tilbúinn til

²⁹⁴⁸ Bls. 2607.

²⁹⁴⁹ Bls. 2608.

átaka. Mætti man það, að einhver „hasar“ varð eða átök, en nánar getur hann ekki greint frá þeim. Mætti kveður hljóta að vera, að átökin hafi borist inn í næsta herbergi, þar sem hann hafi ekki séð þau greinilega. Mætti man ekki eftir því að hafa séð hníf eða barefli í fórum viðstaddra. Mætti telur, að ákærði Sævar Marinó hafi verið kominn, er átökin áttu sér stað. Mætti fór fljótlega á brott ásamt Albert Klahn eftir að átökin hófust. Er hann ekki viss, hvort þeim var þá lokið. Minnir hann, að hann hafi séð einhverja ruddamennsku út undan sér um leið og hann fór út, en man ekki nánar, hvað það var. Hann kveðst ekki hafa séð manninn liggja á gólfinu og ekki heyrði hann manninn hrópa á hjálp, svo hann muni. Mætti var hræddur og leið mjög illa.“ Greindi [GunJ] frá því að hann hafi sjálfur verið með litla peninga á sér og talið umrædda menn vera til alls vísa. Hann hafi því hraðað sér á brott og kallað til Alberts að koma einnig.²⁹⁵⁰ Albert hafi ekið honum rakleiðis heim að Lokastíg 18, en þó geti verið að þeir hafi haft viðkomu hjá söluturni á leiðinni. Orðrétt var bókað í sakadómsbókina: „Eins og áður greinir man mætti eftir að lýst var eftir Guðmundi Einarssyni, en ekki setti hann hvarf hans neitt í samband við það, er gerst hafði að Hamarsbraut 11. Menn þeir, er viðstaddir voru að Hamarsbraut 11 greint sinn, minntust aldrei á atburð þennan við mætta. Mætti kveðst enga hugmynd hafa haft um, að umræddur maður kynni að hafa beðið bana í átökunum.“ Rámaði [GunJ] í að eitthvað hafi verið talað um veski mannsins. Minnti hann að kallað hafi verið upp: „Veskið mitt, veskið mitt“ og átökin hafi hafist í framhaldi af því. Bókað var í beinu framhaldi að ákærði Albert hafi verið spurður um það af hverju hann hafi ekki nefnt [GunJ] fyrr í málinu. Kvaðst hann enga skýringu geta gefið á því. Bókað var að þeir hafi vikið frá klukkan 15:50 og var dómþinginu slitið.²⁹⁵¹

1527. Miðvikudaginn 4. maí 1977 var bókað í dagbók Síðumúlafangelsisins að Tryggvi Rúnar hafi verið fluttur í sakadóm klukkan 13:35. Komið hafi verið til baka með hann klukkan 14:05. Bókað var klukkan 16:35 að hringt hafi verið í Gunnlaug Briem, sakadómara, vegna beiðni Guðjóns um viðtal við séra Ragnar Fjalar Lárusson. Færsluritari lét þess getið að Gunnlaugur hafi heimilað viðtal að því gefnu að annaðhvort Torfi Jónsson, Hellert Jóhannesson eða Gísli Guðmundsson, rannsóknarlögglumenn, verði viðstaddir.²⁹⁵²
1528. Bókað var í dagbók Hegningarhússins þennan dag að Kristján Viðar hafi verið fluttur í sakadóm Reykjavíkur klukkan 14:20 og Sævar klukkan 14:25. Komið hafi verið til baka með þá klukkan 15:00 og 15:10.²⁹⁵³
1529. Þennan dag var dómþing sakadóms Reykjavíkur háð og tekið fyrir sakadómsmálið á hendur ákærðu. Bókað var að Bragi Steinarsson, vararíkissaksóknari, væri mættur af hálfu ákærvaldsins. Klukkan 10:10 var bókað að [GunJ] hafi komið í dóminn. Var hann áminntur um sannsögli, en athygli hans vakin á ákvæðum 2. mgr. 77. gr. laga nr. 74/1974. Orðrétt var bókað í sakadómsbókina: „Mætta eru nú kynntir framburðir ákærðu Kristjáns Viðars, Tryggva Rúnars Leifssonar og Sævars Marinó Ciesielski.“

²⁹⁵⁰ Bls. 2609.

²⁹⁵¹ Bls. 2610.

²⁹⁵² Dagbók nr. 6, bls. 243.

²⁹⁵³ Dagbók Hegningarhússins, nr. 1, bls. 69.

Kvaðst [GunJ] halda fast við fyrri framburð sinn um að muna ekki eftir að hafa farið inn til Kristjáns Viðars að Grettisgötu 82 að kvöldi 26. janúar 1974, en sagði það þó geta verið. Greindi [GunJ] frá því að framburður Sævars um komuna að Grettisgötu 82 og síðar að Vesturgötu 24 ætti við þegar hann hafi komið að Grettisgötu 82 dagana 2. til 6. janúar 1974. Kvaðst hann ekkert frekar geta borið um ferðina milli skemmtistaða í Reykjavík, að Kópavogshæli og síðar til Hafnarfjarðar umrætt kvöld. Bókað var að hann teldi ákærða Kristján Viðar greina í öllum atriðum rétt frá ferðinni og komunni að Hamarsbraut 11. Framburður [GunJ] frá atburðum að Hamarsbraut 11 aðfaranótt 27. janúar 1974 var í aðalatriðum í samræmi við fyrri skýrslu fyrir dómnum. Kvaðst hann hafa orðið þess áskynja að maðurinn hafi rotast en gat ekki skýrt nánar hvaðan hann hafi haft það, hvort hann hafi séð það sjálfur eða heyrt talað um það. Rámaði [GunJ] í samtal við Kristján Viðar frammi á gangi íbúðarinnar í þann mund sem hann hafi verið að fara. Hafi Kristján rætt um einhver viðskipti sem ættu að fara fram sem hann vildi ekki að [GunJ] fengi vitneskju um og því væri best að hann færi. Fannst honum sem átökin hafi staðið stutt og farið fram í tveimur lotum. Taldi [GunJ] sig hafa farið út úr herbergjunum í þann mund sem átökunum var að ljúka. Kvaðst hann aldrei hafa heyrt um það talað að maðurinn væri látinn. Orðrétt var bókað: „Mætti kveðst hafa orðið mjög skelfdur við átökin og kunni það að vera skýringin á hve erfiðlega honum hefur gengið að rifja þetta upp. Hann segir þetta núna vera orðið ljóst fyrir sér í meginráttum.“ Vék [GunJ] frá klukkan 12:08.²⁹⁵⁴ Klukkan 13:30 var bókað að [GunJ] hafi mætt aftur í dóminn. Var hann áminntur um sannsögli og bent á sömu ákvæði og áður. Bókað var að Tryggvi Rúnar hafi mætt í dóminn klukkan 13:35 og með honum verjandi hans, Hilmar Ingimundarson.²⁹⁵⁵ Þá var bókaður mættur Páll Arnór Pálsson, verjandi Kristjáns Viðars. Fór þá fram samprófun. Bókað var að [GunJ] kannaðist við Tryggva Rúnar sem hann sæi nú í dómnum. Bókað var að ákærði Tryggvi Rúnar kannaðist ekki við [GunJ], en gæti þó ekki fullyrt um það hvort hann hafi séð hann áður. Var framburður [GunJ] rakinn og kvaðst hann halda fast við framburð sinn. Kvaðst Tryggvi Rúnar halda fast við framburð sinn og neitaði að hafa verið að Hamarsbraut 11 í umrætt sinn. Bókað var að samræmi í framburðum [GunJ] og Tryggva Rúnar hafi ekki náðst. Vék Tryggvi Rúnar frá klukkan 13:50. Bókað var í sakadómsbókina að Kristján Viðar hafi komið í dóminn klukkan 14:24. Fór þá fram samprófun milli Kristjáns Viðars og [GunJ]. Bókað var að framburður Kristjáns um átökin að Hamarsbraut 11 hafi verið lesinn í heyranda hljóði. Bókað var að Kristján Viðar og [GunJ] hafi sagst kannast við hvorn annan. Kvaðst [GunJ] vísa til framburðar síns um málsatvik og ekkert hafa við framburð Kristjáns Viðars að athuga. Bókað var að Kristjáni hafi verið kynntur framburður [GunJ] og kvaðst hann ekkert hafa við hann að athuga.²⁹⁵⁶ Bókað var að Kristján Viðar hafi vikið frá klukkan 14:32. Á sama tíma var bókað að Sævar hafi komið í dóminn. Fór fram samprófun milli Sævars og [GunJ]. Kvaðst Sævar kannast við [GunJ] og nefndi hann á nafn. Bókað var að [GunJ] hafi sagst kannast við Sævar. Bókað var að Sævar héldi því fram að [GunJ] hafi komið að Grettisgötu 82 að kvöldi 26. janúar 1974. Vísaði [GunJ] til fyrri framburðar síns um

²⁹⁵⁴ Bls. 2611–2613.

²⁹⁵⁵ Bls. 2613.

²⁹⁵⁶ Bls. 2614.

það atriði. Sagði hann að Sævar hafi eftir sínu besta minni verið að Hamarsbraut 11 aðfaranótt 27. janúar 1974. Orðrétt var bókað: „Samræmi næst ekki í framburðum ákærða og mætta. Heldur hvor fast við framburð sinn.“ Bókað var að Sævar hafi vikið frá klukkan 14:40 og var dómþingi slitið.²⁹⁵⁷

1530. Fimmtudaginn 5. maí 1977 var bókað í dagbók fangelsisins við Síðumúla klukkan 11:20 að hringt hafi verið í séra Ragnar Fjalar fyrir Guðjón og þess getið að presturinn kæmi til viðtals 10. maí. Á sama tíma var bókað að haft hafi verið samband við Gísla rannsóknarlögreglumann í tengslum við yfirsetu. Bókað var að Gísli hafi sagt Gunnlaug þurfa að ákveða hver þeirra þriggja ætti að sitja yfir Guðjóni og prestinum. Klukkan 14:25 var bókað að bréf hafi borist til Guðjóns frá Gunnlaugi Briem, sakadómara. Fimm mínútum síðar var bókað að komið hafi verið með Sævar úr Hegningarhúsinu að fyrirlagi Gunnlaugs. Klukkan 15:00 var bókað að hringt hafi verið í Hilmar Ingimundarson, verjanda Tryggva Rúnars. Var hann beðinn um að koma til viðtals við skjólstæðing sinn. Bókað var að hann hafi lofað að koma daginn eftir.²⁹⁵⁸ Klukkan 15:45 var bókað um símtal til Gunnlaugs sakadómara. Var hann spurður hvort Sævar mætti ræða við verjanda sinn. Orðrétt var bókað: „Gunnl. kvað svo vera en vill að einhver okkar sitji yfir þeim enda vilji Jón Odds. hrl. það heldur að sá háttur sé á hafður að sögn dómarans.“ Færsluritari lét þess getið að hann hafi spurt sakadómarann í leiðinni hvort Sævar mætti ræða við prest ef hann þess óskaði. Hafi dómari eingöngu heimilað viðtal við séra Jón Bjarman. Bókað var klukkan 16:30 að komið hafi verið með Sævar og búslóð hans í Síðumúlafangelsi ásamt úrskurðarmiða frá Gunnlaugi Briem upp á 150 daga áframhaldandi gæsluvarðhald.²⁹⁵⁹
1531. Sama dag var bókað í dagbók Hegningarhússins að Sævar hafi verið fluttur í sakadóm Reykjavíkur klukkan 13:30 og þaðan í Síðumúlafangelsið. Klukkan 17:00 var bókað í fangelsisdagbókina að vaktin yfir Kristjáni Viðari hafi verið leyst upp að hálfu leyti, það er að einn vaktmaður væri yfir honum í stað tveggja. Var Kristján Viðar um leið fluttur í klefa númer tíu í Hegningarhúsinu.²⁹⁶⁰
1532. Þennan dag, 5. maí 1977, var dómþing sakadóms Reykjavíkur sett og tekið fyrir sakadómsmálið á hendur ákærðu. Bókað var að dómari hafi lagt fram spjöld með úrklippum úr blöðum þar sem lýst hafi verið eftir Guðmundi Einarssyni. Sækjandi málsins, Bragi Steinarsson, var bókaður mættur. Bókað var að [GunJ] hafi komið í dóminn klukkan 10:20. Bókað var að allir framburðir hans í málinu hafi verið lesnir upp í heyranda hljóði. Orðrétt var bókað í sakadómsbókina: „Mætti skýrir frá því, að þegar hann hafi rifjað mál þetta upp s.l. nótt minni hann „mjög fastlega“ að það hafi verið sagt við sig, að maðurinn hafi fallið á borð og rotast í átökunum. Minnir hann að það hafi annað hvort verið Kristján Viðar, sem sagði honum þetta á gangi íbúðarinnar, eða Albert Klahn í bifreiðinni á leið til Reykjavíkur. Þó geti hann hafa heyrt þetta út undan sér um leið og hann fór út.“ Bókað var eftir [GunJ] að allir framburðir hans væru gefnir eftir bestu vitund, en sum atriði væru óljós fyrir sér eins og framburðirnir

²⁹⁵⁷ Bls. 2615.

²⁹⁵⁸ Dagbók nr. 6, bls. 244.

²⁹⁵⁹ Dagbók nr. 6, bls. 245.

²⁹⁶⁰ Dagbók Hegningarhússins, nr. 1, bls. 70.

bæru með sér.²⁹⁶¹ Lýsti ákærvaldið því yfir að [GunJ] yrði ekki saksóttur eins og málið lægi fyrir. Bókað var í sakadómsbókina að [GunJ] hafi unnið eið að framburði sínum eftir lögmæltan undirbúning. Vék hann frá klukkan 12:00.²⁹⁶² Bókað var að klukkan 13:45 hafi komið í dóminn Bragi Steinarsson, vararíkissaksóknari og Jón Oddsson, skipaður verjandi ákærða Sævars. Klukkan 14:05 kom Sævar í dóminn. Bókað var að gæsluvarðhald Sævars rynni út í dag og með vísan til ákæruskjala á hendur honum í máli þessu væri gerð sú krafa af hálfu ákærvaldsins að því yrði framlengt. Var í þinghaldinu kveðinn upp úrskurður þar sem fram kom að meðferð mála á hendur Sævari væri ólokið. Fram kom að hann hafi setið í gæsluvarðhaldi frá 12. desember 1975. Var Sævar úrskurðaður í áframhaldandi 150 daga gæsluvarðhald. Bókað var að Sævar hafi tekið sér sólarhringsfrest til ákvörðunar um kæru til Hæstaréttar Íslands. Vék Sævar frá klukkan 14:20.²⁹⁶³

1533. Föstudaginn 6. maí 1977 var bókað í dagbók Síðumúlafangelsisins að Sigurbjörn Víðir hafi komið við um klukkan 08:00 og tekið bréf frá Guðjóni til yfirlestrar hjá Gunnlaugi Briem.²⁹⁶⁴ Bókað var klukkan 11:15 að Sævar hafi verið færður fram á varðstofu til viðtals við Jón Oddsson, verjanda sinn, í áheyrn varðstjóra. Klukkan 12:30 var samtalinu lokið og Sævar færður inn á klefa sinn. Bókað var að Gunnlaugur Briem hafi hringt klukkan 13:30 vegna dagblaðamála tveggja fanga, Guðjóns og Sævars. Bókað var að Gunnlaugur hafi sagst hafa fengið ábendingu um að það gæti skapað misskilning að Guðjón fengi bara Morgunblaðið til aflestrar. Menn gætu ætlað að ástæðan væri sú að blaðið samrýmdist ekki hans stjórnmalaskoðunum. Óskaði Gunnlaugur því eftir því að Guðjón fengi að ráða hvaða blað hann fengi. Þó væri bara um eitt blað að ræða. Þá mætti hann skipta um blað eftir hóflega langan tíma ef hann þess óskaði. Bókað var að dómarrinn mæltist til þess að Sævar fengi dagblað til aflestrar. Færsluritari lét þess getið að hann myndi ekki láta Sævar fá blað um helgina heldur myndi hann koma þessum skilaboðum áfram til forstöðumanns hússins sem myndi ræða þetta við dómarrann frekar. Bókaði færsluritari um að hafa upplýst Gunnlaug um ákvörðun yfirmanna fangelsisins um að Sævar fengi útiverutíma að deginum, með hefðbundnum fyrirvara um ef aðstæður leyfðu. Var þess getið að dómarrinn hafi verið mjög ánægður með þá ákvörðun.²⁹⁶⁵

1534. Laugardaginn 7. maí 1977 var bókað í dagbók fangelsisins við Síðumúla að Guðsteinn læknir hafi komið milli klukkan 08:55 og 09:45 og rætt við Sævar meðal annarra. Bókað var að lyfjum hafi verið breytt og vísað til lyfjaskrár þar um. Bókað var klukkan 17:20 að Hilmar Ingimundarson, verjandi Tryggva Rúnars, hafi komið til viðtals við hann. Fór Hilmar klukkan 17:40 og var Tryggvi Rúnar settur aftur inn á klefa.²⁹⁶⁶

²⁹⁶¹ Bls. 2616.

²⁹⁶² Bls. 2617.

²⁹⁶³ Bls. 2618.

²⁹⁶⁴ Dagbók nr. 6, bls. 245.

²⁹⁶⁵ Dagbók nr. 6, bls. 246.

²⁹⁶⁶ Dagbók nr. 6, bls. 247.

1535. Mánudaginn 9. maí 1977 var bókað í dagbók Síðumúlafangelsisins að Jón Oddsson, verjandi Sævars, hafi hringt klukkan 13:05 og spurt um líðan skjólstaðings síns.²⁹⁶⁷
1536. Guðjón ritaði í dagbók sína um bókalestur og útiveru í fangelsisgarðinum. Ari fangavörður hafi sagt honum að Sævar væri kominn aftur í fangelsið. Ritaði Guðjón um að það hafi sennilega gerst um helgina.²⁹⁶⁸
1537. Þessa daga birtust fréttir í dagblöðum sem byggðust á fréttatilkynningu sakadóms sem send var fjölmiðlum 7. maí 1977. Meðal annars birtist frétt í Dagblaðinu, undir fyrirsögninni: „Rannsókn Guðmundarmálsins lokið: Rannsóknin hefur staðið linnulítið í 16 mánuði – tekið til dóms með Geirfinnsmálinu í haust.“ Fram kom að verulegar breytingar hafi orðið á framburði einstakra vitna í málinu og Tryggvi Rúnar og Sævar hafi dregið játningar sínar til baka. Greint var frá því að Sævar hafi sagt frá því að ákveðinn maður hafi einnig verið staddur að Hamarsbraut 11 í umrætt sinn. Reyndist maðurinn dveljast á Spáni. Í fréttinni var orðrétt tekið upp úr fréttatilkynningu sakadóms: „Rannsóknarlögreglumenn fóru til Spánar til fundar við manninn og féllst hann á að koma til Íslands og bera vitni í málinu. Við fyrstu yfirheyrslur kvaðst hann lítið um málið vita en þó muna um einstök atvik sem komu heim við framburði Kristjáns Viðars og Alberts Klahn og fyrri framburði Sævars Marinó og Tryggva Rúnars. Við sampröfun taldi maðurinn sig muna nánar um málið. Hefur hann talið að hann hafi verið á Hamarsbraut 11 framangreinda nótt er átök urðu, og þar hafi verið auk ákærðu maður, sem hann þekkti ekki. Kveðst hann lítið geta borið um átökin sjálf og ekki hafa sett þau í samband við hvarf Guðmundar Einarssonar. Í frásögn mannsins kom ekkert sérstakt fram umfram það sem hafði komið fram í framburðum ákærðu.“ Greint var frá því að tvær stúlkur sem hafi verið á ferð í bifreið á Strandgötu umrædda nótt teldu Kristján Viðar þann mann sem þær hafi séð á gangi með Guðmundi Einarssyni, en Kristján Viðar hafi sagst hafa verið þar staddur ásamt Guðmundi og Tryggva Rúnari. Fram kom að sakadómur Reykjavíkur teldi rannsókn málsins lokið í öllum aðalatriðum en munnlegum málflutningi yrði frestað þar sem málið yrði sameinað Geirfinnsmálinu og myndi dómsmeðferð í málunum hefjast innan skamms.²⁹⁶⁹
1538. Þriðjudaginn 10. maí 1977 var bókað í dagbók fangelsisins við Síðumúla að Guðjón hafi verið færður fram klukkan 13:45 til viðtals við séra Ragnar Fjalar í áheyrn Jóns H. Halldórssonar, lögreglumanns. Bókað var að séra Ragnar Fjalar hafi farið klukkan 14:45 og á sama tíma var Guðjón færður inn á klefa sinn. Klukkan 14:45 var bókað í fangelsisdagbókina að hringt hafi verið í Jón Oddsson, verjanda Sævars, vegna beiðni hans um að koma til viðtals við hann. Bókað var að Jón hafi sagst munu reyna að koma daginn eftir, en lofaði því þó ekki. Bókuð var athugasemd þess efnis að Sigurbjörn Víðir mætti tala við Tryggva Rúnar að vild samkvæmt fyrir mælum frá Gunnlaugi Briem, sakadómar.²⁹⁷⁰

²⁹⁶⁷ Dagbók nr. 6, bls. 249.

²⁹⁶⁸ Bls. 2679_E.

²⁹⁶⁹ Bls. 2675 og 2680.

²⁹⁷⁰ Dagbók nr. 6, bls. 250–251.

1539. Miðvikudaginn 11. maí 1977 var bókað í dagbók fangelsisins við Síðumúla að Guðjón hafi verið fluttur í sakadóm Reykjavíkur klukkan 10:50. Bókað var að komið hafi verið til baka með Guðjón klukkan 12:40.²⁹⁷¹ Klukkan 15:45 bókaði færsluritari um símtal sitt við Gunnlaug Briem, sakadómara, vegna „blaðaspursmálsins“ eins og það var orðað. Fram kom að lítið hafi verið á símtalinu að græða annað en það að dómariinn vildi að Sævar fengi Morgunblaðið. Guðjón yrði látinn velja um blað og Tryggvi Rúnar fengi það svo til aflestrar þegar Guðjón væri búinn með það. Bókað var að blöðin mættu ekki ganga milli Sævars og Tryggva Rúnars. Fram kom að starfsmenn fangelsisins ættu að sjá um að ritskoða blöðin.²⁹⁷²
1540. Þennan dag var dómþing sakadóms Reykjavíkur sett og tekið fyrir sakadómsmálið á hendur ákærðu að því er varðaði sakargiftir um hvarf Geirfinns Einarssonar. Bókað var að sækjandi málsins, Bragi Steinarsson, vararíkissaksóknari, hafi komið í dóminn klukkan 11:00. Á sama tíma hafi Guðjón mætt ásamt Benedikt Blöndal, skipuðum verjanda hans. Af hálfu ákærvaldsins var þess krafist að gæsluvarðhald yfir Guðjóni yrði framlengt með vísan til þess sakarefnis sem reifað væri í ákæru á hendur honum. Bókað var orðrétt í sakadómsbók: „Skipaður verjandi gerir ekki athugasemdir við ofangreinda kröfu sækjanda.“ Var í þinghaldinu kveðinn upp úrskurður þar gæsluvarðhald yfir Guðjóni var framlengt um allt að 150 daga. Bókað var að Guðjón hafi óskað eftir sólarhringsfresti til ákvörðunar um kæru til Hæstaréttar Íslands.²⁹⁷³
1541. Fyrir liggur bréf frá Jóni Oddssyni, skipuðum verjanda Sævars, til Gunnlaugs Briem, sakadómarara, dagsett sama dag. Fram kom að skjólstæðingur hans hafi haldið því fram að hafa ekki verið staddur að Hamarsbraut 11 aðfaranótt 27. janúar 1974 heldur hjá vinkonu sinni í starfsmannahúsi Kópavogshælis og vísaði til framburða starfstúlkna þar. Orðrétt ritaði Jón: „Hann hafi fyrst komið á Hamarsbraut sunnudagskvöldið 27. janúar 1974 eftir að hann kom til landsins í þetta skipti sbr. hér og skýrslur Erlu Bolladóttur hjá fíkniefnalögreglunni, sem lagðar hafa verið fram svo og frásögn Erlu hjá Gísla Guðmundssyni, rannsóknarlögreglumanni. Tel ég því það brýna nauðsyn, að Erla Bolladóttir verði nánar látin gera grein fyrir ósamræmi í framburði sínum varðandi þetta atriði m.a. með sampröfun við skjólstæðing minn. Ég verð að lýsa yfir óánægju minni með það, að [GunJ] skuli nú farinn úr landi, þar sem ég tel að lögmenn ákærðu í málinu hafi ekki haft sömu aðstöðu og saksóknari ríkisins til að yfirheyra vitnið og þá sérstaklega, þar sem skjólstæðingur minn lagði ríka áherslu á, að fá sampröfun við vitnið og varð til þess að benda á vitnið. Tel ég því ríka ástæðu til að skjólstæðingur minn fái tækifæri til að tjá sig frekar um þetta atriði fyrir dómi.“ Í bréfinu kom fram að dómariinn hefði pappaspjald í sínum vörslum sem hafi verið í klefa Sævars og hann sagt stafa frá Erlu, en ritaði hafi verið á spjaldið. Þá hafi Sævar greint frá tveimur bréfum sem honum hafi borist frá Erlu í Síðumúlafangelsi. Taldi Jón að leggja þyrfti þessi gögn fram og rannsaka hvernig Sævari hafi borist þessi bréf. Í bréfinu sagði að Sævar teldi bréfin hafa haft áhrif á rannsókn málsins.²⁹⁷⁴ Óskaði Jón

²⁹⁷¹ Dagbók nr. 6, bls. 251.

²⁹⁷² Dagbók nr. 6, bls. 252.

²⁹⁷³ Bls. 3059–3061.

²⁹⁷⁴ Bls. 2681.

jafnframt eftir því að tveir kvenfangaverðir gæfu skýrslu fyrir dómi í tilefni af ásökunum Sævars á hendur starfsmönnum fangelsisins í Síðumúla. Þá lagði hann ríka áherslu á að Sævar yrði fluttur úr Síðumúlafangelsi þar sem hann teldi dvöl hans þar hafa mjög óheppileg áhrif á hann. Lýsti Jón því yfir að vegna sífелldra breytinga á framburði Alberts Klahn yrði að kalla hann sérstaklega til skýrslugjafar og samprófunar. Þá óskaði hann eftir því að ræðismaður bandaríska sendiráðsins gæfi skýrslu fyrir dómi um viðtöl hans við Sævar. Orðrétt ritaði Jón í framhaldinu: „Þá tel ég ástæðu til, að lagt verði fram í málinu skýrslur úr dagbókum fangelsanna um yfirheyrslur yfir skjólstæðingi mínum, heimsóknir og allt þar er varðar dvöl skjólstæðings míns svo sem læknavitjanir, hvenær hann hafði bækur, skriffæri, tóbak og annað, hversu lengi yfirheyrslur stóðu, hvaða fangaverðir voru á hverjum tíma og hvenær nýir menn voru ráðnir sbr. langa skýrslu mína varðandi ráðningu fangavarda frá vori 1976, einkum að því er varðar þá Hlyn Þ. Magnússon og Skúla Steinsson, sbr. skýrslu rannsóknarlögreglunnar í Rvík. nr. 2349/1976 gerða af Grétari Sæmundssyni, lögreglumanni 8.6.1976.“ Taldi Jón framangreind atriði mjög þýðingamikill og vænti skjótra úrræða dómsins.²⁹⁷⁵

1542. Sama dag, 11. maí 1977, ritaði Guðjón færslu í dagbók sína um að gæsluvarðhaldinu hafi verið framlengt um 150 daga. Orðrétt ritaði hann: „Dómsorð óþarfl. harðorð.“ Hann hafi hitt Benedikt Blöndal, verjanda sinn, en ekki fengið að ræða við hann í einrúmi. Úrskurður þar um yrði kveðinn upp von bráðar. Þeir hafi rætt saman um ýmislegt málinu viðkomandi í áheyrn Vernharðs, lögreglumanns. Guðjón ritaði um að Vernharður hafi ekið honum aftur í Síðumúlafangelsið og þeir hafi rætt skólamál og velt fyrir sér hvers vegna sumir væru inni en aðrir úti, líkt og Albert Klahn. Gunnar Guðmundsson hafi komið og rætt fyrirkomulag á lestri morgunblaða. Þeir hafi rætt saman og einkum um það hvort verjandinn mætti ræða við hann í einrúmi. Ritaði Guðjón að lögin virtust taka allan vafa af um það að slíkt væri óheimilt, en þar sem málið væri komið fyrir dóm væri annað viðhorf.²⁹⁷⁶
1543. Fimmtudaginn 12. maí 1977 var bókað í dagbók Síðumúlafangelsisins að Guðjón hafi fengið Þjóðviljann afhentan inn á klefa og yrði það gert í einn mánuð. Fram kom að hann fengi ekkert annað blað á meðan. Bókað var um komu Benedikts Blöndal, verjanda Guðjóns, klukkan 11:35 með víxil til undirritunar og skrifblöð fyrir skjólstæðing sinn.²⁹⁷⁷ Klukkan 14:30 var bókað að móðir Sævars hafi komið með sængurver, sokka, buxur og appelsínur handa honum. Bókað var að Jón Oddsson, verjandi Sævars, hafi hringt klukkan 15:10 og sagst ekki komast til viðtals við Sævar líkt og hann hafi lofað en sagst koma þegar hann gæti.²⁹⁷⁸
1544. Þennan dag var bókað í dagbók Hegningarhússins að Kristján Viðar hafi verið í sakadómi Reykjavíkur frá klukkan 10:00 til 18:30 fyrir utan hlé milli klukkan 12:30 og 13:00.²⁹⁷⁹ Dómþing sakadóms Reykjavíkur var sett sama dag og tekið fyrir

²⁹⁷⁵ Bls. 2681–2682.

²⁹⁷⁶ Bls. 2682_A.

²⁹⁷⁷ Dagbók nr. 6, bls. 253.

²⁹⁷⁸ Dagbók nr. 6, bls. 254.

²⁹⁷⁹ Dagbók Hegningarhússins nr. 1, bls. 73.

sakadómsmálið á hendur ákærðu, að því er varðar sakargiftir um hvarf Geirfinns Einarssonar. Bókað var að Kristján Viðar hafi komið í dóminn klukkan 10:00 ásamt verjanda sínum, Páli Arnóri Pálssyni. Þá var Bragi Steinarsson, vararíkissaksóknari, bókaður mættur af hálfu ákærvaldsins. Orðrétt var bókað: „Ákærði kveðst viðurkenna atferli það, sem honum er gefið að sök í I. kafla ákæru á dskj. nr. B I.“ Var skýrsla Kristjáns Viðars í sakadómi 17. janúar 1977 lesin í heyranda hljóði. Bókað var að hann hafi sagt hana rétta í meginatriðum en vildi kom að nokkrum athugasemdum. Greindi Kristján Viðar í smáatriðum frá atvikum allt frá því þegar hann og Sævar hafi hitt mann á stigapalli 2. hæðar í Klúbbnum 17. nóvember 1974. Sævar hafi þrástagað á því við hann að spyrja manninn hvort hann vildi kaupa spíra. Kvaðst Kristján Viðar hafa að lokum gefið eftir og spurt manninn sem hafi neitað og hann þá gengið á brott frá Sævari. Vissi hann ekki hvort Sævar hafi rætt við manninn í kjölfarið. Kvaðst Kristján Viðar ekki hafa þekkt manninn en taldi að um Geirfinn Einarsson hafi getað verið að ræða.²⁹⁸⁰ Sævar hafi svo hringt til hans eftir hádegi 18. nóvember 1974 og beðið hann um að koma með sér suður með sjó til að stela spíra.²⁹⁸¹ Sævar hafi beðið hann um að útvega sendiferðabifreið og kaupendur að spíra. Bókað var að Kristján Viðar hafi tekið það sérstaklega fram í þessu sambandi að hann hafi með öllu hafnað þessu fyrst í stað en síðan látið til leiðast. Kvaðst Kristján Viðar hafa beðið [SÓH], frænda sinn, um að útvega sendiferðabifreið til flutninga 19. nóvember 1974. Bað hann [SÓH] um að koma að Vatnsstíg, mundi hann ekki klukkan hvað, en taldi það hafa verið um klukkan 20:00. Sævar hafi komið til hans að Laugavegi 32 um klukkan 20:00 umrætt kvöld. Kvaðst Kristján Viðar hafa farið í svartan leðurjakka og haldið svo út á Vatnsstíg þar sem blá Volkswagen bifreið hafi staðið. Undir stýri hafi verið maður sem hann hafi ekki þekkt. Bókað var í sakadómsbókina að Kristjáni Viðari hafi verið sýnd mynd af Guðjóni Skarphéðinssyni hjá rannsóknarlögreglunni og kvað hann það hafa verið Guðjón sem hafi ekið bifreiðinni. Stuttu seinna hafi [SÓH] komið á gulri, frambyggðri, Mercedes Benz sendiferðabifreið.²⁹⁸² Kvaðst Kristján hafa verið allmikið undir lyfjaáhrifum og því ekki geta skýrt frá samtali hans og Sævars við [SÓH]. Ekið hafi verið af stað og stöðvað við Framnesveg þar sem Sævar hafi farið út. Vissi Kristján Viðar ekki hvert erindi Sævars var. Var þá ekið í átt til Keflavíkur.²⁹⁸³ Kvaðst Kristján hafa sofið mest alla leiðina, en vaknað öðru hvoru. Mundi hann ekki eftir að hafa heyrt Sævar og Guðjón ræða um að einhver gæti orðið erfiður. Mundi hann að einhvers staðar hafi verið tekið bensín, en gat ekki staðhæft hvar. Þegar komið hafi verið til Keflavíkur hafi þau séð bifreið [SÓH] við gatnamót nálægt Aðalbílastöðinni. Orðrétt var bókað: „Ákærði kveðst vera ókunnugur í Keflavík en þetta hafi rifjast upp fyrir sér, er honum var sýndur staðurinn síðar.“ Kvaðst Kristján Viðar hafa sagt [SÓH] að aka í Dráttarbrautina í Keflavík, en Sævar hafi sagt hana vera innst í bænum. Þau sem í Volkswagen bifreiðinni voru hafi ekið að Hafnarbúðinni. Taldi Kristján Viðar að klukkan hafi verið um 22:00 þegar komið var þangað. Hann og Sævar hafi farið inn og Sævar hafi þá verið búinn að segja honum að

²⁹⁸⁰ Bls. 3062–3063.

²⁹⁸¹ Bls. 3063.

²⁹⁸² Bls. 3064.

²⁹⁸³ Bls. 3065.

láta sem þeir þekktust ekki. Mundi Kristján Viðar eftir því að Sævar hafi keypt sígarettur og súkkulaði en hann hafi keypt flösku af Coca Cola. Þá hafi verið ekið að Dráttarbrautinni, en Kristján Viðar kvaðst ekki vita hver hafi átt hugmyndina að því. Hann hafi hlaupið nokkurn spöl þar til hann hafi fundið bifreið [SÓH] sem var þá orðinn ópolinmóður. Kvaðst Kristján hafa sagt honum að bíða rólegum. Því næst hafi þau ekið af stað að einhverjum söluturni þar sem Sævar hafi farið út til að hringja. Hann hafi komið til baka og sagst ekki hafa getað hringt þar sem svo margt fólk hafi verið inni í söluturninum. Þá hafi verið ekið aftur að Hafnarbúðinni. Kvaðst Kristján Viðar hafa séð Guðjón skrifa eitthvað á miða og rétt Sævari. Sævar hafi síðan rétt honum miðann sem á var símanúmer. Kvaðst Kristján halda að nafnið Geirfinnur hafi staðið á miðanum, allavega hafi það nafn verið nefnt við hann áður en hann fór inn í Hafnarbúðina. Sævar hafi sagt honum að fara inn og hringja til Geirfinns með þau skilaboð að þeir væru komnir og hann ætti að koma einn og fótgangandi. Mundi Kristján Viðar eftir því að hafa beðið afgreiðslustúlku í bláum slopp um að fá að hringja. Hann hafi hringt í símanúmerið og spurt eftir Geirfinni. Barn hafi komið í símann og kallað á þessa sinn. Mundi Kristján eftir því að hafa spurt: „Ert þú Geirfinnur?“ Maðurinn hafi svarað því játandi. Hann hafi þá sagt það sem Sævar hafi sagt honum að segja. Minnti Kristján Viðar að maðurinn hafi þá spurt: „Er Maggi þarna?“ Mundi hann eftir að hafa sagt við Geirfinn: „Það er enginn Maggi hérna, ég er hérna einn.“ Geirfinnur hafi þá spurt hvar hann væri og kvaðst Kristján þá hafa sagst vera í einhverri sjoppu. Geirfinnur hafi þá spurt hver hann væri en hann sagst það ekki skipta máli og þá lagt símtólið á. Kvaðst Kristján Viðar hafa farið aftur út í Volkswagen bifreiðina. Þá hafi Guðjón farið út úr bifreiðinni í átt að Hafnarbúðinni en vissi hann ekki hvort hann hafi farið þangað inn. Þegar Guðjón hafi komið til baka hafi hann ekið bifreiðinni aðeins frá Hafnarbúðinni og stöðvað þar.²⁹⁸⁴ Bókað var að hlé hafi verið gert að þinghaldinu klukkan 12:15. Bókað var að Kristján Viðar hafi komið aftur fyrir dóminn klukkan 13:40. Greindi Kristján frá því að þau hafi verið búin að bíða góða stund í bifreiðinni þegar Guðjón hafi sagt: „Þarna kemur hann.“ Kristján Viðar kvaðst ekki hafa þekkt manninn og gat ekki sagt til um hvort um hafi verið að ræða sama mann og hann og Sævar hafi hitt í Klúbbnum tveimur kvöldum áður. Maðurinn hafi sest aftur í Volkswagen bifreiðina og þá hafi verið ekið af stað. Sævar hafi rætt við manninn á leiðinni en Kristján Viðar kvaðst ekki hafa tekið þátt í þeim samræðum og mundi ekki hvað þeim fór á milli. Á leiðinni að Dráttarbrautinni rétti Sævar mannum seðlabúnt.²⁹⁸⁵ Maðurinn hafi verið tregur til að taka við því, látið til leiðast en fleygt þeim fljótlega frá sér á gólfið í bifreiðinni. Kvaðst Kristján Viðar hafa verið hálfsofandi og hafa hrokkið upp við þetta. Kvaðst Kristján hafa sagt við manninn eitthvað á þessa leið: „Hvaða fiðlaflæti eru þetta, hvað á þetta að þýða? Ef þú ætlar að láta eins og fiðlaflæti hérna, skaltu koma þér út.“ Rifriði hafi brotist út milli mannsins og Sævars sem hafi haldið áfram þegar komið hafi verið út úr bifreiðinni í Dráttarbrautinni. Mundi Kristján Viðar eftir því að maðurinn hafi sagst þekkja þessa Klúbbmenn og hafi hann nefnd Magnús í því sambandi og einhverja fleiri. Lýsti

²⁹⁸⁴ Bls. 3067–3068.

²⁹⁸⁵ Bls. 3069.

Kristján Viðar því að þegar þeir hafi verið komnir um þrjá til fjóra metra frá bifreiðinni hafi maðurinn ætlað að fara í burtu en hann hafi staðið í vegi hans. Mundi Kristján eftir því að hafa beðið manninn um skýringar og þá hafi hann sagt eitthvað á þessa leið: „Ég hef ekkert meira við ykkur að tala.“ Kvaðst Kristján Viðar muna að Guðjón hafi þá sagt: „Við skulum taka hann í gegn.“ Kvaðst Kristján hafa jánkað því og eftir það hafi átökin hafist. Þau hafi farið fram með miklum ofsa og tekið stutt yfir og því ætti hann erfitt með að átta sig á atburðarásinni. Í framhaldinu gaf Kristján Viðar lýsingu á átökunum. Maðurinn hafi hrint honum þegar hann hafi ætlað í burtu og því hafi Kristján slegið til hans með krepptum hnefa. Taldi Kristján Viðar að höggið hafi lent í andliti mannsins en það hafi allt eins getað hafa lent á hálsi eða brjósti. Sævar hafi veist að manninum og slegið til hans. Vissi Kristján Viðar ekki hvert högginn hafi lent en mundi að maðurinn hafi gripið í Sævar og kastað honum frá sér nokkra metra. Kvaðst Kristján Viðar þá hafa tekið Geirfinn hálstaki aftan frá. Fannst honum sem Guðjón hafi tekið þátt í átökunum í byrjun en kvaðst ekki geta staðhæft um hver hans þáttur hafi verið. Bókað var að Kristjáni Viðari hafi verið sýnd mynd í „undirbygging 28 H“ og sagði hann að hálstakið væri þar rétt sýnt. Þá hafi Sævar komið með um eins meters langa ferkantaða spýtu sem hann hafi slegið manninn með nokkuð oft á brjóst, maga og fætur. Kristján Viðar sagði manninn hafa getað veitt litla mótsþyrnu þar sem hann hafi haldið honum hálstaki. Þegar hann hafi sleppt takinu hafi Sævar hlaupið frá og kastað spýtunni. Mundi Kristján Viðar eftir því að maðurinn hafi verið mjög reiður og hafi snúið sér að honum og sagst ætla að jafna um hann.²⁹⁸⁶ Kvaðst Kristján Viðar hafa náð í spýtuna og slegið manninn eitt högg þvert yfir brjóstið en við það hafi maðurinn fallið aftur á bak í jörðina. Lá maðurinn í mölinni á vinstri hliðinni og kvaðst Kristján Viðar hafa heyrt hann gefa frá sér sársaukastunur og séð hann taka um brjostið með höndunum. Kvaðst Kristján hafa staðið yfir honum og bankað í hann með spýtunni, bæði á brjóst og vinstri kjálka. Vissi hann ekki nánar um þátt Guðjóns í átökunum en hann hafi séð til hans ganga í átt að bifreiðinni að átökunum loknum. Orðrétt var bókað: „Lesið er nú upp úr skýrslu ákærða hjá rannsóknarlögreglunni bls. 1013–1014. Segir ákærði skýrslu þessa rétta í meginatriðum með áorðnum breytingum.²⁹⁸⁷ Ákærði sér myndirnar á „28 H undirbygging“. Ákærði telur myndirnar ekki fyllilega réttar nema þá fyrstu og þriðju.“ Mundi Kristján Viðar ekki hvernig maðurinn hafi legið að átökunum afstöðnum og var honum ekki þá ljóst hvort hann væri lífs eða liðinn. Kvaðst Kristján Viðar hafa sagt Sævari að segja Erlu að fara í burtu þar sem hann hafi ekki viljað að hún myndi lenda í vandræðum ef lögreglan kæmi. Þegar Sævar hafi komið til baka hafi hann beðið hann um að athuga hvort ekki væri í lagi með manninn. Kvaðst Kristján Viðar hafa farið til [SÓH]. Sendibifreiðin hafi ekki verið í sjónmáli og [SÓH] hafi legið sofandi út af í sendibifreiðinni. Kvaðst Kristján Viðar hafa sagt honum að ekkert yrði úr flutningnum. [SÓH] hafi þá reiðst og haldið á brott.²⁹⁸⁸ Þegar hann hafi komið frá því að ræða við [SÓH] hafi Sævar sagt honum að maðurinn væri látinn. Kvaðst Kristján hafa athugað sjálfur lífsmörk og þá séð að maðurinn hafi verið með áverka á vinstra

²⁹⁸⁶ Bls. 3071.

²⁹⁸⁷ Sjá bls. 2026–2027.

²⁹⁸⁸ Bls. 3072.

gagnauga og á vinstri kinn eða kjálka. Orðrétt var bókað: „Ákærði hafði ekki tekið eftir þessu áður en hann fór að hitta [SÓH] og er sannfærður um að blóð var ekki á andliti mannsins. Kvaðst hann hafa farið að þjarka um þetta við Sævar Marinó, en hann hélt því fram, að blóðið hefði alltaf verið.“ Minnti Kristjání Viðari að Guðjón hafi annaðhvort verið við bifreiðina eða inni í henni. Kvaðst Kristján Viðar hafa viljað skilja manninn eftir í þeirri von að hann myndi ranka við sér. Sævar hafi hins vegar viljað flytja hann á brott í Volkswagen bifreiðinni. Mundi Kristján Viðar ekki hvort Guðjón hafi lagt eitthvað til málanna. Þeir hafi allir hjálpast að við að koma mannum fyrir í aftursæti bifreiðarinnar í sitjandi stellingu. Var einhverri flík breitt yfir höfuð mannsins og minnti Kristjání Viðari að það hafi verið kápa sem Erla hafi gleymt í bifreiðinni.²⁹⁸⁹ Óku þeir um Keflavík til þess að leita að Erlu en fundu hana ekki og var þá ekið áleiðis til Reykjavíkur. Þeir hafi verið mjög óttaslegnir eftir atburðinn, enda hafi ekki verið reiknað með þessum málalokum. Rætt hafi verið um að skilja líkið eftir á Álftanesi eða koma því fyrir í hitaveitustokk. Sagði Kristján Viðar að Guðjón hafi átt þá hugmynd. Loks hafi verið ákveðið að geyma líkið í kjallaranum heima hjá honum að Grettisgötu 82 þar til búið væri að taka nánari ákvörðun um hvar ætti að koma líkinu fyrir. Kvaðst Kristján Viðar hafa farið inn um aðaldyr hússins og opnað bakdyr þar sem líkið hafi verið flutt inn. Þeir hafi allir hjálpast við að bera líkið inn í kjallarann. Fyrst hafi það verið sett á rimlaborð í þvottahúsinu, en þar sem ekki hafi verið hægt að læsa því hafi hann brotið upp geymslu og var líkið flutt þangað. Kvaðst Kristján Viðar hafa tekið seðlaveski Geirfinns úr brjóstvasa hans og slegið eign sinni á fimm þúsund krónur sem hafi verið í því. Daginn eftir hafi hann rífið seðlaveskið í sundur og skolað því niður um klósettið að Laugavegi 32. Kvaðst hann eitthvað hafa litið á persónuskilríkin í veskinu og minntist hann sérstaklega ökuskírteinis. Mundi hann ekki sérstaklega eftir nafninu á því, en var ekki í neinum vafa um að skilríkin hafi tilheyrt Geirfinni Einarssyni.²⁹⁹⁰ Mundi hann eftir myndinni af Geirfinni í ökuskírteininu. Geirfinnur hafi verið klæddur í dökka úlpu og dökkar buxur. Bókað var að Kristjání Viðari hafi verið sýndur teikniblýantur sem hann hafi afhent rannsóknarlögreglunni og mynd væri af í „undirbygging 25 E“. Kvaðst Kristján hafa tekið blýantinn úr brjóstvasa Geirfinns, en ekki buxnavasa. Hann taldi sig öruggan um að hafa tekið blýantinn af Geirfinni og kvaðst hafa geymt hann í skrifborðsskúffu heima hjá sér. Greindi Kristján Viðar frá því að hann og Guðjón hafi vafið líkinu inn í leðurlíksdúk og bundið um með snæri. Sævar hafi ekki tekið þátt í því. Líkið hafi verið lagt endilangt á gangveg í geymslunni með höfuðið í átt að glugga og geymslunni síðan læst. Guðjón hafi farið fyrstur út og fært bifreiðina út úr sundinu. Sævar hafi farið á eftir honum og rætt við hann en komið aftur skömmu síðar. Kvaðst Kristján Viðar hafa gefið Sævari Valium að hans beiðni. Þá hafi Sævar ætlað heim og farið út á Hlemmtorg til að ná í leigubifreið. Sævar hafi síðan hætt við það og dvalið hjá honum um nóttina. Í millitíðinni hafi [SÓH] komið og spurt hvað þeir hafi verið að gera í Keflavík. Kvaðst Kristján Viðar ekki hafa viljað segja honum og þá hafi [SÓH] reiðst og farið að sofa.²⁹⁹¹ Hann og Sævar hafi setið í litlum sófa í

²⁹⁸⁹ Bls. 3073.

²⁹⁹⁰ Bls. 3074.

²⁹⁹¹ Bls. 3075.

herberginu til morguns, en þá skildust leiðir þeirra. Sævar hafi hringt í hann seinnipart fimmtudagsins 21. nóvember 1974 að Laugavegi 32. Ákváðu þeir að hittast að Grettisgötu 82. Kvaðst Kristján Viðar hafa farið þangað fótgangandi en Sævar og Erla hafi komið á Land Rover bifreið. Erla hafi ekið bifreiðinni inn í sunnið að garðshliði bak við húsið. Greindi Kristján Viðar frá því að hann og Sævar hafi flutt lík Geirfinns fram í þvottahúsið og lagt það á gólfið. Þeir hafi bundið betur utan um það með nylonbandi og síðan borið líkið að bakdyrunum. Kvaðst Kristján Viðar þá hafa tekið líkið í fangið og borið það inn í bifreiðina. Mundi hann eftir tveimur skóflum við bakið á framsæti inni í bifreiðinni. Bókað var að Kristján Viðar hafi fengið að sjá skóflu sem [EJ] hafi afhent og sagt Guðjón hafa haft að láni. Sagði Kristján að um sams konar skóflur hafi verið að ræða. Kristján Viðar hafi síðan sótt Erlu sem hafi beðið uppi í herbergi hans á meðan líkinu hafi verið komið fyrir í bifreiðinni. Hún hafi ekið bifreiðinni og á leiðinni hafi Sævar talað um að best væri að grafa líkið í Rauðhólum þar sem það væri friðað svæði. Virtist Kristjáni Viðari sem Sævar hafi verið búinn að ákveða þetta. Kvaðst hann hafa andmælt þessu fyrst og bent á að best væri að fela líkið í Hafnarfjarðarhrauni en Sævar hafi ekki viljað það.²⁹⁹² Sagðist Kristján Viðar hafa látið til leiðast þar sem hann hafi viljað losna við líkið úr kjallaranum. Mundi hann ekki eftir að stöðvað hafi verið á leiðinni til að taka bensín á Ártúnshöfða. Orðrétt var bókað í framhaldinu: „Ákærða er bent á það, er greinir í skýrslu hans hjá rannsóknarlögreglu um þetta atriði. Ákærði kveður þetta ekki á rökum reist og sé þetta komið frá lögreglumönnum. Ákærði minnst þess ekki að neitt bensín hafi verið haft með í ferðina og það notað til að kveikja í líkinu. Ákærði tekur þó fram, að hann hafi verið mjög drukkinn.“ Lýsti Kristján Viðar hvaða leið hafi verið ekið uns þau hafi numið staðar við allháan rauðamalarvegg. Hann og Sævar hafi tekið gröf þar. Sagðist Kristján Viðar hafa reitt sinu yfir líkið sem Sævar hafi síðan kveikt í. Lítill brunni hafi orðið en hann hafi slökkt eldinn fljótlega. Kvaðst Kristján Viðar ekki hafa orðið var við að notast hafi verið við bensín. Óþefur hafi gosið upp og virtist Kristjáni sem líkið hafi hreyfst. Mokuðu þeir síðan yfir líkið og gengu þannig frá að sem minnst ummerki sæjust. Kristján Viðar sagði þau hafa verið þarna seinnipart dags og byrjað hafi verið að rökkva. Bókað var að Kristján Viðar hafi bent lögreglumönnum á þann stað sem hann taldi líkið hafa verið grafið. Skýrði Kristján Viðar frá því að daginn eftir hafi Sævar hringt í hann og greint honum frá því að hann hafi grafið líkið upp og grafið það annars staðar í Rauðhólum. Hafi Sævar sýnt honum greftrunarstaðinn síðar og sagst hafa fengið aðstoð ónafngreindra manna við að flytja líkið. Kvaðst Kristján Viðar hafa sagt lögreglunni frá þessu en vissi ekki að hve miklu leyti hún hafi kannað þetta. Kvaðst hann ekki vita hvar lík Geirfinns væri niður komið. Bókað var að Kristján Viðar hafi staðfest skýrsluna hjá rannsóknarlögreglu frá 14. janúar 1977 með áorðnum breytingum. Vék hann frá klukkan 17:40.²⁹⁹³

1545. Sama dag, 12. maí 1977, birtist frétt í Dagblaðinu undir fyrisögninni: „Geirfinnsmálið í þýzku blaði: „Eins líklegt að 3 lík finnist í hrauninu“ – segir í mikilli lofgrein um Karl Schütz, v-þýzka lögreglumanninn í Abendpost zum Sonntag“. Í fréttinni kom

²⁹⁹² Bls. 3076.

²⁹⁹³ Bls. 3077–3078.

fram að á forsíðu þýska blaðsins Abendpost zum Sonntag 13. mars 1977 hafi verið: „Þýzkur leynilögreglumaður bjargar ríkisstjórn Íslands“. Í frétt Dagblaðsins var orðrétt tekið upp úr frétt þýska blaðsins: „Schütz dvaldi á Íslandi í 165 daga. Á þeim tíma upplýsti hann tvö morð og bjargaði íslensku ríkisstjórninni frá því að verða að segja af sér. Þessir dagar á Íslandi væru efni í glæpareyfara af beztu gerð.“ Í þýsku fréttinni hafi komið fram að dómsmálaráðherra á Íslandi hafi þurft að fá utanaðkomandi mann sem væri ótengdur íslenskum stjórnámálum til að vinna að Geirfinnsmálinu eftir að rannsókn málsins hafi lent í ógöngum. Starfsmaður utanríkisþjónustunnar hafi verið sendur út af örkinni til að finna hæfan mann í starfið. Hann hafi leitað til rannsóknarlögreglunnar í Bonn sem hafi ekki viljað skipta sér af innanríkismálum annars lands. Bent hafi verið á Karl Schütz sem hafi þá verið kominn á eftirlaun. Fram hafi komið í þýsku fréttinni að þeir sömu og ættu aðild að Geirfinnsmálinu hafi einnig myrt annan mann og líklegt væri talið að þrjú lík myndu finnast í hrauninu í kringum Reykjavík.²⁹⁹⁴

1546. Föstudaginn 13. maí 1977 var bókað í dagbók fangelsisins við Síðumúla að Gísli Guðmundsson, rannsóknarlögreglumaður, hafi komið með bréf til Guðjóns frá Gunnlaugi Briem og 5.500 krónur til tóbakskaupa fyrir Sævar. Færsluritari, Gunnar Guðmundsson, bókaði athugasemd í fangelsisdagbókina um símtal sitt við Gunnlaug sakadómara. Fram kom að Gunnlaugur hafi greint frá því að Guðjón hefði kvartað um það í bréfi til hans um að búið væri að taka af honum Morgunblaðið og hann fengi bara Þjóðviljann. Orðrétt bókaði Gunnar: „Sannleikurinn er sá samanber dagbók 11/5 að Guðjón valdi þetta blað sjálfur úr morgunblöðunum, síðdegisblöðin koma ekki til greina. Ég sagði Gunnlaugi að þessu yrði ekki breytt fyrr en eftir mánuð jafnframt sagði ég honum að Guðjón vildi helst fá öll blöðin daglega sem ég sagði að ekki kæmi til greina og var dómariinn algjörlega sammála mér í þessu vildi hafa þetta eins og ákveðið var í gær. Guðjón hefur engan um að saka nema sjálfan sig.“²⁹⁹⁵
1547. Þennan dag var bókað í dagbók Hegningarhússins að Kristján Viðar hafi verið í sakadómi Reykjavíkur frá klukkan 10:00 til 16:30 fyrir utan hlé milli klukkan 12:30 og 13:00.²⁹⁹⁶ Þennan dag var dómþing háð í sakadómi Reykjavíkur og tekið fyrir sakadómsmálið á hendur ákærðu varðandi sakargiftir um hvarf Geirfinns Einarssonar. Bókað var að bréf Páls Arnórs Pálssonar, verjanda Kristjáns Viðars, hafi verið lagt fram.²⁹⁹⁷ Sækjandi málsins, Bragi Steinarsson, vararíkissaksóknari, var bókaður mættur. Bókað var að Kristján Viðar hafi komið í dóminn klukkan 10:00 ásamt skipuðum verjanda sínum. Skýrði Kristján Viðar frá því að hann kannaðist ekki við mann sem kallaður væri Geiri og hafi fengist við ólöglega áfengissölu í Keflavík. Sævar hafi aldrei nefnt þennan mann í hans áheyrn.²⁹⁹⁸ Bókað var orðrétt um II. kafla ákærunnar: „Ákærði vill ekki viðurkenna að það sé rétt, sem honum er gefið að sök í þessum kafla ákærunnar.“ Bókað var að framburðarskýrslur Kristjáns Viðars hjá rannsóknarlögreglunni 23. og 27. janúar, 10. febrúar, 18. mars og 20. apríl 1976, svo

²⁹⁹⁴ Bls. 2683.

²⁹⁹⁵ Dagbók nr. 6, bls. 256.

²⁹⁹⁶ Dagbók Hegningarhússins nr. 1, bls. 73.

²⁹⁹⁷ Bls. 3078.

²⁹⁹⁸ Bls. 3079.

og framburðir hans fyrir dómi 31. mars og 6. og 8. apríl sama ár hafi verið raktar. Kvaðst Kristján Viðar kannast við undirskrift sína, en sagði skýrslurnar ekki efnislega réttar. Orðrétt var bókað: „Ákærði kannast við að hafa gefið dómskýrslurnar en efnið í þeim sé aðallega komið frá lögreglumönnum. Ákærði kveður sér hafa verið meinað um að hafa réttargæslumann sinn viðstaddan í þinghöldum. Hann hafi marg borið fram óskir um það, en því hafi ekki verið sinnt.“ Greindi Kristján Viðar frá því að hann hafi gefið fyrst skýrslu í svokölluðu Geirfinnsmáli 23. janúar 1976. Nokkru áður hafi Örn Höskuldsson, fulltrúi sakadóms, komið inn í klefa hans í fangelsinu við Síðumúla og farið að ræða við hann. Örn hafi sagt honum að segja það sem hann vissi um Geirfinnsmálið. Sama dag hafi hann verið færður í yfirheyrsluherbergi og fóru þá Eggert Bjarnason og Sigurbjörn Víðir Eggertsson að ræða við hann um málið. Bókað var að hlé hafi verið gert á þinghaldinu klukkan 12:00.²⁹⁹⁹ Klukkan 13:35 var bókað að Kristján Viðar hafi komið aftur fyrir dóminn. Greindi Kristján Viðar frá því að lögreglumennirnir Eggert og Sigurbjörn Víðir hafi sagt við hann að hann hafi farið til Keflavíkur þegar Geirfinnur hafi horfið. Einnig hafi Gunnar Guðmundsson sagt honum það áður, að hann hafi farið í bifreið til Keflavíkur ásamt Erlu, Sævari og þriðja manni sem hann nafngreindi ekki. Kristján Viðar sagði Örn Höskuldsson hafa spurt sig út í Einar Bollason áður en hann hafi gefið skýrsluna 23. janúar 1976. Örn hafi spurt hann hvort hann þekkti Einar og hvernig maður hann væri. Kvaðst Kristján Viðar hafa sagst vita að hann væri bróðir Erlu, en þekkja hann ekki að öðru leyti. Orðrétt var bókað eftir Kristjáni Viðari: „Sigurbjörn Víðir fór að spyrja mig um Klúbbinn og hvort ég hefði farið þar upp í bílinn til Keflavíkur. Ég minntist þess ekki að hafa farið til Keflavíkur, en taldi það alveg skaðlaust þó að ég segði það. Lögreglumennirnir vildu láta mig segja sjálfan hvernig bíl ég hefði farið og sagði ég að ég hefði farið í rútu eða sendiferðabíl. Mér var sagt að Erla hefði sagt að Einar Bollason hefði verið bílstjórinn. Ég gaf skýrslu um þetta 23. janúar til að fá að vera í friði til að rifja upp Guðmundarmálið. Staðháttum var lýst fyrir mér í skýrslunni. Ég var spurður um sjóferð, en ég neitaði að skýra frá því, enda mundi ég ekki eftir neinni slíkri ferð. Dagana þangað til ég gaf næstu skýrslu sagði Sigurbjörn Víðir mér, að fleiri manns hefðu sagt, að ég hefði verið í Keflavík með þeim mönnum, er í skýrslu minni 27. janúar greinir, þ.e. Einari Bollasyni, Magnúsi Leópoldssyni, Valdimar Olsen, Sigurbirni Eiríkssyni og [JR] auk Erlu og Sævars Marinós. Örn Höskuldsson nefndi fyrst við mig Einar Bollason, Valdimar Olsen og [JR]. Högni Einarsson, fangavörður, nefndi við mig Magnús Leópoldsson, sem hann fullyrti að ég þekkti. Sigurbjörn Víðir nefndi Sigurbjörn Eiríksson. Ég kannaðist við af afspurn Einar Bollason, Valdimar Olsen og Sigurbjörn Eiríksson, en ég þekkti þá ekki í sjón nema Valdimar. Ég hafði séð myndir af þeim Einari Bollasyni og Sigurbirni Eiríkssyni. Mér voru sýndar nokkrar myndir og var þar á meðal mynd af Einari Bollasyni. Átti ég að benda á myndina af Einari, en benti á mynd af öðrum manni. Var mér þá sagt hvaða mynd væri af Einari Bollasyni.“³⁰⁰⁰ Áfram var bókað orðrétt í sakadómsbókina: „Í skýrslu þeirri sem ég gaf 27. janúar kemur fram ýmislegt, sem lögreglumennirnir

²⁹⁹⁹ Bls. 3080.

³⁰⁰⁰ Bls. 3081–3082.

sögðu mér. Þeir sögðu að ég hefði farið í sjóferð og einnig lýstu þeir bifreiðunum, sem farið hefði verið á, bæði lit og tegund. Ég man eftir því t.d. í Guðmundarmálinu, að ég sagði að við hefðum verið á Volkswagen bifreið, en Eggert Bjarnason sagði mig ljúga því og var bókað að við hefðum verið á gulri japanskri bifreið. Örn Höskuldsson kom til mín í klefann og sagði mér að menn sæktust eftir lífi mínu og sagðist Örn enga ábyrgð geta tekið á hvað fyrir kæmi. Sagði Örn að ég myndi vita hvaða menn þetta væru og lét í það skína að hann vissi það, og að ég gæti með framburði mínum komið í veg fyrir það. Jafnframt fóru fangaverðir upp á þak fangelsisins og gerðu þar mikinn hávaða. Ég var í klefa nr. 17, en Sævar í klefa nr. 15. Fangaverðir skiptust á að vera í klefa nr. 16 og lömdu í veggina svo að ekki var svefnfriður á næturnar. Högni Einarsson kom inn í klefann til mín tvisvar að nóttu til og fór að spyrja mig sérstaklega hvort ég þekkti Magnús Leópoldsson. Örn Ármann var með honum og sagði að ég hefði verið að drekka spíra eða áfengi ókeypis í Klúbbnum. Það væri hægt að sýna starfsfólkinu myndir og mundi það þekkja mig.“ Í framhaldinu var haft orðrétt eftir Kristjáni Viðari: „Ég var veikur fyrir. Ég hafði fengið áfall í sambandi við Guðmundarmálið. Ég var máttlaus alla daga og gat ekki sofnið á nóttunni fyrir látum í fangavörðunum. Ég var orðinn alveg ruglaður. Ég fór marg sinnis fram á að fá að tala við sálfræðing eða geðlækni, en því var ekki sinnt, fyrr en Hallvarður Einvarðsson krafðist þess við dómsyfirheyrslu. Ég margneitaði að gefa skýrslur á þessa menn og að ég hafi farið í sjóferð, en það var gengið svo fast á mig og Örn Höskuldsson sagði að ég fengi frest til kl. 8 um kvöldið 27. janúar til þess að gefa skýrslu. Hvað átti að gerast vissi ég ekki, en fangaverðir voru farnir að ganga á klefana og dingluðu kylfum framan í mann. Ég vissi ekki hvað mundi gerast og var orðinn hræddur. Ég lét því undan og gaf skýrsluna, bæði til að kaupa mér frið til að geta hugsað um Guðmundarmálið og einnig vegna þess, að ég var farinn að trúá því, sem mér var sagt um málið. Eftir að ég gaf skýrsluna 27. janúar var ég látinn í friði. Stuttu eftir að ég gaf skýrsluna fór ég fram á að fá að taka hana til baka og sagði Sigurbirni Víði og Magnúsi Magnússyni það, en því var ekki sinnt fyrr en 2. mars.“³⁰⁰¹ Bókað var í sakadómsbókina að athygli Kristjáns Viðars hafi verið vakin á dómskýrslu sem hann gaf 31. mars 1976. Kvaðst Kristján ekki kannast við það að það hafi verið samantekin ráð hjá honum, Sævari, Erlu og Guðjóni að blanda framangreindum mönnum í Geirfinnsmálið. Sagði Kristján Viðar að það sem hafi komið fram í málinu hafi aldrei verið orðað við hann. Bókað var að Kristjáni Viðari hafi verið bent á framburði Sævars og Erlu um þetta í sakadómi 22. desember 1976. Kvaðst Kristján ekki kannast við það sem þau hafi sagt. Orðrétt var bókað: „Hann hafi aldrei rætt það við þau að blanda öðrum í málið og Guðjón Skarphéðinsson hafi ekki komið heim til sín nema í eitt skipti, þegar lík Geirfinns var flutt þangað. Hann kveðst ekki hafa hitt Erlu eftir að lík Geirfinns var flutt upp í Rauðhóla. Hann man þó eftir að hafa séð hana einu sinni í bíl á Laugavegi, en hann ræddi ekki við hana.“ Minntist Kristján Viðar þess ekki að hafa sagt það sem bókað var eftir honum í dómskýrslu 31. mars 1976 um Einar Bollason, Valdimar Olsen og Sigurbjörn Eiríksson, en sagði það þó geta verið. Orðrétt var bókað: „Hann hafi verið farinn að trúá þessu. Hann hafi sagt í upphafi þinghaldsins

³⁰⁰¹ Bls. 3083–3084.

að þetta væri allt vitleysa, en ekkert hafi verið hlustað á sig. Ákærði telur að sagan um tengsl ofangreindra manna við mál þetta sé komin frá ákærðu Erlu Bolladóttur og hafi lögreglumennirnir trúað ákærðu.³⁰⁰² Kristján Viðar kvaðst ekki hafa þekkt Guðjón sem hafi ekið þeim til Keflavíkur. Honum hafi verið sagt að Einar Bollason hafi verið bílstjórinn og kvaðst Kristján hafa litið svo á að svo væri meðal annars vegna þess að það hafi verið haft eftir Erlu. Skýrði Kristján Viðar dóminum frá lyfjaneyslu sinni. Kvaðst hann hafa verið meira og minna undir lyfjaáhrifum frá því í september 1974 fram yfir áramótin 1974 til 1975. Um hafi verið að ræða Amfetamin, Dexamfetamin, Dobesin, Valium Dextitrin og Mebumalnatrimum. Hann hafi tekið eitthvað magn alla daga og stundum stóra skammta. Orðrétt var bókað í sakadómsbókina: „Ákærði kveður lyfjaneyslu sína hafa leitt til þess að minni hans um atburði á þessu tímabili er mjög skert. Er sérstaklega erfitt að muna atburði í samhangandi röð.“ Áfram var bókað eftir Kristjáni Viðari: „Ákærði man eftir því, að eitt sinn á tímabilinu 23. til 27. janúar, er hann var staddur í yfirheyrsluherbergi með Eggerti Bjarnasyni í Síðumúla, var Eggert að tala við einhvern mann í síma. Eggert sagði við ákærða, að mannslíf væri í veði og í símann sagði hann að Magnús Magnússon og Haraldur Árnason væru komnir vopnaðir á staðinn. Ákærði spurði ekkert út í þetta nánar, en þetta átti að vera tengt Keflavíkurför hans.“³⁰⁰³ Í lok skýrslunnar fyrir sakadómi vildi Kristján Viðar láta bóka sérstaklega að framburður hans frá 20. september 1976 um flutning á pokum úr kjallara að Grettisgötu 82 út í Hafnarfjarðarhraun væri ekki réttur. Bókað var að athygli Kristjáns hafi verið vakin á framburði hans í þinghöldum 6. og 8. apríl 1976. Skýrði Kristján Viðar svo frá að hann hafi ruglast á Einari Bollasyni og Guðjóni Skarphéðinssyni sem öikumanni bifreiðarinnar. Orðrétt var bókað: „Ákærði kveður framburð sinn um Valdimar Olsen ekki vera réttan, en hann hafi verið búinn að bíta þetta svona í sig. Hafi það er hann sagði, ekki verið gert af illgirni eða til að koma Valdimar í klandur.“ Vék Kristján Viðar frá klukkan 16:20.³⁰⁰⁴

1548. Mánudaginn 16. maí 1977 var bókað í dagbók fangelsisins við Síðumúla að Sævar hafi verið færður fram klukkan 09:20 til viðtals við Jón Oddsson, verjanda sinn, í áheyrn varðstjóra. Bókað var klukkan 14:50 að Tryggvi Rúnar hafi verið færður í sakadóm Reykjavíkur.³⁰⁰⁵ Þennan dag var dómþing háð í sakadómi Reykjavíkur og tekið fyrir sakadómsmálið á hendur ákærðu. Klukkan 15:00 var bókað að Tryggvi Rúnar hafi komið í dóminn og með honum verjandi hans, Hilmar Ingimundarson. Bókað var að af hálfu ákæruvaldsins væri þess krafist að gæsluvarðhaldsúrskurður yfir Tryggva Rúnari yrði framlengdur. Var í þinghaldinu kveðinn upp úrskurður. Fram kom að Tryggvi Rúnar hafi upphaflega verið úrskurðaður í gæsluvarðhald 23. desember 1975 og hafi setið í gæsluvarðhaldi síðan. Mál hafi verið höfðað gegn honum fyrir morðið á Guðmundi Einarssyni, brennu, nauðgun og nokkra þjófnaði. Meðferð málsins væri ekki lokið. Var Tryggvi úrskurðaður í áframhaldandi 150 daga gæsluvarðhald. Bókað var að hann hafi tekið sólarhringsfrest til ákvörðunar um kæru til Hæstaréttar Íslands. Vék Tryggvi Rúnar frá klukkan 15:15 og var dómþinginu

³⁰⁰² Bls. 3084.

³⁰⁰³ Bls. 3085.

³⁰⁰⁴ Bls. 3086.

³⁰⁰⁵ Dagbók nr. 6, bls. 259.

slitið.³⁰⁰⁶ Bókað var í fangelsisdagbókina klukkan 15:35 að komið hafi verið til baka með Tryggva Rúnar í fangelsið. Bókað var klukkan 20:20 að Tryggvi Rúnar hafi verið færður fram til viðtals við Hilmar Ingimundarson, verjanda sinn. Var Tryggvi færður á klefa sinn aftur klukkan 21:00.³⁰⁰⁷

1549. Þennan dag var dómþing sett í sakadómi Reykjavíkur og tekið fyrir sakadómsmálið á hendur ákærðu að því er varðar sakarefni um hvarf Geirfinns Einarssonar. Bókað var að Bragi Steinarsson, vararíkissaksóknari væri mættur í dómnum. Klukkan 10:00 var bókað að [GSig], eiginkona Geirfinns, hafi komið í dóminn sem vitni. Framburður hennar fyrir dómi var í aðalatriðum í samræmi við fyrirliggjandi framburði hennar hjá lögreglu. Aðspurð mundi [GSig] ekki eftir því að símtal hafi borist Geirfinni um klukkan 17:30, daginn fyrir hvarfið, 18. nóvember 1974. Sagði hún hann að jafnaði ekki hafa komið heim úr vinnu fyrr en um klukkan 18:00. Bókað var að vitnið hafi unnið eið að framburði sínum. Vék hún frá klukkan 11:45.³⁰⁰⁸ Bókað var að Kristján Viðar hafi komið í dóminn á sama tíma ásamt skipuðum verjanda sínum, Páli Arnóri Pálssyni. Lýsti sækjandi því yfir að gerð væri krafa um áframhaldandi gæsluvarðhald yfir Kristjáni. Var í þinghaldinu kveðinn upp úrskurður. Fram kom að Kristján Viðar hafi verið ákærður fyrir að hafa banað Guðmundi Einarssyni og Geirfinni Einarssyni auk þjófnaðarbrotu og fyrir rangar sakargiftir. Hann hafi setið í gæsluvarðhaldi síðan 23. desember 1975. Meðferð málsins væri ekki lokið og því var gæsluvarðhald yfir Kristjáni Viðari framlengt í allt að 150 daga. Bókað var að hann hafi lýst því yfir að úrskurðurinn yrði ekki kærður til Hæstaréttar Íslands. Aðspurður kvaðst Kristján Viðar óska eftir því að sitja í gæsluvarðhaldi að Vinnuhælinu Litla-Hrauni. Kvaðst hann sætta sig við að sæta sömu kjörum og aðrir fangar þar. Bókað var að dómurinn hafi ákveðið að Kristján Viðar sæti í gæsluvarðhaldi að Litla-Hrauni. Vék hann frá klukkan 12:15.³⁰⁰⁹ Klukkan 13:35 var bókað að [ÞÓI], vinnufélagi Geirfinns, hafi komið fyrir dómnum sem vitni. Framburður hans fyrir dómi var í aðalatriðum í samræmi við fyrirliggjandi framburði hans hjá lögreglu. Bókað var að hann hafi staðfest skýrslu hans hjá rannsóknarlögreglu frá 7. janúar 1977 sem rétta. Bókað var að [ÞÓI] hafi unnið eið að framburði sínum. Vék hann frá klukkan 14:50.³⁰¹⁰
1550. Meðal rannsóknargagna liggur fyrir bréf dagsett sama dag, 16. maí 1977, frá Jóni Oddssyni, verjanda Sævars, til Gunnlaugs Briem. Fram kom að Jóni hafi borist bréf frá [ABC], systur Sævars, sem hún hafði ritað að beiðni móður sinnar um atburði kvöldsins 19. nóvember 1974. Var bréf [ABC] orðrétt tekið upp en þar kom fram að hún myndi eftir því að Erla og Sævar hafi borðað kvöldmat heima áður en þau fóru á Kjarvalsstaði með móður þeirra. Mundi hún að þau hafi þá verið á jeppanum. Mundi hún ekki hvenær móðir þeirra hafi komið aftur heim, en það hafi verið seint. Hún hafi

³⁰⁰⁶ Bls. 2619–2621.

³⁰⁰⁷ Dagbók nr. 6, bls. 260.

³⁰⁰⁸ Bls. 3087–3092.

³⁰⁰⁹ Bls. 3093–3095.

³⁰¹⁰ Bls. 3095–3099.

verið of sein að borða kvöldnæringuna sína sem hún væri von að borða um klukkan 21:30.³⁰¹¹

1551. Þriðjudaginn 17. maí 1977 var bókað í dagbók Hegningarhússins að Kristján Viðar hafi verið fluttur á Litla-Hraun klukkan 11:08.³⁰¹² Þá var bókað í dagbók vinnuhælisins að Litla-Hrauni að rannsóknarlögreglan í Reykjavík hafi komið með Kristján Viðar í gæsluvarðhald. Bókað var að hann hafi verið látinn á klefa númer 14. Var þess getið sérstaklega að Kristján fengi ekki heimsóknargesti inn á klefa til sín, aðeins í herbergi inn af varðstofu í viðurvist fangavarðar. Allur póstur frá og til Kristjáns Viðars yrði yfirfarinn af Helga Gunnarssyni, forstjóra.³⁰¹³
1552. Guðjón ritaði færslu í dagbók sína sama dag, 17. maí 1977. Ritaði hann heimsókn frá séra Jóni Bjarman, en þeir hafi rætt saman um framlengingu á gæsluvarðhaldi og fleira. Þá ritaði hann orðrétt: „S.M. fluttur hingað, þ.e. hefndarráðstöfun G. Br. því S.M. hefur dregið framburð sinn til baka í báðum málum. Vafasamt athæfi dómara.“³⁰¹⁴
1553. Miðvikudaginn 18. maí 1977 var bókað í dagbók Síðumúlafangelsisins klukkan 16:25 um símtal Gunnars Guðmundssonar við Gunnlaug Briem um beiðni Guðjóns um viðtal við séra Ragnar Fjalar Lárusson á föstudag. Var þess getið að Gunnlaugur hafi heimilað heimsóknir frá prestinum tvisvar í mánuði til Guðjóns í viðurvist rannsóknarlögreglumanns. Klukkan 17:20 var bókað að móðir Sævars hafi komið með teikniáhöld, skyr, jógúrt, rjóma og skó handa syni sínum. Bókað var um komu Hilmars Ingimundarsonar, verjanda Tryggva Rúnars, klukkan 20:30. Var Tryggvi Rúnar færður fram til viðtals við hann þá þegar og þess getið að þeir hafi rætt saman litla stund.³⁰¹⁵
1554. Þennan dag, 18. maí 1977, var dómþing sakadóms Reykjavíkur sett og tekið fyrir sakadómsmálið á hendur ákærðu varðandi sakarefni um hvarf Geirfinns Einarssonar. Bókað var að [EBSk], vinnuveitandi Geirfinns, hafi komið fyrir dóminn sem vitni klukkan 10:00. Framburður hans fyrir dómi var í aðalatriðum í samræmi við fyrirbyggjandi framburði hans hjá lögreglu. Bókað var að [EBSk] hafi unnið eið að framburði sínum. Vék hann frá klukkan 11:00. Bókað var í sakadómsbókina að vitnið [GKJ], afgreiðslustúlka í Hafnarbúðinni, væri ekki mætt en hún hafi verið kvödd til vitnisburðar í málinu klukkan 10:30. Bókað var að hún hafi tilkynnt rannsóknarlögreglumönnum kvöldið áður að hún myndi ekki mæta. Klukkan 11:10 var bókað að [ÁEG], sjónarvottur í Hafnarbúðinni, hafi komið fyrir dóminn sem vitni. Framburður hennar fyrir dómi var í aðalatriðum í samræmi við fyrirbyggjandi framburði hennar hjá lögreglu. Taldi hún lýsingu sína í lögregluskýrslu á útliti og klæðnaði mannsins sem hafi fengið að hringja í Hafnarbúðinni vera rétta. Kvaðst vitnið eitthvað hafa verið til ráðuneytis við gerð leirmyndar af manninum en hún hafi verið ósátt við munnsvipinn á myndinni auk þess sem hárið hafi verið of snyrtilegt.

³⁰¹¹ Bls. 2684.

³⁰¹² Dagbók Hegningarhússins, nr. 1, bls. 75.

³⁰¹³ DA/34, ör 1, bls. 39.

³⁰¹⁴ Bls. 2684_A.

³⁰¹⁵ Dagbók nr. 6, bls. 262–263.

Bókað var að vitnið hafi mætt tvisvar við sakbendingu hjá lögreglu en ekki séð neinn þar sem hún taldi vera mann þann sem hafi komið í Hafnarbúðina í umrætt skipti. Aðspurð kvaðst hún ekki geta lýst munnsvipnum en henni hafi þótt hann sérstæður og ekki eins og á leirmyndinni. Bókað var orðrétt í sakadómsbókina: „Vitninu eru sýndar myndir af ákærðu Kristjáni Viðari, Sævari Marinó og Guðjóni. Getur vitnið ekkert sagt um það, hvort einhver þessara mynda líkist manni þeim, er kom í Hafnarbúðina. Það segir að er það sá mynd af ákærða Kristjáni Viðari í Dagblaðinu, fannst því honum svipa til leirmyndarinnar.“ Sagði hún skýrslu sína hjá lögreglu 29. nóvember 1974 vera rétta. Orðrétt var bókað: „Vitnið ber nú saman leirmyndina og myndir af Kristjáni Viðari Viðarssyni. Vitnið segir að ef munnsvipur Kristjáns Viðars væri settur á leirmyndina, myndi sá maður líkjast meira manni þeim, sem kom inn í Hafnarbúðina. Hins vegar fannst vitninu maðurinn vera eldri en Kristján Viðar, eða 20–25 ára.“ Bókað var að vitnið hafi unnið eið að framburði sínum. Vék hún frá klukkan 12:15.³⁰¹⁶

1555. Föstudaginn 20. maí 1977 var bókað í dagbók fangelsisins við Síðumúla að séra Ragnar Fjalar hafi komið klukkan 13:25 til viðtals við Guðjón. Bókað var að Jón H. Halldórsson yrði áheyrandi. Bókað var að þeir hafi farið klukkan 14:30.³⁰¹⁷
1556. Sama dag var dómþing sett í sakadómi Reykjavíkur og tekið fyrir sakadómsmálið á hendur ákærðu að því er varðar sakarefni um hvarf Geirfinns Einarssonar. Bókað var að [BM], vinnufélagi Geirfinns, hafi komið í dóminn klukkan 10:10 sem vitni. Framburður hans fyrir dómi var í samræmi við fyrirbyggjandi framburð hjá lögreglu. Bókað var að vitnið hafi unnið eið að framburði sínum. Vék hann frá klukkan 10:36.³⁰¹⁸ Á sama tíma var bókaður mættur í dóminn sem vitni, [SiK], framkvæmdastjóri. Greindi vitnið frá því að hafa verið við vinnu ásamt [SævS] í húsi Olíusamlags Keflavíkur að kvöldi 19. nóvember 1974. Þeir hafi stimplað sig úr vinnu þar klukkan 22:34 og ekið strax af stað í bifreið fyrirtækisins. Greindi vitnið frá því að þegar þeir hafi komið að húsi Kaupfélags Suðurnesja hafi þeir séð bifreið Geirfinns Einarssonar, sem þeir hafi þekkt, standa þar á horni við girðingu sem væri við húsið. Vinnufélagi hans, [SævS], hafi haft orð á því að þetta væri bifreið Geirfinns. Taldi vitnið að þetta hafi verið um það bil mínútu eftir að þeir stimpluðu sig út. Enginn hafi verið í bifreið Geirfinns eða við hana. Bókað var að vitnið hafi unnið eið að framburði sínum. Vék hann frá klukkan 10:50.³⁰¹⁹ Á sama tíma kom í dóminn sem vitni, [SævS], blikksmiður. Var framburður hans í samræmi við framburð vinnufélaga hans, [SiK], en hann minntist þess þó ekki að annar hvor þeirra hafi haft orð á því að bifreiðin væri í eigu Geirfinns. Vitnið sagðist hafa þekkt einkennisnúmer bifreiðar Geirfinns. Bókað var að hann hafi unnið eið að framburði sínum. Vék hann frá klukkan 11:05.³⁰²⁰ Klukkan 14:45 kom [GKJ], afgreiðslustúlka í Hafnarbúðinni, fyrir dóminn sem vitni. Framburður hennar fyrir dómi var í aðalatriðum í samræmi við fyrirbyggjandi framburði hennar hjá lögreglu, en þó gat hún þess að hana minnti að hún hafi spurt

³⁰¹⁶ Bls. 3102–3105.

³⁰¹⁷ Dagbók nr. 6, bls. 264–265.

³⁰¹⁸ Bls. 3105–3107.

³⁰¹⁹ Bls. 3107–3108.

³⁰²⁰ Bls. 3108–3109.

Geirfinn eitthvað á þá leið hvað hann væri að flýta sér því henni hafi fundist sem hann væri á óvenju hraðri ferð sem hafi verið ólíkt honum. Mundi hún ekki til þess að hann hafi svarað þessu heldur aðeins glott og farið rakleiðis út. Sagði hún lýsingu sína í skýrslu hjá lögreglu á manni þeim sem hafi komið í Hafnarbúðina til að hringja vera rétta. Kvaðst [GKJ] hafa mætt í sakbendingu hjá rannsóknarlögreglu en ekki séð neinn mann þar sem hún hafi talið vera umræddan mann. Orðrétt var bókað: „Það kveðst hafa séð að Kristján Viðar var í öðrum hópnum við sakbendingu, en það hafði séð hann áður og vissi hver hann var, því vitninu hafi verið bent á hann, er hann kom eitt sinn í Hafnarbúðina ásamt ákærða Sævari Marinó löngu áður en Geirfinnur hvarf. Vitnið segir að maður sá, er það hefur hér talað um að komið hafi í Hafnarbúðina 19. nóvember 1974 og fengið að hringja þar, hafi ekki verið Kristján Viðar. Hins vegar kunni Kristján Viðar að hafa komið þarna og hringt umrætt kvöld án þess að vitnið veitti því athygli, enda hafi margir fengið að hringja þarna þetta kvöld.“ Bókað var að vitninu hafi verið sýndar myndir af ákærðu í málinu. Kannaðist hún við myndir af Kristjáni Viðari og Sævari en taldi sig ekki hafa séð þá í Hafnarbúðinni umrætt kvöld. Fannst henni einnig sem hún hafi séð Guðjón, en vissi ekki hvar. Tók hún fram að maðurinn sem hafi fengið að hringja í umrætt sinn hafi verið mjög stutta stund með símann og taldi hún líklegt að hann hafi ekki fengið svar. Hún hafi að minnsta kosti ekkert heyrt hann tala. Staðfesti hún skýrslu sína hjá rannsóknarlögreglunni í Keflavík 29. nóvember 1974. Aðspurð sagði hún ekkert samráð hafa verið haft við sig í sambandi við gerð leirmyndarinnar. Henni hafi verið sýndar ýmsar myndir, meðal annars af Magnúsi Leópoldssyni. Hún hafi sagt Hauki Guðmundssyni, lögreglumanni, að maðurinn hefði ekki haft ósvipað höfuðlag og svip og Magnús, en það hafi þó engan veginn bent á hann. Hana hafi grunað að notast hafi verið við mynd af Magnúsi, án þess að það hafi verið á nokkurn hátt gert eftir ábendingu hennar. Hún hafi fyrst vitað af styttni þegar hún hafi verið tilbúin og ekki séð hana fyrr en mynd hafi birst af henni í sjónvarpi. Bókað var að framburður Kristjáns Viðars fyrir dómi um komu hans í Hafnarbúðina hafi verið lesinn fyrir [GKJ]. Sagði hún tvo sloppa hafa verið notaða við afgreiðslu í búðinni, blágrænan og hvítan. Bókað var að hún hafi talið líklegast að hún hafi verið í þeim blágræna í umrætt sinn. Bókað var að vitnið hafi unnið eið að framburði sínum. Vék hún frá klukkan 16:02 og var dómþingi slitið.³⁰²¹

1557. Laugardaginn 21. maí 1977 var bókað í dagbók Síðumúlafangelsisins að Jónas Bjarnason, rannsóknarlögreglu maður, hafi komið klukkan 11:00 og tekið ritvélina sem Sævar var með að láni frá Innkaupastofnun ríkisins. Færsluritari, Gunnar Guðmundsson, ritaði athugasemd í fangelsisdagbókina þess efnis að Gunnlaugur Briem hafi sagt Ingvar Kristjánsson geðlækni mega ræða við Guðjón eftir hentugleik.³⁰²²

1558. Þriðjudaginn 24. maí 1977 var bókað í dagbók Síðumúlafangelsisins að séra Jón Bjarman hafi komið til viðtals við Guðjón milli klukkan 14:45 og 15:50. Bókað var

³⁰²¹ Bls. 3109–3112.

³⁰²² Dagbók nr. 6, bls. 266.

klukkan 16:40 að Hellert hafi hringt og boðað komu sína og Benedikts Blöndal, verjanda Guðjóns, til viðtals við hann daginn eftir.³⁰²³

1559. Pennan dag ritaði Guðjón í dagbókina meðal annars um að hafa farið út með Ara fangaverði og þeir hafi spjallað um Geirfinnsmálið, jóga, bridge og skák.³⁰²⁴
1560. Miðvikudaginn 25. maí 1977 var bókað í dagbók fangelsisins við Síðumúla að Jón Oddsson, verjandi Sævars, hafi hringt klukkan 11:05 og sagst koma fljótlega til að tala við Sævars. Orðrétt var bókað: „Vill samt ekki hafa það of oft þó Sævar kvaki.“³⁰²⁵ Bókað var um komu Jóns klukkan 14:30. Bókað var að Sævar hafi verið færður fram til viðtals við hann og sat Gunnar Marinósson yfir þeim. Var Sævar færður aftur á klefa sinn klukkan 15:40. Fimm mínútum síðar var Guðjón færður fram til viðtals við Benedikt Blöndal, verjanda sinn, í áheyrn Hellerts. Bókað var að Guðjón hafi verið færður aftur á klefa sinn klukkan 17:00.³⁰²⁶
1561. Sama dag var dómþing háð í sakadómi Reykjavíkur og tekið fyrir sakadómsmálið á hendur ákærðu vegna sakargifta um hvarf Geirfinns Einarssonar. Bókað var að Bragi Steinarsson, vararíkissaksóknari, væri mættur í dómnum. Bókað var að [SÓH] hafi komið í dóminn klukkan 10:00 sem vitni. Kvaðst hann þekkja Kristján Viðar mjög vel, en þeir væru systrasynir. Hann og Sævar hafi þekkt frá því þeir hafi verið börn. Þá þekkti hann Erlu sem hafi verið með Sævari á árunum 1974 og 1975. Kvaðst [SÓH] hins vegar ekki þekkja Guðjón og hafa aldrei heyrt hann nefndan. Árið 1974 hafi hann búið að Grettisgötu 82 ásamt Kristjáni Viðari sem hafi einnig verið að Laugavegi 32 þar sem hann hafi unnið. Sævar og Erla komið mjög oft að Grettisgötu 82 en þar hafi margt fólk komið og mikil óregla verið. Framburður hans fyrir dómi um vinnu á Sendibílastöðinni hf. var í aðalatriðum í samræmi við fyrirliggjandi framburði hans hjá lögreglu. Greindi [SÓH] frá því að hafa farið til Mallorca á Spáni í lok september 1974 þar sem hann hafi kynnst [GM], starfsmanni á bílaleigunni Geysi. Kvaðst [SÓH] hafa hafið störf á bílaleigunni þegar hann kom í seinnipartinn í október og starfað þar fram undir áramót. Orðrétt var bókað: „Vitnið man eftir að Erla og Sævar Marinó komu á bílaleiguna í a.m.k. eitt til tvö skipti. Vitnið kveðst ekki hafa orðið vart við það að þau fengju bíl lánaðan hjá [GM], en kveður það þó geta verið. Vitnið man að Kristján Viðar var í fylgd með þeim, er þau komu á bílaleiguna.“³⁰²⁷ Kvaðst hann ekki vita nákvæmlega hvenær Kristján Viðar hafi orðað það við sig að flytja eitthvað á sendibifreiðinni. Það hafi verið fyrri part vetrar og geta hafa verið 19. nóvember. Ákveðið hafi verið að hann myndi koma á sendibifreiðinni að Laugavegi 32 um klukkan 20:00 til 21:00. Kvaðst hann hafa sótt bifreiðina á horninu milli Hegningarhússins og Sparisjóðs Reykjavíkur við Skólavörðustíg. Hann hafi ekki haft samband við umráðamann bifreiðarinnar, [GuV], áður en hann tók bifreiðina. Hún hafi verið ólæst, en hann hafi haft kveikjúláslykil. Þegar hann hafi komið að Laugavegi 32 hafi hann ekki getað lagt bifreiðinni þar og því ekið niður á Vatnsstíg. Kristján Viðar

³⁰²³ Dagbók nr. 6, bls. 268–269.

³⁰²⁴ Bls. 2684_G–H.

³⁰²⁵ Dagbók nr. 6, bls. 269.

³⁰²⁶ Dagbók nr. 6, bls. 269–270.

³⁰²⁷ Bls. 3114.

hafi þá komið að og sagt honum að aka til Keflavíkur og stöðva þar sem malbikið endaði og bíða þar.³⁰²⁸ Bókað var að [SÓH] hafi verið kynntir framburðir ákærðu í málinu. Kvaðst hann ekki muna eftir því sem kæmi fram í framburðum þeirra umfram það sem hann hafði þegar skýrt frá. Mundi hann ekki eftir því að hafa rætt við Sævar á Vatnsstíg, en sagði það þó geta vel verið. Hann hafi verið búinn að bíða í um 10 til 20 mínútur í Keflavík þegar hann hafi orðið þess var að bifreið hafi verið stöðvað fyrir aftan bifreið hans. Kvaðst hann ekki vita hvernig bifreið það hafi verið þar sem hann hafi ekki farið út úr sendibifreiðinni. Hafi Kristján Viðar komið að og sagt honum að aka niður í Dráttarbrautina og vísað honum leiðina þangað.³⁰²⁹ Mundi hann ekki eftir neinu sérstöku í Dráttarbrautinni og ekki eftir neinum bát þar. Bókað var að honum hafi verið kynntir framburðir ákærðu um atburði fyrst eftir að komið hafi verið til Keflavíkur. Kvaðst hann ekki muna eftir því að hafa hitt ákærðu við sjoppu eða bensínstöð. Þá kvaðst hann ekki muna til að hafa talað við Sævar á neinum slíkum stað. Bókað var að hann treysti sér þó ekki til að fullyrða um þetta vegna þess hve langt væri um liðið. Lýsti hann því hvar hann hafi legið aftur í sæti sendibifreiðarinnar í Dráttarbrautinni með rúðuna til hliðar. Hann hafi heyrt mannamál, líkt og rifrildi sem hafi komið úr átt frá sjónum. Taldi [SÓH] sig hafa þekkt málróm Kristjáns Viðars og Sævars en ekki hafa séð neitt vegna myrkurs og afstöðu sendibifreiðarinnar. Hann hafi ekki getað greint hvað hafi verið sagt. Kvaðst [SÓH] ekki hafa orðið var við átök en einhvern óróa. Taldi hann mennina hafa verið um tíu til tuttugu metra frá sér. Orðrétt var bókað: „Á meðan þessu orðaskvaldri stóð kom Kristján Viðar hlaupandi til vitnisins og sagði við það eitthvað á þessa leið: „Það verður ekkert úr þessu, þú getur bara farið, þú veist ekkert um málið.“ Kristján Viðar var móður og virtist í æstu skapi.“ Sagðist [SÓH] hafa spurt Kristján einskis og hafa ekið á brott rակleidis til Reykjavíkur. Hann hafi komið þangað um miðnætti og tekið bensín á Umferðarmiðstöðinni en ekið síðan að Grettisgötu 82 og farið að sofa. Kvaðst [SÓH] hafa vaknað einhvern tímann seint um nóttina þegar Kristján Viðar hafi komið inn í sameiginlegt herbergi þeirra að Grettisgötu 82. Hann hafi þá spurt Kristján Viðar um ferðina og hvers vegna ekkert hafi orðið af flutningnum og hafi hann þá sagt það ekki skipta máli og það væri hans mál. Ferðin hafi ekki frekar verið rædd og hann hafi aldrei verið beðinn um að þegja yfir henni. Kvaðst hann ekki hafa sett ferðina í samband við hvarf Geirfinns Einarssonar né smygl á spíritus. Kvaðst [SÓH] hafa skilað sendibifreiðinni aftur á sama stað klukkan 08:00 morguninn eftir. Hann hafi aldrei orðið var við að nokkuð hafi verið falið í kjallaranum að Grettisgötu 82 á umræddum tíma. Orðrétt var bókað: „Eins og áður greinir sá vitnið enga menn með Kristjáni Viðari í ferðinni, en því var ljóst að einhverjir voru með honum. Vitnið sá ekki heldur bifreiðina, sem hann kom á.“ Bókað var að hann hafi staðfest skýrslur sínar hjá rannsóknarlögreglu með áorðnum breytingum. Staðfesti hann að sendibifreiðin R-400545 hafi staðið í Dráttarbrautinni líkt og sést á ljósmyndum

³⁰²⁸ Bls. 3115–3116.

³⁰²⁹ Bls. 3117.

merktum „undirbygging 28 J“. Bókað var að [SÓH] hafi unnið eið að framburði sínum. Vék hann frá klukkan 12:50 og var dómþingi slitið.³⁰³⁰

1562. Guðjón ritaði í dagbók sína sama dag um viðtal sitt við Benedikt Blöndal. Þeir hafi rætt marga um málið og sitthvað um lög um opinber mál sem færu í bága við mannréttindasáttmála Evrópu. Ritaði Guðjón um að hafa bent á lausagöngu Alberts Klahn og hafi Benedikt ætlað að gera fyrirspurn um það.³⁰³¹
1563. Fimmtudaginn 26. maí 1977 var dómþing sakadóms Reykjavíkur sett og tekið fyrir sakadómsmálið á hendur ákærðu að því er varðar sakarefni um hvarf Geirfinns Einarssonar. Bókað var í sakadómsbókina að [ÁR], bifreiðastjóri, hafi látist 18. apríl 1977. Klukkan 11:50 var bókað að [GSJ] hafi komið í dóminn sem vitni. Framburður hans fyrir dómi var í aðalatriðum í samræmi við fyrirbyggjandi framburð hans hjá lögreglu. Spurður hvar hann hafi tekið umrædda stúlku upp í bifreið sína sagði hann að í fyrstu hafi hann minnt að það hafi verið við afleggjarann úr Njarðvíkunum upp á Keflavíkurflugvöll en við nánari umhugsun teldi hann það hafa verið vestast á Hafnargötu. Bókað var að honum hafi verið sýnt kort af umræddu svæði í Keflavík og hann þá talið þetta hafa verið nálægt mótum Hafnargötu og Aðalgötu. Orðrétt var bókað: „Vitnið segir að stúlkan hafi verið grönn, frekar lágvaxin, skolhærð og gæti hafa verið um tvítugt. Hafi hún verið í bláum snjádum nankinsbuxum, en ekki í kápu. Ekki fannst vitninu neitt sérstakt athugavert við ástand hennar, t.d. að hún væri sjúskuð eða að henni væri kalt.“ Greindi vitnið frá því að stúlkan hafi í fyrstu beðið um að fá far til Reykjavíkur en þegar komið hafi verið inn undir Stapa hafi hún aðspurð sagst vinna í fiskverkunarstöð í Grindavík. Kvaðst hann hafa spurt hana í hvaða fiskverkunarstöð, en ekki fengið fullnægjandi svar sem honum hafi þótt dálítið undarlegt. Kvaðst [GSJ] þá hafa tjáð henni að hann ynni sjálfur í Grindavík, en þyrfti að fara til Reykjavíkur áður. Stúlkan hafi sagst geta fengið far til Grindavíkur frá vegamótum og hafi farið úr bifreið hans við afleggjarann. Kvaðst hann hafa orðið undrandi á því þegar hann sá að stúlkan hafi ekki þegið far með vörubifreið sem hafi beygt inn á veginn til Grindavíkur, en hann taldi að bifreiðastjórinn hafi boðið henni það. Þegar hann hafi verið að aka niður af Stapanum að norðan hafi brúnleit vörubifreið ekið fram úr honum. Sýndist honum sem stúlkan hafi setið þar við hlið ökumannsins. Kvaðst [GSJ] hafa orðið undrandi á þessu. Kvaðst hann hafa átt rauða Skoda bifreið á þessum tíma. Hann væri þó ekki viss um að hafa verið á þeirri bifreið. Um þetta leyti hafi hann einu sinni fengið lánaða bifreið hjá vinnufélaga sínum í Grindavík sem hafi verið gömul Moskvitch bifreið, gulgræn á litinn. Bókað var að vitnið hafi mætt í sakbendingu hjá lögreglu 30. mars 1976 og hafi þar bent á Erlu Bolladóttur sem líkasta umræddri stúlku. Aðspurður kvaðst hann telja að það hafi verið Erla sem hafi komið inn í bifreið hans í umrætt sinn. Orðrétt var bókað: „Vitninu er sýnd mynd af ákærðu Erlu og telur að um hana sé að ræða, en tekur fram, að hún hafi ekki verið með gleraugu.“ Staðfesti hann skýrslu sína hjá lögreglu rétta með áorðnum breytingum. Tók [GSJ] fram að hann væri ekki viss um að stúlkan hafi beðið strax um far til Reykjavíkur heldur hafi hún spurt hann hvert hann væri að fara. Hafi

³⁰³⁰ Bls. 3118–3119.

³⁰³¹ Bls. 2684_L–M.

hann skilið stúlkuna þannig að hún ætlaði til Reykjavíkur uns hún hafi sagst vera að vinna í Grindavík. Kvaðst hann hafa nefnt þetta atvik strax sama dag við vinnufélaga sinn, [SHan]. Bókað var að vitnið hafi unnið eið að framburði sínum. Vék hann frá klukkan 13:00 og var dómþingi slitið.³⁰³²

1564. Föstudaginn 27. maí 1977 var bókað í dagbók Síðumúlafangelsisins að hringt hafi verið í Gísli Guðmundsson fyrir Sævar klukkan 11:45 vegna beiðni Sævars um kaup á teiknidóti og fleiru sem Sævar hafi staðhæft að Gísli myndi annast um fyrir sig. Bókað var að Gísli hafi neitað beiðninni. Orðrétt var bókað í fangelsisdagbókina: „Í fyrsta lagi hefði hann engan tíma í það og í öðru lagi kæmi Sævar sér ekkert við hann væri búinn að skila af sér því verkefni sem hann hefði haft í sambandi við Sævar til Gunnlaugs Briem sakadómara og þar með mætti hann ekki einu sinni tala við Sævar.“ Bókað var klukkan 13:30 að Jón H. Halldórsson hafi komið með skjöl úr sakadómi Reykjavíkur til Guðjóns.³⁰³³ Klukkan 16:00 var bókað um komu séra Ragnars Fjalars til viðtals við Guðjón. Bókað var að Guðjón hafi verið færður fram og viðtalið hafi farið fram í áheyrn Hellerts. Var viðtalinu lokið klukkan 17:10 og var Guðjón færður aftur á klefa sinn.³⁰³⁴
1565. Fyrir liggur skýrsla dagsett sama dag um yfirheyrslu yfir [PJG] en faðir hennar hafði greint frá því fyrir dómi að hafa komið á heimili hennar 20. nóvember 1974. Greindi hún frá því að hafa verið í afmælisveislu í Sandgerði að kvöldi 19. nóvember 1974 ásamt föður sínum og eiginmanni. Hún hafi verið nýlega flutt til Sandgerðis og því hafi faðir hennar boðað komu sína til hennar morguninn eftir í heimsókn. Hann hafi komið um klukkan 09:00 næsta morgun og stöðvað í 30 til 40 mínútur. Kvaðst hún ekki hafa séð bifreiðina sem hann hafi verið á. Kvaðst vitnið hafa fengið upplýsingar um það sumarið 1976 að faðir hennar hafi gefið sig fram í sambandi við auglýsingu um bifreiðastjóra sem hafi ekið Erlu Bolladóttur 20. nóvember 1974. Faðir hennar hafi svo sagt henni að hann hafi þekkt Erlu aftur þegar hann hafi séð hana í sakadómi Reykjavíkur. Kvaðst vitnið hafa þekkt Erlu, en þær hafi verið saman í skóla þegar hún var 14 til 15 ára.³⁰³⁵ Skýrsla dagsett sama dag um yfirheyrslu yfir eiginmanni vitnisins, [PGR], liggur einnig fyrir meðal rannsóknargagna. Var framburður hans í samræmi við framburð eiginkonu hans.³⁰³⁶
1566. Laugardaginn 28. maí 1977 var bókað í dagbók fangelsisins við Síðumúla að Guðsteinn læknir hafi komið og rætt við Sævar klukkan 08:45. Móðir Sævars hafi komið með föt og fleira handa syni sínum klukkan 10:00.³⁰³⁷
1567. Fyrir liggur skýrsla dagsett sama dag, rituð af Ívari Hannessyni, um könnun á því hvort seldir væru hér á landi teikniblýantar sömu tegundar og sá sem Kristján Viðar hafi sagst hafa tekið úr vasa Geirfinns eftir að lík hans hafði verið flutt til Reykjavíkur aðfaranótt 20. nóvember 1974. Fór athuginin fram að beiðni Gunnlaugs Briem,

³⁰³² Bls. 3121–3125.

³⁰³³ Dagbók nr. 6, bls. 271.

³⁰³⁴ Dagbók nr. 6, bls. 272.

³⁰³⁵ Bls. 2685.

³⁰³⁶ Bls. 2686.

³⁰³⁷ Dagbók nr. 6, bls. 272.

sakadómara. Fram kom að nákvæmlega eins teikniblýantar hafi verið seldir í ritfangadeild Máls og menningar við Laugaveg 18 og í verslun Pennaviðgerðarinnar að Ingólfsstræti 2 í Reykjavík. Aflað var sýnishornabók hjá heildverslun en í henni væri að finna mynd af umræddum teikniblýanti. Var myndin ljósrituð inn í skýrsluna. Fram kom að blýantarnir hafi verið seldir í um og yfir þúsund eintökum á hverju ári. Þá hafi Bókabúð Keflavíkur einnig verið með stærri kaupendum að blýantinum.³⁰³⁸

1568. Hvítasunnudaginn 29. maí 1977 bókaði Gunnar Guðmundsson athugasemd í dagbók Síðumúlafangelsisins um að hafa rætt við Gunnlaug Briem á föstudeginum um beiðni Tryggva Rúnars um flutning í Hegningarhúsið. Gat Gunnar þess að Gunnlaugur hafi sagst vera búinn að færa þetta í tal við yfirfangavörðinn í Hegningarhúsinu sem hafi neitað en ætlað að athuga þetta betur eftir hátíðina. Orðrétt bókaði Gunnar: „Um lausagæslu þar yrði ekki um að ræða í náinni framtíð hann yrði lokaður inni þar eins og hér og fengi öngva útivist ef úr þessu yrði. Þetta er ég búinn að segja Tryggva og tel ég því þetta útrætt mál. Gunnlaugur á næst að hafa frumkvæðið og álít ég ástæðulaust með öllu að vera hringja í dómarrann eða lögfræðinginn útaf þessu frekar.“³⁰³⁹
1569. Þriðjudaginn 31. maí 1977 var bókað í dagbók fangelsisins við Síðumúla að séra Jón Bjarman hafi komið til viðtals við Guðjón milli klukkan 15:00 og 16:20. Þá var bókað klukkan 20:00 að Ingvar Kristjánsson geðlæknir hafi komið til viðtals við Guðjón. Bókað var að hann hafi farið klukkan 21:15.³⁰⁴⁰
1570. Meðal rannsóknargagna liggur skýrsla um yfirheyrslu yfir [SHan], dagsett 1. júní 1977. Bókað var að tilefni yfirheyrslunnar hafi verið að [GSJ] hafi greint frá því fyrir dómi að hafa sagt vitninu frá því þegar hann hafi tekið stúlku upp í bifreið sína í Keflavík og ekið henni að vegamótum Grindavíkurvega og Reykjanesbrautar. Mundi vitnið eftir því að [GSJ] hafi greint honum frá þessu þegar hann hafi komið til vinnu í Grindavíkurhöfn um hádegi haustið 1974. Hann hafi sagst hafa tekið stúlku upp í bifreiðina í Keflavík og ekið henni að mótum Grindavíkurvegar og Reykjanesbrautar, en þar hafi hún farið úr bifreiðinni en hann haldið áfram til Reykjavíkur. Greindi vitnið frá því að [GSJ] hafi fundist stúlkan skrítin. Vissi vitnið ekki á hvaða bifreið [GSJ] hafi verið á, en minnti að hann hafi á þeim tíma átt Skoda fólksbifreið en fengið lánaða Moskvitch bifreið nokkrum sinnum. Minnti vitnið að sú bifreið hafi verið með V-númeri. Kvaðst vitnið viss um að þetta hafi verið á tímabilinu frá október til desember 1974.³⁰⁴¹
1571. Fimmtudaginn 2. júní 1977 var dómþing sakadóms Reykjavíkur sett og tekið fyrir sakadómsmálið á hendur ákærðu að því er varðar sakarefni um hvarf Geirfinns Einarssonar. Bókað var að klukkan 11:00 hafi [HBÓ], sjónarvottur í Hafnarbúðinni, hafi komið í dóminn sem vitni. Framburður hennar fyrir dómi var í aðalatriðum í samræmi við fyrirliggjandi framburð hjá lögreglu. Mundi hún ekki eftir að hafa séð

³⁰³⁸ Bls. 2687–2688.

³⁰³⁹ Dagbók nr. 6, bls. 273.

³⁰⁴⁰ Dagbók nr. 6, bls. 274–275.

³⁰⁴¹ Bls. 2689.

tvo menn koma saman inn í Hafnarbúðina, annan hávaxinn en hinn lágvaxinn. Bókað var að vitninu hafi verið sýndar myndir af Guðjóni, Kristjáni Viðari og Sævari. Kvaðst hún ekki geta staðhæft hvort einhver þeirra hafi komið inn í Hafnarbúðina til að hringja í umrætt sinn. Vék hún frá klukkan 11:15 og var dómpingi slitið.³⁰⁴²

1572. Laugardaginn 4. júní 1977 var bókað í dagbók Síðumúlafangelsisins að Guðsteinn læknir hafi komið klukkan 10:15 og talað við Tryggva Rúnar, Guðjón og Sævar meðal annarra til klukkan 11:15. Bókað var að móðir Sævars hafi komið klukkan 11:05 með jógúrt, rjóma og föt handa syni sínum.³⁰⁴³
1573. Mánudaginn 6. júní 1977 var bókað í dagbók fangelsisins við Síðumúla að Ingvar Kristjánsson geðlæknir hafi komið klukkan 19:15 til að ræða við Guðjón. Bókað var að hann hafi farið um klukkan 20:30.³⁰⁴⁴
1574. Fyrir liggur skýrsla Jónasar Bjarnasonar, rannsóknarlögreglumanns, um leit í Rauðhólum að líki Geirfinns Einarssonar, dagsett 6. júní 1977. Fram kom að ábending hafi borist lögreglu 6. febrúar 1977 frá [GuðbGuð] sem hafi sagst hafa verið á ferð í Rauðhólum í ársbyrjun 1975 þegar hann hafi veitt athygli stað þar sem eldur hafði leikið nýlega um grjót. Í skýrslunni kom fram að [GuðbGuð] hafi bent lögreglu á umræddan stað. Hann hafi ekki séð neitt umrót heldur ummerki um eld. Fram kom að Jónas og Ívar Hannesson hafi farið með Sævar á nefndan stað. Sævar hafi sagt þetta vel geta verið staðinn sem hann og félagar hans hafi grafið lík Geirfinns, en þó væri hann ekki viss. Nefndur staður hafi verið um 150 metrum frá þeim stað sem Sævar hafi áður gefið upp. Mjög mikið vatn og ís hafi verið á staðnum og ógjörningur að grafa fyrir en færi að leysa. Í skýrslunni kom fram að Jónas og Grétar Sæmundsson, rannsóknarlögreglumenn, hafi farið á nefndan stað þennan dag og látið kanna hann nákvæmlega með vélskóflu en það hafi engan árangur borið.³⁰⁴⁵
1575. Þriðjudaginn 7. júní 1977 var bókað í dagbók Síðumúlafangelsisins að Jón Oddsson, verjandi Sævars, hafi komið til viðtals við skjólstaðing sinn klukkan 14:10. Bókað var að hann hafi farið klukkan 15:05. Bókað var klukkan 14:45 að séra Jón Bjarman hafi komið til viðtals við Guðjón og Sævar. Bókað var að hann hafi farið klukkan 17:10.³⁰⁴⁶
1576. Sama dag ritaði Guðjón færslu í dagbók sína um að hafa rætt um hríð við Ara fangavörð um seinagang Geirfinnsmáls og Guðmundarmáls.³⁰⁴⁷
1577. Fyrir liggur skýrsla, dagsett 10. júní 1977, um yfirheyrslu yfir [IGE] sem vitni. Greindi vitnið frá því að hafa unnið í Grindavíkurhöfn ásamt [GSJ] og [SHan]. Kvaðst hann hafa keypt Moskvitch bifreið með númerinu R-22570 á árinu 1974. Mundi hann eftir því að hafa lánað [GSJ] bifreiðina einhvern tímann um haustið 1974, en bifreiðin hafi þó aldrei verið á V-númeri. Vissi hann ekki tilefni þess að hann lánaði honum

³⁰⁴² Bls. 3125–3126.

³⁰⁴³ Dagbók nr. 6, bls. 278.

³⁰⁴⁴ Dagbók nr. 6, bls. 280.

³⁰⁴⁵ Bls. 2690.

³⁰⁴⁶ Dagbók nr. 6, bls. 281.

³⁰⁴⁷ Bls. 2690_B.

bifreiðina. Mundi hann ekki hvort hann hafi lánað [GSJ] bifreiðina 19. eða 20. nóvember 1974. Kvaðst hann ekki geta fundið út hvort hann hafi sjálfur verið með bifreiðina á umræddum tíma.³⁰⁴⁸

1578. Mánudaginn 13. júní 1977 var bókað í dagbók Síðumúlafangelsisins að Jón Oddsson, verjandi Sævars, hafi komið klukkan 11:45 og sótt bréf sem hann átti í fangelsinu í sambandi við yfirheyrslu Sævars, eins og það var orðað í færslunni. Bókað var að Benedikt Blöndal, verjandi Guðjóns, hafi komið með 10.000 krónur til tóbakskaupa fyrir skjólstæðing sinn. Var þess getið að hann hafi sagst munu koma innan tíðar til viðtals við Guðjón.³⁰⁴⁹ Bókað var að Ingvar Kristjánsson geðlæknir hafi komið til viðtals við Guðjón klukkan 20:00.³⁰⁵⁰
1579. Meðal rannsóknargagna liggur fyrir bréf Gunnars Guðmundssonar, forstöðumanns Síðumúlafangelsisins, dagsett þennan dag, til Jóns Oddssonar, verjanda Sævars. Meðfylgjandi bréfinu var staðfest endurrit úr dagbók fangelsisins með upplýsingum um Sævar með vísan til beiðni Jóns þar um, dagsettri 11. maí 1977. Endurritið tók yfir tímabilið 12. desember 1975 til 5. maí 1977 og bar yfirheitið: „Endurrit úr dagbók fangelsisins að Síðumúla 28, vegna innsetningar, yfirheyrslna og læknisvitjana í sambandi við Sævar Marinó Ciesielski.“³⁰⁵¹
1580. Þriðjudaginn 14. júní 1977 var bókað í dagbók fangelsisins við Síðumúla að bréf hafi verið sótt frá Guðjóni til Gunnlaugs Briem. Klukkan 15:00 var bókað að séra Jón Bjarman hafi komið til viðtals við Guðjón og Sævar. Bókað var að Jón Oddsson, verjandi Sævars, hafi komið klukkan 15:20 og var Sævar færður til viðtals við hann inni á varðstofu í áheyrn Gunnars Guðmundssonar. Bókað var að séra Jón hafi lokið viðtali sínu við Guðjón klukkan 16:30. Var Sævar færður aftur á klefa sinn klukkan 17:35. Bókað var að séra Jón og verjandi Sævars hafi farið klukkan 17:40.³⁰⁵² Klukkan 18:30 var bókað um símtal frá Gunnlaugi Briem sem hefði tilkynnt um að Jónas Bjarnason, rannsóknarlögreglumaður, hefði sitt leyfi til að fara með Sævar í ökuferð um kvöldið. Bókað var að klukkan 19:15 hafi Jónas komið ásamt Jóni Oddssyni, verjanda Sævars, og þeir tekið Sævar með sér í ökutúr. Klukkan 20:25 var bókað að þeir hafi komið til baka með Sævar í fangelsið.³⁰⁵³
1581. Miðvikudaginn 15. júní 1977 var orðrétt bókað í dagbók Síðumúlafangelsisins klukkan 12:45: „Hringdi Gunnlaugur Briem. Boðaði komu rlm. Magnúsar Magnússonar með bandaríska konsúlinn til að tala við og lagfæra skekkju í áttavita Sævars Ciesielski.“ Klukkan 16:00 var bókað að Hellert hafi komið varðandi mál Guðjóns.³⁰⁵⁴
1582. Fimmtudaginn 16. júní 1977 var bókað í dagbók fangelsisins við Síðumúla að þriðji ritari bandaríska sendiráðsins hafi komið klukkan 10:05 til að ræða við Sævar í áheyrn

³⁰⁴⁸ Bls. 2691–2692.

³⁰⁴⁹ Dagbók nr. 6, bls. 287.

³⁰⁵⁰ Dagbók nr. 6, bls. 288.

³⁰⁵¹ Bls. 2693–2718.

³⁰⁵² Dagbók nr. 7, bls. 1.

³⁰⁵³ Dagbók nr. 7, bls. 2.

³⁰⁵⁴ Dagbók nr. 7, bls. 3.

Magnúsar Magnússonar. Bókað var að ritarinn hafi farið klukkan 10:20. Klukkan 14:25 var bókað að bróðir Sævars hafi komið með sendingu til hans. Klukkan 15:40 var bókað að móðir Sævars hafi komið með sendingu af jógúrt og kaffirjóna til hans. Klukkan 19:25 var bókað að Kristján Hannesson, læknir, hafi komið til að skoða Guðjón og annan fanga. Hann hafi farið klukkan 19:40.³⁰⁵⁵

1583. Mánudaginn 20. júní 1977 var bókað í dagbók fangelsisins við Síðumúla að Sævar hafi verið fluttur í sakadóm Reykjavíkur klukkan 10:50. Bókað var að komið hafi verið til baka með hann í fangelsið klukkan 12:10. Klukkan 13:15 var bókað að Sævar hafi verið fluttur í sakadóm Reykjavíkur. Komið var til baka með Sævar úr sakadómi klukkan 16:45.³⁰⁵⁶ Bókað var að Hilmar Ingimundarson, verjandi Tryggva Rúnars, hafi komið til viðtals við hann milli klukkan 17:20 og 18:00.
1584. Þennan dag var dómþing sakadóms Reykjavíkur háð og tekið fyrir sakadómsmálið á hendur ákærðu varðandi sakarefni tengdu hvarfi Geirfinns Einarssonar. Bókað var að Bragi Steinarsson, sækjandi málsins, væri mættur. Þá var skipaður verjandi Sævars, Jón Oddsson, mættur. Bókað var að [GM], fyrrum framkvæmdastjóri bílaleigunnar Geysis, hafi komið í dóminn klukkan 10:00 sem vitni. Bókað var að honum hafi verið sýndar myndir af ákærðu í málinu. Kvaðst hann kannast við þau.³⁰⁵⁷ Framburður hans fyrir dómi var í aðalatriðum í samræmi við fyrirliggjandi framburð hjá lögreglu. Bókað var að honum hafi verið kynntur framburður Sævars og Erlu hjá rannsóknarlögreglu um að þau hafi fengið bifreiðar leigðar hjá bílaleigunni Geysi án þess að um það hafi verið gerður samningur. Kvaðst [GM] ekkert geta staðhæft um þetta, en þótti þetta ólíklegt. Það hafi ekki verið fyrr en 1975 sem Erla hafi fengið bifreiðar hjá bílaleigunni til afnota án samnings. Kvaðst hann ekki muna eftir að Sævar hafi borgað honum 5.000 krónur fyrir bifreið sem hann hafi fengið leigða án samnings. Orðrétt var bókað í sakadómsbókina: „Vitnið minnst þess ekki að hafa þekkt Erlu Bolladóttur í nóvember 1974, og gæti því ekki verið að hún hafi verið farin að taka til hjá því á þeim tíma.“ Kvaðst hann fyrst muna eftir Erlu þegar hún hafi komið í fylgd með Sævari á bílaleiguna um vorið 1975. Staðfesti hann í öllum atriðum skýrslu sem hann gaf hjá rannsóknarlögreglunni 21. desember 1976. Orðrétt var bókað í framhaldinu: „Nánar aðspurt kveðst vitnið ekkert vilja fullyrða um það, hvort það hafi lánað Erlu og Sævari Marinó bifreið frá bílaleigunni Geysi í nóvember 1974, svo sem þau hafi haldið fram. Kveðst vitnið geta ímyndað sér að þau hafi stolið bifreið á bílaleigunni, en það hafi verið mjög auðvelt og gert með þeim hætti, að stinga læsinguna á bifreiðinni upp og tengja beint. Kveður vitnið hafa borið nokkuð á þessu á meðan það starfaði á bílaleigunni, aðallega úti á landi. Þetta var yfirleitt ekki kært. Vitnið kveður þetta helst hafa getað gerst að vetri, en þá stóðu oft bifreiðar að næturlagi við bílaleiguna.“³⁰⁵⁸ Bókað var að vitnið hafi unnið eið að framburði sínum. Vék hann frá klukkan 11:00.³⁰⁵⁹ Á sama tíma var bókað að Sævar hafi komið í dóminn. Undir yfirheitinu „I. Manndráp“ var bókaður framburður Sævars. Skýrði hann

³⁰⁵⁵ Dagbók nr. 7, bls. 4–5.

³⁰⁵⁶ Dagbók nr. 7, bls. 8.

³⁰⁵⁷ Bls. 3127.

³⁰⁵⁸ Bls. 3128–3129.

³⁰⁵⁹ Bls. 3130.

frá því að hafa verið staddur í Klúbbnum sunnudagskvöldið 17. nóvember 1974 með Kristjáni Viðari og [PKKP]. Kvaðst hann hafa veitt ölvuðum manni athygli í stiganum á 2. hæð. Kristján Viðar hafi rætt við hann, en Sævar kvaðst ekki muna hvort það hafi verið að hans frumkvæði. Grunaði hann að Kristján Viðar væri að reyna að ná veskinu af manningnum. Kvaðst Sævar hafa gengið til þeirra og spurt manninn hvort þeir hafi ekki verið saman til sjós, en það væri aðferð sem þeir hafi notað til að stela veskjum. Maðurinn hafi neitað og þá kvaðst Sævar hafa spurt hann til nafns. Maðurinn hafi sagst heita Geirfinnur og vera úr Keflavík. Kvaðst Sævar hafa talið að um væri að ræða mann sem kallaður væri Geiri og væri frá Keflavík og fengist við sölu á spírítus.³⁰⁶⁰ Sagðist Sævar hafi spurt manninn eitthvað um spírítus og skilið hann þannig að hann hefði eitthvað með það að gera. Hann hafi þá spurt hvort þeir ættu ekki að koma í viðskipti og kvaðst Sævar þá hafa haft það í hyggju að Geirfinnur kæmi honum í samband við þann sem hann væri að skipta við og komast svo að því hvar spírinn væri geymdur. Minnti Sævari að hann hafi sagst vera tilbúinn til að greiða 50.000 til 70.000 krónur eða einhverja áþekka upphæð fyrir upplýsingar. Maðurinn hafi þá gefið honum upp nafn og heimilisfang, en ekki símanúmer. Kvaðst Sævar hafa skrifað það niður. Kvaðst Sævar hafa sagt manningnum að hann hétí Magnús Leópoldsson og væri á vegum Klúbbsins og myndi ræða við hann eftir helgina. Bókað var í sakadómsbókina að Sævari hafi verið sýnd ljósmynd af Geirfinni Einarssyni. Sagði Sævar að maðurinn í Klúbbinum hafi verið Geirfinnur. Hann hafi ekki orðið var við neinn með Geirfinni. Sagði hann það geta verið að Kristján Viðar hafi heyrt eitthvað af samtalinu, en vissi ekki hvort hann hafi heyrt þegar rætt hafi verið um spíraviðskipti. Taldi Sævar hugsanlegt að [PKKP] hafi vitað eitthvað um Geirfinn. Kvaðst Sævar hafa sagt Erlu frá samtalinu við Geirfinn og væntanlegum viðskiptum daginn eftir, 18. nóvember 1974.³⁰⁶¹ Greindi Sævar frá því að Erla hafi ekið honum í Land Rover bifreið þeirra heim til Guðjóns að kvöldi 18. nóvember 1974. Minnti hann að Erla hafi beðið út í bifreiðinni á meðan en [GUÆ] kona Guðjóns hafi verið heima. Kvaðst hann hafa sagt Guðjóni frá væntanlegum spíraviðskiptum í Keflavík og boðið honum að taka þátt í þeim. Taldi hann sig hafa spurt Guðjón hvort hann gæti lagt til peninga til að greiða Geirfinni, en Guðjón hafi borið við lélegum fjárhag. Kvaðst Sævar líta svo á að Guðjóni hafi verið það ljóst að taka átti spírann ófrjálsri hendi og hann hafi ákveðið að taka þátt. Mundi hann eftir því að hafa hringt til Kristjáns Viðars að Laugavegi 32 úr íbúð Guðjóns. Kvaðst Sævar hafa sagt honum hvað til stæði. Sagði hann Kristján hafa spurt hvort stela ætti spíranum. Kristján Viðar hafi sagst geta útvegað sendiferðabifreið og komið spíranum í umferð. Kvaðst Sævar þá hafa hringt í [SSH] sem hafi þá fengist við vínsölu og spurt hann um verð á spírítus. Hafi [SSH] sagt honum að þriggja pela flaska af 96% spírítus, blönduðum til helminga með vatni, væri seld á 2.000 krónur. Kvaðst Sævar þá hafa hringt í Landssímamann og fengið uppgefið símanúmer Geirfinns. Hann hafi síðan hringt þangað og spurt eftir Geirfinni. Barn hafi komið í símann og sagt hann ekki heima. Mundi Sævar eftir því að hafa rætt meira við Guðjón um ferðina til Keflavíkur og sagt honum að Land Rover bifreiðin

³⁰⁶⁰ Bls. 3130.

³⁰⁶¹ Bls. 3131.

væri í ólagi. Þá hafi verið afráðið að fá bifreið á bílaleigu. Ákveðið hafi verið að fara til Keflavíkur að kvöldi næsta dags og sagðist Guðjón annaðhvort verða heima hjá sér eða að Lambhóli við Starhaga. Bókað var að hlé hafi verið gert á þinghaldinu milli klukkan 12:00 og 13:40. Orðrétt var bókað eftir Sævari: „Ákærði skýrir frá því, að um hádegisbilið þann 19. nóvember hafi þau Erla farið á bílaleiguna Geysi. Hittu þau að máli mann þann, er annaðist rekstur bílaleigunnar, en ekki kveðst ákærði muna nafn hans. Ákærðu þekktu mann þennan, þau höfðu áður fengið bifreiðar á leigu hjá honum. Ákærðu fengu á leigu Volkswagen bifreið, er var ljósblá að lit. Ákærði kveður engan skriflegan samning hafa verið gerðan, en ákærði lét framangreindan mann hafa 5.000 krónur í peningum. Ákærði segir í þessu sambandi að hann hafi stungið upp á því við manninn, að hafa þennan hátt á, en ákærði hafði áður fengið bíl á leigu á bílaleigu þessari með þessum hætti. Erla ók bifreiðinni síðan inn á Hjallaveg og var bifreiðin skilin þar eftir.“³⁰⁶² Mundi Sævar ekki hvað gerðist fram til klukkan 18:30 umræddan dag en þá hafi hann og Erla farið í kvöldmat til móður Sævars að Grýtubakka 10. Sagðist hann hafa hringt í Geirfinn annaðhvort skömmu áður en þau fóru í mat eða á eftir að þau komu til móður hans. Minnti hann að einhver annar hafi komið í símann og kallað á Geirfinn. Kvaðst Sævar hafa kynnt sig sem Magnús Leópoldsson og minnst á samtal þeirra í Klúbbnum. Hann hafi spurt Geirfinn hvort hann vildi hitta hann við Hafnarbúðina í Keflavík klukkan 21:30 eða 22:00. Hann hafi sagst vera með peningana en hafi ekki nefnt neina upphæð. Geirfinnur hafi fallist á þetta. Greindi Sævar frá því að hafa farið á kvikmyndasýningu á Kjarvalsstöðum um klukkan 20:00 sama kvöld ásamt Erlu og móður hans. Kvaðst Sævar hafa talað við Kristján Viðar áður og hafi hann sagt að allt væri í lagi með sendiferðabifreiðina. Lýsti Sævar því að hann og Erla hafi ekið móðir hans heim að kvikmyndasýningunni lokinni og síðan að Hjallavegi þar sem þau hafi skipt um bifreið. Þaðan hafi þau ekið rakleitt vestur á Ásvallagötu heim til Guðjóns, en hann ekki verið heima. Þá hafi þau ekið að Lambhóli við Starhaga þar sem Guðjón hafi verið ásamt fleira fólki og var Sævari sérstaklega minnisstæður [RafG] sem hann kannaðist smávegis við. Sagðist Sævar hafa farið með Guðjóni á gulri Fiat bifreið, en Erla hafi ekið ein á Volkswagen bifreiðinni. Þeir hafi ekið inn á Vatnsstíg en Sævar sagði það geta verið að Guðjón hafi komið fyrst við á Ásvallagötu. Þegar komið hafi verið á Vatnsstíg var Erla komin og kvaðst Sævar þá hafa farið og sótt Kristján Viðar að Laugavegi 32. [PKKP] hafi komið til dyra og sótt Kristján sem hafi sagst vera búinn að bíða eftir honum. Kristján hafi verið klæddur í brúnan eða svartan leðurjakka og með loðskinnshanska. Þegar þeir hafi komið niður á Vatnsstíg hafi Guðjón verið sestur undir stýri á Volkswagen bifreiðinni og Erla í aftursætið. Hann og Kristján Viðar hafi sest inn í bifreiðina. Kvaðst Sævar hafa séð Mercedes Benz sendiferðabifreið á Vatnsstígnum. Hann og Kristján Viðar hafi rætt við öikumanninn, [SÓH], frænda Kristjáns, um ferðina til Keflavíkur og hvert hann ætti að aka.³⁰⁶³ Bókað var að Sævar væri helst á því að þeir hafi ætlað að hitta [SÓH] við einhverja sjoppu í Keflavík og Hafnarbúðin hafi jafnvel verið nefnd í því sambandi. Taldi hann að ekki hafi verið minnst á Dráttarbrautina

³⁰⁶² Bls. 3133–3134.

³⁰⁶³ Bls. 3135.

áður en komið hafi verið til Keflavíkur, en þó kunni það að hafa verið svo. Sendiferðabifreiðin hafi ekið á brott á undan og sagði Sævar það geta verið að maður hafi verið með [SÓH], en kvaðst ekki viss. Ekið hafi verið niður á Skúlagötu, suður Snorrabraut og þaðan inn á Reykjanesbraut. Kvað Sævar það geta verið að bensín hafi verið tekið í Hafnarfirði. Aldrei hafi verið nefnt að beita Geirfinn líkamlegu ofbeldi. Rætt hafi verið um að pressa Geirfinn ef hann yrði neikvæður og sagði Sævar það geta verið að þeir hafi rætt um að sýna Geirfinni fulla hörku ef hann yrði með stæla, en honum hafi fundist hann áhugalítill í símanum. Kvaðst Sævar hafa haft 70.000 krónur meðferðis til að borga Geirfinni ef hann gæfi upplýsingar um geymslustað spírans en Sævar kvaðst hafa talið að um nokkur hundruð lítra gæti verið að ræða. Sævar sagðist ekki vita nákvæmlega hvað klukkan var þegar komið var til Keflavíkur og taldi hann að hún hafi verið orðin vel rúmlega 22:00.³⁰⁶⁴ Stöðvað var hafi á bensínafgreiðslustöð í Njarðvík eða Keflavík en þar beið [SÓH]. Greindi Sævar frá því að hann og Kristján Viðar hafi rætt við hann og sagt honum að fara í Dráttarbrautina, en [SÓH] hafi virst þekkja til í Keflavík og vita hvar hún var. Lýsti Sævar því að þau hafi ekið eftir aðalgötunni þar sem eitthvað fólk hafi verið á gangi. Kvaðst hann ekki minnst þess að hafa sagt þeim að beygja sig af ótta við að lögreglan sæi þau, en sagði það geta verið. Næst hafi þau ekið að Hafnarbúðinni þar sem hann og Kristján Viðar fóru inn til að svipast um eftir Geirfinni en sáu hann ekki. Kvaðst Sævar hafa keypt Viceroy sigarettur og mundi hann eftir því að afgreiðslustúlkurnar voru í bláum sloppum. Næst lýsti Sævar því hvar ekið var niður í Dráttarbraut þar sem Kristján Viðar hafi ætlað að ræða við [SÓH]. Þá töldu þeir einnig að spírinn væri geymdur þar. Þeir tveir hafi farið út úr bifreiðinni en Guðjón snúið henni við á meðan. Engar mannaferðir hafi verið í Dráttarbrautinni en bátur hafi verið þar við bryggju. Síðan hafi verið sest aftur inn í bifreiðina og ekið til baka eftir aðalgötunni. Stöðvað hafi verið við sjoppu og kvaðst Sævar hafa farið inn til að hringja í Geirfinn en hætt við þar sem margt fólk hafi verið þar. Þá hafi verið ekið að Hafnarbúðinni og sagðist Sævar hafa látið Kristján Viðar fá miða með símanúmeri Geirfinns og beðið hann um að fara inn og hringja í hann. Orðrétt var bókað: „Ákærði kveður það geta verið að hann hafi sagt við Kristján Viðar að segja Geirfinni að koma einum að Hafnarbúðinni og vera gangandi.“ Kristján hafi komið til baka og sagt Geirfinn vera á leiðinni. Sagði Sævar það geta verið að Kristján Viðar hafi sagt að Geirfinnur hafi spurt um hvort Maggi væri þarna. Skömmu síðar hafi hann orðið var við að Geirfinnur hafi komið að bifreiðinni og kvaðst Sævar þá hafa kallað til hans „Geiri“ og hann hafi þá svarað játandi og sest inn í bifreiðina. Ekið hafi verið um bæinn og viðskiptin rædd. Geirfinnur hafi verið þögull og lítið lagt til málanna. Kvaðst Sævar hafa orðað það við Geirfinn að fara á kyrrlátan stað til að ræða málin og hafi hann virst ekkert hafa á móti því. Greindi Sævar frá því að Geirfinnur hafi ekki virst gera sér ljóst um hvað hann var að tala. Kvaðst Sævar þó hafa haft það á tilfinningunni að hann væri að hugsa málið. Þeir hafi stöðvað í Dráttarbrautinni og sagðist Sævar hafa sýnt Geirfinni 70.000 krónur og beðið hann um að sýna sér hvar spíritusinn væri geymdur. Geirfinnur hafi tekið við peningunum en sagst svo ekkert vilja með þetta hafa. Sagðist Sævar ekki minnst þess að Geirfinnur hafi sagst vilja

³⁰⁶⁴ Bls. 3136.

kaupa spíra af þeim, en þó mætti það vel vera. Fannst honum sem Geirfinnur væri að snúa út úr því sem hann var að spyrja hann um. Geirfinnur hafi orðið hávær og viljað fara í burtu. Kvaðst Sævar hafa opnað hurðina á bifreiðinni og allir farið út nema Erla. Minnti hann að hann hafi tekið peningana upp af gólfi bifreiðarinnar. Geirfinnur hafi ætlað að ganga í burtu en Guðjón hafi þá tekið í öxlina á honum og spurt hvort þeir ættu ekki að ræða betur saman. Geirfinnur hafi þá sagt: „Ég þekki Sigurbjörn og ykkur hin í Klúbbnum.“ Spurði Kristján Viðar þá Geirfinn að því hvort ekki hafi verið búið að ræða þetta í Klúbbnum. Geirfinnur hafi þá hrint Kristjáni Viðari frá sér.³⁰⁶⁵ Kristján Viðar hafi þá slegið hann en Sævar sagðist ekki hafa séð hvar höggið lenti. Kvaðst Sævar hafa slegið Geirfinn í andlitið sem hafi þá hrint honum og hann þá dottið aftur fyrir sig. Sagðist Sævar hafa staðið strax á fætur og ráðist á Geirfinn en hann stjakað honum frá. Á meðan hafi Kristján Viðar slegið Geirfinn nokkur högg í magann. Guðjón hafi einnig tekið þátt og slegið til Geirfinns og tekið hann hálstaki. Því næst hafi Kristján Viðar tekið Geirfinn haustaki aftan frá með hægri hendi. Kvaðst Sævar þá hafa tekið um 70 sentímetra langa spýtu og barið Geirfinn með henni einu höggi framan á fætuna en síðan fleygt spýtunni. Hann hafi orðið hræddur og ekki litist á þetta. Kvaðst hann hafa séð að Kristján Viðar var búinn að breyta um hálstak á Geirfinni og var kominn til hliðar. Mundi hann ekki nánar um þáttöku Guðjóns í átökunum og sagðist ekki viss hvort Guðjón hafi barið hann með spýtunni. Bókað var að Sævar hafi sagst breyta skýrslu sinni hjá rannsóknarlögreglu að þessu leyti. Mundi hann eftir því að Guðjón hafi haldið á spýtunni í hendinni og reitt til höggs en kvaðst ekki hafa séð hvort hann hafi slegið Geirfinn eða hvar höggið lenti. Mundi hann eftir því að Geirfinnur hafi reynt að rífa í Kristján Viðar og þá hafi Kristján sagt eitthvað á þá leið: „Vertu rólegur maður“. Kvaðst Sævars hafa farið til Erlu sem hafi verið taugaóstyrk og viljað að þau færu í burtu. Kvaðst Sævar hafa sagt henni að fara ein og rétt henni 5.000 krónur fyrir leigubifreið til Reykjavíkur. Sagðist Sævar hafa sagt við hana eitthvað á þá leið að maðurinn væri alveg óður. Hann hafi ekkert séð til [SÓH] en taldi möguleika á því að hann hafi séð átökin. Þegar hann hafi komið til baka hafi Geirfinnur legið á hliðinni á jörðinni. Guðjón hafi þá staðið yfir honum og kastað frá sér spýtunni. Kristján Viðar hafi verið álútur yfir Geirfinni og sagt hann dauðan. Kvaðst Sævar hafa tekið púls Geirfinns, ekki fundið neinn æðaslátt og því talið hann látinn. Gat hann ekki gert sér ljóst hvað hafi orðið honum að bana. Sævar sagðist hafa séð blóð eða skrámur á vinstra gagnauga og kjálka Geirfinns. Einnig hafi verið svartur blettur á hálsi hans líkt og mar, en Sævar sagði það geta hafa verið mold. Kvaðst hann ekki hafa séð aðra áverka á Geirfinni. Bókað var að Sævar hafi vikið frá klukkan 16:15 og var dómþingi slitið.³⁰⁶⁶

1585. Tryggvi Rúnar ritaði í dagbók sína þennan dag, 20. júní 1977, um að Hilmar Ingimundarson hafi komið í heimsókn til hans 20. júní 1977, en það hafi verið eintóm leiðindi. Hann hafi stoppað stutt og ekkert haft að segja. Hilmar hafi enn ekki náð í Gunnlaug Briem, sakadómara, vegna beiðni hans um lausagæslu.³⁰⁶⁷ Kvartaði Tryggvi

³⁰⁶⁵ Bls. 3137–3139.

³⁰⁶⁶ Bls. 3140–3141.

³⁰⁶⁷ Bls. 2718_I.

undan því að Hilmar væri ekki fljótur að gera það sem skipti hann máli. Orðrétt ritaði hann: „Og eins að beita sér miklu meir því Hilmar hefur sitt vald! Og ekki er það ónýtt ef hann opnar sig, því ég er hafður fyrir rangri sök! 100%! En maður er svo lítið no. og ekki get ég neitt gert nema hafa hann í fararbroddi. Mér líst ekkert á héðan af að ég komist héðan úr Síðumúla fyrir en það er búið að kveða upp dóm í þessum málum sem verður ekki fyrir en í lok september, byrjun október!“ Ritaði Tryggvi Rúnar um fregnir af því að Kristján Viðari liði vel fyrir austan á Litla-Hrauni. Orðrétt ritaði hann í því sambandi: „Já, Kristján Viðar bara ánægður og hress, von á 16 árum, það eru nú meiri gæðin. Annars eins og Hilmar sagði, þá er Kristján Viðar búinn að leika mjög mikið á þetta réttarkerfi hér hjá rannsóknarlögreglunni! Ef þetta er í raun raunveruleiki sem hann hefur játað á sig! Svo hefur hann þvælt þeim til og frá, í þessum málum.“³⁰⁶⁸

1586. Þriðjudaginn 21. júní 1977 var bókað í dagbók Síðumúlafangelsisins að Sævar hafi verið fluttur í sakadóm Reykjavíkur klukkan 09:52. Bókað var að komið hafi verið til baka með hann í fangelsið klukkan 12:15.³⁰⁶⁹ Var Sævar fluttur aftur í sakadóm klukkan 13:55. Bókað var að séra Jón Bjarman hafi komið klukkan 16:00 til viðtals við Guðjón. Klukkan 17:30 var komið með Sævar úr sakadómi.³⁰⁷⁰ Bókað var að Ingvar Kristjánsson geðlæknir hafi komið klukkan 20:05 til viðtals við Guðjón. Var viðtalinu lokið klukkan 21:35. Bókað var að bróðir Sævars hafi komið með vindil klukkan 23:30.³⁰⁷¹
1587. Þennan dag var dómþing háð í sakadómi Reykjavíkur og tekið fyrir sakadómsmálið á hendur ákærðu að því er varðar sakargiftir um hvarf Geirfinns Einarssonar. Bókað var að Bragi Steinarsson, vararíkissaksóknari, væri mættur í dómnum. Klukkan 10:00 var bókað að Sævar hafi komið í dóminn ásamt verjanda sínum, Jóni Oddssyni. Greindi Sævar frá því að átökin við Geirfinn hafi gengið mjög hratt yfir og erfitt hafi verið að átta sig á einstökum atriðum. Kvaðst hann muna eftir að mikill æsingur hafi verið á meðan átökunum stóð en mundi ekki eftir því að Geirfinnur hafi hrópað á hjálp. Hann hafi heyrt stunur frá Geirfinni og var eins og hann tæki út. Kvaðst Sævar ekki geta gert sér ljóst hvað átökin hafi staðið lengi yfir en honum hafi fundist það vera stuttur tími. Þegar þeim virtist Geirfinnur vera látinn hafi Guðjón sagt við hann: „Náðu í Erlu.“ Sævar sagðist hafa kallað á Erlu en hún ekki svarað. Þá hafi hann farið aftur til Guðjóns sem hafi sagt: „Finndu hana.“ Kvaðst Sævar hafa leitað að Erlu án árangurs. Mundi hann að Kristján Viðar hafi þá sagt: „Hvað eigum við að gera?“ Ræddu þeir þá sín á milli hvort þeir ættu að skilja lík Geirfinns eftir.³⁰⁷² Kvaðst Sævar ekki hafa talið það óhætt vegna hættu á að fingraför þeirra kynnu að finnast. Þeir hafi skoðað líkið betur og fullvissað sig um að Geirfinnur væri látinn. Orðrétt var bókað: „Ákærðu tóku síðan lík Geirfinns og settu það í aftursæti bifreiðarinnar. Ákærðu létu líkið sitja uppi og hallaðist það aðeins út á hlið. Var kápa Erlu breidd yfir það.“ Greindi Sævar frá því að spýtan sem Geirfinnur var barinn með hafi verið skilin eftir. Erla hafi gleymt kápu og veski í bifreiðinni. Þeir hafi haft áhyggjur af því að henni yrði kalt og myndi lenda í

³⁰⁶⁸ Bls. 2718_J.

³⁰⁶⁹ Dagbók nr. 7, bls. 9.

³⁰⁷⁰ Dagbók nr. 7, bls. 10.

³⁰⁷¹ Dagbók nr. 7, bls. 11.

³⁰⁷² Bls. 3142.

höndum lögreglunnar. Þeir hafi leitað að henni um nágrennið án árangurs og þá haldið til Reykjavíkur. Kvaðst Sævar muna að Erla hafi minnst á það árið 1975 þegar þau hafi verið á ferð í Keflavík að hún þekkti þar tvo pilta, [EÓ] og [S]. Hún hafi bent honum á grátt hús sem þeir eða annar hvor þeirra hafi búið í. Orðrétt var bókað eftir Sævari: „Erla sagði ákærða að hún hefði verið í auðu húsi í Keflavík aðfaranótt 20. nóvember 1974. Ákærði kveðst ekki hafa lagt trúnað á það og telur að hún hafi verið hjá einhverju fólki.“ Sævar greindi frá því að Kristján Viðar hafi farið að sendibifreiðinni til [SÓH] þegar hann fór að leita að Erlu í Dráttarbrautinni. Kristján Viðar hafi sagt [SÓH] að aka á brott.³⁰⁷³ Á leiðinni til Reykjavíkur hafi þeir rætt hvað þeir ættu að gera við líkið. Ræddu þeir um að koma því fyrir í hrauninu á leiðinni, grafa það úti á Álftanesi eða setja það í hitaveitustokk uppi í Mosfellssveit, en það hafi verið hugmynd Guðjóns. Þeir hafi rætt að varasamt gæti verið að fara með líkið í gegnum Kópavog vegna lögreglueftirlits. Ofan á hafi orðið að aka líkinu heim til Kristjáns Viðars að Grettisgötu 82. Ekið hafi verið inn sunnið á bak við húsið. Líkið hafi verið borið inni þvottahúsi í kjallara en síðan sett inn í geymslu. Kvaðst Sævar muna að geymslan hafi verið læst en Kristján Viðar hafi sprengt upp læsinguna. Gólfregill eða eitthvað þess háttar hafi verið sett yfir líkið. Kvaðst Sævar hafa tekið kápu Erlu og veski áður en hann hafi farið úr bifreiðinni. Þegar líkinu hafi verið komið fyrir hafi þeir farið upp í íbúð Kristjáns Viðars og rætt saman um stund. Var þá tekin ákvörðun um að hittast daginn eftir til að ræða hvað ætti að gera við líkið. Guðjón hafi farið fljótlega og taldi Sævar hann hafa ekið á brott á Volkswagen bifreiðinni. Kvaðst Sævar ekki muna það nákvæmlega hvar hann hafi verið um nóttina. Hann hafi fyrst verið hjá Kristjáni en síðan farið út og ráfað um. Morguninn eftir hafi hann farið heim að Hjallavegi og þá hafi Erla verið komin heim. Þau hafi rætt saman um það sem hafi gerst. Erla hafi sagst hafa verið í auðu húsi í Keflavík en síðan náð í bifreið til Reykjavíkur.³⁰⁷⁴ Skýrði Sævar frá því að hann og Guðjón hafi mælt sér mót á Mokka við Skólavörðustíg á hádegi daginn eftir. Þeir hafi rætt um hvað ætti að gera við líkið. Guðjón hafi enn nefnt hitaveitustokk í Mosfellsbæ, en Guðjón hafi unnið þar við framkvæmdir. Guðjón hafi látið hann fá lykllana að Volkswagen bifreiðinni. Greindi Sævar frá því að hann og Erla hafi náð í bifreiðina um kvöldið á Vatnsstíg og hafi Erla ekið henni að bílaleigunni Geysi. Þar hafi hún skilið lykllana eftir í bifreiðinni. Greindi Sævar frá því að þegar þeir hafi komið heim til Kristjáns Viðars að Grettisgötu 82 aðfaranótt 20. nóvember 1974 hafi síminn hringt. Kvaðst Sævar ekki hafa séð hver hafi hringt, en talið það geta hafa verið [SÓH] þar sem hann hafi búið í sama herbergi og Kristján. Minntist Sævar þess ekki að hafa séð [SÓH] um nóttina í íbúðinni. Kvaðst Sævar ekki hafa séð nein verðmæti tekin af líki Geirfinns. Orðrétt var bókað: „Hann hefur þó heyrt, að Kristján Viðar hafi tekið veski Geirfinns og einhvern penna. Ákærði man ekki hvort að Kristján sagði honum þetta, eða hvort hann heyrði þetta síðar.“³⁰⁷⁵ Bókað var að hlé hafi verið gert á þinghaldinu milli klukkan 12:05 og 14:15. Bókað var að á sama tíma hafi Sævar komið aftur í dóminn. Greindi Sævar frá því að seinnipart dags 21. nóvember 1974 hafi hann og Erla farið á Land Rover bifreið þeirra

³⁰⁷³ Bls. 3143.

³⁰⁷⁴ Bls. 3144.

³⁰⁷⁵ Bls. 3145.

að Bergþórugötu 27 til [BPP] til að fá hann til að stilla bensínjök bifreiðarinnar. Kvaðst Sævar hafa verið í kápu Erlu en hann hafi verið búinn að fara með hana heim til þeirra á Hjallaveg. Mundi hann að svartir blettir hafi verið í kápunni sem hann taldi vera blóðbletti þar sem kápan hafði verið utan um Geirfinn í bifreiðinni. Kvaðst Sævar hafa gleymt kápunni heima hjá [BPP] en sótt hana nokkrum dögum síðar og hent henni í sorptunnu. Greindi Sævar frá því að hann og Erla hafi mælt sér mót við Kristján Viðar þennan dag, 21. nóvember 1974, og farið heim til hans á bifreiðinni og dvalið þar nokkra stund. Síðan hafi þau farið heim til Guðjóns á Ásvallagötu og rætt við hann um að hann tæki þátt í að flytja lík Geirfinns. Guðjón hafi komið með skóflu. Bókað var að Sævar hafi séð skóflu sem væri meðfylgjandi gögnum málsins. Kvaðst hann ekki geta staðhæft að um sömu skóflu hafi verið að ræða, en hún væri nokkuð áþekkt þeirri sem Guðjón hafi komið með. Næst hafi verið ekið að Grettisgötu 82. Erla hafi ekið bifreiðinni inn í sundið á bak við húsið. Þau hafi farið inn í íbúðina til Kristjáns Viðars, en síðan niður í kjallara og inn í geymslu.³⁰⁷⁶ Búið hafi verið að vefja plastdúk og einhverju fleiru utan um líkið og binda utan um. Sagði Sævar að þeir hafi sett eitthvað meira utan um líkið svo auðveldara væri að bera það út. Þeir hafi síðan borið líkið út úr kjallaranum og komið því fyrir í Land Rover bifreiðinni. Hafi Kristján Viðar komið með malarskóflu, haka og plastbrúsa með bensíni. Kvaðst Sævar ekki geta sagt um hvenær lagt hafi verið af stað upp í Rauðhóla, en nokkuð hafi verið liðið á kvöldið. Tók hann fram að hann álitu að klukkan hafi verið orðin um 20:00. Erla hafi ekið bifreiðinni, hann og Guðjón hafi setið í framsætinu en Kristján Viðar aftur í. Ekki hafi verið stöðvað á leiðinni og sagði Sævar það rangt að bensín hafi verið tekið á plastbrúsann. Lýsti Sævar því hvar ekið hafi verið um í Rauðhólum. Kvaðst hann vera margbúinn að benda á þann stað sem líkið væri grafið og sagðist halda fast við framburð sinn um það. Mundi hann eftir að hafa séð ljós frá bifreiðum á aðalveginum, en ekki ljós frá húsum. Þeir hafi hjálpast að við aða grafa aflanga gryfju. Kvaðst Sævar trúu því að hún hafi verið um einn meter á dýpt. Jarðvegurinn hafi verið grýttur og þörf á að nota hakann. Erla hafi horft á, en ekki tekið þátt í greftrinum.³⁰⁷⁷ Líkið hafi verið tekið út úr bifreiðinni og sett í gryfjuna. Bensíninu hafi verið hellt þarna í kring og kveikt í. Kvaðst Sævar ekki viss um hvort hann hafi kveikt í líkinu en það hafi verið gert og hafi Kristján Viðar átt hugmyndina að því að nota bensínið. Kvaðst Sævar hafa fundið vonda lykt gjósa upp. Þeir hafi síðan mokað ofan í gryfjuna og sléttað yfir. Síðan hafi Kristján Viðar sett steina yfir. Greindi Sævar frá því að hann og Erla hafi komið þarna aftur í ágúst eða september og þá talið sig finna staðinn. Ástæða þess að þau hafi komið þarna aftur hafi verið sú að Erla hafi sagt honum að hún hafi farið þangað með Kristjáni Viðari ásamt þriðja manni og grafið upp lík Geirfinns og flutt það á einhvern stað við vatn í Heiðmörk. Sagðist Sævar ekki hafa komið aftur á stað þann sem Geirfinnur var grafinn fyrr en eftir að málið komst upp og gat hann því engar frekari upplýsingar gefið um hvar lík Geirfinns væri grafið. Skýrði Sævar frá því að hafa beðið Kristján Viðar um að fá [SÓH] til að fara á sendiferðabifreiðinni til Keflavíkur, en hann hafi vitað að [SÓH] hefði unnið á sendibifreiðastöð sumarið

³⁰⁷⁶ Bls. 3146.

³⁰⁷⁷ Bls. 3147.

1974.³⁰⁷⁸ Kvaðst Sævar hafa rætt við [SÓH] á Vatnsstígnum og sagt honum hvar hann ætti að bíða í Keflavík. Þá sagðist Sævar hafa vísað honum veginn í Dráttarbrautina, en hann hafi talið að áfengið væri geymt þar eða þar um slóðir. Kvaðst Sævar hafa talað við [SÓH] á bensínstöð í Keflavík eða Njarðvík ásamt Kristjáni Viðari, en mundi ekki hvort hann hafi talað við hann í Dráttarbrautinni. Hann hafi ekki orðið var við að [SÓH] hafi farið út úr bifreiðinni í Dráttarbrautinni og kvaðst Sævar ekki vita hvort hann hafi séð átökin við Geirfinn, en það mætti vel vera. Sævar sagðist hafa rætt við [SÓH] að Grettisgötu 82 ásamt Kristjáni Viðari, skömmu eftir Keflavíkurferðina. Mundi hann ekki nákvæmlega hvenær, en mundi að þeir hafi lagt að honum að þegja yfir ferðinni. Orðrétt var bókað: „Ákærði telur að [SÓH] hafi vitað um átökin við Geirfinn. Ákærði telur að [SÓH] hafi vitað að lík Geirfinns hafi verið flutt að Grettisgötu 82 og skildist honum á Kristjáni að hann hefði aðstoðað hann við að búa um lík Geirfinns.“ Kvaðst Sævar hafa heyrt Geira í Keflavík nefndan í samtali við leigubifreiðastjóra og eins hafi [PKKÞ] sagst hafa keypt af honum áfengi.³⁰⁷⁹ Bókaður var framburður Sævars undir yfirheitinu „II. Rangar sakargiftir“. Skýrði hann frá því að hann og meðákærðu hafi fylgst með rannsókn á hvarfi Geirfinns í fjölmiðlum og oft rætt málið sín á milli. Kvaðst hann hafa sagt Guðjóni frá því að hann hefði sagt Geirfinni að hann hétí Magnús Leópoldsson. Kvaðst Sævar ekki vita hvað Geirfinnur hafi sagt öðrum um málið. Sagðist Sævar hafa séð það af fréttum af rannsókn Geirfinnsmálsins að Sigurbjörn Eiríksson og Magnús Leópoldsson væru undir smásjá hjá lögreglunni. Orðrétt var bókað: „Ákærði kveðst ekki sjálfur hafa átt hugmyndina að því að blanda Klúbbmönnum inn í málið, en þetta hafi komið allt af sjálfu sér. Hafi ákærði álitíð að Geirfinnur hafi haft viðskipti við Klúbbmenn og hafi þeim dottið í hug að blanda Klúbbmönnum í málið, ef ákærðu yrðu handteknir. Guðjón gaf í skyn að þetta væri heppilegt, þar sem hugsanlegt væri, að Geirfinnur hafi haft viðskipti við Sigurbjörn. Erla fór að tala um að Einar bróðir sinn, hefði átt einhver óheiðarleg viðskipti þ.á m. með alkóhól. Vildi Erla einnig blanda honum í málið. Þá minntist hún og á Valdimar Olsen, er starfaði við Klúbbinn og rétt væri, að blanda honum einnig í málið. Erla hafi nefnt fleiri nöfn, sem ákærði man ekki. Ákærði kveður Erlu hafa sagt, er hún ræddi um að blanda Einari bróður sínum í málið, að hún væri hrædd við hann.“ Greindi Sævar frá því að Erla hafi farið til Kaupmannahafnar veturinn 1974 og hann stuttu síðar. Þar hafi þau fylgst með framvindu rannsóknarinnar í blöðum. Erla hafi komið til baka í febrúar en hann í lok apríl. Orðrétt var bókað eftir Sævari: „Ákærði kveður þau hafa hitt pilt að nafni [EÓ], er fyrir kemur í framburði ákærða á meðan þau voru í Kaupmannahöfn. Fór hann að ræða við þau um Geirfinnsmálið og sagðist vita um það. Sagði hann að Geirfinnur hefði beðið bana úti á sjó, er verið var að sækja spíritus, sem smygla átti í land. Taldi hann að Klúbbmennirnir stæðu þar að baki. Er hugmyndin um bátsferðina komin frá [EÓ] þessum.“ Kvaðst Sævar hafa sjálfur heyrt af smygli á spíritus um Dráttarbrautina í Keflavík og geymslu á því þar. Bókað var að Sævar hafi verið spurður hvort ákærðu hafi hist að Grettisgötu 82 í júlí 1975 og ákveðið þá að bera að Klúbbmenn og vínsalar í Reykjavík hefðu verið valdir að hvarfi

³⁰⁷⁸ Bls. 3148.

³⁰⁷⁹ Bls. 3149.

Geirfinns færi svo að þau yrðu handtekin. Einnig var hann spurður hvort Erla hafi stungið upp á Einari bróður sínum, Valdimar Olsen og [JR]. Bókað var að Sævar hafi sagst muna að þetta hafi verið rétt, en ekki hvenær. Staðfesti Sævar skýrslu sína frá 9. desember 1976 með áorðnum breytingum. Vék hann frá klukkan 17:05 og var dómþingi slitið.³⁰⁸⁰

1588. Miðvikudaginn 22. júní 1977 var bókað í dagbók fangelsisins við Síðumúla að Sævar hafi verið fluttur í sakadóm Reykjavíkur klukkan 09:45. Komið var til baka með hann í fangelsið klukkan 12:40. Bókað var að Sævar hafi verið fluttur aftur í sakadóm Reykjavíkur klukkan 13:45.³⁰⁸¹ Bókað var að móðir Sævars hafi komið með sendingu til hans, jógúrt, kaffirjóma, karton, auglýsingapappír og brúnan lit. Klukkan 15:30 var komið með Sævar til baka í fangelsið. Bókað var orðrétt í fangelsisdagbókina klukkan 16:00: „Hringdi Gunnlaugur Briem sakadómari og tjáði mér að Jónas Bjarnason rslm mætti tala við Sævar að vild þegar honum hentaði og fara með hann út í ökuferðir án þess að hafa samband við sig frekar þar um.“³⁰⁸²
1589. Þennan dag var dómþing háð í sakadómi Reykjavíkur og tekið fyrir sakadómsmálið á hendur ákærðu að því er varðar sakargiftir um hvarf Geirfinns Einarssonar. Bókað var að sækjandi málsins, Bragi Steinarsson, vararíkissaksóknari væri mættur. Klukkan 10:00 var bókað að Sævar væri mættur og með honum skipaður verjandi hans, Jón Oddsson. Bókað var að Sævar hafi staðhæft að Kristján Viðar hafi verið viðstaddur þegar þau hafi rætt það sín á milli að blanda Sigurbirni, Magnúsi, Valdimar og Einari í málið. Sagði Sævar að Kristján Viðar hafi fallist á það og engar athugasemdir gert. Bókað var að Sævar kannaðist við að hafa gefið skýrslu hjá rannsóknarlögreglu 22. janúar 1976 og staðfesti hann undirritun sína á skýrsluna. Orðrétt var bókað í framhaldinu: „Ákærði hafði dagana áður en skýrslan var gefin verið í yfirheyrslum og verið þá spurður um vitneskju hans um hvarf Geirfinns Einarssonar. Ákærði man að Örn Höskuldsson spurði hann hvar hann hafi verið þann 19. nóvember 1974 og Sigurbjörn Víðir Eggertsson sagði honum að rannsóknarlögreglan hefði vitneskju um, að hann hefði farið með Einari Bollasyni til Keflavíkur þann dag. Ekki nefndi Sigurbjörn hvaðan hann hefði upplýsingarnar, en ákærði taldi víst að þær væru frá Erlu Bolladóttur. Ákærða hafi verið sagt að Erlu hefði verið hótad morði, og gættu vopnaðir lögreglumenn hennar. Sagði Sigurbjörn Víðir ákærða að brúnleit Fiat bifreið, sem talið væri að Einar Bollason hefði verið á, hefði verið við heimili Erlu. Hefði hann elt bifreiðina en misst af númerinu. Ákærða var sagt að ekki væri hægt að halda þessari gæslu á Erlu áfram og ef ákærði vildi ekki skýra frá, gæti svo farið að Erla yrði myrt. Örn Höskuldsson sagði ákærða, að hann hefði aldrei séð eins óttasleginn svip eins og var á Erlu.“ Kvaðst Sævar hafa sagst vita að Erla óttaðist Einar bróður sinn. Kvaðst Sævar einnig hafa sagt lögreglumönnum að Erla væri hrædd við Valdimar Olsen. Miklar bollaleggingar hafi verið út af þessu. Greindi Sævar frá því að hann hafi verið spurður um ýmsa menn sem talið var að gætu verið viðriðnir Geirfinnsmálið, þar á meðal Einar, Magnús og Valdimar. Í framhaldinu var bókað orðrétt:

³⁰⁸⁰ Bls. 3151.

³⁰⁸¹ Dagbók nr. 7, bls. 11–12.

³⁰⁸² Dagbók nr. 7, bls. 12.

„Lögreglumennirnir spurðu ákærða að því hvort verið gæti að Erla væri hrædd við einhverja menn. Taldi ákærði að þar gætu komið til greina Einar bróðir hennar, Valdimar Olsen, Magnús Leópoldsson og [JR]. Nafn Sigurbjörns Eiríkssonar kom ekki fram fyrr en síðar.“ Greindi Sævar frá því að búið hafi verið að ákveða að blanda mönnunum í málið ef þau yrðu handekin. Sagðist Sævar hafa gefið skýrsluna 22. janúar 1976 þegar farið var að spyrja hann hvort sumir framangreindra manna væru viðriðnir málið og honum sagt frá hótunum við Erlu. Greindi Sævar frá því að hafa svo bætt við og breytt þeirri skýrslu með skýrslum 25. og 27. janúar 1976. Þá hafi bátsferðin komið til sögunnar, en sú hugmynd hafi verið komin að nokkru frá [EÓ]. Sagan hafi síðan þróast við yfirheyrslur hjá rannsóknarlögreglu. Það hafi haft áhrif á hann þegar hann gaf skýrslurnar að hann var hræddur um Erlu. Bókað var að skýrsla Sævars frá 10. febrúar 1976 hafi verið lesin í heyranda hljóði og kannaðist hann við að hafa gefið hana. Kvaðst Sævar kannast við að hafa gefið skýrsluna 8. maí 1976 hjá rannsóknarlögreglu og kannast við undirritun sína. Tók Sævar fram að hann hafi verið illa fyrir kallaður og orðinn ruglaður þegar hann gaf skýrsluna vegna framburðar Erlu um að hún hafi skotið Geirfynn og eins vegna framburðar Kristjáns Viðars um að hafa stungið Guðmund Einarsson með hnífi. Þess hafi verið krafist af honum að kæmi til móts við Erlu og Kristján Viðar í framburðum þeirra. Kvaðst Sævar hafa tekið skýrsluna til baka morguninn eftir í viðurvist Hallvarðs Einvarðssonar.³⁰⁸³ Bókað var í sakadómsbókina að skýrsla Sævars frá 1. apríl 1976 hafi verið lesin í heyranda hljóði og kannaðist hann við að hafa gefið skýrsluna. Sagði Sævar allar framangreindar skýrslur eiga það sameiginlegt að þær væru rangar að því er varðaði þátt Einars, Magnúsar, Sigurbjörns og Valdimars í málinu. Það hafi verið fyrirfram ákveðið að blanda þeim inn í málið ef þau yrðu handtekin í því skyni að rugla rannsóknaraðila. Tók Sævar það fram að hann hafi verið undir pressu af lögreglumönnum þegar hann gaf skýrslurnar. Bókað var að hann viðurkenndi sök í II. kafla ákæru varðandi rangar sakargiftir, með framangreindum athugasemdum.³⁰⁸⁴ Vék hann frá klukkan 12:30 og var dómþingi slitið.³⁰⁸⁵

1590. Dómþing sakadóms Reykjavíkur var aftur sett þennan dag, 22. júní 1977, og þá tekið fyrir sakadómsmálið á hendur ákærðu að því er varðar sakargiftir vegna hvarfs Guðmundar Einarssonar. Bókað var að sækjandi málsins væri mættur í dómnum. Þá var bókað að Sævar hafi komið í dóminn klukkan 14:15, ásamt skipuðum verjanda sínum, Jóni Oddssyni.³⁰⁸⁶ Orðrétt var bókað í sakadómsbókina: „Dómurinn ákveður að fresta skýrslutöku að sinni.“ Vék Sævar frá klukkan 15:15 og var dómþingi slitið.³⁰⁸⁷
1591. Fimmtudaginn 23. júní 1977 var bókað í dagbók Síðumúlafangelsisins að Guðsteinn læknir hafi komið klukkan 08:10 til að skoða Guðjón. Bókað var að hann hafi farið klukkan 08:30.³⁰⁸⁸ Klukkan 13:05 var bókað um komu Jóns Oddssonar, verjanda Sævars, til viðtals við hann. Orðrétt var bókað í fangelsisdagbókina: „Kom hrl. Jón

³⁰⁸³ Bls. 3154.

³⁰⁸⁴ Bls. 3155.

³⁰⁸⁵ Bls. 3156.

³⁰⁸⁶ Bls. 2621.

³⁰⁸⁷ Bls. 2622.

³⁰⁸⁸ Dagbók nr. 7, bls. 13.

Oddsson talar við Ciesielski og af þeim samræðum dattu Rauðhólar út af vinsældalistanum og nýjar gorkúlur tóku að spretta.“ Bókað var að Jón hafi farið klukkan 15:15 og Sævar hafi verið settur á klefa sinn.³⁰⁸⁹

1592. Föstudaginn 24. júní 1977 var bókað í dagbók fangelsisins við Síðumúla að Jón Oddsson, verjandi Sævars hafi komið klukkan 12:45 til viðtals við skjólstæðing sinn. Bókað var að Sævar hafi verið settur á klefa sinn klukkan 13:20. Bókað var að Gunnlaugur Briem hafi hringt klukkan 15:10 og boðað komu Benedikts Blöndal, verjanda Guðjóns. Gat hann þess að þeir mættu ræða einslega í þetta skiptið.³⁰⁹⁰
1593. Þennan dag var dómþing sakadóms Reykjavíkur háð og tekið fyrir sakadómsmálið á hendur ákærðu að því er varðar sakargiftir um hvarf Geirfinns Einarssonar. Bókað var að klukkan 10:10 hafi [SO], barþjónn á veitingahúsinu Klúbbnum, komið fyrir dóminn sem vitni. Greindi hún frá því að hafa afgreitt mann á vínbarnum sunnudaginn 17. nóvember 1974. Mundi hún ekki hvað maðurinn keypti eða hvernig hann leit út. Bókað var að vitninu hafi verið sýnd mynd af Geirfinni Einarssyni.³⁰⁹¹ Fannst henni maðurinn hafa verið líkur myndinni af Geirfinni. Mundi hún eftir að hann hafi borgað með ávísun og hún beðið hann um skilríki. Maðurinn hafi borið sjaldgæft nafn sem gæti vel hafa verið Geirfinnur. Mundi hún örugglega eftir því að hann hafi sagt eitthvað á þá leið að hann væri ekki síðasti geirfuglinn. Hún hafi ekki orðið vör við neina menn í fylgd með manninum. Vék vitnið frá klukkan 10:25 og var dómþingi slitið.³⁰⁹²
1594. Laugardaginn 25. júní 1977 var bókað í dagbók Síðumúlafangelsisins að Guðsteinn læknir hafi skoðað Tryggva Rúnar og Sævar meðal annarra fanga milli klukkan 08:00 og 08:30.³⁰⁹³
1595. Mánudaginn 27. júní 1977 var bókað í dagbók Síðumúlafangelsisins að Gunnlaugur Sigurðsson, rannsóknarlögreglumaður, hafi komið með bréf til Guðjóns klukkan 12:45.³⁰⁹⁴
1596. Þennan dag var dómþing sakadóms Reykjavíkur sett og tekið fyrir sakadómsmálið á hendur ákærðu að því er varðar sakarefni um hvarf Guðmundar Einarssonar. Bókað var að sækjandi málsins, Bragi Steinarsson, vararíkissaksóknari, væri mættur. Klukkan 10:10 var bókað að Einar Bollason hafi komið í dóminn sem vitni, ásamt lögmanni sínum, Ingvari Björnssyni. Bókað var að Einar hafi verið áminntur um sannsögli en jafnframt gætt að 89. gr. laga nr. 74/1974. Framburður hans fyrir dómi var í aðalatriðum í samræmi við fyrirliggjandi framburð hjá lögreglu. Mundi hann eftir því að konan á hæðinni fyrir ofan hafi kvartað undan hávaða og umgangi frá kjallaraíbúðinni að Hamarsbraut 11. Íbúðin hafi verið seld í mars 1974 og hafi Erla flutt út skömmu fyrir afhendingu. Kvaðst Einar hafa tekið dót sem hún hafi skilið eftir í íbúðinni og séð um þrif. Sagðist Einar ekki hafa orðið var við neitt sem bent hafi til

³⁰⁸⁹ Dagbók nr. 7, bls. 14.

³⁰⁹⁰ Dagbók nr. 7, bls. 15–16.

³⁰⁹¹ Bls. 3156.

³⁰⁹² Bls. 3157.

³⁰⁹³ Dagbók nr. 7, bls. 17.

³⁰⁹⁴ Dagbók nr. 7, bls. 19.

þess að átök hafi átt sér stað í íbúðinni. Mundi hann hvorki eftir að hafa séð blóðbletti né ljósleitt lak. Vék Einar frá klukkan 11:20 og var dómþingi slitið.³⁰⁹⁵

1597. Sama dag, 27. júní 1977, var dómþing sakadóms Reykjavíkur sett og tekið fyrir sakadómsmálið á hendur ákærðu að því er varðar sakargiftir um hvarf Geirfinns Einarssonar. Bókað var að sækjandi málsins væri mættur. Þá var bókað að Einar Bollason hafi komið í dóminn sem vitni klukkan 10:10, ásamt Ingvari Björnssyni lögmanni sínum. Bókað var að Einari hafi verið kynnt að opinbert mál hafi verið höfðað gegn Kristjáni Viðari, Sævari og Erlu fyrir að hafa bundist samtökum um að bera rangar sakir á hann, Magnús, Sigurbjörn og Valdimar á árinu 1976, um að þeir hafi átt hlut að dauða Geirfinns.³⁰⁹⁶ Greindi hann frá því að slegið hafi í brýnu milli hans og Erlu vorið 1974 þegar hann hafi látið að því liggja við Erlu að hún hafi flýtt fyrir sjúkdómi föður þeirra. Íbúð föður þeirra að Hamarsbraut 11 hafi verið seld í mars sama ár og Erla hafi farið út úr íbúðinni eftir nokkurt þóf. Kvaðst Einar telja að Erla hafi borið óvild til hans vegna þessa.³⁰⁹⁷ Kvaðst hann enga skýringu hafa á því hvers vegna Sævar hafi haldið því fram að hann ætti hlut að dauða Geirfinns. Þá sagðist Einar aldrei hafa heyrt Kristjáns Viðars getið. Vísaði hann til fyrri skýrslna sinna í málinu og staðfesti þær í öllum atriðum. Kvaðst hann ætla að krefjast bóta vegna gæsluvarðhalds að ósekju og óskaði eftir gögnum málsins. Vék hann frá klukkan 11:20. Á sama tíma kom fyrir dóminn sem vitni Magnús Leópoldsson. Bókað var að honum hafi verið kynnt málshöfðun á hendur ákærðu fyrir rangar sakargiftir.³⁰⁹⁸ Kvaðst hann aldrei hafa heyrt mann nefndan sem kallaðist Geiri í Keflavík. Vissi hann ekki til þess að nein tengsl hafi verið milli Klúbbsins og Geirfinns. Kvaðst Magnús aldrei hafa heyrt nöfn ákærðu nefnd áður en málið kom til sögunnar. Gat hann enga skýringu gefið á tiltæki þeirra að bera hann röngum sökum. Kvaðst hann ætla að gera skaðabótakröfu útaf gæsluvarðhaldi að ósekju. Vék Magnús frá klukkan 11:32. Bókað var að klukkan 11:35 hafi Valdimar Olsen komið í dóminn sem vitni. Bókað var að honum hafi verið kynnt opinber málshöfðun á hendur ákærðu fyrir rangar sakargiftir. Kvaðst hann aldrei hafa heyrt nefndan mann í Keflavík sem kallaður væri Geiri og hafi fengist við ólöglega sölu á áfengi. Sagðist Valdimar aldrei hafa starfað á vegum Klúbbsins. Hann og Magnús væru góðir vinir og hann þekkti Sigurbjörn. Greindi Valdimar frá því að hafa þekkt Erlu og í því sambandi kannast við Sævar en Kristján Viðar hafi hann aldrei heyrt nefndan fyrr en málið kom upp. Sagði hann Erlu hafa verið heimangang á heimili hans og systur hans [HMW]. Vissi hann ekki til þess að ákærðu hafi borið nokkurn kala til hans og vissi hann ekki til þess að hann hafi gert nokkuð á þeirra hlut. Sagði hann lögmann sinn munu annast skaðabótakröfu vegna gæsluvarðhalds að ósekju. Vék hann frá klukkan 11:50.³⁰⁹⁹ Á sama tíma kom Sigurbjörn Eiríksson í dóminn sem vitni. Bókað var að honum hafi verið kynnt ákæra á hendur ákærðu fyrir rangar sakargiftir. Kvaðst hann aldrei hafa heyrt minnst á Geira í Keflavík sem fengist við ólöglega áfengissölu. Þá vissi hann ekki til þess að nein

³⁰⁹⁵ Bls. 2622–2623.

³⁰⁹⁶ Bls. 3158.

³⁰⁹⁷ Bls. 3159.

³⁰⁹⁸ Bls. 3160.

³⁰⁹⁹ Bls. 3161–3162.

tengsl hafi verið milli Geirfinns og Klúbbsins. Þekkti hann ekki ákærðu áður en mál þetta kom upp. Kvaðst hann enga skýringu hafa á því hvers vegna ákærðu hafi borið þá röngum sökum. Sagði hann lögmann sinn munu hafa uppi skaðabótakröfu í hans nafni vegna gæsluvarðhalds að ósekju. Vék hann frá klukkan 12:05 og var dómþingi slitið.³¹⁰⁰

1598. Þriðjudaginn 28. júní 1977 var bókað í dagbók fangelsisins við Síðumúla að Guðjón hafi verið fluttur í blóðrannsókn til Guðsteins fangelsislæknis klukkan 09:05. Bókað var að komið hafi verið með Guðjón til baka klukkan 09:35. Klukkan 10:20 var bókað um komu móður Sævars með sendingu til hans ásamt 5.500 krónum frá Félagsmálastofnun til tóbakskaupa. Bókað var að Guðjón hafi verið færður fram til viðtals við séra Ragnar Fjalar í áheyrn Hellerts.³¹⁰¹ Var Guðjón færður aftur á klefa sinn klukkan 15:30. Bókað var að Hilmar Ingimundarson, verjandi Tryggva Rúnars, hafi farið inn á klefa til Tryggva Rúnars klukkan 20:00. Bókað var að samtali þeirra hafi lokið klukkan 20:30.³¹⁰²
1599. Sama dag var bókað í dagbók vinnuhælisins að Litla-Hrauni að Haraldur Árnason, rannsóknarlögreglumaður hafi komið klukkan 20:25 til að ræða við Kristján Viðar. Bókað var að Haraldur hafi farið klukkan 23:10.³¹⁰³ Rannsóknargögn liggja ekki fyrir um viðtalið.
1600. Miðvikudaginn 29. júní 1977 var bókað í dagbók Síðumúlafangelsisins að Guðjón hafi verið færður fram til viðtals við verjanda sinn, Benedikt Blöndal, klukkan 09:25. Bókað var að Guðjón hafi verið fluttur í sakadóm Reykjavíkur klukkan 09:55. Komið var til baka með hann í fangelsið klukkan 12:35 en hann fluttur aftur klukkan 13:27. Klukkan 13:40 var bókað að rannsóknarlögreglumennirnir Jónas Bjarnason og Halldór Sigurðsson hafi komið til að fá Sævar Marinó lánaðan, eins og það var orðað í færslunni. Bókað var að þeir hafi komið til baka með Sævar klukkan 15:00.³¹⁰⁴ Klukkan 19:10 var bókað að Benedikt Blöndal, verjandi Guðjóns, hafi komið til viðtals við hann. Bókað var að Benedikt hafi farið klukkan 19:45.³¹⁰⁵
1601. Sama dag var dómþing sakadóms Reykjavíkur háð og tekið fyrir sakadómsmálið á hendur ákærðu vegna sakargifta um hvarf Geirfinns Einarssonar. Bókað var að Bragi Steinarsson, vararíkissaksóknari, væri mættur af hálfu ákærvaldsins. Klukkan 10:10 kom Guðjón í dóminn ásamt skipuðum verjanda sínum, Benedikt Blöndal. Bókað var að Guðjóni hafi verið kynnt sakarefnið. Kvaðst hann ekki vilja viðurkenna það að svo stöddu.³¹⁰⁶ Greindi hann frá fyrstu kynnum sínum af Sævari og Erlu en kvaðst ekki hafa séð Kristján Viðar áður en mál þetta kom til sögunnar. Greindi Guðjón frá því að hafa hitt Sævar einstöku sinnum sumarið 1974 svo að um kunningsskap þeirra á milli hafi verið að ræða. Einhvern tímann í nóvember 1974 hafi Sævar komið heim til hans

³¹⁰⁰ Bls. 3162–3163.

³¹⁰¹ Dagbók nr. 7, bls. 21.

³¹⁰² Dagbók nr. 7, bls. 22.

³¹⁰³ Dagbók Litla-Hrauns, DA/34, örk 1, bls. 134.

³¹⁰⁴ Dagbók nr. 7, bls. 23.

³¹⁰⁵ Dagbók nr. 7, bls. 24.

³¹⁰⁶ Bls. 3164.

á Land Rover bifreið sem hann var þá nýbúinn að kaupa. Kvaðst Guðjón ekki vita hver hafi ekið bifreiðinni. Hann hafði þá ekki hitt Sævar í um tvo mánuði. Sagðist Guðjón ekki geta sagt til um hvort þetta hafi verið 14. nóvember 1974. Þá hafi Sævar komið í einhver skipti á vinnustað hans hjá Bókaútgáfu Menningarsjóðs. Kvaðst Guðjón ekki treysta sér til að svara því fyrir víst hvenær Sævar hafi minnst á það fyrst við hann að fara til Keflavíkur. Var hann þá spurður hvort það hafi verið 18. nóvember 1974 og bókað að Guðjón hafi sagst ekkert geta um það sagt. Sagði hann það geta verið að hann hafi hitt Sævar og Erlu þann dag klukkan 17:00 á Mokka, en mundi Guðjón ekki eftir því að þá hafi verið minnst á Keflavíkurfirðina. Hann hafi farið með þeim frá Mokka heim til sín að Ásvallagötu á Land Rover bifreið þeirra.³¹⁰⁷ Sævar hafi komið inn og fengið að nota símann en Erla beðið í bifreiðinni. Tók Guðjón fram að hann væri ekki öruggur um að þetta hafi verið 18. nóvember 1974. Þá tók hann fram að dagsetningin 14. nóvember væri ekki komin frá honum. Orðrétt var bókað: „Ákærði er spurður um það, hvaðan dagsetningin sé komin og nefnir hann í því sambandi Karl Schütz, Grétar Sæmundsson og Erlu Bolladóttur. Ákærði kveðst aldrei hafa haft neitt undir höndum til þess að glöggva sig á dagsetningum þrátt fyrir beiðni hans í þá veru.“ Sævar hafi hringt tvö símtöl en Guðjón kvaðst ekki hafa hlustað. Kvaðst hann ekki þora að fullyrða fyrir víst hvort Sævar hafi sagt: „Hvað er símanúmerið hjá honum?“ Sagði hann það vel mega vera að Sævar hafi spurt um eitthvað til að skrifa á og hann hafi látið Sævar fá miða. Kvaðst Guðjón ekki þora að fara með hvort Sævar hafi látið hann fá miðann aftur og að þá hafi staðið á honum símanúmer. Sagði hann það ekki ljóst fyrir sér hvort Sævar hafi beðið hann að geyma miðann og hann stungið honum í vasann. Vildi Guðjón ekki fullyrða að Sævar hafi þarna minnst á Keflavíkurfirð en hann hafi einhvern tímann á þessum dögum nefnt firðina og eitthvað stand með spíra í því sambandi. Mundi Guðjón að Sævar hafi sagst þurfa að hitta mann í Keflavík, en hafi ekki nefnt hann á nafn.³¹⁰⁸ Mundi Guðjón ekki eftir því að Sævar hafi nefnt Klúbbinn í því sambandi. Bókað var að Guðjóni hafi þá verið bent á að hann hafi í fyrri skýrslum sagt að Sævar hafi nefnt Klúbbinn og honum skilist að Sævar hafi hitt manninn þar. Bókað var að af þessu tilefni hafi Guðjón skýrt svo frá að hann þyrði ekki að fara með það hvort Sævar hafi nefnt Klúbbinn eða eitthvað annað veitingahús, en hann hafi nefnt einhvern mann sem hann hefði hitt á veitingahúsi. Kvaðst Guðjón ekki halda að Sævar hafi sagt manninn úr Keflavík. Bókað var að Guðjóni hafi verið bent á framburð hans um að Sævar hafi talað um mann sem hann hafi hitt í Klúbbinum og þyrfti að hitta aftur í Keflavík. Kvaðst Guðjón þá ekki þora að fara með þetta til neinnar hlítar. Orðrétt var bókað í sakadómsbókina: „Er hér var komið sögu telur dómsformaður rétt að ákærði sé spurður beinna spurninga um hver einstakt atriði. Í framhaldinu var skýrslutakan endurtekin með beinum spurningum og svör Guðjóns orðrétt bókuð. Var framburður hans í aðalatriðum í samræmi við það sem hafði verið bókað eftir honum þennan dag. Orðrétt var bókað í sakadómsbókina: „Nefndi Sævar Marinó í hvaða skyni hann ætlaði að hitta manninn? Svar: „Það hefur áður komið fram, að hann hafi ætlað að eiga

³¹⁰⁷ Bls. 3165.

³¹⁰⁸ Bls. 3166.

einhvers konar viðskipti.“ Veit ákærði um hvers konar viðskipti var um að ræða? Svar: „Á þeim tíma, nei.“ Telur ákærði að um heiðarleg viðskipti hafi verið að ræða? Svar: „Ég tel ekkert ólíklegt að þau hafi ekki verið alveg samkvæmt lagabókstaf.“ Nefndi Sævar að hann ætlaði að sækja spíritus til Keflavíkur? Svar: „Hann mun hafa vikið að spíritus nokkrum dögum áður.“ Telur ákærði að Sævar Marinó hafi átt annað erindi við manninn? Svar: „Mér er ókunnugt um það.“ Bað Sævar ákærða að leggja fram peninga í sambandi við ferðina? Svar: „Nei.“ Féllst ákærði á að fara í ferðina með Sævari, er hann nefndi það við hann? Svar: „Nei.“ Sagði ákærði Sævari Marinó, að hann gæti hitt sig að Lambhól við Starhaga kvöldið eftir? Svar: „Mig minnir að ég hafi e.t.v. talað um að ég myndi skreppa þangað eftir kvöldmat.“ Hafði Sævar Marinó sagt ákærða að hann ætlaði til Keflavíkur að kvöldi 19. nóvember? Svar: „Hann mun ekki hafa sagt ákveðið um það við mig, eða ekki minnst ég þess.“ Á hvaða tíma var ákærði Sævar Marinó heima hjá ákærða að Ásvallagötu 46 18. nóvember? Svar: „Það var á tímanum frá kl. 17:10 til 17:25 eða 17:30.“ Fór ákærði að Lambhól við Starhaga að kvöldi 19. nóvember? Svar: „Ég segi eins og ég hef áður sagt, ég hef ekki fengið tækifæri til að glöggva mig á dagsetningum.“³¹⁰⁹ Í beinu framhaldi var orðrétt bókað í sakadómsbókina: „Ákærða er bent á að í rannsóknarlögregluskýrslu 25. janúar 1977 segi orðrétt: „Daginn eftir þann 19/11 1974 fór ég (ákærði) að heiman frá mér á Fiat bifreið tengdamóður minnar að Lambhól við Starhaga til [RafG]. Kl. mun þá hafa verið 20.00 – 20.30.“ Er þetta rétt sem að framan greinir? Svar: Ég get ekki svarað spurningunni, þar sem ég hef ekki fengið í hendur þau gögn, sem ég hef óskað eftir, til þess að geta ákveðið nánar þær dagsetningar og tímasetningar, sem hér ber á góma svo sem útvarpsdagskrá fyrir nóvembermánuð, staðfestingu á bókamarkaði Menningarsjóðs höldnum í Grindavík í nóvembermánuði og sjónvarpsdagskrá fyrir þann sama mánuð.“ Áfram var bókað orðrétt í sakadómsbókina: „Upphaf skýrslu ákærða hjá rannsóknarlögreglu 25. janúar 1977 út að setningunni: „Ég var búinn að dvelja talsverða stund hjá [RafG].“ er nú lesið í heyranda hljóði. Ákærði kveður skýrsluna í mörgum atriðum ekki rétta, bæði tímasetningar og setningar, sem eftir honum eru hafðar. Ákærða er bent á að hann hafi í dómi 31. janúar 1977 lýst málsatvikum sjálfstætt og hafi framburður hans verið í samræmi við skýrslu hans hjá rannsóknarlögreglunni 25. s.m. Þá hafi ákærði lesið skýrsluna yfir, sagt að þar væri rétt eftir sér haft, og staðfest undirskrift sína. Ákærði kannast við að hafa lýst skýrsluna rétta í þinghaldi 31. janúar 1977. Ákærði er spurður um hver sé ástæðan til breytinga hans á skýrslunni nú. Ákærði tekur fram, að skýrslan sé ákaflega götött. Hafi hann og rannsóknarlögreglumaðurinn sem skýrsluna sömdu ekki talið sig geta gert betur.“³¹¹⁰ Vék Guðjón frá klukkan 12:20. Bókað var að hann hafi komið fyrir dóminn að nýju klukkan 13:40. Lét dómurinn þess getið með bókun að aflað hafi verið dagskráa sjónvarps og útvarps frá því í nóvember 1974. Bókað var að Guðjón fengi þær til athugunar. Kvaðst hann vilja fá lengri frest til að athuga skrárnar. Í sakadómsbókina voru bókaðar beinar spurningar og orðrétt svör Guðjóns við þeim. Guðjón kannaðist við að hafa farið að Lambhóli í nóvember 1974 en gat ekki sagt

³¹⁰⁹ Bls. 3169.

³¹¹⁰ Bls. 3170.

hvaða dag það hafi verið. Sævar hafi komið þar að ásamt Erlu. Orðrétt var bókað: „Var einhver maður með Erlu og Sævari? Svar: „Þetta er það atriði, sem mér hefur gengið einna erfiðast að átta mig á. Mig minnir það nokkuð fastlega að þarna hafi verið einhver þriðji maður.“ Aðspurður hvernig hann hafi farið frá Lambhóli kvaðst Guðjón hafa farið á Fiat bifreiðinni og minnti hann að Sævar hafi komið með honum. Sagðist hann ekki hafa tekið eftir bifreiðinni sem Erla og Sævar komu á. Aðspurður hvert hann hafi ekið sagðist Guðjón hafa ekið heim til sín. Spurður hvort Sævar hafi minnst á það við hann á leiðinni að hann færi til Keflavíkur og myndi aka bifreiðinni sagði Guðjón það kunna að vera, en hann hafi aðallega minnst á þetta á Ásvallagötu 46. Sævar hafi nefnt það fyrir utan heimili hans að hann treysti Erlu ekki til að aka. Orðrétt var bókað í framhaldinu: „Hverju svaraði ákærði, er Sævar bað hann að aka til Keflavíkur? Svar: „Ég taldist undan ferðinni.““ Aðspurður hvort hann muni eftir því að stöðvað hafi verið á horni Bræðraborgarstígs sagði Guðjón að Ásvallagata 46 væri annað hús frá því horni. Hann hafi stöðvað þar, en Erla hafi stöðvað við verslun sem væri á horni Bræðraborgarstígs og Ásvallagötu. Aðspurður hvernig bifreið Erla hafi verið á sagði Guðjón hana hafa verið á ljósblárrí Volkswagen bifreið. Bókað var að Guðjón hafi verið spurður hvort hann hafi tekið ákvörðun um Keflavíkurferðina. Sagðist hann ekki fullkomlega hafa gert það. Var Guðjóni þá bent á að hann hafi fullyrt það í lögregluskýrslu. Orðrétt var bókað eftir honum: „Ég er ekki viss um réttmæti þessarar fullyrðingar minnar og styð það við það, að ég hélt áfram á minni bifreið.“³¹¹¹ Spurður hvert hann hafi ekið frá Ásvallagötu og hvort Sævar hafi verið með honum í bifreiðinni kvaðst Guðjón vísa til lögregluskýrslu um það efni. Orðrétt var bókað: „[E]n þar er haft eftir vitni að ég hafi komið þangað á bifreiðinni og skilið hana þar eftir. Ég er ekki viss um réttmæti þess. Ég held ekki að Sævar hafi verið með mér í bifreiðinni.“ Aðspurður hvort hann hafi séð Volkswagen bifreiðina á Vatnsstíg kvaðst hann ekki hafa neinu að bæta við lögregluskýrsluna. Þá mundi hann aðspurður ekki eftir sendibifreið á Vatnsstíg. Orðrétt var bókað í beinu framhaldi: „Lesið er nú upp úr lögregluskýrslu frá 25. janúar s.l. um það, er ákærði hefur greint frá, er hann kom á Vatnsstíg. Ákærði er spurður um þetta og svar hans er: „Einhvern veginn urðum við að hafa þetta, við sem settum saman skýrsluna.“ Aðspurður hvert hann hafi farið í framhaldinu sagði Guðjón að ef þetta væri rétt þá hafi hann farið á Volkswagen bifreiðinni og þá tekið við stjórn hennar. Nánar aðspurður um sendibifreiðina skýrði Guðjón orðrétt frá: „Það kann vel að vera að þarna hafi verið sendibifreið jafnvel fleiri en ein. Ég man ekki til að ég veitti athygli neinni sendiferðabifreið, sem tengdist ferðalaginu til Keflavíkur.“³¹¹² Aðspurður hvort Volkswagen bifreiðin hafi verið frá bílaleigu sagði Guðjón að hann teldi það víst, en þó hafi hún getað verið lánsbifreið. Kvaðst hann hafa stungið upp á bílaleigunni Geysi en sagðist ekki hafa neitt fyrir sér í því. Aðspurður hverjir hafi verið í Volkswagen bifreiðinni sagði Guðjón að Sævar hafi setið í framsæti, Erla í aftursæti og hjá henni maður sem hann hafi ekki þekkt. Bókað var að honum hafi verið sýnd mynd af Kristjáni Viðari. Greindi Guðjón frá því að honum hafi verið sýndur Kristján Viðar í fyrsta skipti í fangelsinu í Síðumúla í má

³¹¹¹ Bls. 3173.

³¹¹² Bls. 3174.

1976. Var hann í framhaldinu spurður hvort hann hafi setið í aftursætinu. Kvaðst Guðjón hafa gefið manninum lítinn gaum og hann hafi lítið eða ekkert talað. Orðrétt var bókað: „Það hlýtur að hafa verið að þetta hafi verið Kristján.“³¹¹³ Í framhaldinu var bókað í sakadómsbókina: „Hvernig var veður? Svar: „Norð-vestlæg átt, svalt og gekk á með skúrum. Ég byggi upplýsingarnar um veðrið á því, sem Grétar Sæmundsson sagði mér.“ Minntist Sævar á sendiferðabifreið á leiðinni? Svar: „Já, á Jófríðarstaðahæð við Hafnarfjörð gáði hann út um rúðu bifreiðarinnar og spurði hvort það sæist til hennar. Svaraði hann síðan sjálfum sér, að þarna væri hún. Átti hann við einhverja bifreið, sem var fram undan á móts við Álverið. Ég sá sjálfur ekki bifreiðina, enda var ég gleraugnalaus.“ Bókað var að hlé hafi verið gert á þinghaldinu milli klukkan 15:05 og 15:40. Mundi Guðjón ekki eftir því að farþegar í aftursæti bifreiðarinnar hafi talað en sagði Sævar hafa talað mjög mikið. Greindi Guðjón frá því að Sævar hafi rætt um manninn sem hann ætlaði að hitta. Mundi hann eftir því að Sævar hafi sagt að beita þyrfti manninn fullri hörku ef með þyrfti. Þá hafi Sævar haft orð á því að láta manninn hverfa. Kvaðst Guðjón hafa litið á þetta eins og hvern annan barnaskap og ekki tekið þessu alvarlega. Kannaðist Guðjón ekki við að búið hafi verið að bjóða manninum peninga en hann hafi ekki tekið neinum sönsum og því yrði að gera það sem hafi verið ákveðið. Sagðist Guðjóni ekki hafa verið erindið ljóst en allt benti til þess að það hafi verið spíraviðskipti og vísaði hann til þess sem síðar hafi komið fram í málinu. Greindi Guðjón frá því að sendibifreiðin hafi verið lagt skömmu áður en komið var til Njarðvíkur. Sævar hafi farið út úr bifreiðinni og tekið ökumann sendibifreiðarinnar tali. Kvaðst Guðjón aðeins hafa séð á höfuð mannsins og sagði hann hafa sérkennilegt hár, liðað og rauðbleikt. Maðurinn hafi verið grannleitur. Sagðist Guðjón ekki vita hvað hafi farið þeim á milli. Ekið hafi verið af stað og hafi Sævar ráðið ferðinni. Mundi Guðjón eftir því að ekið hafi verið fram hjá bíóinu við aðalgötuna en fólk hafi verið á ferli þar fyrir utan. Taldi Guðjón að hlé hafi verið í bíóinu. Minnti hann að Sævar hafi sagt við farþegana í bifreiðinni að beygja sig niður. Kvaðst Guðjón ekki geta tímasett þetta og óskaði eftir því að tímasetningar yrðu látnar bíða þar til síðar. Kvaðst Guðjón vera ókunnugur Keflavík. Mundi hann eftir húsi sem var merkt Pípugerð Áhaldahús. Kvaðst hann hafa ekið að því húsi og inn á milli húsa og stöðvað þar. Þar hafi Sævar og maðurinn í aftursætinu farið út úr bifreiðinni. Sagðist Guðjón hafa beðið þarna í einhvern tíma en snúið svo við og ekið nokkurn spöl til baka. Rámaði hann í að hafa þá séð sendibifreiðinni ekið meðfram rauðu löngu húsi sem var á fjörukambinum, áleiðis inn í Dráttarbrautina, en um Dráttarbrautina hafi hann ekki vitað fyrr en síðar. Eftir nokkra stund hafi Kristján Viðar og Sævar komið til baka. Mundi Guðjón eftir því að æsingur hafi verið í Sævari vegna þess að tíminn hafi verið orðinn of naumur til að hitta manninn og hann ef til vill farinn. Eins hafi Sævar talið þá vera komna of nálægt lögreglustöðinni. Kvaðst Guðjón þó ekki viss um að hið síðarnefnda hafi verið haft á orði. Næst hafi verið ekið að bensínstöð og fór Sævar þangað inn og keypti eitthvað. Kvaðst Guðjón ekki vita hvort Sævar hafi ætlað að hringja þarna, en hann hafi haft orð á því að mikið af fólki hafi verið þar inni. Lýsti Guðjón leiðinni sem ekin var að annarri bensínstöð þar sem Guðjón kvaðst hafa

³¹¹³ Bls. 3175.

tekið bensín sem Sævar hafi greitt fyrir. Því næst hafi verið ekið að Hafnarbúðinni og numið staðar. Kvaðst Guðjón aldrei áður hafa heyrt Hafnarbúðina nefnda og ekki hún hafi ekki verið nefnd á nafn þarna. Taldi Guðjón að hann hafi stöðvað um 100 til 200 metra frá Hafnarbúðinni. Minnti hann að Sævar og Kristján hafi farið þar úr bifreiðinni. Mundi hann ekki eftir því að Kristján hafi átt að hringja. Þá mundi Guðjón ekki eftir því að Sævar hafi látið hann fá miða áður en farið var til Keflavíkur. Var hann þó ekki frá því að minnst hafi verið á einhvern miða áður en Kristján Viðar og Sævar fóru úr bifreiðinni. Kvaðst Guðjón ekkert vita hvert Sævar og Kristján Viðar fóru. Giskaði hann á að þeir hafi verið í burtu í um 10 mínútur. Hvorugur þeirra hafi minnst á að hringt hafi verið í manninn þegar þeir komu til baka. Minnti Guðjóni þó að annar hvor þeirra hafi sagt eitthvað á þá leið: „Hann kemur.“ Giskaði Guðjón á að aðrar 10 mínútur hafi liðið þar til maður sem hann hafi ekki þekkt hafi komið að bifreiðinni. Sævar hafi þá farið út og hleypt honum inn í aftursæti bifreiðarinnar. Sagði Guðjón að orðin „hann kemur“ gætu allt eins hafa verið sögð þegar maðurinn var að koma að bifreiðinni og taldi Guðjón að það hafi verið Sævar sem sagði þau. Bókað var að lesið hafi verið í heyranda hljóði úr skýrslu Guðjóns hjá rannsóknarlögreglu sem fjallaði um það efni sem hafði verið rakið. Kvaðst Guðjón staðfesta skýrsluna með framangreindum breytingum. Vék hann frá klukkan 17:10 og var dómþingi slitið.³¹¹⁴

1602. Meðal gagna málsins liggur fyrir framangreind sjónvarpsdagskrá Ríkisútvarpsins fyrir þriðjudaginn 19. nóvember 1974. Klukkan 20:40 umrætt kvöld var sýndur fimmti þáttur ítalskrar framhaldsmyndar með nafninu „Hjónaefnin“. Var efni fjórða þáttar reifað í dagskránni. Klukkan 22:00 var sýnd bresk-kanadísk fræðslumynd með heitinu „Sumar á norðurslóðum – Íþróttamenn við ysta haf.“ Næst á eftir, klukkan 22:25 var sýndur fréttaskýringaþátturinn „Heimshorn“ í umsjón [SD]. Voru dagskrárlok klukkan 23:00.³¹¹⁵
1603. Þennan dag birtist frétt á forsíðu Dagblaðsins undir fyrirsögninni: „Réttarhöld í Geirfinnsmálinu á lokastigi: Rauðhólar ekki rétti staðurinn – segir einn gæzlufanganna.“ Í fréttinni kom fram að einn ákærðu í málinu hafi fullyrt að lík Geirfinns hafi aldrei verið flutt í Rauðhóla heldur dysjað á sorphaugum Hafnarfjarðar. Einnig hafi komið fram að lík Guðmundar Einarssonar væri jafnvel þar líka. Lík Geirfinns hafi aldrei verið flutt til Reykjavíkur heldur hafi það verið flutt beint á sorphaugana. Fram kom að hafa bæri það í huga að margsinnis áður hefðu ákærðu bent á nýja staði. Þá sagði að réttarhöld í Geirfinnsmálinu hafi staðið látlaust yfir undanfarnar vikur fyrir luktum dyrum og málflutningur færi fram um haustið.³¹¹⁶
1604. Fimmtudaginn 30. júní 1977 var bókað í dagbók fangelsisins við Síðumúla að Guðjón hafi verið fluttur í sakadóm Reykjavíkur klukkan 09:45. Komið var með hann til baka klukkan 12:25. Var Guðjón fluttur aftur í sakadóm klukkan 13:50. Klukkan 17:20 var bókað að komið hafi verið með Guðjón úr sakadómi.³¹¹⁷

³¹¹⁴ Bls. 3179–3180.

³¹¹⁵ Bls. 2719_A.

³¹¹⁶ Bls. 2719.

³¹¹⁷ Dagbók nr. 7, bls. 26.

1605. Sama dag var bókað í dagbók vinnuhælisins að Litla-Hrauni að rannsóknarlögreglan í Reykjavík hafi komið klukkan 11:00 og sótt Kristján Viðar. Bókað var að þeir hafi komið með hann aftur klukkan 13:00.³¹¹⁸ Rannsóknargögn liggja ekki fyrir um ferðir Kristjáns Viðars.
1606. Þennan dag var dómþing sakadóms Reykjavíkur háð og tekið fyrir sakadómsmálið á hendur ákærðu að því er varðar sakargiftir vegna hvarfs Geirfinns Einarssonar. Bókað var að sækjandi málsins væri mættur. Klukkan 10:00 var bókað að Guðjón væri mættur ásamt skipuðum verjanda sínum, Benedikt Blöndal. Bókað var að Guðjóni hafi verið sýndar myndir af Geirfinni. Kvaðst hann ekki treysta sér til að segja til um hvort myndirnar væru af manni þeim sem hafi komið upp í bifreiðina. Kvaðst Guðjón ekki hafa tekið eftir hvernig hann var klæddur. Orðrétt var bókað: „Lýsing sú, sem hann hefur gefið af klæðnaði mannsins er eftir frétt í Morgunblaðinu.“ Minntist Guðjón þess ekki að maðurinn hafi kynnt sig eða nafn hans hafi verið nokkurn tíma nefnt. Gat Guðjón ekki fullyrt um hvort maðurinn hafi verið Geirfinnur Einarsson, en sagðist að svo stöddu ekki hafa ástæðu til að efa það. Sagði Guðjón að eingöngu Sævar hafi rætt við Geirfinn. Mundi hann ekki nákvæmlega samtali þeirra en vísaði til skýrslu sinnar hjá rannsóknarlögreglu um það atriði. Bókað var að farið hafi verið yfir skýrsluna um þetta atriði. Sagði hann það rétt að þeir hafi rætt um spíra og reynt að fá upplýsingar hjá hvor öðrum.³¹¹⁹ Kvaðst Guðjón hafa sagt, líkt og fram komi í skýrslunni, að Sævar hafi boðið Geirfinni peninga gegn því að fá spíra eða upplýsingar um spíra. Vissi Guðjón ekki hvað hafi orðið af peningunum. Tók hann fram að á þessari stundu hafi ekki hann haft neina vitneskju um kynni Geirfinns og Sævars né fyrri samskipti þeirra. Einhver misskilningur hafi orðið um spírann, annaðhvort að Geirfinnur hafi talið Sævar ekki vera þann mann sem hann hafi átt að vera eða þá að hann hafi ekki vitað um geymslustað spírans. Mundi Guðjón ekki eftir að nafn Magnúsar Leópoldssonar hafi verið nefnt. Eitthvað þjark hafi orðið um þetta en það hafi ekki staðið í langan tíma. Geirfinnur hafi ekki beðið um að fá að fara út úr bifreiðinni. Sævar hafi ákveðið að ekið yrði í Dráttarbrautina. Orðrétt var bókað í sakadómsbókina: „Ákærði kveður það nærri lagi að ekið hafi verið inn á plan norðan við Dráttarbrautarhúsið, síðan niður með því og stöðvað á móts við stefni báta, er voru í slippnum sunnudaginn 23. janúar s.l.“ Greindi Guðjón frá því að þegar stöðvað hafi verið í Dráttarbrautinni hafi ekki verið komið á samkomulag milli Sævars og Geirfinns. Vissi Guðjón ekki hvort þeir hafi farið strax út úr bifreiðinni, en hann taldi líklegt að hann hafi slökkt ljósin eftir að hafa stöðvað vélina. Kvaðst hann hafa farið vinstra megin út úr bifreiðinni, en farþegarnir hægra megin. Sævar hafi farið fyrstur út. Taldi hann að Geirfinnur og Kristján Viðar hafi farið út úr bifreiðinni á undan sér en Erla orðið eftir. Bókað var í sakadómsbókina að lesið hafi verið úr skýrslu Guðjóns hjá rannsóknarlögreglunni um þessi atriði. Kvað Guðjón það rétt með framangreindum breytingum. Síðan tók hann fram að ekki væri gott að segja til um tímenn. Taldi Guðjón að hann hafi komið langseinastur út úr bifreiðinni. Mundi hann ekki eftir neinum orðaskiptum og engin átök hafi þá verið byrjuð. Mundi Guðjón ekki eftir því að hafa blandað sér í samræður

³¹¹⁸ Dagbók Litla-Hrauns, DA/34, örsk 1, bls. 138.

³¹¹⁹ Bls. 3180–3181.

við Geirfinn. Sagði hann það hafa verið tilgátu frá sér að Geirfinnur hafi veist að sér með orðum og hann orðið ofsalega reiður. Taldi Guðjón það ekki rétt hjá sér að hann hafi reiðst Geirfinni. Þorði hann ekki að staðhæfa að Geirfinnur hafi ætlað í burtu, en hann tekið í öxl hans og stöðvað hann. Mundi Guðjón ekki eftir að hafa sagt um Geirfinn: „Við skulum taka hann í gegn.“ Mundi Guðjón ekki eftir því að hafa lent í tuski við Geirfinns og náð á honum hálstaki. Orðrétt var bókað: „Ákærði kveður Karl Schütz hafa sagt sér þetta og haft eftir Kristjáni Viðari. Ummæli Schütz voru sem hér segir: „Der Kristján hat mir gesagt das er hat von ihnen einen Halsgriff übernommen.“ Mundi Guðjón ekki eftir því að hafa fellt Geirfinn til jarðar og hann hafi dasast við það. Bókað var að Guðjón hafi sagst ekki geta lýst þætti Kristjáns Viðars og Sævars í átökunum. Mundi hann ekki eftir að barefli hafi verið notað. Orðrétt var bókað eftir Guðjóni í sakadómsbókina: „Ég get ekki lýst þessum atburðum sem urðu þarna svo nokkurt lag né vit sé í og hef alltaf haldið mig við það. Í síðustu viðræðum okkar Karls Schütz sagði hann mér frá ákveðnum þáttum í átökum, sem þarna hefðu átt sér stað, en ég hef ekki séð.“ Taldi Guðjón sig, eftir á að hyggja, muna eftir því augnabliki þegar Geirfinnur hafi fallið til jarðar, en kvaðst ekki vita með hvaða hætti það hafi gerst. Honum hafi verið ljóst að Geirfinnur hafi verið látinn. Mundi hann ekki hvernig Geirfinnur hafi legið og mundi ekki eftir að hafa séð áverka á honum. Mundi Guðjón ekki eftir að hafa orðið þess var að sparkað hafi verið í Geirfinn eftir að hann hafi verið fallinn. Vissi Guðjón ekki um dánarorsök Geirfinns og gat ekki sagt til um hvort Geirfinnur hafi beðið bana í átökum við þá þrjá. Gat hann enga grein gert fyrir því hvort hann hafi vikið af staðnum eftir átökin. Bókað var að skýrsla Guðjóns hjá rannsóknarlögreglu um þessi atriði hafi verið lesin í heyranda hljóði sem og framburður hans fyrir dómi 30. janúar 1977. Bókað var að einnig hafi verið lesið upp úr handriti ákærða um átökin dagsett 14. desember 1976, sem hafi verið sagt til uppfyllingar á fyrri skýrslum. Var Guðjón spurður hvort það væri rétt sem hann hafi skýrt rannsóknarlögreglu frá um átökin og síðan staðfest í dómi svo og það sem hann hafi skrifað 14. desember 1976 í Síðumúla. Orðrétt var bókað eftir Guðjóni. „Mér var það ljóst frá upphafi að ég var í þeirri hættulegu aðstöðu að geta játað öllu eða neitað öllu um þessa atburði. Ég mundi ekkert sjálfstætt og gat sjálfur enga grein gert mér fyrir því, hvað gerst hafði, hvorki fyrir mínum þætti né annarra, sem þarna voru.“³¹²⁰ Þá var Guðjón spurður hvort það væri rangt eða rétt sem fram kæmi í skýrslunum. Bókað var orðrétt í sakadómsbókina: „Ákærði treystir því að rannsóknarlögreglumenn og herra Karl Schütz hafi ekki vísvitandi farið með rangt mál við ákærða í ýmsum þeim lýsingum, sem þeir gáfu honum, sem áttu að hafa gerst á umræddum stað og á umræddum tíma.“ Bókað var að Guðjón hafi kannast við undirritun sína á lögregluskýrslu frá 25. janúar 1977. Bókað var að hann hafi aðspurður kannast við að hafa skrifað handrit dagsett 14. desember 1976. Sagði Guðjón það þó einungis hafa verið umræðugrundvöll, en aldrei til notkunar sem dómskjál. Kvaðst Guðjón hafa afhent Grétari Sæmundssyni mörg sams konar plögg. Kvaðst Guðjón ekki frá því að hafa séð sendibifreið í Dráttarbrautinni, en sagðist ekki vita hvar hún hafi verið. Bókað var að honum hafi verið sýnd sendibifreið sem talið væri að hafi verið í

³¹²⁰ Bls. 3184.

Dráttarbrautinni. Kvaðst Guðjón ekki geta sagt um hvort um sömu bifreið hafi verið að ræða. Orðrétt var bókað í sakadómsbókina: „Ákærði tekur fram að sé um sömu bifreið að ræða hafi ekki verið á henni rauðar rendur á hliðum, né framstuðari rauður né heldur Í-númer. Ákærði telur að R-númer hafi verið á bifreiðinni.“ Vék Guðjón frá klukkan 12:00. Bókað var að þinghaldinu hafi verið framhaldið klukkan 14:10 og var Guðjón þá bókaður mættur í dóminn að nýju.³¹²¹ Bókað var að Guðjón hafi vakið athygli dómsins á því að þetta væri í fyrsta sinn sem hann kæmi fyrir dóm þar sem farið væri ofan í hvert einstakt smáatriði og þau rakin lið fyrir lið. Kvaðst Guðjón ekki muna hvað hafi verið gert við lík Geirfinns og sagði hann það vera sér stórlega til efs að líkið hafi verið sett inn í Volkswagen bifreiðina og flutt til Reykjavíkur. Kvaðst hann ekki hafa orðið var við Erlu eftir átökin. Ekki hafi verið minnst á það hvert hún hafi farið. Mundi Guðjón ekki eftir því að leitað hafi verið að henni og kannaðist ekki við að hafa lagt áherslu á að það yrði gert. Kvaðst hann ekki hafa orðið var við lík Geirfinns í bifreiðinni eða kápu Erlu. Sagðist Guðjón ekkert geta sagt til um hvenær sendibifreiðin hafi farið á brott. Hann hafi ekið bifreiðinni til Keflavíkur og minnti að Sævar hafi verið við hlið hans, en Kristján Viðar í aftursætinu. Vísaði Guðjón til lögregluskýrslu um það sem hafi gerst á leiðinni til Reykjavíkur. Bókað var að lesið hafi verið upp úr lögregluskýrslu um það sem Guðjón hafi greint frá um brottförina úr Dráttarbrautinni og ferðina til Reykjavíkur. Orðrétt var bókað í sakadómsbókina: „Ákærði kveður sér vera til efs hvort þetta er rétt.“ Bókað var að Guðjón hafi verið sérstaklega spurður um hvort hann minntist þess að Sævar hafi slegið á öxl hans og sagt hann vera samsekan um morð og síðan bætt við orðunum: „sástu ekki hvað við gerðum við manninn?“³¹²² Taldi Guðjón sig muna eftir þessum orðaskiptum. Bókað var að í skýrslu hans segði að lík Geirfinns hafi verið í bifreiðinni. Kvaðst Guðjón ekki vilja breyta þessu, en sagði mikinn vafa leika á því frá sínu sjónarmiði að líkið hafi verið í bifreiðinni. Aðspurður kvaðst Guðjón ekki muna eftir því hvort þeir hafi rætt um hvað ætti að gera við líkið. Var Guðjón spurður hvort þessi setning væri rétt sem hafi verið höfð eftir honum í lögregluskýrslu: „Ég man að við töluðum um hvað ætti að gera við líkið.“ Orðrétt var bókað eftir Guðjóni: „Ég hef ekkert fyrir mér í þessu.“ Bókað var í sakadómsbókina að lesið hafi verið upp úr framburði Guðjóns hjá lögreglu um þá staði sem hann og meðákærðu hugðust koma líkinu fyrir. Sagði Guðjón geymslustaðina sem kæmu fram í skýrslunni vera komna frá sér. Tók hann fram að hann gæti ekki gert sér grein fyrir hvort þessir staðir hafi nokkurn tíma komið til umræðu 19. nóvember 1974. Sagði Guðjón framburðinn einnig vera kominn til vegna breytinga sem hafi orðið á rekstri og rannsóknaraðferðum málsins um áramótin 1976, 1977. Kvaðst Guðjón ekkert geta sagt um það hvert hafi verið ekið þegar komið hafi verið til Reykjavíkur, annað en að ekið hafi verið beint að Grettisgötu 82. Mundi Guðjón ekki hver hafi átt hugmyndina að því. Bókað var að lesið hafi verið úr skýrslu Guðjóns hjá rannsóknarlögreglu um aksturinn.³¹²³ Vísaði Guðjón til þess sem fram hafi komið um aksturinn og svo uppástungu hans um að aka til hægri og beygja austur Miklubraut. Aðspurður hvar numið hafi verið staðar við Grettisgötu 82 kvaðst Guðjón

³¹²¹ Bls. 3185.

³¹²² Bls. 3186.

³¹²³ Bls. 3187.

ekki geta borið um það af eigin vitneskju að ekið hafi verið þangað. Kvaðst hann hafa fellt framburð sinn að því sem lýst hafi verið fyrir honum 12. nóvember 1976. Mundi Guðjón ekki eftir því að hafa aðstoðað við að bera líkið úr bifreiðinni niður í kjallarann. Mundi hann ekki eftir að hafa farið inn í kjallarann en sagðist ráma í að hafa farið þaðan út. Orðrétt var bókað í sakadómsbókina: „Ákærði man eftir dálítið sérkennilegum tröppum, sem liggja niður í kjallarann. Ákærði telur sig óljóst muna eftir tveimur miðstöðvarkötlum í kjallaranum. Ákærði treystir sér ekki til að fullyrða um að hvort hann hafi rekist utan í miðstöðvarkatlana, en katlarnir standi dálítið sérstaklega af sér. Ákærði man að hann átti erfitt um gang í kjallaranum vegna myrkurs, pípulagna og ýmissa aðstæðna. Ákærði telur sig muna, en óljóst, að hann hafi séð í bakhlutann á Kristjáni Viðari og Sævari inni í einhverju herbergi í kjallaranum, að ákærða skilst í þvottahúsinu.“ Mundi Guðjón ekki eftir því að hafa séð líkið í kjallaranum en vísaði til skýrslu hjá rannsóknarlögreglu um það hvað meðákærðu hafi aðhafst. Bókað var að skýrsla Guðjóns hjá rannsóknarlögreglu um það sem hann hafi talið sig hafa séð í kjallaranum hafi verið lesin. Kvaðst Guðjón telja það vafasamt að það væri rétt sem hann hafi sagst hafa séð.³¹²⁴ Kvaðst hann ekki hafa meira um það að segja. Kannaðist hann ekki við að hafa séð Kristján Viðar taka muni af líkinu. Þá mundi hann ekki eftir því að hafa farið upp í íbúðina að Grettisgötu 82. Kvaðst Guðjón ekki muna hvað hann hafi dvalið lengi þarna en sagðist hafa farið út bakdyramegin líkt og hann hafi áður greint frá. Mundi hann eftir að hafa dottið um einhvern vegg þar sem hann hafi ekki áttað sig á því að tröppurnar hafi verið til hægri. Aðspurður hvort Kristján Viðar eða Sævar hafi farið með honum á brott sagðist Guðjón ekki muna eftir að Kristján hafi farið með sér en kvaðst ekki þora að fullyrða með Sævar. Bókað var að Guðjón vissi ekki hvar hann hafi skilið Volkswagen bifreiðina eftir en hann væri helst á því að hann hafi skilið hana eftir hjá efnalauginni Úðafossi. Kvaðst Guðjón ekki muna eftir að hafa ekið Fiat bifreiðinni heim um nóttina en taldi líklegt að hann hafi ekið henni frá Vatnsstíg, en hún hafi staðið við heimili hans að Ásvallagötu 46 morguninn eftir. Mundi Guðjón ekki hvað hafi orðið af lyklum Volkswagen bifreiðarinnar. Minnti hann að Sævar hafi talað til sín einhver hughreystingarorð um nóttina og sagt þetta vera allt í lagi og hann skyldi sjá um það sem eftir væri. Bókað var að framburður Guðjóns hjá rannsóknarlögreglu um þessi atriði hafi verið lesinn í heyranda hljóði og kvaðst Guðjón vísa til þess sem hann hafi áður greint frá.³¹²⁵ Kvaðst Guðjón hafa farið í vinnu daginn eftir, 20. nóvember 1974. Að vinnu lokinni klukkan 17:00 hafi hann farið á veitingahúsið Mokka og vísaði hann til skýrslu hjá rannsóknarlögreglu um hvar hann sat og hvað hann var að lesa. Mundi hann eftir því að Sævar hafi komið inn og sagt við hann að nú væri bara að þegja. Sævar hafi ekki sest hjá honum en gengið með honum út. Sævar hafi minnst á einhverja skóflu og spurt hvort hann mætti taka skóflur af heimili hans sem Guðjón var með í láni. Bókað var að Guðjón hafi séð skóflu í dóminum sem var haldlögð af rannsóknarlögreglu. Sagðist Guðjón ekki geta sagt til um hvort um sömu skóflu væri að ræða, en hún væri sams konar og hann hafi fengið lánaða hjá [EJ]. Minnti Guðjóni

³¹²⁴ Bls. 3188.

³¹²⁵ Bls. 3189.

að hin skóflan hafi verið stunguskófla. Greindi Guðjón frá því að sig hafi minnt að skóflurnar hafi verið í ólæstri geymslu á heimili hans. Mundi hann ekki eftir að hafa afhent Sævari skóflurnar og ekki muna eftir að hafa tekið við þeim af honum. Bókað var að framburður Guðjóns hjá rannsóknarlögreglu um þetta atriði hafi verið lesinn í heyranda hljóði. Sagðist Guðjón ekki hafa neitt annað við framburðinn að athuga en að hann viti ekki hvort Sævar hafi tekið skóflurnar.³¹²⁶ Bókað var að Guðjóni hafi verið kynntur framburður Sævars um þetta atriði. Kvaðst Guðjón ekki kannast við það að Sævar hafi fengið lánaða hjá honum skóflu líkt og hann héldi fram. Bókað var að Guðjón neitaði því að hafa átt nokkurn þátt í að flytja lík Geirfinns frá Grettisgötu 82 og grafið það. Meðákærðu hafi ekki nefnt það við hann hvar líkið hafi verið grafið og kvaðst hann ekkert um það vita. Greindi Guðjón frá því að rannsóknarlögreglumenn hafi sagt við hann að Sævar hafi sagst hafa nefnt greftrunarstaðinn við hann. Sagðist Guðjón ekki muna hvenær hann hafi gert það eða hvar. Kvað hann það geta verið að Sævar hafi einhvern tímann nefnt það við hann að blanda Klúbbmönnum í málið ef það kæmist upp. Það hafi verið í Bankastræti þegar hann var að koma frá Mokka. Við sama tilefni hafi Sævar farið fram á að fá skóflu hjá honum. Skýrsla Guðjóns hjá rannsóknarlögreglu um framangreind atriði var lesin í heyranda hljóði. Taldi Guðjón að Sævar hafi aldrei nokkurn tímann sagt það við sig sem fram kom í lögregluskýrslunni. Bókað var að hann hefði ekki annað að athuga við þennan hluta framburðarins. Var niðurlag skýrslu Guðjóns frá 25. janúar 1977 lesið í heyranda hljóði. Orðrétt var bókað: „Ákærði tekur fram, að breyting sú, sem hann hefur gert á skýrslunni nú, sé árétting þeirra niðurlagsorða er þar greinir.“ Bókað var að Guðjóni hafi verið kynnt upphaf skýrslu Sævars hjá rannsóknarlögreglu 15. nóvember 1976.³¹²⁷ Kvað Guðjón það rétt að Sævar hafi hringt í hann tvisvar sinnum 12. desember 1975. Kannaðist hann ekki við að hafa rætt við Sævar um það sem í skýrslunni segði. Sagði Guðjón að ekkert hafi verið minnst á Geirfinnsmálið í símtalinu. Bókað var að skýrsla Erlu hjá rannsóknarlögreglu frá 21. nóvember 1976 hafi verið lesin í heyranda hljóði. Kvaðst Guðjón ekki kannast við að Erla hafi nokkurn tímann hringt í hann og sagðist hann aldrei hafa hringt í hana. Hins vegar hafi Erla komið á heimili hans í janúar 1976 og rætt ýmis mál, svo sem Guðmundarmálið, póstávísanamálið og einnig hafi hún nefnt lítilliga Geirfinnsmálið. Greindi Guðjón frá því að hafa hitt Erlu tveimur til þremur dögum síðar á veitingahúsinu Tröð þar sem hann hafi rætt við hana meðal annars um Geirfinnsmálið all ítarlega. Orðrétt var bókað eftir Guðjóni: „Sagði hún þá sömu sögu og stóð í dagblöðunum með nokkrum viðbótum.“ Kvaðst Guðjón hvorki hafa heyrt né séð af Erlu eftir þetta. Vék hann frá klukkan 16:53 og var dómþingi slitið.³¹²⁸

1607. Dagana 29. og 30. júní 1977, ritaði Guðjón færslur í dagbók sína. Réttarhaldið 29. júní hafi verið óheyrilega þreytandi. Ritaði hann um að Benedikt Blöndal hafi komið til hans um kvöldið og sagt ekkert hafa komið fram. Það væri rétt hjá Benedikt. Orðrétt ritaði Guðjón: „Herra X þykir dularfullur, og vill dómari lítið um hann heyra.“ Í lok

³¹²⁶ Bls. 3190.

³¹²⁷ Bls. 3191.

³¹²⁸ Bls. 3192.

færslunnar ritaði hann um að vera að athuga málskjölin sem hann ætlaði að hafa með sér í þinghaldið daginn eftir. Benedikt hafi sagt honum að þau yrðu þá bara tekin af honum.³¹²⁹ Ritaði Guðjón um að þurfa að rifja upp heimsókn Erlu Bolladóttur og ummæli hennar um Guðmundarmálið fyrir þinghaldið 1. júlí 1977.³¹³⁰

1608. Föstudaginn 1. júlí 1977 var bókað í dagbók fangelsisins við Síðumúla að Guðjón hafi verið fluttur í sakadóm Reykjavíkur klukkan 11:00. Bókað var að komið hafi verið aftur með hann í fangelsið klukkan 13:00. Bókað var að Jón Oddsson, skipaður verjandi Sævars, hafi komið til viðtals við hann klukkan 14:40. Bókað var að Jón Oddsson hafi farið klukkan 15:20. Klukkan 15:55 var bókað um komu Hilmars Ingimundarsonar, skipaðs verjanda Tryggva Rúnars, til viðtals við skjólstæðing sinn. Bókað var að móðir Sævars hafi komið með buxur til hans í mátun klukkan 16:00.³¹³¹
1609. Sama dag var dómþing sakadóms Reykjavíkur sett og tekið fyrir sakadómsmálið á hendur ákærðu að því er varðar sakargiftir vegna hvarfs Geirfinns Einarssonar. Bókað var að sækjandi málsins, Bragi Steinarsson, vararíkissaksóknari, væri mættur í dómnum. Klukkan 10:10 var bókað að [JG], sjónarvottur úr Hafnarbúðinni, hafi komið í dóminn sem vitni. Framburður hans fyrir dómi var í aðalatriðum í samræmi við fyrirbyggjandi framburð hjá lögreglu. Bókað var að vitninu minnti fastlega að afgreiðslustúlkurnar hafi verið í ljósbláum afgreiðslusloppum í umrætt sinn. Vék hann frá klukkan 10:25. Bókað var að klukkan 10:30 hafi [HBI] komið fyrir dóminn sem vitni. Kvaðst hún hafa dvalið mikið að Laugavegi 32 haustið 1974 ásamt [PKKÞ], en Kristján Viðar hafi mikið verið þar. Hún og [PKKÞ] hafi flutt rétt eftir 20. nóvember 1974 en skömmu áður hafi verið hringt til Kristjáns Viðars. Kvaðst hún ekki geta staðhæft hvenær, en sagði það afar líklegt að það hafi verið 19. nóvember 1974. Framburður hennar fyrir dómi var í aðalatriðum í samræmi við fyrirbyggjandi framburð hjá lögreglu. Bókað var að hún hafi unnið eið að framburði sínum. Vék hún frá klukkan 11:00. Bókað var í sakadómsbókina að klukkan 11:05 hafi Guðjón komið í dóminn ásamt skipuðum verjanda sínum, Benedikt Blöndal. Bókað var að honum hafi verið kynntur framburður Sævars um flutninga á líki Geirfinns 21. nóvember 1974. Orðrétt var bókað: „Ákærði kveður framburð Sævars Marinós alrangan að því er hann snerti. Hann hafi engan þátt átt í að flytja lík Geirfinns frá Grettisgötu 82 upp í Rauðhóla og grafa það þar eins og Sævar Marinó heldur fram. Ákærði kveðst ekkert vita hvar lík Geirfinns Einarssonar er niðurkomið. Ákærðu hafi aldrei sagt honum neitt um þetta svo hann muni.“ Vék Guðjón frá klukkan 12:05. Bókað var að klukkan 14:30 sama dag hafi [PKKÞ] komið í dóminn sem vitni. Fram kom að hann teldi öruggt að Kristján Viðar hafi fengið símtal frá Sævari sennilega um klukkan 16:00, 19. nóvember 1974, eða sama dag og Geirfinnur Einarsson hvarf.³¹³² Framburður hans fyrir dómi var í aðalatriðum í samræmi við fyrirbyggjandi framburð hjá lögreglu. [PKKÞ] kvaðst öruggur um að Kristján Viðar hafi sagt sér að Sævar hafi beðið hann um að koma í sjóferð frá Hafnarfirði til að sækja spíra. Greindi hann frá því að

³¹²⁹ Bls. 2723_L.

³¹³⁰ Bls. 2723_L.

³¹³¹ Dagbók nr. 7, bls. 26–27.

³¹³² Bls. 3197.

Kristján Viðar hafi verið sóttur á tímabilinu frá 20:00 til 21:00. Kvaðst vitnið hafa farið út í glugga á vesturgafli hússins að Laugavegi 32 en þaðan sæist niður á Vatnsstíg. Hann hafi gert það til að sjá hvaða maður hafi verið með Kristjáni. Lýsti [PKKP] manningum og sagðist öruggur um að ekki hafi verið um Sævar að ræða. Kristján og maðurinn hafi gengið niður á Vatnsstíg en þar hafi staðið fólksbifreið með farþegum og öikumanni undir stýri. Mundi hann ekki tegund eða lit bifreiðarinnar.³¹³³ Greindi vitnið frá því að honum hafi fundist sem breyting hafi orðið á Kristjáni Viðari eftir ferðina. Hann hafi verið meira inn í sjálfan sig og aukið neyslu á róandi lyfjum. Kristján Viðar hafi helst viljað vera í vímu. Kristján Viðar hafi ekkert viljað ræða ferðalagið við hann. Aldrei hafi hann rætt Guðmundarmálið við hann. Kvaðst hann miða tímasetninguna við það að auglýst hafi verið eftir Geirfinni skömmu eftir að Kristján fór í ferðina. Mundi hann eftir því að [SÓH] hafi komið að Laugavegi 32 einhvern tímann eftir að Sævar hringdi 19. nóvember 1974 til að ræða við Kristján Viðar. Kvaðst [PKKP] ekki vita hvað hafi farið þeim á milli. Orðrétt var bókað í sakadómsbókina: „Vitnið kveðst staðfesta skýrslur sínar hjá rannsóknarlögreglu með áorðnum breytingum. Vitnið kveður misræmi það sem er á milli skýrslu hans hjá rannsóknarlögreglunni og framburðar hans nú, stafa af því, að rannsóknarlögreglumenn þeir, er yfirheyrðu vitnið hafi sett inn í skýrsluna atriði, sem vitnið hafði alls ekki sagt.“ Bókað var að hann hafi unnið eið að framburði sínum. Vék hann frá klukkan 16:00 og var dómþingi slitið.³¹³⁴

1610. Guðjón ritaði orðrétt í dagbók sína þennan dag: „Málið stendur illa fyrir mig. In solidum dómur blasir við. Þó virðist mér dómsforseti hafa ákveðna stefnu í málinu og vill sveigja framburði til samræmis, án tillits til sannleikans. Þó þar sem ég hef ekki nógu miklar upplýsingar get ég fátt fullyrt.“ Ritaði Guðjón um að hætt hafi verið frekari yfirheyrslur en til umræðu hafi verið hvað honum og Erlu hafi farið á milli á Tröð í janúar eða febrúar 1976.³¹³⁵
1611. Sunnudaginn 3. júlí 1977 var bókað í dagbók Síðumúlafangelsisins að Gunnlaugur Briem hafi hringt klukkan 12:30 og spurt um dvalartíma Erlu Bolladóttur í fangelsinu.³¹³⁶
1612. Þennan dag var dómþing sakadóms Reykjavíkur háð og tekið fyrir sakadómsmálið á hendur ákærðu að því er varðar sakargiftir um hvarf Geirfinns Einarssonar. Tók dómurinn fram að samkvæmt upplýsingum sem aflað hafi verið hafi Erla Bolladóttir setið í gæsluvarðhaldi dagana 13. til 20. desember 1975 og 4. maí til 15. september 1976 í fangelsinu við Síðumúla og frá 15. september til 22. desember 1976 hafi hún setið í Hegningarhúsinu.³¹³⁷ Bókun í þingbók kvað á um öfuga röð á fangelsisvistun hennar en um augljósa misritun var að ræða. Bókað var að klukkan 10:10 hafi Erla komið í dóminn ásamt skipuðum verjanda sínum, Guðmundi Ingva Sigurðssyni. Skýrði Erla frá því að hafa farið með Sævari á Mokka um klukkan 17:00 mánudaginn

³¹³³ Bls. 3199.

³¹³⁴ Bls. 3200–3201.

³¹³⁵ Bls. 2723_M.

³¹³⁶ Dagbók nr. 7, bls. 29.

³¹³⁷ Bls. 3202.

18. nóvember 1974. Þar hafi þau hitt Guðjón og Sævar rætt við hann án þess að hún hafi heyrt til. Hún hafi síðan ekið þeim að Ásvallagötu 46. Þeir hafi farið þangað inn, en hún beðið í bifreiðinni á meðan. Sævar hafi ekkert minnst á það við hana hvað þeim hafi farið á milli. Daginn eftir, 19. nóvember 1974, hafi hún og Sævar farið saman á bílaleiguna Geysi þar sem hún hafi fengið bifreið leigða að beiðni Sævars. [GM], sem hafi veitt bílaleigunni forstöðu, hafi látið hana fá bifreiðina og minntist Erla þess ekki að gerður hafi verið skriflegur samningur. Taldi hún að Sævar hafi látið [GM] fá einhverja peninga, en vissi ekki hversu háa fjárhæð. Kvaðst Erla hafa tekið til í íbúð Guðmundar en hann hafi búið á þessum tíma einhvers staðar við Laugarnesveg. Sagðist Erla hafa fengið 1.000 krónur í greiðslu frá honum fyrir tiltektina.³¹³⁸ Kvaðst Erla fyrst hafa ekið á eftir bifreið sem [GM] hafi farið í út á Loftleiðahótel, en staðið hafi til að aka honum eitthvað eftir að hann hefði skilað bifreiðinni af sér, en af því hafi ekki orðið. Sagðist Erla hafa ekið að Hjallavegi 31 þar sem hún og Sævar bjuggu á þessum tíma. Þar hafi þau skilið Volkswagen bifreiðina eftir og haldið rakleiðis á Land Rover bifreið þeirra að Grýtubakka 10 til móður Sævars þar sem þau hafi borðað kvöldmat. Um klukkan 20:00 hafi þau farið ásamt móður Sævars að Kjarvalsstöðum á kvikmyndasýningu. Taldi Erla að sýningin hafi tekið um klukkustund. Að henni lokinni hafi þau ekið móður Sævars strax að Grýtubakka, en haldið síðan rakleitt heim til þeirra á Hjallaveg þar sem þau hafi skipt um bifreið. Þaðan hafi þau ekið heim til Guðjóns að Ásvallagötu 46 þar sem Sævar hafi farið inn.³¹³⁹ Mundi Erla ekki eftir því að Sævar hafi nefnt að hann ætti sérstakt erindi við Guðjón. Guðjón hafi ekki verið heima og þá hafi Sævar sagt henni að aka að Lambhól við Starhaga. Þar hafi Sævar farið úr Volkswagen bifreiðinni og inn í húsið, en hún hafi beðið inni í bifreiðinni á meðan. Eftir skamma stund hafi Guðjón komið með Sævari út úr húsinu. Sævari hafi sagt henni að aka heim til Guðjóns, en hann hafi farið í bifreið með Guðjóni. Kvaðst Erla ekki geta sagt til um hvernig bifreið Guðjóns var. Þá var hún ekki vör við að neinn maður hafi verið með Guðjóni og Sævari. Kvaðst Erla hafa ekið heim til Guðjóns og þeir hafi komið þangað skömmu síðar og farið inn til Guðjóns. Þegar þeir hafi komið út aftur hafi Sævar komið inn í Volkswagen bifreiðina og sagt henni að aka niður á Vatnsstíg. Erla mundi ekki eftir því að Sævar hafi hringt á meðan þau voru stödd að Grýtubakka fyrr um kvöldið, en sagði það þó vel geta verið. Sævar hafi ekki minnst á það við hana að hann hafi hringt heiman frá Guðjóni. Kvaðst Erla hafa stöðvað Volkswagen bifreiðina á móts við hús númer þrjú við Vatnsstíg. Sævar hafi farið strax úr bifreiðinni og sagst ætla að hringja. Kvaðst Erla hafa beðið í bifreiðinni á meðan og ekki fylgst með ferðum Sævars. Sævar hafi komið til baka eftir stutta stund og Kristján Viðar rétt á eftir honum. Mundi hún ekki hvernig hann var klæddur. Bókað var að nánar aðspurð hafi hún sagst telja að Kristján Viðar hafi verið í vínrauðum ullarfrakka sem hann hafi notað mjög mikið.³¹⁴⁰ Orðrétt var bókað: „Ákærða man að Kristján átti svartan leðurjakka, en hvort hann var í honum þarna getur hún ekki sagt um.“ Kristján hafi sest í aftursætið en Sævar í framsæti. Kvaðst Erla hafa ekið áfram niður Vatnsstíg og stöðvað skammt frá Skúlagötu. Þar hafi hún séð stóra, ljósa

³¹³⁸ Bls. 3203.

³¹³⁹ Bls. 3204.

³¹⁴⁰ Bls. 3205.

sendiferðabifreið með stórrí framrúðu og tveimur hliðarrúðum. Taldi Erla sig hafa kannast við bifreiðina og sagði þetta sömu bifreið og hafi ekið búslóð hennar og Sævars frá húsi við Álþeima að Hjallavegi, en þá hafi [SÓH] ekið bifreiðinni. Kvaðst Erla ekki hafa séð ökumann sendibifreiðarinnar. Hún hafi séð Guðjón koma gangandi frá sendiferðabifreiðinni yfir Vatnsstíginn og stöðvað á gangstétt austan götunnar. Hún hafi stöðvað bifreiðina á móts við hann og þá hafi Sævar og Kristján Viðar farið út úr bifreiðinni. Þeir hafi rætt saman en hún ekki heyrt hvað þeim fór á milli. Kvaðst Erla ekki hafa séð Sævar og Kristján Viðar ræða við ökumann sendiferðabifreiðarinnar. Þá sagðist hún ekki hafa séð á hvernig bifreið Guðjón hafi komið á. Þegar Sævar hafi komið aftur að bifreiðinni hafi tilkynnt um að Guðjón ætti að aka. Kvaðst Erla þá hafa fært sig í aftursæti bifreiðarinnar. Guðjón hafi sest undir stýri og Sævar við hlið hans. Ekið hafi verið af stað austur Skúlagötu. Sagði Erla að sendibifreiðin hafi verið enn á staðnum þegar þau hafi lagt af stað. Kvaðst Erla ekkert hafa vitað um hvert ferðinni var heitið þegar lagt hafi verið af stað, hún hafi ekki komist að því fyrr en á leiðinni til Keflavíkur.³¹⁴¹ Sævar hafi ekki nefnt það við hana að hann þyrfti að hitta einhvern mann og eiga við hann viðskipti. Minnti Erlu að stöðvað hafi verið á bifreiðastöð Hafnarfjarðar við Reykjavíkurveg og tekið bensín. Kvaðst hún þó ekki vera örugg um þetta. Mundi Erla ekki til þess að minnst hafi verið á sendiferðabifreiðina á leiðinni. Sævar og Guðjón hafi aðallega talað saman, en hún og Kristján Viðar hafi lítið tekið þátt í samræðunum. Kristján Viðar hafi verið undir áhrifum lyfja en Erla vissi ekki hvort Sævar og Guðjón hafi verið það. Kristján hafi boðið henni róandi töflu á leiðinni, en Erla sagðist ekki hafa þegið töfluna. Mundi hún að Sævar og Guðjón hafi rætt um einhvern mann sem þeir hafi ætlað að hitta og væri erfiður. Mundi hún að Sævar hafi haft orð á því að beita þyrfti fullri hörku við manninn og jafnvel að það þyrfti að láta hann hverfa. Fannst henni Guðjón hafa tekið undir þetta. Greindi Erla frá því að henni hafi fundist á samtalinu að eitthvað alvarlegt stæði til, jafnvel að þörf væri á að ráða manninn af dögum. Kvaðst Erla aldrei hafa heyrt Sævar minnst á að hann hafi hitt mann í Klúbbnum. Þegar komið hafi verið til Keflavíkur hafi verið stöðvað við bensínstöð og taldi Erla að það hafi verið Aðalstöðin. Sævar hafi farið þar inn til að hringja, en hafi komið brátt aftur og sagst ekki hafa fengið aðgang að síma. Þá hafi verið ekið að Hafnarbúðinni.³¹⁴² Kristján Viðar og Sævar hafi farið þar inn og hélt Erla að erindið hafi verið að fá að hringja en hún hafi ekki vitað hvert. Mundi hún að Sævar hafi keypt pakka af Viceroy sígarettum og eitthvað fleira. Mundi hún ekki eftir því hvort Sævar hafi sagst hafa hringt þegar hann kom til baka. Þá hafi verið ekið í Dráttarbrautina. Mundi Erla eftir því að Sævar hafi sagt þeim að beygja sig niður einhvern tímann þegar þau voru að aka um Keflavík. Hann hafi ekki skýrt af hverju. Gat hún ekki fullyrt hvort það hafi verið þegar þau hafi verið á leiðinni í Dráttarbrautina. Mundi hún að eitthvað fólk var á ferli á götunni þegar Sævar sagði þetta. Sævar hafi ráðið ferðinni og sagt Guðjóni að aka í Dráttarbrautina. Þar hafi Kristján Viðar og Sævar farið úr bifreiðinni, en Guðjón orðið eftir. Þau hafi gengið niður í Dráttarbrautina og skoðað sig um. Sævar hafi ekki nefnt neitt hver tilgangurinn

³¹⁴¹ Bls. 3206.

³¹⁴² Bls. 3207.

væri með þessu. Kvaðst Erla ekki hafa séð neitt fólk á ferli í Dráttarbrautinni og ekki hafa orðið vör við sendiferðabifreiðina. Þau hafi farið aftur í bifreiðina og þá hafi Guðjón verið búinn að snúa henni við. Þá hafi verið ekið að sjoppu. Sævar hafi farið þangað inn og kvaðst Erla hafa séð hann tala í símann við afgreiðsluborðið. Vissi hún ekki við hvern Sævar var að tala. Ekið var aftur að Hafnarbúðinni og stöðvað þar á móts við vigt. Kvaðst Erla muna eftir gulu skilti með áletrun sem hún hafi reynt að lesa. Sævar hafi beðið Kristján um að fara inn í Hafnarbúðina til að hringja. Mundi Erla eftir því að Sævar hafi látið Kristján Viðar fá miða með símanúmeri en hún hafi ekki heyrt hann nefna neitt mannsnafn.³¹⁴³ Mundi Erla ekki eftir því að Guðjón hafi látið Sævar fá miða. Kristján Viðar hafi farið úr bifreiðinni en hún hafi ekki séð hvert. Vissi hún ekki hvort hann hafi farið inn í Hafnarbúðina eða ekki. Hann hafi síðan komið inn í bifreiðina aftur og þá hafi þau beðið um stund. Eftir nokkurn tíma hafi maður komið að bifreiðinni og var honum hleypt inn. Mundi Erla ekki eftir því að hann hafi kynnt sig eða hafa heyrt nafn nefnt. Maðurinn hafi sest í aftursæti, fyrir aftan Sævar. Kvaðst Erla ekki muna hvort hún eða Kristján Viðar hafi setið við hliðina á manningum. Bókað var að Erla hafi séð myndir af Geirfinni Einarssyni og sagði hún það hafa verið hann sem hafi komið inn í bifreiðina. Vék hún frá klukkan 12:20 og var gert hlé á þinghaldinu.³¹⁴⁴ Klukkan 14:10 var bókað að Erla hafi komið aftur fyrir dóminn. Greindi hún frá því að eftir að Geirfinnur hafi komið inn í bifreiðina hafi Sævar aðallega rætt við hann. Mundi hún eftir því að Sævar og að einhverju leyti Guðjón hafi farið fram á það við manninn að hann seldi þeim upplýsingar um hvar smyglaður spíritus væri geymdur.³¹⁴⁵ Geirfinnur hafi sagst ekkert geta hjálpað þeim og ekki vita um neinn geymslustað. Mundi Erla eftir því að Sævar hafi boðið honum peninga, en hún mundi ekki að nein upphæð hafi verið nefnd í því samhengi. Geirfinnur hafi gert tilraunir til að komast út úr bifreiðinni en hann hafi verið hindraður í því. Greindi Erla frá því að sviptingar hafi byrjað í bifreiðinni en gat ekki skýrt frá því nánar. Mundi hún ekki hvort Geirfinnur hafi haft orð á því að kalla til lögregluna. Mundi hún ekki hvort Sævar hafi sagt Guðjóni að aka í Dráttarbrautina eða hvort Guðjón hafi gert það ótilkvaddur. Þegar þangað hafi verið komið hafi Guðjón stöðvað bifreiðina og Sævar opnað skjalatösku sem hann hafi verið með og tekið fram búnt af fimm þúsund króna seðlum. Kvaðst Erla ekki vita hversu margir seðlarnir voru. Sævar hafi rétt manningum seðlabúntið. Geirfinnur hafi tekið við búntinu en síðan hent því á gólfið frammi í bifreiðinni þar sem Sævar sat. Greindi Erla frá því að annaðhvort Sævar eða Guðjón hafi farið fyrst út úr bifreiðinni, síðan Geirfinnur og Kristján Viðar. Hún hafi setið eftir inni í bifreiðinni. Þjarkið við Geirfinn hafi haldið áfram og kvaðst Erla hafa orðið vör við að Geirfinnur hafi verið orðinn óttasleginn áður en hann fór út úr bifreiðinni.³¹⁴⁶ Sævar, Guðjón, Kristján Viðar og Geirfinnur hafi gengið í átt að sjónum og kvaðst Erla hafa tekið eftir því að Geirfinnur hafi ætlað að reyna að ganga burtu frá þeim. Þá hafi Guðjón gripið í vinstri handlegg hans og stöðvað hann. Í því hafi Sævar og Kristján Viðar ráðist á Geirfinn.

³¹⁴³ Bls. 3208.

³¹⁴⁴ Bls. 3209.

³¹⁴⁵ Bls. 3209.

³¹⁴⁶ Bls. 3210.

Upp úr því hafi átök hafist en Erla sagðist ekki geta greint frá þeim í einstökum atvikum. Kvaðst hún aldrei hafa heyrt Geirfinn hrópa á hjálp. Skýrði Erla frá því að hún hafi staðið fyrir utan bifreiðina þegar átökin hófust og séð þegar meðákærðu hafi barið Geirfinn. Kristján Viðar og Guðjón hafi notað hnefana en Sævar hafi notað eitthvað barefli. Átökin hafi verkað þannig á hana að svipta ætti manninn lífi, en ekki að pynta hann til sagna. Geirfinnur hafi verið barinn þar til hann hafi fallið til jarðar og legið hreyfingarlaus. Þá hafi Sævar komið til hennar og sagt henni að fara heim. Sævar hafi látið hana fá peninga, taldi hún það hafa verið 5.000 krónur. Mundi hún ekki hvort Sævar hafi nefnt það hvernig hún hafi átt að koma sér heim. Sævar hafi sagt eitthvað á þá leið að það væri ekki gott fyrir kvenfólk að sjá það sem þarna væri að gerast. Kvaðst Erla hafa haldið strax á brott úr Dráttarbrautinni. Hún hafi séð sendiferðabifreiðina í Dráttarbrautinni, en ekki ökumann hennar.³¹⁴⁷ Bifreiðin hafi staðið á bryggju ekki langt í burtu. Kvaðst Erla alveg örugg um að fleiri menn hafi ekki verið í Dráttarbrautinni. Hún hafi haldið að rauðu húsi sem hafi staðið skammt frá Dráttarbrautinni, óttaslegin og hrædd um líf sitt. Húsið hafi verið opið og mannlaust. Kvaðst hún hafa farið inn í húsið og inn í eitt horn þess og sest þar á eitthvað dót. Hún hafi dvalið þar til morguns og reykt marga vindlinga. Kvaðst hún ekki hafa neina hugmynd um hvað klukkan var þegar hún fór inn í húsið og vissi ekki hvort meðákærðu hafi leitað að henni. Hún hafi gleymt dökkblárri terelenekápu í bifreiðinni og var því yfirhafnarlaus og kalt. Mundi hún ekki hvort veski hennar hafi orðið eftir í bifreiðinni. Mundi hún ekki hvað klukkan var þegar hún hélt á brott. Þá mundi hún ekki eftir veðrinu að öðru leyti en því að kalt hafi verið og snjór á jörðu. Hún hafi haldið af stað gangandi til Reykjavíkur. Eftir nokkrar mínútur hafi komið bifreið sem hún hafi gefið bendingu um að stöðva. Bifreiðin hafi verið annaðhvort af gerðinni Moskvitch eða Skoda, en Erla gat ekki sagt til um litinn. Ökumaðurinn hafi stöðvað strax. Kvaðst Erla hafa sagst vera á leið til Grindavíkur og beðið hann um far.³¹⁴⁸ Minnti Erlu að maðurinn hafi sagst vera á leiðinni til Reykjavíkur. Bókað var að Erla hafi séð [GSJ] hjá rannsóknarlögreglu, sem hafi talið sig hafa verið þarna á ferðinni og tekið hana upp í bifreiðina. Ökumaðurinn hafi spurt hana um starf hennar í Grindavík og sagðist Erla vera að vinna þar í fiski. Mundi Erla að maðurinn hafi sagst vera frá Vestmannaeyjum. Að hennar ósk hafi maðurinn hleypt henni úr bifreiðinni á Reykjanesbraut við afleggjarann til Grindavíkur. Bókað var að Erlu hafi verið kynntur framburður [GSJ]. Orðrétt var bókað: „Ákærða kveðst ekki efast um að það sé rétt, sem [GSJ] segir, en hún man ekki betur eftir þessu en hún hefur nú skýrt frá.“ Kvaðst Erla hafa verið örstutt á vegamótunum þegar maður á truck hafi komið akandi í átt til Reykjavíkur. Hún hafi gefið manninum bendingu um að stöðva og fékk hún far með honum til Hafnarfjarðar þar sem hún sagði honum að hún byggi. Kvaðst Erla hafa farið úr bifreiðinni við strætisvagnabiðstöð við Strandgötu. Þaðan hafi hún farið með strætisvagni til Reykjavíkur. Þá hafi hún einnig tekið strætisvagn heim til sín að Hjallavegi 31, en þangað hafi hún verið komin klukkan 12:00. Stuttu seinna hafi Sævar komið þangað.³¹⁴⁹ Sævar hafi ekki minnst á það sem hafi gerst að öðru leyti en

³¹⁴⁷ Bls. 3211.

³¹⁴⁸ Bls. 3212.

³¹⁴⁹ Bls. 3213.

Því að hann hafi sagt henni að hafa ekki orð á þessu. Seinnipartinn hafi þau farið að sækja Volkswagen bifreiðina heim til Guðjóns að Ásvallagötu 46, en Sævar hafi sagt henni að bifreiðin væri þar. Sævar hafi haft lyklna að bifreiðinni og hélt hún að hann hafi ekki hitt Guðjón. Kápan hennar hafi ekki verið í bifreiðinni en Sævar hafi sagt hana vera heima hjá [BPP] á Bergþórugötu. Greindi Erla frá því að þau hafi þrifið bifreiðina upp en síðan skilað henni á bílaleiguna. Kvaðst Erla hafa afhent [GM] lyklna. Kvaðst Erla ekki hafa séð neitt markvert í bifreiðinni sem hafi bent til átaka og hún hafi ekki séð neina blóðbletti. Land Rover bifreið hennar og Sævars hafi staðið fyrir utan hjá [BPP] að Bergþórugötu 27, en þau hafi komið bifreiðinni til hans þar sem hann hafi gert við bensínjök og hemla. Minntist Erla þess ekki að hafa séð kápu sína heima hjá [BPP] en Sævar hafi sagst hafa farið í henni þangað og gleymt henni þar. Sævar hafi oft verið í kápunni, en Erla mundi ekki hvort hann hafi verið í henni þarna. Greindi Erla frá því að hún hafi ekið Land Rover bifreiðinni að Grettisgötu 82. Kvaðst Erla ekki geta staðhæft hvort þetta hafi verið 20. eða 21. nóvember 1974. Sævar hafi ekki sagt henni erindið en sagt henni að bakka inn um húsasund bak við húsið og að kjallaradyrum hússins númer 82. Þau hafi farið inn í kjallarann og upp á hæðina til Kristjáns Viðars þar sem Guðjón hafi einnig verið staddur. Mundi Erla eftir því að hafa fundið vonda lykt í kjallaranum sem hafi verið svipuð og sú sem hafi verið síðar í Land Rover bifreiðinni. Kvaðst Erla ekki hafa séð neitt athyglivert í kjallaranum. Í íbúð Kristjáns Viðars hafi verið ráðgast um hvað ætti að gera við lík Geirfinns. Kvaðst Erla ekki hafa vitað þá að líkið væri geymt í kjallaranum. Rætt hafi verið um ýmsa greftrunarstaði, svo sem Hafnarfjarðarhraun, Vífilstaðahraun og úti á Álftanesi. Ákveðið var að flytja líkið upp í Rauðhóla og grafa það þar. Kvaðst Erla hafa beðið í herbergi Kristjáns Viðars á meðan þeir hafi farið niður í kjallara. Henni hafi farið að leiðast biðin en þá hafi Sævar komið og sótt hana. Greindi Erla frá því að þegar hún hafi komið að bifreiðinni hafi verið búið að bera lík Geirfinns út í hana. Tveir pakkar hafi verið í bifreiðinni og plast og einhver fatnaður vafinn um þá. Annar pakkinn hafi verið stærri og samsvarað líki af manni. Hinn hafi verið um þriðjungur af lengd stærri pakkans, en jafn breiður. Band hafi verið hnýtt utan um pakkana. Kvaðst Erla hafa ekið bifreiðinni en Sævar setið við hlið hennar í framsæti og Guðjón við hlið hans. Kristján Viðar hafi setið í aftursæti. Á leiðinni upp í Rauðhóla hafi verið stöðvað við Nesti og fimm lítra bensínbrúsi úr blikki hafi verið tekinn út úr bifreiðinni. Sævar og Guðjón hafi farið út til að taka bensín á brúsann. Að því búnu hafi verið ekið upp í Rauðhóla. Bókað var að Erla hafi áður lýst leiðinni inn í Rauðhóla og hún vildi í engu breyta því sem hún hafi þegar skýrt frá. Greindi Erla frá því að Sævar, Kristján Viðar og Guðjón hafi farið út úr bifreiðinni og byrjað að grafa gryfju. Mundi hún ekki eftir nema einni skóflu sem notuð hafi verið við gröftinn, en þó gæti verið að þær hafi verið tvær. Kvaðst Erla ekki vita hvaða skóflan eða skóflurnar voru. Kannadist hún ekki við að hafa sótt skóflur til Guðjóns. Bókað var að Erlu hafi verið sýnd skófla sem rannsóknarlögreglan hafi haldlagt. Kvaðst hún ekki geta sagt til um hvort umrædd skófla hafi verið notuð. Þegar búið hafi verið að grafa gryfjuna hafi báðir pakkarnir verið settir ofan í. Sævar hafi síðan hellt úr brúsanum en Erla sagðist ekki vita hver

hafi kveikt í. Mikill eldur og vond lykt hafi gosið upp. Þegar eldurinn hafi verið að slokkna hafi verið mokað yfir gryfjuna.³¹⁵⁰ Kvaðst Erla ekki hafa séð hvað var í pökkunum. Þetta hafi verið skömmu fyrir miðnætti. Ekið hafi verið aftur til Reykjavíkur. Kvaðst Erla hafa ekið Kristjáni Viðari fyrst heim og síðan Guðjóni en að því búnu hafi hún og Sævar farið heim. Vék Erla frá klukkan 16:30 og var dómþingi slitið.³¹⁵¹

1613. Þriðjudaginn 5. júlí 1977 var bókað í dagbók fangelsisins við Síðumúla að Sævar hafi verið fluttur í sakadóm Reykjavíkur klukkan 13:45. Bókað var að komið hafi verið til baka með hann klukkan 17:00.³¹⁵² Sama dag var bókað í dagbók vinnuhælisins að Litla-Hrauni að Kristján Viðar hafi verið fluttur af rannsóknarlögreglunni til Reykjavíkur klukkan 17:25.³¹⁵³
1614. Þennan dag var dómþing sakadóms Reykjavíkur sett og tekið fyrir sakadómsmálið á hendur ákærðu að því er varðar sakargiftir vegna hvarfs Geirfinns Einarssonar. Bókað var að sækjandi málsins, Bragi Steinarsson, væri mættur í dómnum. Klukkan 10:10 kom Erla í dóminn ásamt skipuðum verjanda sínum, Guðmundi Ingva Sigurðssyni. Bókað var að farið hafi verið yfir framburð hennar frá deginum áður frá þeim tíma sem hún kom heim að Hjallavegi 31 um hádegi 20. nóvember 1974.³¹⁵⁴ Erla sagði framburðinn réttan, en þó væru nokkur atriði sem væru ekki alveg ljós fyrir henni. Kvaðst hún ekki örugg um hvort Volkswagen bifreiðin hafi staðið fyrir utan heimili Guðjóns eða hjá Úðafossi við Vitastíg þegar hún og Sævar hafi sótt hana eftir hádegi 20. nóvember 1974. Bókað var að Erla hafi staðhæft að Sævar hafi haft lykla að bifreiðinni og Guðjón hafi ekki verið viðstaddur þegar þau hafi sótt bifreiðina. Orðrétt var bókað: „Ákærðu finnst það sennilegt að þau hafi farið á Land Rover bifreiðinni frá Hjallavegi 31, er þau fóru að sækja Volkswagen bifreiðina. Ákærða kveðst muna að Land Rover bifreiðin fór í viðgerð til [BPP] að Bergþórugötu 27, en hvort það var 20. eða 21. nóvember getur hún ekki fullyrt.“ Bókað var að Erla hafi staðhæft að hún hafi farið á Land Rover bifreiðinni frá Bergþórugötu að Grettisgötu 82 til að flytja lík Geirfinns upp í Rauðhóla. Sagði hún það geta verið að þau hafi sótt Guðjón og farið með hann að Grettisgötu 82, hann hafi örugglega verið þar þegar lík Geirfinns var flutt á brott. Mundi Erla ekki eftir að skóflur hafi verið fengnar að láni hjá Guðjóni og ekki mundi hún eftir að hafa verið með þegar skóflum hafi verið skilað til hans. Kvaðst Erla ekki muna eftir nema einni skóflu í bifreiðinni á leiðinni upp í Rauðhóla, en hún hafi verið frá Sævari. Mundi hún ekki eftir því að haki hafi verið meðferðis.³¹⁵⁵ Orðrétt var bókað: „Ákærða segir hafa verið orðið dimmt, er lagt var af stað upp í Rauðhóla og komið hafi verið til baka einhvern tíma um nóttina, en nánar getur hún ekki tímasett þetta.“ Kvaðst Erla muna að einhvern tímann hafi verið rætt um að lík Geirfinns myndi ekki finnast og Sævar hafi þá sagt í því sambandi að líkið væri eina sönnunargagnið. Rætt hafi verið um að benda á hina og þessa staði til að villa um fyrir

³¹⁵⁰ Bls. 3216.

³¹⁵¹ Bls. 3217.

³¹⁵² Dagbók nr. 7, bls. 31.

³¹⁵³ Dagbók Litla-Hrauns, DA/34, örsk 1, bls. 150.

³¹⁵⁴ Bls. 3217.

³¹⁵⁵ Bls. 3218.

lögreglunni ef málið kæmist upp. Erla greindi frá því að hún hafi verið heitbundin Sævari á þessum tíma. Hún hafi ekki hreyft neinum andmælum við því að flytja lík Geirfinns upp í Rauðhóla, þar sem hún hafi talið að það þýddi ekkert. Hún hafi talið sig geta átt von á hverju sem var ef hún hefði neitað. Búið hafi verið að brýna það fyrir henni að segja ekki frá. Mundi hún þó ekki eftir neinum hótunum í því sambandi. Í framhaldinu skýrði hún frá því að í lok nóvember eða byrjun desember 1974 hafi hún verið stödd að Grýtubakka 10 ásamt Sævari. Mundi hún eftir því að Sævar hafi rætt við einhvern mann í símann og Sævar hafi þá sagt að flytja þyrfti „þetta“. Sævar hafi ekki tilgreint það nánar en seinna hafi hún áttað sig á því að um lík Geirfinns væri að ræða. Sævar hafi sagt í símtalinu að ekki væri hægt að hafa „þetta“ þar sem það væri. Sævar hafi aldrei minnst á það við hana hvort líkið hafi verið flutt.³¹⁵⁶ Undir yfirheitinu „II. Rangar sakargiftir“ var bókað að sakargiftir á hendur Erlu hafi verið lesnar upp. Orðrétt var bókað: „Ákærða kveðst viðurkenna að það sé rétt, sem henni er gefið að sök í framangreindum kafla ákærunnar.“ Lýsti Erla því að ákærðu hafi hist heima hjá Kristjáni Viðari að Grettisgötu 82. Kvaðst hún ekki geta staðhæft hvaða dag, en það hafi verið stuttu eftir Keflavíkurferðina. Sævar hafi haft frumkvæði að því að ræða um hvað þau ættu að gera ef upp kæmist um þátt þeirra í dauða Geirfinns. Ákveðið hafi verið að blanda Klúbbmönnum, það er Magnúsi og Sigurbirni í málið sem og Einari bróður hennar og Valdimar Olsen. Gat Erla ekki sagt til um hver hafi átt hugmyndina að því að blanda Sigurbirni og Magnúsi í málið. Talað hafi verið um að þetta væru glæpamenn. Greindi Erla frá því að það hafi verið annaðhvort hún eða Sævar sem hafi átt hugmyndina að því að blanda Einari og Valdimar Olsen í málið ef það kæmist upp.³¹⁵⁷ Skýrði Erla frá því að henni og Sævari hafi báðum verið illa við Einar bróður hennar og rakti hún ástæður þess. Kvaðst hún ekkert hafa átt sökótt við Valdimar Olsen og hann hafi aldrei gert neitt á hennar hlut. Hún hafi þekkt systur hans og oft komið á heimili þeirra. Taldi Erla að Valdimar hafi verið blandað í málið til að gera það eitthvað trúlegra. Mundi hún að Kristján Viðar og Guðjón hafi eitthvað lagt til málanna og taldi að þeir hafi verið þessu alveg sammála. Orðrétt var bókað: „Ákærða kveður þetta hafa verið gert til að leiða athyglina frá þeim, ef málið kæmist upp.“ Nokkrum dögum síðar hafi hún og Sævar verið stödd að Grýtubakka 10 og þá hafi Sævar lagt enn áherslu á að það mætti ekki segja frá málinu. Alveg sama hver spyrði þá ætti alltaf að segja að það hafi verið Klúbbmennirnir sem stæðu á bak við þetta.³¹⁵⁸ Kvaðst Erla muna eftir að Sævar hafi talað um Geira sem fengist við ólöglega áfengissölu eða smygl. Hann hafi ekki gert nánari grein fyrir honum, en sagt að hann ætti fína bifreið. Skýrði Erla frá því að hún hafi rætt við Guðjón um þetta mál eftir að henni hafi verið sleppt úr gæsluvarðhaldi 20. desember 1975. Samtölin hafi farið fram í janúar, annað á veitingahúsinu Tröð, en hitt heima hjá Guðjóni. Sagðist Erla hafa sagt Guðjóni frá því sem hún hafi sagt í yfirheyrslum hjá lögreglunni. Orðrétt var bókað: „Geti verið að í seinna skiptið hafi hún verið búin að gefa skýrsluna 23. janúar 1976.“ Guðjón hafi ekkert talað um aðild sína að Geirfinnsmálinu en hann hafi haft mikinn áhuga á að vita hvað hún hafi sagt lögreglunni. Þá hafi Guðjón hringt

³¹⁵⁶ Bls. 3219.

³¹⁵⁷ Bls. 3220.

³¹⁵⁸ Bls. 3221.

nokkrum sinnum í hana og spurt fréttu af yfirheyrslum. Kvaðst Erla ekki hafa haft samband við Sævar eftir að hún var fyrst sett í gæsluvarðhald vegna póstsvikamálsins fyrir utan það að þegar hún hafi setið í gæsluvarðhaldi frá 13. til 20. desember 1975 hafi Sævar komið á dyrnar hjá henni þegar hún var í baði og sagt: „Segðu ekki neitt.“ Bókað var að Erlu hafi verið kynntar skýrslur hennar hjá rannsóknarlögreglu dagana 23. janúar, 3. febrúar, 10. febrúar, 3. mars, 4. maí og 1. september 1976. Kvaðst Erla kannast við efni skýrslanna og undirritun sína á þær.³¹⁵⁹ Bókað var að hún kannaðist við dómskýrslur frá 30. mars og 7. apríl 1976. Þá staðfesti hún skýrslur sínar hjá lögreglu frá 12. og 13. desember 1976 og 11., 21. og 31. janúar 1977, með áorðnum breytingum. Vék Erla frá klukkan 12:20. Bókað var að hún hafi komið í dóminn að nýju klukkan 14:15 ásamt skipuðum verjanda sínum, Guðmundi Ingva Sigurðssyni.³¹⁶⁰ Þá var Sævar einnig bókaður mættur og með honum skipaður verjandi hans, Jón Oddsson. Bókað var að samprófun hafi farið fram um það sem á milli bar í framburðum þeirra. Bókað var að Erla hafi sagst ekki muna eftir því að Sævar hafi sagt henni frá samtali við Geirfinn 18. nóvember 1974 og væntanlegum viðskiptum. Í framhaldinu var bókað að Erlu rámaði í að Sævari hafi sagt sér frá þessu. Bókað var að þeim bæri saman um að hafa leigt Volkswagen bifreið hjá forstöðumanni bílaleigunnar Geysis, [GM], án þess að gerður hafi verið skriflegur samningur.³¹⁶¹ Bókað var að Sævari og Erlu hafi verið kynntur framburður [GM] en þau hafi haldið fast við framburði sína engu að síður. Bókað var að þau héldu bæði fast við þann framburð að þau hafi verið á kvikmyndasýningu á Kjarvalsstöðum að kvöldi 19. nóvember 1974. Kvaðst Sævar halda fast við framburð sinn um klæðnað Kristjáns Viðars umrætt kvöld. Bókað var að Erla hafi sagst ekki muna þetta fyrir víst og talið það geta verið að hann hafi verið öðruvísi klæddur en hún hafi borið um. Bókað var að Erlu hafi verið kynntur framburður Sævars um að Guðjón hafi sest undir stýri Volkswagen bifreiðarinnar á Vatnsstíg. Kvaðst Erla halda fast við framburð sinn um það sem hún hafi þegar greint frá. Bókað var að samræmi hafi ekki náðst um þetta atriði. Í framhaldinu var bókað að við nánari athugun hafi Sævar sagt það geta verið að framburður Erlu um þetta atriði væri réttur. Kvaðst Sævar muna greinilega eftir því að Guðjón hafi setið undir stýri á Vatnsstígnum þegar hann og Kristján Viðar hafi rætt við [SÓH]. Bókað var að hvort um sig hafi haldið fast í framburð sinn um hvar bifreiðunum hafi verið lagt og ekki hafi náðst samræmi um það atriði.³¹⁶² Bókað var að samræmi hafi ekki náðst milli Sævars og Erlu um það sem hafi verið talað í bifreiðinni á leið til Keflavíkur. Bókað var að framburðir þeirra um atburði í bifreiðinni eftir að Geirfinnur hafi komið inn í hana hafi verið lesnir. Sagði Sævar að framburður Erlu væri réttur að því undanskildu að engar ryskingar hafi átt sér stað inni í bifreiðinni. Þá hafi verið ekið rakleitt í Dráttarbrautina, en ekki ekið um Keflavík. Bókað var að samræmi hafi ekki náðst milli þeirra um átökin, hélt hvort um sig við framburð sinn. Bókað var að Erla hafi haldið fast við framburð sinn um að hafa afhent [GM] lykllana að bifreiðinni. Kvaðst Sævar ekki kannast við að hafa verið með henni

³¹⁵⁹ Bls. 3222.

³¹⁶⁰ Bls. 3223.

³¹⁶¹ Bls. 3223.

³¹⁶² Bls. 3224.

þegar hún hafi skilað lykklunum. Bókað var að Sævar hafi haldið því fram að þau hafi sótt Guðjón að Ásvallagötu 46 og hann hafi haft meðferðis eina skóflu. Kvaðst Erla ekki muna þetta en ekki vilja mótmæla því. Bókað var að þeim bæri saman um að Guðjón hafi verið að Grettisgötu 82 að kvöldi 21. nóvember 1974 þegar lík Geirfinns var flutt í Rauðhóla, en þess getið að Erla hafi ekki verið viss hvort það var 20. eða 21. nóvember 1974. Bókað var að Erla hafi haldið fast við það að tveir pakkar hafi verið í bifreiðinni þegar lík Geirfinns var flutt. Neitaði Sævar því og sagðist aðeins hafa séð einn pakka, lík Geirfinns. Bókað var að þau neituðu því að hafa hreyft við líki Geirfinns eftir 21. nóvember 1974. Var Sævari kynntur framburður Erlu um símtal að Grýtubakka 10 í lok nóvember eða byrjun desember 1974.³¹⁶³ Kvaðst Sævar ekki kannast við þetta símtal. Bókað var að Erlu hafi verið kynntur framburður Sævars um að hún hafi sagt við hann að hún hefði ásamt Kristjáni Viðari og óþekktum manni flutt lík Geirfinns úr Rauðhólum. Kvaðst Erla ekki kannast við að hafa sagt þetta. Var Sævari kynntur framburður Erlu um að hann hafi sagt að fela þyrfti líkið af Geirfinni þar sem hann væri eina sönnunargagnið í málinu. Kvaðst Sævar ekki kannast við að hafa sagt þetta. Bókað var að framburðir beggja um rangar sakargiftir hafi verið lesnir. Höfðu þau ekkert sérstakt fram að færa um framburði hvors annars. Bókað var að Sævar og Erla væru sammála um að Guðjón og Kristján Viðar hafi tekið þátt í samræðum um að bera það að Magnús, Sigurbjörn, Einar og Valdimar væru viðriðnir Geirfinnsmálið. Bókað var að þau hafi vikið frá klukkan 10:30 en líklega er um misritun að ræða og þau vikið frá í raun klukkan 16:30. Var dómþingi slitið þar með.³¹⁶⁴

1615. Sama dag, 5. júlí 1977, var dómþing sakadóms Reykjavíkur háð og tekið fyrir sakadómsmálið á hendur ákærðu að því er varðar sakargiftir vegna hvarfs Guðmundar Einarssonar. Bókað var að Erla hafi mætt í dóminum klukkan 16:30 ásamt skipuðum verjanda sínum, Guðmundi Ingva Sigurðssyni. Bókað var að Sævar væri einnig mættur ásamt Jóni Oddssyni, skipuðum verjanda sínum. Bókað var orðrétt í sakadómsbókina: Að beiðni verjanda ákærða Sævars, er eftirfarandi spurning lögð fyrir Erlu. „Hittust ákærði og ákærða að Hamarsbraut 11 aðfaranótt 27. janúar 1974?“ Svar ákærðu: „Já.“ Viku þau frá klukkan 16:40 og var dómþingi slitið.³¹⁶⁵
1616. Þriðjudaginn 5. júlí ritaði Guðjón í dagbók sína orðrétt: „Um 14:00 kom G.G. og hafði skilaboð hvort ég vildi mæta fyrir rétt í sampr. eða þ.h. án verjanda B. Blöndal. H. Blöndal bauðst að koma í hans stað. Ég neitaði. Rakari væntanl. Ég vil ekkert með hann hafa, segist ekki muni klippa mig fyrir en ég hef endurheimt frelsi mitt.“³¹⁶⁶
1617. Miðvikudaginn 6. júlí 1977 var orðrétt bókað í dagbók Síðumúlafangelsisins: „Klukkan 11:10 hringdi Gunnlaugur Briem sakadómarari og tjáði mér að enginn mætti hafa samband við Sævar Marinó né Guðjón Skarphéðinsson fram á föstudagskvöld þar með taldir lögfræðingar og prestar. Er þetta vegna samprófunar í málinu. Fangarnir mega ekki vita um þessa ákvörðun.“ Klukkan 13:45 var bókað að móðir Sævars hafi

³¹⁶³ Bls. 3226.

³¹⁶⁴ Bls. 3227.

³¹⁶⁵ Bls. 2624.

³¹⁶⁶ Bls. 2723_N-P.

komið með afmælisgjöf til hans, skyrtu, buxur og sælgæti. Bókað var að Jón Oddsson, skipaður verjandi Sævars, hafi komið til viðtals við Sævar en þess getið að vegna banns Gunnlaugs sakadómara hafi það ekki verið hægt. Bókað var klukkan 18:33 að Gunnlaugur Briem hafi hringt og tjáð færsluritara, Gunnari Guðmundssyni, að enginn mætti tala við Sævar og Guðjón fram á mánudagskvöld. Var þess getið í færslunni að þar með hafi sakadómarrinn framlengt tímann fram yfir helgi sem hann hafi ætlað að láta gilda til föstudags.³¹⁶⁷

1618. Dómþing sakadóms Reykjavíkur var háð þennan dag og tekið fyrir sakadómsmálið á hendur ákærðu um sakargiftir vegna hvarfs Geirfinns Einarssonar. Bókað var að sækjandi málsins, Bragi Steinarsson, væri mættur í dómnum. Klukkan 10:15 var bókað að Erla væri komin í dóminn ásamt Guðmundi Ingva Sigurðssyni, skipuðum verjanda sínum. Þá var Kristján Viðar einnig bókaður mættur ásamt skipuðum verjanda sínum, Páli Arnóri Pálssyni. Bókað var að fram hafi farið samprófun um það sem bæri í milli í framburði þeirra. Bókað var að Kristján Viðar hafi verið spurður hvar hann hafi farið inn í Volkswagen bifreiðina á Vatnsstíg þegar farið var til Keflavíkur 19. nóvember 1974. Orðrétt var bókað í sakadómsbókina: Svar ákærða er sem hér segir: „Ég var aldrei staddur á Vatnsstíg ásamt Erlu, Sævari og Guðjóni og fór aldrei inn í neina Volkswagen bifreið á Vatnsstíg. Ég veit ekkert um þetta mál, ég er saklaus af því að hafa átt þátt í dauða Geirfinns Einarssonar og hættur að taka þátt í þessum skrípalátum.“ Bókað var að Erla hafi sagst halda fast við framburð sinn í málinu. Sagði hún Kristján Viðar hafa verið með í ferðinni til Keflavíkur 19. nóvember 1974 og átt þátt í átökunum við Geirfinn Einarsson. Bókað var að framburður ákærðu um átökin hafi verið lesinn í heyranda hljóði. Sagði Kristján Viðar að framburðurinn væri rangur, hann hafi ekki verið staddur í Dráttarbrautinni í Keflavík 19. nóvember 1974. Bókað var að frekara samræmi hafi ekki náðst og hvort um sig hafi haldið fast við framburð sinn. Viku þau frá klukkan 10:50 og var þinghaldinu frestað.³¹⁶⁸ Klukkan 14:10 var þinghaldinu framhaldið og bókaðir voru mættir sækjandi málsins, Bragi Steinarsson, saksóknari, og Jón Oddsson, skipaður verjandi Sævars. Á sama tíma kom fyrir dóminn Eggert Norðdahl Bjarnason, rannsóknarlögregluumaður. Bókað var að gætt hafi verið 2. mgr. 77. gr. laga nr. 74/1974. Bókað var að Kristján Viðar hafi gefið skýrslur hjá vitninu 23. og 27. janúar, 10. febrúar og 18. mars 1976 þar sem hann hafi borið þær sakir á Einar, Magnús, Sigurbjörn og Valdimar að þeir hafi átt hlut að dauða Geirfinns og smyglbrotum.³¹⁶⁹ Skýrði Eggert frá því að Kristján Viðar hafi skýrt sjálfstætt frá málsatvikum og nefnt nöfn framangreindra manna og borið þá þessum sökum. Minnti Eggerti að það hafi verið eftir ábendingu Sævars sem farið hafi verið að spyrja Kristján Viðar út í Keflavíkurferðina 19. nóvember 1974. Skýrði hann frá því að Kristján hafi verið sýndar myndir af ýmsum mönnum og þar á meðal myndum af framangreindum mönnum og Geirfinni Einarssyni. Kristján Viðar hafi þá bent á myndirnar af Einari, Valdimar og Sigurbirni og sagt þá vera tengda Geirfinnsmálinu. Kvaðst hann ekki

³¹⁶⁷ Dagbók nr. 7, bls. 32–33.

³¹⁶⁸ Bls. 3229.

³¹⁶⁹ Bls. 3229.

muna hvort Kristján hafi bent á mynd af Magnúsi. Hann hafi bent á mynd af Geirfinni og sagst kannast við hann en ekki vita nafn hans.³¹⁷⁰ Klukkan 14:35 var bókað að Kristján Viðar hafi komið í dóminn. Orðrétt var bókað í sakadómsbókina: „Verjandi ákærða var tilkynnt um þinghaldið, en hann er ekki mættur. Ákærði lýsir því yfir að hann vilji engum spurningum svara, nema verjandi hans sé viðstaddur.“ Bókað var að lesið hafi verið úr framburði Kristjáns Viðars úr kafla um rangar sakargiftir þar sem hann nefnir Eggert. Skýrði Eggert frá því að símtalið sem Kristján Viðar hafi greint frá í framburði sínum hafi verið við Örn Höskuldsson vegna Erlu Bolladóttur og Kristjáni alveg óviðkomandi. Erla hafi sagt lögreglumönnum að hún óttaðist um sig. Hún hafi orðið fyrir símaónæði og hafi tveir menn verið settir á vakt heima hjá henni. Kvaðst Eggert ekki kannast við að hafa hótad Kristjáni Viðari einu eða neinu í þessu símtali. Sagði hann Kristjáni Viðari aldrei hafa verið lögð orð í munn um það hvað hann ætti að segja um þátt þessara manna í Geirfinnsmálinu heldur hafi hann skýrt frá þessu sjálfstætt. Kvaðst Kristján Viðar halda fast við skýrslu sína í dómi frá 13. maí 1977 um framangreind atriði. Bókað var að frekari samprófun hafi reynst árangurslaus. Þá var bókað að verjandi Kristjáns Viðars, Páll Arnór Pálsson, hafi mætt klukkan 14:55 áður en bókunin hafi verið lesin upp. Viku viðstaddir frá klukkan 15:00.³¹⁷¹ Bókað var að Sigurbjörn Víðir Eggertsson, rannsóknarlögreglumaður, hafi komið í dóminn klukkan 15:02. Bókað var að 2. mgr. 77. gr. laga nr. 74/1974 hafi verið gætt. Greindi hann frá því að hafa tekið skýrslu af Kristjáni Viðari 20. apríl 1976 og verið vottur þegar Eggert hafi tekið skýrslur af Kristjáni 23. og 27. janúar, 10. febrúar og 18. mars 1976. Skýrði Sigurbjörn Víðir frá því að Kristján Viðar hafi greint sjálfstætt frá málsatvikum og ekki fengið neinar ábendingar frá lögreglumönnum þegar hann hafi skýrt frá því að fjórmeningarnir væru viðriðnir Geirfinnsmálið. Það hafi ýmist verið þannig að Kristján Viðar hafi nefnt nöfn manna eða bent á myndir af þeim sem hafi verið meðal fleiri mynda. Kristján Viðar hafi nafngreint alla mennina og borið þá þeim sökum að þeir hafi verið í ferðinni til Keflavíkur 19. nóvember 1974. Minnti Sigurbjörn Víði að Kristján hafi bent á mynd af Geirfinni og sagst kannast við hann, en þorði þó ekki alveg að fullyrða um það. Orðrétt var bókað: „Mætti veit ekki til þess að Kristján hafi nokkurn tíma heyrt nöfn framangreindra manna, hvorki hjá lögreglumönnum né fangavörðum.“ Bókað var að Kristján Viðar hafi komið í dóminn klukkan 15:20. Var lesið upp úr framburði hans frá 13. maí 1977 þar sem Sigurbjörns Víðis hafi verið getið. Kvaðst Sigurbjörn Víðir ekki kannast við að Kristján Viðar hafi verið leiddur við yfirheyrslur þegar hann hafi verið spurður um málsatvik. Bókað var að Kristján Viðar hafi sagt að sér hafi verið greint frá því að Einar Bollason ætti rauðan Fiat og hann hafi farið á rauðum Fiat til Keflavíkur. Kvað Sigurbjörn Víðir það ekki rétt. Lögreglan hafi ekkert vitað í upphafi málsins um bifreiðaeign Einars Bollasonar eða annarra sem sakir hafi verið bornar á. Bókað var að Kristján Viðar hafi skýrt frá því að Eggert hafi spurt hann við rannsókn Guðmundarmálsins hvort hann hefði lamið fólk. Kvaðst Kristján hafa svarað því neitandi. Þá hafi Eggert slegið hann hnefahöggi í andlitið og hafi Sigurbjörn Víðir verið vitni að því. Kvaðst Sigurbjörn

³¹⁷⁰ Bls. 3230.

³¹⁷¹ Bls. 3231.

Víðir ekki kannast við þetta og sagði þetta ekki rétt. Í tengslum við framburð Kristjáns Viðars um að fangaverðir hafi farið upp á þak fangelsisins við Síðumúla og gert þar hávaða til að skelfa ákærðu greindi Sigurbjörn Víðir frá því að í eitt sinn á meðan yfirheyrslum stóð hafi verið hvasst. Hann hafi verið staddur inni á kaffistofu fangelsisins ásamt fangavörðum þegar þeir hafi heyrt hávaða líkt og menn gengju eftir húspakinu.³¹⁷² Þeir hafi farið strax út, gengið í kringum fangelsið og einn hafi farið upp á þak en enginn hafi orðið var við neina menn. Þetta hafi verið um miðnætti, annaðhvort í janúar eða febrúar 1976. Kannaðist Sigurbjörn Víðir ekki við það sem Kristján Viðar hafi borið um að fangaverðir hafi verið inni í klefanum á milli hans og Sævars og barið þar í vegg. Þá kannaðist Sigurbjörn Víðir ekki við að fangaverðir hafi farið inn í klefa ákærðu að beiðni lögreglumanna og spurt þá um málið. Bókað var að Kristján Viðar hafi sagst halda fast við framburð sinn frá 13. maí 1977 um rangar sakargiftir. Þá var bókað að frekara samræmi hafi ekki náðst í framburðum Kristjáns og Sigurbjörns Víðis og þeir hafi vikið frá klukkan 16:00. Á sama tíma var bókað að Gunnar Guðmundsson, forstöðumaður fangelsisins við Síðumúla, hafi komið í dóminn sem vitni. Bókað var að Gunnari hafi verið kynntur framburður Kristjáns Viðars frá 13. maí 1977 þar sem hann hafi verið nafngreindur ásamt fangavörðum. Kvaðst hann aldrei minnst þess að hafa sagt Kristjáni Viðari að hann hafi farið á bifreið til Keflavíkur ásamt Erlu, Sævari og þriðja manni sem hafi ekki verið nafngreindur.³¹⁷³ Kvaðst Gunnar ekki kannast við það sem Kristján Viðar hafi sagt um ónæði sem honum hafi verið gert í fangelsinu við Síðumúla. Orðrétt var bókað: „Ekki kannast vitnið heldur við viðtöl fangavörða við ákærða svo sem í framburði hans greinir.“ Kvaðst Gunnar ekki kannast við að lögreglumenn hafi nokkurn tíma beðið fangaverði um að aðstoða við yfirheyrslur í málinu. Sagði hann vinnutíma sinn hafa verið til klukkan 20:00 en oft hafi hann þurft að vera fram yfir miðnætti, aðallega vegna ástands Kristjáns Viðars eða Sævars. Kristján Viðar hafi ýmist verið þunglyndur eða æstur og hann hafi því oft þurft að vera hjá honum. Bókað var að Kristján Viðar hafi komið í dóminn klukkan 16:15 og verið kynntur framburður Gunnars. Bókað var að samprófun hafi farið fram en reynst árangurslaus. Viku Kristján Viðar og Gunnar frá klukkan 16:20. Bókað var að Högni Ófeigur Einarsson, rannsóknarlögreglumaður, áður fangavörður í Síðumúlafangelsi, hafi komið í dóminn sem vitni. Bókað var að honum hafi verið kynntur framburður Kristjáns Viðars frá 13. maí 1977 þar sem hans hafi verið getið og einnig þar sem minnst hafi verið á aðra fangaverði. Bókað var að Högni hafi sagt framburðinn alrangan. Kannaðist hann ekki við að hafa rætt um Magnús Leóoldsson við Kristján Viðar eins og hann hafi haldið fram. Kvaðst hann ekki vita til þess að Kristjáni né öðrum föngum hafi verið gert ónæði í fangelsinu. Orðrétt var bókað í sakadómsbókina: „Ekki kannast vitnið heldur við að fangaverðir hafi verið að yfirheyra ákærðu.“ Bókað var að Högni teldi það rangt hjá Kristjáni Viðari að Sævar hafi verið í klefa númer 15, heldur hafi hann verið í klefa númer 22. Bókað var að Kristján Viðar hafi komið í dóminn klukkan 16:30 og að samprófun hafi farið fram. Var Kristjáni Viðari kynntur framburður Höгна. Kvaðst hann halda fast

³¹⁷² Bls. 3233.

³¹⁷³ Bls. 3234.

við framburð sinn í öllum atriðum. Bókað var að samprófun hafi reynst árangurslaus. Viku viðstaddir frá klukkan 16:35 og var dómþingi slitið.³¹⁷⁴

1619. Tryggvi Rúnar ritaði í dagbók sína á tímabilinu 29. júní 1977 til 6. júlí sama ár. Ritaði hann um æfingar í fangelsisgarðinum, bréfaskriftir og sendingar að heiman. Föstudaginn 1. júlí 1977 ritaði hann um að hafa óskað eftir viðtali við verjanda sinn sem hafi komið seinnipartinn. Ritaði Tryggvi Rúnar um að Hilmar Ingimundarson, verjandi sinn, væri enn ekki búinn að ræða við Gunnlaug Briem en hafi sagst ætla að gera það eftir helgina. Miðvikudaginn 6. júlí sama ár ritaði Tryggvi um að Hilmar hafi sagst enn ekki hafa náð í Gunnlaug. Orðrétt ritaði hann: „Auðvitað var ég sár, því Hilmar virðist ekki hafa neinn áhuga á að koma mér héðan úr þessu greni.“ Hann vissi til þess að Gunnlaugur Briem væri ekki mótfallinn því að hann yrði fluttur í Hegningarhúsið. Orðrétt ritaði hann: „Allavega á ég ekki hér heima núna! Já og þó við myndum bakka aftur til Þorláksmessu 1975, þegar ég lenti inni og var ásakaður um mál sem ég hef hvergi komið nærri! Já og það 100% öruggt. En sannleikurinn skal koma þó seint verði! Og ekki verð það ég sem þarf að svara til saka, heldur öll ljúgvitnin sem á móti mér eru. Kristján Viðar, Albert Klahn, Erla Bolladóttir og þessi [GunJ]: einnig þarf Sævar Marinó að svara því af hverju hann laug mig inn í þetta mál í byrjun! Gefa skýringu. Já, öll skulu þau fá að biðja um grið! Því hefnd er í mínu blóði og á ég eftir að gera upp sakir við þau sem eru búin að eyðileggja fyrir mér alla framtíð! Mitt mannorð fyrir lífstíð. Get ég fyrirgefið svona fólki, nei, aldrei! Ég er búinn að þjást að óþörfu vegna lygaþvættings úr þeim og hann er búinn að eyðileggja fyrir mér allt en ég ætla ekki að gefast upp og hef aldrei ætlað mér enda væri það skrytið!“ Ritaði hann um áhrif alls þessa á fjölskyldu sína og fjölmiðlaumfjöllunina sem hafi blandað honum inn í Geirfinnsmálið. Orðrétt ritaði hann í framhaldinu: „En við Guðmundarmálinu er ekkert hægt að gera fyrr en þegar ég verð sýknaður af því. Ég er saklaus!“³¹⁷⁵
1620. Sama dag, 6. júlí 1977, ritaði Guðjón í dagbók sína um að hafa rætt við Óskar fangavörð í um tvær klukkustundir um landsmálin. Daníel fangavörður hafi tjáð honum að séra Jón væri tepptur og gæti ekki komið fyrr en á laugardag. Gunnar Guðmundsson hafi rætt við hann að hans ósk. Orðrétt ritaði Guðjón: „Hann kemur og segir þá báða hafa hringt G. Briem og B. Steinarsson hvort ég vilji mæta án B. Blöndal. Ég neita. Blöndal ekki væntanl. fyrir helgi. Ég segi H. Bl. ekki minn lögfr. og hann hafi ekki leyfi til að vera þarna. G.G. kemur aftur og segir mig eiga að koma fyrir rétt á mánudag og engar heimsóknir leyfðar þangað til. Þetta líkar mér illa. Bið hann að tala við H. Bl. um málið. Hann neitar því, H. Bl. sé ekki min lögfr. Þá bið ég hann að koma þessu til sr. J. Bjarman að það sé mín ósk að fá að tala við hann á laugardag. G.G. segist skuli gera það, en bendir á að sr. Jón verði að lúta fyrir dómara. Ekki veit ég hver röndóttur er nú á seyði. Það kemur í ljós. Vonandi bara að B. Bl. hlekkist nú

³¹⁷⁴ Bls. 3236.

³¹⁷⁵ Bls. 2718_X og 2723_A–K.

ekki á ferðalaginu.“ Ritaði Guðjón um að hafa látið gefa Sævari eina gosflösku í tilefni afmælis.³¹⁷⁶

1621. Fimmtudaginn 7. júlí 1977 var bókað í dagbók fangelsisins við Síðumúla að Sigurður Benjamínsson og Jónas Bjarnason frá rannsóknarlögreglu ríkisins hafi farið með Sævar í ökuferð klukkan 14:45, samkvæmt fyrirmælum frá Gunnlaugi Briem, sakadómara. Bókað var að Gunnlaugur hafi komið áður og talað óformlega við Sævar í áheyrn færsluritara, Gunnars Guðmundssonar. Bókað var að þeir hafi komið með Sævar til baka klukkan 15:48. Rannsóknargögn um ökuferðina liggja ekki fyrir. Bókað var klukkan 16:20 að lögreglumaður hafi komið með bréf til Guðjóns. Á sama tíma hafi [MÓ] komið með peysu til Sævars.³¹⁷⁷
1622. Föstudaginn 8. júlí 1977 var bókað í dagbók Síðumúlafangelsisins að Gunnlaugur Briem hafi hringt klukkan 11:30 vegna Sævars samkvæmt beiðni þar um. Bókað var að móðir Sævars hafi komið með jógúrt og kaffirjóma til hans.³¹⁷⁸
1623. Laugardaginn 9. júlí 1977 var bókað í dagbók fangelsisins við Síðumúla að Guðsteinn læknir hafi skoðað Guðjón og Sævar meðal annarra.³¹⁷⁹
1624. Dagana 7. til 10. júlí 1977 ritaði Guðjón í dagbók sína. Ritaði hann um að Óskar fangavörður hafi ekki viljað langar umræður um kvöldið, allt væri í dauða og djöfli. Velti Guðjón fyrir sér merkingu þess. Orðrétt ritaði hann: „Sp. er skal lík G.f. vera fundið? Þetta veit ég ekki en hef grun um það. Nú er bara að bíða.“ Þá ritaði hann um að bann dómara gildi um séra Jón Bjarman. Sunnudaginn 10. júlí 1977 ritaði Guðjón um að hafa spjallað um stund við Ara fangavörð sem hafi talið lík Geirfinns væri ófundið enn.³¹⁸⁰
1625. Mánudaginn 11. júlí 1977 var bókað í dagbók Síðumúlafangelsisins að Sævar hafi verið fluttur í sakadóm Reykjavíkur klukkan 09:50. Fimm mínútum síðar var bókað að Guðjón hafi verið fluttur í sakadóm Reykjavíkur. Bókað var klukkan 10:00 að Gunnlaugur Briem hafi beðið um að flutningur á Guðjóni yrði stöðvaður vegna óvissu um framgang mála. Klukkan 11:00 var bókað að komið hafi verið aftur með Sævar í fangelsið. Bókað var að farið hafi verið aftur með hann í sakadóm klukkan 12:45. Fimm mínútum síðar var bókað að Guðjón hafi verið fluttur á sama stað. Klukkan 13:20 var bókað að móðir Sævars hafi sótt óhreinan þvott af syni sínum. Bókað var að komið hafi verið með Guðjón klukkan 15:20.³¹⁸¹ Bókað var að komið hafi verið með Sævar í fangelsið klukkan 15:25.³¹⁸²
1626. Þennan dag var dómþing sakadóms Reykjavíkur sett og tekið fyrir sakadómsmálið á hendur ákærðu að því er varðar sakargiftir vegna hvarfs Geirfinns Einarssonar. Bókað var að sækjandi málsins væri mættur í dómnum. Þá var bókaður mættur skipaður verjandi Sævars, Jón Oddsson. Bókað var að Benedikt Blöndal, skipaður verjandi

³¹⁷⁶ Bls. 2723_P.

³¹⁷⁷ Dagbók nr. 7, bls. 33.

³¹⁷⁸ Dagbók nr. 7, bls. 34.

³¹⁷⁹ Dagbók nr. 7, bls. 35.

³¹⁸⁰ Bls. 2723_Q–S.

³¹⁸¹ Dagbók nr. 7, bls. 37.

³¹⁸² Dagbók nr. 7, bls. 38.

Guðjóns, væri ekki mættur þrátt fyrir boðun til fyrirtektar klukkan 10:00. Ætlunin hafi verið að samprófa ákærðu Sævar og Guðjón en af framangreindri ástæðu væri dómþinginu frestað klukkan 10:40. Klukkan 13:00 var bókað að Bragi Steinarsson, sækjandi málsins væri mættur í dómnum. Þá voru bókaðir mættir Benedikt Blöndal, skipaður verjandi Guðjóns, og Jón Oddsson, skipaður verjandi Sævars. Bókað var að Guðjón og Sævar hafi mætt til samprófunar. Lesið var úr framburði Sævars um komu hans heim til Guðjóns 18. nóvember 1974.³¹⁸³ Kvaðst Guðjón vísa í fyrri skýrslu sína og var bókað að frekara samræmi hafi ekki náðst um þetta atriði. Bókað var að Guðjón hafi skýrt frá því að hann minni nokkuð fastlega að einhver þriðji maður hafi verið með Erlu og Sævari þegar þau hafi komið að Lambhóli. Kvaðst Sævar ekki minnst þess. Bókað var að Guðjón hafi borið um að Sævar hafi haft orð á því á leið til Keflavíkur að beita þyrfti fullri hörku ef með þyrfti og talað um að láta manninn hverfa. Kannaðist Sævar við að hafa sagt að beita þyrfti fullri hörku en minntist þess ekki að hafa haft orð á því að láta manninn hverfa. Kvaðst Sævar ekki muna hvor þeirra hafi haft miðann þegar Kristján Viðar hafi fengið hann þegar hann fór til að hringja í Hafnarbúðinni. Kvaðst Guðjón vísa til fyrri framburðar um þetta atriði. Bókað var að Sævar teldi Guðjón hafa vitað nafn mannsins áður en komið hafi verið til Keflavíkur. Neitaði Guðjón því. Skýrði Sævar frá því af þessu tilefni að hann hafi nefnt nafn Geirfinns við Guðjón þegar þeir hafi rætt spíraviðskiptin heima hjá Guðjóni 18. nóvember 1974. Orðrétt var bókað í framhaldinu: „Ákærði Sævar kveður rannsóknarlögreglumann hafa sagt sér hvað Guðjón hefði sagt um þetta atriði og þá hafi þetta rifjast betur upp fyrir sér.“ Bókað var að Guðjóni hafi verið kynnt hvað Sævar hafi sagt Geirfinn hafa sagt eftir að komið hafi verið í Dráttarbrautina.³¹⁸⁴ Kvaðst Guðjón ekki muna eftir þessum orðum Geirfinns. Bókað var að lesið hafi verið upp úr framburðum ákærðu um átökin við Geirfinn í Dráttarbrautinni. Kvaðst Sævar halda fast við framburð sinn en Guðjón sagðist engu hafa að bæta við sinn framburð. Bókað var að framburðir þeirra um atvik í Dráttarbrautinni eftir að Geirfinnur hafi fallið til jarðar og á leiðinni til Reykjavíkur aðfaranótt 20. nóvember 1974 hafi verið lesnir í heyranda hljóði. Sagði Sævar það rétt sem hann hafi áður skýrt frá um þessi atriði. Kvaðst Guðjón engu hafa að bæta við framburð sinn að svo stöddu. Bókað var að Sævar hafi ekki kannast við að hafa sagt það við Guðjón á leiðinni til Reykjavíkur að hann væri samsekur um morð. Var lesið úr framburði Sævars um líkflutninga frá Grettisgötu 82 upp í Rauðhóla 21. nóvember 1974. Kvaðst hann ekki þora að fullyrða að Guðjón hafi verið með en að öðru leyti væri framburðurinn réttur. Bókað var að Guðjón hafi vísað til fyrri framburðar síns um framangreind atriði. Kvaðst Sævar hafa sagt Guðjóni skömmu eftir Keflavíkurferðina að hann hefði sagt Geirfinni að hann hétí Magnús Leópoldsson. Sagði Guðjón að Sævar hafi aldrei sagt sér þetta. Bókað var að í framburði Sævars hafi komið fram að Guðjón hafi gefið það í skyn að heppilegt væri að bendla Klúbbmönnum við málið þar sem Geirfinnur hafi átt viðskipti við Sigurbjörn. Kvaðst Guðjón ekki kannast við þetta og vísaði til framburðar síns um þetta. Tók Sævar það fram að hann og Guðjón hafi rætt um Geirfinnsmálið sumarið

³¹⁸³ Bls. 3237.

³¹⁸⁴ Bls. 3238.

1975. Bókað var að frekari samprófun hafi reynst árangurslaus. Viku þeir frá klukkan 14:55 og var dómþingi slitið.³¹⁸⁵
1627. Guðjón ritaði í dagbók sína þennan sama dag, 11. júlí 1977, um að hafa verið vakinn í morgunkaffi til að fara í samprófun, en hún hafi dregist til klukkan 13:00. Orðrétt ritaði Guðjón: „Sakad. sampr. við S.M. til 15:30. Hann er alveg niðurbrotinn og nærri ógjörningur að hafa sampr. með honum. Fátt kom fram markvert. Farið var yfir helstu atriði framb. uns kom að því hvar líkið er. Þá sló úti fyrir S.M. og allt fór á flot.“ Ritaði Guðjón um að vera samprófaður daginn eftir við Erlu klukkan 10:00 sem gæti orðið athyglivert. Sævar hafi beðið um að fara út undir bert loft. Ritaði Guðjón um að hafa samið spurningar fyrir Erlu sem hann þyrfti að bera fyrst undir verjanda sinn, Benedikt Blöndal. Þá yrði hann að hvetja verjandann áfram í ýmsum málum sem að hans mati gengju hægt. Ritaði Guðjón um að Erla yrði væntanlega betur á sig komin en Sævar.³¹⁸⁶
1628. Þriðjudaginn 12. júlí 1977 var bókað í dagbók fangelsisins við Síðumúla að Jón Oddsson, skipaður verjandi Sævars, hafi komið til viðtals við hann klukkan 09:25. Klukkan 09:45 var bókað að Guðjón hafi verið fluttur í sakadóm Reykjavíkur. Bókað var klukkan 10:25 að Jón Oddsson hafi farið frá Sævari með punkta um hvar Geirfinni Einarssyni hafi verið komið fyrir, eins og það var orðað í færslunni. Bókað var að komið hafi verið með Guðjón í fangelsið klukkan 12:55. Á sama tíma var bókað að Gunnlaugur Briem hafi hringt og beðið um pláss fyrir Kristján Viðar. Klukkan 15:10 var bókað að komið hafi verið með Kristján Viðar í Síðumúlafangelsið. Bókað var að séra Jón Bjarman hafi komið klukkan 15:45 til viðtals við Guðjón. Klukkan 17:45 var bókað að séra Jón hafi farið með bækur og óhrein föt frá Guðjóni. Var þess getið í sömu færslu að Kristján Viðar hafi verið settur á klefa númer 17.³¹⁸⁷
1629. Sama dag var dómþing sakadóms Reykjavíkur háð og tekið fyrir sakadómsmálið á hendur ákærðu að því er varðar sakargiftir vegna hvarfs Geirfinns Einarssonar. Bókað var að sækjandi málsins hafi mætt í dóminum. Klukkan 10:00 hafi Erla mætt í dóminum. Bókað var að verjandi hennar væri utanbæjar. Kvaðst Erla engu að síður tilbúin til að mæta til samprófunar við Guðjón. Þá var Guðjón bókaður mættur í dóminum og með honum skipaður verjandi hans, Benedikt Blöndal. Bókað var að athygli Guðjóns hafi verið vakin á framburði frá 30. júní 1977 um að Sævar hafi einhvern tímann nefnt að blanda Klúbbmönnum í málið ef það kæmist upp. Þá var athygli hans vakin á framburði hans í þinghaldinu daginn áður. Kvaðst Guðjón ekki óska eftir því að taka neitt fram um þetta atriði að svo stöddu. Bókað var að samprófun milli Erlu og Guðjóns hafi farið fram. Var lesinn í heyranda hljóði framburður Erlu frá 4. júlí 1977 um það að hún og Sævar hafi hitt Guðjón á Mokka 18. nóvember 1974 klukkan 17:00. Kvaðst Erla halda fast við framburðinn en Guðjón sagst vísa til fyrri framburðar. Bókað var að Erla hafi sagst ekki muna eftir að hafa farið inn í húsið Lambhól umrætt kvöld.³¹⁸⁸ Kvaðst Guðjón halda fast við framburð sinn um þetta

³¹⁸⁵ Bls. 3240.

³¹⁸⁶ Bls. 2723_T.

³¹⁸⁷ Dagbók nr. 7, bls. 38–39.

³¹⁸⁸ Bls. 3241.

atriði. Bókað var að áfram hafi verið lesið úr framburðum ákærðu. Neitaði Erla því að með þeim hafi verið einhver þriðji maður. Taldi hún sig hafa numið staðar við heimili Guðjóns þegar hún kom frá Lambhóli. Kvaðst Erla halda fast við framburð sinn um að Sævar og Guðjón hafi farið inn á heimili Guðjóns. Bókað var að Guðjón hafi sagt það rangt. Aðspurð kvaðst Erla ekki kannast við að þriðji maður hafi farið úr bifreið hennar í nánd við heimili Guðjóns. Bókað var að lesið hafi verið úr framburðum þeirra um komuna á Vatnsstíg og brottför þaðan. Héldu þau fast við framburði sína. Kvaðst Guðjón engar sérstakar athugasemdir gera við framburð Erlu. Bókað var að lesið hafi verið úr framburðum þeirra um atvik á leiðinni til Keflavíkur. Kvaðst Guðjón ekki vera öruggur um hvort staðnæmst hafi verið á bensínstöð í Hafnarfirði á leiðinni en sagði það vel mega vera. Kvaðst Erla halda fast við það sem hún hafi þegar greint frá.³¹⁸⁹ Vísaði Guðjón í framburð sinn um þetta atriði. Bókað var að Guðjón hafi sagst telja að þau hafi verið við bíóið í Keflavík á bilinu klukkan 22:00 til 22:10. Kvaðst hann miða við það að sýning í bíóinu hafi hafist klukkan 21:00 eins og algengt væri og hlé hafi verið á þessum tíma. Bókað var að Erla og Guðjón hafi bæði haldið fast við framburði sína um atburði í Keflavík. Bókað var að lesið hafi verið úr framburðum ákærðu um atvik eftir að Geirfinnur kom inn í bifreiðina. Kvaðst Guðjón ekki minnst þess að ekið hafi verið um Keflavík á leiðinni í Dráttarbrautina. Sagði hann það mega vera rétt hjá Erlu að eitthvað orðaskak hafi orðið í bifreiðinni. Minntist hann þess ekki að Geirfinnur hafi farið fram á að fara úr bifreiðinni. Tók hann fram í því sambandi að leiðin frá Hafnarbúðinni að Dráttarbrautinni væri örstutt. Kvaðst Guðjón ekki hafa orðið þess var að sviptingar hafi orðið í bifreiðinni, en þorði ekki að taka fyrir það. Bókað var að Erla og Guðjón héldu fast við framburði sína um atvik á leið í Dráttarbrautina. Bókað var að lesið hafi verið úr skýrslum þeirra um átökin við Geirfinn í Dráttarbrautinni. Sagði Guðjón það rétt hjá Erlu sem hún hafi sagt um peningana sem Sævar hafi boðið Geirfinni. Rétt væri hjá Erlu að hann hafi farið síðastur úr bifreiðinni að Erlu frátalinni. Peningarnir hafi þá legið á dreif um bifreiðina.³¹⁹⁰ Orðrétt var bókað: „Ákærði kveður það rétt hjá ákærðu, að hann hafi tekið í upphandlegg Geirfinns, en telur það misskilning að Geirfinnur hafi þá verið að fara á brott. Ákærði kveðst hafa ætlað að fá Geirfinn á brott með sér. Ákærði kveður sér hafa verið ljóst að einhver hafði logið að Geirfinni og eitthvað væri bogið við þetta allt saman. Var ætlun ákærða að Geirfinnur færi óáreittur á brott og ekkert yrði meira úr þessu.“ Taldi Guðjón að Geirfinnur hafi ekki brugðist illa við en Sævari og Kristjáni Viðari hafi verið of lausar hendur eins og neista væri hleypt í púður, eins og það var bókað. Þorði Guðjón ekki að fullyrða um nákvæman gang mála eftir þetta. Minntist Guðjón þess ekki að hafa beitt hnefunum, að minnsta kosti hafi ekkert séð á honum á eftir. Persónulega hafi ekki vakað fyrir honum að lenda í átökum við Geirfinn. Kvaðst Erla halda fast við framburð sinn um átökin. Mundi Guðjón ekki eftir því að barefli eða byssa hafi verið notað í átökunum. Kvaðst hann ekkert frekar hafa að athuga við framburð Erlu um átökin. Minntist hann þess ekki að hafa séð Sævar ganga til hennar og fá henni peninga. Þá hafi hann ekki orðið var við að hún hafi

³¹⁸⁹ Bls. 3242.

³¹⁹⁰ Bls. 3243.

farið.³¹⁹¹ Bókað var í sakadómsbókina að lesið hafi verið úr framburði Erlu um flutningana á líki Geirfinns og greftrun þess í Rauðhólum. Kvaðst Erla ekki vera örugg um hvort Guðjón hafi verið með í ferðinni, en hélt fast við framburð sinn að öðru leyti. Neitaði Guðjón því með öllu að hafa átt nokkurn þátt í flutningi á líki Geirfinns. Kvaðst Erla ekki muna betur en að Volkswagen bifreiðin hafi verið á Ásvallagötu 46 þegar hún og Sævar sóttu hana 20. nóvember 1974. Bókað var að Guðjón hafi sagst ekki geta komið þessu heim og saman og talið þetta mikið vafamál. Taldi hann sig hafa farið heim um nóttina á Fiat bifreiðinni. Lesið var úr framburði Erlu um samtal ákærðu að Grettisgötu 82 stuttu eftir 19. nóvember 1974 þar sem þau hafi rætt hvað gera skyldi ef upp kæmist um málið. Kvaðst Erla halda fast við framburð sinn. Guðjón neitaði með öllu að hafa hitt meðákærðu til að ræða þetta. Lesið var úr framburði Erlu um að hún hafi hitt Guðjón eftir að henni hafði verið sleppt úr gæsluvarðhaldi 20. desember 1975. Sagði Guðjón það rétt að hann hafi hitt Erlu á framangreindum tíma, einu sinni á kaffihúsinu Tröð og einu sinni eða tvisvar á heimili hans. Sagði hann það rangt hjá Erlu að hann hafi hringt til hennar til að leita fréttu af yfirheyrslum, líkt og hún hafi haldið fram.³¹⁹² Kvaðst Erla halda fast við þann framburð sinn. Bókað var að frekara samræmi hafi ekki náðst í framburðum ákærðu. Viku þau frá klukkan 12:10 og var dómþingi slitið.³¹⁹³

1630. Fyrir liggur vélritað bréf frá Sævari til Gunnlaugs Briem, dómsformanns, dagsett þennan dag 12. júlí 1977. Greindi Sævar frá því að farið hafi verið með lík Geirfinns frá Keflavík eftir Keflavíkurveginum en síðan komið því fyrir á öskuhaugum Hafnarfjarðar. Lýsti Sævar ökuleiðinni að haugunum. Ritaði hann að líkinu hafi verið komið fyrir í kanti við haugana og bíldekk og drasl látið yfir. Of hættusamt hafi verið talið að fara með líkið til Reykjavíkur. Orðrétt ritaði Sævar: „Framburður varðandi Rauðhóla er rangur svo og geymsla á Grettisgötu. Erla nefnir Rauðhólana fyrst í samprófun fyrir ári síðan og gaf mér merki um að tala um stað þar sem við ókum um sumarið 1975.“ Greindi Sævar frá því að Kristján Viðar hafi átt uppástunguna með öskuhaugana og virst þekkja þar til og vitað um hentugan stað. Guðjón hafi ekið bifreiðinni og líkinu verið komið fyrir á stað sem Sævar kvaðst hafa bent Jónasi Bjarnasyni, rannsóknarlögreglumanni, nýverið á. Ritaði Sævar um að Guðjón hafi lagt mikla áherslu á það við sig að skýra ekki frá staðnum þar sem líkið hafi verið falið. Þeir hafi hist á Mokka daginn eftir, 20. nóvember 1974, og þá hafi Guðjón sagt það geta komið honum illa ef hann myndi kjafta frá. Orðrétt ritaði Sævar: „Erla var búin að segja mér að skýra frá Rauðhólunum bæði með miðum sem ég fékk frá henni í Síðumúla og í samprófun í júlí í fyrra. Taldi ég þetta vera samráð hennar og Guðjóns, en ég ímyndaði mér, að þau hefðu mikið samráð meðan Erla var laus og mér gefið það í skyn.“ Ritaði Sævar um að vilja koma þessu á framfæri og veita alla hugsanlega aðstoð við að finna lík Geirfinns.³¹⁹⁴

³¹⁹¹ Bls. 3244.

³¹⁹² Bls. 3245.

³¹⁹³ Bls. 3246.

³¹⁹⁴ Bls. 2724.

1631. Þennan dag ritaði Guðjón orðrétt í dagbók sína: „Samp. með E.B. gekk vel, hún var ein og virtist halda sig við sannleikann að flestu leyti.“ Ritaði Guðjón um að hafa spjallað við verjanda sinn á eftir. Þá hafi séra Jón Bjarman komið og þeir meðal annars rætt samprófanir og réttarhöld.³¹⁹⁵
1632. Miðvikudaginn 13. júlí 1977 bókaði færsluritari í dagbók Síðumúlafangelsisins um símtal sitt við Gunnlaug Briem. Gat hann þess að Gunnlaugur hafi tilkynnt um að hann og meðdómendur hans, Ármann Kristinsson og Haraldur Henryson væru farnir í sumarfrí. Þá hafi Gunnlaugur getið þess að fjórmenningsarnir í Guðmundar- og Geirfinnsmálinu, það er Tryggvi Rúnar, Kristján Viðar, Guðjón og Sævar ættu að vera í Síðumúlafangelsi þangað til undirréttardómur myndi falla. Orðrétt var bókað: „Vonlaust væri að ræða það frekar við þá eða hringja út af því. Þessi ákvörðun var tekin einróma af dómurunum í gær.“ Orðrétt var bókað í fangelsisdagbókina klukkan 18:15: „Hringdi Gunnlaugur Briem sakadómari og tjáði mér að séra Ragnar Fjalar Lárusson mætti tala við Guðjón tvisvar í mánuði og þá einslega. Jafnframt fer Gunnlaugur þess á leit við prestinn að hann tali ekki um sakamálið við Guðjón og biður okkur að koma því á framfæri við prestinn. Benedikt Blöndal má einnig tala við Guðjón, en hann má alls ekki sýna honum málskjölin. Það sama gildir um hina verjendurna. Allir ofantaldir menn ásamt séra Jóni Bjarman mega tala við sakborninga einslega. Aðrar heimsóknir ekki leyfðar. Ekkert verður talað við sakborninga fyrr en í byrjun september, en ef einhver annar en Sævar vill staðfastlega benda á hvar líkin séu grafin þá á að hafa samband við Jónas Bjarnason hjá RLR.“³¹⁹⁶
1633. Þennan dag ritaði Guðjón í dagbók sína um að þurfa að nudda sér í gegnum réttarhléið sem yrði langt en með sama jafnaðargeðinu gengi það. Hann þyrfti að tala við Gunnar Guðmundsson, forstöðumann, það þýddi ekki að bíða með það lengur. Orðrétt ritaði hann: „Taka saman helstu atriði og fara varlega að gamla mannum.“³¹⁹⁷ Ritaði Guðjón hjá sér fjögur minnisatriði, í fyrsta lagi um séra Ragnar Fjalar og viðtöl við hann án áheyrnar, í öðru lagi um dagblöð, í þriðja lagi um blöð sem væru frammi í skáp og honum hafi aldrei verið sagt frá og í fjórða lagi að rangt væri að séra Jón yrði að lúta heimsóknarbanni dómara. Ritaði Guðjón um að hafa rætt við Gunnar sem hafi verið truflaður í miðju samtali og ekki komið aftur. Hann hafi fengið Der Spiegel inn á klefann sem honum hafi borist 13. júní 1977. Ritaði hann um að vont væri ef Gunnar forstöðumaður færi að hringja í Gunnlaug Briem, en þá færi allt í vitleysu.³¹⁹⁸ Daginn eftir, 14. júlí 1977, ritaði Guðjón um að hafa gengið frá málum við Gunnar Guðmundsson. Hann hafi fengið öll blöðin sem hafi verið frammi, séra Ragnar Fjalar fengi að koma tvisvar í mánuði án fylgdarmanns, hann fengi að sjá fylgirit Tímans og þá væru læknisferðir sjálfsagðar. Ritaði Guðjón um að gert væri ráð fyrir dvöl hans í Síðumúlafangelsi þar til dómur félli, enginn vissi hvenær það yrði, ef til vill um áramót.³¹⁹⁹

³¹⁹⁵ Bls. 2724_A.

³¹⁹⁶ Dagbók nr. 7, bls. 40–41.

³¹⁹⁷ Bls. 2724_A.

³¹⁹⁸ Bls. 2724_B.

³¹⁹⁹ Bls. 2724_C.

1634. Föstudaginn 15. júlí 1977 var bókað í dagbók fangelsisins við Síðumúla að Jón Oddsson, skipaður verjandi Sævars, hafi komið til viðtals við hann klukkan 09:30. Bókað var að Sævar hafi verið færður á klefa sinn aftur klukkan 11:00. Bókað var að séra Ragnar Fjalar hafi komið til viðtals við Guðjón klukkan 14:10. Klukkan 15:30 var bókað að Högni Einarsson, rannsóknarlögreglumaður, hafi komið með 5.000 krónur frá félagsmálastofnun til Sævars. Klukkan 16:35 var bókað að bróðir Sævars hafi komið með teikniblokk og pensil fyrir hann.³²⁰⁰
1635. Laugardaginn 16. júlí var bókað í dagbók Síðumúlafangelsisins að móðir Sævars hafi komið klukkan 11:40 með sendingu til hans, jógúrt, kaffirjóma, föt og sælgæti.³²⁰¹
1636. Mánudaginn 18. júlí 1977 var bókað í dagbók fangelsisins við Síðumúla að sending hafi borist Sævari frá móðir hans klukkan 14:45. Bókað var að Guðsteinn læknir hafi komið milli klukkan 17:00 og 17:35 og rætt við Tryggva Rúnar, Sævar og Guðjón meðal annarra. Þá var bókað um komu séra Jóns Bjarman klukkan 19:50 til viðtals við Guðjón. Bókað var að séra Jón hafi farið klukkan 22:30.³²⁰²
1637. Guðjón ritaði um viðtal sitt við Guðstein í dagbókina. Læknirinn hafi ráðlagt honum notkun á augndropum og þeir sammælt um að leggja niður Diazepam notkun á miðnætti. Ritaði hann um viðtal sitt við séra Jón Bjarman sem hafi fært honum litlar fréttir að heiman. Orðrétt ritaði Guðjón: „Segir málið hafa farið allt upp í loft við sampr. hjá Kristjáni Viðari. Hann þá dregið allt til baka áður sagt og nú er allt í hnút.“ Síðar í færslunni ritaði hann orðrétt um samtál sitt við séra Jón: „[HJÞ] einhvers staðar vitni í G.f.máli. Hvar eða hvers er óljóst. „að ætla mönnum heldur illt en gott.“ sagði hann blessaður.“³²⁰³
1638. Fimmtudaginn 21. júlí 1977 var bókað í dagbók fangelsisins við Síðumúla að Gunnlaugur Briem hafi hringt klukkan 16:15 og tekið til baka fyrri ákvörðun með flutning á Kristjáni Viðari. Boðunarmenn sakadóms Reykjavíkur myndu sjá um flutninginn, en ekki rannsóknarlögregla ríkisins. Var þess getið að ákvörðunin væri í samræmi við þá verkaskiptingu sem nú væri viðhöfð milli embættanna. Daginn eftir, 22. júlí 1977, var bókað að móðir Sævars hafi komið með sendingu til hans, bók um ljósmyndun, kaffirjóma og jógúrt.³²⁰⁴
1639. Laugardaginn 23. júlí 1977 var bókað í dagbók Síðumúlafangelsisins að Guðsteinn læknir hafi rætt við Sævar meðal annars milli klukkan 09:30 og 10:20. Var þess getið að lyfjaskrá hafi verið smávegis breytt.³²⁰⁵
1640. Miðvikudaginn 27. júlí 1977 var bókað í dagbók fangelsisins við Síðumúla að hringt hafi verið frá félagsmálastofnun klukkan 13:20 og tilkynnt um að umsókn Sævars um fatapeninga hafi verið samþykkt.³²⁰⁶

³²⁰⁰ Dagbók nr. 7, bls. 44–45.

³²⁰¹ Dagbók nr. 7, bls. 45–46.

³²⁰² Dagbók nr. 7, bls. 47–48.

³²⁰³ Bls. 2724_E–F.

³²⁰⁴ Dagbók nr. 7, bls. 55.

³²⁰⁵ Dagbók nr. 7, bls. 56.

³²⁰⁶ Dagbók nr. 7, bls. 60–61.

1641. Meðal rannsóknargagna liggur fyrir bréf séra Jóns Bjarman til dóms- og kirkjumálaráðuneytisins, dagsett þennan dag. Vísaði hann til bréfs frá 24. september 1976 og óskaði eftir upplýsingum um niðurstöður opinberrar rannsóknar á meintri ótilhlýðilegri harðýðgi við tvo skjólstæðinga hans og umsögn ráðuneytisins um niðurstöðurnar.³²⁰⁷ Daginn eftir, 28. júlí 1977, barst svarbréf frá ráðuneytinu, undirritað af Jóni Thors, ráðuneytisstjóra. Í bréfinu kom fram að ríkissaksóknari hafi ritað þeim dómara sem hafi farið með rannsókn á kæru um óviðurkvæmilega beitingu agaviðurlaga í fangelsinu og tilkynnt honum að ekki væri krafist frekari aðgerða í málinu af hálfu ákærvaldsins. Áður en ríkissaksóknari hafi tekið þá ákvörðun hafi hann leitað umsagnar ráðuneytisins um rannsóknina. Fram kom að ljósrit af umsögninni sem dagsett var 12. apríl 1977 væri meðfylgjandi.³²⁰⁸
1642. Föstudaginn 29. júlí 1977 var bókað í dagbók Síðumúlafangelsisins að séra Ragnar Fjalar hafi komið klukkan 14:10 til viðtals við Guðjón. Klukkan 16:35 var bókað að presturinn hafi farið eftir óþarflega langt viðtal, eins og það var bókað. Var þess getið að hann hafi heimilað að hringt yrði heim til hans ef Guðjón óskaði viðtals.³²⁰⁹ Daginn eftir var bókað að Guðsteinn læknir hafi komið milli klukkan 09:00 og 10:40 og rætt við Guðjón og Sævar meðal annarra. Var þess getið að lyfjaskrá hafi verið smávegis breytt.³²¹⁰
1643. Dagana 31. júlí 1977 til 16. ágúst 1977³²¹¹ var bókað í dagbók fangelsisins við Síðumúla að ýmsar sendingar til Sævars, Kristjáns Viðars, Guðjóns og Tryggva Rúnars. Fimmtudaginn 4. ágúst 1977 var bókað í fangelsisdagbókina að Jón Oddsson, verjandi Sævars, hafi komið til viðtals við hann milli klukkan 15:00 og 15:40.³²¹² Daginn eftir var bókað að Guðjón hafi fengið viðtal við séra Ragnar Fjalar milli klukkan 16:25 og 18:50. Sama dag, 5. ágúst 1977, var bókað að Hilmar Ingimundarson, verjandi Tryggva Rúnars, hafi komið til viðtals við hann og annan fanga milli klukkan 17:35 og 18:15.³²¹³ Bókað var í fangelsisdagbókina daginn eftir að Guðsteinn læknir hafi komið milli klukkan 08:00 og 09:30 og rætt við Tryggva Rúnar, Sævar, Kristján Viðar og Guðjón meðal annarra. Var þess getið að lyfjaskrá hafi verið breytt. Miðvikudaginn 10. ágúst 1977 var bókað að komið hafi verið með vinnulaun Kristjáns Viðars af Litla-Hrauni, 5.359 krónur.³²¹⁴ Föstudaginn 12. ágúst 1977 var bókað í fangelsisdagbókina að Sævar hafi verið fluttur til augnlæknis klukkan 09:05 og komið til baka með hann klukkan 10:50. Var þess getið að ferðin hafi mislukkast þar sem læknirinn hafi ekki mætt.³²¹⁵ Sama dag var bókað um heimsókn séra Ragnars Fjalars til Guðjóns milli klukkan 13:13 og 16:25. Var þess sérstaklega getið í bókun að viðtalið hafi verið óþarflega langt. Klukkan 18:00 þennan dag var bókað um símtal frá Gunnlaugi Briem. Orðrétt var bókað: „Hringdi Gunnlaugur Briem og spurðist fyrir um

³²⁰⁷ Bls. 2725.

³²⁰⁸ Bls. 2726.

³²⁰⁹ Dagbók nr. 7, bls. 62–63.

³²¹⁰ Dagbók nr. 7, bls. 64.

³²¹¹ Dagbók nr. 7, bls. 65–90.

³²¹² Dagbók nr. 7, bls. 72.

³²¹³ Dagbók nr. 7, bls. 74.

³²¹⁴ Dagbók nr. 7, bls. 82.

³²¹⁵ Dagbók nr. 7, bls. 84.

heilsu Sævars Ciesielski, einnig kvað Gunnlaugur að reynt verði að hraða máli Sævars, Kristjáns, Tryggva og Guðjóns eftir sumarfrí.³²¹⁶ Daginn eftir, laugardaginn 13. ágúst 1977, var bókað að Guðsteinn læknir hafi tekið Sævar, Kristján Viðar og Tryggva Rúnar til viðtals meðal annarra fanga. Bókað um breytingar á lyfjaskrá hjá Kristjáni Viðari. Sama dag var bókað að Páll Arnór Pálsson, verjandi Kristjáns Viðars, hafi komið til viðtals við milli klukkan 20:10 og 22:00.³²¹⁷

1644. Þriðjudaginn 16. ágúst 1977 var dómþing sakadóms Reykjavíkur háð og tekið fyrir sakadómsmálið á hendur ákærðu að því er varðar sakargiftir um hvarf Guðmundar Einarssonar. Sækjandi málsins, Bragi Steinarsson, vararíkissaksóknari var ekki bókaður mættur. Þá voru verjendur ákærðu ekki heldur viðstaddir. Bókað var að [HJP] hafi komið fyrir dóminn sem vitni klukkan 10:00. Greindi hann frá kynnum sínum af Sævari, Erlu, Kristjáni Viðari og Alberti Klahn.³²¹⁸ Kvaðst hann muna að Sævar hafi einhvern tíma minnst á að láta menn hverfa sem honum hafi verið illa við en það hafi einkum verið Kristján Viðar sem hafi haft orð á því. Komið hafi fyrir að honum og Sævari hafi sinnast og þá hafi Sævar haft á orði að stytta honum aldur. Orðrétt var bókað: „Vitnið telur sig muna, að Sævar Marinó hafi einhvern tíma sagt við það að það skyldi vara sig á, að ekki færi eins fyrir því og Geirfinni. Vitnið kveður þó geta verið, að það hafi verið Kristján Viðar er sagði þetta, því að hann hafi meira og minna verið með slíkar hótanir.“ Kvaðst [HJP] hafa tekið eftir því að eftir mánaðamótin janúar, febrúar 1974 hafi Tryggvi Rúnar forðast að vera með Sævari og Kristjáni Viðari.³²¹⁹ Greindi hann frá því að á sama tíma hafi hann farið með Sævari, Kristjáni Viðari og Alberti að Hamarsbraut 11 í Hafnarfirði. Mundi hann eftir því að ákærðu hafi ekki viljað hleypa honum inn í íbúðina. Kvaðst hann ekki hafa vitað ástæðu þess. Þeir hafi verið með hótanir við hann og kvaðst [HJP] muna eftir því að Kristján Viðar hafi sagt hann mega velja um hvort hann færi sjálfur í bæinn eða þá að Kristján myndi fleygja honum fram af hömrunum fyrir neðan. Kvaðst hann hafa orðið leiður yfir því að fá ekki að fara með inn í íbúðina þar sem honum hafi skilist að eitthvað gróðabrall stæði til. Mundi [HJP] eftir því að Sævar hafi verið handtekinn einhvern tímamann í byrjun febrúar 1974. Greindi hann frá því að hafa flutt inn til Erlu að Hamarsbraut 11 einum til tveimur dögum síðar og búið þar um hálfmánaðar skeið. Kvaðst hann hafa dvalið þar í boði Erlu, en Sævar hafi ekki komist að þessu fyrr en eftir á. Erla hafi verið mjög taugaveikluð og taldi hann hana ekki hafa viljað vera eina. Orðrétt var bókað í sakadómsbókina: „Óreiða var í íbúðinni og tók vitnið þar fljótlega til. Vitnið kveðst hafa séð blóðbletti í svefnherbergi, sem er inn af stofu. Man vitnið sérstaklega eftir tveimur blóðblettum í gólfteppi. Var annar, sem var nokkuð stór innarlega í herberginu, en hinn, sem var nokkru minni, var nálægt dyrunum fram í stofuna. Vitnið sá einnig blóð víðsvegar um herbergið og er sérstaklega minnisstætt, að það sá blóð á dívani.“³²²⁰ Kvaðst [HJP] hafa spurt Erlu út í blettina og hún sagt þá vera blóð. Hann hafi þá spurt hana hvort átök hafi orðið inni í íbúðinni en hún neitað því og sagt blóðið

³²¹⁶ Dagbók nr. 7, bls. 85.

³²¹⁷ Dagbók nr. 7, bls. 86.

³²¹⁸ Bls. 2625.

³²¹⁹ Bls. 2626.

³²²⁰ Bls. 2627.

hafa komið úr nautakjöti sem Sævar hafi steikt sér. Fannst [HJP] blettirnir hafa verið það stórir að skýring Erlu hafi ekki gengið upp. Taldi hann að átök hafi átt sér stað í íbúðinni. Þá lýsti hann vondri lykt úr ísskápnum en við leit hafi hann fundið tvo taupoka sem hafi verið umbúðir utan af hassi. Algengt hafi verið að sjóða slíkar umbúðir og drekka undan þeim seyðið. Mundi hann eftir því að [HeG] og Erla hafi verið viðstaddar þegar hann sauð umbúðirnar. Tók hann þá eftir því að dökkir blettir hafi verið á umbúðunum og taldi hann þá vera blóð. Kvaðst hann hafa spurt Erlu og hún þá sagt þetta vera nautsblóð. Hann og [HeG] hafi drukkið seyðið sem hafi haft áþekk áhrif og hassreykingar. Erla hafi ekki viljað drekka seyðið en reykt hassköggla sem hafi verið eftir í umbúðunum. Hafi Erla spurt þau hvernig þeim fyndist að drekka mannsblóð. Erla hafi ekki nefnt úr hverjum blóðið hafi verið en eftir að Guðmundarmálið hafi komist upp hafi hún sagt vitninu og fleirum að blóðið hafi verið úr Guðmundi.³²²¹ Kvaðst [HJP] hafa þrifið íbúðina ásamt Erlu, meðal annars blóð. Ekki hafi verið unnt að hreinsa upp blóðið úr teppinu og díváninum þar sem það hafi verið storknað. Kvaðst hann hafa aðstoðað Erlu við að flytja frá Hamarsbraut 11 og mundi hann ekki eftir því að díváninn hafi verið fluttur með. Gat hann ekki lýst díváninum öðruvísi en svo að hann hafi verið mjór. Teppi hafi verið sett yfir hann til að hylja blóðið. Greindi [HJP] frá því að hann hafi dvalið heima hjá Kristjáni Viðari um hálfsmánaðarskeið sumarið 1975. Mundi hann eftir því að í eitt sinn þegar hann og Kristján Viðar hafi setið að drykkju hafi Kristján farið að ræða Geirfinnsmálið. Hafi Kristján sagst vita allt um málið. Kvaðst [HJP] hafa spurt Kristján hvers vegna hann færi ekki fram með upplýsingarnar þar sem hálf milljón króna væri í boði. Kristján Viðar hafi þá sagt að of góðir vinir sínir væru viðriðnir málið og hann vildi ekki koma upp um þá. Kvaðst [HJP] hafa verið vantrúaður á það sem Kristján Viðar hafi sagt. Greindi hann næst frá því að seint um haustið 1974 eða 1975 hafi Sævar látið hann fá úr til að setja í pant. Hann hafi vantað peninga og þar sem Sævar hafi skuldað honum hafi hann farið fram á það við Sævar að hann léti sig fá eitthvað í þessu skyni. Sævar hafi verið mjög tregur til að láta úrið af hendi og kvaðst [HJP] ekki vita af hvaða ástæðu. Kvaðst hann vera á því að Sævar hafi verið búinn að eiga úrið lengi.³²²² Lýsti hann úrinu sem karlmannsúri úr stáli, í meðallagi stóru, með dökkri skífu og án tölustafa. Úrið hafi verið með mjög breiðri svartri ól með málmþökkum. Sagðist [HJP] hafa látið sjómann fá úrið í pant fyrir andvirði einnar áfengisflösku. Úrið hafi aldrei verið leyst út og vissi hann ekki hvað hafi orðið af því. Bókað var að [HJP] hafi unnið drengskaparheit að framburði sínum eftir lögmæltan undirbúning. Vék hann frá klukkan 12:25 og var dómþingi slitið.³²²³

1645. Fyrir liggur bréf frá Gunnlaugi Briem til Arnar Höskuldssonar, deildarstjóra, dagsett sama dag, 16. ágúst 1977, ásamt endurriti af framburði Sævars frá 29. mars 1977 og framburði Kristjáns Viðars frá 13. maí 1977. Óskaði Gunnlaugur þess að Örn léti

³²²¹ Bls. 2628.

³²²² Bls. 2629.

³²²³ Bls. 2630.

sakadómi Reykjavíkur í té greinargerð um þær ásakanir sem fram komu í framburðunum á hendur honum, rannsóknarlögreglumönnum og fangavörðum.³²²⁴

1646. Meðal rannsóknargagna liggur fyrir bréf Gunnlaugs til rannsóknarlögreglu ríkisins, dagsett sama dag, ásamt endurríti af dómsyfirheyrslu yfir [HJP]. Óskaði Gunnlaugur þess að rækileg rannsókn færi fram á því sem fram hafi komið við yfirheyrsluna og reynt yrði að staðreyna það eftir föngum. Taldi Gunnlaugur upp fjögur atriði sem hann óskaði sérstaklega rannsókna á. Í fyrsta lagi að Erla Bolladóttir og [HeG] yrðu yfirheyrðar um framburð [HJP], í öðru lagi að reynt yrði að hafa uppi á dítvaninum sem hann hafi greint frá og hafi verið að Hamarsbraut 11, í þriðja lagi að Albert Klahn yrði yfirheyrður út af ferð [HJP] að Hamarsbraut 11 um mánaðamótin janúar, febrúar 1974 þegar honum hafi verið meinað að koma þangað inn og í fjórða lagi að rannsakað yrði hvað hafi orðið af úrinu og reynt að ganga úr skugga um hvort það gæti hafa verið í eigu Guðmundar eða Geirfinns.³²²⁵
1647. Miðvikudaginn 17. ágúst 1977 var bókað í dagbók fangelsisins við Síðumúla að Jón Thors, deildarstjóri dómismálaráðuneytisins, hafi hringt klukkan 09:30 og spurt hvernig andlegri þjónustu væri háttað við Guðjón. Var þess getið að séra Jón Bjarman kæmi hvern þriðjudag í um hálf tíma í senn til viðtals við Guðjón. Þá hefði séra Ragnar Fjalar leyfi frá Gunnlaugi Briem til að koma tvisvar sinnum í mánuði til viðtals við Guðjón. Hann hafi gert það en hagað sínum heimsóknum þannig að hann hafi komið nær vikulega og í óhóflegan tíma í senn. Bókað var að séra Ragnar Fjalar hafi nú þegar notað viðtalsheimild sína fyrir ágústmánuð. Var þess getið að Jón Thors hafi sagt móður Guðjóns vera sífellt að hringja vegna þessarar andlegu þjónustu og nú síðast hafi hún hringt í Ólaf Jóhannesson, dómismálaráðherra, vegna málsins. Bókað var í fangelsisdagbókina að Jón Thors vildi gera einhverjar ráðstafanir. Gat færsluritari þess að hann hafi fallist á það með Jóni að ef leitað yrði eftir viðtali yrði það heimilað í skjóli þess að fangelsisprestur væri fjarverandi, en tíminn yrði takmarkaður við hálf tíma.³²²⁶ Klukkan 14:35 var bókað að Páll Arnór Pálsson, verjandi Kristjáns Viðars, hafi komið til viðtals við hann inn á klefa númer 17. Bókað var að Páll hafi farið frá Kristjáni Viðari klukkan 15:40 með peninga til að kaupa inniskó og tóbak fyrir hann.³²²⁷
1648. Fyrir liggur skýrsla rannsóknarlögreglu ríkisins um yfirheyrslu yfir Alberti Klahn Skaftasyni, lyftarastjóra, þennan dag. Bókað var að tilefni yfirheyrslunnar væri framburður [HJP] fyrir sakadómi daginn áður. Bókað var eftir Alberti þar sem hann rakti framburð [HJP] um ökuferð í bifreið til Hafnarfjarðar þar sem [HJP] hafi verið meinað innganga að Hamarsbraut 11. Kvaðst Albert alls ekki muna eftir þessu atviki en vildi þó ekki rengja frásögn [HJP]. Þetta gæti hafa átt sér stað þótt hann myndi ekki eftir því. Sagði Albert það með öllu útilokað að bifreiðin hafi verið jeppabifreið því hann hafi aldrei ekið slíkri bifreið í borginni eða nágrenni hennar. Kvaðst Albert muna eftir einu tilviki þar sem hann og [HJP] hafi verið staddir heima hjá Erlu að

³²²⁴ Bls. 2727.

³²²⁵ Bls. 2728.

³²²⁶ Dagbók nr. 7, bls. 91.

³²²⁷ Dagbók nr. 7, bls. 92.

Hamarsbraut 11. Vildi hann ekki fullyrða hvenær, en sagði ekki ósennilegt að það hafi verið í febrúar 1974 og tengdi Albert það við minningu um að Sævar hafi setið í fangelsi á þeim tíma. Í íbúðinni hafi verið hann, [HJP], Erla, [HeG] og Kristján Viðar. Sagði Albert þetta hafa verið um nótt og hélt hann að það hafi verið helgi og þau hafi verið að koma af skemmtistað. Pokar utan af hassi hafi verið soðnir og þau hafi öll drukkið seyðið af þeim. Greindi Albert frá því að á pokunum hafi verið einhverjir dökkir blettir sem hann hafi talið vera hassolíu, en hafi getað verið eitthvað annað. Minnti hann að þau hafi verið þarna öll fram undir morgun en þó myndi hann það ekki svo glögg. Mundi hann ekki eftir því að Erla eða einhver annar hafi haft orð á blóði í tengslum við drykkjuna. Greindi Albert frá því að sumarið 1976 hafi [HJP] sagt honum að Kristján Viðar hafi spurt hann að því hvernig blóðteið hafi smakkast. Kvaðst Albert ekki geta borið um sannleiksgildi þessara orða.³²²⁸

1649. Sama dag, 17. ágúst 1976, var tekin skýrsla af [HeG] sem vitni á skrifstofu rannsóknarlögreglu ríkisins. Var tilefni yfirheyrslunnar bókað sem framburður [HJP] fyrir sakadómi Reykjavíkur. Bókað var að henni hafi verið kynntur framburður hans að því er hana snerti. Bókað var að [HeG] hafi sagt það rétt sem [HJP] hafi sagt varðandi það að hún hafi farið með honum heim til Erlu að Hamarsbraut 11. Kvaðst hún ekki geta með nokkru móti munað hvenær, en þetta hafi verið á virkum degi. Minnti hana að þau þrjú hafi verið að skemmta sér í samkomuhúsinu Röðli og farið þaðan beint heim til Erlu. Kvaðst [HeG] hafa verið töluvert mikið undir áfengisáhrifum og muna því óljóst eftir atvikum. Vildi hún taka það fram að hún hafi alls ekki munað eftir þessu fyrir en [HJP] hafi minnst á heimsóknina við hana haustið 1976. Þau hafi drukkið eitthvað sem hafi allavega ekki verið venjulegt áfengi. Orðrétt var bókað: „Ekki man ég eftir neinum blóðblettum í íbúð Erlu, en þeir geta vel hafa verið þar, þó ég muni ekki eftir þeim, eða hafi ekki tekið eftir þeim.“ Þá mundi hún ekki eftir neinum pokum undan hassi sem hafi verið soðnir en sagði það vel geta verið að drykkurinn hafi verið slíkt soð. Mundi hún ekki mikið eftir húsgögnum í íbúðinni en mundi eftir legubekk eða dívan í herbergi inn af stofunni þar sem einnig hafi verið eldunaraðstaða. Varðandi framburð [HJP] um að Erla hafi spurt hvernig þeim þætti að drekka mannsblóð, þá rámaði [HeG] í að Erla hafi sagt eitthvað slíkt. Orðrétt var bókað í skýrsluna: „Þó vil ég ekkert um þetta fullyrða, því eftir þessu mundi ég heldur ekki fyrir en [HJP] fór að tala við mig um það.“ Mundi hún það greinilega að henni og [HJP] hafi boðið við drykknum og átt í vandræðum með að drekka hann. Áhrifin hafi verið svipuð og af hassreykingum. Í lok skýrslunnar tók [HeG] það fram að á þessum tíma hafi hún verið æði oft undir áhrifum áfengis eða fíkniefna og ætti því mjög erfitt með að tímasetja hluti eða skýra nákvæmlega frá atvikum.³²²⁹

1650. Fimmtudaginn 18. ágúst 1977 var bókað í dagbók Síðumúlafangelsisins að Sævar hafi verið færður í hornið klukkan 14:37 til viðtals við Högna Einarsson, rannsóknarlögreglumann. Orðrétt var bókað í fangelsisdagbókina: „A.T.H. Högni Einarsson og Eggert Bjarnason, Sigurbjörn Víðir mega tala við Sævar Ciesielski, leyfi frá Gunnlaugi B. og Haraldi Henryssyni. Þetta er haft eftir viðtali við Eggert

³²²⁸ Bls. 2729–2730.

³²²⁹ Bls. 2731–2732.

Bjarnason.“ Klukkan 15:00 var bókað að Sævar hafi verið færður á klefa sinn. Rannsóknargögn um viðtalið liggja ekki fyrir. Klukkan 15:13 var bókað að hringt hafi verið í Gunnlaug Briem til að afla staðfestingar á heimildum Eggerts, Sigurbjörns Víðis og Höгна til að ræða við Sævar. Á sama tíma var orðrétt bókað: „Sævar Ciesielski vill láta bóka eftir sér þetta að hann neitar að tala við þá Eggert Bjarnason, Höгна Einarsson og Sigurbjörn Víði Eggertsson.“ Klukkan 18:15 var bókað að Páll Arnór Pálsson, verjandi Kristjáns Viðars, hafi farið inn á klefa til hans með strigaskó til mátunar. Bókað var klukkan 19:05 að Högni hafi tekið Sævar til viðtals með hans vilja. Bókað var að Páll Arnór hafi farið frá Kristjáni Viðari klukkan 19:37. Klukkan 19:40 var bókað að Sævar hafi verið færður á klefa sinn eftir viðtal við Höгна sem hann hafi áður verið búinn að neita að tala við, eins og það var orðað í færslunni. Rannsóknargögn um viðtalið liggja ekki fyrir.³²³⁰

1651. Pennan dag var Erla yfirheyrð sem vitni á skrifstofu rannsóknarlögreglu ríkisins milli klukkan 10:20 og 11:55. Bókað var að tilefni yfirheyrslunnar væri framburður [HJP] fyrir sakadómi Reykjavíkur. Bókað var að henni hafi verið kynntur framburðurinn. Sagði Erla það alrangt að [HJP] hafi búið heima hjá henni að Hamarsbraut 11, hann hafi gist nótt og nótt. Rétt væri að hún hafi verið taugaveikluð og það hafi væntanlega verið vegna þess að henni hafi verið illa við að vera ein. Mundi Erla ekki til þess að sérstök óreiða hafi verið í íbúðinni eða að [HJP] hafi tekið þar til. Kvaðst hún ekki muna eftir blóðblettum sem hann hafi sagst hafa séð í gólfteppi í svefnherberginu. Sagðist Erla hafa hitt [HJP] einhvern tímamann fyrrihluta ársins 1976 og þá hafi hann farið að tala um þessa blóðbletti. Greindi Erla frá því að hana hafi þá rámað í að hann hafi talað um blettina snemma árs 1974, en ekki hugsað meira um það. Kvaðst Erla nokkuð viss um að engir blóðblettir hafi verið á dívaninum. Erla sagðist hafa átt dívanin og hafa flutt hann með sér milli íbúða þar til hún og Sævar hafi farið til Kaupmannahafnar í lok árs 1974, en þá hafi Sævar komið honum í geymslu. Kvaðst Erla ekki vita hvað hafi orðið af honum.³²³¹ Sagði Erla það ekki allskostar rétt að [HJP] hafi komið með [HeG] að Hamarsbraut 11 og þau hafi drukkið seyði af hassumbúðum. Greindi Erla frá því þegar hún hafi boðið [HJP] og öðrum manni í íbúðina þegar Sævar hafi verið í fangelsi. [HJP] hafi dvalið yfir nóttina og talað mikið um að Sævar hlyti að eiga mikla peninga eða hass falið í íbúðinni. Hann hafi leitað um allt en einungis fundið strigagrisjur sem hafi verið umbúðir utan af hassi. Hann hafi soðið grisjurnar og drukkið seyðið. Greindi Erla frá öðru tilviki þar sem [HJP] hafi verið gestkomandi að Hamarsbraut 11 ásamt [HeG], Alberti Klahn og öðrum manni. Sagði hún áfengi hafa verið haft um hönd, en ekkert hasste hafi verið drukkið. Sagði Erla að rauðleitir blettir hafi verið á umbúðunum utan af hassinu sem hafi verið svokallað rautt Líbanonhass. Blettirnir hafi verið olía sem hafi runnið úr hassinu. Tók Erla það fram að hún myndi ekki til þess að hafa sagt við [HJP] eða nokkurn annan að blettirnir hafi verið blóðblettir og hvað þá blóð úr Guðmundi Einarssyni.³²³²

³²³⁰ Dagbók nr. 7, bls. 93–94.

³²³¹ Bls. 2733.

³²³² Bls. 2734.

1652. Fyrir liggur samantektarskýrsla dagsett sama dag, 18. ágúst 1977, rituð af Eggerti N. Bjarnasyni, um viðtal við [SJGe], son Geirfinns Einarssonar. Bókað var að tilefnið hafi verið að spyrja hann um armbandsúr sem Geirfinnur hafi verið með þegar hann hafi horfið. Sagði [SJGe] að úrið hafi verið gamalt með hringlaga kassa, ekki sjálftrekt og ekki með tölustöfum á skífunni. Ólin hafi verið úr leðri, breið og á henni nokkuð stórar, silfurlitaðar málmbólur.³²³³
1653. Föstudaginn 19. ágúst 1977 var bókað í dagbók fangelsisins við Síðumúla að séra Ragnar Fjalar hafi komið til viðtals við Guðjón milli klukkan 13:55 og 14:40. Bókað var að móðir Sævars hafi komið með sendingu til hans.³²³⁴ Daginn eftir var bókað að Guðsteinn læknir hafi komið milli klukkan 08:00 og 09:20 til viðtals við Kristján Viðar, Sævar, Guðjón og Tryggva Rúnar. Bókað var að lyfjum hafi verið breytt hjá Kristjáni Viðari og Guðjóni.³²³⁵
1654. Laugardaginn 20. ágúst 1977, var [ISs], sjómaður, yfirheyrður sem vitni af rannsóknarlögreglu ríkisins á lögreglustöðinni á Patreksfirði milli klukkan 03:50 og 04:55. Tilefni yfirheyrslunnar var bókað sem framburður [HJP] fyrir sakadómi Reykjavíkur um að hann hafi látið vitnið fá armbandsúr seint á árinu 1975 en fengið í staðinn riflega andvirði einnar áfengisflösku. Úrið kvaðst [HJP] hafa fengið hjá Sævari. Sagði [ISs] að framburður [HJP] væri ekki réttur. Aftur á móti hafi hann fengið armbandsúr hjá Sævari vorið 1975 sem tryggingu fyrir peningaláni sem hann hafi veitt honum. Sagði [ISs] að [HJP] hafi verið viðstaddur þegar Sævar hafi afhent honum úrið. Um verslunarmannahelgina sama ár hafi Sævar viljað fá úrið til baka en boðið honum annað í staðinn. Lýsti hann úrinu sem hann hafði fengið um vorið sem stálúri með hringlaga kassa og ljósri skífu, ekki sjálftrekkjandi og með breiðri, svartri leðuról með stállituðum málmbólum. Minnti [ISs] að Sævar hafi sagt að úrið hafi áður verið í eigu [SkT] læknis. Greindi vitnið frá því að Sævar hafi örugglega verið með úrið á sér í Danmörku í desember 1974. Minnti hann að Sævar hafi einnig verið með úrið í september 1974, en þó vildi hann ekki fullyrða það. Seinna armbandsúrið hafi verið allt öðruvísi, gullitað með ferhyrndum kassa og brúnni, breiðri ól.³²³⁶
1655. Mánudaginn 22. ágúst 1977 var bókað í dagbók Síðumúlafangelsisins að Högni hafi komið klukkan 21:15 og tekið Sævar til viðtals. Bókað var að Högni hafi farið klukkan 21:40. Rannsóknargögn um viðtalið liggja ekki fyrir önnur en samantektarskýrsla dagsett 22. ágúst 1977, rituð af Högna þar sem fram kemur að hann hafi farið að Lambhól við Starhaga til að athuga hvort þar væri að finna dívan sem hafi tilheyrt búslóð Erlu og Sævars að Hamarsbraut 11. Fram kom að Sævar hafi greint honum frá því að hafa flutt dívaninn ásamt annarri búslóð að Lambhól þegar [RafG] hafi búið þar en nú væri hann búsettur í Svíþjóð. Bókaði Högni í skýrsluna að hann hafi athugað allt dót í geymslunum og væri þess fullviss að dívaninn væri ekki þar.³²³⁷

³²³³ Bls. 2735.

³²³⁴ Dagbók nr. 7, bls. 94–95.

³²³⁵ Dagbók nr. 7, bls. 96–97.

³²³⁶ Bls. 2738–2739.

³²³⁷ Bls. 2740.

1656. Fyrir liggur samantektarskýrsla, dagsett sama dag, rituð af Eggerti um afdrif dívansins. Fram kom að reynt hafi verið að hafa uppi á húsráðendum að Lambhóli þegar dívanninn var fluttur þangað, en án árangurs. Vísað var til framburðar Sævars í viðtölum hans við Högna Einarsson.³²³⁸ Fyrir liggur önnur samantektarskýrsla dagsett þennan dag, rituð af Eggerti um lán á armbandsúri sömu tegundar og það sem Guðmundur Einarsson hafi verið með þegar hann hvarf. Bókuð var lýsingin á úrinu sem var af tegundinni Pierpoint. Fram kom að foreldrum Guðmundar hafi borið saman um að úrið væri alveg eins og úr sonar þeirra, nema á því hafi ekki verið leðuról heldur teygjanleg málmfesti.³²³⁹
1657. Meðal rannsóknargagna liggur fyrir greinargerð Arnar Höskuldssonar til Gunnlaugs Briem, sakadómara, um ásakanir Sævars og Kristjáns Viðars á hendur honum, lögreglumönnum og fangavörðum, dagsett þennan dag 22. ágúst 1977. Ritaði Örn um að geta ekki tjáð sig um framferði fangavarða í Síðumúlafangelsi en benti á að illmögulegt væri að beita mann harðræði innan fangelsisins vegna þess hve hljóðbært þar væri. Um framburð Kristjáns Viðars um stapp á þaki fangelsisins skýrði Örn svo frá að fangaverðir hafi heyrt hljóð líkt og gengið væri á þaki hússins. Farið hafi verið upp á þak en þar hafi ekkert fundist. Eina skýringin hafi virst vera sú að vindur hafi haft þessi áhrif en töluvert rok hafi verið úti. Greindi Örn frá því að Sigurbjörn Víðir og Eggert hafi heyrt þennan umgang, en Eggert hafi verið að yfirheyra Kristján Viðar í hornherbergi. Orðrétt var ritað í framhaldinu: „Sævar Marinó reyndi í þinghaldi hinn 11. janúar að bera fyrir sig að hann hefði verið þvingaður til þess að játa á sig sakir í „Guðmundarmálinu“. Ég tók ekkert mark á framburði hans þar sem ég vissi betur, en ég var viðstaddur þegar hann skýrði fyrst frá og svo var einnig hans réttargæslumaður Jón Oddsson hrl. og á honum að vera manna best kunnugt um að framburður Sævars er rangur.“ Ritaði Örn um að bera fullkomið traust til lögreglumannanna og hafa enga ástæðu til að ætla að þeir hafi ekki gætt settra reglna við yfirheyrslur. Þótti honum lögreglumennirnir hafa dekrað um of við sökunauta þar sem þeir hafi verið hlaupandi í fangelsið jafnt á nóttu sem degi því mjög mikið hafi verið um að sökunautar hafi látið hringja í þá. Orðrétt ritaði Örn: „Það er fjarstæða að Kristján hafi fengið nöfn fjórmeninganna uppgefin hjá lögreglumönnum. Reynslan af tilburðum Sævars í „Guðmundarmálinu“ var lexía sem hefði komið í veg fyrir alla slíka óvarfærni.“ Lýsti Örn þeirri skoðun sinni að Kristján hafi fljótlega skammast sín fyrir hinar röngu sakargiftir og sé því að leita leiða sér til varnar í broti sem honum hafi fundist alvarlegt líkt og fleirum. Ritaði Örn í lokin um að framburðir Sævars og Kristjáns Viðars væru rangir og kynnu að skýrast af illvilja þeirra í garð lögreglumanna og fangavarða.³²⁴⁰
1658. Þriðjudaginn 23. ágúst 1977 var bókað í dagbók fangelsisins við Síðumúla að Högni hafi farið inn á klefa númer þrjú til viðtals við Sævar klukkan 15:40. Bókað var að Högni hafi komið fram klukkan 16:00.³²⁴¹ Rannsóknargögn um vitjunina liggja ekki fyrir önnur en samantektarskýrsla rituð af Högna. Fram kom að tilgangur vitjunarinnar

³²³⁸ Bls. 2741.

³²³⁹ Bls. 2742.

³²⁴⁰ Bls. 2743–2744.

³²⁴¹ Dagbók nr. 7, bls. 99.

hafi verið að spyrja Sævar um skipti á úrum. Greindi Sævar frá því að hafa verið viðstaddur þegar [ISs] sjómaður hafi lánað [HJP] peninga og tekið armbandsúr í pant. Aðspurður hvort hann hafi átt úr á þessum tíma kvaðst Sævar hafa haft undir höndum úr sem hann hafi stolið en Eggert Bjarnason, rannsóknarlögreglumaður, hafi tekið af honum í desember 1975 þegar hann hafi verið handtekinn.³²⁴²

1659. Fyrir liggur skýrsla dagsett þennan dag um yfirheyrslu yfir Erlu Bolladóttur sem vitni á skrifstofu rannsóknarlögreglu ríkisins. Var tilefni yfirheyrslunnar bókað sem armbandsúraeign Sævars. Greindi Erla frá armbandsúri sem Sævar hafi átt á tímabilinu mars til ágúst 1974. Lýsti hún úrviðskiptum Sævars og [ISs].³²⁴³
1660. Meðal rannsóknargagna liggur fyrir samantektarskýrsla rituð af Högna og dagsett 24. ágúst 1977. Fram kom að haft hafi verið samband við [ÓSt] sem hafi flutt að Lambhóli við Starhaga þegar [RafG] hafi flutt þaðan. Minntist hann þess ekki að hafa séð dívan í hvorugri geymslunni.³²⁴⁴ Fyrir liggur önnur samantektarskýrsla dagsett þennan dag, rituð af Sigurbirni Víði, um símtal við [ÁM] um armbandsúr í fórum Sævars. Fram kom að hann hafi verið viðstaddur úraskipti Sævars og [ISs] í byrjun ágústmánaðar 1974. Kvaðst hann viss um að úr Sævars hafi verið gullúr af gerðinni Pierpoint með dagatali og tölusettri skífu.³²⁴⁵
1661. Fimmtudaginn 25. ágúst 1977 var bókað í dagbók Síðumúlafangelsisins að Jón Oddsson, verjandi Sævars, hafi komið til viðtals við hann klukkan 15:30. Fór viðtalið fram í áheyrn varðstjóra.³²⁴⁶ Daginn eftir var bókað að farið hafi verið með Sævar og Tryggva Rúnar til augnlæknis og þess getið að þeir þyrftu báðir gleraugu en eftir væri að fá fjárveitingu frá félagsmálastofnun. Bókað var að Páll Arnór Pálsson, verjandi Kristjánns Viðars, hafi farið inn á klefa til hans klukkan 14:15. Bókað var að séra Ragnar Fjalar hafi komið til viðtals við Guðjón milli klukkan 16:30 og 17:20. Þá var bókað að móðir Sævars hafi komið með sendingu og hreinan þvott til hans.³²⁴⁷
1662. Laugardaginn 27. ágúst 1977 var bókað í fangelsisdagbókina að Guðsteinn læknir hafi rætt við Tryggva Rúnar, Kristján Viðar og Sævar meðal annarra milli klukkan 09:45 og 10:30. Vísað var til lyfjaskrár.³²⁴⁸
1663. Þriðjudaginn 30. ágúst 1977 var bókað í dagbók fangelsisins við Síðumúla að Sævar hafi verið færður fram til viðtals við Jón Oddsson, verjanda sinn, klukkan 15:55. Bókað var að Sævar hafi verið færður á klefa sinn klukkan 17:10.³²⁴⁹
1664. Þennan dag var dómþing sakadóms Barðastrandarsýslu sett og tekið fyrir að yfirheyra [ISs] að beiðni rannsóknarlögreglu ríkisins. Staðfesti hann skýrslu sína fyrir dómi og vann eið að framburði sínum.³²⁵⁰

³²⁴² Bls. 2745.

³²⁴³ Bls. 2746–2747.

³²⁴⁴ Bls. 2748.

³²⁴⁵ Bls. 2749.

³²⁴⁶ Dagbók nr. 7, bls. 102.

³²⁴⁷ Dagbók nr. 7, bls. 104.

³²⁴⁸ Dagbók nr. 7, bls. 105.

³²⁴⁹ Dagbók nr. 7, bls. 108.

³²⁵⁰ Bls. 2750–2754.

1665. Miðvikudaginn 31. ágúst 1977 var bókað í dagbók Síðumúlafangelsisins að Jón Oddsson, verjandi Sævars, hafi komið til viðtals við hann milli klukkan 15:45 og 16:45. Klukkan 19:40 var bókað að Páll Arnór Pálsson, verjandi Kristjáns Viðars, hafi komið til viðtals við hann. Bókað var að Kristján Viðar hafi verið færður á klefa sinn klukkan 22:30.³²⁵¹
1666. Fyrir liggur samantektarskýrsla rituð af Sigurbirni Víði um viðtal hans og Ívars Hannessonar við [EBSk], fyrrum vinnuveitanda Geirfinns. Fram kom að [EBSk] hafi sagst ekki geta veitt neinar upplýsingar um armbandsúr í eigu Geirfinns. Bókað var að seinna sama dag hafi hann hringt til Ívars og skýrt honum frá því að hann og eiginkona hans hafi farið að fletta ljósmyndum úr samkvæmi frá áramótum 1973, 1974. Þau hafi fundið tvær ljósmyndir af Geirfinni þar sem sæist í úrið á annarri myndinni og armbandsólina á úrinu á hinni myndinni. Í skýrslunni kom fram að Sigurbjörn Víðir og Ívar hafi sótt ljósmyndirnar daginn eftir, 1. september 1977.³²⁵²
1667. Dagana 28. júlí 1977 til 31. ágúst 1977 ritaði Guðjón í dagbók sína um fjarveru verjanda síns, Benedikts Blöndal. Mánudaginn 8. ágúst ritaði hann um samtal við Gunnar Marinósson sem hafi greint honum frá ákvörðun Gunnlaugs Briem frá 13. júlí um að Benedikt Blöndal mætti ekki koma í fangelsið með málskjöl. Ritaði Guðjón um að þessar fréttir hafi komið honum á óvart. Orðrétt ritaði Guðjón: „Málskjöl sagði hann að ákærðu fengju aldrei að sjá. Sp. hvort ég veit hvar G.f. er? Sv. Á Puerto Rico.“³²⁵³
1668. Fimmtudaginn 1. september 1977 var bókað í dagbók fangelsisins við Síðumúla að Jón Oddsson, verjandi Sævars, hafi komið til viðtals við hann klukkan 13:40. Bókað var að Sævar hafi verið færður á klefa sinn klukkan 15:40. Bókað var í fangelsisdagbókina að Benedikt Blöndal, verjandi Guðjóns, hafi komið klukkan 18:00 til viðtals við skjólstæðing sinn. Fór Benedikt klukkan 19:15 og boðaði komu sína morguninn eftir og eitthvað næstu daga.³²⁵⁴ Daginn eftir var bókað um komu Benedikts til Guðjóns milli klukkan 10:00 og 10:30. Bókað var að séra Ragnar Fjalar hafi komið til viðtals við Guðjón klukkan 14:35. Þá var bókað að móðir Sævars hafi komið klukkan 14:40 með fatnað, tóbakspeninga og ljósmynd af barni hans.³²⁵⁵ Laugardaginn 3. september 1977 var bókað í fangelsisdagbókina að Benedikt Blöndal, verjandi Guðjóns, hafi komið til viðtals við hann klukkan 13:45. Bókað var að Guðjón hafi verið færður á klefa sinn klukkan 16:00.³²⁵⁶ Daginn eftir, 4. september 1977, var bókað að Sævar hafi verið færður fram til viðtals við Jón Oddsson, verjanda sinn, klukkan 15:00. Var hann færður aftur á klefa sinn klukkan 16:05.³²⁵⁷

³²⁵¹ Dagbók nr. 7, bls. 109–110.

³²⁵² Bls. 2755.

³²⁵³ Bls. 2755_A–Ö.

³²⁵⁴ Dagbók nr. 7, bls. 110–111.

³²⁵⁵ Dagbók nr. 7, bls. 112.

³²⁵⁶ Dagbók nr. 7, bls. 114.

³²⁵⁷ Dagbók nr. 7, bls. 115.

1669. Mánudaginn 5. september 1977 var bókað í dagbók Síðumúlafangelsisins að Gunnlaugur Sigurðsson, rannsóknarlögreglumaður, hafi sótt bréf frá Sævari til Gunnlaugs Briem, sakadómara.³²⁵⁸
1670. Fyrir liggur handritað bréf Sævars, alls tíu blaðsíður, dagsett í byrjun september 1977. Yfirskrift bréfsins er „Síðumúlafangelsi. Sævar Marinó Ciesielski. 15. nóvember til 21. 1974.“ Í vinstra horni bréfsins er ritað með annarri rithönd: „mótt. 5/9/77.“ Í bréfinu rakti Sævar ferðir sínar og gerðir dagana 15. til og með 21. nóvember 1974 með ítarlegum hætti.³²⁵⁹ Í yfirliti yfir 15. nóvember 1974 rakti Sævar að hann hafi farið að Kirkjuteig til [VK] um klukkan 13:30 og fengið filter. Orðrétt ritaði hann: „[VK] sagði að embættismaður hafi símað í sig og spurt hvað ég væri að aðhafast.“ Um klukkan 14:00 hafi hann kvikmyndað svífandi fugla út yfir Örfirisey og tekið upp hljóð á Grandagarði um klukkan 15:00. Um kvöldið þennan dag hafi hann og [MPJ] farið austur að Gljúfurárholti. Hálsa hafi verið á Hellisheiðinni og þeir hafi því stoppað við Þrengslin til að setja keðjur undir hjólbarðana. Lögreglan hafi komið á staðinn við eftirlit.³²⁶⁰ Sunnudaginn 17. nóvember 1974 rakti Sævar í bréfinu. Ritaði hann um að hafa farið um klukkan 14:00 að Kirkjuteigi til [VK]. Þeir hafi síðan farið að Hallgrímskirkju um klukkan 14:30 þar sem [VK] hafi kvikmyndað úr turni kirkjunnar fyrir Prestafélagið. Ritaði hann um að hafa farið í mat til móður sinnar að Grýtubakka 10 um klukkan 17:00 þann dag. Orðrétt ritaði hann: „Lögreglan að snuðra í kringum bifreiðina. Tók upp númerið af jeppanum að ég held. Kölluðu í talstöð.“³²⁶¹ Ritaði Sævar um að hafa ekið um bæinn 18. nóvember 1974 um klukkan 17:15 með Erlu, [BPP], hálfbróður hans [PIS] og [SBá]. Um klukkan 18:30 hafi hann farið til [VK] og skilað skrá af Nagra upptökutæki sem hann hafi fengið lánað. Ritaði Sævar um að hafa rætt lengi við [VK] svo að Erla og strákarnir hafi orðið leið á biðinni og farið í sjoppu. Þá lýsti hann efni sænskrar kvikmyndar sem hann hafi horft á í Háskólabíó um klukkan 21:00 sama kvöld.³²⁶² Þriðjudeginum 19. nóvember 1974 lýsti Sævar með sambærilegum hætti. Ritaði hann um að hafa farið að Kirkjuteigi um klukkan 14:30 og spjallað við [VK] um filmusendingu og tæknileg atriði. [VK] hafi greint honum frá því að seinasta sýning á kvikmyndinni „Eldur í Heimaey“ væri um kvöldið. Hann væri að hugsa um að sýna kvikmyndina víðs vegar um landið ásamt fleiri myndum eða að fá einhvern mann sem hann treysti til verksins þar sem hann væri önnur kafinn við klippingu. Ritaði Sævar um að hafa farið í Karnabæ, bílaleiguna Geysi um klukkan 15:15 þennan dag. Orðrétt ritaði hann: „Skoðum plötur. Hittum [GM] bílaleigjanda.“ Um klukkan 15:40 hafi hann og Erla farið í tvær skóbúðir á Laugaveginum og hann keypt leðurstígvél á Erlu í skóbúð við hliðina á hljómplötuversluninni Fálkanum. Ritaði Sævar um að hafa ekið móður sinni heim úr vinnu frá Laugavegi um klukkan 18:00. Þau hafi borðað kvöldmat um klukkan 18:30 að Grýtubakka. Orðrétt ritaði Sævar: „Ég vildi gleðja móður mína með því að bjóða henni á Kjarvalsstaði því hún fer aldrei neitt og það var seinasta sýning á

³²⁵⁸ Dagbók nr. 7, bls. 116–117.

³²⁵⁹ Bls. 2756–2765.

³²⁶⁰ Bls. 2756.

³²⁶¹ Bls. 2758.

³²⁶² Bls. 2759.

Heimaeyjamyndinni.“ Um klukkan 19:15 hafi hann og Erla farið með matvæli heim á Hjallaveg sem þau keyptu í Náttúrulækningabúðinni um klukkan 17:00 sama dag. Klukkan 19:45 hafi þau farið með móður hans að Kjarvalsstöðum og komið þangað um klukkan 20:00.³²⁶³ Orðrétt ritaði Sævar: „Það var mikil aðsókn og öll bílastæði full við Kjarvalsstaði svo við lögðum bílnum á bílastæði hjá Smjörlíkisgerð og Ofnasmiðju, efst á plani Ölgerðar. Þegar við komum að anddyri er mikil biðröð. Þegar við komum inn er sýning hafin, sýning var í suðursal sem var skipt til helminga og sýnt var í SSV hluta, ég giska á 60 sæti. Við á skuggamyndasýningu í litlu herbergi í SA, þar var þétt setið, það voru landslags myndir á slides. Ég hitti [VK] fyrir framan sýningasal en sýning fór fram fyrir luktum dyrum. Ég kynnti móður mína [VK] og konu hans og [ÓK] heitinn. Fyrir aftan [VK] sá ég Kristján Pétursson. [VK] var ánægður með aðsóknina sem mér skildist að hann hafi ekki beinlínis búist við. Gengið út og inn um sömu dyr sýningasals. Við vorum nálægt sýningarvélinni. Að lokinni sýningu bauð ég mömmu á kaffiteríuna þar sem lá ekkert á. En mamma sagði að hún væri orðin sein í kvöldskammtinn út af sykursýkinni.“³²⁶⁴ Sævar áætlaði dvölinu að Kjarvalsstöðum í tíma. Orðrétt ritaði hann: „1. Sýning hefst klukkan 20:05. 2. Fyrstu sýningu lokið klukkan 20:40. 3. Út og inn. Tími sirka 15 mínútur. Klukkan 20:55. 4. Annari sýningu lokið klukkan 21:30. 5. Út úr sal. Spá í kaffi 15 mín. Klukkan 21:45. 6. Sest upp í jeppann klukkan 22:00. Það voru þrjár eða fjórar sýningar um kvöldið frá klukkan 20:55. Skuggamyndir voru fyrir þá sem voru að bíða.“³²⁶⁵ Í framhaldinu lýsti Sævar því sem eftir lifði af kvöldinu. Þau hafi verið komin að Grýtubakka 10 um klukkan 22:10. Ritaði hann um að hann og móðir hans hafi rætt saman um kvikmyndina og drukkið kaffi. Erla hafi verið í fúlu skapi þar sem henni hafi ekki fundist hann bera nægilega mikla virðingu fyrir henni. Ritaði Sævar um að hafa horft á sjónvarpið klukkan 22:40 og fengið sér í glas. Lýsti hann efni fréttamyndar um erlend málefni í umsjón [SD]. Um klukkan 23:05 hafi hann og Erla farið heim að Hjallavegi. Þau hafi rifist og hann því farið með leigubifreið upp í Breiðholt til móður sinnar þar sem hann hafi dvalið um nóttina. Orðrétt ritaði Sævar: „Fékk mér te og ristað brauð í morgunmat og fór til Ásgeirs Friðjónssonar.“³²⁶⁶ Sævar lýsti jafnframt miðvikudeginum 20. nóvember 1974. Setti hann fram yfirlit í tímaröð yfir atburði dagsins. Um klukkan 10:00 hafi hann farið að lögreglustöðinni þar sem ávana- og fíkniefnadómstóllinn hafi verið til húsa. Orðrétt ritaði hann: „Ræða við Ásgeir Friðjónsson dómara hvort þeir hafi hringt í [VK] og verið að spyrja um mig.“ Því næst hafi hann farið heim að Hjallavegi, fengið sér að borða, hlustað á hljómplötur og sæst við Erlu. Sævar ritaði um að hafa farið á kvikmyndasýningu í Háskólabíó um klukkan 17:00 en hann myndi ekki greinilega hvaða mynd það hafi verið. Giskaði hann á Billy the Kid, 2001 eða Norðurskaut svarar ekki. Um klukkan 19:00 hafi hann heimsótt [RafG] og [P] í stutta stund en Erla hafi setið út í bifreiðinni á meðan. Sævar ritaði um að hafa hugsað sér að fá [P] til að tala inn á Nagra upptökuband. Miðvikudagskvöldið hafi verið heimilislegt, eins og hann orðaði það. Fimmtudeginum 21. nóvember 1974

³²⁶³ Bls. 2760.

³²⁶⁴ Bls. 2761.

³²⁶⁵ Bls. 2762.

³²⁶⁶ Bls. 2763.

Lýsti Sævar í tímaröð. Um klukkan 14:00 hafi hann farið að Kirkjuteigi þar sem [VK] hafi unnið að klippingu á kvikmynd. Kvaðst Sævar hafa stoppað stutt við en spurt hann um filmusendingu sem hann hafi átt von á. Sævar ritaði um að hafa farið upp í Sjónvarphúsið við Laugaveg þar sem Erla hafi sótt 200 fet af filmu úr framköllun. Orðrétt ritaði hann: „Þessi var tekin um vorið sem [GuG] leikkona tók af mér og Guðjóni S. og [ÓSt] við kirkjuna á Kirkjuteig.“ Hann og Erla hafi farið á Mokka kaffi að Skólavörðustíg og hitt þar [HJÞ] sem hafi viljað fá þau í bíó með sér og sagt þeim að [PKKÞ] og Kristján Viðar hafi pín ofan í hann tveimur pökkum af blómsturdufti að Laugavegi 32. Um klukkan 21:00 hafi þau horft á hryllingsmynd í Hafnarbíó. Orðrétt ritaði Sævar: „Mig minnir að það hafi verið Frankenstein en ég gef slíkum myndum frekar lítinn gaum. Hún hét að ég held „Endalok Frankenstein“. Þau hafi ekið [HJÞ] niður í bæ um klukkan 22:40. Um klukkan 23:00 hafi þau farið að Kirkjuteigi og rabbað um kvikmyndir við [VK]. Þau hafi farið þaðan heim að sofa milli klukkan 01:00 og 02:00.³²⁶⁷

1671. Þriðjudaginn 6. september 1977 var bókað í dagbók fangelsisins við Síðumúla að Jón Oddsson, verjandi Sævars, hafi hringt klukkan 11:05 og beðið fyrir þau skilaboð til Sævars að réttarhöld yfir honum myndu ekki hefjast fyrr en 13. september 1977. Klukkan 17:30 var bókað að Páll Arnór Pálsson, verjandi Kristjáns Viðars, hafi komið til viðtals við hann. Bókað var klukkan 18:07 að Ingvar Kristjánsson geðlæknir hafi komið til viðtals við Sævar að beiðni Guðsteins fangelsislæknis. Bókað var að séra Jón Bjarman hafi komið milli klukkan 14:35 og 18:40 og rætt við Guðjón, Sævar og Kristján Viðar meðal annarra. Klukkan 18:59 var bókað orðrétt í fangelsisdagbókina: „Fór Ingvar Kristjánsson læknir eftir viðtal við Sævar Ciesielski. Ingvar telur Sævar vera við sæmilega andlega heilsu.“ Bókað var að Kristján Viðar hafi verið færður á klefa sinn klukkan 19:00 eftir viðtal við verjanda sinn.³²⁶⁸
1672. Miðvikudaginn 7. september 1977 var bókað í dagbók Síðumúlafangelsisins að Gunnlaugur Briem hafi hringt og boðaði komu sendiráðsfulltrúa frá bandaríska sendiráðinu á Íslandi til viðtals við Sævar. Var þess getið að sakadómarrinn vildi hafa áheyranda að viðtalinu.³²⁶⁹
1673. Þennan dag kom út bókin „Sakamál 1081“ eftir Karl Schütz og Jürgen Neven-du Mont í þýðingu [VeG]. Karl Schütz ritaði formálsorð bókarinnar þar sem fram kom að eftir sjö mánaða dvöl sína á Íslandi hafi hann orðið þess greinilega var að Íslendingar hefðu mikinn áhuga á nútímaaðferðum í meðferð afbrotamála. Greindi Schütz frá aðkomu sinni að rannsókn á hvarfi Geirfinns Einarssonar. Í framhaldinu ritaði hann orðrétt: „Ég vænti þess, að lesendur skilji að mér er ekki unnt að gera nánari grein fyrir sönnunargögnum í þessum stutta formála, og auk heldur þykir mér ekki stætt á að gera slíkt meðan málsmeðferð stendur yfir. Það kemur í hlut dómarranna að dæma um sekt sakborninganna og þó einkum hvort þeir hafi verið færir um það, þegar verknaðurinn var framinn, að sjá fyrir afleiðingar. En á þessu stigi málsins er þó hægt að fullyrða eitt: Þeir sem voru að verki í Keflavík eru á engan hátt sambærilegir við þá menn, sem

³²⁶⁷ Bls. 2765.

³²⁶⁸ Dagbók nr. 7, bls. 117–118.

³²⁶⁹ Dagbók nr. 7, bls. 119.

skutu sofandi hermenn til bana í Lebach, án þess að þeir hefðu nokkuð til saka unnið, eingöngu í því skyni að sanna ríkum manni, sem þeir ætluðu að kúga til að láta af hendi 800 þúsund mörk, að þeir væru færir um slíkt voðaverk. Afbrotamennirnir, sem þar voru að verki, voru frá góðum heimilum. [...] Þessir gáfuðu afbrotamenn játuðu brot sitt að fullu strax og fyrstu sönnunargögn lágu fyrir.“ Áfram ritaði Schütz í formála bókarinnar: „Þeir sem taldir eru eiga hlut að máli í Keflavík lögðust á eitt að tefja rannsókn málsins og villa um fyrir lögreglunni. Einna helst virtist sem um samtök væri að ræða.“ Síðan ritaði Schütz: „Margar vinnustundir fóru til ónýtis og það olli einnig miklum glundroða, að sakborningarnir voru alltaf að benda á nýja og nýja staði, þar sem lík Geirfinns væri falið, hér og þar í nágrenni Reykjavíkur og Keflavíkur. Að lokum leiddi þrautseigja allra rannsóknarmanna þó til þess að okkur miðaði nær marki.“ Karl Schütz ritaði um að nútímatækni hafi verið beitt við allar rannsóknir og yfirheyrslur. Orðrétt ritaði hann í framhaldinu: „Sem vænta mátti kom í ljós að svo langur tími var liðinn frá því afbrotið var framið, að flest vitnin – og sakborningarnir reyndar líka – höfðu hreinlega gleymt mörgu sem máli skipti. Margir þeir, sem sakborningar höfðu viljandi bendlað við málið, höfðu hvergi komið nærri þeim atburðum sem þeir voru spurðir um, en sögðu samt: „Það getur vel verið að ég hafi séð þetta, ég man bara ekki lengur eftir því.“ Síðan ritaði Schütz: „Sjálfur átti ég aðallega í erfiðleikum með að dæma um skapgerð þeirra sem hlut áttu að máli. Í Þýskalandi tekst mér tiltölulega fljótt og vel að greina hvort fólk er að ljúga eða segja sannleikann, en á Íslandi varð ég þess var, að fólk sagði lögreglunni ósatt, af ástæðum sem mér voru áður ókunnar. Sum vitnin sögðu rangt frá og virtust mjög grunsamleg þótt þau væru í rauninni á engan hátt flækt í málið. Mér þótti þessi tilhneiging til að halda sakleysislegustu hlutum leyndum mjög nýstárleg og um leið forvitnileg.“ Í lok formálans þakkaði hann Ólafi Jóhannessyni, dómsmálaráðherra og Halldóri Þorbjörnssyni, yfirsakadómarara, fyrir að gera sér kleift að starfa á eigin ábyrgð á Íslandi án nokkurra truflana eða íhlutunar.³²⁷⁰

1674. Meðal rannsóknargagna liggur fyrir skýrsla tæknideildar rannsóknarlögreglu ríkisins, dagsett 8. september 1977, um eftirtökur tveggja litljósmynda af Geirfinni Einarssyni og athugun á þeim. Í skýrslunni kom fram að ljósmyndirnar sýndu armbandsúr Geirfinns og var úrinu þar lýst.³²⁷¹
1675. Föstudaginn 9. september 1977 var bókað í dagbók Síðumúlafangelsisins að Sævar hafi verið færður fram til viðtals við sendiráðsfulltrúa bandaríska sendiráðsins og Jón Oddsson, verjanda sinn í áheyrn Bjarna Matthíassonar og Ragnars Þorsteinssonar.³²⁷² Sunnudaginn 11. september 1977 var bókað í fangelsisdagbókina að Páll Arnór Pálsson, verjandi Kristjáns Viðars, hafi komið til viðtals við hann klukkan 17:25. Bókað var að Páll Arnór hafi farið klukkan 19:10.³²⁷³
1676. Mánudaginn 12. september 1977 var bókað í dagbók fangelsisins við Síðumúla að Ragnar Þorsteinsson hjá sakadómi Reykjavíkur hafi hringt klukkan 08:45 og tilkynnt

³²⁷⁰ Bls. 2767–2771.

³²⁷¹ Bls. 2772.

³²⁷² Dagbók nr. 7, bls. 121–122.

³²⁷³ Dagbók nr. 7, bls. 124.

um að Kristján Viðar ætti að mæta fyrir dóm klukkan 10:00 daginn eftir, Guðjón klukkan 10:45 og Sævar klukkan 14:00. Bókað var að móðir Sævars hafi komið með sendingu af fötum til hans klukkan 17:45.³²⁷⁴

1677. Þriðjudaginn 13. september 1977 var bókað í dagbók Síðumúlafangelsisins að Benedikt Blöndal, verjandi Guðjóns, hafi komið til viðtals við hann milli klukkan 09:10 og 09:40. Bókað var að Sævar hafi verið fluttur í sakadóm Reykjavíkur klukkan 10:15. Komið var með Sævar til baka klukkan 11:45. Klukkan 15:10 var bókað að séra Jón Bjarman hafi komið til viðtals við Guðjón ásamt fleiri föngum. Bókað var klukkan 20:00 að Jón Oddsson, verjandi Sævars, hafi komið til viðtals við hann í áheyrn Gunnars Guðmundssonar. Var Sævar færður aftur á klefa sinn klukkan 20:15.³²⁷⁵
1678. Pennan dag var dómþing sakadóms Reykjavíkur háð og tekið fyrir sakadómsmálið gegn ákærðu að því er varðar sakargiftir vegna hvarfs Geirfinns Einarssonar. Sækjandi málsins, Bragi Steinarsson, var bókaður mættur í dómnum. Bókað var að Jón Oddsson, verjandi Sævars, væri mættur í dómnum. Fór hann þess á leit að [VK] yrði kvaddur fyrir dóm í málinu. Einnig fór hann þess á leit að móðir Sævars og systir yrðu yfirheyrðar. Kvaðst hann að öðru leyti ekki óska eftir frekari rannsókn í málinu. Þá var Benedikt Blöndal, verjandi Guðjóns, bókaður mættur. Fór hann þess á leit að Guðjón og Kristján Viðar yrðu samprófaðir. Kvaðst hann ekki gera kröfur um frekari rannsókn í málinu að svo stöddu. Bókað var að klukkan 10:30 hafi Sævar komið í dóminn. Lét dómurinn þess getið með bókun að borist hafi skýrsla frá Sævari 5. september 1977 um nokkra viðburði dagana 15. til 21. nóvember 1974. Bókað var að Sævar hafi staðfest skýrsluna rétta. Orðrétt var bókað í sakadómsbókina: „Samkvæmt skýrslunni kveðst ákærði hafa farið frá Kjarvalsstöðum um kl. 22.00 að kvöldi 19. nóvember 1974. Ákærði er nánar spurður um þetta og kveðst hann halda fast við þetta. Ákærða er bent á, að þetta sé ekki í samræmi við framburð hans fyrir dómi svo og bréf er hann ritaði dómnum 12. júlí s.l.³²⁷⁶ Ákærði heldur því nú fram, að allur framburður sinn í málinu sé rangur og byggður á sögusögnum rannsóknarlögreglumanna og þróast upp með rannsókn málsins. Hann kveðst aldrei hafa farið til Keflavíkur að kvöldi 19. nóvember og kannast ekki við að eiga þátt í hvarfi Geirfinns Einarssonar. Ákærði kveðst aldrei hafa séð Geirfinn.“ Í framhaldinu var Sævar inntur eftir armbandsúri sem [HJP] og [ISs] hafi borið um. Bókað var að Sævar hafi kannast við armbandsúr með breiðri leðuról og hvítri skífu. Kvaðst hann hafa komist yfir það í innbroti en [HJP] hafi síðar látið hann fá gullitað úr í skiptum. Það úr hafi verið tekið af honum í Síðumúlafangelsi í janúar 1976 og væri í vörslum rannsóknarlögreglunnar. Þá kvaðst Sævar muna að tveir dývanar hafi verið að Hamarsbraut 11 meðan hann hafi dvalið þar, en vissi ekki hvar þeir væru niðurkomnir. Vék Sævar frá klukkan 11:20.³²⁷⁷ Bókað var að [SÓG], móðir Sævars, hafi komið að eigin ósk í dómnum sem vitni. Greindi hún frá því að Jón Oddsson, verjandi Sævars, hafi minnst á það við hana í október 1976 að hún hafi verið að Kjarvalsstöðum 19. nóvember 1974 með Sævari og

³²⁷⁴ Dagbók nr. 7, bls. 124–125.

³²⁷⁵ Dagbók nr. 7, bls. 126–127.

³²⁷⁶ Bls. 3247.

³²⁷⁷ Bls. 3248–3249.

Erlu. Kvaðst hún hafa farið að rifja þetta upp og sagði kvöldið hafa verið sér minnisstætt þar sem hún færi mjög sjaldan út á kvöldin. Sævar og Erla hafi sótt hana í vinnuna að Laugavegi 70 um klukkan 18:00 á jeppabifreiðinni. Kvaðst hún vinna aðeins á þriðjudögum að Laugavegi. Þaðan hafi þau ekið heim að Grýtubakka og borðað kvöldverð. Rétt fyrir klukkan 20:00 hafi þau farið áleiðis að Kjarvalsstöðum. Á leiðinni hafi verið komið við að Hjallavegi. Ekki hafi verið hægt að fá bílastæði að Kjarvalsstöðum og nokkurn tíma hafi tekið að finna stæði. Klukkan hafi verið farin að ganga níu þegar þau hafi komið inn á Kjarvalsstaði og þá hafi fyrsta sýning kvikmyndarinnar verið byrjuð. Þau hafi því skoðað um stund sýningu sem hafi verið í gangi á Kjarvalsstöðum. Þau hafi ekki farið fyrr en á síðari sýningu kvikmyndarinnar, en kvaðst [SÓG] ekki geta staðhæft hvenær sýningin hófst, en hún hafi tekið um hálf tíma. Að sýningunni lokinni hafi þau hitt [VK], konu hans og föður. Að því búnu hafi þau skoðað ljósmyndasýningu og staldrað við um stund á kaffistofunni. Kvaðst hún hafa afþakkað boð Sævars um kaffi þar sem hún hafi ekki mátt vera að því. Skömmu síðar hafi henni verið ekið heim. Orðrétt var bókað: „Var klukkan 22.10 er komið var heim til vitnisins að Grýtubakka 10 og skildist vitnið þar við þau Sævar og Erlu.“ Kvaðst hún ekki muna til þess að hafa vitað um ferðir Erlu og Sævars eftir að hún skildi við þau. Þau hafi ekki verið að flýta sér, en hún hafi hins vegar verið á hraðferð þar sem hún væri sykursýkissjúklingur og yrði því að halda ákveðnu mataræði. Sagði hún Erlu hafa verið í síðri peysu, en ekki í kápu. Vék hún frá klukkan 12:18.³²⁷⁸ Bókað var að systir Sævars, [ABC] hafi komið í dóminn sem vitni klukkan 12:25. Mundi hún eftir því þegar móðir hennar fór með Sævari og Erlu á kvikmyndasýningu á Kjarvalsstöðum. Kvaðst hún ekki geta tilgreint daginn. Mundi hún að Sævar og Erla hafi borðað kvöldmat heima hjá móður þeirra. Taldi hún þau hafa farið um klukkan 20:00 og komið til baka um klukkan 22:00. Byggði hún tímasetninguna á því að móðir hennar hafi ekki borðað kvöldskammt vegna sykursýki sem hún væri haldin. Sævar og Erla hafi verið á jeppabifreið og hafi ekki komið inn eftir að þau komu til baka af sýningunni. Vék hún frá klukkan 12:37 og var dómþingi slitið.³²⁷⁹

1679. Miðvikudaginn 14. september 1977 var bókað í dagbók fangelsisins við Síðumúla að Guðjón hafi verið fluttur í sakadóm Reykjavíkur klukkan 11:15. Klukkan 11:38 var bókað að Kristján Viðar hafi verið fluttur í sakadóm Reykjavíkur. Var komið með þá til baka í fangelsið klukkan 12:15 og 12:20.³²⁸⁰ Bókað var að Benedikt Blöndal, verjandi Guðjóns, hafi komið til hans klukkan 15:10 með lesningu, var bókað innan sviga „málið“. Bókað var að Benedikt hafi farið klukkan 16:25. Bókað var klukkan 21:25 að Kristján Viðar hafi verið færður fram til viðtals við verjanda sinn, Pál Arnór Pálsson. Var Kristján Viðar færður aftur á klefa sinn klukkan 22:45.³²⁸¹
1680. Meðal rannsóknargagna liggur fyrir ódagsett beiðni Páls Arnórs Pálssonar, verjanda Kristjáns Viðars, til sakadóms Reykjavíkur um að aflað yrði nákvæms útdráttar úr

³²⁷⁸ Bls. 3249–3250.

³²⁷⁹ Bls. 3251.

³²⁸⁰ Dagbók nr. 7, bls. 127.

³²⁸¹ Dagbók nr. 7, bls. 128–129.

fangelsisdagbók um allt er varðaði Kristján Viðar frá því hann kom frá Litla-Hrauni í desember 1975 þar til hann var fluttur í Hegningarhúsið. Þess var beiðst að Kristjáni Viðari yrði gefinn kostur á að tjá sig um sakarefni varðandi hvarf Guðmundar Einarssonar. Þá var þess óskað að samprófun færi fram milli Kristjáns Viðars annars vegar og Sævars og Guðjóns hins vegar. Loks var farið þess á leit að Örn Ármann Sigurðsson, fangavörður í Síðumúlafangelsi, kæmi fyrir dóminn og svaraði spurningum um atburði í fangelsinu sem Kristján Viðar hafi nefnt í skýrslu. Beiðnin var lögð fram í sakadómi Reykjavíkur þennan dag, 14. september 1977.³²⁸²

1681. Fyrir liggur bréf Hilmars Ingimundarsonar, verjanda Tryggva Rúnars, til Gunnlaugs Briem, sakadómara, dagsett sama dag. Meðfylgjandi bréfinu var endurrit úr dagbók fangelsisins við Síðumúla varðandi Tryggva Rúnar Leifsson. Óskaði hann eftir því að endurritið yrði lagt fram sem dómskjal. Í bréfinu vísaði Hilmar til þess að skjólstæðingur hans hafi verið í stöðugum yfirheyrslum frá desember 1975 fram til byrjunar árs 1976 hjá tveimur rannsóknarlögreglumönnum og í sumum tilfellum af fulltrúa yfirsakadómara í Reykjavík. Benti hann á að Tryggvi Rúnar hafi verið yfirheyrður í um 33 skipti frá því hann var úrskurðaður í gæsluvarðhald 23. desember 1975 og til loka maímánaðar 1976 en í málinu lægju einungis fyrir tvær stuttar lögregluskýrslur af honum. Einnig kæmi fram að rannsóknarlögreglumenn svo og fulltrúi yfirsakadómara hafi margsinnis farið inn í klefa Tryggva Rúnars og rætt við hann einslega. Gerði Hilmar athugasemdir við að vottar væru aldrei viðstaddir sjálfar yfirheyrslurnar. Í þau tvö skipti sem Tryggvi Rúnar hafi verið skriflega yfirheyrður þá hafi vottur í annað skiptið verið annar rannsóknarlögreglumannanna en í hitt skiptið hafi vottar verið tilkvaddir eftir að skýrslugerð hafi verið lokið. Gerði Hilmar kröfu um að rannsóknarlögreglumennirnir og fulltrúi yfirsakadómara gerðu grein fyrir ástæðum þessa og tilgangi klefavitjana. Þá taldi hann að jafnræði hafi ekki verið gætt milli ákærvalds og verjenda. Taldi hann að verjendum hafi ekki verið gefinn kostur á því, til jafns við ákærvaldið, að fylgjast með dómsrannsókn. Mótmælti Hilmar því sérstaklega að hafa ekki verið boðaður þegar vitnið [GunJ] gaf skýrslu fyrir dómnum. Kvaðst hann fyrst hafa verið tilkvaddur án fyrirvara, 4. maí 1976, klukkan 13:30 til að vera viðstaddur samprófun Tryggva Rúnars og [GunJ], án þess að hafa fengið tækifæri til að kynna sér framburð hans. Vitninu hafi síðan verið sleppt úr landi án samráðs við verjendur. Ritaði Hilmar að sér væri ekki ljóst hverju þetta ætti að þjóna. Loks vakti Hilmar athygli á bókun 3. mars 1976, klukkan 11:40 í dagbók fangelsisins við Síðumúla þar sem sakadómarinn hafði neitað Tryggva Rúnari um þann skýlausa rétt um að fá að tala við verjandann vegna þess að dómarinn hafi verið ósáttur og ekki skilið viðbrögð og framkomu Tryggva Rúnars í Guðmundarmálinu. Orðrétt ritaði Hilmar í lok bréfsins: „Með tilliti til þessarar yfirlýsingar yðar verður ekki hjá því komist að líta svo á, að þér hafið fyrirfram tekið ákveðna afstöðu í málinu. Hefur skjólstæðingur minn því falið mér að krefjast þess, að þér víkið sæti í máli þessu, þar sem hann treystir því ekki, að þér munið líta á málið hlutlaust eftir slíkar yfirlýsingar.“³²⁸³

³²⁸² Bls. 2766.

³²⁸³ Bls. 2774.

1682. Þennan dag, 14. september 1977, var dómþing sakadóms Reykjavíkur sett og tekið fyrir sakadómsmálið á hendur ákærðu að því er varðar sakargiftir um hvarf Geirfinns Einarssonar. Bókað var að dómari hafi lagt fram bréf dómsins, greinargerð Arnar Höskuldssonar, bréf ákærða Sævars og skýrslu sem hann hafi sent dóminum, afrit af bréfum dómsins til verjenda, endurrit úr sakadómi Barðastrandasýslu og bréf Páls Arnórs Pálssonar. Bókað var að Bragi Steinarsson, sækjandi málsins, væri mættur. Þá voru bókaðir mættir verjendur ákærðu, Páll Arnór Pálsson, Jón Oddsson og Benedikt Blöndal. Klukkan 10:05 var bókað að [VK], kvikmyndagerðarmaður, hafi komið fyrir dóminn sem vitni. Bókað var að honum hafi verið kynnt tilefni yfirheyrslunnar.³²⁸⁴ Kvaðst hann fyrst hafa kynnst Sævari vorið 1974. Sævar hafi haft áhuga á kvikmyndagerð og þannig hafi tekist kynni með þeim. Þeir hafi hist nokkrum sinnum og hafi Sævar verið með honum þegar hann hafi verið að kvikmynda. Hann hafi búið að Kirkjuteigi 16 á árinu 1974. Kvaðst hann hafa skrifað hjá sér ýmis minnisatriði í dagbók það árið, einkum vinnutíma. Bókað var að [VK] hafi látið rannsóknarlögreglunni í té dagbókina og hún lægi frammi. Um 19. nóvember 1974 skrifaði hann um að hafa lokið störfum í Fiskvinnsluskólanum um klukkan 19:30. Neðst á blaðsíðunni hafi verið skrifað: „NEMO Fór á Kjarvalsstaði um kvöldið. Mynd var sýnd 4 sinnum.“ Greindi vitnið frá kvikmyndinni og sagði kvöldið hafa verið sérstaklega minnisstætt. Kvaðst hann hafa rifjað þetta upp þegar blöð hafi farið að skýra frá Geirfinnsmálinu og Sævar og meðákærðu í málinu hafi verið handtekin. Orðrétt var bókað: „Gáði vitnið í dagbókina af þessu tilefni og hafði strax samband við Sigurbjörn Víði Eggertsson rannsóknarlögreglumann. Gaf vitnið skýrslu hjá rannsóknarlögreglunni í framhaldi af þessu.“ Taldi [VK] að sýningar á kvikmyndinni hafi hafist um klukkan 20:00. Myndin hafi verið sýnd fjórum sinnum og hver sýning hafi tekið um hálf tíma. Um 15 mínútna hlé hafi verið á milli sýninga á meðan fólk hafi gengið inn og út. Kvaðst hann ekki hafa farið á fyrstu sýninguna heldur á aðra og séð hluta af henni. Hann hafi hitt Sævar og móður hans á Kjarvalsstöðum um klukkan 21:00. Skildist honum á Sævari að hann hafi þá ekki verið búinn að sjá sýninguna en móðir hans hafi verið búin að sjá hana. Kvaðst hann ekki hafa merkt það að Sævar hafi verið að flýta sér en honum hafi fundist sem hann væri að fara eitthvað. Orðrétt var bókað: „Vitninu finnst einhvern veginn að ákærði hafi látið þau orð falla þarna að hann væri að fara til Keflavíkur a.m.k. sagði hann það einhvern tíma við vitnið um þessar mundir. Vitnið kvaðst hafa furðað sig á því hvaða erindi hann gæti átt til Keflavíkur.“ Tók [VK] það fram að hann hafi þekkt Sævar lítið persónulega en Sævar hafi oft og iðulega verið með tæki frá honum.“ Tók hann fram að þetta hafi verið eina kvöldið sem hann hafi farið á framangreinda sýningu. Bókað var að lögregluskýrsla vitnisins frá 15. maí 1976 hafi verið lesin í heyranda hljóði. Staðfesti hann efni skýrslunnar með áorðnum breytingum. Bókað var að [VK] hafi staðfest að skýrsla frá 10. nóvember 1976 væri rétt í öllum atriðum og eins nákvæm og honum væri unnt að skýra frá, þar á meðal hvenær hann hafi hitt Sævar að Kjarvalsstöðum og skilið við hann. Vann hann eið að framburði sínum og vék frá klukkan 11:15.³²⁸⁵ Klukkan 11:40

³²⁸⁴ Bls. 3252.

³²⁸⁵ Bls. 3252–3255.

var bókað að Örn Ármann Sigurðsson, fyrrverandi fangavörður í Síðumúlafangelsi, hafi komið í dóminn sem vitni. Bókað var að honum hafi verið kynntur framburður Kristján Viðars frá 13. maí 1977 að því er hann varðaði. Greindi hann frá því að hafa oft rætt við Kristján Viðar, enda hafi hann verið í mikilli þörf fyrir að ræða við einhvern, bæði um sakamálin og svo andlega og líkamlega heilsu. Kvaðst hann ekki muna eftir ummælum þeim sem Kristján Viðar hafi haft eftir honum. Orðrétt var bókað: „Þó megi vel vera að það hafi sagt þetta, en þá séu ummælin slitin úr samhengi. Þetta hafi komið fram í umræðum við Kristján af gefnu tilefni frá honum sjálfum, en ekki sem hótun.“ Sagði Örn Ármann það rétt hjá Kristjáni Viðari að hann hafi verið í klefa númer 17, en Sævar í klefa númer 15 og því auður klefi á milli þeirra. Kannaðist hann ekki við að fangaverðir eða aðrir hafi vísitandi verið með hávaða, en tók fram að hljóðbært væri í húsinu. Kvaðst hann aldrei hafa heyrt um að fangaverðir eða aðrir hafi farið upp á þak til að framkalla hávaða til að hræða ákærðu. Skýrði hann frá því að fangaverðir hefðu meðferðis kylfu, en hann hefði alltaf haft sína í vasanum. Mundi hann ekki til þess að fangaverðir hafi veifað kylfu framan í Kristján Viðar. Orðrétt var bókað í lok skýrslunnar: „Vitnið kveðst ekki hafa orðið vart við að lögreglumenn ræddu við fangana einslega nema eftir ósk fanganna sjálfra.“ Vék hann frá klukkan 12:06 og var dómþingi slitið.³²⁸⁶

1683. Sama dag var dómþing sett í sakadómi Reykjavíkur og tekið fyrir sakadómsmálið á hendur ákærðu að því er varðar sakargiftir um hvarf Guðmundar Einarssonar. Bókað var að Hilmar Ingimundarson, verjandi Tryggva Rúnars, hafi komið í dóminn klukkan 14:10 og lagt fram bréf og endurrit úr dagbók fangelsisins við Síðumúla. Bókað var að þar sem verjandinn hafi gert þá kröfu að dómsformaðurinn viki sæti í málinu var því frestað til 16. september 1977 til uppkvaðningar úrskurðar. Vék hann frá klukkan 14:15 og var dómþingi slitið.³²⁸⁷
1684. Meðal rannsóknargagna liggur fyrir bréf, dagsett 14. september 1977, frá Gunnari Guðmundssyni, forstöðumanni fangelsisins við Síðumúla, til Gunnlaugs Briem, sakadómara um staðfestingu þess efnis að Hilmar Ingimundarson, verjandi Tryggva Rúnars, hafi komið síðast í fangelsið 5. ágúst 1977, klukkan 17:35 til viðtals við Tryggva Rúnar og annan skjólstaðing sinn. Fram kom að Hilmar hafi farið að því loknu klukkan 18:15.³²⁸⁸
1685. Fimmtudaginn 15. september 1977 var bókað í dagbók Síðumúlafangelsisins klukkan 13:50 orðrétt: „Var Sævar Marinó færður í hornið til Vernharðs, Ragnars og Jóns Halldórs, með þeim var systir Sævars sem að boði Gunnlaugs Briem talaði við Sævar bróðir sinn.“ Bókað var að Sævar hafi verið færður aftur á klefa sinn klukkan 14:25.³²⁸⁹
1686. Dagana 1. til 15. september 1977 ritaði Guðjón í dagbók sína. Benedikt Blöndal hafi komið til viðtals við hann 2. september 1977 og skrifað upp nokkrar spurningar. Séra

³²⁸⁶ Bls. 3256.

³²⁸⁷ Bls. 2631.

³²⁸⁸ Bls. 2790.

³²⁸⁹ Dagbók nr. 7, bls. 131.

Ragnar Fjalar hafi heimsótt hann og borið honum fréttir að heiman. Orðrétt ritaði hann þann dag: „19,30. G.M í langt sp. um B. Bl. Kemur kl. 13,00, um ættina og hneisuna, og [Lugmeier] og eitthvert „coup“ Sævars í málinu, sem e.t.v. er væntanlegt.“³²⁹⁰ Daginn eftir ritaði Guðjón um samtalið sitt við Benedikt verjanda. Þeim hafi miðað lítið áfram enda vantaði aðalsamprófun við Kristján Viðar.³²⁹¹ Ritaði hann um að þurfa að hripa upp fleiri staðreyndir fyrir Benedikt. Þriðjudaginn 13. september 1977 ritaði hann um að hafa lesið lög nr. 74/1974 og almenn hegningarlög. Orðrétt ritaði hann: „Vaknaði aðeins fyrir m.k. þá tilkynnt að B.Bl. myndi líta inn áður en sampr. við Kr. Viðar hæfist en honum hafði verið tilkynnt um allt þetta í morgun. Fundur verjanda með dómurum átti að hefjast kl. 10,00. Varð því stuttur fundur okkar B.Bl. og barst mér áðan frá honum frétt um væntanlega sampr. kl. 10,00 á morgun.“ Í framhaldinu ritaði Guðjón um langt samtalið sitt við séra Jón Bjarman. Hann hafi borið málið undir hann, en Jón hafi sagst ekkert geta ráðlagt honum. Þeir hafi flett lögum nr. 74/1974 lengi, en án niðurstöðu. Orðrétt ritaði Guðjón: „Já, J. sagði e. Kr. V. að hann væri og hefði verið fús til sampr. við mig lengi en þá hefði komið stopp í málið. Að vísu þekkti hann mig ekki neitt.“³²⁹² Sama dag, 13. september 1977, ritaði Guðjón upp níu spurningar til Gunnars Guðmundssonar og svör Gunnars við þeim. Orðrétt ritaði hann: „Ræddum G.f.mál og alltaf best að tala við hann. Segist sannfærður um að ég viti hvar líkið er. Það er nú svo. Væri þá betur ég myndi það. Sannleikurinn sagna bestur. Rétt. Hvað skal gera? „Það verður hver og einn að treysta á sjálfan sig“ segir G. Guðm.“³²⁹³ Þá ritaði Guðjón um að hafa átt spjall við Ara fangavörð um Geirfinnsmálið til klukkan 04:13. Guðjón ritaði í dagbókina: „Finnur ekkert út úr neinu.“ Miðvikudaginn 14. september 1977 ritaði Guðjón um þinghaldið í sakadómi. Hann hafi spjallað við Benedikt Blöndal og fengi að lokinni samprófun öll skjöl afhent sem hann vildi lesa, en fengi ekki að vera viðstaddur vitnaleiðslur. Ritaði Guðjón um að hafa borið á móti því en Benedikt hafi glott. Samprófun hafi verið frestað. Verjandi hans hafi komið til viðtals og borið honum þær fréttir að Hilmar Ingimundarson, verjandi Tryggva Rúnars, hafi lagt fram kröfu um að Gunnlaugur Briem viki sæti. Mikið uppþot hafi orðið.³²⁹⁴ Ritaði Guðjón um að hafa fengið afhent málskjöl, blaðsíður 545, 915, 916 og 1306, en víða vantaði blaðsíður. Hann hafi lesið þetta yfir í belg og biðu. Gunnar Guðmundsson hafi sagst langa til að líta í þetta við tækifæri og ritaði Guðjón um að honum væri það velkomið. Guðjón ritaði um að þurfa að lesa aftur yfir skjölin og gera gagnrýna athugun á þeim. Daginn eftir, 15. september 1977, ritaði Guðjón um að hafa lánað Ara og Jóhanni Gunnari fangavörðum dómskjölin.³²⁹⁵

1687. Föstudaginn 16. september 1977 var bókað í dagbók fangelsisins við Síðumúla að Hilmar Ingimundarson, verjandi Tryggva Rúnars, hafi komið til viðtals við skjólstaðing sinn klukkan 12:20. Bókað var að Tryggvi Rúnar hafi verið færður aftur á klefa sinn klukkan 12:50. Klukkan 14:55 var bókað að Jón Oddsson, verjandi

³²⁹⁰ Bls. 2790_C–D.

³²⁹¹ Bls. 2790_E.

³²⁹² Bls. 2790_N.

³²⁹³ Bls. 2790_L.

³²⁹⁴ Bls. 2790_O.

³²⁹⁵ Bls. 2790_Q.

Sævars, hafi komið til viðtals við hann. Var hann færður aftur á klefa sinn klukkan 15:20. Bókað var um komu Benedikts Blöndal, verjanda Guðjóns til viðtals við hann milli klukkan 18:00 og 19:10.³²⁹⁶

1688. Þennan dag var dómþing sett í sakadómi Reykjavíkur og tekið fyrir sakadómsmálið á hendur ákærðu að því er varðar sakargiftir vegna hvarfs Guðmundar Einarssonar. Bókað var að dómari hafi lagt fram bréf frá fangageymslunni í Síðumúla, dagsett 14. september 1977. Bókað var að Bragi Steinarsson, sækjandi, væri mættur í dóminum. Þá voru bókaðir mættir Jón Oddsson, verjandi ákærða Sævars, Hilmar Ingimundarson, verjandi ákærða Tryggva Rúnars og Benedikt Blöndal, verjandi ákærða Guðjóns. Lét dómari þess getið með bókun að til hafi staðið að málið yrði flutt 3. október 1977. Bókað var að sækjandi og verjendur hefðu ekkert sérstakt fram að færa og var krafa Hilmars Ingimundarsonar, um að dómsformaðurinn viki sæti, tekin til úrskurðar. Bókað var að viðstaddir hafi vikið frá og var í dóminum kveðinn upp úrskurður.³²⁹⁷ Fram kom í úrskurðinum að sakadómsmál á hendur Kristjáni Viðari, Sævari og Guðjóni að því er varðar sakargiftir vegna hvarfs Geirfinns Einarssonar hafi verið sameinað framangreindu máli. Málflutningur hafi verið ákveðinn 3. október 1977 og hafi verjendum verið tilkynnt um það með bréfi 15. ágúst. Í bréfinu hafi þess verið óskað að ef verjendur færu fram á framhaldsrannsókn yrði það gert sem allra fyrst og eigi síðar en 1. september 1977. Bókað var að verjandi Tryggva Rúnars hafi ekki svarað bréfi dómsins fyrr en hann hafi verið kvaddur fyrir dómi 14. september en þá hafi hann lagt fram bréf og sett fram þá kröfu sem væri nú til úrlausnar. Orðrétt kom fram í úrskurði dómsins: „Samkvæmt 86. gr. laga nr. 74, 1974 um meðferð opinberra mála er verjanda heimilt að tala við sökunaut einslega, þegar hann er í gæzlu, nema dómari telji hættu á að rannsókn torveldist fyrir það. Hætta þessi var fyrir hendi að áliti dómara málsins hinn 3. marz s.l., enda höfðu þeir ekki hafið yfirheyrslur vegna ákærunnar út af hvarfi Guðmundar Einarssonar og ákærðu höfðu reynt reikulir í framburðum sínum hjá lögreglu um það mál. Gilti bann við samtölum við gæzlufanga einslega um alla verjendur þeirra á þessum tíma. Dómarar hafa samkvæmt framangreindu lagaákvæði ótvíræðan rétt til að ákveða um slík viðtöl. Er því ekki hægt að fallast á þá skoðun verjandans, að skjólstaðingur hans hafi átt skýlausan rétt á þessu.“ Fram kom að ummælin í bókuninni í fangelsisdagbókinni, sem verjandinn reisti kröfu sína meðal annars á, hefði ekki verið borin undir dómsformanninn og væri honum því ekki unnt að staðfesta þau. Þótt ummælin væru rétt eftir höfð fælist ekki í þeim að dómsformaðurinn hafi tekið neina þá afstöðu í málinu sem gerði hann óhæfan til meðferðar þess. Vék dómsformaður, Gunnlaugur Briem, ekki sæti í málinu. Bókað var að Hilmar Ingimundarson, verjandi Tryggva Rúnars, hafi lýst yfir kæru á úrskurðinum til Hæstaréttar Íslands. Bókað var að málsaðilar hafi fengið afhent málskjöl sem hafi verið lögð fram frá 12. júlí 1977. Viku viðstaddir frá klukkan 14:30 og var dómþingi slitið.³²⁹⁸

³²⁹⁶ Dagbók nr. 7, bls. 132.

³²⁹⁷ Bls. 2632.

³²⁹⁸ Bls. 2634–2636.

1689. Laugardaginn 17. september 1977 var bókað í dagbók Síðumúlafangelsisins að Guðsteinn læknir hafi komið og rætt við Kristján Viðar, Guðjón og Sævar milli klukkan 08:20 og 09:00. Var þess getið að ein smávægileg breyting hafi verið gerð á lyfjum.³²⁹⁹ Bókað var að móðir Sævars hafi komið með sendingu til hans klukkan 20:10.³³⁰⁰
1690. Þriðjudaginn 20. september 1977 var bókað í dagbók Síðumúlafangelsisins að séra Ragnar Fjalar hafi komið í heimsókn til Guðjóns milli klukkan 14:10 og 16:05. Klukkan 16:15 var bókað að móðir Sævars hafi komið með málningardót til myndgerðar fyrir hann. Klukkan 18:15 var bókað að Benedikt Blöndal, verjandi Guðjóns, hafi komið með málskjöl til hans.³³⁰¹ Daginn eftir var bókað í fangelsisdagbókina að Páll Arnór Pálsson, verjandi Kristjáns Viðars, hafi komið til viðtals við hann milli klukkan 19:55 og 21:55.³³⁰² Fimmtudaginn 22. september 1977 var bókað í dagbók Síðumúlafangelsisins klukkan 12:05 að móðir Sævars hafi komið með sendingu til hans.³³⁰³ Daginn eftir, 23. september 1977 var bókað í dagbók fangelsisins að Jón Oddsson, verjandi Sævars, hafi komið til viðtals við hann milli klukkan 11:15 og 12:00.³³⁰⁴
1691. Fimmtudaginn 22. september 1977 var í Hæstarétti Íslands í máli nr. 158/1977, ákærvaldið gegn Tryggva Rúnari Leifssyni, kveðinn upp dómur þar sem sagði að engin frambærileg rök væru komin fram fyrir því að ákvörðun Gunnlaugs Briem um að synja verjanda varnaraðila um að ræða við hann einslega að svo stöddu, eða aðrar aðgerðir hans sem kæran laut að, hafi borið vott um að hann myndi ekki líta óvilhellt á málavöxtu. Með vísan til þess og skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar var hann staðfestur.³³⁰⁵
1692. Fyrir liggur bréf Páls Arnórs Pálssonar, skipaðs verjanda Kristjáns Viðars, dagsett sama dag, til Gunnars Guðmundssonar, forstöðumanns Síðumúlafangelsisins. Fór hann þess á leit að fá vottorð um það í hvaða klefum Sævar og Kristján Viðar hafi verið vistaðir í janúar og febrúar 1976. Fram kom að ástæðan fyrir beiðninni væri ósamræmi í framburðum Kristjáns Viðars og fangavardar fyrir dómi um það í hvaða klefum þeir Sævar hafi dvalið í.³³⁰⁶
1693. Þennan sama dag ritaði Örn Höskuldsson bréf til Gunnlaugs Briem, sakadómara, þar sem hann skýrði ástæður þess að hann hafi vitjað Tryggva Rúnars inn á klefa í fangelsinu við Síðumúla. Ritaði hann um að hafa farið inn á klefa til hans að beiðni Tryggva þar sem hann hafi viljað sýna honum myndir sem hann hafði teiknað og eða gefa honum myndir. Orðrétt ritaði Örn: „Ég minnst þess ekki að hafa farið inn í klefa

³²⁹⁹ Dagbók nr. 7, bls. 133.

³³⁰⁰ Dagbók nr. 7, bls. 134.

³³⁰¹ Dagbók nr. 7, bls. 136–137.

³³⁰² Dagbók nr. 7, bls. 138.

³³⁰³ Dagbók nr. 7, bls. 139–140.

³³⁰⁴ Dagbók nr. 7, bls. 141.

³³⁰⁵ Bls. 2792.

³³⁰⁶ Bls. 2791.

til hans nema samkvæmt hans beiðni og var erindið oftast það sem fyrr greinir. Yfirheyrslur fóru ekki fram í klefunum.³³⁰⁷

1694. Laugardaginn 24. september 1977 var bókað í dagbók fangelsisins við Síðumúla að Guðsteinn læknir hafi komið milli klukkan 09:25 og 10:10 og rætt við Sævar og Kristján Viðar meðal annarra. Var þess getið að hann hafi breytt lyfjum og bætt við og var vísað til lyfjaskrár.³³⁰⁸ Daginn eftir var bókað að móðir Sævars hafi komið með sendingu til hans um klukkan 11:15. Þá var bókað að Páll Arnór Pálsson, verjandi Kristjáns Viðars, hafi komið til viðtals við hann klukkan 18:45. Var þess getið að hann hafi haft meðferðis tvö blöð sem hann hafi farið með inn á klefa til hans og einnig afhent forstöðumanni fangelsisins bréf. Bókað var að Páll Arnór hafi farið klukkan 20:30.³³⁰⁹ Mánudaginn 26. september 1977 var bókað í fangelsisdagbókina að komið hafi verið með gleraugu fyrir Tryggva Rúnar og Sævar klukkan 12:45. Um klukkan 16:00 var bókað að Benedikt Blöndal, verjandi Guðjóns, hafi komið til viðtals við hann. Bókað var að Benedikt Blöndal hafi farið klukkan 19:30 og á sama tíma hafi Guðjón verið færður á klefa sinn.³³¹⁰
1695. Þriðjudaginn 27. september 1977 var bókað í dagbók Síðumúlafangelsisins að Guðsteinn læknir hafi hringt klukkan 08:45 og beðið um að Sævar yrði fluttur í berklaskoðun klukkan 13:15 á Heilsuverndarstöðina við Barónstíg. Bókað var að Kristján Viðar hafi verið fluttur í sakadóm Reykjavíkur klukkan 11:00. Var komið með hann til baka klukkan 12:20. Bókað var að Sævar hafi verið fluttur í berklaskoðun klukkan 13:25. Klukkan 14:15 var bókað að Guðjón hafi verið fluttur í sakadóm Reykjavíkur. Bókað var að komið hafi verið til baka með Sævar klukkan 14:20. Fimm mínútum síðar var bókað að Kristján Viðar hafi verið fluttur í sakadóm Reykjavíkur. Bókað var að komið hafi verið til baka með Guðjón úr sakadómi klukkan 15:30 og fimm mínútum síðar með Kristján Viðar. Klukkan 19:20 var bókað að Hilmar Ingimundarson, verjandi Tryggva Rúnars, hafi komið til viðtals við hann. Var því lokið klukkan 19:55.³³¹¹
1696. Þennan dag var dómþing sakadóms Reykjavíkur sett og tekin fyrir sakadómsmálin á hendur ákærðu um sakargiftir vegna hvarfs Geirfinns Einarssonar og Guðmundar Einarssonar. Bókað var að dómurinn hafi lagt fram endurrit af dómi Hæstaréttar í máli nr. 158/1977 og greinargerð Arnar Höskuldssonar vegna bréfs Hilmars Ingimundarsonar frá 14. september 1977. Bókað var að sækjandi málsins, Bragi Steinarsson, væri mættur í dómnum ásamt verjendunum Páli Arnóri Pálssyni, Benedikt Blöndal, Hilmari Ingimundarsyni og Jóni Oddssyni. Bókað var að klukkan 10:20 hafi Eggert Norðdahl Bjarnason, rannsóknarlögreglumaður komið í dóminn. Var hann áminntur um sannsögli en vakin athygli hans á 2. mgr. 77. gr. laga nr. 74/1974. Bókað var að lesið hafi verið í heyranda hljóði upp úr bréfi Hilmars Ingimundarsonar, verjanda Tryggva Rúnars, dagsettu 14. september 1977. Bókað var orðrétt: „1. Hvers

³³⁰⁷ Bls. 2793.

³³⁰⁸ Dagbók nr. 7, bls. 142.

³³⁰⁹ Dagbók nr. 7, bls. 143.

³³¹⁰ Dagbók nr. 7, bls. 144–145.

³³¹¹ Dagbók nr. 7, bls. 145–146.

vegna var Tryggvi Rúnar Leifsson tekinn til yfirheyrslu í ein 30 skipti, án þess að lögreglumenn bókuðu nokkuð um hvað gerzt hafi? Svar mætta: „Ég dreg það í efa að hann hafi verið færður í yfirheyrslu svo oft, en ég rengi ekki að það hafi verið talað við hann jafnvel í ein 30 skipti. Samtölin fóru fram að því er ég bezt man oft að beiðni Tryggva Rúnars sjálfs, en ekki af því að ég óskaði að tala við hann. Um slík samtöl var ekki gerð sérstök skýrsla.“³³¹² Þá var hann spurður hvers vegna vottar hafi ekki verið viðstaddir skýrslutökurnar og var bókað eftir Eggerti að slíkt hafi ekki verið starfsvenjan heldur hafi vottur verið fenginn eftir á. Bar hann um að þar sem Sigurbjörn Víðir hafi verið vottur hafi hann verið viðstaddur. Orðrétt var bókað: „3. Hver var tilgangur með ferðum lögreglumanna inn í klefa Tryggva Rúnars og hvað fór þeim og Tryggva Rúnari á milli? Svar: „Ég man ekki eftir því að hafa farið inn í klefa Tryggva Rúnars.“³³¹³ Bókað var að Hilmar Ingimundarson, verjandi Tryggva Rúnars, óskaði ekki eftir að lagðar væru frekari spurningar fyrir Eggert. Vék hann frá klukkan 10:45.³³¹² Á sama tíma var bókað að Sigurbjörn Víðir Eggertsson, rannsóknarlögreglumaður, hafi komið í dóminn. Var hann áminntur um sannsögli en vakin athygli hans á 2. mgr. 77. gr. laga nr. 74/1974. Bókað var að lesið hafi verið í heyrenda hljóði upp úr bréfi Hilmars Ingimundarsonar, verjanda Tryggva Rúnars, dagsettu 14. september 1977. Voru sömu þrjár spurningar lagðar fyrir Sigurbjörn Víði. Greindi hann svo frá að ekki hafi verið um yfirheyrslur yfir Tryggva Rúnari að ræða heldur hafi þetta verið viðtöl að hans beiðni. Orðrétt var bókað eftir honum: „Það er ekki venja í yfirheyrslum að bóka allar yfirheyrslur og yfirleitt ekki bókað í yfirheyrslu nema eitthvað nýtt komi fram eða sá sem er yfirheyrður vilji bæta einhverju við framburð sinn.“ Gaf hann sama svar og Eggert um starfsvenju í tengslum við votta við yfirheyrslur. Aðspurður um klevavitjanir sagði Sigurbjörn Víðir orðrétt: „Tryggvi Rúnar hafði oft samband við fangaverði og óskaði eftir að fá að tala við mig bæði um málið og um persónuleg mál.“ Bókað var að verjandi Tryggva Rúnars vildi ekki leggja fleiri spurningar fyrir Sigurbjörn Víði. Vék hann frá klukkan 11:10.³³¹³ Bókað var eftir Hilmari Ingimundarsyni, verjanda Tryggva Rúnars, að Örn hafi ekki svarað nema einni spurningu af þremur. Fór hann þess á leit að Örn svaraði hinum spurningunum. Bókað var að klukkan 11:25 hafi Kristján Viðar komið í dóminn. Var þess getið að hann væri yfirheyrður að beiðni verjanda og að eigin ósk. Óskaði Páll Arnór eftir því að Kristján Viðar yrði spurður hvort hann hafi orðið Guðmundi Einarssyni að bana. Bókað var í þingbókina að svar Kristjáns Viðars hafi verið á þessa leið: „Ég veit ekkert um hvarf Guðmundar Einarssonar. Ég fór fram á það 12. maí s.l. í Hegningarhúsinu við Skólavörðustíg og 6. júlí s.l. í þinghaldi í Geirfinnsmálinu að þetta yrði bókað, en því var hafnað.“³³¹⁴ Aðspurður hvers vegna hann hafi gefið dóms- og lögregluskýrslurnar í Guðmundarmálinu svaraði Kristján Viðar: „Vegna þess að lögreglumenn fóru fram á það og ég taldi mér ekki heimilt að neita því. Ég og meðákærðu vorum yfirheyrðir saman, án þess að skýrsla væri tekin og við látnir hjálpast að við að muna atburði, sem ekki hefðu skeð, en lögreglumenn töldu að átt hefðu sér stað. Ég var ekki staddur í Hafnarfirði aðfaranótt 27. janúar 1974 ásamt

³³¹² Bls. 2637–2638.

³³¹³ Bls. 2639–2640.

³³¹⁴ Bls. 2640.

meðákærðu og Guðmundi Einarssyni og [GunJ].“ Bókað var að Páll Arnór, verjandi Kristjáns Viðars, hafi óskað eftir því að skýrsla [HJP] yrði lesin í heyranda hljóði. Bókað var eftir Kristjáni Viðari í framhaldinu: „Ég kannast ekki við það er [HJP] greinir frá í framburði sínum hvorki varðandi hótanir né ferð til Hafnarfjarðar. Hins vegar hefi ég tekið á þessum manni, en það var af þeirri ástæðu að hann brauzt inn heima hjá mér og ég stóð hann að verki.“ Vék Kristján Viðar frá klukkan 12:20. Bókað var að dómurinn hafi lagt fram greinargerð Arnar Höskuldssonar. Bókað var að Hilmar Ingimundarson, verjandi Tryggva Rúnars, hafi mótmælt greinargerð Arnar frá 22. og 27. september 1977 sem óstaðfestum. Þá var bókað að viðstaddir verjendur hafi lýst því yfir að þeir gerði ekki frekari kröfu um rannsókn á sakarefni ákærunnar frá 8. desember 1976, í svokölluðu Guðmundarmáli. Viku viðstaddir frá og var dómþingi slitið.³³¹⁵

1697. Dómþing sakadóms Reykjavíkur var sett og tekið fyrir sakadómsmálið gegn ákærðu að því er varðar sakargiftir vegna hvarfs Geirfinns Einarssonar. Lét dómurinn þess getið að borist hafi greinargerð frá Erni Höskuldssyni um ástæður þess hvers vegna nokkrar blaðsíður hafi vantað í skýrslu lögreglunnar á dóm skjali V–VIII. Var málsaðilum afhent eintak af greinargerðinni. Bókað var að Bragi Steinarsson væri mættur af hálfu ákæruvaldsins. Þá voru bókaðir mættir verjendurnir Jón Oddsson, Páll Arnór Pálsson og Benedikt Blöndal. Bókað var að Benedikt hafi lagt fram sem dóm skjali númer B XXVI, bréf sitt dagsett 27. september 1977, ásamt fylgiskjali. Klukkan 14:15 kom Sigurbjörn Víðir Eggertsson, rannsóknarlögreglumáður, í dóminn sem vitni. Að beiðni verjanda Guðjóns, Benedikts Blöndal voru spurningar lagðar fyrir vitnið.³³¹⁶ Skýrsla vitnisins og Ívars Hannessonar um tímamælingar á milli staða var borin undir hann. Var hann spurður hvernig færð og veður hafi verið daginn sem mælingarnar hafi farið fram, 11. janúar 1977. Sagði Sigurbjörn Víðir að það hafi verið dimmt og gola eða strekkingsvindur, en þurr. Snjór hafi ekki verið á jörðu.³³¹⁷ Neitaði hann því aðspurður hvort hann hafi fylgst með hraðamæli bifreiðarinnar á leiðinni til Keflavíkur. Sagði hann að ekið hafi verið með meiri hraða en löglegum þar sem haft hafi verið í huga það sem fram hafi komið í málinu að tíminn hafi verið naumur í ferðinni til Keflavíkur 19. nóvember 1974. Orðrétt var bókað í sakadómsbókina: „Telur vitnið að unnt hafi verið að fara þessa sömu leið og greinir í skýrslunni á Volkswagenbifreið þeirri, sem fjögur hinna ákærðu eru talin hafa farið á til Keflavíkur á jafn skömmum tíma og vitnið fór hana í Volvobifreið rannsóknarlögreglunnar við annan mann? Svar: Já, ég held að það sé möguleiki.“ Játaði Sigurbjörn Víðir því aðspurður hvort tímarannsóknin hefði einungis verið gerð einu sinni. Beindi Benedikt Blöndal, verjandi Guðjóns, þeirri spurningu til Sigurbjörns Víðis hver hafi gefið fyrirmæli um handtökuna á Guðjóni. Sagði Sigurbjörn Víðir að Karl Schütz og Örn Höskuldsson hafi gefið fyrirmælin. Vék hann frá klukkan 14:40. Bókað var að klukkan 14:45 hafi Guðjón komið í dóminn.³³¹⁸ Aðspurður kvaðst Guðjón ekki hafa neitt frekara fram að færa í málinu og halda fast við fyrri framburð sinn. Bókað var að

³³¹⁵ Bls. 2642.

³³¹⁶ Bls. 3258.

³³¹⁷ Bls. 3259.

³³¹⁸ Bls. 3260.

Kristján Viðar hafi mætt til samprófunar klukkan 14:50. Fór fram samprófun. Óskaði Kristján Viðar eftir að bókað yrði að leiðrétting á framburði hans frá 6. júlí 1977. Þar sem standi að hann væri saklaus af að hafa átt þátt í dauða Geirfinns ætti að standa að hann væri saklaus af að hafa átt þátt í hvarfi Geirfinns. Bókað var að lesið hafi verið upp úr framburði Guðjóns um átökin við Geirfinn Einarsson í þinghaldi 12. júlí 1977. Kvaðst Kristján Viðar ekki kannast við þetta, enda hafi hann ekki verið viðstaddur. Var frekari samprófun árangurslaus. Bókað var að framburður Guðjóns frá 30. júní 1977 hafi verið lesinn upp í dóminum að beiðni Kristjáns Viðars. Orðrétt var bókað í sakadómsbókina: „Í því sambandi óskar ákærði Kristján Viðar bókað að Karl Schütz hafi látið lesa fyrir sér framburði meðákærðu og sagt sér að þeir væru réttir uns ákærði hefði fallist á þá.“ Viku þeir frá klukkan 15:15 og var dómþingi slitið.³³¹⁹

1698. Dómþing sakadóms Reykjavíkur var sett aftur klukkan 15:20 þennan dag, 27. september 1977. Bókað var að á sama tíma hafi Albert Klahn mætt í dóminum. Bókað var að honum hafi verið kynntur framburður [HJÞ] frá 16. ágúst 1977 um ferð að Hamarsbraut 11. Kvaðst Albert þekkja [HJÞ] og hafa farið einhvern tímann með honum að íbúðinni ásamt Sævari og Kristjáni Viðari. Kvaðst hann ekkert muna sérstaklega eftir þeirri ferð sem hann hafi lýst og geta ekkert borið frekar um þetta. Vék hann frá klukkan 15:30 og var dómþingi slitið.³³²⁰
1699. Fyrir liggur bréf, dagsett 27. september 1977, frá Gunnari Guðmundssyni, forstöðumanni Síðumúlafangelsisins, til Páls Arnórs Pálssonar, verjanda Kristjáns Viðars. Í bréfinu kom fram að Kristján Viðar hafi verið vistaður á klefa númer átta þar til um miðjan janúarmánuð en þá hafi hann verið fluttur á klefa númer 17 og verið þar út tímabilið sem óskað hafi verið upplýsinga um. Sævar hafi verið á klefa númer 20 fram til 10. febrúar 1976, en þá hafi hann verið færður á klefa númer 16 og verið þar það sem eftir lifði mánaðar. Orðrétt sagði í bréfi Gunnars: „Tekið skal fram að þann tíma sem Sævar var á klefa nr. 15 og Kristján Viðar á klefa nr. 17 var fangavörður hafður allan sólarhringinn inni á klefa nr. 16. Kristján var svo færður á klefa nr. 2 fyrst í mars 1976.“³³²¹
1700. Meðal rannsóknargagna liggur fyrir upplýsingaskýrsla dagsett sama dag, 27. september 1977, rituð af rannsóknarlögreglumönnum Ívari Hannessyni og Sigurbirni Víði Eggertssyni. Fram kom að þennan dag hafi Gunnlaugur Briem, dómsformaður í Guðmundar- og Geirfinnsmálum, eins og það var orðað í skýrslunni, óskað eftir frekari rannsókn vegna armbandsúrs sem sakadómari hafi afhent rannsóknarlögreglu ríkisins. Tilefni rannsóknarinnar væru ummæli Sævars um að hafa tekið armbandsúr í innbroti hjá [JSt] prófessor og að umrætt úr hafi Eggert Bjarnason, rannsóknarlögreglumaður, tekið af honum í Síðumúlafangelsinu í janúar 1976. Bókuð var nákvæm lýsing á armbandsúri og voru meðfylgjandi skýrslunni ljósmyndir af fram- og bakhlið úrsins.³³²² Fyrir liggja tvær samantektarskýrslur dagsettar sama dag, undirritaðar af Ívari og Sigurbirni Víði. Annars vegar um viðtal við úrsmið sem hafi

³³¹⁹ Bls. 3261–3262.

³³²⁰ Bls. 2642–2643.

³³²¹ Bls. 2794.

³³²² Bls. 2795, 2802–2803.

upplýst um að viðgerðarnúmer sem skráð væri innan á lok úrkassans væri skráð á [MEB], úrsmið. Hins vegar um viðtal við [JSt] prófessor, sem hafi aftekið það með öllu að umrætt úr hafi verið á heimili hans þegar innbrotið átti sér stað.³³²³ Þá liggur fyrir samantektarskýrsla dagsett sama dag um viðtal við [GSig], fyrrum eiginkonu Geirfinns og son hans, [SJGe]. Báru þau um að framangreint armbandsúr væri mjög líkt úri Geirfinns sem hann hafi verið með þegar hann fór að heiman 19. nóvember 1974.³³²⁴ Fyrir liggur samantektarskýrsla um viðtal við úrsmið hjá úraverzlun [MEB] sem upplýsti um þýðingu viðgerðarnúmera innan á loki úrkassans. Þá greindi hann frá því að [MEB] hafi verið með verslun í Keflavík fram á mitt ár 1968, en þá selt verslunina til [GeH] úrsmiðs.³³²⁵

1701. Þennan sama dag, 27. september 1977, ritaði Örn Höskuldsson bréf til Gunnlaugs Briem, sakadómara, þar sem fram kom að í framhaldi af bréfi hans dagsettu 22. september 1977, vildi hann taka fram að hann gæti ekki upplýst hvers vegna Tryggvi Rúnar hafi verið tekinn í yfirheyrslu í „ein 30 skipti án þess að þeir bóki nokkuð um það“ og vísaði þar til bréfs Hilmars Ingimundarsonar, verjanda Tryggva Rúnars frá 14. september 1977. Orðrétt ritaði Örn: „Ég sjálfur yfirheyrði ekki Tryggva Rúnar án þess að það væri bókað og hafði alltaf votta viðstadda.“ Gat hann þess að ekki tíðkaðist að hafa votta viðstadda lögregluyfirheyrslur en þeir væru alltaf kallaðir til við undirritun skýrslu. Áfram ritaði hann orðrétt: „Hvaða erindi lögreglumenn hafa átt við Tryggva Rúnar fram í yfirheyrsluherbergi í ein 30 skipti get ég ekki sagt til um en erindin geta verið mýmörg án þess að um yfirheyrslu hafi verið að ræða þó ekki væri nema til þess að spyrja hann hvort hann hafi eitthvað nýtt fram að færa sem svo hafi ekki reynst vera neitt. Einnig er rétt að geta þess að Tryggvi Rúnar bað lögreglumenn oft um viðtal ef ég man rétt og gæti verið að þau viðtöl hafi farið fram í yfirheyrsluherbergi en Tryggvi átti oft erindi við lögreglumenn án þess að það kæmi málsrannsókninni beint við svo sem biðja þá að koma skilaboðum til fjölskyldu sinnar o.s.frv.“³³²⁶
1702. Þá ritaði Benedikt Blöndal, skipaður verjandi Guðjóns, bréf til sakadóms Reykjavíkur þennan dag, 27. september 1977. Í bréfi sínu reifaði hann vöntun á blaðsíðum í afhent málskjöl og óskaði hann afrits af þeim auk þess sem hann óskaði sérstaklega eftir blaðsíðu 502 sem hafi ekki verið lögð fram í málinu. Þá óskaði hann upplýsinga um hvernig á því staði að viðtal við skjólstaðing hans, Guðjón Skarphéðinsson, væri blaðsíðumerkt undir sama númeri og skýrsla Rannsóknarnefndar Reykjavíkur undirrituð af Karli Schütz. Í skýrslunni væru fyrirmæli um upplýsingasöfnun um Guðjón talin upp í sjö stafliðum. Vísaði hann til þess að rannsóknarlögreglumaður hafi skrifað skýrslu um fyrstu fimm atriðin, en upplýsingar um sjötta og sjöunda atriðið: „f) Upplýsingar bandarísku stöðvarinnar“ og „g) Vítarlegar persónulegar upplýsingar“ hafi ekki verið lagðar fram. Gerði Benedikt kröfu um að þeir sem hefðu haft þessi atriði til rannsóknar kæmu fyrir dóminn til skýrslugjafar. Þá óskaði hann upplýsinga um hver væri höfundur þeirrar fullyrðingar í telexskeyti til Interpol að skjólstaðingur

³³²³ Bls. 2796–2797.

³³²⁴ Bls. 2798–2799.

³³²⁵ Bls. 2800–2801.

³³²⁶ Bls. 2804.

hans væri „international trafficker in narcotics“, en ummælin ættu ekki stoð í gögnum málsins.³³²⁷

1703. Miðvikudaginn 28. september 1977 var bókað í dagbók Síðumúlafangelsisins að Páll Arnór Pálsson hafi komið til viðtals við skjólstæðing sinn, Kristján Viðar, milli klukkan 10:15 og 11:15. Bókað var að séra Jón Bjarman hafi komið til að tala við Guðjón klukkan 15:00. Bókað var að séra Jón hafi farið klukkan 17:35 eftir að hafa talað við annan fanga í leiðinni. Klukkan 21:45 var bókað að Jón Oddsson, verjandi Sævars, hafi komið til viðtals við hann til klukkan 23:00.³³²⁸
1704. Fyrir liggur bréf Arnar Höskuldssonar til Gunnlaugs Briem dagsett sama dag. Í bréfinu upplýsti Örn um að f) og g) liðir í skýrslu Rannsóknarnefndar Reykjavíkur, þingmerktri B XXVL, hafi ekki verið rannsakaðir.³³²⁹ Vísaði hann þar til fyrirspurnar Benedikts Blöndal, verjanda Guðjóns, í bréfi hans til dómsins frá deginum áður.³³³⁰
1705. Þennan dag, 28. september 1977 var í Hæstarétti Íslands í máli nr. 169/1977, ákærvaldið gegn Tryggva Rúnari Leifssyni, kveðinn upp dómur þar sem sagði að með kæru dagsettri 14. september 1977 hafi Hilmar Ingimundarson, verjandi varnaraðila skotið til Hæstaréttar Íslands ákvörðun sakadóms Reykjavíkur varðandi kröfu um tiltekna bókun. Orðrétt var tekið upp úr kærubréfi verjandans. Þar kom fram að hann hafi sett fram kröfu um að Gunnlaugur Briem, sakadómari, viki sæti í málinu. Sakadómari hafi þá haldið því fram að verjandinn hafi reynt að fá aðra verjendur í málinu til að gera sömu kröfu en neitað að tilgreina nánar hvaða verjendur. Verjandinn hafi mótmælt staðhæfingu dómarans sem tilhæfulausri og gert kröfu um að ummælin dómarans yrðu færð til bókar sem og mótmæli verjandans við þeim. Þegar því hafi verið algjörlega hafnað af hálfu sakadómarans án nokkurra skýringa hafi verjandinn krafist þess fyrir Hæstarétti að felld yrði úr gildi synjun dómsformannsins á því að færa ummælin og mótmælin til bókar og lagt yrði fyrir dóminn að færa þau í þingbók, en til vara að lagt yrði fyrir dóminn að kveða upp úrskurð um kröfuna. Í dómi Hæstaréttar var tekið fram að ákvörðun sakadómarans tengdist meðferð sakadómsmálsins og væri því kæránleg til réttarins. Orðrétt kom fram í dómnum: „Ekki verður séð, að orðaskipti þau, er greinir í kæru, milli verjanda og sakadómarara hafi verið með þeim hætti, að skylt væri að færa þau til þingbókar.“ Var kröfum varnaraðila því hafnað.³³³¹
1706. Fimmtudaginn 29. september 1977 var bókað í dagbók fangelsisins við Síðumúla að Tryggvi Rúnar hafi verið fluttur í sakadóm Reykjavíkur klukkan 09:45. Bókað var að Kristján Viðar hafi verið fluttur í sakadóm klukkan 10:30. Var komið með Tryggva Rúnar til baka klukkan 10:50 og á sama tíma var farið með Guðjón niður í sakadóm. Klukkan 11:05 var bókað að Sævar hafi verið fluttur í sakadóm Reykjavíkur. Komið var til baka með Guðjón klukkan 12:00, Sævar klukkan 12:20 og Kristján Viðar

³³²⁷ Bls. 2805–2806.

³³²⁸ Dagbók nr. 7, bls. 147.

³³²⁹ Bls. 2807.

³³³⁰ Sjá bls. 2805–2806.

³³³¹ Bls. 2808–2809.

klukkan 13:05.³³³² Klukkan 18:15 var bókað að Jón Oddsson, verjandi Sævars, hafi komið til viðtals við hann í 10 mínútur. Bókað var að hringt hafi verið í Pál Arnór, verjanda Kristjáns Viðars að hans beiðni klukkan 18:25. Boðaði hann komu sína daginn eftir.³³³³

1707. Þennan dag var dómþing sakadóms Reykjavíkur sett og tekið fyrir sakadómsmálið á hendur ákærðu. Bókað var að sækjandi málsins, Bragi Steinarsson, hafi mætt í dóminum. Auk þess voru bókaðir mættir verjendurnir Jón Oddsson, Páll Arnór Pálsson, Hilmar Ingimundarson og Benedikt Blöndal. Klukkan 10:15 var bókað að Tryggvi Rúnar hafi komið í dóminn. Af hálfu ákærvaldsins var þess krafist að Tryggvi Rúnar yrði úrskurðaður í áframhaldandi gæsluvarðhald. Bókað var að kröfunni hafi ekki verið mótmælt af hálfu verjanda.³³³⁴ Var í framhaldinu kveðinn upp úrskurður þar sem Tryggvi Rúnar var úrskurðaður í allt að 120 daga áframhaldandi gæsluvarðhald. Vék hann frá klukkan 10:40 og var dómþingi slitið.³³³⁵
1708. Fyrir liggur samantektarskýrsla dagsett sama dag, rituð af Ívari og Sigurbirni Víði, um leit í bókhaldsgögnum í kjallara úraverslunar [MEB]. Bar leitin engan árangur. Þá kom fram að rætt hafi verið við úrsmiðinn [GeH] sem hafi keypt verslunina 1968. Upplýsti hann um að á liðnu ári hafi rannsóknarlögreglan í Reykjavík óskað eftir því að hann kannaði í bókhaldi sínu og ábyrgðabók hvort Geirfinnur Einarsson eða hans nánustu hafi keypt armbandsúr. Hann hafi athugað það og komist að þeirri niðurstöðu að svo hafi ekki verið.³³³⁶
1709. Fyrir liggur önnur samantektarskýrsla, dagsett sama dag, um viðtal við úrsmiðinn [GeH]. Fram kom að hann hafi skoðað armbandsúrið og bent á að eyru úrkassans á móts við strikin á skífunni væru greinilega bogin og slíkt kæmi ekki fyrir nema við mikið högg. Taldi hann armbandsúrið vera um tólf til þrettán ára gamalt.³³³⁷ Þá liggur fyrir upplýsingaskýrsla, dagsett sama dag, rituð af Ívari og Sigurbirni Víði um ljósmynd af Geirfinni sem tekin var í ágúst 1974 sem eiginkona Geirfinns hafi afhent þeim. Á myndinni mætti greinilega sjá armbandsúrið með leðuról og málmbólum, hvíttri skífu og greinilega mætti sjá að á úrinu væri dagatal. Bókað var að Gunnlaugi Briem hafi verið afhent ljósmyndin og armbandsúrið.³³³⁸
1710. Þennan dag var dómþing sakadóms Reykjavíkur sett og tekið fyrir sakadómsmálið á hendur ákærðu að því er varðar sakargiftir um hvarf Guðmundar Einarssonar og Geirfinns Einarssonar. Var sækjandi málsins, Bragi Steinarsson, bókaður mættur sem og verjendurnir Jón Oddsson, Páll Arnór Pálsson og Benedikt Blöndal. Bókað var að ákærðu Sævar, Kristján Viðar og Guðjón hafi komið í dóminn klukkan 11:15. Bókað var að gerð væri sú krafa af hálfu ríkissaksóknara að þeir sættu áfram

³³³² Dagbók nr. 7, bls. 148.

³³³³ Dagbók nr. 7, bls. 149–150.

³³³⁴ Bls. 2643.

³³³⁵ Bls. 2644–2645.

³³³⁶ Bls. 2810–2811.

³³³⁷ Bls. 2812.

³³³⁸ Bls. 2813.

gæsluvarðhaldi.³³³⁹ Bókuð voru mótmæli Sævars og Kristjáns Viðars við kröfunni. Kvaðst Guðjón ekki mótmæla kröfunni. Var í þinghaldinu kveðinn upp einn úrskurður þar sem fram kom að mál ákærðu yrði flutt 3. október 1977 og ljóst að gæsluvarðhald yfir þeim myndi renna út áður en unnt væri að kveða upp dóm í málinu. Var gæsluvarðhaldsvist þeirra framlengd í allt að 120 daga.³³⁴⁰ Bókað var að Guðjón hafi ekki óskað eftir að kæra úrskurðinn en Sævar og Kristján Viðar hafi báðir lýst yfir kæru til Hæstaréttar. Viku þeir frá klukkan 11:30 og var dómþingi slitið.³³⁴¹

1711. Dómþing sakadóms Reykjavíkur var strax sett að nýju og sakadómsmálin gegn ákærðu tekin fyrir. Lagði dómurinn fram bréf Arnar Höskuldssonar dagsett 28. september 1977, bréf Páls Arnórs Pálssonar dagsett 22. september 1977 og bréf Gunnars Guðmundssonar, forstöðumanns Síðumúlafangelsisins, dagsett 27. september 1977. Þá var bætt við lögregluskýrslum við dómskjal númer VII, blaðsíðum 1350–1360. Bókað var að Sævar hafi komið í dóminn klukkan 11:45. Bókað var að hann hafi séð armbandsúr sem Eggert Bjarnason hafi haldlagt hjá honum í Síðumúlafangelsi í janúar 1976. Staðfesti Sævar það rétt. Staðfesti Sævar skýrslu sína frá 13. september 1977. Kvaðst Sævar ekki muna betur en að umrætt armbandsúr hafi verið frá prófessor [JSt]. Hann hafi notað úrið fyrst í Kaupmannahöfn vorið 1973. Nefndi hann nöfn fimm aðila sem gætu hafa séð hann með armbandsúrið á þessum tíma. Vék hann frá klukkan 12:12. Á sama tíma kom Kristján Viðar fyrir dóminn og var honum sýnt armbandsúrið. Kvaðst hann ekki kannast við það og sagðist ekki vita til þess að armbandsúr hafi verið tekið úr umræddu innbroti.³³⁴² Óskaði Kristján Viðar eftir því að bókað yrði varðandi síðasta framburð hans að Karl Schütz hafi lesið á þýsku skýrslur annarra sakborninga og Pétur Eggerz túlkað. Þá tók hann fram að átök við [HJP] sem hann hafi skýrt frá við síðustu yfirheyrslu hafi átt sér stað 4. ágúst 1975. Orðrétt var bókað eftir Kristjáni Viðari: „Laugardagskvöldið 26. janúar 1974 var ég á kvikmyndasýningu Superstar í Laugarásbío, fimmsýningu. Að henni lokinni labbaði ég heim til mín, en kom við að Miðtúni 19 þar sem kunningi minn bjó sem heitir [GunJ]. Átti ég einhver orðaskipti við hann. Ég hafði orð á að fara á Röðul og bað hann um peningalán, sem hann gat ekki veitt mér. Ég fór ekki á Röðul heldur heim til mín að Grettisgötu 82 og var þar það sem eftir var kvöldsins og um nóttina. Framburðir mínir í samprófunum í málinu hér í sambandi við mál Guðmundar Einarssonar við meðákærðu og [GunJ], svo og í máli Geirfinns Einarssonar að undanskildum samprófunum við ákærðu Erlu og Guðjón eru tómur þvættingur.“ Aðspurður kvaðst Kristján Viðar hafa komið heim til sín um klukkan 21:00. Óskaði Kristján Viðar að bókað yrði að 19. nóvember 1974 hafi hann verið að Laugavegi 32 og gengið niður Laugavegin. Hann hafi tekið strætó og farið úr honum á Njálsgötu við Snorrabraut og labbað síðan heim að Grettisgötu 82. Sævar hafi haft orð á því að bjóða honum á kvikmyndasýningu að Kjarvalsstöðum en hann hafi ekki farið og því ekki hitt Sævar. Kvaðst Kristján Viðar hafa verið með áfengi með sér og sest við stytta Einars Ben og drukkið þar um nokkurn tíma. Síðan hafi hann labbað niður á Laugaveg

³³³⁹ Bls. 3262.

³³⁴⁰ Bls. 3263–3264.

³³⁴¹ Bls. 3265.

³³⁴² Bls. 3266.

32 og verið þar um nóttina í herbergi númer fjögur.³³⁴³ Vék Kristján Viðar frá klukkan 12:47. Bókað var að [GSig], fyrrum eiginkona Geirfinns Einarssonar, hafi komið fyrir dóminn klukkan 14:00. Kvaðst hún ekki vita annað en að Geirfinnur hafi verið með stálúr sitt á sér kvöldið sem hann hvarf. Var henni sýnt armbandsúr það sem haldlagt var hjá Sævari. Kvaðst hún ekki geta staðhæft að úrið væri úr Geirfinns. Sagði hún úr Geirfinns ekki hafa verið sjálftrekkt, en Geirfinnur hafi oft kvartað undan því að erfitt væri að trekkja úrið útaf leðurólinni á því. Bókað var að hún hafi þó ekki viljað staðhæfa það. Vék hún frá klukkan 14:20. Á sama tíma kom sonur Geirfinns, [SJGe], fyrir dóminn. Minnti hann að tölurnar 3, 6, 9, og 12 hafi verið á skífu úrsins, en strik á milli. Kvaðst hann öruggur um að úrið hafi ekki verið sjálftrekkjandi þar sem hann hafi séð föður sinn trekkja úrið upp. Bókað var að honum hafi verið sýnt armbandsúr sem hafi verið haldlagt hjá Sævari. Sagði hann úrið líkt úri föður hans, nema hvað hann minnti að tölustafir hafi verið á úri hans. Vék hann frá klukkan 14:35.³³⁴⁴ Klukkan 14:40 var bókað að Eggert Norðdahl Bjarnason hafi komið í dóminn sem vitni. Staðfesti hann að hafa haldlagt umrætt armbandsúr hjá Sævari fyrri hluta árs 1976. Hann hafi ekkert skráð hjá sér þegar hann hafi tekið úrið. Lýsti hann því að úrið hafi verið geymt í læstri skrifborðsskúffu í fangelsinu við Síðumúla sem hann og Sigurbjörn Víðir hafi einungis haft aðgengi að. Síðan hafi úrið verið geymt í tösku hans ásamt öðrum málskjölum. Úrið hafi verið í hólfi í töskunni ásamt mynd af Guðmundi Einarssyni. Síðan hafi hann sett úrið og myndina í skrifborðsskúffu. Minnti hann að lögreglumenn hafi talið úrið hafa verið í eigu Guðmundar Einarssonar en við nánari athugun hafi það ekki staðist. Taldi hann útilokað að úrið hafi ruglast við annað úr og því sé ekki um sama úr að ræða og hann hafi haldlagt hjá Sævari. Sagði hann að aldrei hafi verið rannsakað hvort úrið gæti hafa verið í eigu Geirfinns Einarssonar. Vék hann frá klukkan 15:00. Á sama tíma kom Sigurbjörn Víðir fyrir dóminn sem vitni. Upplýsti hann um að úrið hafi týnst um tíma en þegar það hafi fundist hafi mynd af Guðmundi Einarssyni verið með því. Úrið hafi fundist í pappakassa ásamt fleira dóti á skrifstofu Eggerts. Það hafi ekki verið í læstri hirslu. Mundi Sigurbjörn Víðir ekki til þess að athugað hafi verið hvort um úr Geirfinns Einarssonar gæti verið að ræða. Annað úr hafi verið í kassanum sem hafi verið með keðju. Bókað var að Sigurbjörn Víðir hafi staðfest skýrslu sína og Ívars Hannessonar um tímamælingar. Þá voru bornar undir hann lögregluskýrslur merktar með blaðsíðutalinu 1350–1360 og staðfesti hann þær í öllum atriðum. Vék hann frá klukkan 15:17.³³⁴⁵ Á sama tíma kom Ívar Hannesson í dóminn sem vitni. Staðfesti hann einnig framangreindar lögregluskýrslur. Neitaði hann því aðspurður hvort fylgst hafi verið sérstaklega með hraðamæli við tímamælingar. Ekið hafi verið allhratt og trúlega yfir löglegum hraða. Sá háttur hafi verið hafður á þar sem grunaðir í málinu hafi talið sig hafa verið í tímahraki og því ekið hraðar en ella. Vék hann frá klukkan 15:26. Bókað var að Erla hafi komið í dóminn klukkan 15:30. Var henni sýnt umrætt armbandsúr og kvaðst hún kannast við það. Sævar hafi átt úrið þegar hún hafi kynnst honum í árslok 1973.

³³⁴³ Bls. 3267–3268.

³³⁴⁴ Bls. 3269.

³³⁴⁵ Bls. 3271.

Greindi Erla frá því að Sævar hafi sagst hafa komist yfir úrið í innbroti hjá einhverjum prófessor. Vék hún frá klukkan 15:40 og var dómþingi slitið.³³⁴⁶

1712. Föstudaginn 30. september 1977 var bókað í dagbók fangelsisins við Síðumúla að Páll Arnór Pálsson, hafi komið milli klukkan 13:15 og 13:35 og rætt við Kristján Viðar, skjólstaðing sinn. Klukkan 13:50 var bókað að séra Ragnar Fjalar hafi komið til viðtals við Guðjón. Bókað var að séra Ragnar Fjalar hafi farið klukkan 15:10. Klukkan 16:35 var bókað að Benedikt Blöndal, verjandi Guðjóns, hafi rætt við hann til klukkan 17:55. Á sama tíma var bókað orðrétt í fangelsisdagbókina: „Hringdi Gunnlaugur Briem sakadómari og tjáði mér að Haraldur Árnason, rslm. mætti tala við Kristján Viðar ef hann óskaði eftir því (þ.e. Haraldur).“ Klukkan 19:30 var bókað að Hilmar Ingimundarson, verjandi Tryggva Rúnars hafi komið til viðtals við hann til klukkan 20:20.³³⁴⁷
1713. Fyrir liggur bréf Jóns Oddssonar til Gunnlaugs Briem, sakadómara, dagsett 30. september 1977. Efni bréfsins var: „Krafa um skýrslutöku af herra Gísla Guðmundssyni, yfirlögreglumanni, varðandi svonefnt „Guðmundarmál.““ Ritaði Jón um að vera knúinn til að gera kröfu um frekari rannsókn fyrir dómi. Krafan væri svo seint fram komin þar sem skýrsla Gísla Guðmundssonar sem unnin hafi verið fyrrihluta árs 1977 væri ekki meðal málskjala. Rakti hann samtál sitt við Gísla Guðmundsson sem hafi tjáð honum efnisatriði skýrslunnar. Þar kom fram að Sævar hafi óskað eftir viðtali við Gísla þar sem hann hafi sagst muna að hafa ekki hitt Erlu frá því hann hafi komið erlendis frá fyrr en að kvöldi sunnudagsins 27. janúar 1974. Í framhaldinu hafi Gísli boðað Erlu til yfirheyrslu þar sem hún hafi staðfest frásögn Sævars með sjálfstæðum framburði. Þá lægi fyrir í málinu lögregluskýrsla af Erlu frá 7. febrúar 1974 þar sem hún hafi borið á sömu leið. Greindi Jón frá því í bréfinu að Gísla hafi þótt framburður Erlu skipta svo miklu máli að hann hafi tilkynnt dómurum málsins þegar í stað um þetta og látið Erlu bíða á meðan. Viðbrögð dómara hafi hins vegar ekki verið í samræmi við það. Krafðist Jón þess einnig að Gísli kæmi fyrir dóminn og gerði grein fyrir yfirheyrslum [GunJ], sem hafi verið sóttur til Spánar og viðbrögðum Alberts Klahn af því tilefni.³³⁴⁸
1714. Þennan dag sendi Gunnar Guðmundsson, forstöðumaður Síðumúlafangelsisins bréf til Páls Arnórs Pálssonar, verjanda Kristjáns Viðars. Meðfylgjandi bréfinu var fyrri hluti af staðfestu endurriti úr dagbók fangelsisins varðandi allar umbeðnar upplýsingar um Kristján Viðar.³³⁴⁹
1715. Dagana 16. til 30. september 1977 ritaði Guðjón í dagbók sína. Benedikt Blöndal hafi komið til hans 16. september 1977 og þeir hafi rætt um málið. Ritaði Guðjón um að hafa lesið málskjöl.³³⁵⁰ Daginn eftir hafi hann og Ari fangavörður kjaftað lengi um hugsanlegan stað Geirfinns, en þeir hafi orðið engu nær. Lánaði Guðjón honum málskjölin. Orðrétt ritaði hann: „Hvað var B.Bl. að nefna [G.Æ.] á föstudag? Hvað um

³³⁴⁶ Bls. 3272–3273.

³³⁴⁷ Dagbók nr. 7, bls. 151–152.

³³⁴⁸ Bls. 2814–2815.

³³⁴⁹ Bls. 2816.

³³⁵⁰ Bls. 2825_A.

kvikm. sem S.M. sýndi mér í VÓK í des. 75 af Svínahrauni?³³⁵¹ Séra Ragnar Fjalar hafi heimsótt hann 20. september 1977 og þeir rætt Geirfinnsmálið frá ýmsum sjónarmiðum. Verjandi hans hafi komið með útskrift úr sakadómsbók fyrri tímabilið 28. apríl til 12. júlí 1977 ásamt málskjöllum.³³⁵² Ingimar fangavörður hafi tilkynnt honum um að Hæstiréttur hafi ákveðið áframsetu Gunnlaugs Briem. Mánudaginn 26. september ritaði hann um heimsókn frá Benedikt Blöndal sem hafi fært honum málskjöl og afrit af geðrannsókn til eignar. Hann hafi tvílesið geðrannsóknina og ritaði um að villur væru í henni.³³⁵³ Þriðjudaginn 27. september 1977 ritaði Guðjón orðrätt: „Síðan sofnaði ég eftir lyf og svaf til 13,30 en þá var tilk. mæting í s.dómi kl. 14,30. Fór fram og snyrti mig í hófi. Ók með Venna og ? niðureftir. Síðan sampr. K.V.V. alveg kominn í nei, nei, stellingu. Sampr. árangurslaus.“ Fimmtudaginn 29. september 1977 ritaði Guðjón um að hafa mætt í sakadóm Reykjavíkur þar sem ákveðinn hafi verið framhaldsúrskurður til 120 daga eða þar til dómur í sakadómsmálinu félli. Meðákærðu hafi kært, en hann ekki. Hann hafi rætt stuttlega við verjanda sinn. Orðrätt ritaði hann: „Stakk því að mér að úr Geirfinns hefði fundist í fórum S.M. nýlega og væri verið að reyna að sanna það. Þetta er leyndarmál enn.“³³⁵⁴

1716. Laugardaginn 1. október 1977 var bókað í dagbók Síðumúlafangelsisins að Guðsteinn læknir hafi komið milli klukkan 09:00 og 09:45 og rætt við Guðjón, Kristján Viðar og Sævar meðal annarra og breytt lyfjum. Bókað var að Sævar hafi verið færður fram til viðtals við Jón Oddsson, verjanda sinn, milli klukkan 22:00 og 23:05. Daginn eftir, 2. október 1977, var bókað um sendingu að heiman til Sævars.³³⁵⁵
1717. Fyrir liggur skýrsla Gísla Guðmundssonar rannsóknarlögreglumanns sem hann ritaði að beiðni Gunnlaugs Briem sakadómarara um þau atriði sem fram komu í bréfi Jóns Oddssonar, verjanda Sævars, um það sem Erla Bolladóttir hafi greint honum frá 14. apríl 1977. Í skýrslunni greindi Gísli frá því að hafa daginn áður, 13. apríl 1977, fengið skilaboð frá fangaverði Hegningarhússins um að Sævar þyrfti nauðsynlega að tala við hann. Kvaðst Gísli hafa farið strax til viðtals við Sævar. Hann hafi sagst geta sannað fjarveru sína á Hamarsbraut 11 aðfaranótt sunnudagsins 27. janúar 1974. Sævar hafi sagst hafa komið til Erlu að Hamarsbraut 11 að kvöldi 27. janúar 1974 ásamt [ViG] sem hafi ætlað að aka honum austur að Gljúfurárholti seinna um kvöldið. Greindi Sævar Gísla frá því að ekki hafi orðið úr ferðinni þar sem Erla hafi farið að rífast við hann um fjarveru hans í marga daga og framhjáald. Hann hafi þá gripið til þess ráðs að reyna að fá Erlu til að trúá því að hann hafi verið erlendis og væri að koma beint af flugvellinum. Erla hafi sagt við hann að það þýddi ekki fyrir hann að reyna að ljúga að sér því vinkona hennar hafi frétt af honum fyrr um daginn í Hafnarstræti í Reykjavík. Hafi Sævar bent á að þetta atriði hlyti að sýna það að Erla hafi ekki verið að segja sannleikann þegar hún hafi gefið fyrstu skýrslu sína um Guðmundarmálið rétt fyrir jólin hjá Eggerti N. Bjarnasyni rannsóknarlögreglumanni.³³⁵⁶ Í skýrslunni kom fram að

³³⁵¹ Bls. 2825_B.

³³⁵² Bls. 2825_D.

³³⁵³ Bls. 2825_H.

³³⁵⁴ Bls. 2825_K.

³³⁵⁵ Dagbók nr. 7, bls. 152–153.

³³⁵⁶ Bls. 2826.

Gísli hafi boðað Erlu á skrifstofuna til sín fyrir hádegi næsta dag, 14. apríl 1977. Innti hann hana eftir því hvað hefði farið fram milli hennar og Sævars umrætt sunnudagskvöld að Hamarsbraut 11. Orðrétt bókaði Gísli í skýrsluna: „Erla var beðin að greina sjálfstætt frá umræðuefni þeirra, án þess að vera á nokkurn hátt látin vita, hvað Sævar hafði sagt um það, kvöldið áður í Hegningarhúsinu.“ Erla hafi staðfest það sem Sævar hafi sagt. Hann hafi gert tilraun til að ljúga að henni að hann hafi verið að koma beint utan af flugvelli eftir dvöl erlendis, en hún hafi rekið það ofan í hann sem helber ósannindi þar sem vinkona stúlku sem hún þekkti hafi séð Sævar við strætisvagnstöð í Hafnarstræti eftir hádegi umræddan sunnudag. Orðrétt var bókað: „Erla sagði að stúlka sú sem sá Sævar, hétu [Sv] og ætti heima í Kúrlandi hér í borg. Sagðist Erla geta fengið nánari upplýsingar um þá stúlku, ef óskað yrði.“ Í framhaldinu ritaði Gísli um að hafa ekki rætt málið frekar við Erlu heldur gengið á fund sakadómaranna, Gunnlaugs Briem og Haraldar Henryssonar. Hann hafi skýrt þeim frá samtölum sínum við Sævar og Erlu og innt þá eftir því hvort þeir óskuðu eftir því að hann gerði eitthvað frekar í málinu. Töldu þeir ekki þörf á því að svo stöddu. Gat Gísli þess að Erla hafi síðan farið frjáls ferða sinna án þess að frekar hafi verið rætt við hana um málið. Í lok skýrslunnar tók Gísli fram að honum væri ekki kunnugt um að skýrslur hafi verið teknar af [GunJ] nema fyrir dómi.³³⁵⁷

1718. Mánudaginn 3. október 1977 var bókað í dagbók fangelsisins við Síðumúla að Kristján Viðar hafi verið fluttur til læknis klukkan 08:25 og síðan í sakadóm Reykjavíkur. Orðrétt var bókað í fangelsisdagbókina: „[P]ar verður málflutningur í svonefndum Geirfinns- og Guðmundarmorðmálum sem fanginn er aðili að, ætlar hann að hlusta á þann málflutning.“ Þennan dag var bókað í fangelsisdagbókina um flutning á Sævari, Tryggva Rúnar og Kristjáni Viðari á milli Síðumúlafangelsis og sakadóms Reykjavíkur. Bókað var að Jón Oddsson, verjandi Sævars, hafi komið til viðtals við hann klukkan 23:00.³³⁵⁸
1719. Þennan dag var dómþing sakadóms Reykjavíkur sett og tekin fyrir sakadómsmálin á hendur ákærðu. Bókað var að þinghaldið væri opið. Bókað var að sakadómsmál sem höfðað hafi verið með ákæru dagsettri 16. mars 1977 hafi að kröfu ríkissaksóknara verið sameinað máli sem höfðað var með ákæru dagsettri 8. desember 1976, enda þótt þess hafi ekki verið sérstaklega getið. Reynt hafi verið að halda málskjölum í málunum sem mest aðgreindum til glöggvunar. Bókað var að dómurinn hafi lagt fram bréf Jóns Oddssonar, verjanda Sævars, dagsett 30. september 1977, skýrslu Gísla Guðmundssonar, dagsett 1. október 1977, dóm Hæstaréttar Íslands í máli nr. 169/1977, ákærvaldið gegn Tryggva Rúnari Leifssyni, bréf dóms- og kirkjumálaráðuneytisins, dagsett 30. september 1977, um staðfestingu á löggildingu Auðar Gestsdóttur og Renötu Einarssonar sem dómtúlkar og skjalapýðendur úr og á þýsku, úrklippu úr Morgunblaðinu frá 3., 4. og 5. febrúar 1977 og úr þýska dagblaðinu „Abendpost zum Sonntag“ frá 13. mars 1977, lögð fram að beiðni Páls Arnórs Pálssonar, verjanda Kristjáns Viðars og loks endurrit úr dagbók fangelsisins við Síðumúla, lagt fram að beiðni Páls Arnórs. Bókað var að sækjandi málsins, Bragi

³³⁵⁷ Bls. 2827.

³³⁵⁸ Dagbók nr. 7, bls. 154–155.

Steinarsson vararíkissaksóknari, hafi mætt í dómnum klukkan 09:30. Þá var Þórður Björnsson ríkissaksóknari mættur á sama tíma. Bókað var að verjendur málsins, Páll Arnór Pálsson, Jón Oddsson, Hilmar Ingimundarson, Guðmundur Ingvi Sigurðsson, Finnur Torfi Stefánsson og Benedikt Blöndal væru mættir. Bókað var að viðstaddir málflytningarnir væru Kristján Viðar, Sævar og Tryggvi Rúnar. Málsaðilar lýstu sig reiðubúna til að flytja málið og hófst munnlegur málflytningur með sóknarræðu Braga Steinarssonar vararíkissaksóknara. Gerði sækjandinn þá kröfu að Kristján Viðar, Sævar, Tryggvi Rúnar, Albert Klahn, Erla, [ÁEP] og Guðjón Skarphéðinsson yrðu hvert um sig dæmd til þyngstu refsingar að lögum. Orðrétt var bókað í sakadómsbókina: „Sækjandi málsins gefur þá málflytningarfyrirlýsingu, að ákæran í I. kafla 1. tl. ákæru sé ekki lengur byggð á því, að ákærði Kristján Viðar hafi ráðist að Guðmundi Einarssyni með hnífi og stungið hann, heldur að allir ákærðu hafi hver fyrir sig átt jafnan þátt í árásinni á Guðmund og dauða hans. Um sé að ræða óaðskiljanlegan samverknað ákærðu á dauða Guðmundar. Bókað var að sækjandinn hafi lokið máli sínu klukkan 16:40. Bókað var að dómurinn hafi lagt fram bréf Hilmar Ingimundarsonar, dagsett 3. október 1977. Í framhaldinu var orðrétt bókað af hálfu dómara málsins: „1. Við þingfestingu málsins 21. mars s.l. var verjendum tilkynnt að málsmeðferð héldi áfram næstu daga og vikur og væri þeim frjáls aðgangur að öllum þinghöldunum. Dómarar málsins minnst þess ekki að verjendur hafi látið í ljós ósk um að vera viðstaddir önnur þinghöld en þau, er skjólstæðingar þeirra væru mættir. Var þeim því ávallt tilkynnt um slík þinghöld en ekki önnur að jafnaði. 2. Um þennan lið vísast til bls. 122 í dómsyfyrheyrslum. Rannsóknarlögreglumennirnir Gísli Guðmundsson og Torfi Jónsson fóru að dómarar best vita, með [GunJ] til Hafnarfjarðar. 3.–4. Um þessa liði vísast til endurrita úr sakadómsbók, sem lögð hafa verið fram í málinu.“ Var dómþingi slitíð.³³⁵⁹

1720. Fyrir liggur bréf Hilmar Ingimundarsonar, verjanda Tryggva Rúnars, til Gunnlaugs Briem sakadómara, dagsett sama dag 3. október 1977. Óskaði Hilmar eftir upplýsingum um fjögur atriði, í fyrsta lagi hvers vegna verjendur hafi ekki verið boðaðir til þinghalds 30. apríl, 2. maí og 3. maí 1977, í öðru lagi hvort farið hafi verið með [GunJ] að Hamarsbraut 11 fyrir eða eftir þinghaldið 30. apríl 1977 og hverjir hafi þá farið með honum. Í þriðja lagi óskaði Hilmar upplýsinga um hvernig málið hafi verið reifað fyrir [GunJ] í þinghaldinu 30. apríl 1977 og í fjórða lagi hvaða þætti málsins [GunJ] hafi rakið sjálfstætt í sama þinghaldi. Loks óskaði Hilmar eftir því að kvaðningin til [GunJ] yrði lögð fram í málinu.³³⁶⁰
1721. Þriðjudaginn 4. október 1977 var bókað í dagbók fangelsisins við Síðumúla um flutning á Sævari, Tryggva Rúnari og Kristjáni Viðari á milli Síðumúlafangelsis og sakadóms Reykjavíkur. Bókað var að Benedikt Blöndal, verjandi Guðjóns, hafi komið klukkan 13:15 með beiðni um útdrátt úr dagbók fangelsisins varðandi skjólstæðing hans. Var þess getið að útskriftin næði yfir átta daga, fyrri part árs 1977 og síðustu nóvemberdaga á árinu 1976. Bókað var að Guðjón hafi verið færður fram til viðtals við Benedikt Blöndal klukkan 16:25. Var Guðjón færður aftur á klefa sinn klukkan

³³⁵⁹ Bls. 3273–3276.

³³⁶⁰ Bls. 2828.

- 18:00. Bókað var að séra Jón Bjarman hafi hringt um klukkan 16:00 og beðið fyrir kveðju til Guðjóns og tilkynningu um að hann gæti ekki komið þennan dag.³³⁶¹
1722. Þennan dag var dómþing sakadóms Reykjavíkur sett og tekið fyrir sakadómsmálin á hendur ákærðu. Bókað var að sækjandi málsins, Bragi Steinarsson, væri mættur og verjendurnir Jón Oddsson, Hilmar Ingimundarson, Guðmundur Ingvi Sigurðsson og Benedikt Blöndal. Bókað var að sækjandinn reifað sakarefni II. kafla ákærunnar gegn Tryggva Rúnari. Bókað var að Tryggvi Rúnar hafi verið viðstaddur. Bókað var að klukkan 10:30 hafi Örn Clausen, verjandi Alberts Klahn og Páll Arnór Pálsson, verjandi Kristjáns Viðars, komið í dóminn. Á sama tíma hafi Sævar og Kristján Viðar mætt í dóminum. Bókað var að sækjandinn hafi reifað sakarefni í III., VI., VII. og VIII. kafla ákærunnar og hafi lokið ræðu sinni um reifun sakarefnis í ákæru frá 8. desember 1976, klukkan 11:43. Gert var hlé á þinghaldinu og því síðan fram haldið klukkan 13:30. Bókað var að sækjandi hafi hafið reifun sakarefnis í ákærunni frá 16. mars 1977. Bókaðir voru mættir verjendurnir Páll Arnór Pálsson, Benedikt Blöndal, Hilmar Ingimundarson, Jón Oddsson og Guðmundur Ingvi Sigurðsson. Þá voru Sævar og Kristján Viðar bókaðir mættir. Klukkan 14:55 var bókað að Erla hafi mætt en vikið úr dómi klukkan 15:55. Reifaði sækjandinn málið til klukkan 16:00 en þá var þinghaldinu frestað til morguns og var dómþingi slitið.³³⁶²
1723. Fyrir liggur bréf Jóns Oddssonar, verjanda Sævars, til Gunnlaugs Briem sakadómar, dagsett sama dag, 4. október 1977. Óskaði hann þess að upplýst yrði hvers vegna skipunar- og erindisbréf Karls Schütz lægi ekki frammi í málinu. Skoraði hann á dómara og ríkissaksóknara að bæta úr því. Þá skoraði hann á sækjanda að kvaðning sem send hafi verið [GunJ] yrði lögð fram í málinu.³³⁶³
1724. Þennan dag ritaði Tryggvi Rúnar í dagbók sína. Taldi hann upp viðstadda við aðalmeðferðina og nefndi þar meðal annarra Gunnar Guðmundsson forstöðumann, Hallvarð Einvarðsson rannsóknarlögreglustjóra, Gísla Guðmundsson rannsóknarlögreglumann og [ÖS] sem hafi skrifast á við Sævar í Síðumúlafangelsi forðum daga, eins og Tryggvi Rúnar orðaði það. Þá hafi blaðamenn verið viðstaddir og einnig móðir Sævars og amma Kristjáns Viðars. Í lok færslunnar ritaði Tryggvi Rúnar um að hann teldi sig eiga von á tveggja til fjögurra ára fangelsisrefsingu ef dæmt yrði út úr kerfinu, eins og hann orðaði það. Orðrétt ritaði hann: „Gumma-málið er ég saklaus, sýkn. Nauðgunarkæran saklaus, sýkn. Brunann og smá afbrotin 2 til 4 mest.“³³⁶⁴
1725. Þennan dag birtist heilsíðugrein í Morgunblaðinu undir fyrirsögninni: „Ágreiningur um áfengiskaup var upphaf átakanna sem leiddu til dauða Guðmundar.“ Fjallað var um málflutning í Guðmundar- og Geirfinnsmálum fyrir sakadómi Reykjavíkur. Fram kom að ræða Braga Steinarssonar, vararíkissaksóknara, að því er varðaði sakarefni vegna hvarfs Guðmundar Einarssonar hafi staðið yfir í fimm og hálf klukkustund.

³³⁶¹ Dagbók nr. 7, bls. 156–157.

³³⁶² Bls. 3277–3278.

³³⁶³ Bls. 2828_A.

³³⁶⁴ Bls. 2828_B.

Líklega myndi sækjandinn ekki ljúka sóknarræðu sinni fyrr en á miðvikudag enda væri um að ræða umfangsmestu sakamál á Íslandi hin seinni ár. Í fréttinni kom fram að sakborningarnir hafi hlustað rólegir á sóknarræðu Braga Steinarssonar og sjaldan sýnt svipbrigði. Þá hafi þeir verið vel klæddir og snyrtilegir og var klæðnaði Sævars, Kristjáns Viðars og Tryggva Rúnars lýst með nákvæmum hætti. Í fréttinni kom fram að þess væri ekki lengur krafist að Kristjáni Viðari yrði refsað fyrir að veita Guðmundi áverka með hnífi þar sem komið hafi í ljós við framhaldsrannsóknir að hnífurinn sá er um ræddi hefði ekki verið honum tiltækur þegar atburðurinn var framinn. Þá sagði orðrétt: „Bragi Steinarsson sagði í sóknarræðu sinni í gær að sakborningarnir hefðu ítrekað jatað á sig öll þau brot í málinu sem ákæran væri byggð á og fyrri framburður þeirra væri studdur svo mörgum rökum að telja yrði að lögfullar sannanir lægju fyrir sekt þeirra, þótt þeir nú á síðari stigum málsins neituðu öllum sakargiftum. Væri því sem áður krafizt þyngstu refsingar af hálfu ákærvaldsins.“³³⁶⁵

1726. Miðvikudaginn 5. október 1977 var bókað í dagbók Síðumúlafangelsisins um flutning á Sævari, Tryggva Rúnar og Kristjáni Viðari á milli Síðumúlafangelsis og sakadóms Reykjavíkur. Bókað var að séra Jón Bjarman hafi farið inn á klefa til Guðjóns klukkan 16:55. Bókað var að fangelsispresturinn hafi farið klukkan 18:00. Bókað var að verjandi Guðjóns, Benedikt Blöndal, hafi komið til viðtals við hann klukkan 19:10. Var Guðjón færður aftur á klefa sinn klukkan 19:50. Bókað var að Hilmar Ingimundarson, verjandi Tryggva Rúnars, hafi rætt við hann inni á klefa milli klukkan 20:05 og 20:20. Þá var bókað að Jón Oddsson, verjandi Sævars, hafi komið til viðtals við skjólstæðing sinn klukkan 22:15. Bókað var að Sævar hafi verið færður á klefa sinn klukkan 22:35.³³⁶⁶
1727. Dómþing sakadóms Reykjavíkur var sett þennan dag og tekin fyrir sakadómsmálin á hendur ákærðu. Bókað var að sækjandi málsins, Bragi Steinarsson, væri mættur. Þá voru bókaðir mættir, verjendurnir Jón Oddsson, Páll Arnór Pálsson, Benedikt Blöndal, Hilmar Ingimundarson, Guðmundur Ingi Sigurðsson og Örn Clausen. Bókað var að sækjandinn hafi haldið áfram reifun sakarefnis ákæru frá 16. mars 1977. Voru Kristján Viðar og Sævar bókaðir mættir. Lauk sækjandinn málflytningi klukkan 11:35. Bókað var að skipaður verjandi Kristjáns Viðars, Páll Arnór Pálsson, hafi tekið til máls klukkan 13:30. Gerði hann þær kröfur að Kristján Viðar yrði sýknaður af I. kafla ákæru frá 8. desember 1976 en hlyti vægustu refsingu sem lög leyfðu fyrir brot talin í V. og VII. kafla ákærunnar. Til vara krafðist hann þess að Kristján Viðar hlyti vægustu refsingu sem lög leyfðu fyrir öll brot ákærunnar. Þá krafðist hann þess aðallega að Kristján Viðar yrði sýknaður af öllum kröfum ríkissaksóknara í ákæru frá 16. mars 1977, en til vara að hann hlyti vægustu refsingu sem lög leyfðu. Bókað var að Sævar og Kristján Viðar væru mættir í þinghaldinu. Bókað var að Páll Arnór hafi lokið ræðu sinni klukkan 16:00 og lagt málið í dóm með fyrirvara. Bókað var að dómari hafi lagt fram yfirlýsingu Páls Arnórs Pálssonar og Jóns Oddssonar, dagsetta 3. október 1977, fyrir hönd Kristjáns Viðars og Sævars um að fallið væri frá kæru til Hæstaréttar á gæsluvarðhaldsúrskurði uppkeðnum 29. september 1977, bréf Jóns Oddssonar,

³³⁶⁵ Bls. 2829.

³³⁶⁶ Dagbók nr. 7, bls. 158–160.

dagsett 4. október 1977 og loks kvaðning [GunJ] fyrir sakadóm Reykjavíkur dagsett 20. apríl 1977.³³⁶⁷

1728. Fréttir af málf lutningnum fyrir sakadómi Reykjavíkur var að finna í flestöllum blöðum þennan dag. Í Vísi var frétt undir fyrirsögninni: „Sækjandi í Geirfinnsmálinu: „Ásetningur um að bana Geirfinni eftir að atlagan var hafin.“ Fram kom að sækjandi málsins hafi sagt breyttan framburð Kristjáns Viðars og Sævars í sakamálunum skýrast af mannlegum viðbrögðum sakaðra manna.³³⁶⁸ Sama dag birtist í Morgunblaðinu frétt undir fyrirsögninni: „Saksóknari um Geirfinnsmálið: „Játningar sakborninga grundvöllur ákærunnar“ – og engu breytir þótt þær hafi verið dregnar til baka.“ Orðrétt sagði í fréttinni: „Varði Bragi Steinarsson miklu af tíma sínum í að tíunda þessar fyrri játningar sakborninganna og undirbyggði þar með þá kröfu sína til dómsins að játningar sakborninganna væru svo ítarlegar og margendurteknar að nægði fullkomlega til sakfellingar og væri ekkert mark takandi á seinni yfirlýsingum um sakleysi ákærðu í máli þessu.“ Síðar í fréttinni kom fram að sækjandinn hafi sagt að játningar sakborninganna væri sá grundvöllur sem ákæran væri byggð á. Í framhaldinu sagði orðrétt: „Þetta hefði verið sameiginleg atлага Sævars, Guðjóns og Kristjáns og á engan hátt sundurgreinanleg. Það hafi ekki verið ásetningur þeirra að ráða Geirfinn af dögum, en eftir að átökin hófust bendir framganga þeirra til þess að þá hafi það verið orðinn ásetningur þeirra að ráða Geirfinni bana.“³³⁶⁹
1729. Fimmtudaginn 6. október 1977 var bókað í dagbók fangelsisins við Síðumúla um flutning á Sævari, Tryggva Rúnar og Kristjáni Viðari á milli Síðumúlafangelsis og sakadóms Reykjavíkur. Var bókuð athugasemd í fangelsisdagbókina að breytt hafi verið um dagblað til Guðjóns þennan dag, fengi hann nú afhentan Tímann í stað Þjóðviljans. Bókað var að Benedikt Blöndal hafi komið til viðtals við Guðjón klukkan 18:15. Fór hann klukkan 19:20. Bókað var að Hilmar Ingimundarson, verjandi Tryggva Rúnars, hafi komið til viðtals við hann milli klukkan 19:30 og 20:05. Þá var bókað að Jón Oddsson, verjandi Sævars, hafi komið til viðtals við skjólstæðing sinn milli klukkan 19:45 og 20:20.³³⁷⁰
1730. Þennan dag var dómþing sakadóms Reykjavíkur sett og tekið fyrir sakadómsmálið á hendur ákærðu. Bókað var að sækjandi málsins, Bragi Steinarsson, hafi mætt klukkan 09:30. Þá voru bókaðir mættir Þórður Björnsson og Jónatan Sveinsson. Bókað var að mættir væru verjendurnir Jón Oddsson, Páll Arnór Pálsson, Benedikt Blöndal, Hilmar Ingimundarson, Guðmundur Ingvi Sigurðsson og Örn Clausen. Var málf lutningi haldið áfram og tók til máls Hilmar Ingimundarson, verjandi Tryggva Rúnar. Bókað var að hann hafi gert þær kröfur að Tryggvi yrði sýknaður af I. kafla og 2. tl. II. kafla ákærunnar frá 8. desember 1976, en vægustu refsingu lögum samkvæmt fyrir aðra liði ákærunnar. Bókað var að Kristján Viðar, Sævar og Tryggvi Rúnar væru mættir í dóminum.³³⁷¹ Bókað var að verjandinn hafi lokið máli sínu klukkan 12:00. Bókað var

³³⁶⁷ Bls. 3279–3281.

³³⁶⁸ Bls. 2832.

³³⁶⁹ Bls. 2833–2834.

³³⁷⁰ Dagbók nr. 7, bls. 160–161.

³³⁷¹ Bls. 3282.

að Jón Oddsson, verjandi Sævars, hafi tekið til máls klukkan 13:30 og krafist þess aðallega að Sævar yrði sýknaður af I. kafla ákæru frá 8. desember 1976 en hlyti vægustu refsingu lögum samkvæmt fyrir brot talin í III., IV., V. og VII. kafla ákæru. Til vara krafðist hann þess að Sævar hlyti vægustu refsingu lögum samkvæmt fyrir öll brot samkvæmt ákærunni. Þá krafðist hann þess að Sævar yrði sýknaður af öllum kröfum ríkissaksóknara í ákæru dagsettri 16. mars 1977, til vara að hann hlyti vægustu refsingu lögum samkvæmt.³³⁷² Bókað var að verjandinn mótmælti ekki skaðabótakröfum í málinu. Bókað var að hann hafi lokið reifun sakarefnis í ákæru dagsettri 8. desember 1976 klukkan 16:00 og þá hafi þinghaldinu verið frestað til morguns og dómþingi slitið.³³⁷³

1731. Pennan dag birtust fréttir af málunum í öllum blöðum landsins. Heilsíðufrétt var að finna í Morgunblaðinu undir fyrisögninni: „Tæplega 13 tíma sóknarræðu í Guðmundar- og Geirfinnsmálum lauk í gær: „Þetta er allt í lagi, ég skal sjá um það sem eftir er“ sagði Sævar Ciesielski félögum sínum til hughreystingar.“ Í umfjöllun um refsikröfu ákæruvaldsins kom fram að Bragi Steinarsson, sækjandi málsins hafi fjallað um að afdráttarlausar játningar sakborninga gætu haft áhrif til lækkunar. Furðaði hann sig á því að sumir ákærðu hefðu slegið því vopni úr höndum verjenda sinna með því að draga játningar til baka. Orðrétt sagði í framhaldinu: „Hvað Erlu áhrærir sagði Bragi, að hún hefði haldið fast við játningar sínar og mætti teljast rétt að meta það til refsilækkunar og sömuleiðis það að hún skyldi „opna þá litlu glufu sem þurfti til þess að koma þessum málum á þann skrið að þau upplýstust og þar með létt því oki af þjóðinni, sem ríkti vegna þess að málin voru óupplýst“ eins og saksóknarinn sagði orðrétt í ræðu sinni í gær.“³³⁷⁴ Síðar í fréttinni sagði orðrétt: „Bragi Steinarsson sagði í gær, að af ákæruvaldsins hálfu breytti það engu þótt lík Geirfinns myndist ekki. Samhljóða framburður hinna ákærðu hvers fyrir sig og í algjörrri einangrun hvert frá öðru væri grundvöllur ákærunnar og fundur líks Geirfinns yrði aðeins ein sönnunin til viðbótar í málinu. Svo virtist, sem sakborningar teldu sér hag í því að líkið myndist ekki en þvert á móti ætti þetta framferði að leiða til refsingarauka.“³³⁷⁵ Í sama blaði birtist frétt um ræðu Páls Arnórs Pálssonar, verjanda Kristjáns Viðars. Fram kom að hann styddi sýknukröfu sína um morðákæru aðallega með því að öll áþreifanleg sönnunargögn skorti, líkin hafi ekki fundist, munir sem hafi tilheyrt þeim og morðvopnið eða önnur verksummerki hafi heldur ekki fundist. Játningarnar hafi allar verið bornar til baka, en þær væru grundvöllur ákærunnar. Fjallað var um að Páll Arnór hafi sagt í ræðu sinni að þjarmað hafi verið óeðlilega að sakborningum til að fá frá þeim játningu, bæði af rannsóknarlögreglumönnum og öðrum. Í yfirheyrslum hafi verið gengið hart að þeim, þeir hefðu verið mikið spurðir, meira en fram kæmi í skýrslum lögreglunnar. Þetta væri ljóst af því hve mikið væri eftir þeim bókað á hverjum degi á meðan rannsóknin stóð yfir. Þá hafi Kristján Viðar greint honum frá því að eitt sinn í yfirheyrslu hafi hann verið sleginn í andlitið af rannsóknarlögreglumanni. Það hafi hins vegar ekki fengist staðfest af öðrum þeim sem

³³⁷² Bls. 3283.

³³⁷³ Bls. 3284.

³³⁷⁴ Bls. 2838.

³³⁷⁵ Bls. 2839.

hafi verið viðstaddir yfirheyrsluna. Haft var eftir Páli Arnóri að framburður sakborninganna hafi frá byrjun verið mjög ósamræmdur og mótsagnakenndur og það hefði ekki verið fyrr en Karl Schütz hafi kynnt fyrir þeim framburð þeirra allra að hann samræmdu. Orðrétt sagði í fréttinni: „Þegar Schütz yfirgaf landið hefði framburður þeirra aftur farið í fyrri horf. Þetta væru rangar aðferðir til að fá fram játningu og ósannfærandi.“ Þá hélt Páll Arnór því fram að ólíklegt væri að allir þessir atburðir hafi getað átt sér stað á svo stuttum tíma og vísaði þar til prófana sem gerðar voru um þann tíma sem þetta hefði getað tekið ákærðu. Þá tók hann fram að 21. nóvember 1974, daginn sem ákærðu hafi sagst hafa farið upp í Rauðhóla og greftrað lík Geirfinns hafi verið 10 stiga frost og jörðin freðin.³³⁷⁶ Sams konar samantekt birtist í Dagblaðinu þennan dag undir fyrirsögninni: „Gjalddagi Geirfinnsmálsins: Lögreglan bjó til þennan framburð.“ Fram kom að verjandi Kristjáns Viðars, hafi sagt að skjólstaðingur hans hafi ekki vísitandi dregið fjórmenningana, Sigurbjörn, Magnús, Einar og Valdimar, inn í rannsóknina. Orðrétt sagði í fréttinni: „Hann lýsti síðan áberandi leiðandi yfirheyrslum yfir föngunum og nefndi dæmi máli sínu til stuðnings. Hann sagði að það hefði verið hjá rannsóknaraðilum, þar á meðal frá fangavörðum, sem Kristján Viðar hefði fyrst heyrt minnzt á nöfn þeirra manna sem síðar voru ranglega bendlaðir við málið.“³³⁷⁷

1732. Föstudaginn 7. október 1977 var bókað í dagbók Síðumúlafangelsisins um flutning á Sævari, Tryggva Rúnar og Kristjáni Viðari á milli Síðumúlafangelsis og sakadóms Reykjavíkur. Bókað var að Guðjón hafi verið fluttur til tannlæknis klukkan 10:25. Var komið með hann til baka klukkustund síðar. Bókað var að séra Ragnar Fjalar hafi komið til viðtals við Guðjón milli klukkan 14:00 og 15:45. Bókað var að starfsmenn sakadóms Reykjavíkur hafi komið með Kristján Viðar, Sævar og Tryggva Rúnar klukkan 20:45.³³⁷⁸
1733. Dómþing sakadóms Reykjavíkur var háð þennan dag og tekin fyrir sakadómsmálin á hendur ákærðu. Bókað var að Bragi Steinarsson, sækjandi málsins, hafi mætt í dóminn klukkan 09:30 og með honum Þórður Björnsson, ríkissaksóknari. Þá voru verjendur málsins bókaðir mættir, Jón Oddsson, Páll Arnór Pálsson, Benedikt Blöndal, Hilmar Ingimundarson, Guðmundur Ingvi Sigurðsson og Örn Clausen. Bókað var að Kristján Viðar, Sævar og Tryggvi Rúnar væru mættir í dóminum. Bókað var að Jón Oddsson hafi lokið málflytningu um sakarefni ákærunnar frá 8. desember 1976 og hafið reifun sakarefnis í ákæru frá 16. mars 1977. Lauk hann máli sínu klukkan 11:10. Bókað var að þá hafi Benedikt Blöndal tekið til máls og gert þær kröfur að Guðjón yrði sýknaður af öllum ákæruatriðum, en til vara að honum yrði gerð vægasta refsing samkvæmt lögum.³³⁷⁹ Bókað var að hann hafi lokið máli sínu klukkan 14:30, en þá hafi tekið til máls Guðmundur Ingvi Sigurðsson, verjandi Erlu. Bókað var að hann hafi gert þær kröfur að Erla yrði sýknuð af ákæru um brot á 211. gr., samanber 22. gr., 4. mgr. samanber 1. mgr., og 112. gr., 2. mgr., samanber 1. mgr. almennra hegningarlaga nr.

³³⁷⁶ Bls. 2838–2839.

³³⁷⁷ Bls. 2842.

³³⁷⁸ Dagbók nr. 7, bls. 161–162.

³³⁷⁹ Bls. 3285.

19/1940. Þá krafðist hann þess að hún yrði dæmd í vægustu refsingu samkvæmt lögum fyrir önnur brot sem hún hafi verið ákærð fyrir. Lauk hann málflytningi sínum klukkan 15:40.³³⁸⁰ Var málflytningi haldið áfram klukkan 16:15 og tók þá til máls verjandi Alberts Klahn, Örn Clausen. Bókað var að hann hafi gert þær kröfur að Albert yrði sýknaður af 2. tölulið I. kafla ákæru frá 8. desember 1976, en dæmdur í vægustu refsingu fyrir önnur þau brot sem honum hafi verið gefin að sök í sama ákæruskjali. Bókað var að hann hafi lokið máli sínu klukkan 17:15. Næst var bókað að Finnur Torfi Stefánsson, verjandi [ÁEP] hafi tekið til máls vegna ákæruatriða er vörðuðu skjólstæðing hans. Lauk hann máli sínu klukkan 17:35. Þá var bókað að sækjandi málsins hafi tekið aftur til máls og svarað ræðum verjenda. Hann hafi lokið máli sínu klukkan 19:07. Að loknu stuttu hléi tóku til máls Páll Arnór Pálsson, Hilmar Ingimundarson, Jón Oddsson, Benedikt Blöndal, Guðmundur Ingvi Sigurðsson og Örn Clausen. Bókað var að sakarefni 2. töluliðar I. kafla ákæru frá 8. desember 1976 og í I. kafla ákæru frá 16. mars 1977 að því er varðaði Erlu hafi verið reifað með hliðsjón af 124. og 221. gr. almennra hegningarlaga.³³⁸¹ Bókað var að ákærðu hafi verið inntir eftir því hvort þeir vildu taka til máls. Bókað var að Sævar hafi einn ákærðu óskað eftir því og flutt ræðu. Bókað var að málið hafi verið tekið til dóms og var dómþingi slitið.³³⁸²

1734. Þennan dag birtist opnugrein í Morgunblaðinu um flutning málsins í sakadómi Reykjavíkur. Efni ræðu Hilmar Ingimundarsonar, verjanda Tryggva Rúnars, var rakið. Hilmar hafi fundið að orðalagi lögregluskýrslna og sagt það benda til þess að það væri komið frá lögreglumönnum, en ekki ákærðu eins og lög gerðu ráð fyrir. Ákærðu hafi verið lögð í munn sömu orðin og greinilegt að lögreglumennirnir sem hafi tekið skýrslurnar hafi verið leiðandi aðili í yfirheyrslunum. Fram kom að Hilmar hafi lesið upp yfirlýsingu Tryggva Rúnars um sakleysi sitt. Hann hafi verið ákaflega miður sín fyrst eftir handtökuna 23. desember 1975, enda saklaus af þeim sakargiftum sem hafi verið bornar á hann. Hann hafi ekki getað sofið en samt hafi hann verið tekinn í yfirheyrslur strax. Tvö stórmál hafi verið borin upp á hann og raunar alla ákærðu, að hafa orðið stúlku að bana í Vík í Mýrdal og einnig að hafa orðið manni að bana í Ólafsvík. Ekkert hafi hins vegar verið um þetta bókað. Tryggvi Rúnar hafi verið í yfirheyrslum í allt að tólf tíma í einu og engin miskunn verið sýnd. Örn Höskuldsson hafi sagt við Tryggva Rúnar að hann gæti rotnað í fangelsinu í tvö ár og einnig að rétt væri að játa þar sem aðrir væru búnir að játa. Tryggvi hafi því ekki séð aðra leið en að játa í þeirri trú að hið sanna kæmi síðar í ljós. Þá gerði Hilmar nokkrar athugasemdir við yfirheyrslur yfir [GunJ]. Í fyrsta lagi að [GunJ] hafi verið kvaddur til réttarhaldanna með kvaðningu þar sem lýst hafi verið hvers vegna hann hafi verið kallaður fyrir. Í öðru lagi hafi hann verið yfirheyrður á laugardegi og verjendum ekki gefinn kostur á að vera viðstaddir en aftur á móti hafi sækjandinn verið tilkvaddur, en slíkt væri mismunur. Í þriðja lagi hafi [GunJ] verið hjálpað til að komast inn í málið meðal annars með því að sýna honum Morgunblaðið frá 30. janúar 1974 þar sem skýrt

³³⁸⁰ Bls. 3286.

³³⁸¹ Bls. 3287–3288.

³³⁸² Bls. 3289.

væri frá hvarfi Guðmundar og lýst eftir honum. Einnig hafi honum verið sýnt húsið að Hamarsbraut 11, bæði utan og innan.³³⁸³ Á sama stað var rakin varnarræða Jóns Oddssonar, verjanda Sævars, undir fyrirsögninni: „Vörn Sævars Ciesielski byrjaði í gær: Verjandinn deilir harðlega á ákærvaldið og alla málsmeðferð.“ Vakti Jón athygli á hugsanlegum ástæðum þess að Sævar hafi játað á sínum tíma. Sævari hafi verið haldið í einangrun í tæpa 700 sólarhringa, frá 11. desember 1975 til þessa dags, að frátöldu tímabilinu 31. janúar til 5. maí 1977. Enginn vafi væri á því að slík meðferð hefði áhrif á hegðun og líðan fangans. Þá hafi Sævari verið bannaður lestur bæði bóka og dagblaða og aðeins nýlega fengið samþykki dómsins fyrir því að lesa Morgunblaðið, eitt blaða. Sævar væri reykingamaður en honum hafi verið bönnuð tóbaksneysla langtímum saman. Fram kom að Jón hafi fullyrt að engar ákveðnar reglur giltu um boð og bönn sem fangarnir þyrftu að þola. Sævari hafi verið leyfð útvist í fangelsisgarðinum í tíu til 15 mínútur á dag sem hann hafi nýtt sér. Greindi Jón frá því að Sævari hafi verið afhent bréf frá Erlu í einangrunarklefann. Átaldi hann fangelsisýfirvöld fyrir að hafa afhent Sævari bréfið þar sem í því hafi verið dylgjur og hótanir í hans garð. Þá benti hann á að bréfið lægi ekki frammi í réttinum. Jón sagðist vita til þess að Sævar hafi verið yfirheyrður oft á dag og þá jafnvel verið brotið gegn skýrum lagaákvæðum um að ekki mætti yfirheyra sakborning lengur en sex klukkustundir í einu. Þá væri það réttarbrot að Erla hafi verið látin eiðfesta framburð sinn frá 20. desember 1975, enda hafi hún verið sambýliskona og barnsmóðir Sævars og hugsanlega aðili að málinu. Enn fremur sagði Jón að mjög hafi verið þjarmað að sakborningunum við yfirheyrslur. Það væri þó erfitt fyrir hann sem lögmann að meta aðstæður þar sem hann hefði ekki alltaf verið kallaður til. Orðrétt sagði í fréttaumfjölluninni: „En spurningin væri um það hvort lögreglumennirnir hafi gerst offarar í starfi sínu. Hann lét þess getið að það hefði ósjaldan komið fyrir að móðir Sævars hefði fengið föt hans sundurrifin send heim til þvotta.“ Loks reifaði Jón upphaf rannsóknar Guðmundarmálsins og vísaði til þess að fram hefði komið að lögreglan hafi heyrt orðróm um að sakborningarnir væru við málið riðnir. Orðrétt sagði í framhaldinu: „Hann spurði síðan hvaðan sá orðrómur væri kominn.“³³⁸⁴ Þennan dag var jafnframt birt fréttaumfjöllun um ræðu Hilmars Ingimundarsonar, verjanda Tryggva Rúnars. Þar kom fram að ákæran á hendur Tryggva Rúnar hafi verið gefin út 8. desember 1976 og birt nokkrum dögum síðar í fjölmiðlum. Hún hafi hins vegar ekki verið birt Tryggva Rúnari fyrr en 13. janúar 1977. Greindi Hilmar frá því að réttargæslumenn sakborninganna hafi kært fyrsta gæsluvarðhaldsúrskurðinn til Hæstaréttar Íslands. Þá hafi rannsóknardómarinn í málinu, Örn Höskuldsson, boðað þá á sinn fund og tilkynnt um hvað væri á seyði, málið væri jafnalvarlegt og morðmál. Örn hafi óskað eftir góðu samstarfi og beðið réttargæslumennina um að fá skjólstaðinga sína til að draga kærurnar til baka. Kærurnar hafi verið bókaðar í þingbók, en ekki afturhvarfið, hvergi kæmi fram í skjölum málsins að fallið hafi verið frá kærunum. Hilmar hafi rakið framburð Erlu frá 20. desember 1975, um að hafa ekki þekkt þriðja manninn að Hamarsbraut 11 umrætt kvöld. Minnti hann á að Erla hafi

³³⁸³ Bls. 2850–2851.

³³⁸⁴ Bls. 2851.

talið sig hafa gert skissu af þessum þriðja manni við framangreinda yfirheyrslu, en þrátt fyrir ítrekaða leit hafi sú skissa ekki fundist. Þá hafi skissa sem talið væri að Tryggvi Rúnar hafi gert af herbergjaskipan að Hamarsbraut 11 ekki fundist. Orðrétt sagði í fréttinni: „Augljóslega sór Erla Bolladóttir annað hvort rangan eið, þegar hún sagðist ekki hafa þekkt Tryggva Rúnar í fyrstu skýrslu sinni, eða þá að hún ber rangar sakir á Tryggva, sagði verjandinn. Og það væri þá ekki í fyrsta sinn sem Erla Bolladóttir ber rangar sakir á menn. Þannig byggist ákæran á hendur Tryggva á framburði Erlu Bolladóttur sem hefur eiðsvarið að þekkja hann ekki, sagði verjandinn.“ Fram kom að fyrir dómi hafi Hilmar fullyrt að flestar meginreglur sem ætlað væri að vernda sakaða menn hefðu verið þverbrotnar af rannsóknaraðilum. Samkvæmt fangelsisdagbókum hafi Tryggvi Rúnar verið tekinn 68 sinnum til yfirheyrslu en afraksturinn væri einungis tvær skýrslur. Þá vísaði hann til skýrslu Alberts Klahn sem hafi sagt fljótlega eftir handtökuna að hann teldi sig vera orðinn eitthvað skríttinn í höfðinu og væri hættur að geta áttað sig á mörkum raunveruleika og ímyndunar. Vakti Hilmar athygli á því að samt hafi ekki verið krafist geðrannsóknar á Alberti. Vararíkissaksóknari hafi tekið mikið mark á hans framburði, án þess að vita hvort maðurinn væri sakhæfur.³³⁸⁵ Í sama blaði var reifað efni ræðu Jóns Oddssonar, verjanda Sævars, undir fyrirsögninni: „Harðræði og ógnanir í 700 sólarhringa einangrun tryggja ekki réttlátan dóm – segir verjandi Sævars Marinós Ciesielski.“ Fram kom að Jón hafi sagt fjarvistarsönnun Sævars hafa legið fyrir frá upphafi í sambandi við Guðmundarmálið. Hún hefði þó ekki komið fram fyrr en nú nýlega. Allar tilraunir Sævars til að koma á framfæri sakleysi sínu hafi verið kæfðar með harðræði og ógnunum af hálfu rannsóknarlögreglu og dómarafulltrúa.³³⁸⁶

1735. Laugardaginn 8. október 1977 var bókað í dagbók fangelsisins við Síðumúla að Guðsteinn læknir hafi rætt meðal annars við Kristján Viðar milli klukkan 08:55 og 09:25.³³⁸⁷
1736. Þennan dag birtist forsíðufrétt í Dagblaðinu um efni seinni ræðu sækjanda málsins, Braga Steinarssonar. Fréttin birtist undir fyrirsögninni: „„Verjendur sáðu tortryggni og efasemdum“ – kjarni málsins sá að játningarnar eru réttar, sagði saksóknari í síðari ræðu sinni.“““ Gagnrýndi hann verjendur fyrir að hafa sáð fræjum efasemda og tortryggni og ítrekaði að kjarni málsins væri að játningarnar í báðum málunum væru sannleikanum samkvæmar. Sagði hann aðfinnslur verjendanna falla um sig sjálfar, enda væru verjendurnir þar í raun að ásaka sjálfa sig, en ekki rannsóknaraðila. Þeim hafi verið frjálst að vera við réttarhöld og yfirheyrslur og borið lagaskylda til að koma á framfæri kvörtunum umbjóðenda sinna. Honum hafi virst sem verjendurnir hafi verið að tala fyrir einhverja aðra en dóminn, því engin ásakana þeirra hafi verið rétt. Svaraði hann ræðu Hilmars Ingimundarsonar, verjanda Tryggva Rúnars, og sagði sakborningana sjálfa hafa kallað á rannsóknarlögreglumenn á nóttu og degi útaf persónulegu kvabbi og sagði 68 afskipti af Tryggva Rúnar sem bókuð hafi verið í fangelsisdagbók ekki hafa verið yfirheyrslur. Orðrétt sagði í fréttinni: „Um þá nýju

³³⁸⁵ Bls. 2852.

³³⁸⁶ Bls. 2853.

³³⁸⁷ Dagbók nr. 7, bls. 163.

fjarvistarsönnun sem lögð hefur verið fram af hálfu Sævars Ciesielskis sagði saksóknari að verjandinn væri „búinn að vera haldinn þessu síðan í apríl.“ Væri hann enn að leggja fram plögg um þetta atriði. Sannað væri að þau Erla og Sævar hefðu hist á Hamarsbraut þessa umræddu nótt.³³⁸⁸ Í sama blaði birtist frétt undir fyrirsögninni: „Uppeldið eða öllu heldur uppeldisleysið mótaði líf þeirra – þótt þjóðfélagið geri þau ábyrg gerða sinna, sagði Guðmundur Ingvi Sigurðsson.“ Í fréttinni var ræðu verjanda Erlu Bolladóttur gerð skil og hún sögð frábærlega vönduð. Fram kom að hann krefðist sýknu vegna ákæru um brot gegn 211. gr. og 112. gr. almennra hegningarlaga. Orðrétt sagði í fréttinni: „Guðmundur Ingvi kvaðst ekki taka undir þá gagnrýni sem fram hefði komið hjá sumum verjendum í þessu máli vegna meðferðar málsins áður en það kom fyrir þann dóm, sem um það fjallar nú. Hann kvað þá gagnrýni ekki hafa áhrif til sektar eða sýknu skjólstæðings síns, enda þótt brotnar leikreglur kynnu að rýra gildi sönnunar. „Eðli rannsóknarstarfa býður ekki alltaf upp á neinar venjulegar umgengnisreglur borgaranna,“ sagði Guðmundur.“ Þá var haft eftir Guðmundi að hinar röngu sakagiftir á hendur saklausum mönnum hafi verið mjög óheppilegar fyrir Erlu, en þær hafi runnið undan rifjum annarra ákærðu, eins og það var orðað í fréttinni. Fram kom að Guðmundur hafi sagt það alrangt hjá vararíkissaksóknara að í málinu lægju fyrir einlægar og skuggalausar játningar. Taldi hann að mikill vafi hlyti að vera hjá dómurum um hvort unnt væri að dæma fyrir morð á fyrirleggjandi framburðum. Orðrétt var haft eftir verjandanum: „Það er ríkjandi stefna hjá íslenskum dómstólum að gera ríkar kröfur til sannana og þeim mun ríkari sem ákæra er alvarlegri.“ Sagði hann atburðina í Dráttarbrautinni hafa miklu fremur yfirbragð slyss en ásetnings en vart væri að marka nokkuð frásagnir ákærðu um atburðina í Keflavík. Orðrétt sagði í lok fréttarinnar: „Loks benti hann á þær málsbætur hennar að það væri henni að þakka að þessi mál hefðu yfirleitt verið upplýst að því marki sem þau væru það. „Það var Erla sem létti þeirri martröð sem þessi mál voru allri þjóðinni.“³³⁸⁹ Sama dag birtist opnufrétt í Morgunblaðinu um málin. Rakið var að Örn Clausen, verjandi Alberts Klahn, hafi flutt varnarræðu sína og sagt það fráleitt að telja Albert hafa átt hlutdeild í drápi Guðmundar þar sem hann hafi hvergi komið nálægt því verki. Varpaði hann fram þeirri spurningu hvers vegna [GunJ] og Erla Bolladóttir hafi ekki alveg eins verið ákærð í Guðmundarmálinu. Sagði Örn að Albert hafi reynt að upplýsa málið eftir bestu getu eftir að rannsókn hófst, en það ætti sér sínar skýringar hvers vegna hann hafi ekki sagt frá málinu. Lýsti Örn því að Albert hafi óttast Tryggva Rúnar, Sævar og Kristján Viðar. Þá var á sama stað frétt um seinni hluta varnarræðu Jóns Oddssonar, verjanda Sævars. Birtist fréttin undir fyrirsögninni: „Verjandi Sævars Marinós Ciesielskis: „Sævar sá eini sem hefur fjarvistarsannanir í báðum málunum.“ Gerði hann að umtalsefni að Sævar gæti sýnt fram á fjarvistir í bæði skiptin, en skýrslur um það efni hafi fallið í grýttan jarðveg. Dró Jón mjög í efa tímamælingar lögreglu um ferðina til Keflavíkur og taldi útilokað að ákærðu hafi náð til Keflavíkur á kraftlítilli Volkswagen bifreið á þeim tíma sem lögreglan hafi tiltekið. Þá hafi verjandinn tínt meira til sem honum hafi þótt ótrúlegt við hina meintu ferð til

³³⁸⁸ Bls. 2858.

³³⁸⁹ Bls. 2859.

Keflavíkur. Nefndi Jón sem dæmi það að Erla hafi ekkert vitað fyrirfram um ferðina þegar það var hún sem hafi átt að hafa gengið frá leigu á bifreið frá bílaleigunni Geysi 19. nóvember 1974. Varpaði verjandinn þeirri spurningu fram: „Hvers vegna var hún að því þegar þau áttu Landroverbíl?“ Þá nefndi Jón hversu ólíklegt það væri að Geirfinnur hafi trúað því að Sævar væri forstjóri Klúbbsins eins og hann hafi verið útlits. Enn ólíklegra væri að Geirfinnur hafi trúað því að forstjóri Klúbbsins væri að gera sér ferð suður með sjó til þess að selja honum eina til tvær flöskur af spíra. Í fréttinni var rakið að Jón Oddsson hafi vikið að framburði ákærðu sem sækjandinn hafi talið samræmdan og ganga upp í öllum smáatriðum. Orðrétt sagði í fréttinni: „Sævar hafði sent inn skýrslur um ferðir sínar þetta umrædda kvöld en þær hefðu ekki fallið í góðan jarðveg. Þegar hér var komið sögu greip dómsformaðurinn inn í og kvað verjandann hafa verið viðstaddan skýrslutöku fyrir dómi og hefði hann getað gætt réttar síns sakbornings. Nú greip Sævar Ciesielski fram í og kvaðst hafa sent dóminum skýrslur í maímánuði en þær hefðu ekki verið bókaðar. Þegar þessu innskoti var lokið tók verjandinn til máls að nýju [...]“ Fram kom að verjandinn hafi fjallað um ákæru um rangar sakargiftir. Orðrétt sagði í fréttinni: „Kvað hann Erlu Bolladóttur hafa átt upptökin eins og fyrri daginn. Hún hefði fyrst nefnt nöfn þeirra manna, sem talað væri um að hefðu ranglega verið leiddir inn í málið og ekki hefði liðið langur tími þar til hinir hefðu tekið undir framburð Erlu. Þannig væri það í öllu þessu máli, um leið og einn segði eitthvað tækju hinir óðar undir það alveg eins og sakborningarnir hefðu verið leiddir í yfirheyrslunum af lögreglumönnum. Einhverra hluta vegna hefðu þessir fjórir menn verið teknir út úr ótalmörgum mönnum, sem Erla hefði nefnt, sem viðstadda í fjörunni í Keflavík, svo sem kaupþýslumenn í Reykjavík, ráðherra og fósturföður Sævars. Líklega væri það vegna þess að í sambandi við rannsóknina í Keflavík á sínum tíma hefði skotið upp kviksögum um Klúbbmennina, kviksögum sem erfitt var að kveða niður og við seinni rannsókn hafi lögreglumenn verið opnari fyrir þessum möguleika en öðrum. Á þessum tíma, í janúar 1976, hefði verið orðið svo mikið umstang í kringum þetta mál, stöðugar yfirheyrslur og aukin gæzla í fangelsinu í Síðumúla að Sævar hefði alveg verið orðinn ruglaður. Hann hefði því tekið undir framburð Erlu og þannig hefði það ef til vill þróast að þetta hefðu verið samræmdar aðgerðir, en Jón kvaðst ekki í nokkrum vafa um að það hefði ekki verið svo í upphafi.“ Í þessu sambandi hafi Jón bent á niðurstöður geðrannsóknar yfir Erlu um að hún ætti það til að sjá ofsjónir og hefði óvenju frjótt ímyndunarafli. Erfitt væri því að meta hvort hún væri að fara með satt mál eða hugarburð.³³⁹⁰ Í sama blaði var varnarræðu Benedikts Blöndal, verjanda Guðjóns, gerð skil undir fyrirsögninni: „Vörn Guðjóns Skarphéðinssonar: „Allan vafa um sekt sökunauts ber að skýra honum í hag.“ Gagnrýndi hann að í skýrslu um fyrstu rannsókn Geirfinnsmálsins í Keflavík vantaði blaðsíður sem ekki hafi ekki verið lagðar fram í málinu. Þá væri hvergi að finna skýrslu Erlu Bolladóttur frá 22. janúar 1976 þar sem hún hafi átt að hafa opnað Geirfinnsmálið ótilkvödd. Þá gagnrýndi hann harkalega svokallaða sakbendingu sem hafi farið fram um sumarið 1976, þegar Kristján Viðar hafi verið látinn sjá Guðjón þegar hann hafi verið yfirheyrður sem vitni. Sagði Benedikt að framkvæmdin bryti

³³⁹⁰ Bls. 2860 og 2862.

algerlega í bága við lög. Þá kom fram í fréttinni að Benedikt hafi kvartað yfir frágangi málsins og frekari skorti á gögnum en meðal gagnanna væri hvergi að finna bréf sem Erla hafi ritað Karli Schütz þar sem Erla hafi átt að hafa lýst því hvernig stæði á því að hún teldi sig hafa margt eftir Sævari við yfirheyrslurnar. Vakti hann athygli á því að Guðjón hafi einu sinni verið yfirheyrður í tíu klukkustundir og sú skýring hafi fylgt að rannsóknarmenn hafi gert samkomulag við Guðjón um að halda mætti yfirheyrslunum áfram. Átaldi hann lögreglu fyrir framkvæmdina og sagði það mat sitt að skýrslur sem hafi verið teknar við lengri yfirheyrslur en sex klukkustundir væru ekki marktækar. Í fréttinni kom fram að í ræðu sinni hafi Benedikt Blöndal vísað til hæstaréttardóms frá 1969 þar sem ósamræmi í framburði vitna hafi meðal annars leitt til sýknu.³³⁹¹ Undir fyrirsögninni: „Verjandi Erlu Bolladóttur: „Leiksoppur örlaganna, án sjálfstæðs vilja“, var efni ræðu Guðmundar Ingva Sigurðssonar reifað. Fram kom að hann hafi sagt það meginreglu í íslenskum rétti að gera strangar kröfur til sönnunar í morðmálum og vitnað til dóms Hæstaréttar frá 1971 þar sem sýknað hafi verið af morðákæru þar sem vafasamt hafi þótt að málið væri sannað á fullnægjandi hátt. Þar hafi morðvopnið sjálft verið fyrir hendi og öll frásögn sakbornings fjarstæðukennd. Verulegar líkur hafi þótt vera fyrir sekt hans, en að metnum öllum atriðum málsins hafi ákærði verið sýknaður. Um ákæru á hendur Erlu fyrir rangar sakargiftir hafi verjandi hennar ítrekað að Erla hafi verið leiksoppur örlaganna án sjálfstæðs vilja, eins og það var orðað í fréttinni.³³⁹² Í frétt Þjóðviljans um málf lutninginn í sakadómi Reykjavíkur var fjallað um ræðu Jóns Oddssonar, verjanda Sævars, undir fyrirsögninni: „Guðmundar- og Geirfinnsmálin: Sönnunargögnin vantar. Engin sönnun fyrir því að Geirfinnur Einarsson sé látinn, sagði Jón Oddsson, verjandi Sævars Ciesielskis.“ Í fréttinni sagði að Jón hafi lagt sig fram við að sanna að Sævar hafi ekki verið staddur í Dráttarbrautinni umrætt kvöld. Orðrétt sagði í fréttinni: „Því til áherslu sagði hann, að Sævar hefði getað gert grein fyrir veru sinni 17., 18. nóvember og eins hefði hann gert fulla grein fyrir hvar hann var allan daginn 19. nóv. og alveg fram til kl. 21:30 að kvöldi 19. nóv. og hefði vitni þar að lútandi. Klukkan 21:30 hefði hann ekið móður sinni heim af sýningu að Kjarvalsstöðum. Þá hefur Sævar rekið efni sjónvarpskvikmyndar sem sýnd var í sjónvarpinu þetta kvöld eftir kl. 21:30 og reyndist frásögn hans af myndinni rétt.“³³⁹³ Loks birtist frétt í Tímanum um sama efni undir fyrirsögninni: „Málf lutningi í Geirfinns- og Guðmundarmálum lokið: Dómurinum mikill vandi á höndum. Hversu mikinn þátt á uppeldi þeirra ákærðu í afbrotum þeirra? Er dæmt harðar í málum, sem mikið er fjallað um í fjölmiðlum?“ Fram kom að Benedikt Blöndal, verjandi Guðjóns, hafi vakið athygli dómsins á því að einungis 68 blaðsíður af alls 400 blaðsíðum úr frumrannsókn bæjarfógetans í Keflavík á Geirfinnsmálinu hafi verið lagðar fram í sakadómi Reykjavíkur. Ríkissaksóknari hafi ekki talið hinar blaðsíðurnar mikilvægar og vefengdi verjandinn ekki það mat heldur taldi eðlilegra að öll gögnin hefðu verið lögð fram og dóminum þannig eftirlátið að meta mikilvægi þeirra. Þá hafi Benedikt sagt að ítarlegar reglur hafi verið settar til varnar harðræði gagnvart sakborningum. Orðrétt sagði í framhaldinu: „Það atriði hefði gleymzt, að eftir setningu nýrra laga um

³³⁹¹ Bls. 2861–2862.

³³⁹² Bls. 2861–2862.

³³⁹³ Bls. 2864.

meðferð opinberra mála, hefði orðið sú stefnubreyting, að eftir gæsluvarðhaldsúrskurð sé það meginregla að rannsókn eigi að fara fram fyrir dómi en ekki hjá rannsóknarlögreglu.“ Þá hafi Benedikt vísað til greinar eftir Einar Arnórsson um lagaákvæði þess efnis að ekki mætti yfirheyra menn lengur en í sex klukkustundir samfleytt og þeir ættu rétt á að njóta nægilegs svefnis og hvíldar. Orðrétt sagði í fréttinni: „Sagði hann Einar Arnórsson hafa gert ráð fyrir allt annarri rannsóknaraðferð en hér hefði verið beitt.“ Benedikt hafi sagt rannsóknarlögreglumennina hafa unnið vandasamt verk við erfiðar aðstæður en um væri að ræða grundvallarreglur um mannréttindi sem bæri að virða.³³⁹⁴

1737. Þriðjudaginn 11. október 1977 var bókað í dagbók fangelsisins við Síðumúla að Páll Arnór Pálsson, verjandi Kristjáns Viðars, hafi komið til viðtals við hann milli klukkan 14:45 og 16:30. Bókað var að séra Jón Bjarman hafi rætt við Guðjón milli klukkan 15:10 og 16:15. Klukkan 17:45 var bókað að Benedikt Blöndal, verjandi Guðjóns, hafi komið til viðtals við hann. Var Guðjón færður aftur á klefa sinn klukkan 19:10. Þá var bókað að Jón Oddsson, verjandi Sævars, hafi komið til viðtals við skjólstæðing sinn milli klukkan 22:55 og 23:50.³³⁹⁵
1738. Fyrir liggur bréf Jóns Oddssonar, verjanda Sævars, til Gunnlaugs Briem sakadómara, dagsett 10. október 1977. Fór hann þess á leit að Sævar yrði ekki lengur látinn sæta gæsluvarðhaldi í Síðumúlafangelsi heldur fluttur á hentugri stað. Benti Jón á að Sævar hafi lengst allra sætt einangrun í málinu, hann hafi aldrei kært úrskurði til Hæstaréttar Íslands og hann hafi oftsinnis áður óskað eftir flutningi.³³⁹⁶
1739. Miðvikudaginn 12. október 1977 var bókað í dagbók Síðumúlafangelsisins að Sigurbjörn Víðir og Gylfi Guðjónsson, rannsóknarlögreglumenn, hafi komið með [SÓH] til geymslu, eins og það var orðað. Orðrétt var bókað klukkan 20:45: „Hringdi Hallvarður Einvarðsson og bað um að þess yrði sérstaklega gætt að fjórmeningarnir fengju ekki vitneskju um innkomu [SÓH].“³³⁹⁷
1740. Meðal rannsóknargagna liggja fyrir gögn máls rannsóknarlögreglu ríkisins nr. 3490/77, um rangan framburð [SÓH]. Skjalaskrá málsins telur 20 skjöl, alls 152 blaðsíður. Fyrsta skjalið er kæra Braga Steinarssonar vararíkissaksóknara á hendur [SÓH] um rangan framburð, dagsett þennan dag 12. október 1977, undirrituð af Braga og Hallvarði Einvarðssyni rannsóknarlögreglustjóra.³³⁹⁸ Í kærinni greindi Bragi frá því að Gunnlaugur Briem hafi tilkynnt honum að klukkan 10:30 þennan dag hafi Jón Oddsson, verjandi Sævars, komið á skrifstofuna og greint frá samtali hans, Páls Arnórs Pálssonar og Róberts Árna Hreiðarssonar lögfræðings við [SÓH] á skrifstofu Róberts Árna. Þeir hafi rætt þátt [SÓH] í Geirfinnsmálinu og þá hafi [SÓH] lýst því yfir að hann hafi aldrei farið til Keflavíkur og hafa gefið framburð sinn í málinu vegna hótana um gæsluvarðhald og annarra ógnana. Í kærinni kom fram að afturköllun [SÓH] hafi þegar legið fyrir í bréfi sem ritað hafi verið í desember 1976 á skrifstofu

³³⁹⁴ Bls. 2867.

³³⁹⁵ Dagbók nr. 7, bls. 166–168.

³³⁹⁶ Bls. 2868.

³³⁹⁷ Dagbók nr. 7, bls. 169.

³³⁹⁸ Bls. 2891.

Róberts Árna, en þegar til hafi komið hafi [SÓH] ekki viljað skrifa undir bréfið. Þá sagði jafnframt að Jón Oddsson hafi haft samband við Harald Henrysson að kvöldi 11. október 1977 og greint honum frá fyrirhugaðri afturköllun. Hafi dómarrar málsins komið saman að morgni þessa dags og ákveðið að skýra sækjanda málsins frá því sem fram hafi komið.³³⁹⁹

1741. Fyrir liggur skýrsla rannsóknarlögreglu ríkisins, rituð af Ívari Hannessyni lögreglufulltrúa, um yfirheyrslu yfir [SÓH] milli klukkan 14:15 og 17:00 þennan dag. Bókað var að honum hafi verið birt tilefni skýrslutökunnar og var vísað til kæru Braga Steinarssonar þar um. Greindi hann í upphafi frá því að fyrsta skýrsla hans í málinu frá 13. desember 1976 væri sú rétta í málinu, en aðrar skýrslur hjá lögreglu og fyrir dómi væru rangar. Hann hafi verið þvingaður af rannsóknarmönnum til að greina frá aðild sinni að máli sem hann hafi enga aðild átt að. Bókað var að vakin hafi verið athygli [SÓH] á 1. mgr. 40. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála og hann alvarlega áminntur um sannsögli, eins og það var orðað. Lýsti [SÓH] því að rannsóknarmenn hafi leitt hann inn í málið og hann hafi skáldað eða glósað í eyðurnar. Kvaðst hann aldrei hafa ekið sendiferðabifreið til Keflavíkur, hvorki 19. nóvember 1974 né á öðrum tíma.³⁴⁰⁰ Þá greindi [SÓH] frá því að honum hafi verið sleppt úr Síðumúlafangelsi á miðnætti 14. desember 1976. Morguninn eftir hafi hann leitað ráða hjá Róberti Árna Hreiðarssyni lögfræðingi og greint honum frá því að hann hafi verið látinn játa ferð til Keflavíkur sem hann hafi aldrei farið. Kvaðst [SÓH] ekki hafa viljað fara að ráðum Róberts Árna, að leiðrétta þetta þegar í stað, þar sem hann hafi efast um hvort hann hafi farið í ferðina og eins hafi hann óttast lögregluna. Hann hafi staðfest skýrslurnar fyrir dómi 25. maí 1977 þar sem hann hafi verið haldinn sama efa og einnig hafi hann ekki þorað að leiðrétta skýrslurnar vegna hræðslu við lögregluna. Kvaðst hann hafa farið á fund Róberts Árna eftir að munnlegur málflutningur hafi hafist í Guðmundar- og Geirfinnsmálum og óskað eftir því að afturkalla framburð sinn. Róbert Árne hafi ætlað að skrifa bréf, en ekki klárað það. Mánudaginn 10. október 1977 hafi Róbert Árne boðað hann á fund þar sem þeir hafi rætt málið. Síðan hafi Róbert Árne boðað Jón Oddsson og Pál Arnór Pálsson á skrifstofuna. Kvaðst [SÓH] hafa greint þeim frá öllu. Bókað var í skýrsluna að [SÓH] hafi neitað að tjá sig nema að viðstöddum Róberti Árna, en þegar ekki hafi verið hægt að koma því við hafi hann óskað eftir Sigurði Georgssyni og var hann viðstaddur yfirheyrsluna ásamt Braga Steinarssyni vararíkissaksóknara, Hallvarði Einvarðssyni rannsóknarlögreglustjóra og Halldóri Sigurðssyni rannsóknarlögreglumanni. Bókað var að [SÓH] hafi verið bent á 91. gr. laga nr. 74/1974 að ósk Sigurðar Georgssonar, réttargæslumanni hans. Kvaðst [SÓH] gera sér grein fyrir efni ákvæðisins.³⁴⁰¹
1742. Fyrir liggur skýrsla rannsóknarlögreglu ríkisins, rituð af Nirði Snæhólm yfirlögregluþjóni, um yfirheyrslu yfir Róberti Árna Hreiðarssyni lögfræðingi þennan dag sem vitni. Staðfesti hann í aðalatriðum framangreinda frásögn [SÓH].³⁴⁰² Í

³³⁹⁹ Bls. 2892.

³⁴⁰⁰ Bls. 2893.

³⁴⁰¹ Bls. 2894–2897.

³⁴⁰² Bls. 2898–2901.

framhaldinu var opnuð ný skýrsla um samprófun milli [SÓH] og Róberts Árna Hreiðarssonar. Orðrétt var bókað eftir Róberti Árna: „[SÓH] lýsti þá sem áður, þeim aðferðum sem hafðar voru við rannsóknina, m.a. um leiðandi spurningar og tilvitnanir í gögn, sem leiddu til þess, að hann trúði ekki lengur eigin dómgreind, og játaði þá atvikalýsingu, sem ætlast var til, enda honum tjáð að ef hann kannaðist ekki við atvikalýsingu nú, yrði hann úrskurðaður í 30 daga varðhald og hann fenginn til að kannast við fyrirlagða atburðarás, fyrr eða seinna.“ Aðspurður kvaðst [SÓH] hafa gert sér fulla grein fyrir því þegar hann var kvaddur til skýrslugjafar 25. maí 1977 að það hafi verið fyrir sakadómi Reykjavíkur. Orðrétt var bókað í framhaldinu: „Hann segir aðspurður, að hann geri sér litla grein fyrir mismun á yfirheyrslum fyrir lögreglu og dómi.“³⁴⁰³ Sama dag var Jón E. Ragnarsson hæstaréttarlögmaður yfirheyrdur sem vitni af rannsóknarlögreglu ríkisins. Fram kom að Róbert Árni Hreiðarsson starfaði sem fulltrúi hjá Jóni E. Ragnarssyni og hafi borið mál [SÓH] undir Jón og óskað eftir álit hans á réttarstöðu hans. Kvaðst Jón hafa blaðað í gegnum málgögn sem hann hafi fengið afhent, en ekki gefist tóm til að láta uppi lögfræðilegt álit.³⁴⁰⁴

1743. Fimmtudaginn 13. október 1977 var orðrétt bókað í dagbók fangelsisins við Síðumúla: „Kl. 10:50 Hringdi Gunnlaugur Briem sakadómari og sagði að samkvæmt samhljóða ákvörðun dómara í Guðmundar- og Geirfinnsmáli mættu verjendur Kristjáns Viðars Viðarssonar og Sævars Marinós Ciesielski ekki tala við þá, það er Jón Oddsson, hrl. við Sævar og Páll A. Pálsson, hdl. við Kr. Viðar. Sem sagt þessir lögfræðingar mega ekki undir neinum kringumstæðum tala við skjólstæðinga sína. Bann þetta gildir þar til Gunnlaugur afturkallar það. Dómarinn bjóst við að þetta bann yrði ekki nema í nokkra daga.“ Klukkan 13:00 var bókað að [SÓH] hafi verið fluttur í sakadóm Reykjavíkur fyrir Gunnlaug Briem, Harald Henrysson og Ármann Kristinsson. Færsluritari, Gunnar Guðmundsson, bókaði orðrétt á sama stað: „Í framhaldi á samtali mínu við Gunnlaug Briem sakadómara í morgun spurði ég hann hvort ekki væri hægt að slaka á fjórmenningunum og setja þá í lausagæslu. Gunnlaugur kvað þvert nei við því og sagði að slíkt kæmi ekki til greina í náinni framtíð. Er ég spurði um ástæðuna var svarið: þeir eru í gæsluvarðhaldi.“ Bókað var að komið hafi verið til baka með [SÓH] klukkan 16:20 og þess getið að Ingibjörg Benediktsdóttir, fulltrúi sakadóms, hafi tekið sér sólarhringsfrest til ákvörðunar um úrskurð. Orðrétt var bókað í framhaldinu: „Kl. 16:45 Hringdi Gunnlaugur Briem sakadómari og tjáði mér að Benedikt Blöndal hrl. mætti ekki undir neinum kringumstæðum tala við skjólstæðing sinn Guðjón Skarphéðinsson og gildir sama um hann og hina lögfr 2 eins og fram kemur í dagbókinni fyrr í dag. Aftur á móti má Hilmar Ingimundarson hrl. tala við Tryggva Rúnar ef annar hvor óskar þess, þ.e. Hilmar eða Tryggvi.“ Bókað var að ónefndur laganemi hafi komið klukkan 20:30 með sendingu til Sævars, teikniblokkir, blýanta, strokleður, vatnsliti, pensla og yddara.³⁴⁰⁵
1744. Þennan dag var dómþing sakadóms Reykjavíkur sett og tekið fyrir sakadómsmálin á hendur ákærðu. Bókað var að þinghaldið væri lokað og þess getið að málið hafi verið

³⁴⁰³ Bls. 2902–2905.

³⁴⁰⁴ Bls. 2906–2908.

³⁴⁰⁵ Dagbók nr. 7, bls. 170–171.

dómtekið 7. október 1977. Sækjandi málsins hafi gert kröfu um framhaldsrannsókn og vitnið [SÓH] yrði kvaddur á ný fyrir dóminn. Taldi dómurinn rétt að verða við kröfunni með vísan til 136. gr. laga nr. 74/1974.³⁴⁰⁶ Bókað var að Bragi Steinarsson, vararíkissaksóknari, hafi mætt í dómnum klukkan 13:45. Þá voru bókaðir mættir, Jón Oddsson, Páll Arnór Pálsson, Benedikt Blöndal, Hilmar Ingimundarson, Örn Clausen og Guðmundur Ingvi Sigurðsson. Einnig var bókaður mættur Sigurður Georgsson héraðsdómslögmaður. Bókað var að [SÓH] hafi komið í dóminn á sama tíma sem vitni. Var hann alvarlega áminntur um sannsögli, eins og það var bókað. Var þess getið að hann hafi verið í haldi frá því deginum áður vegna lögreglurannsóknar. Fram kom að [SÓH] hafi komið fyrir dóm 25. maí 1977 og unnið eið að framburði sínum. Var athygli hans vakin sérstaklega á vitnaskyldu og ábyrgð sem og þýðingu eiðvinningar. Framburður hans frá 25. maí 1977 var lesinn í heyranda hljóði. Í framhaldinu var orðrétt bókað í sakadómsbókina: „Vitnið lýsir því yfir að framburðurinn sé ekki réttur. Vitnið kveðst ekki hafa farið ferð þá, er í framburðinum greinir. Vitnið kveður sögu þess „hafa spunnist við yfirheyrslur hjá lögreglunni og skýrslutökur.“ Aðspurður hvers vegna vitnið hafi gefið dómskýrsluna, segir það að það hafi „eingöngu verið af ótta við lögregluna.““ Bókað var að [SÓH] hafi sagst ekkert samband hafa haft við lögregluna eftir 14. desember 1976. Eina rétta skýrslan væri fyrsta skýrslan sem hann hafi gefið hjá lögreglunni.³⁴⁰⁷ Kvaðst [SÓH] hafa verið hótad af lögreglunni. Greindi hann frá því að einhvern tímann þegar hann var í yfirheyrslu hafi heyrð Eggert Bjarnason rannsóknarlögreglumann segja að hann yrði látinn sæta 30 daga gæsluvarðhaldi ef hann ekki samþykkti skýrsluna og yrði þægur. Kvaðst [SÓH] telja að Eggert hafi haft þetta eftir Erni Höskuldssyni. Var [SÓH] þá bent á að engin lögregla hafi verið viðstödd dómskýrsluna, einungis dómvörður. Kvaðst hann ekki hafa gert sér grein fyrir því. Sagði hann skýrslu sína að öllu leyti ranga fyrir utan það að hann hefði getað fengið umrædda sendibifreið lánaða og hann hafi vitað af símtalinu að Laugavegi 32, en ekki efni þess. Bókað var að skýrsla [SÓH] hafi verið lesin að nýju lið fyrir lið. Sagði [SÓH] að upphaf skýrslunnar væri rétt fram að setningunni: „Vitnið kveðst hafa haldið eftir lykli að bifreiðinni eftir að það hætti á sendibílastöðinni.“ Um þetta atriði hafi hann borið rangt. Var lestrinum fram haldið. Sagði hann að sagan um símtal milli Sævars og Kristjáns Viðars væri rétt en hann hafi ekki farið til Keflavíkur í kjölfar símtalsins. Skýrði [SÓH] frá því að allt væri rangt í skýrslunni frá setningunni: „Vitnið man að kvöldið áður en farið var til Keflavíkur, hafi það verið statt hjá Kristjáni Viðari að Laugavegi 32“, út að setningunni: „það kveðst einu sinni áður fyrri part þessa árs hafa farið í Njarðvík á eigin bifreið, sem er fólksbifreið.“³⁴⁰⁸ Kvaðst hann hafa vitað að hann væri að gefa rangan framburð fyrir dómi. Bókað var að hann bæri enn við ótta við lögregluna en hefðu nú kjark til að segja sannleikann. Kvaðst hann hafa rætt málið við ættingja sína, vini, vinnufélaga og Róbert Árna Hreiðarsson, lögfræðing. Þá hafi hann einnig rætt málið við Jón Oddsson og Pál Arnór Pálsson á skrifstofu Róberts Árna 10. október 1977. Kvaðst hann fyrst hafa rætt málið við Róbert Árna 15. desember 1976, eða

³⁴⁰⁶ Bls. 3289.

³⁴⁰⁷ Bls. 3290.

³⁴⁰⁸ Bls. 3291.

daginn eftir að honum hafi verið sleppt. Orðrétt var bókað: „Vitninu leið mjög illa og var orðið á báðum áttum um „hvort hann hefði gert þessa hluti.“ Fyrir um 2 mánuðum kveðst vitnið hafa verið orðið alveg visst í sinni sök.“ Í framhaldinu var bókað um spurningar verjenda til [SÓH] og svör hans við þeim. Bókað var að Páll Arnór hafi spurt: „Hvernig fóru þessar yfirheyrslur fram í desember 1976?“ Sagði [SÓH] að ýtt hafi verið eftir honum, hann látinn geta í eyður og þvinganir og gæsluvarðhald hafi verið nefnt. Bókað var að Jón Oddsson hafi spurt: „Telur vitnið einhverja ástæðu vera fyrir því að Sævar og Kristján hafi ekki talast við í nóvember 1974?“ Var bókað eftir [SÓH]: „Ég tel litlar eða engar líkur á því, þar sem þeir voru „hörkuóvinir“ á þessum tíma vegna bílaviðskipta, sem þeir ætluðu að eiga við mig.“ Bókað var um spurningu Arnar Clausen, verjanda Alberts Klahn, um aðdragandann að fundi vitnisins með þremur lögfræðingum 10. október 1977. Orðrétt var bókað um svar [SÓH]: „Róbert Árni hringdi í mig í vinnuna og spurði mig hvort ég hefði lesið grein í Tímanum sem hann hefði skrifað fyrir mig. Ég svaraði því neitandi og bað hann mig þá að koma, þegar ég kom til Róberts Árna fórum við að ræða þetta mál. Síðan hringdi Róbert Árni í annað hvort Jón Oddsson eða Pál A. Pálsson og komu þeir nokkru síðar á skrifstofu Róberts Árna.“ Aðspurður af Guðmundi Ingva Sigurðssyni, verjanda Erlu, hvað hann hafi óttast hjá lögreglu svaraði [SÓH] því að hann hafi einungis óttast gæsluvarðhald vegna innilokunarkenndar. Í lokin var orðrétt bókuð spurning Páls Arnórs og svar [SÓH]: „Man vitnið hvað yfirheyrslan 14. desember 1976 tók langan tíma? Svar: Mig minnir að hún hafi staðið í 10 klst. samfelld án matarhlés, en ég fékk kaffi.“ Vék [SÓH] frá. Bókað var að sækjandi hafi gert þá kröfu að skýrslur rannsóknarlögreglu ríkisins varðandi [SÓH] frá því deginum áður yrðu lagðar fram til skýringar á þinghaldinu. Var dómþinginu slitið.³⁴⁰⁹

1745. Seinna sama dag, 13. október 1977, var dómþing sakadóms Reykjavíkur haldið af Ingibjörgu Benediktsdóttur fulltrúa og var tekin fyrir krafa um gæsluvarðhald og dómsrannsókn. Bókað var að Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari og Hallvarður Einvarðsson, rannsóknarlögreglustjóri ríkisins hafi komið í dóminn klukkan 15:55. Þá var viðstaddur Sigurður Georgsson héraðsdómslögmaður. Bókað var að sækjandinn hafi krafist dómsrannsóknar á ætluðu broti [SÓH] á 142. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 vegna breytts framburðar hans fyrir dómi þennan dag. Þá var þess krafist að honum yrði gert að sæta gæsluvarðhaldi í þágu rannsóknarinnar í allt að 30 daga. Tók dómarrinn frest til ákvörðunar til klukkan 13:00 daginn eftir.³⁴¹⁰
1746. Föstudaginn 14. október 1977 var bókað í dagbók fangelsisins við Síðumúla að Þórir Oddsson, deildarstjóri hjá rannsóknarlögreglu ríkisins hafi hringt klukkan 10:40 og spurt hvort fangarnir hafi fengið að lesa það sem hafi staðið í blöðunum þennan dag um Geirfinnsmálið. Bókað var að því hafi verið svarað þvert neitandi. Var þess getið að Þórir hafi verið ánægður með það. Klukkan 12:50 var bókað að [SÓH] hafi verið fluttur klukkan 12:50 í sakadóm Reykjavíkur fyrir Ingibjörgu Benediktsdóttur, fulltrúa. Bókað var að séra Ragnar Fjalar hafi komið til viðtals við Guðjón milli klukkan 14:20 og 16:05. Var komið með [SÓH] til baka klukkan 14:50 með úrskurð

³⁴⁰⁹ Bls. 3294–3295.

³⁴¹⁰ Bls. 3020–3021.

um gæsluvarðhald til 26 daga. Var þess getið að Sigurður Georgsson væri réttargæslumaður hans og hann mætti tala við hann einslega að fyrirmælum Ingibjargar Benediktsdóttur, fulltrúa sakadómsBókað var að Sigurður Georgsson, réttargæslumaður [SÓH], hafi komið til viðtals við hann klukkan 19:30. Bókað var að [SÓH] hafi verið færður aftur á klefa sinn klukkan 20:25.³⁴¹¹

1747. Sama dag var dómþing sakadóms Reykjavíkur sett klukkan 13:00. Mættir voru í dóminum Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari, [SÓH] og með honum Sigurður Georgsson réttargæslumaður hans. Bókað var að [SÓH] hafi verið kynnt réttarstaða og tilefni yfirheyrslunnar. Aðspurður kvaðst [SÓH] ekki kvika frá framburði sínum frá deginum áður. Sagði hann að það sem hafi verið haft eftir honum þar væri satt og rétt. Aðspurður kvaðst hann ekki sjá að efni stæðu til þess að úrskurða hann í gæsluvarðhald enda sæi hann ekki ástæðu til þess að hann fengi ekki nú sem áður að ganga frjáls ferða sinna. Enn fremur myndi gæsluvarðhald raska námi hans. Aðspurður kvaðst hann ekki muna sérstaklega hvar hann hafi verið staddur að kvöldi 19. nóvember 1974. Var í dóminum kveðinn upp úrskurður þar sem fram kom að [SÓH] hafi sagst hafa borið rangt vitni í sakadómsmálinu. Þá héldi hann því enn fremur fram að hann hafi verið beittur hótunum og ólögmatum aðferðum af hálfu rannsakenda. Í úrskurðinum sagði að [SÓH] væri þannig sakaður um rangan framburð og rangar sakargiftir, samanber 142. gr. og 148. gr. almennra hegningarlaga. Talin var ástæða til að ætla að [SÓH] kynni að spilla, rangfæra eða koma undan sönnunargögnum ef hann yrði látinn frjáls ferða sinna. Var hann því úrskurðaður til að sæta gæsluvarðhaldi til klukkan 13:40 miðvikudaginn 9. nóvember 1977. Óskaði Sigurður Georgsson, réttargæslumaður [SÓH], eftir því að bókað yrði um að honum hafi hvorki í þinghaldi daginn áður né þennan dag verið gefinn kostur á að mótmæla kröfu sækjanda um gæsluvarðhald. Tók réttargæslumaðurinn frest til ákvörðunar um kæru á úrskurðinum til Hæstaréttar Íslands.³⁴¹² Úrskurðað var um kröfu ríkissaksóknara um dómsrannsókn í sérstökum úrskurði. Krafan var ekki tekin til greina, enda frumrannsókn lögreglu ekki lokið og því ekki efni til dómsrannsóknar að svo stöddu. Bókað var að réttargæslumaður [SÓH] hafi óskað eftir því fyrir hans hönd að kæra báða úrskurðina til Hæstaréttar.³⁴¹³
1748. Þennan dag birtist forsíðufrétt í Dagblaðinu undir fyrirsögninni: „Geirfinnsmálið sprungið í loft upp? „Stjörnuvitnið“ í fangelsi – og telur að framburður sinn hafi verið þvingaður fram.“ Fram kom að samkvæmt heimildum blaðsins hafi [SÓH] dregið framburð sinn til baka og segðist nú ekki hafa komið til Keflavíkur umrætt kvöld. [SÓH] hafi borið rangt um í fyrri yfirheyrslum þar sem honum hafi verið hótad innilokun, hann hafi verið leiddur í framburði sínum og nánast skáldað í þær litlu eyður sem hafi verið í frásögn rannsóknarlögreglumanna.³⁴¹⁴ Á baksíðu blaðsins var atburðarrásin rakin, allt frá fundi [SÓH] með lögfræðingum 10. október 1977 fram til

³⁴¹¹ Dagbók nr. 7, bls. 171–173.

³⁴¹² Bls. 3021–3025.

³⁴¹³ Bls. 3025–3026.

³⁴¹⁴ Bls. 2871.

þessa dags og vísað til þess að sækjandi málsins hafi gert kröfu um gæsluvarðhald yfir [SÓH] sem biði úrskurðar.³⁴¹⁵

1749. Laugardaginn 15. október 1977 var bókað í dagbók Síðumúlafangelsisins að Guðsteinn læknir hafi rætt við [SÓH], Kristján Viðar og Tryggva Rúnar meðal annarra milli klukkan 09:00 og 09:45. Klukkan 14:15 var bókað að Þórir Oddsson, deildarstjóri hjá rannsóknarlögreglu ríkisins, hafi hringt og óskað eftir því að það yrði sérstaklega bókað ef [SÓH] yrði eitthvað órólegur þar sem hann hafi lýst því yfir að hann væri haldinn innilokunarkennd. Var þess getið að fram til þessa hafi þess ekki orðið vart.³⁴¹⁶
1750. Sama dag birtist frétt á forsíðu Dagblaðsins undir fyrirsögninni: „Geirfinnsmálið: Sendibílstjórinn í gæsluvarðhald til 9. nóvember – varðhaldsúrskurðurinn kærður til Hæstaréttar.“ Fram kom að ríkissaksóknari hafi einnig krafist þess að dómsrannsókn færi fram á breyttum framburði [SÓH] um meinta för til Keflavíkur 19. nóvember 1974 en þeirri kröfu hafi verið hafnað með sérstökum úrskurði og því yrði lögreglurannsókn haldið áfram.³⁴¹⁷
1751. Dagana 1. til 15. október 1977 ritaði Guðjón í dagbók sína. Ritaði hann um vera byrjaður að gera daglegar líkamsæfingar. Benedikt Blöndal hafi heimsótt hann 5. október 1977 og sagst vilja krefjast sýknu af broti gegn 211. gr. almennra hegningarlaga en viðurkenna sök gagnvart 217. eða 218. gr. laganna. Orðrétt ritaði Guðjón: „Sp. hvort einn vantar í dæmið. Finnst ég koma of seint fram með þetta.“³⁴¹⁸ Daginn eftir ritaði Guðjón um heimsókn frá Benedikt sem hafi greint honum frá því að Jón Oddsson, verjandi Sævars, hafi vikið óþægilega að honum í ræðu sinni fyrir sakadómi.³⁴¹⁹ Orðrétt ritaði hann: „Gengur erfiðl. að halda huga við lestur vegna málf. og blaðaskrifa og [SIGu]. En hvað get ég gert? Guð hjálpi oss öllum.“ Ritaði Guðjón um að hafa rætt Geirfinnsmálið og fleira við Jóa fangavörð í fangelsisgarðinum.³⁴²⁰ Laugardaginn 8. október 1977 ritaði Guðjón um að hafa fengið Tímamann og Ari fangavörður hafi einnig bjargað tveimur blaðsíðum úr Þjóðviljanum með mynd af Benedikt Blöndal og lofsyrðum um rökfasta vörn hans.³⁴²¹ Daginn eftir, 9. október 1977, ritaði hann um langt spjall við Gunnar Marinósson varðstjóra sem hafi hlýtt á málflutninginn fyrir sakadómi daginn áður. Gunnar hafi talið líklegt að hann fengi að fara vestur innan tíðar.³⁴²² Mánudaginn 10. október 1977 ritaði Guðjón um að hafa rætt ýmislegt við Ara fangavörð, þar á meðal glæpamál. Orðrétt ritaði Guðjón: „Rakti ýmislegt ath.vert um Geirf.mál. Samningaleiðir og baktjaldamakk.“³⁴²³ Daginn eftir ritaði hann um heimsókn frá Benedikt Blöndal. Þeir hafi rætt um vörnina og Benedikt

³⁴¹⁵ Bls. 2872.

³⁴¹⁶ Dagbók nr. 7, bls. 171–173.

³⁴¹⁷ Bls. 2876.

³⁴¹⁸ Bls. 2873_B.

³⁴¹⁹ Bls. 2873_C.

³⁴²⁰ Bls. 2873_D.

³⁴²¹ Bls. 2873_E.

³⁴²² Bls. 2873_F.

³⁴²³ Bls. 2873_G.

sagt að kenningar um þriðja mann hafi fengið góðar undirtektir.³⁴²⁴ Dagana á eftir ritaði Guðjón um áleitnar hugsanir sínar um málflutninginn og hvað hann hefði getað sagt. Reyndi hann að ýta þessum hugsunum frá sér. Hann væri hálfdapur og sár, einkum yfir ræðu Jóns Oddssonar, verjanda Sævars. Allir væru hættilir að nenna að fylgjast með málarekstrinum og blaðaskrifum.³⁴²⁵ Hann hafi rætt við Gunnar Guðmundsson 13. október 1977 sem hafi greint honum frá því að breytingar yrðu ekki gerðar á gæsluvarðhaldinu í náninni framtíð. Orðrétt ritaði Guðjón: „Hann taldi mér fullkomlega óhætt fyrir K.V.V og S.M.“³⁴²⁶ Daginn eftir hafi baksíða Tímans verið útklippt. Séra Ragnar Fjalar hafi sagst ekkert vita. Hlynur fangavörður hafi sagt þetta skipun æðri máttarvalda og hafi ekki viljað ræða málið. Enn setur að mér illan grun. Jói vill ekkert segja og hefur eftir G. Guðm. að segja eigi okkur að lögfræðingar fái ekki að koma í heimsókn um hríð. Ég vefengi þetta og bið um tilvísun í lög en hann veit ekkert. Þarf að athuga þetta í fyrramálið.“ Daginn eftir, 15. október 1977, ritaði Guðjón um að hafa leitað án árangurs í lögum nr. 74/1974 um heimild dómara til að neita honum um viðtal við verjanda þegar mál væri komið þetta stig. Orðrétt ritaði hann í lok færslunnar: „Reyndi mikið að hafa uppúr A. v. hvað væri um að vera; hvað hefði verið í föstudagsbl. Tímans en það gekk ekki.“³⁴²⁷

1752. Sunnudaginn 16. október 1977 var orðrétt bókað í dagbók fangelsisins við Síðumúla: „Kl. 10:50 Hringt í Pál A. Pálsson hdl. og honum tilkynnt að Kr. Viðar vilji tala við hann en Páli jafnframt tjáð bann Gunnlaugs Briem sakadómara við slíkum viðtölum. Páll vissi ekki um það bann en sagðist mundi tala við Gunnlaug á morgun.“³⁴²⁸
1753. Mánudaginn 17. október 1977 var bókað í dagbók Síðumúlafangelsisins að Hallvarður Einvarðsson rannsóknarlögreglustjóri hafi hringt klukkan 15:40. Bókað var orðrétt í dagbókina: „Hann sagði að frá sinni hálfu mætti Sigurður Georgsson lögm. réttargæslumaður [SÓH] alls ekki tala við hann einslega, þrátt fyrir leyfi Ingibjargar f.l.t.r. þar um. Við ættum að hringja í sig ef um viðtal yrði að ræða, hann mundi þá senda áheyrnarfulltrúa. Ef Sigurður lögmaður sætti sig ekki við þessa ráðstöfun yrði hann að kæra til Ingibjargar eða Hæstaréttar og láta reyna á hvar línan lægi.“ Þá var í framhaldinu bókað um símtal frá Ingibjörgu Benediktsdóttur, dómarafulltrúa, klukkan 16:20: „[H]afði hún fregnir af fyrirmælum Hallvarðar hingað. Hún gaf þau fyrirmæli að sín fyrri orð stæðu hér eftir sem hingað til og þau yrðum við að virða. Hallvarður réði engu þar um og tæki hún á sig alla ábyrgð á þessu. Ég bað um að hún skrifaði mér bréf og sendi Hallvarði afrit, því neitaði hún á þeirri forsendu að ekki hefði hann skrifað hingað heldur hringt og gefið fyrirmælin munnlega símleiðis og sagðist hún hafa sama hátt á, sín orð væru jafngild og Hallvarðs í þessu máli. Bókað var klukkan 18:40 að Ingibjörg hafi hringt aftur og tilkynnt um samkomulag milli hennar, rannsóknarlögreglu ríkisins og Sigurðar Georgssonar, réttargæslumanns [SÓH], um að þeir töluðust við undir áheyrn rannsóknarlögreglumanns en réttargæslumaðurinn gæti farið fram á að viðtalið færi fram í einrúmi, en þá þyrfti að hringja í hana og leita

³⁴²⁴ Bls. 2873_I.

³⁴²⁵ Bls. 2873_J.

³⁴²⁶ Bls. 2873_K.

³⁴²⁷ Bls. 2873_L–N.

³⁴²⁸ Dagbók nr. 7, bls. 173–174.

heimildar. Klukkan 19:10 var bókað um að Páll Arnór Pálsson, verjandi Kristjáns Viðars, hafi hringt og tilkynnt um að ef hann vanhagaði um eitthvað ætti hann að skrifa honum bréf og láta það fara í ritskoðun til Gunnlaugs Briem. Bókað var að Sigurður Georgsson, réttargæslumaður [SÓH], hafi komið til viðtals við hann milli klukkan 20:20 og 20:45.³⁴²⁹ Daginn eftir, 18. október 1977, var bókað í fangelsisdagbókina að Sigurður Georgsson hafi óskað eftir endurriti úr fangelsisdagbók með upplýsingum um dvöl [SÓH] í Síðumúlafangelsi í desember 1976. Var þess getið í bókuninni að réttargæslumaðurinn væri að undirbúa kæru til Hæstaréttar Íslands, en tímasetningar væru ekki bókaðar í skýrslu rannsóknarlögreglunnar og heldur ekki í skýrslu Karls Schütz.³⁴³⁰ Í lok dagsins var bókuð athugasemd þess efnis að ekki væri þörf á að hringja á rannsóknarlögreglumann til áheyrnar heldur væri nóg að fangavörður væri viðstaddur samtal [SÓH] og réttargæslumanns hans.³⁴³¹

1754. Fyrir liggur bréf Jóns Oddssonar, verjanda Sævars, til Gunnlaugs Briem sakadómara, dagsett sama dag. Vísaði hann til ákvæðis 136. gr. laga nr. 74/1974 um framhaldsrannsókn eftir dómtöku sakamáls og þess að í ljósi framkominnar skýrslu [SÓH] gæti framburður vitnisins [GSJ] orðið þungur á vogarskálunum. Fór hann því fram á að framburður hans yrði kannaður betur. Tiltók Jón í bréfi sínu að vitnið hafi gert mjög óglögga og ósannfærandi grein fyrir ferðum sínum á Suðurnes í umrætt sinn. Hann hafi ekki munað hvort hann hafi ekið á Skoda bifreið eða Moskvitch bifreið sem hann hafi stundum fengið lánaða. Orðrétt sagði í bréfinu: „Erla segir, að bifreiðin hafi annaðhvort verið „Moskowitch“ eða „Skoda“. Næst þarna einkennilegt samræmi.“ Í bréfinu greindi Jón frá aðstæðum vitnisins og fjölskyldu hans. Ýjaði hann að því að vitnið væri tengt stórfelldri smyglstarfsemi. Nefndi hann að þar sem svonefnt spíramál hafi verið á döfinni um þær mundir sem Geirfinnur hafi horfið þætti honum þýðingarmikið að ferill vitnisins yrði kannaður. Í lok bréfsins greindi Jón frá því að hann hafi heyrt örla á þeirri skoðun að Guðjón Skarphéðinsson væri með framkomu sinni í málinu að gera þjóðfræðilega könnun, eins konar experiment á réttarkerfinu, eins og Jón orðaði það, til að brjóta það á bak aftur með byltingu. Taldi hann mjög mikilvægt að athuga hvað samstúdentar hans og kennarar við Háskóla Íslands hefðu orðið varir við.³⁴³²
1755. Fyrir liggur skýrsla rannsóknarlögreglu ríkisins um yfirheyrslu þennan dag yfir [SÓH]. Var Sigurður Georgsson, réttargæslumaður [SÓH], viðstaddur en Jónas Bjarnason og Grétar Sæmundsson rannsóknarlögreglumenn önnuðust yfirheyrsluna og ritun skýrslunnar. Bókað var að tilefni yfirheyrslunnar væri grunur um að [SÓH] hafi lagt eið að röngum framburði fyrir dómi. Bókað var að gætt hafi verið ákvæða 1. mgr. 40. gr. laga nr. 74/1974, um meðferð opinberra mála. Var [SÓH] inntur eftir því hvar hann hafi verið staddur að kvöldi 19. nóvember 1974 og hvort hann gæti bent á einhvern sem gæti staðfest það. Nefndi [SÓH] nokkra aðila sem hann hafi umgengist á

³⁴²⁹ Dagbók nr. 7, bls. 175–177.

³⁴³⁰ Dagbók nr. 7, bls. 177.

³⁴³¹ Dagbók nr. 7, bls. 179.

³⁴³² Bls. 2881–2882.

umræddum tíma og gætu hugsanlega staðfest hvar hann hafi verið staddur. Aðspurður kvaðst hann hafa verið hræddur við innilokun og sífelldar aðþrengingar af lögreglunni.³⁴³³ Aðspurður hvort honum hafi verið hótad gæsluvarðhaldi þegar hann hafi gefið fyrstu lögregluskýrslu í málinu, 13. desember 1976 sagði [SÓH] að það hafi ekki verið fyrir en hann hafi verið búinn að gefa skýrsluna. Bókað var í skýrsluna að [SÓH] hafi gefið aðra skýrslu morguninn eftir, 14. desember 1976. Var hann spurður hvernig sú skýrsla hafi gengið fyrir sig. Orðrétt var bókað eftir [SÓH]: „Mig minnir að Eggert Bjarnason, Ívar Hannesson og Sigurbjörn Víðir Eggertsson hafi byrjað yfirheyrsluna, en undir hádegið kom Karl Schütz og tók þátt í yfirheyrslunni fram eftir degi. Ég held að allt að því 10 menn hafi tekið þátt í þessari yfirheyrslu. Ekki þó allir í senn heldur skiptust þeir á, en voru þó stundum margir inni í einu. Menn þessir spurðu mig og spurðu. Þeir komu með plögg og lásu upp úr þeim þannig að þeir sannfærðu mig fyrir rest um að ég hefði farið þessa ferð. Í þessu sambandi vil ég geta þess að Örn Höskuldsson kom inn í herbergið og var með herðatré í höndum og sló hann því í lófa sér og á lær. Hann gekk að mér og spurði mig um málið og fannst mér hann vera ógnandi. Einnig man ég að Karl Schütz var með bendipinna sem hann sló í lófa sér meðan hann yfirheyrði mig.³⁴³⁴ Bókað var í skýrsluna að [SÓH] hafi haldið því fram að hafa verið leiddur í yfirheyrslum af rannsóknarlögreglumönnum. Í því sambandi var honum bent á að þegar sviðsetning atburða hafi farið fram í Dráttarbraut Keflavíkur 23. janúar 1977 hafi hann staðsett sendiferðabifreiðina sjálfstætt. Að því loknu hafi honum verið bent á að aðrir málsaðilar hafi staðsett bifreiðina um 30 metrum austar. Aðspurður hvers vegna hann hafi haldið sig við sína staðsetningu, þrátt fyrir ábendinguna, kvaðst [SÓH] hafa látið bifreiðina þar sem honum hafi fundist að hún hafi átt að vera. Í framhaldinu var honum bent á að í þinghaldi 25. maí 1977 hafi hann enn aukið við framburð sinn um það sem hann hafi heyrt umrætt kvöld í Dráttarbraut Keflavíkur. Sagði [SÓH] ástæðu þess hafa verið að það hafi verið ímyndun í honum. Var [SÓH] spurður hvort hann hafi greint einhverjum fleirum frá því að hann hafi ekki farið til Keflavíkur í umrætt sinn. Nefndi hann vinnufélaga, fjölskyldu og félaga sína.³⁴³⁵

1756. Miðvikudaginn 19. október 1977 var bókað í dagbók fangelsisins við Síðumúla að Sigurður Georgsson, réttargæslumaður [SÓH], hafi komið til viðtals við hann milli klukkan 19:45 og 20:30 í áheyrn Gunnars Marinóssonar varðstjóra.³⁴³⁶ Daginn eftir var bókað klukkan 11:45 að Gunnlaugur Briem hafi hringt og boðað komu Benedikts Blöndal, verjanda Guðjóns, til viðtals við Guðjón í fylgd með manni úr sakadómi til áheyrnar. Bókað var að Benedikt mætti ræða við Guðjón undir þeim kringumstæðum. Klukkan 13:00 var bókað um komu Benedikts til viðtals við Guðjón í fylgd með Bjarna Matthíassyni boðunarmanni. Fimm mínútum síðar var bókað að Jón Oddsson, verjandi Sævars, hafi hringt og beðið fyrir þau skilaboð til hans að skrifa sér bréf ef

³⁴³³ Bls. 2909–2910.

³⁴³⁴ Bls. 2911.

³⁴³⁵ Bls. 2914–2916.

³⁴³⁶ Dagbók nr. 7, bls. 180.

hann vanhagaði um eitthvað og láta það fara í gegnum hendur Gunnlaugs Briem. Bókað var að Guðjón hafi verið færður á klefa sinn klukkan 13:45.³⁴³⁷

1757. Þennan dag var unnið áfram að rannsókn rannsóknarlögreglu ríkisins vegna gruns um að [SÓH] hafi lagt eið að röngum framburði fyrir dómi. Fyrir liggur skýrsla um yfirheyrslu yfir [HrS], unnustu [SÓH], um fund hennar og [SÓH] með Róberti Árna Hreiðarssyni. Bókað var að henni hafi verið kynnt ákvæði 89. gr. laga nr. 74/1974, um meðferð opinberra mála. Greindi hún frá fundi þeirra 11. október 1977 um afturköllun á framburði [SÓH].³⁴³⁸ Framburður hennar var í aðalatriðum í samræmi við framburð [SÓH] og Róberts Árna. Bar skýrslan með sér engar frekari upplýsingar. Þennan sama dag voru yfirheyrð þrjú vitni sem [SÓH] hafði nefnt sem möguleg vitni að því hvar hann hafi verið staddur 19. nóvember 1974. Mundu þau ekki eftir umræddum degi og gátu því engar upplýsingar gefið um hvar [SÓH] var staddur umrætt kvöld.³⁴³⁹ Þá var unnið að rannsókn á tímalengd skýrslutöku yfir [SÓH] sem hófst 14. desember 1976, klukkan 11:00. Þann dag var [SÓH] einnig fluttur á lækningastofu í Domus Medica til að fá sprautu vegna ofnæmissjúkdóms. Voru tvær símastúlkur yfirheyrðar í þessu sambandi sem töldu rannsóknarlögreglumenn hafa komið með [SÓH] milli klukkan 17:00 og 17:30.³⁴⁴⁰ Af sama tilefni var Sigurbjörn Víðir Eggertsson rannsóknarlögreglumaður yfirheyrður sem vitni. Framkvæmdi Þórir Oddsson, deildarstjóri rannsóknarlögreglu ríkisins, yfirheyrsluna og var Grétar Sæmundsson rannsóknarlögreglumaður vottur. Minnti Sigurbirni Víði að farið hafi verið frá Borgartúni 7 heim til [SÓH] til að sækja ofnæmislyfin klukkan 16:30. Taldi hann að klukkan hafi verið um 17:15 til 17:30 þegar þeir hafi farið frá Domus Medica.³⁴⁴¹ Af sama tilefni var Haraldur Árnason rannsóknarlögreglumaður yfirheyrður daginn eftir. Aðspurður kvaðst hann ekki vita hvort skýrslutöku af [SÓH] hafi verið lokið þegar þeir hafi flutt hann til læknisins. Mundi hann ekki til þess að hafa haft önnur afskipti af honum þennan dag.³⁴⁴²
1758. Fimmtudaginn 20. október 1977 var unnið að athugun á hugsanlegri fjarvist [SÓH] að kvöldi 19. nóvember 1974. Fyrir liggur skýrsla um könnun á fjarskiptaskrá, kæruskrá og dagbók lögreglunnar dagana 18., 19. og 20. nóvember 1974. Fram kom að ekkert hafi fundist bókað um [SÓH] eða bifreiðina R 40045.³⁴⁴³ Af sama tilefni voru þrjú vitni yfirheyrð en ekkert þeirra gat borið um hvar [SÓH] hafi verið á umræddum tíma.³⁴⁴⁴ Daginn eftir, 21. október 1977, var [SÓH] yfirheyrður aftur af sama tilefni að viðstöddum réttargæslumanni sínum.³⁴⁴⁵ Ber skýrslan með sér engar nýjar upplýsingar.

³⁴³⁷ Dagbók nr. 7, bls. 183.

³⁴³⁸ Bls. 2919–2920.

³⁴³⁹ Bls. 2924–2925 og 2928–2929.

³⁴⁴⁰ Bls. 2921–2923.

³⁴⁴¹ Bls. 2926–2927.

³⁴⁴² Bls. 2931.

³⁴⁴³ Bls. 2930.

³⁴⁴⁴ Bls. 2932–2935.

³⁴⁴⁵ Bls. 2936–2940.

1759. Fyrir liggur svarbréf dagsett sama dag frá Bifreiðastöð Íslands til rannsóknarlögreglu ríkisins við fyrirspurn lögreglunnar um gasólúsölu hjá B.S.Í. Meðfylgjandi bréfinu voru ljósrít af söluskýrslum dagana 19. og 20. nóvember 1974 sem sýndu að sala á gasolíu hafi verið aðeins 53 lítrar 19. nóvember en 16 lítrar þann 20. nóvember. Var ekki unnt að greina á milli þess hvort salan hafi farið fram gegn sérstakri mynt, en sú aðferð var í gangi allan sólarhringinn, eða með venjulegri dælingu, en sá afgreiðslumáti hafi verið í boði milli klukkan 21:00 og 02:00.³⁴⁴⁶
1760. Mánudaginn 24. október 1977 var fyrrum skólafélagi [SÓH] yfirheyrður til að kanna hvort hann gæti hugsanlega gefið upplýsingar um hvar [SÓH] hafi verið staddur að kvöldi 19. nóvember 1974. Kvaðst hann ekkert muna eftir umræddum degi og því ekkert geta sagt til um hvar hann hafi verið staddur.³⁴⁴⁷ Þá liggur fyrir skýrsla dagsett sama dag um yfirheyrslu yfir [JÞW], eiganda margumræddrar sendiferðabifreiðar. Kvaðst hann hafa komið á skrifstofu rannsóknarlögreglunnar 14. desember 1976 og hafa hitt þar [SÓH] um klukkan 19:00 eða 19:30. Greindi hann frá því að lögreglan hafi spurt hvort hann hafi lánað [SÓH] bifreiðina 19. nóvember 1974. Hann hafi ekki munað það og þá hafi hann og [SÓH] þá verið látnir ræða saman um þetta atriði. Kvaðst hann hafa spurt [SÓH] hvort hann hafi tekið bifreiðina og mundi hann ekki betur en að hann hafi játað því. Þá hafi hann spurt hann hvort hann hefði sett olíu á bifreiðina og kvaðst [SÓH] hafa gert það á Umferðarmiðstöðinni. Greindi vitnið frá því að [SÓH] hafi komið til hans daginn eftir og þá hafi hann neitað því aðspurður hvort hann hafi farið umrædda ferð til Keflavíkur.³⁴⁴⁸ Lýsti vitnið því að [SÓH] hafi verið ólíkur sjálfum sér þessa daga, 14. og 15. desember 1977, hann hafi verið sljór og þungur og átt erfitt með að tjá sig. Bókað var í skýrsluna að vitnið hafi upplýst um að hugsanlega væru til olíunótur frá þessum tíma. Bifreiðin hafi verið í föstum verkefnum á þessum tíma og þá hafi verið venja að fylla tankinn af olíu í lok vinnudags. Þá greindi [JÞW] frá því að olíulokið á bifreiðinni hafi verið læst en enginn lykill hafi verið til. Í staðinn hafi verið notað skrufjárn sem hafi verið í verkfærakassa fyrir aftan bílstjórasætið. Áætlaði hann að olíueyðslan hafi verið að hámarki 20 til 25 lítrar á hverja 100 kílómetra.³⁴⁴⁹ Sama dag var vinnuveitandi [SÓH] yfirheyrður af lögreglu. Fyrir liggur skýrsla um yfirheyrsluna þar sem fram kemur að honum hafi alltaf fundist [SÓH] hafa efasemdir um málið. Hann hafi kvartað undan löngum og ströngum yfirheyrslum og talað um að þola illa innilokun. Í síðari hluta júlímánaðar 1977 hafi [SÓH] talað um að muna ekki eftir að hafa farið í ferðina og hann væri að hugsa um að draga allt til baka.³⁴⁵⁰
1761. Þennan dag var í Hæstarétti Íslands í máli nr. 181/1977, ákærvaldið gegn [SÓH], kveðinn upp dómur þar sem úrskurður sakadóms Reykjavíkur um gæsluvarðhald var staðfestur með vísan til forsendna.³⁴⁵¹ Þá var sama dag kveðinn upp dómur í máli nr. 182/1977, ákærvaldið gegn [SÓH]. Staðfesti Hæstiréttur hinn kærða úrskurð um

³⁴⁴⁶ Bls. 3002–3004.

³⁴⁴⁷ Bls. 2941–2942.

³⁴⁴⁸ Bls. 2943.

³⁴⁴⁹ Bls. 2944.

³⁴⁵⁰ Bls. 2945–2946.

³⁴⁵¹ Bls. 3030–3031.

dómsrannsókn með þeim orðum að fallast mætti á þá úrlausn héraðsdómara að ekki væru efni til að taka málið til dómsrannsóknar að svo stöddu.³⁴⁵²

1762. Daginn eftir, 25. október 1977, var kunningjakona [SÓH] yfirheyrð af rannsóknarlögreglu ríkisins til að kanna hvort hún gæti upplýst um hvar hann var staddur að kvöldi 19. nóvember 1974. Gat hún engar upplýsingar veitt.³⁴⁵³ Sama dag var Páll Arnór Pálsson, verjandi Kristjáns Viðars, yfirheyrður af rannsóknarlögreglu ríkisins sem vitni. Var hann beðinn um að lýsa afskiptum sínum af aðdraganda þess að [SÓH] dró framburð sinn í Geirfinnsmálinu til baka. Lýsti Páll Arnór fundi sínum með [SÓH], Róberti Árna og Jóni Oddssyni. Greindi Páll Arnór frá því að hann og Jón hafi orðið mjög undrandi á þessu, enda hafi [SÓH] gefið skýrslu fyrir dómi og heitfest hana. Ber skýrslan með sér engar frekari nýjar upplýsingar.³⁴⁵⁴ Í beinu framhaldi var Jón Oddsson, verjandi Sævars, yfirheyrður af rannsóknarlögreglu ríkisins. Fyrir liggur skýrsla um yfirheyrsluna og var Jón spurður sams konar spurninga og Páll Arnór um fund þeirra með [SÓH] í aðdraganda þess að hann dró framburð sinn til baka.³⁴⁵⁵ Skýrslan ber með sér engar nýjar upplýsingar. Seinna sama dag var Róbert Árni Hreiðarsson lögfræðingur yfirheyrður af rannsóknarlögreglu ríkisins af sama tilefni. Bókað var að brýnt hafi verið alvarlega fyrir honum að gefa sönn og rétt svör og draga ekkert undan er máli kann að skipta. Svaraði hann ítarlegum spurningum um aðdraganda fundarins með [SÓH] þar sem hann hafi lýst efasemdum sínum um réttmæti framburðar síns.³⁴⁵⁶ Ber skýrslan með sér engar nýjar upplýsingar.
1763. Miðvikudaginn 26. október 1977 var Auður Gestsdóttir túlkur yfirheyrð sem vitni í málinu af sama tilefni. Greindi hún frá því að hafa verið viðstödd yfirheyrslu yfir [SÓH] 14. desember 1976. Taldi hún sig geta fullyrt að enginn hafi spurt [SÓH] í þessari yfirheyrslu nema Karl Schütz, enda hefði það verið algjört brot á venjum við yfirheyrslur hjá honum. Mundi hún ekki eftir því að aðrir hafi komið inn í herbergið aðrir en þeir sem hafi staðið að yfirheyrslunni. Viðstaddir hafi verið auk hennar, Karl Schütz, Pétur Eggerz og Sigurbjörn Víðir Eggertsson. Fullyrti hún að [SÓH] hafi ekki verið hótáð, hvorki gæsluvarðhaldi né öðru. Orðrétt var bókað í skýrsluna: „Hann spurði eitthvað um sakaskrá og hvort þetta kæmi á sakavottorð hjá honum.“ Var honum ekki gefin ákveðin svör. Taldi hún að yfirheyrslan hafi farið fram milli klukkan 11:00 til 15:00 þar sem matarhlé hafi verið gert, en ekkert kaffihlé svo sem venja hafi verið ef yfirheyrslur stóðu fram yfir kaffitíma. Fullyrti hún um að frásögn [SÓH] hafi komið án allrar þvingunar.³⁴⁵⁷ Sama dag var [GuV] bifreiðastjóri yfirheyrður hjá rannsóknarlögreglu ríkisins. Greindi hann frá því að eftir síðustu yfirheyrslu hjá lögreglu 14. desember 1976 hafi rifjast upp fyrir honum að eitt sinn haustið 1974 hafi honum fundist sem olía hafi verið tekin af bifreiðinni. Sagði hann enga fasta reglu á því hvernig hann hafi sett olíu á bifreiðina. Hann hafi sjaldnast fyllt tankinn, tekið olíu á ýmsum stöðum og miðað við að hún dugaði næstu tvo daga. Sagði hann lokið á

³⁴⁵² Bls. 3032–3034.

³⁴⁵³ Bls. 2948.

³⁴⁵⁴ Bls. 2949–2953.

³⁴⁵⁵ Bls. 2954–2958.

³⁴⁵⁶ Bls. 2959–2968.

³⁴⁵⁷ Bls. 2969–2971.

olíutankinum ekki hafa verið læst, heldur lúgan sjálf. Nota hafi þurft skrufjárn eða annað verkfæri til að opna lúguna. Taldi hann vafalaust að hann hefði tekið eftir því ef bifreiðinni hefði verið ekið til Keflavíkur og til baka án þess að sett hafi verið olía á bifreiðina. Fullyrti hann aðspurður að hann hafi aldrei skilið bifreiðina eftir í sundinu milli Hegningarhússins og Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis, enda væri það afleitur staður vegna þrengsla. Í lok skýrslunnar var bókað orðrétt: „Ég vil geta þess, að mér finnst afar ólíklegt, að bifreiðin hafi verið tekin umrætt sinn fyrir utan heimili mitt án þess að ég tæki eftir því, en ég get þó ekki fullyrt neitt um þetta, þar sem fyrir kom, að ég sofnaði stundum fljótlega eftir kvöldmat og svaf að mestu framúr.“³⁴⁵⁸ Daginn eftir var Pétur Eggerz sendiherra yfirheyrður vegna málsins af rannsóknarlögreglu ríkisins. Kvaðst hann muna glögglega eftir að hafa verið viðstaddur yfirheyrslu yfir [SÓH] 14. desember 1976 og sagðist hafa tekið við að túlka af Auði Gestsdóttur. Lok yfirheyrslunnar miðað hann við að eftir lok yfirheyrslunnar hafi hann farið inn í herbergi þar sem verið var að yfirheyra [GuV] bifreiðastjóra. Greindi Pétur frá því að í upphafi hafi farið fram almennt spjall milli [SÓH] og Karls Schütz. Mundi hann glögg eftir því að [SÓH] hafi spurt hvort hann kæmist á sakaskrá ef hann segði frá ferðinni til Keflavíkur. Mundi hann ekki eftir því að hann hafi fengið svar við spurningunni. Mundi Pétur ekki eftir því að fleiri hafi komið inn í herbergið á meðan á yfirheyrslunni stóð. Minntist hann þess alls ekki að [SÓH] hafi verið kynntur framburður annarra eða sýnd skjöl. Aðspurður um hvort gengið hafi verið hart að [SÓH] við yfirheyrsluna sagði Pétur að Karl Schütz hafi sýnt öllum fyllstu kurteisi og aðallega beitt rökum við yfirheyrslur. Hann hafi ekki gert neina undantekningu á því við þessa yfirheyrslu. Þá hafi Schütz aldrei beitt hótunum eða þvingunum og ekki heldur í umrætt sinn. Minntist hann þess ekki að gæsluvarðhald hafi verið nefnt við yfirheyrsluna.³⁴⁵⁹

1764. Þennan sama dag, 27. október 1977, var [SÓH] enn yfirheyrður af rannsóknarlögreglu ríkisins vegna gruns um að hann hafi lagt eið að röngum framburði fyrir dómi. Aðspurður hvaða rannsóknarmenn hafi þvingað hann og hvenær nákvæmlega nefndi [SÓH] á nafn Eggert Bjarnason, Ívar Hannesson og Sigurbjörn Víði Eggertsson. Sagði hann þvinganirnar hafa byrjað eftir fyrstu yfirheyrsluna. Greindi [SÓH] frá því að Eggert hafi beitt hann þvingunum við yfirheyrslu, Ívar hafi sagt að hann væri ekki að segja satt og sagst ekki getað hjálpað honum fyrst hann væri alltaf að ljúga og þvælt honum þannig út í vitleysu. Sagði hann Sigurbjörn Víði hafa hótað honum fangelsisvist ef hann segði ekki satt við fyrstu yfirheyrslu og eftir hana líka, áður en hann hafi verið fluttur í Síðumúlafangelsið. Aðspurður um hótanir um gæsluvarðhald greindi [SÓH] frá því sem Eggert hafi sagt í símann við Örn um að hann yrði settur í 30 daga gæsluvarðhald ef hann segði ekki satt. Kvaðst [SÓH] hafa spurt í beinu framhaldi hvort hann yrði settur í gæslu og þá hafi Ívar og Sigurbjörn Víðir sagt svo vera ef hann segði ekki satt.³⁴⁶⁰

³⁴⁵⁸ Bls. 2972–2974.

³⁴⁵⁹ Bls. 2975–2976.

³⁴⁶⁰ Bls. 2977–2980.

1765. Daginn eftir, 28. október 1977, voru tveir samstarfsmenn [SÓH] yfirheyrðir vegna málsins. Í skýrslum um yfirheyrslurnar kom fram að málið hafi af og til verið rætt á vinnustaðnum. [SÓH] hafi sjálfur ekki sagst vita hvort hann hafi farið umrædda ferð. Orðrétt var bókað eftir öðru vitninu: „Sagði [SÓH], að sér hefði verið sagt, að hann hafi verið staddur í Dráttarbrautinni í Keflavík í umrætt sinn.“³⁴⁶¹ Kvaðst hitt vitnið hafa sagt við [SÓH] að hann hlyti að muna hvort hann hafi farið eða ekki en [SÓH] hafi alltaf svarað á sama máta, að hann myndi ekki eftir að hafa farið. Þegar fréttir af málflytningi í sakadómsmálinu hafi birst í dagblöðum hafi [SÓH] lýst því yfir að hann hafi verið heilapveginn. Hann hafi verið neyddur til að skrifa undir með hótun um fangelsisvist.³⁴⁶² Seinna sama dag var Sigurbjörn Víðir Eggertsson rannsóknarlögreglumaður yfirheyrður af Þóri Oddssyni deildarstjóra rannsóknarlögreglu ríkisins. Bókað var að brýnt hafi verið alvarlega fyrir honum að segja satt og rétt frá og draga ekkert undan sem máli kynni að skipta. Aðspurður kvaðst hann ekki muna eftir að hafa verið viðstaddur yfirheyrslu yfir [SÓH] 13. desember 1976, en myndi eftir að hafa verið viðstaddur 14. desember 1976. Bókað var að hann hafi lagt fram skrá yfir aukavinnutíma í sambandi við Geirfinnsmálið fyrir framangreinda daga. Dró hann þá ályktun að miðað við bókun um yfirvinnutíma frá klukkan 17:00 til 21:00 13. desember 1976 hafi hann verið viðstaddur yfirheyrsluna. Kvaðst hann þó ekki muna eftir henni og skýrði svo frá að orðin „viðstaddur yfirheyrslu“ gætu allt eins þýtt að hann hafi komið inn í yfirheyrsluherbergið í stutta stund til að fréttu af gangi mála og síðan farið út aftur.³⁴⁶³ Síðar þennan sama dag, 28. október 1977, var Ívar Hannesson rannsóknarlögreglumaður yfirheyrður af Þóri Oddssyni, deildarstjóra rannsóknarlögreglu ríkisins. Fyrir liggur skýrsla um yfirheyrsluna þar sem bókað var að brýnt hafi verið alvarlega fyrir honum að segja satt og rétt frá og draga ekkert undan sem máli kynni að skipta. Aðspurður hvaða rannsóknarlögreglumenn hafi verið viðstaddir fyrstu skýrslutöku af [SÓH] 13. desember 1976 sagði Ívar að Eggert Bjarnason rannsóknarlögreglumaður hafi skráð skýrsluna og hann hafi vottað. Taldi hann nær öruggt að hann hafi komið inn eftir að skýrslutakan hófst. Minntist hann þess ekki að aðrir rannsakendur hafi verið viðstaddir. Aðspurður kvaðst hann ekki muna eftir því að Sigurbjörn Víðir hafi komið inn í yfirheyrsluna. Kvaðst hann þó ekki rengja dagbókarskráningu Sigurbjörns Víðis um það atriði. Aðspurður hverjir hafi verið viðstaddir skýrslutökuna 14. desember sagði Ívar að Eggert hefði skráð skýrsluna og hann hafi vottað en hann hafi verið viðstaddur allan tímann. Orðrétt var bókað eftir honum: „Það komu engir aðrir.“³⁴⁶⁴
1766. Mánudaginn 31. október 1977 var Eggert Bjarnason rannsóknarlögreglumaður yfirheyrður af Þóri Oddssyni, deildarstjóra rannsóknarlögreglu ríkisins. Fyrir liggur skýrsla um yfirheyrsluna þar sem bókað var að brýnt hafi verið alvarlega fyrir honum að segja satt og rétt frá og draga ekkert undan sem máli kynni að skipta. Aðspurður hvaða rannsóknarlögreglumenn hafi verið viðstaddir skýrslutöku yfir [SÓH] 13. desember 1976 kvaðst Eggert hafa boðað hann eða látið einhvern boða hann fyrir sig.

³⁴⁶¹ Bls. 2981.

³⁴⁶² Bls. 2982–2983.

³⁴⁶³ Bls. 2984–2986.

³⁴⁶⁴ Bls. 2987–2988.

Hann hafi tekið skýrslu af [SÓH] en kvaðst ekki muna hvort einhver annar hafi verið viðstaddur. Spurður um skýrsluna daginn eftir, 14. desember, kvaðst Eggert minna að Ívar Hannesson hafi verið viðstaddur. Aðspurður hvort hann hafi talað við [SÓH] að morgni 14. desember 1976 sagðist hann ekki minnst þess.³⁴⁶⁵

1767. Dagana 24. til 31. október 1977 ritaði Tryggvi Rúnar í dagbók sína. Ritaði hann um að hafa tekið upp þráðinn eftir langt hlé. Hann hafi verið svo upptekinn af æfingum síðustu þrjá mánuði að hann hafi varla skrifað orð af viti. Hann væri búinn að dvelja í einangrun í rúmlega 22 mánuði og það saklaus. Mánudaginn eftir, 31. október 1977, ritaði Tryggvi Rúnar um að dvölin í fangelsinu væri hátíð nú samanborið við árið áður. Orðrétt ritaði hann: „[O]g ég tala nú ekki um fyrstu 6 mánuðina hér í Síðumúla sem var martröð, allavega fyrstu fimm mánuðirnir, svo mætti lengi telja. Gaman væri að skrifa bók um þetta líf mitt hér í Síðumúla. Já, sannleikurinn væri þar sagna bestur.“³⁴⁶⁶
1768. Guðjón ritaði í dagbók sína dagana 16. til 31. október 1977. Ritaði hann um að hafa sagt við Ara fangavörð að hann felldi sig ekki við geðþóttákvörðanir Gunnlaugs Briem sakadómara. Skrifaði hann bréf til Gunnars Marinóssonar varðstjóra um heimsóknarbann verjanda.³⁴⁶⁷ Afrit af bréfinu lá inni í dagbók Guðjóns og var bréfið svohljóðandi: „16/10 1977. Herra varðstjóri Gunnar Marinósson. Eins og þú getur komist að raun um með því að fletta upp í dagbók stofnunarinnar er skolið á heimsóknabann verjanda í svon. Geirfinnsmáli. Mun Gunnl. Briem hafa hringt hingað 13/10 og flutt þennan boðskap og það með að þetta væri sameiginleg ákvörðun dómara. Eigi skyldi þó tilkynna sakborningum þetta en þó segja þeim að verjendum væri bannað að heimsækja þá ef sakborningar spyrðu. Ekki er ljóst hvort dómari hefur tilkynnt verjendum þessa ákvörðun sína og þar sem ég uni þessari ákvörðun illa og tel hana vafasama þar sem málflutningur hefur farið fram og málið lagt í dóm. Því vil ég biðja þig um að hafa samband við verjanda minn Benedikt Blöndal og leggja fyrir hann nokkrar spurningar og fá svör við þeim.“ Efst í vinstra horni bréfsins var handritað „svar kom seint 17/10 kl. 20:15.“ Á baksíðu bréfsins handritaði Guðjón fjórar spurningar og svör við þeim: „1. Hefur Gunnlaugur Briem tilkynnt Benedikt að hann fái ekki að heimsækja eða tala einslega við skjólstaðing sinn? Svar: Nei. 2. Ef svo, hefur Benedikt samþykkt það? Hvorki sagt já eða nei. 3. Á hvaða forsendum er þessi ákvörðun tekin og við hvaða lög og eða lagagreinar styðst hún. Svar: Það er óljóst. 4. Hafi Gunnl. Briem ekki haft samband við Benedikt, þá vænti ég þess að Benedikt kynni sér þetta annarlega tiltæki dómara og komi í heimsókn og gefi skýrslu um málið. Svar: Verður athugað á morgun.“ Fyrir neðan hafði Guðjón ritað hjá sér minnispunkta sem merktir voru: „17/10 kl. 20:50.“ Orðrétt sagði: „B. hafði verið í sjó- og verslunardómi. Hann vissi tilefnið en hafði ekki fengið formlega tilkynningu dómara. Ætlar að athuga málið á morgun. Það er víst erfitt að segja mér frá þessu og B. álitur jafnvel rétt að við höfum ekki formlegt samband. Þetta er allt kaffloðið.“ Í framhaldinu ritaði Guðjón hjá sér minnispunkta sem merktir voru: „20/10 kl. 13:00.“

³⁴⁶⁵ Bls. 2989.

³⁴⁶⁶ Bls. 2882_C–O.

³⁴⁶⁷ Bls. 2873_N.

Þar sagði orðrétt: „Kom B. Bl. í fylgd boðunarm. og gaf óljós svör og taldi þetta ástand okkur fyrir bestu og myndi ekki standa lengi og dómari taldi sig hafa vald og að því kæmi að hann yrði að sýna fram á það.“³⁴⁶⁸ Þriðjudaginn 18. október 1977 ritaði Guðjón um heimsókn frá séra Jóni Bjarman sem hafi verið að koma úr klukkustundarlangri heimsókn hjá Sævari þar sem þeir mældu klefann. Ritaði Guðjón um að þeir hafi rætt ýmislegt þar á meðal nýjustu uppákomuna í málinu. Séra Jón hafi sagt honum að hún kæmi honum lítið við, en hann mætti ekki segja meira. Ritaði Guðjón um að hafa sagt við séra Jón að hann vildi vita um lögmæti þessa heimsóknarbanns dómara. Fimmtudaginn 20. október 1977 hafi Benedikt Blöndal verjandi komið til viðtals við hann í áheyrn Bjarna boðunarmanns. Orðrétt ritaði Guðjón: „Ég taldi hann ekki eiga að vera þarna og vildi vita um réttmæti þessarar ákv. dómara og lagabókstaf. Fékk ekki svör en talið að þetta skýrðist í næstu viku. Blöndal taldi okkur fyrir bestu að fara ekki út í þessa sálma.“ Hann hafi kvartað yfir blöðum og talið réttmætt að hann fengi Morgunblaðið vegna varnarræðu Jóns Oddssonar. Daginn eftir ritaði Guðjón orðrétt: „Kýs að láta G.Briem í friði.“ Fimmtudaginn 27. október 1977 ritaði Guðjón um að hafa farið til tannlæknis. Orðrétt ritaði hann: „Bjarni varð að vera inni samkv. skipun dómara. Hinn leyfði mér að líta í Vísir. [SÓH] dæmdur til áframh. g.v.h. í Hæstar. Bj. spurði hvort þetta væri V. í dag hinn sagði þetta gamalt.“ Hann hafi verið fluttur í fangelsið aftur og þá hafi hann gefið Ara fangaverði í skyn að hann vissi allt um hvað hefði verið í föstudagsblaðinu. Daginn eftir hafi hann farið út með Erlendi fangaverði. Gunnar Marinósson hafi þá komið aðvífandi og sagst hafa loks náð í séra Ragnar Fjalar. Samþykkt hafi verið að hann kæmi næsta föstudag svo ekki þyrfti að raska ró herra Gunnlaugs Briem, eins og Guðjón orðaði það. Ritaði Guðjón um að hafa sagt Gunnari að hann vissi allt um þetta og hefði lengi vitað. Gunnar hafi þá talið hann hafa haft þetta upp úr fangaverði en Guðjón ritaði um að hafa tekið fyrir það. Málið hafi verið tekið af dagskrá, enda mætti Gunnar ekkert segja.³⁴⁶⁹

1769. Fimmtudaginn 3. nóvember 1977 var [SÓH] yfirheyrður af rannsóknarlögreglu ríkisins vegna gruns um að hafa lagt eið að röngum framburði fyrir dómi. Þórir Oddsson, deildarstjóri rannsóknarlögreglunnar, annaðist yfirheyrsluna og Grétar Sæmundsson rannsóknarlögreglumaður skrifaði skýrsluna. Þá var Sigurður Georgsson, réttargæslumaður [SÓH], viðstaddur skýrslutökuna. Aðspurður um tímalengd yfirheyrslunnar 14. desember 1976 kvaðst [SÓH] ekki geta fullyrt nákvæmlega hve lengi hún hafi staðið yfir en hann hafi látið þau orð falla í þinghaldi að hún hafi staðið í um tíu klukkustundir. Greindi hann frá því að þegar hann hafi komið aftur í fangelsið þá hafi tveir matarbakkar beðið hans í klefanum.³⁴⁷⁰ Var [SÓH] spurður hvort hann vissi hvort bókað hafi verið um lok skýrslutökunnar sem hafi hafist klukkan 11:00 14. desember 1976. Kvaðst [SÓH] halda að það hafi verið gert í allar skýrslur sem hafi verið teknar af honum. Aðspurður hvers vegna hann héldi það kvaðst [SÓH] ekki vita hvort tímabókun hafi verið gerð í lok skýrslunnar. Hann

³⁴⁶⁸ Bls. 2882_Ö.

³⁴⁶⁹ Bls. 2882_P-Æ.

³⁴⁷⁰ Bls. 2990.

hafi ekki lesið skýrsluna sjálfur heldur hafi hún verið lesin fyrir hann og hann svo undirritað. Aðspurður hvort honum væri kunnugt um að samkvæmt íslenskum lögum ætti að bóka um upphaf og lok skýrslutöku sagðist [SÓH] vera það ókunnugt. Bókað var í skýrsluna að [SÓH] hafi verið bent á að hann hafi skýrt svo frá að hann hafi ekki vitað hvort bókað hafi verið um lok skýrslutökunnar 14. desember 1976. Þá hafi hann borið fyrir sig að hafa verið yfirheyrður samfleytt í tíu klukkustundir. Orðrétt var bókað í framhaldinu: „Með hliðsjón af því að komið hafi í ljós, að mætti fer með rangt mál varðandi tímalengd skýrslutökunnar, liggi beinast við að álykta, að einhver hljóti að hafa vakið athygli hans á þessum annmarka í skýrslunni, ella hefði honum ekki verið stætt á að halda þessu fram, að hann hafi verið í skýrslutöku í allt að 10 tíma samfleytt. Mætta er bent á læknisvottorð, vitnaframburði og endurrit úr sakadómsbók Reykjavíkur, þar sem fram kemur, að skýrslutöku hafi verið lokið ekki síðar en kl. 16:30. Í framhaldi af þessu er mætti spurður: Hvernig stendur á þessari fullyrðingu um lengd skýrslutökunnar?“ Svaraði [SÓH] spurningunni á þá leið að honum hafi fundist þetta vera svona langur tími. Orðrétt var bókað eftir honum: „[O]g eftir að ég kom úr sprautunni gekk dælan áfram áður en ég var settur inn.“ Aðspurður hvort Karl Schütz hafi yfirheyrt hann eftir að hann hafi komið úr ofnæmissprautunni sagði [SÓH] að hann hafi bara verið um miðjan daginn, Örn, Eggert, Ívar og að hann minnti Sigurbjörn Víðir hafi yfirheyrt hann. Í lok skýrslutökunnar bókaði Sigurður Georgsson, réttargæslumaður [SÓH], mótmæli við því í fyrsta lagi að orðin „skýrslutaka“ og „yfirheyrsla“ væru notuð jöfnum höndum. Í öðru lagi mótmælti hann því að Þórir Oddsson hafi sagt í spurningu númer sjö: „Með hliðsjón af því að komið hafi í ljós, að mætti fer með rangt mál varðandi tímalengd [...]“ Í þriðja lagi mótmælti réttargæslumaðurinn því að Þórir Oddsson hafi fullyrt í spurningu númer 15 að skýrslutöku 13. desember 1976 hafi lokið klukkan 22:30 þó svo að lok skýrslutökunnar hafi verið skráð þá.³⁴⁷¹

1770. Mánudaginn 7. nóvember 1977 ritaði Jón Oddsson, verjandi Sævars, bréf til Ólafs Jóhannessonar dómismálaráðherra. Í bréfinu rakti Jón að í Morgunblaðinu 4. nóvember 1977 hafi birst fréttatilkynning frá bókaútgáfunni Setberg um útgáfu bókar eftir Karl Schütz. Ritaði Jón að Schütz hafi unnið nokkuð við rannsókn sakadómsmálanna, þó ekki hafi tekist að leggja fram opinbert skipunar- eða erindisbréf hans fram í sakadómi. Í fréttatilkynningunni komi fram að í bókinni beri hann saman dæmda þýska afbrotamenn og skjólstæðing hans, Sævar Ciesielski, líklegast á grundvelli upplýsinga og vitneskju sem hann hafi aflað sér í samstarfi við embættismenn á Íslandi. Í bréfinu fór Jón fram á að gripið yrði inn í með lögbanni og opinberri rannsókn meðal annars með hliðsjón af 136. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.³⁴⁷²

1771. Miðvikudaginn 9. nóvember 1977 var bókað í dagbók Síðumúlafangelsisins að [SÓH] hafi verið fluttur í sakadóm Reykjavíkur klukkan 13:00. Bókað var að hann hafi komið

³⁴⁷¹ Bls. 2991–2994.

³⁴⁷² Bls. 2884–2885.

til baka með lögmanni sínum klukkan 16:05 og væri laus úr gæsluvarðhaldi samkvæmt Hallvarði Einvarðssyni.³⁴⁷³

1772. Þennan dag var [SÓH] yfirheyrður á skrifstofu rannsóknarlögreglu ríkisins af sama tilefni og áður. Bókað var að Þórir Oddsson hafi stjórnað yfirheyrslunni og viðstaddir hafi verið Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari, Grétar Sæmundsson rannsóknarlögreglumaður og Sigurður Georgsson, réttargæslumaður [SÓH]. Aðspurður hvort hann væri enn í vafa um hvort hann hafi farið til Keflavíkur 19. nóvember 1974 kvaðst [SÓH] ekkert vita hvað hann hafi gert umrætt kvöld. Taldi hann mestar líkur á að hann hafi verið hjá einhverju af því fólki sem hann hafi nefnt í skýrslutöku. Aðspurður hvort hann hafi sótt miðilsfund þar sem Geirfinnsmálið hafi borið á góma játaði [SÓH] því að hafa farið ásamt unnustu sinni og ömmu sinni [IF], sem hafi haft frumkvæði að fundinum. Greindi [SÓH] frá því aðspurður að hafa öðlast smá styrk og fengið vísbendingu um að hann væri saklaus í málinu. Bókað var að Sigurður Georgsson, réttargæslumaður [SÓH], hafi spurt: „Hvað meinar mætti nákvæmlega með því að vera saklaus af málinu?“ Greindi [SÓH] frá því að hann hafi styrkst í þeim efa sem hann hafi verið kominn með vegna málsins. Kvaðst hann hafa horft í það sömuleiðis að hann hafi ekki verið með samviskubit og ekki haft hugmynd um að hann hafi farið þá ferð sem borin hafi verið upp á hann. Bókað var að [SÓH] hafi verið bent á að hann hafi haldið því fram að hafa verið leiddur við yfirheyrslur og látinn geta í eyður, auk þess sem hann hafi haldið því fram að honum hafi verið hótad gæsluvarðhaldi. Var [SÓH] í framhaldinu kynntar skýrslur sem hafi verið teknar af Auði Gestsdóttur túlki og Pétri Eggerz sendiherra vegna málsins. Bókað var um mótmæli réttargæslumanns [SÓH] við spurningunni sem villandi og leiðandi á röngum forsendum. [SÓH] sagðist aldrei hafa verið hótad við yfirheyrslu sem Karl Schütz hafi stjórnað og sagði frásögn Auðar og Péturs vera hárrétta. Bókað var að [SÓH] hafi vikið frá frjáls ferða sinna.³⁴⁷⁴
1773. Föstudaginn 11. nóvember 1977 var bókað í dagbók fangelsisins við Síðumúla að klukkan 09:10 hafi verið haft samband við Harald Henrysson sakadómara vegna lögmannsbanns ákveðinna aðila í húsinu. Bókað var að bannið væri óbreytt en funda ætti um málið seinnipartinn.³⁴⁷⁵
1774. Mánudaginn 14. nóvember 1977 var orðrétt bókað í dagbók Síðumúlafangelsins: „Kl. 12:00 Hringdi Gunnlaugur Briem sakadómari og boðaði komu Páls A. Pálssonar til að tala við Kristján Viðar. Páll má ekki tala við hann einslega og ekki tala um sakamálin. Ranns.lögrm. á að vera viðstaddur.³⁴⁷⁶ Bókað var að Kristján Viðar hafi verið færður fram til viðtals við Pál Arnór klukkan 20:15 í áheyrn Grétars Sæmundssonar rannsóknarlögreglumanns. Bókað var að hann hafi verið færður aftur á klefa sinn klukkan 20:40.³⁴⁷⁷

³⁴⁷³ Dagbók nr. 7, bls. 203.

³⁴⁷⁴ Bls. 2995–2999.

³⁴⁷⁵ Dagbók nr. 7, bls. 211.

³⁴⁷⁶ Dagbók nr. 7, bls. 214.

³⁴⁷⁷ Dagbók nr. 7, bls. 214–215.

1775. Fyrir liggur skýrsla rannsóknarlögreglu ríkisins dagsett 15. nóvember 1977, rituð af Grétari Sæmundssyni vegna lögreglumáls nr. 3940/77. Skýrslan er merkt í hægra horni: „Aðeins fyrir saksóknara.“ Tilgangur skýrslunnar var að draga fram nokkur aðalatriði úr rannsókn á röngum framburði [SÓH]. Var skýrslunni skipt upp í tvo kafla, annars vegar: „Staðhæfing I – [SÓH] segist hafa verið yfirheyrður í allt að 10 klst. samfleytt.“ og „Staðhæfing II – [SÓH] segir, að sér hafi verið hótad gæsluvarðhaldi.“ Rakið var í I. kafla skýrslunnar að athyglisvert væri að [SÓH] hafi sagst vera ókunnugt um íslenskt lagaákvæði um lengd yfirheyrslu og að bóka bæri um upphaf og endi hennar. Orðrétt sagði í skýrslunni: „Þ.a.l. langlíklegast er að einhver hafi bent honum á að ekki væri bókað um lok fyrri skýrslutöku af honum þ. 14.12.76, því hefði tímasetning verið í lok skýrslunnar hefði hann ekki getað borið þennan annmarka fyrir sig.³⁴⁷⁸ Á sama stað kom fram að í skýrslutöku 3. nóvember 1977 hafi [SÓH] verið spurður hvenær umræddri yfirheyrslu hafi lokið og þá hafi hann sagt að það hafi verið áður en farið hafi verið með hann í sprautuna. Af þessu var dregin sú ályktun að skýrslutökunni 14. desember 1976 hafi örugglega verið lokið innan löglegra tímamarka.³⁴⁷⁹ Þá kom fram í II. kafla skýrslunnar að þeir sem að rannsókninni hafi staðið hafi ekki talið það réttlætanlegt að þeir yfirheyrðu samstarfsmenn sína um hótanir um gæsluvarðhald og fleira. Teldu þeir að annar yrði að grípa þar inn í. Því hafi rannsókninni verið hagað þannig að kannaður hafi verið trúverðugleiki í fullyrðingum [SÓH] en við þá könnun hafi komið í ljós mikið ósamræmi.³⁴⁸⁰ Þá var rakið í skýrslunni að [SÓH] hafi sagt skýrslur vitnanna Auðar Gestsdóttur túlks og Péturs Eggerz sendiherra hárréttar, en í framburði þeirra hafi komið fram að yfirheyrslan 14. desember 1977 hafi verið algerlega misfellingalaus og lögum samkvæmt og ekki leiðandi. Fram kom að í greindri yfirheyrslu hafi [SÓH] einmitt viðurkennt aðild sína að Keflavíkurferðinni. Þá hafi [SÓH] sjálfur viðurkennt í skýrslu 9. nóvember 1977 að hann hafi ekki verið beittur neins konar þvingunum af hálfu Schütz eða annarra. Orðrétt var bókað í skýrsluna: „Játning hans á að hafa farið til Keflavíkur þ. 19.11.1974 er því fengin án leiðandi spurninga, án þvingana og innan löglegra tímamarka og þótt hann hafi verið yfirheyrður síðar sama dag þann 14.12.76 breytir það ekki gildi skýrslu hans, sem Schütz tók.“³⁴⁸¹ Í lok skýrslunnar var kafli með heitinu: „Hugsanlegar ástæður til rangs framburðar“. Þar kom fram að í blaðaskrifum um málflutninginn fyrir sakadómi Reykjavíkur hafi komið fram að sumir verjenda hafi haldið á lofti staðhæfingum um að sakborningar hafi verið yfirheyrðir fram úr leyfilegum tímamörkum auk þess sem þeir hafi verið leiddir við yfirheyrslur og jafnvel hótad. Orðrétt var bókað í framhaldinu: „Líklegt er að [SÓH] hafi lesið þessi skrif.“ Nokkru seinna kom fram: „Líklegast er að frændsemi og vinátta við Kristján Viðar hafi verið aðalástæða fyrir að [SÓH] fór að hugleiða að breyta framburði sínum.“ Þá sagði nokkru síðar í kaflanum að á dómþingi 13. október 1977 hafi [SÓH] sagt að Kristján Viðar og Sævar hafi verið hörkuóvinir í nóvember 1974. Fullyrðingin hafi verið órökstudd og með henni hafi hann reynt að rökstyðja óbeint að

³⁴⁷⁸ Bls. 3037.

³⁴⁷⁹ Bls. 3038.

³⁴⁸⁰ Bls. 3043.

³⁴⁸¹ Bls. 3044.

Sævar og Kristján hafi ekki unnið saman að Geirfinnsmáli. Undir lok skýrslunnar kom fram að sterkar líkur væru til þess að [SÓH] hafi verið fullljóst það sem hafi gerst í Dráttarbrautinni, í það minnsta ekki seinna en þegar lýst hafi verið eftir Geirfinni og ljósri sendiferðabifreið. Ljóst væri að strax í upphafi hafi verið þaggað niður í honum. Líklegast væri því að [SÓH] teldi sig eiga saknæma aðild að málinu sem ekki hafi komið fram. Honum hafi því fundist að hann yrði að leggja sitt af mörkum til að hjálpa félögum sínum sem ættu yfir höfði sér ævilangt fangelsi.³⁴⁸²

1776. Miðvikudaginn 16. nóvember 1977 var bókað í dagbók fangelsisins við Síðumúla að Jón Thors, deildarstjóri í dómsmálaráðuneytinu, hafi hringt vegna ákveðins erindis klukkan 09:58. Færsluritari, Gunnar Guðmundsson, bókaði að hann hafi minnt Jón á að láta „þá“ fá reglur til að vinna eftir. Jón hafi lofað því og sagst munu reyna að koma því í verk. Bókað var að Gunnlaugur Briem hafi hringt klukkan 16:45 og tilkynnt um að Benedikt Blöndal, verjandi Guðjóns, mætti tala við skjólstaðing sinn einslega.³⁴⁸³
1777. Föstudaginn 18. nóvember 1977 ritaði Gunnlaugur Briem bréf til Jóns Oddssonar, verjanda Sævars, þar sem hann tilkynnti um að málflutningur í sakadómsmálunum hæfist að nýju 12. desember klukkan 10:00. Fram kom að hafnað væri beiðni Jóns um rannsókn á atriðum sem fram hafi komið í bréfi dagsettu 17. október 1977.³⁴⁸⁴
1778. Fyrir liggur handskrifað bréf frá Sævari til Ólafs Jóhannessonar dómsmálaráðherra dagsett 23. nóvember 1977. Lýsti hann þar aðstæðum sínum í Síðumúlafangelsinu og tók fram að hann hafi dvalið þar samfleytt í tvö ár sem einangrunarfangi sem væri heilsuspillandi fyrir sál og líkama. Biðlaði Sævar til ráðherrans að beita sér fyrir því að hann yrði fluttur á Litla-Hraun eða í lausagæslu í Hegningarhúsið.³⁴⁸⁵
1779. Föstudaginn 25. nóvember 1977 var bókað klukkan 16:00 í dagbók Síðumúlafangelsisins að hringt hafi verið í Gunnlaug Briem fyrir Kristján Viðar með beiðni um að hann færi í verslunarleiðangur. Orðrétt var bókað: „Svarið var alfarið nei í það minnsta yrði það ekki fyrr en eftir mánuð. Bannið á Pál Arnór hdl. og Jón Oddsson hrl. gildir áfram.“³⁴⁸⁶
1780. Meðal rannsóknargagna liggur fyrir bréf Jóns Thors, deildarstjóra hjá dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, til Gunnlaugs Briem sakadómara, dagsett 29. nóvember 1977. Meðfylgjandi bréfinu var handritað bréf Sævars frá 23. nóvember og var óskað eftir því að sakadómariinn gæfi umsögn um erindið.³⁴⁸⁷
1781. Dagana 1. til og með 18. nóvember 1977 ritaði Tryggvi Rúnar í dagbók sína. Frekari dagbókarfærslur eftir Tryggva Rúnar liggja ekki fyrir. Þriðjudaginn 1. nóvember ritaði hann um að bíða spenntur eftir niðurstöðu sakadóms, þá yrði hann laus þar sem hann væri saklaus og yrði sýknaður.³⁴⁸⁸ Miðvikudaginn 9. nóvember 1977 ritaði Tryggvi Rúnar um efasemdir sínar um að hann yrði fluttur í lausagæslu úr þessu. Í beinu

³⁴⁸² Bls. 3047–3048.

³⁴⁸³ Dagbók nr. 7, bls. 216–217.

³⁴⁸⁴ Bls. 3050.

³⁴⁸⁵ Bls. 3051.

³⁴⁸⁶ Dagbók nr. 7, bls. 227.

³⁴⁸⁷ Bls. 3052.

³⁴⁸⁸ Bls. 3050_A.

framhaldi ritaði hann orðrétt: „Það hefði verið annað mál ef hún hefði boðist um leið og ég og fl. sóttum um lausagæslu með lögfræðingana í fararbroddi, eða þegar réttarhöldunum lauk 7/10 en ástæðan var sú að bílstjórinn í Geirfinnsmálinu var settur inn 14-10-77 því hann tók sinn framburð til baka í málinu og var ástæðan sú að lausagæsla ekki fékkst þá.“³⁴⁸⁹ Mánudaginn 14. nóvember 1977 ritaði Tryggvi Rúnar um Gunnar Guðmundsson forstöðumann. Orðrétt ritaði hann: „[H]ann tekur þetta svo sterkum andlegum tókum, að hann fer að gefa sig alltaf þegar eitthvað bjátar á honum, til dæmis núna hefur hann fengið hjartaslag útaf ásökunum sem voru bornar á fangaverði hérna viðeigandi okkur sem erum tengdir stórmálunum. Ég kлагаði engan þó ég hefði haft ástæðu til þess. En það var Sævar sem kærði þá nokkra, þar á meðal Gunnar fyrir að taka á sér, leggja á sig hendur. Ég trúí því vel að þeir hafi lagt hendur á Sævar.“³⁴⁹⁰ Miðvikudaginn 16. nóvember 1977 ritaði Tryggvi Rúnar um vonir sínar um að dómur í málinu yrði uppkveðinn fyrir jól. Ritaði hann um „truflun“ sem hafi orðið í Geirfinnsmálinu sem hafi orðið þess valdandi að málið yrði flutt aftur um ákveðið atriði 16. desember. Orðrétt ritaði hann: „[Þ]eir hljóta að vera búnir að skapa sér skoðun, hvernig útkoman verður. Svo nú er að treysta á dómskerfið að það hafi mig ekki lengur en fram að jólum hér í Síðumúla því jólin á ég skilið að vera heima.“³⁴⁹¹

1782. Guðjón ritaði í dagbók sína dagana 1. til og með 30. nóvember 1977. Þriðjudaginn 1. nóvember ritaði hann um heimsóknarviðtal frá séra Jóni Bjarman sem hafi greint honum frá því að hafa verið á lökum fundi í Lögbergi þar sem til umræðu hafi verið meðferð mála fyrir dómi. Talið væri að Gunnlaugur Briem væri heima að semja dóm ásamt Ármanni Kristinssyni. Páll Arnór Pálsson, verjandi Kristjáns Viðars, hafi verið þarna og lýst yfir áhyggjum af gangi mála.³⁴⁹² Þriðjudaginn 8. nóvember 1977 ritaði Guðjón um að hafa rætt um dómsmálið við séra Jón Bjarman. Orðrétt ritaði hann: „Jón E. og Róbert Árni yfirheyrðir.“³⁴⁹³ Daginn eftir ritaði hann um að hafa fengið Morgunblaðið sem hafi skömmu seinna verið rífið út úr klefanum og klippt úr því. Ritaði Guðjón um að hafa lesið blaðið betur og séð niðurlag greinarinnar um það að Jón Oddsson væri að reyna að leggja lögban á skrif um Geirfinnsmálið.³⁴⁹⁴ Ritaði hann orðrétt upp úr niðurlagi greinarinnar og velti fyrir sér hvað bæri að gera í málinu. Orðrétt ritaði Guðjón í framhaldinu: „Erl. kom um 18:40 og við töludum um þessi mistök og allan vandræðagang á þessu máli. Hann taldi ekki ólíklegt að ég fengi að sjá greinina og ætlaði að hringja í G. Mar nú og við G. M. athuguðum þetta svo á morgun. Ég sagðist ekki geta skrifað B. Bl. um þetta því þá væri dómari vís að banna blöð og allt þetta skildi Erl.“³⁴⁹⁵ Föstudaginn 18. nóvember 1977 ritaði Guðjón um að hafa rætt um Geirfinnsmálið við séra Ragnar Fjalar og frétt í Morgunblaði um framhaldsrannsókn vegna breytts framburðar sendibílstjóra. Ritaði Guðjón um að

³⁴⁸⁹ Bls. 3050_H.

³⁴⁹⁰ Bls. 3050_O.

³⁴⁹¹ Bls. 3050_P.

³⁴⁹² Bls. 2882_Æ.

³⁴⁹³ Bls. 3050_V.

³⁴⁹⁴ Bls. 3050_X.

³⁴⁹⁵ Bls. 3050_X-Y.

verjendabann stæði enn, að því er hann vissi best.³⁴⁹⁶ Þriðjudaginn 22. nóvember 1977 ritaði Guðjón um samtal sitt við Gunnar Marinósson varðstjóra. Orðrétt ritaði hann í dagbók sína: „Í ljós kom að B. Bl. má heimsækja mig og tala við mig einslega. Það var sem mig grunaði að mér yrði ekki sagt þetta fyrr en eftir dúk og disk. G. M. ætlaði að gefa mér dagsetn. nákvæml.[...] Ég er víst sá eini af sakb. sem má tala einslega við verjanda. G. M. kallar mig forréttindafanga. Kl. er 19:54. Litlu síðar lagði hann inn meðf. seðil.“ Inni í dagbók Guðjóns var handskrifaður miði sem á stóð: „Þ. 16-11-77. Kl. 16:45. G. Briem h.dómari hringir og boðar að B. Blöndal h.r.l. megi tala við G. Skarphéðinsson. Einslega. G. Mar.“ Ritaði Guðjón um að hafa ritað bréfmiða til Erlings fangavarðar með ósk um upplýsingar um hver hafi verið varðstjóri 16. nóvember 1977, kl. 16:45. Orðrétt ritaði Guðjón: „G. Guðm. hafði tekið við þessu símtali og farið heim skömmu síðar eða kl. 17:00. Daginn eftir var hann hér á vakt og hitti mig tvisvar. Það var 17/11 þá fór ég til tannlæknis. 18/11 er G. Mar varðst. Rétt að hripa G. Guðm. um þetta og fá skýringu.“³⁴⁹⁷ Fimmtudaginn 24. nóvember 1977 ritaði Guðjón um að hafa lent í löngu þrasi við Ara fangavörð um fangelsisdagbókina og skyldur Gunnars Guðmundssonar til að láta hann vita. Orðrétt ritaði Guðjón: „Hann taldi dagb. bara færða til hægðarauka fyrir fangaverði og G. Guðm. bæri engin skylda til að segja mér neitt sem þar væri skráð um mig né heldur hefði hún gildi sem réttarskjal.“³⁴⁹⁸ Laugardaginn 26. nóvember 1977 ritaði Guðjón um vandkvæði við að ná í Benedikt Blöndal, verjanda sinn.³⁴⁹⁹ Daginn eftir ritaði hann um að hafa sett fram þá kenningu við fangaverðina Daníel og Ara að það stæði í dagbók frá Gunnlaugi Briem að það ætti að hleypa honum út en ekki segja honum frá því nema hann spyrdi um það sérstaklega og vildi fara.³⁵⁰⁰ Miðvikudaginn 29. nóvember 1977 ritaði Guðjón um að Benedikt Blöndal ætlaði sér greinilega ekki að koma fyrr en eftir framhaldsmálflutning eða þegar hinir lögfræðingarnir mættu koma líka. Orðrétt ritaði Guðjón: „G. Mar. hefur náð þangað bæði í dag og í gær en B. Bl. lætur segja sig ekki við. [...] G. Mar. kom um 20:00 og sagðist hafa reynt þrisvar við B. Bl. og við samþykktum að gefa það upp að hringja í þann mann.“³⁵⁰¹

1783. Mánudaginn 12. desember 1977 var bókað í dagbók fangelsisins við Síðumúla að klukkan 13:40 og 13:50 hafi Kristján Viðar og Sævar verið fluttir í sakadóm Reykjavíkur til að hlýða á málflutning. Bókað var að komið hafi verið með þá til baka klukkan 16:05 og 16:10. Klukkan 16:20 var orðrétt bókað: „Hringdi Gunnlaugur Briem. Tilkynnti að viðtalsbanni þeirra lögmannna Páls A. Pálssonar og Jóns Oddssonar við skjólstæðinga sína Sævar Marinó og Kristján Viðar væri hér með aflétt.“³⁵⁰²

1784. Þennan dag var dómþing sakadóms Reykjavíkur sett og tekin fyrir sakadómsmálin á hendur ákærðu. Bókað var að dómurinn hafi lagt fram möppu með bréfum ákærða

³⁴⁹⁶ Bls. 3050_AA.

³⁴⁹⁷ Bls. 3051_A.

³⁴⁹⁸ Bls. 3051_B.

³⁴⁹⁹ Bls. 3051_C.

³⁵⁰⁰ Bls. 3051_D.

³⁵⁰¹ Bls. 3051_F.

³⁵⁰² Dagbók nr. 7, bls. 246–247.

Tryggva Rúnars Leifssonar, svokallaðar játningaskýrslur ritaðar á tímabilinu 21. mars 1976 til 2. júlí 1976, bréf til Más Péturssonar héraðsdómara í Hafnarfirði um Karl Schütz, dagsett 16. desember 1976, bréf Jóns Oddssonar til Gunnlaugs Briem, dagsett 17. október 1977, skýrslu og rannsóknargögn frá rannsóknarlögreglu ríkisins um rannsókn vegna gruns um að [SÓH] hafi lagt eið að röngum framburði fyrir dómi.³⁵⁰³ Bókað var að dómarrar málsins hafi farið í vettvangsferð til Keflavíkur 8. desember 1977. Bókað var að klukkan 14:00 hafi mætt í dómnum Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari og verjendurnir Jón Oddsson, Páll Arnór Pálsson, Hilmar Ingimundarson, Guðmundur Ingví Sigurðsson, Benedikt Blöndal, Örn Clausen og Finnur Torfi Stefánsson. Bókað var að sækjanda og verjendum hafi verið gefinn kostur á að gera athugasemdir til viðbótar við fyrir málflytning, en þeim hafi áður verið send gögn sem lögð hafi verið fram eftir dómtöku málsins. Bókað var að Kristján Viðar og Sævar hafi verið viðstaddir þinghaldið en þess getið að Guðjón hafi ekki óskað þess að vera viðstaddur. Þá tók sækjandi til máls og reifaði málið að því er varðaði þau gögn sem lögð voru fram eftir dómtöku. Að því búnu ítrekaði hann gerðar kröfur og lagði málið í dóm á ný. Sérstök bókun var færð í sakadómsbókina um að Örn Clausen, verjandi Alberts Klahn, sæi ekki ástæðu til að tjá sig sérstaklega þar sem sú viðbótarrannsókn sem hafi farið fram snerti ekki hans umbjóðanda eða meintan þátt hans í málinu. Vísaði hann til fyrri röksemda og kröfugerðar og lagði málið í dóm. Bókað var að Hilmar Ingimundarson, verjandi Tryggva Rúnars, hafi tekið til máls og reifað málið að því er varðaði bréf Tryggva Rúnars, svokallaðar játningaskýrslur, sem hafi verið lagðar fram í málinu. Ítrekaði hann gerðar kröfur og lagði málið í dóm. Þá tóku til máls verjendurnir Páll Arnór Pálsson, Jón Oddsson, Benedikt Blöndal og Guðmundur Ingví Sigurðsson og reifuðu málið að því er varðaði nýframlögð rannsóknargögn, ítrekuðu gerðar kröfur og lögðu málið í dóm. Bókað var að málflytningur hafi hafist klukkan 14:00 en lokið klukkan 15:45. Var málið tekið til dóms og dómþingi slitið.³⁵⁰⁴

1785. Þriðjudaginn 13. desember 1977 birtust fréttir í flestum dagblöðum landsins af síðari málflytningi í svokölluðum Guðmundar- og Geirfinnsmálum. Frétt birtist í Dagblaðinu þennan dag undir fyrirsögninni: „Breyttur framburður [SÓH]: Hefur engin áhrif á sekt eða sýknu ákærðu í málinu – höfnum þessum framburði, sagði Bragi Steinarsson, settur vararíkissaksóknari.“ Í fréttinni kom fram að sækjandinn hafi getið þess að engin kæra hafi borist lögreglu vegna ásakana [SÓH] um að hafa verið beittur ólögmetu harðræði við yfirheyrslur og hafa meðal annars verið yfirheyrður í allt að tíu klukkustundir samfleytt. Taldi sækjandinn að frásagnir blaðanna af málflytningi í sakadómsmálunum hafi vakið [SÓH] ástæður til að taka aftur framburð sinn. Sérstaklega hafi þar nafnbirting hans verið honum sár og gagnstæð því sem hann hafi átt von á. Sækjandinn sagði það ágalla að ekki hafi verið skráð í skýrslu um yfirheyrslu yfir [SÓH] hvenær henni hafi lokið. Orðrétt sagði í framhaldinu: „Sagði saksóknarinn í málinu að [SÓH] hefði verið yfirheyrður sem kærður en ekki sem vitni. Hefði honum verið gerð grein fyrir því að honum væri ekki skylt að svara spurningum.

³⁵⁰³ Bls. 3295.

³⁵⁰⁴ Bls. 3296–3298.

„Er hægt að halda því fram að maður í slíkri stöðu hafi verið beittur þvingunum?“ spurði saksóknarinn.“ Í lok fréttarinnar var haft eftir Braga Steinarssyni að framburður [SÓH] hafi verið lítils virði þar sem hann hafi ekki borið um atburðina í Dráttarbrautinni. Hins vegar hafi framburður hans orðið til þess að sendibifreiðin hafi fundist. Afturhvarf hans frá fyrri framburði hefði því engin áhrif á sekt eða sýknu ákærðu í málinu.³⁵⁰⁵ Í sama blaði var önnur frétt undir fyrirsögninni: „Lokið málflutningi í Geirfinnsmálinu: Sektardómur almennings og fjölmiðla er þegar fallinn – sagði Guðmundur Ingvi Sigurðsson hrl.“ Í fréttinni kom fram að Hilmar Ingimundarson, verjandi Tryggva Rúnars, hafi ítrekað fyrri kröfur um sýknu og sagt breyttan framburð [SÓH] ekki tengjast rannsókn á meintum brotum hans skjólstæðings en væri hins vegar staðfesting á fyrri frásögnum um vinnubrögð rannsóknarmanna. Fram kom að Páll Arnór, verjandi Kristjáns Viðars, hafi sagt nýjan framburð [SÓH] hafa meðal annars leitt til þess að strangar reglur hafi verið settar um samskipti lögmannna við skjólstæðinga sína. Orðrétt var haft eftir honum í fréttinni: „Það var fyrst í dag að þeir vissu hvað hér átti að gerast. Við erum með því að nálgast nútíma þýzkt réttarfar í praxis.“ Hafnaði hann ummælum Braga Steinarssonar um að sá fundur sem hann og Jón Oddsson hefðu átt með [SÓH] og lögfræðingi hans hafi verið „utanréttarmeðferð sem ákærvaldið hafi stöðvað.“ Benti Páll Arnór á að verjendurnir hefðu komið þessum nýja framburði á framfæri við sakadóm. Áfram var rakið úr málflutningi Páls Arnórs og fram kom að Páll hafi sagt að af framburðum sakborninganna stæði nú aðeins eftir framburður Erlu sem hafi margsinnis verið tvísaga og jafnvel logið og svo mjög þokukennður framburður Guðjóns. Orðrétt var haft eftir Páli Arnóri: „Er hægt að ákærða Kristján Viðar fyrir manndráp þetta kvöld á grundvelli þess framburðar?“ Í fréttinni var rakið efni ræðu Jóns Oddssonar. Fram kom að hann hafi farið lofsamlegum orðum um rannsóknina sjálfa sem hann hafi sagt mjög nákvæma og vel hafi verið haldið á henni. Benti Jón á að Sævari og [SÓH] bæri saman um að haustið 1974 hafi Sævar og Kristján Viðar ekki talast við vegna ósættis þeirra í milli. Sagði Jón það enn eina ábendingu þess að skjólstæðingur hans væri að segja rétt frá aðild hans að málinu. Rakti Jón að Sævar og Kristján Viðar væru búnir að sitja í gæsluvarðhaldi í tvö ár sem væri langur tími en samt hafi verið séð ástæða til að takmarka heimsóknir verjenda enn frekar. Orðrétt var haft eftir Jóni: „Ég hef til dæmis aldrei talað einslega við Sævar, nema jú stuttlega í réttarhléum við málflutning í október.“³⁵⁰⁶

1786. Sunnudaginn 18. desember 1977 var bókað í dagbók Síðumúlafangelsisins að Gunnlaugur Briem hafi hringt klukkan 14:15 og tilkynnt um að dæmt yrði í Guðmundar- og Geirfinnsmálum daginn eftir, klukkan 14:00 til 15:00. Bað hann færsluritari um að athuga hvort sakborningarnir vildu vera viðstaddir.³⁵⁰⁷
1787. Mánudaginn 19. desember 1977 var bókað í dagbók fangelsisins við Síðumúla að Sævar, Kristján Viðar og Tryggvi Rúnar hafi verið fluttir í sakadóm Reykjavíkur milli klukkan 13:30 og 13:45 til að vera viðstaddir dómsuppkvaðningu. Bókað var að

³⁵⁰⁵ Bls. 3053.

³⁵⁰⁶ Bls. 3053.

³⁵⁰⁷ Dagbók nr. 7, bls. 258.

komið hafi verið með þá til baka milli klukkan 14:35 og 14:40. Var dómsorðið bókað í fangelsisdagbókina. Bókað var að Benedikt Blöndal, verjandi Guðjóns, hafi komið klukkan 17:30 til að birta Guðjóni dóminn. Bókað var að Guðjón hafi verið færður aftur á klefa sinn klukkan 19:15.

1788. Þennan dag var dómþing sakadóms Reykjavíkur sett og tekin fyrir sakadómsmálin á hendur ákærðu. Bókað var að sækjandi málsins, Bragi Steinarsson, væri mættur. Þá voru bókaðir mættir verjendur ákærðu, Páll Arnór Pálsson, Jón Oddsson, Hilmar Ingimundarson, Benedikt Blöndal, Guðmundur Ingvi Sigurðsson og Örn Clausen. Bókað var að Kristján Viðar, Sævar og Tryggvi Rúnar væru mættir en Guðjón hafi ekki óskað eftir að vera viðstaddur dómsuppkvaðninguna. Bókað var að aðrir ákærðu væru ekki mættir. Var þá í dómnum kveðinn upp dómur.³⁵⁰⁸ Kristján Viðar og Sævar voru fundnir sekur um að hafa svipt Geirfinn Einarsson og Guðmund Einarsson lífi, í bæði skiptin með þriðja manni og borið rangar sakir á fjóra menn. Auk þess voru þeir fundnir sekir um nokkur auðgunarbrot og Sævar fyrir skjalafals og smygl á fíkniefnum. Við ákvörðun refsingar var höfð hliðsjón af sakarferli og framferði ákærðu eftir að þeir frömdu brotin sem og þeirri staðreynd að líkin hafi aldrei fundist og fengið greftrun lögum samkvæmt. Voru þeir dæmdir í ævilangt fangelsi en gæsluvarðhaldsvist þeirra kom til frádráttar refsingu. Tryggvi Rúnar var sakfelldur fyrir að hafa ásamt Kristjáni Viðar og Sævari svipt Guðmund Einarsson lífi. Þá var hann einnig fundinn sekur um nauðgun, brennu og nokkra þjófnaði. Var hann dæmdur í 16 ára fangelsi en til frádráttar refsingu kom gæsluvarðhaldsvist hans. Guðjón var sakfelldur fyrir að hafa orðið Geirfinni Einarssyni að bana ásamt meðákærðu Kristjáni Viðari og Sævari. Þá var hann sakfelldur fyrir smygl á fíkniefnum til landsins. Vísað var til þess að Guðjón hefði hreint sakavottorð. Var hann dæmdur í tólf ára fangelsi og kom gæsluvarðhaldsvist hans til frádráttar refsingu. Albert Klahn var sakfelldur fyrir að tálma rannsókn á því er ákærðu sviptu Guðmund Einarsson lífi. Þá var hann einnig fundinn sekur um sölu, neyslu og dreifingu á fíkniefnum. Fram kom að hann hafi aldrei sætt kæru eða refsingu. Var Albert dæmdur í 15 mánaða fangelsi og kom gæsluvarðhaldsvist hans til frádráttar refsingunni. Erla var fundin sek um rangar sakargiftir og fyrir að tálma rannsókn á broti meðákærðu Kristjáns Viðars, Sævars og Guðjóns og fyrir skjalafals og auðgunarbrot. Vísað var til þess að Erla hefði hreint sakavottorð. Var refsing hennar ákveðin þriggja ára fangelsi en fram kom að gæsluvarðhaldsvist hennar kæmi til frádráttar refsingunni.³⁵⁰⁹
1789. Þriðjudaginn 20. desember 1977 var bókað í dagbók Síðumúlafangelsisins að Gísli Guðmundsson aðstoðaryfirlögregluþjónn hafi hringt og athugað með viðtalsleyfi við Sævar Marinó en hann hafi lofað Sævari því fyrir allöngu síðan. Lét færsluritari þess getið að hann hafi ekki aftekið slíkt þar sem Gísli hafi átt í hlut.³⁵¹⁰
1790. Miðvikudaginn 21. desember 1977 var bókað í dagbók Síðumúlafangelsisins að Jón Thors deildarstjóri í dómsmálaráðuneytinu hafi hringt og rætt almennt um fanga í húsinu, þó sérstaklega fjóra nýdæmda og það ástand sem hafi skapast vegna þess að

³⁵⁰⁸ Bls. 3298–3299.

³⁵⁰⁹ Bls. 3653–3654.

³⁵¹⁰ Dagbók nr. 7, bls. 260.

þeir væru enn vistaðir í Síðumúlafangelsi. Gísli Guðmundsson aðstoðaryfirlögregluþjónn hafi komið til viðtals við Sævar klukkan 14:00. Bókað var að Gísli hafi farið klukkan 15:25. Rannsóknargögn um vitjunina liggja ekki fyrir.³⁵¹¹ Daginn eftir, 22. desember 1977, var bókað um símhringingu frá Gunnari Guðmundssyni forstöðumanni klukkan 14:30. Var þess getið að hann hafi boðað breytingar á högum hinna fjögurra nýdæmdu manna sem og flutninga á þeim. Bókað var klukkan 14:45 að Gunnar hafi komið til viðtals við fangana og gert ráðstafanir með flutninga þeirra. Bókað var að klukkan 15:05 hafi Sævar verið fluttur í Hegningarhúsið.³⁵¹²

1791. Fyrir liggur bréf frá Gunnlaugi Briem til dómsmálaráðuneytisins dagsett þennan dag 21. desember 1977. Í bréfinu sagði að 19. desember 1977 hafi dómur fallið í máli Kristjáns Viðars, Sævars, Tryggva Rúnars og Guðjóns og þeir úrskurðaðir í gæsluvarðhald til 19. desember 1978 eða uns hæstaréttardómur gengi í máli þeirra. Fram kom að verjendur dómfelldu hafi óskað breytinga á framkvæmd gæsluvarðhaldsins þannig að einangrun yrði aflétt. Í lok bréfsins sagði að af hálfu dómsins væri talið rétt að verða við þessu en þó þannig að fangarnir yrðu eftir sem áður aðskildir eftir því sem unnt væri.³⁵¹³
1792. Á Þorláksmessu 23. desember 1977 var bókað í dagbók fangelsisins við Síðumúla að Tryggvi Rúnar hafi verið fluttur á Litla-Hraun klukkan 10:45 samkvæmt ákvörðun dómsmálaráðuneytisins. Bókað var að Kristján Viðar hafi verið fluttur á Litla-Hraun klukkan 11:30 samkvæmt ákvörðun ráðuneytisins. Klukkan 15:00 var bókað um símtal frá Haraldi Henryssyni sakadómara sem hafi tilkynnt um að ákveðið hafi verið að Guðjón yrði fluttur morguninn eftir til að hitta börn sín og nánustu aðstandendur.³⁵¹⁴
1793. Á aðfangadag 24. desember 1977 var bókað í dagbók Síðumúlafangelsisins að Guðjón hafi verið fluttur í heimsókn til að ræða við skyldfólk sitt klukkan 10:15. Bókað var að komið hafi verið með hann til baka klukkan 12:25.³⁵¹⁵
1794. Guðjón ritaði í dagbók sína dagana 1. til og með 27. desember 1977. Frekari dagbókarfærslur eftir Guðjón liggja ekki fyrir. Föstudaginn 9. desember 1977 ritaði Guðjón um að ef til vill myndi hann heyra í Benedikt Blöndal daginn eftir. Hann hafi verið spurður hvort hann vildi vera viðstaddur við framhaldsmálflutning 12. desember 1977. Ritaði Guðjón um að hafa viljað sjá málskjöl fyrst, en dómara hafi sagt að hans væri hvergi getið í skjölunum og þá hefði hann vísað þessu til verjanda sem sjálfsagt myndi ekki heyrast í frekar en vanalega.³⁵¹⁶ Mánudaginn 12. desember 1977 ritaði Guðjón enn um að ekkert hafi heyrst frá Benedikt Blöndal. Daginn eftir ritaði hann um heimsókn frá séra Jóni Bjarman sem hafi sagt honum frá málflutningnum daginn áður. Benedikt Blöndal hafi verið þar. Séra Jón hafi sagt að frétt um málflutninginn væri í

³⁵¹¹ Dagbók nr. 7, bls. 262–263.

³⁵¹² Dagbók nr. 7, bls. 264.

³⁵¹³ Bls. 3656.

³⁵¹⁴ Dagbók nr. 7, bls. 266–267.

³⁵¹⁵ Dagbók nr. 7, bls. 269.

³⁵¹⁶ Bls. 3657_F.

Morgunblaðinu. Orðrétt ritaði Guðjón: „Maðurinn dró framburð sinn til baka og segist aldrei hafa verið þarna!? Jæja.“³⁵¹⁷ Föstudaginn 16. desember 1977 ritaði Guðjón um að hafa lesið lög nr. 74/1974, um meðferð opinberra mála og komist að þeirri niðurstöðu að hann þyrfti ekki að vera viðstaddur dómsuppkvaðningu samkvæmt 167. gr. laganna.³⁵¹⁸ Sunnudaginn 18. desember hafi Jón fangavörður spurt hann hvort hann ætlaði að vera viðstaddur dómsuppkvaðninguna daginn eftir. Ritaði Guðjón um að hafa neitað því og sagst ætla að blunda.³⁵¹⁹ Mánudaginn 19. desember ritaði Guðjón um að vita ekki hvað hann ætti að gera en honum stæði til boða að flytjast í Hegningarhúsið þar til hann yrði fluttur vestur á Kvíabryggju. Benedikt Blöndal hafi komið klukkan 18:15 með þykkan dóminn, tólf ár og útgjöld. Hann hafi verið upptekinn í kjaradómi og einnig erlendis. Dómurinn hafi þótt fremur þungur. Ritaði Guðjón um að vera mótfallinn flutningi í Hegningarhúsið, hann vildi vera í Síðumúlafangelsi og fara í sakadóm Reykjavíkur til heimsókna ef það gæti gengið. Benedikt hafi beðið hann um lista yfir það sem hann vanhagaði um.³⁵²⁰ Orðrétt ritaði Guðjón: „Það er erfitt að gera grein fyrir hugsun sinni og tilfinningum eftir þetta en að vera eða ekki vera er spurningin. Nú er þetta of nærri til að gera sér grein fyrir langtímaáhrifum.“ [GUÆ] hafi hringt og spurt um líðan hans. Ritaði Guðjón um að hafa beðið um að hringt yrði í hana til baka og henni sagt að honum liði eins og bogastreng eftir að örin hafi hæft í mark, en ekki náð. Hann væri hálf dofinn yfir þessu öllu. Daginn eftir, 20. desember 1977, ritaði Guðjón um heimsókn frá séra Jóni Bjarman sem hafi sagst vera hneykslaður á dóminum.³⁵²¹ Á aðfangadag ritaði Guðjón um viðtalsheimsókn frá séra Jóni Bjarman sem hafi sagt honum að Sævar liði ögn skárri í Hegningarhúsinu.³⁵²²

1795. Fimmtudaginn 29. desember 1977 var bókað í dagbók fangelsisins við Síðumúla að Guðjón hafi verið fluttur vestur á Kvíabryggju klukkan 07:15.³⁵²³
1796. Þennan dag ritaði Jón Oddsson, verjandi Sævars, bréf til Þórðar Björnssonar ríkissaksóknara. Tiltók hann í fjórum liðum óskir Sævars sem hann hafi sett fram í viðtölum þeirra um hátíðarnar. Í fyrsta lagi óskaði Sævar eftir eintaki af málskjölunum til aflestrar, en hingað til hafi ekki verið aðstaða til þess. Í öðru lagi færi Sævar fram á að verða fluttur úr Hegningarhúsinu að Litla-Hrauni þar sem hann teldi sig hafa aðstöðu þar til vinnu og meiri útiveru í eðlilegra umhverfi. Í þriðja lagi óskaði Sævar eftir því að fá eintak af lagasafni og í fjórða lagi kom fram að Sævar hafi ekki heyrt í útvarpi eða tónlist allt gæsluvarðhaldið, hvað þá séð sjónvarp og óskaði hann eftir því að komið yrði til móts við hann í þeim efnum.³⁵²⁴
1797. Fyrir liggur bréf Jóns Oddssonar, verjanda Sævars, til Þórðar Björnssonar ríkissaksóknara, dagsett 18. nóvember 1978. Í bréfinu setti Jón fram ósk Sævars um að

³⁵¹⁷ Bls. 3657_H-I.

³⁵¹⁸ Bls. 3657_K.

³⁵¹⁹ Bls. 3657_L.

³⁵²⁰ Bls. 3657_M.

³⁵²¹ Bls. 3657_N.

³⁵²² Bls. 3657_R.

³⁵²³ Dagbók nr. 7, bls. 272.

³⁵²⁴ Bls. 3658.

rannsókn færi fram á nokkrum atriðum málsins svo og vegna kæru hans á þeirri meðferð sem hann teldi sig hafa sætt í fangelsinu við Síðumúla og af hálfu rannsóknarmanna. Í bréfinu kom fram að Sævar hafi harðlega mótmælt þeirri einangrun sem hann þyrfti að sæta og vildi Jón benda á að aðrir dómfelldu sættu ekki slíkri einangrun. Óskaði Sævar eftir því að vera fluttur að Litla-Hrauni. Ítrekaði Jón að Sævar hafi sætt einangrun síðan 11. desember 1975 og til að mynda ekki heyrt útvarp allan þann tíma né notið tónlistar, hvað þá séð sjónvarp. En þetta gildi um hann einan af dómfelldu í málinu.³⁵²⁵

1798. Í aprílmánuði 1978 birtist langt viðtal við Sævar í tímaritinu Samúel undir fyrirsögninni: „Samúel ræðir við Sævar Marinó Ciesielski, sem dæmdur var í ævilangt fangelsi og dvelst nú á Litla-Hrauni: „Ég treysti því að ég verði sýknaður í Hæstarétti.“ Lýsti Sævar tveggja ára vist í Síðumúlafangelsi sem hreinu víti. Hann hafi ekki fengið að hafa tóbak eða lesefni í um níu mánaða skeið og tvisvar sinnum verið settur í fótajárn í þrjár vikur í senn. Hann hafi sætt andlegum og líkamlegum pyndingum en fangelsispresturinn hafi kært meðferðina á honum til dómsmálaráðuneytisins. Fram kom að Sævar léti ekki illa af dvölinni á Litla-Hrauni. Greindi hann frá því að hafa verið úrskurðaður í gæsluvarðhald 11. desember 1975, en ekki hafa fengið að fara út í fangelsisgarðinn fyrr en í lok árs 1976. Hann hafi ekki vitað hvað tímanum hafi liðið þar sem úrið hafi verið tekið af honum strax. Um upphaf málsins var orðrétt haft eftir Sævari í viðtalinu: „Ég var tekinn þegar ég var að borða og sagt að koma til yfirheyrslu. Ég var yfirheyrður hjá fíkniefnadómstólnum en þann 16. desember var farið að tala um mannshvarf við mig og sagt að ég hafi tekið þátt í líkamsárás með Kristjáni. Að kvöldi 17. desember var svo farið með mig út í Hafnarfjarðarhraun og sagt að benda á hvar líkið væri falið. Þetta var tóm vitleysa en nú kemur nokkuð skrítið upp. Rannsóknarmennirnir segja að Erla hafi ekki farið að tala um mannshvarf fyrr en 20. desember og þá hafi verið farið að spyrja mig. Þetta er lygi því þá var búið að spyrja mig um þetta eins og ég sagði áðan. Hvaðan fá þeir þá þessa hugmynd fyrst hún kom ekki frá mér eða Erlu?“ Lýsti Sævar yfir sakleysi sínu af báðum málunum.³⁵²⁶ Greindi Sævar frá því að sakborningar í málunum hafi verið ruglaðir með stöðugum yfirheyrslum og leiddir áfram í framburði. Orðrétt var haft eftir honum: „Það var búið að gera svo mikið úr málinu að lögreglan var komin í klandur. [...] Lögreglan gat ekki bakkað með allt saman og þá var bara hamast á okkur og við látnir taka undir sögur.“ Sagði Sævar að Albert Klahn gerði ekki greinarmun á ímyndun og raunveruleika en hann hafi verið notaður sem vitni, en hafi ekki verið sendur í geðrannsókn til að vita hvort eitthvað hafi verið að marka hann. Að lokum var haft eftir Sævari að hann treysti því að Hæstiréttur myndi sýkna hann og sagðist hann treysta á dómara þar.³⁵²⁷
1799. Fyrir liggur handritað bréf frá Tryggva Rúnari til Gunnlaugs Briem sakadómarar, dagsett 16. maí 1978. Bréfið ritaði hann sem gæslufangi í Hegningarhúsinu. Í bréfinu

³⁵²⁵ Bls. 3659.

³⁵²⁶ Bls. 3660.

³⁵²⁷ Bls. 3662.

óskaði Tryggvi Rúnar eftir því að fá heimild sakadómarans til að heimsækja ömmu sína sem væri veik.³⁵²⁸

1800. Meðal rannsóknargagna liggur fyrir skýrsla rannsóknarlögreglu ríkisins rituð af rannsóknarlögreglumönnum Sigurbirni Víði Eggertssyni og Eggerti Bjarnasyni, dagsett 28. maí 1978. Í skýrslunni kom fram að 9. apríl 1978 hafi [SSA], þá refsifangi á Litla-Hrauni hafi greint lögreglumanni á Selfossi og fulltrúa sýslumannsins þar að hann vissi hvar lík Geirfinns Einarssonar og Guðmundar Einarssonar væri að finna. Sagði hann líkin grafin við fjölbýlishús á Reykjavíkursvæðinu, en nánar hafi hann ekki viljað skýra frá. Var [SSA] fluttur til Reykjavíkur og voru Njörður Snæholm yfirlögregluþjónn og Hallvarður Einvarðsson, rannsóknarlögreglustjóri ríkisins, látnir vita af komu hans. Sagðist [SSA] fús til að benda á staðinn og vísaði hann á garðinn bak við hús númer 82 við Grettisgötu í Reykjavík. Fram kom að í húsinu hafi Kristján Viðar búið og þar byggi amma hans á fyrstu hæð. [SSA] hafi talið líkin vera nálægt húsveggnum. Greindi hann frá því að Kristján Viðar hafi sagt honum frá líkunum þegar þeir hafi strokið úr haldi árið 1975. Bókað var í skýrsluna að [SSA] hafi sagst gera sér fyllilega grein fyrir því að hann gæti hugsanlega hlotið refsingu fyrir að skýra ekki fyrir frá. Kvaðst hann ekki hafa þorað að greina frá þessu þegar hann hafi verið spurður um hvarf Guðmundar og Geirfinns hjá rannsóknarlögreglunni og fyrir dómi. Fram kom að [SSA] á hafi verið fluttur að Litla-Hrauni að kvöldi næsta dags.³⁵²⁹ Þá hafi hann verið fluttur að eigin ósk í Hegningarhúsið 20. apríl 1978. Hann hafi sagst geta veitt upplýsingar um mál Geirfinns og Guðmundar. Af því tilefni hafi þrívægis verið rætt við hann, 24. apríl, 3. maí og 5. maí 1978. Fram kom að um tíma hafi hann verið tilbúinn til að skýra frá þessu fyrir dómi gegn því að vera viðstaddur uppgröftinn, en honum hafi síðan snúist hugur og hann sagst ekki vilja staðfesta vitneskju sína nema gegn reynslulausn. Bókað var að reynt hafi verið að fá [SSA] til að greina frá atriðum varðandi Kristján Viðar og athafnir hans. Greindi hann þá frá því að Kristján Viðar hafi stolið skammbyssu sem hann geymdi í reyk háf í húsi ömmu sinnar. Bókað var að leitað hafi verið í reyk háfnum, engin byssa hafi fundist þar en ljóst að um góðan felustað væri að ræða. Í lok skýrslunnar var orðrétt bókað: „Ekkert hefur komið fram, sem styrkir það, sem [SSA] hefur sagt, og heldur ekkert, sem bendir til þess, að hann fari með ósannindi. Bent skal á, að það var [SSA], sem veitti upplýsingar sem leiddu til lausnar á hinum svokallaða „Póstmáli“ á sínum tíma og reyndist allt rétt, er hann þá skýrði frá.“³⁵³⁰
1801. Séra Jón Bjarman fangelsisprestur sendi bréf til dómismálaráðuneytisins 30. maí 1978 og fór þess á leit við ráðherra að hann hlutaðist til um að kanna hvort starfsmenn embættis sakadóms Reykjavíkur, rannsóknarlögreglu ríkisins, embættis ríkissaksóknara og starfsmenn fangelsisins við Síðumúla hafi sýnt ótilhlýðilega harðýðgi við yfirheyrslu eða einhvers konar prófun í Guðmundar- og Geirfinnsmálunum kvöldið 4. eða 5. maí 1976. Í bréfinu kom fram að það hafi verið gert með því að leggja hendur á Sævar og þannig reynt að vekja ótta og skelfingu

³⁵²⁸ Bls. 3663.

³⁵²⁹ Bls. 3664.

³⁵³⁰ Bls. 3665.

hans, Kristján Viðars og Erlu. Vísaði séra Jón í þessum efnunum til V. og X. kafla laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála. Auk þess vitnaði hann orðrétt í fyrra bréf sitt frá 24. september 1976 en þá kom Jón kærur á framfæri við ráðuneytið vegna harðræðis sem [ÖS], gæsluvarðhaldsfangi hafi mátt sæta í kjölfar þess að hafa staðið í bréfaskiptum við Sævar í maílok 1976. Gæsluvarðhaldsfanginn var fyrst settur í fótajárn sem refsingu en þegar hann hafi ekki hlýtt því að vera kjur að næturlagi þannig að háreisti og þar með ónæði skapaðist af hlekkjunum, var hann festur með handjárnnum við borðfót en fótajárnin fest við rúmfót og hann þannig með strekkur. Í bréfi sem Jón ritaði af þessu tilefni kom fram: „Hinur háa ráðuneyti er að sjálfsögðu kunnugt, að óeðlilegt ástand hefir ríkt í fangelsinu að Síðumúla 28 allt frá 23. desember 1975. Margir þeirra fanga, sem hafa verið í gæsluvarðhaldi á þessu tímabili og sumir þeirra, sem eru þar enn, hafa kvartað undan harðræði og því, að þeim hafi verið haldið í stöðugum ótta, bæði í sb. við framkvæmd gæzlunnar svo og við yfirheyrslur og rannsóknaraðgerðir í sb. við mál sín. [...] Brýna nauðsyn ber til að það sé kannað með prófunum af óvilhöllum aðila, hvort í þessum tilvikum og öðrum hafi verið beitt ótilhlýðilegri harðýðgi við gæzlufanga.“ Áréttaði séra Jón að hann væri enn þeirrar skoðunar að nauðsynlegt væri að kanna hvort og hvernig sakborningar í þessum málum hafi verið beittir harðrétti við rannsókn þeirra í þetta eða önnur skipti. Gat hann þess að framangreindir sakborningar hafi hvert um sig greint honum frá málsatvikum í sál-gæsluviðtölum án þess að hann hafi fitjað upp á málinu eða spurt spurninga. Þá hafi þau ekki farið þess á leit að hann hlutaðist til um eitt eða neitt sem hafi snúið að rannsóknum. Frásagnir þeirra allra hafi verið í meginatriðum samhljóða, Erla hafi greint honum frá þessu í maí 1976, Sævar í janúar 1978 og Kristján Viðar skömmu fyrir ritun bréfsins. Þess ber að geta að strikað hafði verið yfir tölustafinn átta í ártalinu og handritað sjö fyrir ofan. Rakti hann svo aðalatriði í frásögn þeirra. Þau þrjú hafi verið síðla dags leidd til samprófunar í viðtalsherberginu í Síðumúlafangelsi. Viðstaddir hafi verið Örn Höskuldsson rannsóknardómari, Hallvarður Einvarðsson vararíkissaksóknari, rannsóknarlögreglumennirnir Eggert N. Bjarnason, Sigurbjörn Víðir Eggertsson, Njörður Snæhólm og Gunnar Guðmundsson forstöðumaður. Í samprófuninni hafi verið lagt hart að Sævari að játa lýsingu Erlu á málsatvikum en hann virst ringlaður og miður sín og ekki vitað hvaðan á hann stóð veðrið. Meðan á því hafi staðið hafi Eggert ógnað Sævari, gripið í hár hans, kippt honum og hrint til og frá svo hann hafi verið nærri fallinn í gólfið. Seinna þegar Sævar hafi mótmælt einhverju hafi Gunnar gengið að honum og löðrungað hann. Samprófunin hafi við það endað í upplausn, Erla farið að æpa í móðursýkiskasti og Sævar hafi verið dreginn inn í klefa af tveimur fangavörðum sem hafi verið kallaðir til. Séra Jón gat þess að hann ræki minni til þess að gæslufangarnir Magnús Leópolldsson og Sigurbjörn Eiríksson hafi innt sig eftir því hvort drukkið fólk væri hýst í fangelsinu þar sem þeir hefðu kvöldið áður heyrt háreisti, óp og grát í húsinu. Loks gat séra Jón þess að hann vænti þess að ráðherra myndi hlutast til um að þetta yrði kannað af óvilhöllum aðila svo og öll framkvæmd rannsóknarinnar þar sem mikilsvert væri að lögum um rannsóknir og meðferð sakamála væri fylgt út í ystu æsar og réttinda sakborninga gætt.³⁵³¹

³⁵³¹ Bls. 3666–3667.

1802. Föstudaginn 14. júlí 1978 var dómþing sakadóms Reykjavíkur sett af Halldóri Þorbjörnssyni yfirsakadómarara og tekin fyrir krafa rannsóknarlögreglu ríkisins um heimild til leitar á lóð hússins að Grettisgötu 82. Bókað var að Þórir Oddsson vararannsóknarlögreglustjóri ríkisins hafi lagt kröfuna fram ásamt skýrslu og tveimur uppdráttum af fyrirhuguðu leitarsvæði.³⁵³² Í kröfunni kom fram að frásögn [SSA] væri ekki rökstudd, en með vísan til þess hve alvarlegt sakarefnið væri yrði ekki hjá því komist að leita allra löglegra ráða sem leitt gætu til þess að lík þessara manna myndu finnast. Fram kom að ekki hafi verið leitað leyfis hjá húsráðanda vegna skyldleika við einn dómfelldu, Kristján Viðar.³⁵³³ Í úrskurði sakadóms kom fram að með vísan til VII. kafla laga nr. 74/1974, um meðferð opinberra mála, væri úrskurðar dómara ekki þörf til leitar utanhúss, jafnvel þótt um væri að ræða lóð eða landareign manna. Var kröfunni því vísað frá dómi.³⁵³⁴ Fyrir liggur skýrsla rannsóknarlögreglu ríkisins rituð sama dag af Ívari Hannessyni um ferð að Grettisgötu 82 ásamt Þóri Oddssyni vararannsóknarlögreglustjóra, Nirði Snæhólm yfirlögregluþjóni, Sigurbirni Víði Eggertssyni rannsóknarlögreglumanni og tveimur starfsmönnum Kirkjugarða Reykjavíkur. Var tilefnið framburður [SSA] um að í garðinum væri að finna lík þeirra Guðmundar og Geirfinns. Fram kom að starfsmenn Kirkjugarða Reykjavíkur hafi verið með stálsteina og stungið út allan jarðveginn í garðinum, en með slíkum teinum könnuðu þeir jarðveg og ástand leiða í kirkjugörðum. Að því loknu hafi þeir verið þess fullvissir að ekki hefði verið hreyft við jarðvegi í garðinum í að minnsta kosti fimm ár.³⁵³⁵ Voru rannsóknargögnin send ríkissaksóknara til athugunar með bréfi dagsettu 31. júlí 1978.³⁵³⁶
1803. Fyrir liggur bréf Þórðar Björnssonar ríkissaksóknara til sakadóms Reykjavíkur, dagsett 28. júlí 1978, þar sem tilkynnt var um að dóminum hafi verið endursendar dómssgerðir í sakadómsmálinu sem varðaði sakarefni vegna Guðmundar Einarssonar.³⁵³⁷
1804. Þá liggur fyrir bréf dagsett 6. september 1978 frá séra Jóni Bjarman fangelsispresti til Gunnlaugs Briem sakadómarara. Með bréfinu kom fangelsispresturinn á framfæri beiðni Tryggva Rúnars, gæslufanga í Hegningarhúsinu, um endurrit af dómi í svokölluðu Guðmundarmáli. Efst á bréfið var handritað: „Svarað 8/9 '78.“ Svarbréfið liggur ekki fyrir meðal rannsóknargagna.³⁵³⁸
1805. Fimmtudaginn 2. nóvember 1978 ritaði Guðsteinn Þengilsson fangelsislæknir bréf um Sævar til Jóns Thors, deildarstjóra hjá dómsmálaráðuneytinu. Orðrétt sagði í bréfinu: „Það virðist æ greinilegra eftir því sem lengur líður og hann hefur dvalist lengur í fangelsum að einangrun og einvera er farin að setja mark sitt á hann. Er það þeim mun auðsýnna, sem Sævar hefur verið frá upphafi minni fyrir sér á andlega sviðinu og vantar allan styrkleik í skaphöfn sína. Hann hefur reynt að klóra örlítið í bakkann með lestri fræðandi bóka og einnig teiknun, en nú er einangrunin farin að kvelja hann

³⁵³² Bls. 3670.

³⁵³³ Bls. 3668–3669.

³⁵³⁴ Bls. 3670–3671.

³⁵³⁵ Bls. 3673–3674.

³⁵³⁶ Bls. 3676.

³⁵³⁷ Bls. 3675.

³⁵³⁸ Bls. 3677.

einum um of og erfitt að segja hversu lengi hann haldi herna út með vit sitt óskert. Vildum við lækna hér í Hegningarhúsinu fara þess á leit að einangrun Sævars yrði rofin svo skjótt sem mögulegt er og dvöl hans hér í Hegningarhúsinu höfð sem styttest. Hann sagðist kunna best við sig á Litla-Hrauni, en sjálfsagt kæmi Kvíabryggja einnig til greina.“ Fyrir liggur fylgibréf frá dóms- og kirkjumálaráðuneytinu þar sem fram kom að bréf Guðsteins hafi verið sent ríkissaksóknara 9. nóvember 1978.³⁵³⁹

1806. Fyrir liggur vottorð Brynleifs H. Steingrímssonar, héraðslæknis á Selfossi, til dómsmálaráðherra, dagsett 8. nóvember 1978, um fangann Kristján Viðar. Fram kom að vottorðið væri skrifað að beiðni ráðherrans samkvæmt bréfi dagsettu 3. október 1978 þar sem fram hafi komið sú spurning hvort heilsufari fangans hafi hrakað á þeim tíma sem hann hafi setið í gæsluvarðhaldi. Í vottorðinu sagði að líkamlega væri ekkert sérstakt að athuga við Kristján Viðar. En geðskoðun hafi leitt í ljós að Kristján Viðar væri að sjálfsögðu ekki í því ástandi sem talið yrði til geðlegs jafnvægis. Hann hafi hvað eftir annað farið á læknamóttökuna og fengið róandi lyf. Hann hafi fengið Mogadon fyrir svefn og eins róandi lyf að degi til. Hann hafi þó verið einhvern tíma án lyfja. Í vottorðinu kom fram að kvartanir Kristjáns Viðar hafi lotið fyrst og fremst að innilokun. Hann teldi geðheilsu sinni hætta búin vegna langvarandi, algjörrar innilokunar á Skólavörðustígnum. Þar væri vinnuaðstaða mun verri en á Litla-Hrauni. Orðrétt sagði í vottorðinu: „Eins er Kristján Viðar lokaður inni hér aðra hverja viku, þar sem hann á ekki að hafa möguleika til samneytis við Sævar Marinó Ciesielski og Tryggva Rúnar Leifsson.“ Fram kom að Kristján Viðar ruglaði ekki en greinilegt væri að hann hefði að undanfögnu orðið dálítið meyr, spenntari en áður og svo virtist sem innilokunin væri farin að hafa geðræn áhrif á fangann. Var ályktun héraðslæknisins sú að gæsluvarðhaldið hafi haft áhrif á Kristján Viðar. Frá heilsufarslegu sjónarmiði væri rétt að létta það og hafa hann við sömu skilyrði og aðrir fangar hafa.³⁵⁴⁰ Fyrir liggja tvö bréf rituð af Jóni Thors, deildarstjóra hjá dómsmálaráðuneytinu, dagsett 30. nóvember 1978, þar sem vottorð læknisins var sent Gunnlaugi Briem sakadómara og Þórði Björnssyni ríkissaksóknara til fróðleiks, eins og það var orðað.³⁵⁴¹
1807. Mánudaginn 20. nóvember 1978 ritaði Þórður Björnsson bréf til Læknaráðs. Fram kom að dómi sakadóms í Guðmundar- og Geirfinnsmálum hafi verið áfrýjað til Hæstaréttar Íslands, en áður en málflytningur færi fram þætti nauðsynlegt að leita umsagnar Læknaráðs um hvort ráðið féllist á niðurstöðu álitssgerða geðlækna um geðheilbrigði og sakhæfi Sævars, Tryggva Rúnars, Kristjáns Viðars, Erlu og Guðjóns. Fram kom að eintök dómsins og álitssgerðanna væru meðfylgjandi.³⁵⁴²
1808. Fyrir liggur bréf Brynleifs H. Steingrímssonar, héraðslæknis á Selfossi, til dómsmálaráðuneytisins, dagsett 29. nóvember 1978, um fangann Sævar. Vísað var til bréfs ráðuneytisins frá 3. október 1978 varðandi heilsufar fangans. Í bréfinu kom fram að skoðun hafi verið framkvæmd á fanganum. Líkamlega virtist ekkert sérstakt við hann að athuga, en geðskoðun hafi leitt í ljós að hann hafi róast síðan hann hafi komið

³⁵³⁹ Bls. 3681.

³⁵⁴⁰ Bls. 3687.

³⁵⁴¹ Bls. 3685–3686.

³⁵⁴² Bls. 3682–3683.

að Litla-Hrauni og orðið mun léttari í öllum tjáskiptum. Sævar kæmi tiltölulega eðlilega fram á allan hátt. Vísaði hann í umsögn sína um Kristján Viðar og áréttaði álit sitt um að gæsluvarðhald það sem þeir sættu væri án efa mikil áreynsla á geðheilsu en ekki væri unnt með góðu móti að mæla það. Ákaflega erfitt væri að segja til um hversu lengi þeir myndu þola þetta mikla álag. Lagði læk'nirinn til að gæsluvarðhaldinu yrði breytt í léttara form og þeir fengju að vistast eingöngu á Litla-Hrauni.³⁵⁴³

1809. Meðal rannsóknargagna liggur fyrir bréf Páls S. Pálssonar, hæstaréttarlögmanns og verjanda Kristjáns Viðars, til Þórðar Björnssonar ríkissaksóknara, dagsett 23. febrúar 1979. Áréttaði hann athugasemdir sínar um að það væri með öllu óhæft að skjólstæðingi hans væri haldið í gæsluvist sem væri þess eðlis að heilsu hans væri stefnt í voða. Vísaði hann í greinargerð sína til Hæstaréttar Íslands dagsetta 19. desember 1978 þar sem ítarlegar væri fjallað um þetta. Í bréfinu kom fram að sakadómur Reykjavíkur hafi úrskurðað Kristján Viðar í áframhaldandi gæsluvarðhald til 19. desember 1979 eða þar til dómur Hæstaréttar gengi í málinu. Þann úrskurð hafi Hæstiréttur staðfest þrátt fyrir mótmæli verjandans, en hann hafi í greinargerð sinni til réttarins vitnað til vottorðs frá Brynleifi Steingrímssyni héraðslækni. Vonaðist hann til þess að ríkissaksóknara væri kunnugt efni vottorðsins. Eins og ríkissaksóknara væri kunnugt um þá hefði verjandinn enn ekki fengið málsgögn héraðsdóms í hendur og málinu hafi ekki enn verið skilað í ágripsformi til Hæstaréttar. Kvartaði verjandinn undan drætti málsins og taldi ótækt að úrslit málsins biðu eftir umsögn frá Læknaráði. Orðrétt sagði í lok bréfsins: „Ég þrýsti á þetta af mjög brýnni nauðsyn skjólstæðings míns til þess að komast í reglubundna fangavist en þurfa ekki að sæta því að verða öðru hverju rifinn upp úr vistinni þarna fyrir austan og sendur í fangahúsið í Reykjavík, ávallt í einhvers konar einangrun sem gæslufangi á meðan mál hans bíður meðferðar fyrir Hæstarétti.“³⁵⁴⁴ Meðal rannsóknargagna liggur fyrir bréf Þórðar Björnssonar ríkissaksóknara dagsett 14. mars 1979 þar sem hann framsendi til fullnustuskrifstofu dómsmálaráðuneytisins bréf Páls S. Pálssonar, verjanda Kristjáns Viðars, til athugunar. Í bréfinu tók ríkissaksóknari fram að unnið væri markvisst að ágripsgerð til Hæstaréttar en álit Læknaráðs lægi ekki enn fyrir.³⁵⁴⁵ Fyrir liggur bréf ráðuneytisins til ríkissaksóknara dagsett 30. mars 1979. Í bréfinu kom fram að eftir uppkvaðningu dóms sakadóms Reykjavíkur hafi Gunnlaugur Briem sakadómari tilkynnt ráðuneytinu að dómurinn hefði fallist á að sú breyting yrði á framkvæmd gæsluvarðhaldsins að aflétt yrði þeirri einangrun sem þeir hafi sætt í fangelsinu við Síðumúla, en þó þannig að fangarnir yrðu eftir því sem unnt væri aðskildir frá hvor öðrum. Orðrétt sagði í lok bréfsins: „Telur ráðuneytið eigi unnt að haga gæsluvarðhaldsvistinni, miðað við framangreindar leiðbeiningar, með öðrum hætti en nú er gert og að það sé viðkomandi dómstóls að ákveða, hversu mikilli einangrun fangarnir skuli sæta.“ Var bréf verjanda Kristjáns Viðars af þeim sökum endursent.³⁵⁴⁶

³⁵⁴³ Bls. 3684.

³⁵⁴⁴ Bls. 3688–3689.

³⁵⁴⁵ Bls. 3691.

³⁵⁴⁶ Bls. 3692.

1810. Þriðjudaginn 6. mars 1979 ritaði Jón Oddsson, verjandi Sævars, bréf til Þórðar Björnssonar ríkissaksóknara um beiðni hans um frekari skýrslugjöf og rannsóknir vegna hæstaréttarmáls nr. 214/1978. Vildi Sævar gefa frekari skýrslur vegna málsins til skýringa á fyrri framburði og til að leggja fram kærur og skýrslur vegna harðræðis sem hann teldi sig hafa verið beittan í fangelsinu við Síðumúla og af hendi rannsóknaraðila málsins.³⁵⁴⁷
1811. Af ofangreindu tilefni var tekin lögregluskýrsla af Sævari í Hegningarhúsinu 6. apríl 1979. Viðstaddir skýrslutökuna voru auk Sævars, Jón Oddsson verjandi hans, Þórður Björnsson ríkissaksóknari, Þórir Oddsson vararannsóknarlögreglustjóri og Guðmundur Guðjónsson rannsóknarlögreglumaður sem annaðist skýrslutökuna. Bókað var ríkissaksóknari hafi lagt fram bréf Sævars og að Sævar hafi reifað lauslega þau sjónarmið sem lægju að baki bréfinu. Að því búnu beindi vararannsóknarlögreglustjóri því til Sævars að setja fram skriflega greinargerð um þau atriði sem hann teldi að rannsaka þyrfti. Bókað var að Sævar, verjandi hans og ríkissaksóknari hafi fallist á þessar málalýktir.³⁵⁴⁸
1812. Meðal rannsóknargagna liggur fyrir vélritað bréf Sævars til Þóris Oddssonar vararannsóknarlögreglustjóra hjá rannsóknarlögreglu ríkisins, dagsett 22. apríl 1979. Vísaði Sævar til samtals hans og Þórðar Björnssonar ríkissaksóknara í Hegningarhúsinu 6. apríl 1979 og greindi frá atvikum er lutu að meintu harðræði. Undir yfirheitinu: „Nr. 1“ lýsti Sævar atviki sem hafi átt sér stað í lok apríl eða byrjun maí 1976 þegar hann hafi verið í yfirheyrslu í fangelsinu við Síðumúla. Greindi Sævar frá því að á dagvakt í umrætt sinn hafi verið Gunnar Guðmundsson forstöðumaður, Högni Einarsson fangavörður og tveir aðrir sem hann myndi ekki hverjir hafi verið. Á kvöldvakt hafi verið Gunnar Marinósson varðstjóri og fangaverðirnir Kjartan Kjartansson og Ari Ingimundarson. Lýsti Sævar því að um klukkan 20:00, rétt fyrir vaktaskipti, hafi hann verið sóttur til yfirheyrslu af Högna, en þá hafi hann verið nýkominn úr yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglumönnum Eggerti Bjarnasyni og Sigurbirni Víði Eggertssyni. Þegar hann hafi komið inn í yfirheyrsluherbergið hafi Gunnar Guðmundsson verið þar einn og sagt Högna að halla aftur hurðinni. Gunnar hafi þá byrjað að bera á hann ýmsar sakir og sagt svo: „Þú skalt segja mér hverjir fóru til Keflavíkur.“ Kvaðst Sævar hafa sagst ekkert vita og við það hafi Gunnar ráðist að honum, gripið um skyrtuhálsmálið og skellt honum upp að vegg og hert um hálsinn. Þá hafi Gunnar sagt: „Þótt ég dræpi þig þá fengi ég ekki dóm fyrir það og þú skalt tala.“ Fangavörður hafi komið inn um það leyti sem hann hafi verið við það að missa meðvitund og spurt hvort allt væri með felldu. Gunnar hafi þá æpt að fangaverðinum og sagt honum að loka. Yfirheyrslan hafi staðið yfir til klukkan 22:00 en þá hafi Gunnar Guðmundsson farið af vakt og skipað Gunnari Marinóssyni að sitja yfir honum. Greindi Sævar frá því að honum hefði verið gert að standa teinréttur með hendur niður með síðum fram að miðnætti en þá hafi hann fengið að fara inn á klefa aftur.³⁵⁴⁹ Undir yfirheitinu: „Nr. 2“ greindi Sævar frá atviki sem hafi átt sér stað fyrstu

³⁵⁴⁷ Bls. 3690.

³⁵⁴⁸ Bls. 3773.

³⁵⁴⁹ Bls. 3694.

dagana í maímánuði 1976, en þá hafi hann verið færður til yfirheyrslu án þess að vita af hvaða tilefni. Samankomin í yfirheyrsluherberginu hafi verið Erla, Kristján Viðar, Örn Höskuldsson, fulltrúi sakadóms, Hallvarður Einvarðsson vararíkissaksóknari, rannsóknarlögglumennirnir Njörður Snæhólm, Eggert Bjarnason og Sigurbjörn Víðir Eggertsson og Gunnar Guðmundsson forstöðumaður. Borið hafi verið á hann að hafa verið í Keflavík 19. nóvember 1974 með Einari Bollasyni, Sigurbirni Eiríkssyni, Valdimar Olsen og Magnúsi Leópoldssyni. Greindi Sævar frá því að hafa neitað að ljúga upp á sig eða aðra en þá hafi Eggert Bjarnason rifið í hárið á honum, Erla hafi farið að gráta og sagst hafa skotið Geirfinn Einarsson. Kristján Viðar hafi þá sagst hafa stungið pilt með hnífi. Hann hafi spurt þá hvað þeir vildu og hvað þeir hefðu gert við Erlu barnsmóður hans. Gunnar Guðmundsson hafi þá steytt hnefann framan í hann og hóttað honum. Sagðist Sævar hafa bent Hallvarði Einarssyni á það að þetta væri kæratriði. Eggert Bjarnason hafi þá slegið í hann og snúið upp á hár hans og sagt: „Þú ætlar ekki að skilja.“ Eggert hafi hreytt í hann ónotum þegar hann hafi beðið hann um að sleppa. Greindi Sævar frá því að tveir fangaverðir, Guðjón Lúther og Jón Baldvin, hafi komið með hraði út úr varðstjóraherberginu. Eini maðurinn sem ekki hafi sagt orð hafi verið Njörður Snæhólm og hafi frekar verið áhorfandi en þátttakandi. Benti Sævar á að hann treysti honum til að segja rétt frá. Í lok bréfsins vísaði Sævar til seinni málflyttingsræðu sækjanda málsins, Braga Steinarssonar, en í ræðunni hafi hann sagt að ef sakborningar í málinu hafi verið beittir harðræði hefðu lögfræðingar þeirra átt að leita til yfirmanna lögreglunnar.³⁵⁵⁰

1813. Fyrir liggur ódagsett handritað bréf Sævars til Þórðar Björnssonar ríkissaksóknara þar sem hann vísar til þess að hafa sent honum bréf með nokkrum atriðum um harðræði í Síðumúlafangelsi.³⁵⁵¹ Meðal rannsóknargagna liggur fyrir ódagsett vélritað bréf, undirritað af Sævari þar sem hann dregur upp mynd af einangrunardvöl sinni í Síðumúlafangelsi. Í bréfinu lýsti Sævar því að honum hafi verið gert lífið óbærilegt og komið fram við hann eins og eitthvað dýr. Skriffæri, lyf og rúmlök hafi verið tekin af honum í nýu mánuði. Á sama tíma hafi hann fengið mjög lítið tóbak. Það eina sem hann hafi fengið að hafa í klefanum hafi verið þrjú ullarteppi. Þetta hafi átt sér stað í lok desember 1975 eða í byrjun janúar 1976. Hann hafi verið í klefa númer 22 í þrjá mánuði, en ljós í klefanum hafi logað allan sólarhringinn. Þegar hann hafi óskað eftir að ljósið yrði slökkt hafi hann fengið þau svör að slökkvarinn væri ónýtur, en hann hafi verið staðsettur fyrir utan klefann. Greindi Sævar frá því að hafa ekki fengið að fara út í fangelsisgarðinn til jafns við aðra sakborninga í Guðmundar- og Geirfinnsmálum. Hann hafi ekki fengið að fara út í garðinn fyrr en um veturinn 1976. Þá hafi fangaverðir ráðist á hann með líkamlegu ofbeldi án nokkurs tilefnis. Hann hafi tvívegis verið settur í fótajárn stanslaust í þrjár vikur í senn, þá hafi hann verið einn sólarhring í handjárnnum á sama tímabili. Hann hafi aldrei verið með stól inni á klefanum sínum á meðan dvölinni stóð. Þá hafi loftræsting í klefanum verið fram úr hófi léleg.³⁵⁵²

³⁵⁵⁰ Bls. 3694.

³⁵⁵¹ Bls. 3697.

³⁵⁵² Bls. 3698.

1814. Meðal gagna málsins liggur fyrir greinargerð Valdimars Olsen um gæsluvarðhaldsvist hans í Síðumúlafangelsi í byrjun árs 1976. Greinargerðin er ódagsett en í vinstra horni skjalsins er þingmerking bæjarþings Reykjavíkur dagsett 3. maí 1979. Lýsti hann aðbúnaðinum í fangelsinu, hann hafi ekki fengið viðtal við lögmann sinn svo dögum skipti og ekki fengið að fara út undir bert loft nema þegar hann hafi verið fluttur í yfirheyrslur í sakadómi Reykjavíkur. Þá greindi Valdimar frá því þegar hann setti fram viðtalsbeiðni við réttargæslumann sinn nokkrum dögum eftir handtökuna 26. janúar 1976. Gunnar Guðmundsson forstöðumaður fangelsisins hafi þá komið inn á klefa til hans og spurt hvort viðtalið væri aðkallandi. Það væri vandkvæðum bundið að fá viðtal við lögfræðinginn þar sem hann hafi komið daginn áður. Orðrétt ritaði Valdimar: „Síðan spyr hann hvort ég geti sagt sér, hvað ég ætli að bera upp við hann. Ég geti skýrt sér frá því í fyllsta trúnaði. Hann sé yfirmaður fangelsisins, á sínum herðum hvíli mikil ábyrgð og trúnaðarsamband mitt og hans sé hluti af þeirri ábyrgð. Ég skildi þessi orð hans þannig, að honum væri óheimilt að segja lögreglumönnum það sem hann kynni að verða vísari með þessu móti, á svipaðan hátt og lögmenn og læknar. Ekki svo að skilja að ég hefði einhverju að leyna. Mér fannst ekkert athugavert við það að segja honum þau atriði, sem ég ætlaði að ræða um við lögmanninn, sem ég og gerði. Þegar þeirri upptalningu lauk, sagði hann skyndilega: Segðu nú bara sannleikann, Valdimar minn. Ég veit að þú fórst í þessa ferð.“ Lýsti Valdimar því í framhaldinu að þetta hafi komið flatt upp á hann og hann hafi orðið orðlaus af undrun. Þá hafi Gunnar haldið áfram og sagt að vinir hans hefðu sagt hann flæktan í málið.³⁵⁵³
1815. Fyrir liggur skrifleg aðilaskýrsla Magnúsar Leópoldssonar í tengslum við málhöfðun hans gegn íslenska ríkinu til heimtu skaðabóta vegna gæsluvarðhaldsvistar að ósekju. Skýrslan er ódagsett en þingmerkt sem dómskjal á bæjarþingi Reykjavíkur. Í skýrslu hans kom fram að ákveðið hafi verið að hann fengi að hitta lögfræðing sinn tvisvar í viku á þriðjudögum og föstudögum, en síðan hafi það verið dregið til baka þannig að hann hafi bara fengið að hitta hann í 15 mínútur á viku á þriðjudögum. Í skýrslunni lýsti Magnús því að Gunnar Marinósson varðstjóri hafi komið inn á klefa til hans og kynnt honum reglur fangelsisins. Orðrétt ritaði Magnús: „[Þ]ær voru í stuttu máli þessar, og reyndar alfarið þessar, að það væri ráðlegast fyrir mig að haga mér skikkanlega þá gæti ég búist við þokkalegri meðferð en ef ég væri með einhvern derring þá mundu þeir bara taka á þessu máli með hörku.“³⁵⁵⁴
1816. Jón Oddsson, verjandi Sævars, sendi vararannsóknarlögreglustjóra bréf 7. maí 1979 ásamt ódagsettu bréfi Sævars til vararannsóknarlögreglustjóra vegna rannsóknar á ætluðu harðræði, gagnvart Sævari. Í bréfinu óskaði Jón eftir því að fá inn í rannsóknina bréf séra Jóns Bjarman sem hann hafði sent dómsmálaráðuneytinu svo og skýrslur hjá Ásgeiri Friðjónssyni sakadómara varðandi framburði ákærðu.³⁵⁵⁵ Í framangreindu bréfi sínu gerði Sævar grein fyrir þeim refsingum, sem hann nefndi svo, sem hann hefði þurft að þola í Síðumúlafangelsinu. Gat hann sér þess til að

³⁵⁵³ Gögn starfshóps, bls. 1–7.

³⁵⁵⁴ Gögn starfshóps, bls. 8–23.

³⁵⁵⁵ Bls. 3774.

Gunnar Guðmundsson, forstöðumaður fangelsisins, hafi staðið þar að baki. Í bréfinu taldi Sævar upp átta tilvik illrar meðferðar.³⁵⁵⁶

1817. Fyrsta tilvikið hafi verið milli jóla og nýárs 1975 þar sem Skúli Steinsson fangavörður hafi vænt hann um að vera að hringja þjöllunni í klefanum í þrígang og haft í hótunum um að hann yrði ekki tekinn neinum hanskatökum. Nefndi Sævar að tveir aðrir fangaverðir hafi verið viðstaddir.
1818. Í lok desember 1975 hafi Sævar veikst fyrir hjartanu og í byrjun janúar hafi honum verið útvegað hjartalyf en áður hafi verið búið að neita honum margoft um lækni. Nefndi Sævar í þessu sambandi að Guðrún Jóna Sigurjónsdóttir, fangavörður, hafi verið á vakt. Rétt eftir að honum hafi verið útvegað lyfið hafi það verið tekið af honum með þeim orðum af hálfu Gunnars Guðmundssonar forstöðumanns að ekkert væri að honum annað en samviskan.
1819. Sævar greindi frá því að eftir að hjartalyfið hafi verið tekið af honum hafi honum verið gert ókleift að sofa. Högni Einarsson og Erlingur Þór Guðmundsson fangaverðir hafi opnað klefahurð hans og skellt henni þannig að glumdi í öllu fangelsinu þannig að það hefur ekki farið fram hjá nokkrum fanga þau læti. Eins hafi þeir gert sér leik að því að berja í vegg klefans sem hafi verið við hlið varðstofunnar.
1820. Fjórða tilvikið sem Sævar greindi frá í bréfi sínu hafi verið í byrjun janúar 1976. Þá hafi Högni Einarsson fangavörður tjáð honum er hann óskaði eftir að komast á klósettið að það væri skipun frá varðstjóra að hann fengi það ekki nema allsnakinn. Þegar Sævar hafi ekki viljað gera það hafi Högni hrint honum í gólfið. Nokkru síðar hafi Sævar hringt á ný og þá hafi Örn Ármann Sigurðsson fangavörður komið og haft sömu orð yfir. Eftir þref hafi Sævari verið leyft að fara eins og hann var klæddur á klósettið. Nefndi Sævar að hann hafi séð Sigurbjörn Víðir Eggertsson rannsóknarlögreglumann og Guðrúnu Jónu Sigurjónsdóttur fangavörð inni á varðstofu fangavarða.
1821. Um kvöld í byrjun janúar 1976 hafi fangaverðirnir Högni Einarsson, Erlingur Þór Guðmundsson og Örn Ármann Sigurðsson komið inn í klefa og sagst ætla að bera Sævar út í laki. Þeir hafi síðan vafið hann inn í lak og sveiflað honum til og frá.
1822. Sævar greindi frá því að þeir Skúli Steinsson, Högni Einarsson, Erlingur Þór Guðmundsson og Örn Ármann Sigurðsson fangaverðir hafi verið tímunum saman inni í klefa hans að yfirheyra hann og troða sínum hugarfóstrum inn í vitund hans um að hann væri viðriðinn hvarf Guðmundar Einarssonar og er fram liðu stundir að saka hann um hvarf Geirfinns Einarssonar. Gunnar Guðmundsson forstöðumaður hafi líka ásakað hann í þessum efnum og hótað en hann hafi ætíð verið einn í því.
1823. Lýsti Sævar sjöunda tilvikinu um illa meðferð þannig að honum hafi verið neitað um að tala við réttargæslumann sinn, Jón Oddsson, en hann hafi þó verið viðstaddur upplestur tveggja skýrslna 4. og 6. janúar 1976 en honum hafi verið neitað af forstöðumanni og fangavörðum um að hitta Jón. Hann hafi ekki náð tali af honum fyrr en í apríl 1976.

³⁵⁵⁶ Bls. 3775–3776.

1824. Loks greindi hann frá því að fangaverðirnir, Skúli Steinsson, Högni Einarsson, Erlingur Þór Guðmundsson og Örn Ármann Sigurðsson hafi lagt á hann hendur og haft í frammi margvíslegar hótanir í desember 1975 og fram í janúar 1976 að mestu.
1825. Þess var að lokum getið af hálfu Sævars að sökum andlegrar þreytu léti hann staðar numið að sinni.
1826. Hallvarður Einvarðsson rannsóknarlögreglustjóri ríkisins sendi dómsmálaráðuneytinu bréf 10. maí 1979 af ofangreindu tilefni. Rakti hann framgang málsins og efni bréfs Jóns Oddssonar frá 7. maí 1979. Í bréfinu vísaði Hallvarður til 8. gr. laga nr. 108/1976 um rannsóknarlögreglu ríkisins, samanber 3. gr. laga nr. 5/1978, þar sem kveðið var á um að þegar rannsóknarlögreglustjóri væri svo riðinn við mál eða aðila að hann mætti ekki gegna dómaraströfum í málinu bæri honum að tilkynna dómsmálaráðherra um það. Í ákvæðinu var kveðið á um að í slíkum tilvikum skipaði ráðherra vararannsóknarlögreglustjóra eða annan löghæfan mann til verksins.³⁵⁵⁷
1827. Meðal rannsóknargagna liggur fyrir bréf Hjartar O. Aðalsteinssonar, dómarafulltrúa við sakadóm Reykjavíkur, dagsett 23. maí 1979, til Páls S. Pálssonar, verjanda Kristjáns Viðars, sem var svar við beiðni Páls um að skjólstaðingur hans fengi samfleytt að afplána gæsluvarðhaldsvist sína á Litla-Hrauni. Í bréfinu kom fram að ákærvaldið fengi gæsluvarðhaldsúrskurð til framkvæmda og eftir það hefði dómari engin afskipti af málinu eða yfirsýn yfir stöðu þess. Með vísan til þess væri ekki unnt að verða við beiðni verjandans um breytingu á vistun Kristjáns Viðars.³⁵⁵⁸
1828. Miðvikudaginn 30. maí 1979 var Þórir Oddsson vararannsóknarlögreglustjóri skipaður til að annast sem rannsóknarlögreglustjóri, meðferð máls vegna bréfs Jóns Oddssonar, verjanda Sævars, dagsettu 6. mars 1979, til ríkissaksóknara um að Sævar yrði gefinn kostur á að gefa frekari skýrslur vegna sakarefnis hæstaréttarmáls nr. 214/1978 svo og að leggja fram kærur og skýrslur vegna meints harðræðis.³⁵⁵⁹
1829. Fyrir liggur handritað bréf frá [SÓG], móður Sævars, til Þóris Oddssonar vararannsóknarlögreglustjóra, dagsett 31. maí 1979. Bréfið var alls þrettán blaðsíður og fjallaði um rannsókn Guðmundar- og Geirfinnsmálanna, yfirlýsingar rannsóknarmanna í fjölmiðlum og þá meðferð sem sonur hennar hafi hlotið af hendi rannsóknarmanna. Átaldi hún rannsóknarmenn og dómstóla fyrir að taka engar fjarvistarsannanir til greina.³⁵⁶⁰ Greindi hún frá því að hafa hringt í Erlu í febrúar 1976 þegar hún hafi verið laus úr Síðumúlafangelsi og spurt hana hvort Sævar hafi myrt Guðmund Einarsson líkt og Örn Höskuldsson hafi lýst yfir í fjölmiðlum. Orðrétt ritaði [SÓG]: „[N]ei, sagði hún, hann lagði engvar hendur á hann. Er það nú alveg víst? spurði ég. Já, svaraði hún því ég horfði á þetta allt saman.“³⁵⁶¹ Undir lok bréfsins ritaði [SÓG] um að það andlega og líkamlega ofbeldi sem sonur hennar og fleiri hafi borið um að hafa orðið fyrir. Orðrétt ritaði hún: „Ég hef rifnar skyrtur af Sævari sem ég fékk

³⁵⁵⁷ Bls. 3769.

³⁵⁵⁸ Bls. 3699.

³⁵⁵⁹ Bls. 3700.

³⁵⁶⁰ Bls. 3701.

³⁵⁶¹ Bls. 3703.

úr Síðumúlafangelsi sem sanna að hann var beittur líkamlegu ofbeldi. Ég var undrandi hvernig föt hans gátu rifnað svona, og sum voru ný. En nú veit ég afhverju.³⁵⁶²

1830. Föstudaginn 15. júní 1979 ritaði Jón Oddsson, verjandi Sævars, bréf til Þórðar Björnssonar ríkissaksóknara. Upplýsti hann um að [HJP] hafi hringt til hans sama dag og greint sér frá því að framburðir hans í sakadómsmálunum væru rangir. [HJP] hafi bent á ýmsa þætti og atvik því til stuðnings og vísað til vegabréfaáritunar þar sem fram kæmi að hann hafi verið erlendis fram til 31. janúar 1974, en frásagnir hans við yfirheyrslur hafi snúist um atvik sem hafi gerst fyrr í þeim mánuði. Fór Jón fram á að [HJP] yrði kallaður til skýrslugjafar þegar í stað.³⁵⁶³
1831. Meðal rannsóknargagna liggur fyrir handritað bréf ritað af [HJP] dagsett 18. júní 1979. Greindi hann frá því að hafa verið tekinn til yfirheyrslu í febrúar 1976 þegar hann hafi komið frá Hollandi. Í það skiptið hafi hann verið spurður um ferðir hans 26. janúar 1974, en lögreglan hafi vitað að hann hafi þá verið staddur í Hollandi þar sem þeir hafi haft kvittun fyrir greiðslu á flugfarinu hans frá 29. janúar 1974. Lögreglan hafi spurt aftur og aftur og hóttað gæsluvarðhaldi. Um sumarið 1976 hafi hann verið yfirheyrður vegna Geirfinnsmálsins. Lögreglan hafi spurt hann hvar hann hefði verið staddur 19. nóvember 1974 en hann hafi ekki getað gert grein fyrir ferðum sínum. Þá hafi lögreglan hóttað honum gæsluvarðhaldi og einn fangavörður hafi hóttað að beita hann agareglum ef það myndi heyrast í honum í klefanum. Honum hafi verið sleppt um kvöldið. Greindi [HJP] frá því að fyrir dómi hafi hann verið spurður villandi spurtinga og ekki hafi verið bókað rétt eftir honum. Nefndi hann sem dæmi að hann hafi verið spurður hvort Sævar hafi talað um að láta menn hverfa. Hann hafi svarað því játandi og það hafi verið bókað eitt og sér en ekki skýringar hans um að það hafi hann líka gert og flestir sem hann þekkti en það hafi alltaf verið sagt í gríni eða stundarbrjálæði og aldrei komið til framkvæmda. Í lok bréfsins ritaði hann um að vita núna að daginn sem Geirfinnur hafi horfið hafi hann verið að Laugavegi 32 ásamt Kristjáni Viðari og [PKKP].³⁵⁶⁴
1832. Fyrir liggur handritað bréf frá [SÓG], móður Sævars, til Þóris Oddssonar vararannsóknarlögreglustjóra, dagsett 29. júní 1979. Rakti hún í 15 liðum atriði sem hún óskaði eindregið eftir að yrðu rannsökuð. Undir lið 14 ritaði [SÓG]: „Sævar sonur minn lagði fram fyrir dómara Gunnlaug Briem vélrituð blöð, um þá illu meðferð sem hann þurfti að þola meðan hann var í einangrun í Síðumúlafangelsi. Ég óska eftir að það verði kannað, af hverju Gunnlaugur Briem tók ekkert mark á því og sagði: Þetta skeður ekki á Íslandi. Ég hef rifin föt af Sævari sem ég fékk úr Síðumúlafangelsi.“³⁵⁶⁵
1833. Þórir Oddsson ritaði ríkissaksóknara bréf 9. ágúst 1979 vegna rannsóknar á ætluðu harðræði gagnvart Sævari Marinó Ciesielski, í samræmi við bréf Jóns Oddssonar hæstaréttarlögmans frá 6. mars 1979.³⁵⁶⁶ Í því greindi Þórir frá framvindu málsins frá 6. mars til þess dags er hann var skipaður til þess að annast meðferð málsins. Þá kom

³⁵⁶² Bls. 3712.

³⁵⁶³ Bls. 3714.

³⁵⁶⁴ Bls. 3715–3716.

³⁵⁶⁵ Bls. 3722.

³⁵⁶⁶ Bls. 3274–3275.

hann á framfæri gögnum sem hann skilgreindi í 15 tölusettum liðum. Þar á meðal voru tölusett númer 1–3 fyrirnefnd tvö bréf Jóns Oddssonar hæstaréttarlögmanns, ásamt bréfi Sævars sem var meðfylgjandi fyrra bréfinu, og lögregluskýrsla dagsett 6. apríl 1979. Að auki fylgdu eftirtalin gögn:

1834. 4) Bréf Sævars, dagsett 17. maí 1979, ásamt ódagsettu bréfi til Þóris Oddssonar með fyrirsögninni „Guðmundarmálið“ og afmörkuðum athugasemdum við dómsniðurstöðu sakadóms Reykjavíkur í því máli.³⁵⁶⁷ Í fyrirnefnda bréfinu, sem dagsett var 17. maí, falaðist Sævar eftir liðsinni í fjórar eða fimm klukkustundir á dag vegna málsins, helst Gísla Guðmundssyni en ef hann hefði ekki tíma, þá einhvern hlutlausan aðila. Þessa var óskað þar sem hann væri óstarfhæfur eftir liðlega tveggja ára einangrunardvöl. Í ódagsettri bókun, undirritaðri af Þóri Oddsyni og Guðmundi Guðjónssyni, rannsóknarlögglumanni, var þess getið að ekki hafi þótt ástæða til að verða við þessari ósk Sævars.³⁵⁶⁸ Í bréfinu sem bar fyrirsögnina „Guðmundarmálið“ greindi Sævar frá því að upphaf málsins hafi verið að hann var boðaður til yfirheyrslu 17. eða 18. desember 1975 og borið upp á hann að hafa tekið þátt í líkamsárás aðfaranótt 27. janúar 1974³⁵⁶⁹. Degi síðar hafi hann aftur verið yfirheyrður en svo keyrður út í Hafnarfjarðarhraun í Bronco bifreið sem hann taldi að Jónas Bjarnason rannsóknarlögglumaður hafi átt en í förlunni hafi verið rannsóknarlögglumennirnir Eggert N. Bjarnason og Sigurbjörn Víðir Eggertsson sem hafi borið á hann að hafa farið með dáinn pilt út í hraunið. Kvaðst Sævar hafa verið beittur harðræði, hótad og hann svívirtur. Nokkrar slíkar ferðir hafi verið farnar en hann hafi ekkert vitað um hvað lögreglumennirnir hafi verið að tala og ekki kunnað neinar skýringar á því hvers vegna Kristján Viðar, Tryggvi Rúnar, Albert Klahn eða Erla væru að ljúga upp á hann sakir. Síðan sagði hann frá því að 20. desember hafi Örn Höskuldsson komið inn yfirheyrsluherbergið og tjáð sér að Erla hafi eiðsvarið framburð og síðan hafið lestur skýrslunnar. Sævar kvaðst hafa stöðvað lesturinn og sagt Erni að þeir hefðu sjálfir samið það sem í skýrslunni gat að líta og svo þvingað Erlu til að gera þessa skýrslu. Hann hafi ítrekað eigið sakleysi og óskað þess að fjarvistir yrðu kannaðar. Það hafi síðan verið 4. janúar 1976 sem hann hafi tekið undir frásagnir um að hafa verið staddur á Hamarsbraut með Kristjáni Viðari og Tryggva Rúnari þegar þeir hafi ráðist á pilt. Það hafi hann gert gegn lofordi Eggerts og Sigurbjörns Víðis um að hann myndi losna úr gæsluvarðhaldi þar með. Að sögn hafi hann dregið framburðinn til baka þar sem hann hafi ekki geta tjáð sig um eitthvað sem hann vissi ekkert um en hann hafi verið búinn að vera í löngum og ströngum yfirheyrslum þegar hann skrifaði undir skýrsluna. Vegna fyrirnefnds loforðs hafi hann síðan ekki gert neinar athugasemdir við upplestur skýrslunnar þó Jón Oddsson, réttargæslumaður hans, hafi verið viðstaddur. Þá gat Sævar þessi í bréfinu að meðferðin í yfirheyrslum og framkoma fangavarda í Síðumúlafangelsinu hafi komið því til leiðar að hann hafi tekið undir framburði lögreglumannanna sem hafi átt að vera komnir frá Kristjáni Viðari, Tryggva Rúnari og Alberti Klahn. Loks bar Sævar um að hafa komið fyrir dóm 11. janúar 1976 og kært

³⁵⁶⁷ Bls. 3802.

³⁵⁶⁸ Bls. 3803.

³⁵⁶⁹ Bls. 3804.

rannsóknarlögreglumennina fyrir að hafa þvingað sig til skýrslugjafar 4. og 6. janúar sama ár, ekkert hafi þó verið bókað um þetta. Örn Höskuldsson, fulltrúi yfirsakadómara, hafi látið þetta sem vind um eyru þjóta og framlengt gæsluvarðhald um 60 daga. Ritaði Sævar um að honum hafi verið sagt að þýðingarlaust væri að kæra úrskurðinn til Hæstaréttar. Þegar hann hafi innt eftir réttargæslumanni sínum hafi því verið svarað að við hann hefði hann ekkert að tala. Örn hafi þó getið um þessar kröfur í bréfi sem hann hafi sent sakadómurum málsins þar sem hann skýrði svo frá að hann hafi ekkert mark tekið á Sævari þar sem hann hafi talið sig vita betur. Greindi Sævar frá því að á hinn bóginn hafi verið bókað í þingbókina að hann hafi sagst hafa lent í átökum við Guðmund Einarsson sem væri helber ósannindi og fæli í sér skjálafals. Við svo búið lauk Sævar bréfinu á þeim nótum að honum væri það um megn sökum andlegrar þreytu að rifja slíka hörmung upp þó líf hans lægi við. Með bréfinu fylgdi samantekt átta atriða úr dómi sakadóms með vísan til blaðsíðutals í dóminum. Umfjöllunarefni þessara samantekta laut að því að allir þrír, Sævar, Kristján Viðar og Tryggvi Rúnar hafi dregið framburð sinn til baka en fyrri framburð hafi þeir gefið undir illri og löglausri meðferð rannsóknarmanna og fangavarda. Sakadómur hafi fjallað um þetta álitaeftni en hafnað því sem ósönnuðu auk þess sem ávirðingar á rannsóknarmenn og fangaverði hafi lotið að atvikum sem hafi átt sér stað löngu eftir að játningar hafi legið fyrir. Því yrði þessi upphaflegi framburður lagður til grundvallar og talið að með eigin játningum þeirra væri komin fram lögfull sönnun fyrir ofbeldi og misþyrmingum gagnvart Guðmundi þannig að bani hafi hlotist af og þeir svo falið líkið. Óskaði Sævar þess að aðrir sakborningar yrðu spurðir hvers vegna þau hafi borið sakir á hann bæði í Guðmundar- og Geirfinnsmálum. Fjallaði hann um að mikið ósamræmi væri milli upphaflegra skýrsla þeirra Alberts Klahn frá 23. desember 1975, Kristjáns Viðars frá 29. desember 1975 og Tryggva Rúnars frá 9. janúar 1976. Engin sönnunargögn hafi komið fram á tveggja ára tímabili rannsóknar, ósamræmið væri meira en það hafi verið í upphafi og kærur komið fram um þvinganir og ýmis brögð sem lögreglumenn hafi beitt við fyrstu skýrslur. Það mætti vera hverjum manni ljóst að mál eins og Guðmundar- og Geirfinnsmálin ættu ekkert skylt við raunveruleikann þar sem engar sannanir lögju fyrir og aðeins hafi verið byggt á söguburði einum. Þá fjallaði Sævar um að svo virtist sem mönnum væri ekki ljóst hve gríðarlega mikla frelsiskerðingu gæsluvarðhaldsvist fæli í sér. Slíkt brenglaði persónuleika manna svo mjög að sjálfið eyðilegðist þannig að hægt væri að móta þá eins og leir.

1835. 5) Ódagsett bréf Sævars til ríkissaksóknara, Þórðar Björnssonar, en því fylgdu önnur bréf Sævars sem hann vonaði að rétt yrði unnið úr.³⁵⁷⁰ Meðfylgjandi var einnig samantekt Sævars þar sem frá því var greint í aðfararorðum að hann hefði í hyggju að draga upp mynd af einangrunardvölinni sem hann hafi búið við í Síðumúlafangelsi sem skýrði hvernig orsakasamband leiði til afleiðinga.³⁵⁷¹

³⁵⁷⁰ Bls. 3697–3698.

³⁵⁷¹ Bls. 3698.

1836. 6) Jón Oddsson, verjandi Sævars, sendi ríkissaksóknara, Þórði Björnssyni, bréf dagsett 15. júní 1979.³⁵⁷² Í því bréfi var rakið að [HJÞ] hafi haft samband en hann hafi bæði verið vitni í Guðmundarmálinu og Geirfinnsmálinu. [HJÞ] hafi sagt framburði sína vera ranga og bent á ýmis atriði í þeim efnum, meðal annars að hann hafi verið erlendis til 31. janúar 1974 en hefði þrátt fyrir það tjáð sig við yfirheyrslur um atvik sem gerst hafi fyrir í þeim mánuði. Með bréfi sínu sendi Jón Oddsson afrit af bréfi frá [HJÞ] en gat þess að hann hafi ekki viljað ræða málin við [HJÞ] en æskti þess að hann yrði kallaður til skýrslugjafar fyrir réttum yfirvöldum eins og það var orðað í bréfinu. Afrit var sent Þóri Oddsyni þar sem Jón taldi álitafnið varða þann þátt málsins sem Þórir hafði til meðferðar.
1837. 7) Bréf [HJÞ] dagsett 18. júní 1979 sem Jón Oddson verjandi Sævars kom á framfæri 19. júní 1979.³⁵⁷³
1838. 8) Bréf séra Jóns Bjarman til Jóns Oddssonar, dagsett 25. júní 1979, en með bréfinu kom hann á framfæri skjölum sem Sævar Marinó Ciesielski hafði afhent honum á Litla-Hrauni með vitund varðstjóra fangelsisins.³⁵⁷⁴ Í bréfi Sævars sem var ódagsett og stílað á Jón Oddsson hæstaréttarlögmann fór Sævar þess á leit að bréfinu yrði komið á framfæri fyrir hans hönd.³⁵⁷⁵ Bréfið ber yfirheitið „yfirheyrslur“. Sævar gerði grein fyrir því að honum hafi ekki verið gefinn kostur á að átta sig á hvar hann hafi verið staddur þegar Geirfinnur Einarsson hvarf og hann því átt erfitt með að bera fram varnir enda hafi yfirheyrslur verið byggðar á þeim grundvelli að hann væri meira en lítið sekur. Svipað hafi verið uppi á teningnum hvað hvarf Guðmundar Einarssonar áhrærði en hann hafi þó haft skriffæri um nokkra hríð og getað því betur áttað sig á hvar hann hefði verið á stað og stund. Skriffærin hafi síðan verið tekin af honum. Lýsti hann því síðan að hafa, eftir að hafa verið í hörðum og ströngum yfirheyrslum, verið tekinn í yfirheyrslu hjá Sigurbirni Víði Eggertssyni 19. eða 20. janúar 1976. Þar hefði hann verið spurður hvort hann þekkti bræður Erlu Bolladóttur. Greindi Sævar frá því að hafa borið um að hafa verið með bróður Erlu, sem hann nafngreindi ekki, í sveit hjá ömmu sinni og afa á Stóra-Hofi í Gnúpverjahreppi. Sigurbjörn Víðir hafi þá sagst hafa sannanir fyrir því að hann hafi farið með Einari Bollasyni til Keflavíkur 19. nóvember 1974. Sævar ritaði að hafa ekki fengið neina skýringu á þessari staðhæfingu frekar en nokkru öðru sem fram hafi farið í yfirheyrslum hjá Sigurbirni Víði og Eggerti. Bar Sævar um að Sigurbjörn hafi rætt um einhver samskipti sem Sævar hafi átt að hafa við þá Sigurbjörn Eiríksson, Magnús Leópoldsson, Einar Bollason og Valdimar Olsen. Kvaðst Sævar hafa sagt að hann vissi ekki hvað Sigurbjörn Víðir væri að tala um en Sigurbjörn hafi talið sig vita betur og sagt honum að hugsa málið til morguns. Þá hafi hann verið boðaður til yfirheyrslu hjá Eggerti Bjarnasyni sem hafi sagt að vitað væri að menn væru að sækjast eftir lífi hans og ef hann greindi ekki frá ástæðu þess hlyti hann að vera meira en lítið sekur. Eggert hafi sagt að verið væri að setja skothelt gler í fangelsið af þessum sökum, en smiðir munu hafa verið við störf á þeim tíma í

³⁵⁷² Bls. 3714.

³⁵⁷³ Bls. 3714A–3716.

³⁵⁷⁴ Bls. 3910.

³⁵⁷⁵ Bls. 3911–3916.

fangelsinu. Þá hafi Eggert tjáð honum að vegna morðhótana við Erlu væru nú vopnaðir lögreglumenn að gæta hennar. Ástæðu þessara hótana ætti Sævar að vita og ef hann myndi ekki greina frá kynnu dagar Erlu að vera taldir. Sævar kvaðst ekkert vita sem þessu tengdist. Um kvöldið sama dag hafi Sigurbjörn Víðir svo yfirheyrt hann og spurt hann um Einar Bollason. Sagðist Sævar hafa haft það á orði að Erla væri hrædd við hann enda hefði Erla verið búin að ræða það við hann. Innti Sigurbjörn Víðir eftir ástæðu þess að Erla væri hrædd við Einar en gat þess líka að hafa verið að koma frá Erlu og hafa elt þaðan bifreið sem hafi verið að snuðra í kringum húsið og ekki séð betur en það hafi verið Einar á Fiatbifreið en Sævar vissi að faðir Einars, sem bjó hjá honum á þeim tíma, hafi átt slíka bifreið. Sævar kvaðst hafa verið altekinn af kvíða og spennu, hann hafi ekki getað hugsað rökrétt né dreift huganum. Lögreglumennirnir hafi tjáð honum að Einar hefði haft yfir líflátshótanir við Erlu vegna hvarfs Geirfinns Einarssonar og Sævar ætti að vita allt um það. Ef hann myndi ekki bera um að hafa farið með Einari til Keflavíkur myndi Erla verða myrt. Til að forða henni frá þeim örlögum hafi hann tekið undir að hafa farið með Einari til Keflavíkur en við svo búíð hafi verið rætt samhengislaust um Klúbbmennina sem lögreglumennirnir hafi tjáð Sævari að hafi staðið á bakvið þessar hótanir. Degi síðar hafi Sigurbjörn Víðir og Eggert ekið með hann til Keflavíkur og niður í Dráttarbrautina og tjáð honum að þar hafi átt sér stað refsiverður verknaður. Síðar sama dag hafi yfirheyrslu verið haldið áfram og hafi lögreglumennirnir rætt mikið um spírasmygl og þá Magnús Leópoldsson og Sigurbjörn Eiríksson í Klúbbnum. Sævar sagðist hafa borið um að þekkja þá menn ekki en nefnt það að kannast við Valdimar Olsen sem Erla hafi tjáð honum að væri góðvinur Magnúsar Leópoldssonar en Valdimar sé bróðir vinkonu Erlu. Sævar kveðst svo hafa undirritað skýrslu eins og til hafi verið ætlast. Síðan þegar hann hafi ætlað að draga skýrsluna til baka þar sem þetta hafi verið fjandans vitleysa, eins og hann orðaði það, hafi það ekki verið möguleiki. Eftir að á hann hafi verið borið að hafa farið út á sjó á báti með fyrrgreindum mönnum og lögreglumenn og fangaverðir hafi verið búnir að ganga í skrokk á honum hafi hann verið tilneyddur til að undirrita aðra skýrslu 25. janúar 1976. (Yfirheyrslurnar hafi svo haldið áfram og því haldið fram að fjórmeningarnir, Kristján Viðar og Erla væru að bera á hann sakir, auk þess sem hann gæti ekki dregið fyrri skýrslur sínar sem hann hefði undirritað til baka.) Sævar bar um að hafa verið tekinn til yfirheyrslu 26. janúar 1976 þar sem fram hafi komið að morðhótanir gagnvart Erlu væru að baki og búíð væri að handtaka svonefnda Klúbbmenn. Kvaðst Sævar þá hafa óskað eftir að tekin yrði af honum skýrsla um tilurð skýrslanna sem hann gaf í tilefni af þessum hótunum. Viðbrögðin við þeirri ósk hafi verið þau að Örn Höskuldsson hafi sagt orðrétt: „Farðu inn í klefa og hengdu þig.“ auk þess sem hann hafi sagt við Gunnar Marinósson varðstjóra: „Lánaðu honum reipi svo hann geti hengt sig.“ Þá hafi Högni Einarsson fangavörður rokið inn í klefa hans og slegið hann í magann með kylfu, hent honum upp að vegg og borið á hann að hafa farið út á sjó á báti. Þar sem honum hafi ekki verið líft í fangelsinu vegna slæms andlegs ástands og meðferðar fangavarða á honum sagðist Sævar hafa óskað eftir því að hringt yrði í Eggert N. Bjarnason rannsóknarlögreglumann. Hann hafi síðan endursagt framburð lögreglumanna og fangavarða í skýrslu og ritað undir. Þá greindi Sævar frá því að hafa verið í yfirheyrslu

hjá Sigurbirni Víði og Magnúsi Magnússyni og verið sýndar myndir af mönnum. Ekki hafi hann vitað tilefnið en bent á þrjá menn sem hann hafi þekkt á myndunum en ítrekað jafnframt að hann vissi ekkert um Geirfinnsmálið. Því næst greindi hann frá því að hafa komið fyrir dóm 1. apríl 1976 hjá Erni Höskuldssyni þar sem hann hafi skýrt þar frá því að þær skýrslur sem hann hafi átt að hafa gefið væru ekki byggðar á hans vitneskju eða reynslu heldur hafi hún komið frá rannsóknarlögreglumönnum og því sem Erla Bolladóttir hafi átt að hafa sagt þeim, meðal annars um að hafa verið hrædd við nefnda fjóra menn. Þá greindi Sævar frá því að hafa verið í yfirheyrslum hjá Eggerti og Sigurbirni þar sem þeir hafi beitt hann líkamlegu ofbeldi, rifið í hár hans, slegið hann í andlitið, snúið upp á handlegg hans og svæft hann með hengingartaki með því að snúa upp á skyrtuhálsmálið. Fangaverðir hafi svo tekið upp þessa háttsemi eftir rannsóknarlögreglumönnum. Síðan vék hann orðum að samprófunum sem hann hafi verið látinn taka þátt í með Erlu og Kristjáni Viðari í maí 1976. Tilgangurinn hafi verið að fá Sævar til að taka undir með Erlu að hafa verið í Keflavík 19. nóvember 1974 og eins að taka undir með Kristjáni Viðari að Guðmundur Einarsson hafi verið stunginn til bana á Hamarsbraut 11, frásögn sem Sævar sagðist svo hafa gert að sinni í yfirheyrslu hjá Karli Schütz. Við samprófun við Erlu sagðist Sævar hafa innt hana eftir því hvernig Guðmundarmálið hafi byrjað og hún þá sagt að þeir hafi verið að spyrja hana um þetta afturábak og áfram þó hún hafi ekkert vitað um málið þannig að hana hafi farið að ráma í þetta og er hún hafi verið laus úr gæsluvarðhaldi hafi hún uppgötvað að þetta væri veruleiki. Vakti Sævar athygli á að hún hafi verið látin sverja eið að framburði sínum og sleppt úr haldi án þess að gildi framburðarins hafi verið sannreynt. Næst gat hann þess að 8. maí 1976 hafi verið gengið mjög hart að honum að láta framburð í té og þar sem hann hafi verið orðinn mjög ruglaður af frásögnum Erlu og Kristjáns Viðars hafi hann orðið við því að undirrita frásögn Sigurbjörns Víðis, en þá hafi verið komið fram á nótt. Degi síðar kvaðst hann hafa afturkallað framburð sinn munnlega við Hallvarð Einvarðsson vararíkissaksóknara og kært lögreglumennina. Síðan hafi ekkert verið rætt við hann fram í júlí er Sigurbjörn Víðir hafi ætlað að nota Erlu til þess að staðfesta fyrri skýrslur sem farið hafi fjarri. Viðtölin hafi orðið níu sem staðið hafi yfirleitt lengur en átta klukkustundir á dag. Þá hafi Erla borið á hann að hún myndi missa barnið og sjá það aldrei frammar ef hann héldi fast við framburð sinn og eins hafi Sigurbjörn Víðir hótað sér með lífstíðar öryggisgæslu ef hann segðist ekki hafa verið að Hamarsbraut 11 er Guðmundur átti að hafa beðið bana. Eins hafi Sigurbjörn Víðir tekið undir með Erlu að Sævar væri að koma því til leiðar að barnið yrði gefið og Erla færi í fangelsi.

1839. 9) Bréf séra Jóns Bjarman fangelsisprests til dómsmálaráðherra dagsett 30. maí 1978.

1840. 10) Bréf [SÓG], móður Sævars, til Þóris Oddssonar dagsett 31. maí 1979.³⁵⁷⁶

1841. 11) Bréf [SÓG], móður Sævars, til Þóris Oddssonar dagsett 29. júní 1979.³⁵⁷⁷

³⁵⁷⁶ Bls. 3701–3713.

³⁵⁷⁷ Bls. 3718–3722.

1842. 12) 2. tölublað 8. árgangs tímaritsins Samúel útgefið í ágúst 1976, sem fól í sér umfjöllun um bréfaskipti Sævars og [ÖS] í maímánuði 1976 í Síðumúlafangelsinu þegar sá síðarnefndi var þar í gæsluvarðhaldi einnig vegna ótengdra sakargifta.
1843. 13) 3. tölublað 9. árgangs tímaritsins Samúel útgefið í apríl 1978, þar sem gat að líta viðtal við Sævar.
1844. 14) Ljósrit af áðurröktu bréfi rannsóknarlögreglustjóra ríkisins dagsett 10. maí 1979.
1845. 15) Ljósrit af áðurröktu bréfi dóms- og kirkjumálaráðuneytisins dagsett 30. maí 1979.
1846. Gögnin sendi Þórir Oddsson til ríkissaksóknara með ósk um nánari ákvörðun um það að hvaða kæruefnum lögreglurannsókn máls þessa ætti að beinast.
1847. Með bréfi dagsettu 21. ágúst 1979 fór Benedikt Blöndal, verjandi Guðjóns, fram á við ríkissaksóknara að hann aflaði upplýsinga um lyfjagjöf til Guðjóns frá því hann var úrskurðaður í gæsluvarðhald og fram til þess að hann var fluttur á Kvíabryggju. Óskaði Benedikt upplýsinga um lyfjaheiti og skammt á hverjum degi á tímabilinu. Fór hann fram á að upplýsingarnar yrðu lagðar fram í Hæstarétti.³⁵⁷⁸
1848. Ríkissaksóknari, Þórður Björnsson, brást við erindi Þóris Oddssonar með bréfi dagsettu 23. ágúst 1979.³⁵⁷⁹ Greindi ríkissaksóknari umfjöllunarefni þau sem Þórir hafði sent með bréfi sínu í fjóra kafla.
1849. Í fyrsta kaflanum rakti hann fjögur tilvik úr bréfum Sævars Marinós Ciesielski. 1) Atvik sem átti að hafa átt sér stað 4. janúar 1976 og varða Eggert Bjarnason og Sigurbjörn Víði Eggertsson. 2) Atvik sem átti að hafa átt sér stað 11. janúar 1976 og varða Örn Höskuldsson. 3) Atvik sem átti að hafa átt sér stað í lok apríl eða byrjun maí 1976 og varða einkum Gunnar Guðmundsson. 4) Atvik sem átti að hafa átt sér stað fyrstu daga maímánaðar 1976 og varða aðallega Eggert Bjarnason. Í því samhengi var vakin athygli á að séra Jón Bjarman hafi nefnt í bréfi dagsettu 30. maí 1978 atvik sem átti að hafa átt sér stað 4. eða 5. maí 1976 og varða aðallega Eggert og Gunnar Guðmundsson. Að mati ríkissaksóknara mætti ætla að um sama atvik væri að ræða. Vakinn var athygli á að tilgreind atvik sýndust öll hafa verið rannsökuð eftir útgáfu ákæru í fjölskipuðum sakadómi í tilefni og framhaldi af bókun Sævars í þinghaldi 29. mars 1977. Vísað var til dómsgerða í þessum efnum auk þess sem vitnað var til meðfylgjandi endurríta af framburðum 10 manna, rannsóknarlögreglumanna og fangavarða, sem gefnir voru fyrir dómi á tímabilinu 31. mars til 6. júlí 1977 auk skýrslu Arnar Höskuldssonar sem dagsett var 22. ágúst 1977.
1850. Í öðrum kafla bréfs síns vék ríkissaksóknari að því að Sævar hafi lýst ástandi og aðbúnaði í fangelsinu við Síðumúla. Taldi hann eðlilegt að þessar lýsingar yrðu bornar undir fangaverði og fangelsisstjórn og þeir myndu tjá sig um þessi atriði.
1851. Í þriðja kafla bréfsins var tekið fram að bréf [HJP] gæfi ákærvaldinu ekki tilefni til að æskja þess að hann yrði kvaddur á ný fyrir dóm en ekki yrði haft á móti því ef aðrir teldu rök standa til slíks.

³⁵⁷⁸ Bls. 3726.

³⁵⁷⁹ Bls. 3742–3744.

1852. Í fjórða kafla bréfsins var þess getið að önnur efnisatriði gagnanna sem Þórir Oddsson hafi sent sýndust hrein málflytninguatriði og bréf [SÓG], móður Sævars, sérstaklega nefnd í þeim efnum. Hvorki bréfin né tímaritsgreinar sem birtar voru í Samúel liggja fyrir meðal gagna máls rannsóknarlögreglu ríkisins nr. 2875/79.
1853. Meðal rannsóknargagna liggur fyrir skýrsla rannsóknarlögreglu ríkisins, dagsett 28. ágúst 1979, rituð af Nirði Snæhólm yfirlögregluþjóni um ferð til Keflavíkur með konu sem dreymt hafði íverustað líkamsleifa Geirfinns Einarssonar. Í skýrslunni kom fram að konan hafi ekki fundið staðinn úr draumum sínum.³⁵⁸⁰
1854. Verjandi Sævars Ciesielski, Jón Oddsson, ritaði Þóri Oddssyni, skipuðum rannsóknarlögreglustjóra, bréf dagsett 28. ágúst 1979.³⁵⁸¹ Með vísan til bréfs ríkissaksóknara dagsetts 23. ágúst áréttaði Jón fyrri tilmæli Sævars um rannsókn á kæruatriðum auk þess sem Jón kom á framfæri athugasemdum í sex köflum. Fyrst fjallaði Jón um bréf séra Jóns Bjarman sem þá hafði nýverið sagt frá í Dagblaðinu og lýsti furðu sinni á því að bréfið hafi verið látið liggja athugasemdalaust niður í ráðuneyti. Taldi Jón brýna nauðsyn til að séra Jóni Bjarman yrði gefinn kostur á að koma til frekari skýrslugerðar og efnisatriði bréfs hans rannsökuð. Í annan stað áréttaði Jón að hann hefði áður komið upplýsingum á framfæri um tvær konur sem starfað hefðu í Síðumúlafangelsinu sem hafi borið á sama máta og Kjartan Kjartansson fangavörður. Óskaði hann þess að þær myndu gefa skýrslur í málinu og að Kjartan myndi gefa frekari skýrslu. Í þriðja lagi lýsti Jón furðu sinni á því sem hann taldi áhugaleysi ríkissaksóknara á bréfi [HJP] þar sem um eitt aðalvitnið væri að ræða og því ætti skilyrðislaust og tafarlaust að taka af honum frekari skýrslur. Í fjórða lagi fjallaði Jón meðal annars um það að Sævar þyrfti nauðsynlega að fá að mæta til skýrslugerðar um efnisatriði skýrslna sinna, fyrirliggjandi skýrslur væru mjög ófullkomnar og hann hefði alltaf gert ráð fyrir að fá að koma fullkomnari skýrslum að. Í fimmta lagi vék Jón að þætti Hauks Guðmundssonar, rannsóknarlögreglumanns í Keflavík, í rannsókn Geirfinnsmálsins í öndverðu. Taldi Jón í ljósi svonefnds handtökumáls brýna nauðsyn bera til þess að kannaðar yrðu nánar starfsaðferðir Hauks. Í sjötta lagi vakti Jón svo athygli á því að ekki lægju fyrir rannsóknargögn og tilheyrandi niðurstöður af svonefndum lygamæli sem Sævar hafi undirgengist. Jafnframt nefndi Jón að Erla muni hafa undirgengist svipaðar yfirheyrslur hjá geðlækni að viðstöddum réttargæslumanni sínum en gögn þar að lútandi lægju ekki fyrir í skjölum málsins.
1855. Að fengnu bréfi ríkissaksóknara var hafist handa af hálfu rannsóknarlögreglu ríkisins við að rannsaka þau tilvik sem getið var. Skýrslugerð og rannsókn annaðist Guðmundur Guðjónsson rannsóknarlögreglumaður í flestum tilvikum undir stjórn Þóris Oddssonar en Þórir annaðist sjálfur yfirheyrslu yfir séra Jóni Bjarman. Viðstaddir skýrslutökur voru nánast undantekningalaust fulltrúi ákærvaldsins, oftast Pétur Guðgeirsson og svo Jón Oddsson verjandi Sævars. Skýrslutökur fóru fram í fangelsinu við Síðumúla og á skrifstofu Rannsóknarlögreglunnar við Auðbrekku 61 í

³⁵⁸⁰ Bls. 3730.

³⁵⁸¹ Bls. 3731–3732.

Kópavogi. Þá var aflað gagna er lutu að húsnæði fangelsisins við Síðumúla 28 og dagbækur fangelsisins Síðumúla númer fjögur og fimm auk spjaldskrárspjalda frá fangelsinu vegna Sævars, Kristjáns Viðars og Erlu Bolladóttur.

1856. Skipaður rannsóknarlögrelustjóri Þórir Oddsson ritaði fangelsisstjórn Síðumúlafangelsis bréf 3. september 1979 og óskaði eftir dagbókum Síðumúlafangelsisins númer fjögur og fimm auk spjaldskrárspjalda frá fangelsinu vegna dvalar Sævars, Kristjáns Viðars og Erlu Bolladóttur í fangelsinu. Þessa var óskað í þágu rannsóknar á kærum Sævars vegna harðræðis sem hann teldi sig hafa verið beittan.³⁵⁸² Endurrit dagbókanna og spjaldskrárspjaldanna liggja ekki fyrir meðal gagna máls rannsóknarlögreglu ríkisins nr. 2875/79.
1857. Miðvikudaginn 5. september 1979 var séra Jón Bjarman fangelsisprestur yfirheyrður á skrifstofu rannsóknarlögreglu ríkisins að Auðbrekku 61 sem vitni en vakin var athygli á 94. gr. laga um meðferð opinberra mála.³⁵⁸³ Skýrslutakan var hljóðrituð og sá háttur hafður við ritun skýrslunnar að spurningar lögreglu og svör séra Jóns voru bókuð sérstaklega. Séra Jón gerði grein fyrir tildrögum þess að hann ritaði bréf sitt til dómsmálaráðherra 30. maí 1978. Gerði hann grein fyrir samskiptum sínum við Erlu Bolladóttur bæði á meðan hún var í gæsluvarðhaldi og eins þegar hún var frjáls. Þá fjallaði hann einnig um samskipti sín við Sævar sem hafi hafist í mars 1976, en þau hafi ekki átt sér stað í maí en hann svo rætt við Sævar tvisvar í mánuði síðari hluta árs 1976 og á árinu 1977. Í flestum þeim samtölum sem hann hafi átt með Sævari hafi komið fram að Sævar hafi verið beittur harðræði á einn eða annan hátt, en hann hafi ekki rætt um þetta tiltekna tilvik fyrir en mun síðar. Gat séra Jón þess sérstaklega að hann teldi að Sævar hafi sagt sér frá tilvikinu sem átt hefði sér stað 4. eða 5. maí 1976 í janúar 1977. Misritað hafi verið í bréfið að Sævar hafi fyrst greint frá þessu í janúar 1978. Kvaðst séra Jón sérstaklega hafa höggvið eftir þessu tilviki meðal frásagna Sævars af mörgum tilvikum líkamlegs ofbeldis þar sem þetta hafi skorið sig úr að því leyti að margir hefðu verið viðstaddir en í hinum tilvikunum var oftast um einn að ræða. Frásögn Sævars af því hvað hafi gerst hefði verið lík frásögn Erlu en áherslur Sævars hefðu verið aðrar þar sem hann hafi lagt áherslu á að tilgangurinn hafi verið að þvinga hann til að játa að hafa verið í Njarðvík tilgreinda nótt. Séra Jón greindi svo frá því að Kristján Viðar hafi greint frá þessu atviki í maí 1978 aðspurður um hvort hann hefði verið beittur harðræði. Því hafi Kristján neitað en sagt Sævar hafa verið beittan harðræði og vísað til þessa sama tilviks. Inntur eftir því hvaða mat hann hafi lagt á frásagnir Erlu, Sævars og Kristjáns kvaðst hann ekki hafa verið í aðstöðu til að taka neina afstöðu til þessa frekar en annarra frásagna sem honum væri sagðar við sams konar kringumstæður enda ekki að leita eftir slíku. Þegar frásögnin hafi komið frá Sævari hafi hann orðið nokkuð vissari um að eitthvað hafi gerst einkum í ljósi vitneskju hans um hve óeðlilegt ástand hafi ríkt innan Síðumúlafangelsisins frá því í desember 1975 fram yfir mitt ár 1976 sem hann hafði fyrir gert ráðuneytinu aðvart um. Þegar þau þrjú hafi öll verið búin að greina frá þessum málsatvikum hafi hann metið það svo að ekki væri tækt að þegja lengur yfir þessum upplýsingum. Í skýrslunni kom

³⁵⁸² Bls. 3974.

³⁵⁸³ Bls. 3847–3852.

fram að undir lok yfirheyrslunnar hafi Jón Oddsson, verjandi Sævars, beint því til séra Jóns að hann upplýsti hvort fangaverðir í Hegningarhúsinu, Jóna og Guðrún, hafi tjáð honum frá einhverju sem máli kynni að skipta um meðferðina á Sævari. Gat séra Jón þess að þær hefðu ekki vikið að þessu tiltekna tilviki en þær hafi haft ýmislegt að athuga við meðferðina á Sævari, Kristjáni og Tryggva Rúnari þann tíma sem þær voru starfandi í Síðumúlafangelsinu, í janúar 1976.

1858. Aflað var gagna frá Reykjavíkurborg 7. september 1979 er lutu að húsnæði Síðumúlafangelsins í tilefni af athugasemdum um lélegt ástand hússins.³⁵⁸⁴ Var þar á meðal gögn frá heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur og borgarlækni til dóms- og kirkjumálaráðuneytisins er lutu að hitunar- og loftræstikerfi fangelsins, auk gagna Reykjavíkurborgar frá því að notkun húsnæðisins sem fangelsis var samþykkt 1960. Athugun á hita- og loftræstikerfi fangelsins frá verkfræðistofu ásamt kostnaðaráætlun vegna úrbóta og tvenn minnisblöð borgarlæknis. Þá var aflað tveggja bréfa Ragnars Tómassonar héraðsdómslögmanns og réttargæslumanns sakborninga í gæsluvarðhaldi ótengdum Guðmundar- og Geirfinnsmálum. Bréfin lutu að athugasemdum um ástand húsnæðis fangelsins og áhyggjum lýst yfir hve gæsluvarðhaldsvist virtist ótæpilega beitt og getum að því leitt að skeytingaleyssi lögregluþingvalda um andlega og líkamlega líðan sakborninga mætti rekja til þess að greiðlegar gangi að „fá játningar“ þegar færi að draga af sakborningum eftir nokkra innlokun. Þýðingamikið væri fyrir almannaheill að sakamál upplýstust en ekki mætti beita fanga ósæmilegu harðræði.
1859. Mánudaginn 10. september 1979 fóru Guðmundur Guðjónsson rannsóknarlögreglumaður og Þórir Oddsson, skipaður rannsóknarlögreglustjóri, að Litla-Hrauni og sóttu Kristján Viðar og færðu til skýrslutöku á skrifstofu rannsóknarlögreglu ríkisins að Auðbrekku 61.³⁵⁸⁵ Rannsóknarlögreglumaðurinn Snorri Sigurjónsson og Stefán Tryggvason lögreglumaður fóru skömmu síðar sömu leið og sóttu Sævar sem einnig var færður til skýrslutöku á skrifstofu Rannsóknarlögreglunnar. Að skýrslutökum loknum var Kristján Viðar fluttur í Hegningarhúsið en Sævar í fangelsið við Síðumúla. Bókað var að til þess að tryggja að fangaverðir hefðu engin samskipti við fangana hefðu síðarnefndir lögreglumenn annast um gæslu þeirra í fangelsunum. Þess var sérstaklega getið að Sævar og Kristján Viðar hefðu verið sóttir fyrirvaralaust til að tryggja að þeir gætu ekki komið boðum á milli.
1860. Þennan sama dag var Kristján Viðar yfirheyrður á skrifstofu rannsóknarlögreglu ríkisins að Auðbrekku 61, Kópavogi, að viðstöddum fulltrúa ríkissaksóknara og verjendum sínum fyrir sakadómi og Hæstarétti, Páli A. Pálssyni og Páli S. Pálssyni. Bókað var að gætt hafi verið ákvæða 1. mgr. 40. gr. laga um meðferð opinberra mála.³⁵⁸⁶ Sérstaklega var bókað að Kristjáni Viðari hafi verið bent á að hann hefði stöðu sem vitni í málinu af hálfu fulltrúa ríkissaksóknara. Greindi Kristján Viðar frá því hverjir hefðu verið viðstaddir, Örn Höskuldsson, Hallvarður Einvarðsson, Njörður

³⁵⁸⁴ Bls. 3825–3842.

³⁵⁸⁵ Bls. 3853.

³⁵⁸⁶ Bls. 3854–3857.

Snæhólm, Eggert Bjarnason, Sigurbjörn Víðir Eggertsson, Gunnar Guðmundsson, Erla Bolladóttir og Sævar Ciesielski. Kristján kvaðst hafa verið færður í yfirheyrsluherbergi þar sem Erla, Njörður og Hallvarður hafi verið stödd og honum greint frá því að Erla hafði borið um að hafa skotið Geirfinn með riffli. Komið hafi til tals að Erla vildi tala við Sævar og hafa Kristján viðstaddan. Kristján kvaðst hafa jánkað því en Hallvarður sagt að ekki væri hægt að tala við Sævar en sagt við Erlu að hann skyldi hugsa málið. Kristján kvaðst við svo búið hafa verið fluttur aftur í klefa sinn. Síðar sama dag hafi Gunnar Guðmundsson komið inn á klefa og tilkynnt honum að hann ætti að mæta í samprófun. Kvað hann Gunnar hafa sagt sér að hann ætti að tala við Sævar eins og honum hentaði og mætti þess vegna hrista hann til. Kristján lýsti því hverjir hafi verið viðstaddir og hvar hver viðstaddra hafi verið staðsettur í yfirheyrsluherberginu. Kvaðst Kristján Viðar hafa innt Sævar eftir frásögnum sem eftir honum höfðu verið hafðar um að Kristján hafi banað Geirfinni. Hann hafi hins vegar ekki náð neinu sambandi við Sævar sem hafi verið stórsjúkur að mati Kristjáns. Sævar hafi sagt að Hallvarður hefði hóttað því að hann myndi tynast í amerísku fangelsi. Eggert hafi sífellt verið að hrista Sævar til, færa stólinn sem hann hafi setið á, öskra á hann, snúa upp á eyrun á honum, klípa í hár hans og snoppunga hann þannig að hann myndi horfa beint fram. Erla hafi svo verið látin tala við hann um samband þeirra sem hefði eftir langa stund leitt til þess að hún hafi komist í uppnám, grátið, formælt Sævari og logið upp á hann. Sævar hafi hins vegar endurtekið það sem hann hafði eftir Hallvarði um að lenda í amerísku fangelsi. Kvað Kristján að Hallvarður hefði þá öskrað að Sævari að miðað við það sem Erla segði ætti hann þau örlög skilið að tynast í amerísku fangelsi. Við það hafi Sævar reynt að hrækja á Hallvarð en ekki tekist það. Gunnar Guðmundsson hafi hins vegar staðið upp og löðrunað Sævar mjög fast þannig að smollið hafi í. Við það hafi samprófunin leyst upp og verið farið með þá Sævar og Kristján Viðar inn á klefa. Sérstaklega aðspurður kvað Kristján að viðbrögð annarra við framferði Eggerts og Gunnars hafi engin verið. Kristján var því næst spurður að því hverjum og hvenær hann hafi sagt fyrst frá þessu og kvaðst hann hafa sagt Páli Arnóri verjanda sínum frá þessu en ástæða þess að hann hefði ekki sagt frá þessu fyrr hafi verið sú að svipaðir atburðir hafi áður átt sér stað og verið nánast daglegir viðburðir og vísaði til þess að hafa heyrt til Skúla Steinssonar fangavarðar vera að kaffæra Sævar. Hann hafi sjálfur sætt harðræði af hálfu lögreglumanna og fangavarda. Loks var bókað að Kristján vildi koma því á framfæri að þrjár dagbækur sem hann hafi haldið hefðu verið teknar af honum 17. ágúst 1976 en hann hefði einungis fengið tvær þeirra til baka og þá hafi verið búið að rífa úr þeim einhver blöð. Kvaðst hann hafa ritað um þessa samprófun í dagbókina sem hann hafi ekki fengið aftur.

1861. Verjandi Kristjáns Viðars, Páll S. Pálsson, ritaði bréf til ríkissaksóknara sem dagsett er 10. september 1979 þar sem hann vísaði til þess að hafa áréttað það við vitnayfirheyrslu yfir Kristjáni Viðari þennan sama dag vegna rannsókna lögreglu á kærumáli Sævars vegna meints harðræðis að Kristján Viðar hafi tjáð sér að hann hefði sjálfur yfir ýmsu að kvarta í sambandi við meðferðina á sér. Af því sem Kristján Viðar hafi greint honum frá vildi verjandinn gera það að sérstöku athugunarefni að Kristjáni hafi verið gefin mjög sterk lyf áður en hann hafi verið látinn ganga undir afdrifaríkar

yfirheyrslur. Reifaði hann frásögn Kristjáns Viðars um að í kjölfar þess að hann hafi kveikt í klefa sínum í Hegningarhúsinu 6. janúar 1977 hafi hann verið látinn taka sterkt geðlyf með heitinu „Melleril“. Hann hafi verið látinn taka níu töflur á dag, sem hafi samsvarað 225 millígrömmum, mánuðina janúar, febrúar, mars, apríl og maí. Upp frá þessu hafi allt framferði hans og hugsanagangur breyst. Hann hafi orðið manískur. Orðrétt sagði í bréfinu: „Mér fannst ég sjálfur vera persóna á leiksviði og ætti að leika það hlutverk sem lögregluþjónar og aðrir sem áttu að spyrja mig vildu að ég léki. Mér fannst ég vera eins og leikbrúða í höndunum á þeim þannig að ég fyllti út í eyður í frásögnum sem að þeir voru með og eins og það hjálpaði þeim til þess að búa til sögur. Ég lifði mig inn í þetta hlutverk sem lagt var fyrir mig.“ Hann hafi haft svo sterka tilhneigingu til að segja já og nei við fyrirspurnum bara til þess að losna við fyrirspyrjendur. Hann hafi ekki verið með sjálfum sér þegar hann hafi verið á lyfjunum. Eftir maímánuð hafi hann verið fluttur á Litla-Hraun, en eftir að hann hafi farið þangað hafi hann ekki tekið nein lyf. Þá hafi honum fundist rofa til í umhverfinu. Hann hafi þá ekki um margra mánaða skeið hlustað á útvarp, lesið blöð eða talað við fólk. Þarna hafi honum fundist hann hafa framið rangt, að hafa gengist undir það fyrir sakadómi að samþykkja það sem hann hafði aldrei gert. Eftir að hann hafi komið aftur til Reykjavíkur hafi hann sagt það sem honum hafi fundist sannast og réttast. Taldi hann að allt það sem hann hafi borið fyrir réttinum eða rannsóknarlögreglumönnum hafi verið einskisvert þvaður. Í lok bréfsins óskaði verjandinn í fyrsta lagi upplýsinga um hversu mikil lyfjanotkun Kristjáns Viðars hafi verið á umræddu tímabili, hvaða lyf það hafi verið og hvaða magn. Í öðru lagi hvað sérfræðingar teldu um afleiðingar slíkrar lyfjaneyslu, hvort neytandinn yrði annarlegur í hugsun. Í þriðja lagi óskaði hann upplýsinga um hvers vegna lyfjagjöfinni hafi verið beitt fyrst Kristján Viðar hafi ekki sjálfur óskað hennar og ekki hafi verið talið að hann væri geðbillaður.³⁵⁸⁷

1862. Þennan sama dag, 10. september 1979, var Sævar yfirheyrður á skrifstofu rannsóknarlögreglu ríkisins að Auðbrekku 61, Kópavogi sem vitni, að viðstöddum fulltrúa ríkissaksóknara og verjanda sínum Jóni Oddssyni.³⁵⁸⁸ Lýsti Sævar því að þegar hann hafi verið færður til samprófunarinnar hafi aðrir verið komnir, þeir sömu og Kristján Viðar hafði talið upp. Sævar lýsti því hvar hver var staðsettur í herberginu. Greindi hann frá því að yfirheyrslan hafi hafist á því að hann hafi átt að staðfesta að hafa verið í Keflavík 19. nóvember 1974 ásamt Kristjáni, Erlu og „fjórmenningunum“. Kvaðst Sævar hafa neitað að ljúga upp á sig og aðra. Eggert hafi þá rifið í hár hans og togað hann aftur á bak með þeim orðum „þú ætlar ekki að skilja drengur“ og hafi svo hrist hann til án þess að Sævar hafi gert sér grein fyrir framhaldinu. Aðrir í herberginu, að Nirði Snæhólm undanskildum, hafi síðan farið að hreyta hnjóðsyrðum í hann. Gunnar Guðmundsson hafi steytt framan í hann hnefa og hvatt hann til að bera að hann hafi verið í Keflavík með framangreindum mönnum. Sævar greindi frá því að honum hafi fundist hann vera sleginn í andlitið án þess að hann hafi áttað sig á því hver hefði slegið. Kvaðst hann hafa beint orðum sínum til Hallvarðs og innt hann eftir því hvort leyfilegt væri að gera þetta. Erla hafi grátið mikið í samprófuninni og talað

³⁵⁸⁷ Bls. 3734–3736.

³⁵⁸⁸ Bls. 3658–3860.

um barnið þeirra og hafi sagt honum að bera um að hafa verið í Keflavík umrætt sinn. Sævar kvaðst bæði hafa greint réttargæslumanni sínum Jóni Oddssyni og Jóni Bjarman fangelsispresti frá þessu harðræði. Þá lét hann þess sérstaklega getið að hann hafi ekki fengið að hitta Jón Oddsson frá því í janúar þar til í apríl 1976. Þá gat hann þess sérstaklega að margoft hafi verið brotið á honum við yfirheyrslur sem væri ástæða þess að hann hafi ekki greint frá þessu fyrr en sennilega á árinu 1977.

1863. Þennan sama dag, 10. september 1979, var Erla Bolladóttir yfirheyrð sem vitni á heimili hennar að hennar ósk vegna veikinda, að viðstöddum fulltrúa ríkissaksóknara.³⁵⁸⁹ Bókað var að verjanda hennar, Guðmundi Ingva Sigurðssyni, hafi verið boðið að vera viðstaddur en afþakkað að höfðu samráði við Erlu. Erla bar á sömu lund um hverjir hefðu verið viðstaddir og rakti hvernig hana minnti hvar hver og einn hafi verið staðsettur. Taldi hún tilefni skýrslutökunnar hafa verið að fá Sævar til að samþykkja frásögn þeirra Kristjáns Viðars um Geirfinnsmálið en þau hafi þá bæði verið búin að bera um það en Sævar ekki. Hallvarður og Eggert hafi margítrekað lagt að Sævari að segja sannleikann en þau Kristján Viðar hafi svo farið að rífast við Sævar og verið mjög æst. Sævar hafi verið að færa til stólinn sem hann hafi setið á en Eggert hafi jafnharðan fært hann til baka. Ekki minntist Erla þess að Eggert hafi lagt hendur á Sævar. Gunnar Guðmundsson hafi síðan farið að blanda sér í samprófunina og Sævar þá spurt hvað honum kæmi þetta við og hafi Gunnar þá vísað til þess að hann væri forstöðumaður fangelsisins en Sævar þá sagt honum að halda kjafti. Gunnar hafi þá staðið upp og slegið Sævar kinnhest. Minntist Erla þess ekki að Sævar hafi verið beittur frekara harðræði en hvorki hún né Kristján Viðar hafi verið beitt slíku.
1864. Erlingur Guðmundsson fangavörður gaf skýrslu 19. september 1979 í fangelsinu við Síðumúla, gætt var ákvæða 1. mgr. 40. gr. laga um meðferð opinberra mála.³⁵⁹⁰ Neitaði hann því alfarið að hafa átt hlut að því að beita Sævar harðræði né kannaðist við að aðrir hafi beitt hann slíku eða Sævar kvartað í sín eyru um slíka meðferð. Kvaðst Erlingur aldrei hafa rætt sakarefni málanna sem Sævar hafi verið grunaður um við hann né vissi til þess að aðrir hafi gert það. Aðbúnaður Sævars í fangelsinu hafi verið með sama hætti og annarra í þessu máli en gæsla þeirra hafi verið frábrugðin öðrum tilvikum þar sem vel hafi verið fylgst með að þeir næðu ekki að koma skilaboðum sín á milli. Sævar hafi fengið sams konar mat og ekki verið meinað að reykja og fengið að fara út í fangelsisgarðinn eftir að hafa verið í gæslu í fangelsinu í nokkurn tíma, eins og aðrir fangar sem þar hafi verið til langrar dvalar. Sérstaklega aðspurður kvað Erlingur að Sævar hafi ekki verið erfiðari en aðrir fangar né haft uppi meiri kvartanir en aðrir fangar.³⁵⁹¹
1865. Sama dag var Högni Einarsson rannsóknarlögreglumaður og fyrrum fangavörður, yfirheyrður á skrifstofu rannsóknarlögreglu ríkisins að Auðbrekku 61, klukkan 14:15. Bókað var að gætt hafi verið ákvæða 1. mgr. 40. gr. laga um meðferð opinberra mála.³⁵⁹² Neitaði hann því alfarið að hafa átt hlut að því að beita Sævar harðræði né

³⁵⁸⁹ Bls. 3861–3863.

³⁵⁹⁰ Bls. 3777–3779.

³⁵⁹¹ Bls. 3779.

³⁵⁹² Bls. 3791–3794.

kannaðist hann við að aðrir hafi beitt hann slíku. Þá kannaðist Högni hvorki við að hafa yfirheyrt Sævar né að aðrir hafi verið yfirheyrdir af fangavörðum. Hann gat þess þó að það hafi komið fyrir að Sævar hafi sjálfur verið að nefna einstök atriði þegar verið var að sinna honum en aldrei hafi verið setið yfir honum og hann yfirheyrdur. Minntist Högni þess ekki að hafa tekið undir þegar Sævar hafi verið að ræða þessi mál sín. Bar hann um að aðbúnaður Sævars hafi verið sá sami og annarra en gat þess að eitthvað hafi verið liðið á gæsluvarðhaldstímann áður en gæslufangarnir hafi fengið útivist. Aðspurður af verjanda Sævars, Jóni Oddssyni, bar Högni um að Sævar sem fangi, hafi haft sína sérstöðu eins og aðrir. Ekki treysti Högni sér til að tíunda það sérstaklega nema Sævar hafi verið kvörtunarsamari en aðrir fangar og þá um ýmislegt.

1866. Sama dag var Högni Einarsson, rannsóknarlögreglumaður og fyrrum fangavörður, yfirheyrdur á skrifstofu rannsóknarlögreglu ríkisins að Auðbrekku 61, klukkan 15:15. Bókað var að gætt hafi verið ákvæða 1. mgr. 40. gr. laga um meðferð opinberra mála.³⁵⁹³ Högni kvaðst aðspurður hvorki kannast við að hafa 26. janúar 1976 slegið Sævar í kviðinn með kylfu eða borið upp á hann að hafa farið út á sjó í einhverjum bát.
1867. Högni Einarsson var áfram yfirheyrdur þennan dag á skrifstofu rannsóknarlögreglu ríkisins að Auðbrekku 61, klukkan 15:25. Ekki er bókað sérstaklega um réttarstöðu hans í þessari skýrslu.³⁵⁹⁴ Högni kvaðst minnast þess að hafa í eitt sinn í apríllök eða byrjun maí 1976 sótt Sævar og fært hann fyrir Gunnar Guðmundsson í yfirheyrsluherbergið. Taldi hann að það hlyti að hafa verið að beiðni Gunnars, en þar sem þetta hafi verið við vaktaskipti hafi hann farið strax í framhaldinu. Tilvikið var honum minnisstætt þar sem þetta hafi verið eina tilvikið sem hann sótti Sævar fyrir Gunnar. Ekki minntist Högni þess að hafa heyrt hvað þeim hafi farið á milli eða hvort eitthvað hafi komið upp á þeirra á milli.
1868. Jón Baldvin Sveinsson fangavörður var yfirheyrdur 20. september 1979 í fangelsinu við Síðumúla sem vitni.³⁵⁹⁵ Jón Baldvin kvaðst muna óljóst eftir samprófun sem fram hafi farið 5. maí 1976 en þó svo óljóst að hann setti fyrirvara við að um sömu samprófun væri að ræða. Ekki mundi hann hvort hann hefði fært Sævar inn á klefa eftir samprófunina en kvað það ekki ólíklegt ef hann hefði verið á vakt. Aðspurður minntist Jón Baldvin engra málsatvika í tengslum við þessa tilteknu skýrslutöku. Aðspurður um aðbúnað Sævars í fangelsinu taldi hann aðbúnaðinn hafa verið með svipuðum hætti og annarra fanga nema útivist hafi hafist síðar en annarra.
1869. Guðrún Óskarsdóttir fangavörður var yfirheyrd 21. september 1979 sem vitni í Hegningarhúsinu við Skólavörðustíg.³⁵⁹⁶ Tilefni yfirheyrslunnar var sagt að Jón Oddsson verjandi Sævars hafi látið að því liggja í bréfi dagsettu 28. ágúst 1979 að hún kynni frá einhverju að segja varðandi harðræði sem Sævar segðist hafa verið beittur í Síðumúlafangelsinu. Guðrún bar um að það sem hún kynni frá að segja væri að í tvígang þegar verið var að yfirheyra Sævar í hornherberginu hafi hún heyrt einhverja

³⁵⁹³ Bls. 3917–3918.

³⁵⁹⁴ Bls. 3891–3892.

³⁵⁹⁵ Bls. 8864–8865.

³⁵⁹⁶ Bls. 3936–3938.

pústra, eins og verið væri að slá einhvern, hálfgerðar stimpingar og einhvern kveinka sér. Aðspurð kvaðst hún ekki getað borið um það hvenær þetta hafi verið né hverjir hafi verið að yfirheyra Sævar en taldi að um rannsóknarlögreglumenn hafi verið að ræða. Kvaðst henni ekki hafa líkað við þetta og rætt þetta við samstarfskonu sína, Jónu Sigurjónsdóttur. Skömmu eftir þessi tilvik hafi Gunnar Guðmundsson forstöðumaður komið að máli við hana og sagt henni að komin væri upp sú staða að æskilegt væri að þær konurnar, hún og Jóna, myndu flytjast til starfa í Hegningarhúsinu og gerðu þær það. Þetta hafi verið um það bil þegar komið var með þá Sigurbjörn Eiríksson og Magnús Leóoldsson í fangelsið. Taldi Guðrún skýringu þessa flutnings hafa verið kunningsskapur hennar við þá tvo en hún hefði um árábil unnið hjá þeim í Glaumbæ og Klúbbnum. Guðrún bar um það að aðbúnaður Sævars hafi verið svipaður og annarra í fangelsinu og að hann hafi ekki verið erfiðari en aðrir fangar.

1870. Guðjón Lúther fyrrum fangavörður var yfirheyrður 21. september 1979 sem vitni á skrifstofu rannsóknarlögreglu ríkisins að Auðbrekku 61.³⁵⁹⁷ Tilefni yfirheyrslunnar var samprófun í Síðumúlafangelsinu 5. maí 1976. Guðjón bar um að samprófun þessi væri minnisstæð sökum þess hve fjölmenn hún hafi verið og eins hávaðasöm; háværar raddir og stólar dregnir eftir gólfinu. Ekki minntist hann þess að hafa heyrt neitt sem hafi bent til þess að verið væri að beita harðræði. Ekki mundi hann hvort hann hafi fært Sævar inn á klefa eftir samprófunina en taldi það líklegt þar sem hann hefði verið á vakt. Inntur eftir því hvort hann vissi til þess að einhver fangavörður hafi verið viðstaddur samprófunina kvað hann það ekki sérstaklega minnisstætt en datt þó helst í hug Gunnar Guðmundsson forstöðumaður. Ástæðu þess að hann nefndi Gunnar sérstaklega bar Guðjón um að Gunnar hafi verið mikill áhugamaður um að mál þetta kæmist í höfn og áhugasamur um allt sem hafi komið fangelsinu við. Ekki minntist Guðjón þess að hafa heyrt af atvikum sem gerst hafi við þessa samprófun eða að rætt hafi verið um hana síðar. Gat hann þess að aðrir fangaverðir hafi verið áhugasamari en hann um þetta mál. Hafi sumir þeirra tekið að sér á ákveðnu tímabili að ræða þessi afbrot við fangana aðallega til að reyna að upplýsa hvar líkin væru. Slíkar viðræður hafi ætíð átt sér stað inn á klefa viðkomandi fanga. Ekki kvaðst hann sjálfur hafa verið viðstaddur slíkar viðræður þar sem hann væri þeirrar skoðunar að rannsóknaraðilar ættu að sinna sínum störfum og fangaverðir sínum. Fangarnir sjálfir hefðu síðan haft mikla þörf fyrir að ræða þessi mál sín við fangaverðina en hann hafi reynt að bíta slíkt af sér. Þau hafi stundum verið drjúg þessi samtöl fangavarðana við fangana og minntist Guðjón þess að fangavörður hafi komið með uppdrátt af landsvæði út úr klefa eins fangans en ekki mundi hann lengur hver það var. Nefndi hann aðspurður að þeir Högni Einarsson, Skúli Steinsson og Ari Ingimundarson hafi „tekið að sér“, eins og það var orðað, að ræða þessi mál einslega við fangana í klefum þeirra en viðræður þessar hafi farið fram með vitund Gunnars Guðmundssonar forstöðumanns og Gunnars Marinóssonar varðstjóra. Ekki mundi hann hvort fangaverðir hafi verið viðstaddir yfirheyrslur í Guðmundar- og Geirfinnsmálum þó slíkt kynni að hafa verið. Guðjón kvaðst ekki hafa verið beðinn um að ræða málin við fangana og heyrdi aldrei neinn beðinn um það.

³⁵⁹⁷ Bls. 3866–3868.

1871. Ari Ingimundarson fangavörður var yfirheyrður 21. september 1979 klukkan 15:15, sem vitni á skrifstofu rannsóknarlögreglu ríkisins að Auðbrekku 61.³⁵⁹⁸ Tilefni yfirheyrslunnar var samprófun í Síðumúlafangelsinu 5. maí 1976. Ari minntist þessarar samprófunar ekki. Þá kannaðist hann ekki við að hafa rætt mál gæslufanganna einslega við þá eða að hafa verið að yfirheyra þá og minntist þess ekki að aðrir hafi gert það.
1872. Ari Ingimundarson fangavörður var áfram yfirheyrður 21. september 1979 klukkan 15:40, sem vitni á skrifstofu rannsóknarlögreglu ríkisins að Auðbrekku 61.³⁵⁹⁹ Ari bar um að minnast ekki sérstaks tilviks þar sem Sævar hafi verið færður fyrir Gunnar Guðmundsson en slíkt tilvik var til rannsóknar vegna ávirðinga Sævars. Gat hann þess að það væri ekki óalgenget að fangar bæðu um að tala við Gunnar en hann mundi ekki eftir neinu slíku tilviki hvað Sævar snerti.
1873. Gunnar Marinósson varðstjóri í Síðumúlafangelsi var yfirheyrður sem vitni 24. september 1979 klukkan 15:58, í fangelsinu við Síðumúla.³⁶⁰⁰ Kvaðst hann ekki muna sérstaklega eftir tilviki þar sem hann hafi verið nýkominn á vakt þegar Gunnar Guðmundsson hafi verið með Sævar í viðtali hjá sér en það kynni þó vel að vera. Hins vegar minntist hann þess ekki að Gunnar hafi skipað honum að sitja yfir Sævari sem hafi verið gert að standa teinréttur með hendur niður með síðum.
1874. Gunnar Marinósson var aftur yfirheyrður sem vitni 24. september 1979 klukkan 16:11, í fangelsinu við Síðumúla.³⁶⁰¹ Borin var undir hann bókun Sævars um að Örn Höskuldsson hafi hreytt í hann ónotum og sagt honum að fara inn í klefa og hengja sig en Örn hafi sagt Gunnari að lána Sævar reipi til slíks. Aðspurður kannaðist Gunnar ekki við þetta auk þess sem hann hefði áður tjáð sig um þetta fyrir dómi.
1875. Í kjölfar þessarar skýrslu var bókað af Þóri Oddssyni, skipuðum rannsóknarlögreglustjóra, og Guðmundi Guðjónssyni rannsóknarlögreglumanni að ekki hafi þótt fært að taka skýrslur varðandi önnur atriði sem fram kæmu í greinargerð Sævar sem komið hafi verið á framfæri með bréfi Jóns Oddssonar dagsettu 25. júní 1979 og áttu að varða Högna Einarsson og Örn Höskuldsson. Önnur atriði í þessari greinargerð Sævars hafi þótt falla utan ramma þessarar rannsóknar eins og hann hafi verið markaður af ríkissaksóknara í bréfi dagsettu 23. ágúst 1979.
1876. Gunnar Marinósson fangavörður var yfirheyrður 24. september 1979 klukkan 16:20, í fangelsinu við Síðumúla sem vitni.³⁶⁰² Kannaðist hann ekki við að fangaverðir hafi verið fengnir til að yfirheyra sakborninga né vissi til þess að það hefði verið gert enda ekki í verkahring fangavarða. Hann gat þess þó að það hafi margoft gerst að fangarnir sjálfir hafi viljað ræða þessi mál við fangaverðina. Kvaðst hann hafa hlustað á þá í slíkum tilvikum en ekki rætt málin nema sérstaklega væri óskað eftir því af þeirra hálfu. Bar hann um að aðbúnaður Sævars hafi verið sá sami og annarra en gat þess að

³⁵⁹⁸ Bls. 3869–3870.

³⁵⁹⁹ Bls. 3893.

³⁶⁰⁰ Bls. 3894.

³⁶⁰¹ Bls. 3919.

³⁶⁰² Bls. 3789.

hann og annar fangi hefðu sætt reykingabanni og verið settir í fótajárn eftir að upp hafi komist um bréfaskipti þeirra á milli. Gat Gunnar þess að Steingrímur Gautur Kristjánsson héraðsdómari hafi framkvæmt sérstaka rannsókn vegna kæru hins fangans á þessum aðgerðum.

1877. Guðrún Jóna Sigurjónsdóttir fangavörður var yfirheyrð 24. september 1979 sem vitni í Hegningarhúsinu við Skólavörðustíg.³⁶⁰³ Tilefni yfirheyrslunnar var sagt að Jón Oddsson verjandi Sævars hafi látið að því liggja í bréfi dagsettu 28. ágúst 1979 að hún kynni frá einhverju að segja varðandi harðræði sem Sævar segðist hafa verið beittur í Síðumúlafangelsinu. Jóna bar um að hafa verið við störf í Síðumúlafangelsinu síðari hluta árs 1975 og fram til 26. janúar 1976 er hún hafi verið færð til í starfi að fyrirlagi Gunnars Guðmundssonar og hafið störf í Hegningarhúsinu. Henni hafi verið sagt að kvartanir hafi komið frá aðstandendum kvenfanga sem hafi verið í Síðumúlafangelsinu um hávaða í fangelsinu vegna hurðaskella og því hafi þessi fangi verið færður í Hegningarhúsið sama dag og hún hóf þar störf. Jóna bar um það að hafa ætíð verið á dagvakt utan eins tilviks sem hún tók næturvakt. Aðspurð um þá næturvakt bar hún að með henni hafi verið Skúli Steinsson og að því er hana minnti Erlingur Guðmundsson. Er þau hafi mætt á vakt hafi Gunnar Guðmundsson verið að ljúka símtali við Örn Höskuldsson en að því loknu hafi Gunnar tjáð þeim Skúla og Erlingi frá því að halda ætti þeim Sævari og Tryggva Rúnari vakandi um nóttina. Það hafi verið gert, þeir Skúli og Erlingur hafi farið margoft inn í klefa til Sævars og Tryggva til að vekja þá. Jóna bar um að hafa farið með þegar Tryggvi Rúnar hafi verið vakinn en ekki alltaf þegar Sævar hafi verið vakinn. Hafi þeir Skúli og Erlingur borið á Tryggva Rúnar að hafa verið að kalla nafn stúlku upp úr svefni sem Tryggvi hefði verið mjög undrandi á en stúlkunafn þetta skildist Jónu að tengdist stúlku sem fannst látin í Vík í Mýrdal. Kvað Jóna Skúla hafa sagt að Tryggvi Rúnar tryði öllu sem Skúli segði við hann en Tryggvi hefði verið vinnumaður hjá Skúla áður. Undir morgun hafi Skúli svo sagt Tryggva Rúnari að heppilegast væri að líma heftiplástur fyrir munn hans svo köllin heyrðust ekki í honum. Tryggvi hafi samþykkt þetta og hafi þeir í kjölfarið límt grisju fyrir munn hans sem þeir festu með heftiplástrum. Gunnari Guðmundssyni hafi verið sagt frá þessu þegar hann mætti á vakt klukkan 08:00. Jóna gat þess að hvað Sævar viðkom þessa nótt að Skúli hafi gert að leik sínum að hlaupa með stól framan á sér á vegg milli varðstofunnar og klefans sem Sævar var í svo af varð mikill hávaði. Eins hafi þeir Skúli og Erlingur farið inn í klefa Sævars og tuskað hann til auk þess sem þeir hafi komið í veg fyrir að Sævar gæti breitt yfir loftljósið en rofi til að slökkva á ljósinu hafi fyrr verið gerður óvirkur af Guðjóni Lúther fangaverði sem sé rafvirki að mennt. Að mati Jónu hafi andað köldu í garð Sævars umfram aðra fanga. Nefndi hún sem dæmi þess að hún hafi eitt sinn heyrt Högna Einarsson segja við Sævar að honum væri óheimilt að fara á klósettið nema nakinn en Sævar hafi þá ekki farið á klósettið. Þessi framganga Högna hafi hlotið góðar undirtektir hjá Gunnari Guðmundssyni en þessi ráðstöfun hafi verið gerð í þeim tilgangi að fyrirbyggja að Sævar gæti staðið í bréfaskiptum við aðra fanga. Aðspurð kvaðst Jóna vita til þess að fangaverðirnir Skúli Steinsson, Högni Einarsson og Örn Ármann Sigurðsson hafi verið að yfirheyra

³⁶⁰³ Bls. 3939–3942.

gæslufangana, einkum Sævar, en þessar yfirheyrslur hafi annaðhvort verið að fyrirlagi Arnar Höskuldssonar, Eggerts Bjarnasonar og Sigurbjörns Víðis Eggertssonar eða í það minnsta með vitund þeirra. Eins hafi Gunnar Guðmundsson forstöðumaður verið að yfirheyra. Ekki kvaðst Jóna hafa sjálf hafa orðið vitni að svona yfirheyrslum en byggja þetta á tali samstarfsmanna sinna.

1878. Í skýrslu rannsóknarlögreglu ríkisins sem undirrituð var af þeim Þóri Oddssyni, skipuðum rannsóknarlögreglustjóra ríkisins, og Guðmundi Guðjónssyni rannsóknarlögreglumanni var bókað að 24. september 1979 hafi verið tekið saman hvaða fangaverðir hafi gengið vaktir frá 1. janúar 1976 til 26. janúar 1976 og hverjir hafi verið saman á dagvakt og næturvakt á þessu tímabili.³⁶⁰⁴ Að auki hafi verið farið yfir yfirvinnubók fangavarða og vinnuskrár úr fangelsinu vegna sama tímabils. Tilefnið hafi verið að í framburði Jónu hafi hún nefnt þrenn atriði sem leita mætti staðfestingar á í þessum gögnum en þessi atriði hafi verið hve margar næturvaktir hún hafi gengið í janúar 1976, hverjir hafi verið með henni á vakt og atriði er varði Gunnar Guðmundsson sem hún hafi vikið að í framburði sínum. Í ljós hafi komið að hún hafi staðið þrjár næturvakir í stað einnar sem hún hafði borið um og að Erlingur Guðmundsson sem hana hafi minnt að hafi verið á næturvakt með henni hafi ekki staðið slíkar vaktir með henni í janúar. Þá hafi Gunnar Guðmundsson komið einu sinni á dagvakt í kjölfar næturvaktar Jónu en ekki á þeim dögum sem ætla mætti að Jóna hafi verið að vísa til í framburði sínum.
1879. Örn Ármann Sigurðsson, fyrrverandi fangavörður, var yfirheyrður á skrifstofu rannsóknarlögreglu ríkisins að Auðbrekku 61 þriðjudaginn 25. september 1979. Bókað var að gætt hafi verið ákvæða 1. mgr. 40. gr. laga um meðferð opinberra mála.³⁶⁰⁵ Neitaði hann því alfarið að hafa átt hlut að því að beita Sævar harðræði né kannaðist við að aðrir hafi beitt hann slíku. Þá kannaðist Örn ekki við að hafa yfirheyrt Sævar né að aðrir fangaverðir hafi verið að yfirheyra fangana. Hins vegar hafi þessi mál virst hvíla þungt á sakborningunum og þeir haft mikla þörf fyrir að ræða þau við fangaverði, sérstaklega Sævar og þá við hann. Örn kvaðst hafa brugðist við með því að benda Sævari á að segja sannleikann við yfirheyrslur rannsóknaraðilanna. Bar hann um að aðbúnaður Sævars hafi verið sá sami og annarra. Var hann sérstaklega spurður að því hvort hann minntist þess að Sævar hafi verið beittur harðræði á einhvern hátt meðan í dvöl hans hafi staðið í Síðumúlafangelsinu. Örn kannaðist ekki við neitt slíkt.
1880. Hallvarður Einvarðsson rannsóknarlögreglustjóri var yfirheyrður á skrifstofu rannsóknarlögreglu ríkisins að Auðbrekku 61 miðvikudaginn 26. september 1979. Þess var getið að mætta væri kunn réttarstaða vitna og sakborninga fyrir rannsóknarlögreglu og dómi.³⁶⁰⁶ Aðspurður kvaðst Hallvarður muna eftir samprófun sem fram hafi farið 5. maí 1976 en óskaði eftir að hafa inngang að framburði sínum. Hann hafi á þessum tíma gegnt stöðu vararíkissaksóknara og meðal starfsskyldna hans hafi verið að fylgjast nokkuð með rannsókn Guðmundar- og Geirfinnsmála sem fram hafi farið af hálfu sakadóms Reykjavíkur undir stjórn Arnar Höskuldssonar, fulltrúa

³⁶⁰⁴ Bls. 3943–3948.

³⁶⁰⁵ Bls. 3795–3796.

³⁶⁰⁶ Bls. 3871–3873.

yfirsakadómara. Málið hafi verið með erfiðustu og umfangsmestu sakamálum sem hafi verið til rannsóknar hérlandis í langan tíma. Vísaði Hallvarður til þess að um viðveru hans við rannsóknina megi finna þess stað í lögregluskýrslum og endurritum úr sakadómsbókum en hann hafi jafnframt gert ríkissaksóknara rækilega grein fyrir framvindu rannsóknar málsins á hverjum tíma. Samprófun þessi hafi farið fram er rannsókn málsins var á mjög erfiðu stigi. Hafi Örn Höskuldsson talið rétt að freista þess að láta fara fram samprófun, sérstaklega milli Sævars og Erlu og jafnvel Kristjáns Viðars en Hallvarður var ekki jafn viss um aðild hans. Greindi hann frá því hverja hann taldi hafa verið viðstadda. Þegar liðið hafi á samprófunina hafi þau bæði komist í uppnám, Erla og Sævar, og orðið óróleg og ítrekað hafi þurft að gera hlé á samprófuninni til að róa þau svo halda mætti samprófuninni áfram. Sérstaklega hafi Sævar verið órólegur í sæti sínu, samprófunin hafi staðið tiltölulega stutt yfir og engu harðræði beitt eftir því sem Hallvarður gæti borið um en í eitt sinn er Sævar gerðist sérlega æstur og órólegur og virtist ætla að færa sig eða hreyfa úr þeim stað sem honum hafði verið ætlaður greip Gunnar Guðmundsson til hans og færði hann til baka og rétti honum nokkurn kinnhest um leið. Samprófunin hafi verið komin að lokum þegar þetta hafi gerst eftir því sem Hallvarð minnti. Hlutverk Gunnars við samprófunina taldi hann hafa verið að sjá um tilfærslur á föngum milli klefa og yfirheyrsluherbergis og vænti þess að það hafi verið afráðið milli Gunnars og Arnar Höskuldssonar.

1881. Njörður Snæhólm yfirlögregluþjónn var yfirheyrður á skrifstofu rannsóknarlögreglu ríkisins að Auðbrekku 61 sem vitni 26. september 1979.³⁶⁰⁷ Njörður greindi frá því að hann myndi eftir einni samprófun sem hann hefði verið viðstaddur en mundi ekki hvaða dag það var. Greindi hann frá því hverjir hefðu verið viðstaddir samprófunina og aðspurður bar hann um að engu harðræði hefði verið beitt af hálfu rannsóknaraðila málsins. Greindi hann frá því að Sævar hafi verið að færa sig framar en honum hafi verið ætlað og hafi staðið í eitt sinn upp en Eggert ýtt honum niður í stólinn aftur. Taldi Njörður að það hafi verið fljótlega eftir þetta sem Gunnar hafi staðið upp, gengið að Sævari og slegið hann kinnhest á vinstri vangann. Ekki gat Njörður séð að Sævar hefði gefið tilefni til þessa.
1882. Eggert Norðdahl Bjarnason rannsóknarlögreglumaður var yfirheyrður á skrifstofu rannsóknarlögreglu ríkisins að Auðbrekku 61 miðvikudaginn 26. september 1979, klukkan 16:00, gætt var ákvæða 1. mgr. 40. gr. laga um meðferð opinberra mála.³⁶⁰⁸ Aðspurður mundi Eggert eftir einni fjölmennri samprófun en ekki mundi hann dagsetningu hennar. Mundi hann að Sævar hafi verið mjög æstur í þessari samprófun og Erla miður sín. Hún hafi lagt hart að Sævari að segja allan sannleikann en hann verið svo æstur að hann hafi staðið upp úr stólnum eins og hann hafi ætlað að fara út úr herberginu. Honum hafi verið ýtt ofan í stólinn aftur eftir hann hafði ekki hlýtt því að setjast. Ekki gat Eggert fullyrt um hvort það hafi verið hann sjálfur eða einhver annar sem það gerði. Aðspurður hvort Sævar hefði verið beittur líkamlegu harðræði kannaðist Eggert ekki við það umfram það að honum hafi verið ýtt ofan í stólinn. Ekki

³⁶⁰⁷ Bls. 3874–3875.

³⁶⁰⁸ Bls. 3876–3878.

mundi hann til þess að Gunnar Guðmundsson hefði slegið Sævar en Eggert kunnir enga skýringu á því hvers vegna Gunnar hefði verið viðstaddur. Neitaði Eggert öllum ásökunum sem bornar voru undir hann úr framburðum Sævars, Kristjáns Viðars og Erlu. Ekki vissi hann heldur til þess að fangaverðir hafi verið að yfirheyra fangana varðandi málin sem þau hafi verið grunuð um. Hann gat þess þó að fangaverðir hafi í einhverjum tilvikum látið rannsóknaraðilana fá skrifleg skilaboð frá föngunum. Eggert kvaðst hafa staðið í þeirri trú að þessum skilaboðum hafi verið komið á framfæri að ósk fanganna. Ekki kvaðst hann geta borið um hvað fangaverðir hafi verið að ræða við fangana í klefum þeirra.

1883. Eggert Norðdahl Bjarnason rannsóknarlögreglumáður var yfirheyrður á skrifstofu rannsóknarlögreglu ríkisins að Auðbrekku 61 miðvikudaginn 26. september 1979, klukkan 17:00, gætt var ákvæða 1. mgr. 40. gr. laga um meðferð opinberra mála.³⁶⁰⁹ Eggert kannaðist ekki við að hafa farið í ferð þá sem Sævar bar að farin hafi verið í desember 1975 á Ford Bronco jeppa í eigu annars rannsóknarlögreglumanns og að hann hafi verið beittur harðræði í ferðinni. Vísaði Eggert jafnframt til framburða sinna fyrir dómi þar sem hann hafi neitað að hafa lagt hendur á Sævar. Nefndi Eggert sérstaklega að í eitt skipti þegar starfsmaður bandaríska sendiráðsins hafi verið að tala við Sævar í Síðumúlafangelsinu hafi Sævar tjáð sig um að vera beittur ofbeldi. Nánar aðspurður af Bandaríkjamanninum hafi Sævar sagt að um andlegt ofbeldi hafi verið að ræða. Vísaði Eggert til þess að Jón Oddsson, verjandi Sævars, hafi verið viðstaddur. Bókað var eftir Jóni sem var viðstaddur yfirheyrsluna að hann staðfesti orð Eggerts í þessum efnunum.
1884. Sigurbjörn Víðir Eggertsson rannsóknarlögreglumáður var yfirheyrður á skrifstofu rannsóknarlögreglu ríkisins að Auðbrekku 61 fimmtudaginn 27. september 1979 klukkan 10:00, þess var getið að mætta væri kunn réttarstaða vitna og sakborninga fyrir rannsóknarlögreglu og dómi.³⁶¹⁰ Aðspurður mundi Sigurbjörn Víðir eftir samprófuninni en ekki mundi hann dagsetningu hennar. Samprófunin hafi verið hávaðasöm og Sævar æstur. Í einu tilviki hafi hann staðið upp úr stólnum en Eggert ýtt Sævari ofan í stólinn aftur. Aðspurður hvort Sævar hefði verið beittur líkamlegu harðræði kannaðist Sigurbjörn Víðir ekki við það umfram það að honum hafi verið ýtt ofan í stólinn. Hann gat þess að hafa heyrt frá því sagt löngu síðar að Gunnar Guðmundsson hafi slegið til Sævars en kvaðst ekki hafa orðið var við það sjálfur og því ekkert geta borið um það. Sigurbjörn Víðir kunnir enga skýringu á því hvers vegna Gunnar hafi verið viðstaddur. Rámaði Sigurbjörn Víði í að hafa farið út úr herberginu á meðan samprófunin hafi staðið en gæti þó ekki fullyrt að svo hafi verið. Ekki vissi hann heldur til þess að fangaverðir hafi verið að yfirheyra fangana varðandi málin sem þau hafi verið grunuð um. Hann gat þess þó að fangaverðir hafi í einhverjum tilvikum látið rannsóknaraðilana fá skrifleg skilaboð frá föngunum og eins borið munnleg skilaboð á milli.

³⁶⁰⁹ Bls. 3808–3809.

³⁶¹⁰ Bls. 3879–3880.

1885. Sigurbjörn Víðir Eggertsson rannsóknarlögreglumaður var yfirheyrður á skrifstofu rannsóknarlögreglu ríkisins að Auðbrekku 61 fimmtudaginn 27. september 1979 klukkan 10.25, gætt var ákvæða 1. mgr. 40. gr. laga um meðferð opinberra mála.³⁶¹¹ Sigurbjörn Víðir minntist þess ekki að hafa farið í ferð þá sem Sævar hafi borið um að farin hefði verið í desember 1975 á Ford Bronco jeppa í eigu annars rannsóknarlögreglumanns og að hann hafi verið beittur harðræði í ferðinni. Mótmælti hann því að hafa hótad Sævari, beitt hann harðræði eða svívirt.
1886. Guðrún Jóna Sigurjónsdóttir fangavörður var yfirheyrð sem vitni á skrifstofu rannsóknarlögreglu ríkisins að Auðbrekku 61 fimmtudaginn 27. september 1979.³⁶¹² Tilefnið var að inna hana nánar eftir atriðum sem fram hafi komið í skýrslu hennar 24. september 1979. Taldi hún að næturvakt þá sem hún hafi fjallað um í skýrslu sinni hafi hún staðið um það bil 20. janúar 1976, stuttu áður en hún hóf störf í Hegningarhúsinu. Aðspurð kvað hún það vel geta verið að hún hafi staðið þrjár næturvaktir í janúar það ár og áréttaði að hún myndi ekki betur en að Erlingur Þór Guðmundsson hafi verið á vakt með henni eins og hún hafði áður borið. Stóð hún fast við framburð sinn þó undir hana væri borin gögn um að Erlingur hafi ekki staðið næturvaktir með henni í janúar 1976. Eins bar hún um það að Gunnar Guðmundsson hefði komið í fangelsið í Síðumúla um morguninn að aflokinni næturvaktinni þó hann hafi ekki verið bókaður á vakt samkvæmt gögnum sem rannsökuð hefðu verið, gat Jóna þess að hann hefði oft komið í fangelsið þó hann hafi ekki verið á vakt. Að svo komnu var gætt ákvæða 1. mgr. 40. gr. laga um meðferð sakamála og Jónu kynnt ákvæði 147. gr. almennra hegningarlaga og ákvæðið lesið í heyranda hljóði. Jóna var svo spurð hvort henni væri í nöp við Gunnar Guðmundsson, Erling Þór Guðmundsson og eða Skúla Steinsson. Svaraði hún því til að henni væri hlýtt til þeirra allra.
1887. Föstudaginn 28. september 1979 á skrifstofu rannsóknarlögreglu ríkisins að Auðbrekku 61 að viðstöddum, Þóri Oddssyni, skipuðum rannsóknarlögreglustjóra, Guðmundi Guðjónssyni rannsóknarlögreglumanni, Jóni Oddssyni, verjanda Sævars, og Pétri Guðgeirssyni, fulltrúa ríkissaksóknara, var færð til bókar yfirlýsing Péturs.³⁶¹³ Yfirlýsingin fól í sér að þar sem framburður Jónu varðandi Tryggva Rúnar Leifsson sem væri sakborningur í hæstaréttarmáli nr. 214/1978 virtist óviðkomandi sakarefni þess máls og utan marka þessarar rannsóknar eins og ríkissaksóknari hafi ákveðið þau, þætti ákærvaldinu ekki ástæða til að rannsóknin beindist að því atriði.
1888. Jónas Bjarnason rannsóknarlögreglumaður var yfirheyrður á skrifstofu rannsóknarlögreglu ríkisins að Auðbrekku 61 föstudaginn 28. september 1979.³⁶¹⁴ Bókað var að gætt hafi verið ákvæða 1. mgr. 40. gr. laga um meðferð opinberra mála. Jónas bar um að muna vel eftir tilgreindri ferð í Hafnarfjarðarhraun með Sævari enda þá séð hann í fyrsta sinn. Minnti hann að þetta hafi verið á jóladag og hafi Örn Höskuldsson beðið hann fyrir að fara þessa ferð þar sem hann hafi átt Bronco jeppa en leita ætti að líki Guðmundar Einarssonar. Honum hafi skilist að Sævar hafi ætlað að

³⁶¹¹ Bls. 3810.

³⁶¹² Bls. 3949–3951.

³⁶¹³ Bls. 3952.

³⁶¹⁴ Bls. 3811–3813.

benda hvar það væri. Jónas kvaðst staðkunnugur þarna en einnig hafi verið talsverður snjór og hálka. Lýsti Jónas ferðinni en kvað hana hafa verið tilgangslitla vegna aðstæðna en Sævar hafi verið mjög óöruggur um hvar leita skyldi. Tók hann fram að vel hafi farið á með Sævari og þeim sem hafi farið með honum í ferðina og að ekki hafi komið til illinda hvorki í orði né verki. Hann hafi svo ekki komið frekar að vinnu við Guðmundar- og Geirfinnsmálin fyrr en í ágúst 1976. Kvöld eitt í þeim mánuði hafi hann ásamt Grétari Sæmundssyni rannsóknarlögrelumanni verið sendur að sækja Sævar í Síðumúlafangelsið. Þá hafi hann verið á Bronco bifreiðinni. Þegar Sævar hafi séð bifreiðina hafi hann haft á orði að eiga slæmar minningar eftir ferð í sams konar bifreið suður í Hafnarfjarðarhraun þar sem hann hafi sætt misþyrmingum og nærri lífi hans gengið í bifreiðinni. Hann hafi nefnt þá Eggert og Sigurbjörn Víði til sögunnar en rífið hafi verið í hár hans, snúið upp á fingur hans og jafnvel tekinn kverkataki. Gat Jónas þess að Sævar hafi ekki virst hafa áttað sig því að það hafi verið hann sem ók honum í þessari ferð, hann hefði enda ekki sagt honum frá því.

1889. Grétar Sæmundsson rannsóknarlögrelumaður var yfirheyrður á skrifstofu rannsóknarlögrelu ríkisins að Auðbrekku 61 föstudaginn 28. september 1979, sem vitni.³⁶¹⁵ Bar Grétar um málsatvik tengd flutningi á Sævari með Bronco bifreið með Jónasi Bjarnasyni. Staðfesti Grétar að hafa verið sendur að sækja Sævar í Síðumúlafangelsið og til hafi staðið að flytja hann á Bronco bifreiðinni. Þegar Sævar hafi séð hana hafi komið hik á hann og hann haft á orði að eiga slæmar minningar eftir ferð í sams konar bifreið suður í Hafnarfjarðarhraun. Þegar inn í bifreiðina hafi verið komið hafi hann greint frá því aðspurður af Jónasi að hafa sætt misþyrmingum og gengið hafi verið nærri lífi hans í bifreiðinni. Minnti Grétari að Sævar hafi nefnt þá Eggert og Sigurbjörn Víði til sögunnar. Grétar kvaðst ekki hafa lagt orð í belg enda þótt sagan ótrúleg og tilbúningur Sævars sem Grétar hefði á tilfinningunni að kæmi fyrir hann að gera. Þegar þeir hafi svo verið búnir að skila Sævari í fangelsið aftur hafi Jónas sagt honum frá því að Sævar hafi verið að lýsa ferð sem Jónas sjálfur hafi farið þar sem komið hefði verið þrúðmannlega fram við Sævar. Kvaðst Grétar hafa heyrt þessa sögu oft hjá Sævari en þess aldrei getið að Jónas hefði farið í ferðina. Aðspurður kvaðst Grétar ekki vita til þess að aðrir hafi átt Bronco bifreið sem hafi komið að rannsókn málsins á þeim tíma sem þessi málsatvik hafi átt að eiga sér stað. Tók Grétar það sérstaklega fram að hann hefði enga vitneskju eða grunsemdir um að Sævar hafi verið beittur líkamlegu harðræði af rannsóknaraðilum eða fangavörðum. Rík áhersla hafi verið lögð á það af stjórnendum, Erni Höskuldssyni og Karli Schütz að komið væri heiðarlega fram við sakborninga og þeir nytu fyllsta réttar.
1890. Guðjón Lúther, rafvirki og fyrrum fangavörður, var yfirheyrður sem vitni á skrifstofu rannsóknarlögrelu ríkisins að Auðbrekku 61 föstudaginn 28. september 1979.³⁶¹⁶ Bar hann um tildrög þess að ljósrofi á fangaklefa sem Sævar hafi verið í hafi verið bilaður. Sagði hann umræddan klefa, sem væri næst varðstofunni, sjaldnast hafa verið nýttan sem slíkur heldur notaðan sem geymslu og því hafi viðhald hans setið á hakanum. Guðjón rak minni til þess að eitthvað hefði verið fíktað í rofanum þannig að hann hafi

³⁶¹⁵ Bls. 3814–3817.

³⁶¹⁶ Bls. 3953–3954.

verið gerður óvirkur og ljós ávallt logað í klefanum en mundi ekki hver hafi gert það, hver hafi fyrirskipað það eða hvers vegna það hafi verið gert. Minntist hann þess að hafa eitthvað átt við þennan rofa og gat ekki fullyrt hvort hann hefði aftengt hann eða verið að koma honum í samt lag aftur en taldi þó líklegra að hann hefði ekki aftengt hann.

1891. Gunnar Guðmundsson forstöðumaður fangelsisins við Síðumúla var yfirheyrður á skrifstofu rannsóknarlögreglu ríkisins að Auðbrekku 61 laugardaginn 29. september 1979, klukkan 13:35.³⁶¹⁷ Gætt var ákvæða 1. mgr. 40. gr. laga um meðferð opinberra mála. Kvaðst hann aðspurður aldrei hafa gefið skipun um að Sævar yrði að fara nakinn á salerni. Bar hann um að framburður Guðrúnar Jónu Sigurjónsdóttur fangavarðar í þessum efnum væri hrein ósannindi þar sem þetta væri hlutur sem hann myndi muna eftir. Kvaðst hann aðspurður telja mjög ólíklegt að einhver annar yfirmaður í fangelsinu hafi gefið slíka skipun án hans vitundar. Þá kvað Gunnar bókun Sævars ósanna um að hann hafi neitað honum um hjartalyf með þeim orðum að ekkert amaði að Sævari annað en samviskan. Vísaði Gunnar til þess að það væri læknis að afráða um lyfjagjöf og hvenær henni væri hætt. Myndi hann ekki betur en að Sævar hafi farið til hjartalæknis að fyrirlagi Guðsteins Þengilssonar fangalæknis. Gunnar vísaði því á bug að hafa hótad Sævari og ef fangaverðir hafi verið að yfirheyra Sævar hafi það verið án hans vitundar, sjálfur hefði hann ekki yfirheyrt þessa menn. Aðspurður hvort efnisatriði þessara mála hafi komið til tals milli hans og Sævars kannaðist Gunnar við það. Minnti hann að það hefði verið í janúar 1976 sem Sævar hafi beðið hann að tala við sig og verið mjög miður sín, nánast hágrátandi. Hafi Sævar sagt honum frá tildrögum hvarfs Guðmundar Einarssonar án þess að Gunnar hafi nokkuð verið að spyrja um málið. Gunnar svaraði því aðspurður að hann hafi sagt Sævari að hann gæti ekki þagað yfir þessari vitneskju en hann hafi gefið Sævari þriggja daga frest til að skýra rannsóknaraðilum frá þessu sem hann hafi gert og minnti Gunnar að Jón Oddsson, verjandi Sævars, hafi verið viðstaddur þá skýrslugjöf. Gunnar tók það fram að fangarnir hafi oft komið að máli við fangaverðina varðandi ýmislegt sem þeir ættu ekki gott með að neita að ræða við þá.
1892. Gunnar Guðmundsson forstöðumaður fangelsisins við Síðumúla var áfram yfirheyrður á skrifstofu rannsóknarlögreglu ríkisins að Auðbrekku 61 laugardaginn 29. september 1979 klukkan 14:27.³⁶¹⁸ Gætt var ákvæða 1. mgr. 40. gr. laga um meðferð opinberra mála. Bókað var að tilefni yfirheyrslunnar hafi verið aðbúnaður Sævars í fangelsinu við Síðumúla svo og harðræði sem Sævar hafi borið um að hafa verið beittur. Gunnar bar um að aðbúnaður Sævars hafi verið nákvæmlega sá sami og annarra fanga. Hann hafi haft rúmföt, skriffæri og fengið að skrifa bréf sem hafi verið lesin yfir. Hann hafi hins vegar ekki alltaf haft peninga fyrir tóbaki sem Gunnar kvaðst hafa hlutast til um að fá frá Félagsmálastofnun en gat þess að hann hafi verið settur í straff vegna agabrots. Ljós hafi einu sinni verið látið loga í klefa Sævars en það hafi verið gert í öryggisskyni þar sem hann hafi verið miður sín á þessu tímabili. Um dauft ljós hafi verið að ræða. Ekki kvaðst hann kannast við að slökkvari klefans hafi verið bilaður.

³⁶¹⁷ Bls. 3797–3799.

³⁶¹⁸ Bls. 3821–3823.

Sævar hafi svo fengið útivist eins og aðrir sakborningar þessa máls en hann hafi hins vegar lítt nýtt sér þessa tíma og því farið minna út en aðrir. Gunnar greindi frá því að Sævar hafi einu sinni verið hafður í fótajárnum vegna agabrots en það hafi ekki verið gert að hans fyrirlagi þar sem hann hafi verið erlendis á þeim tíma. Hann staðfesti síðan að loftræsting fangelsisins hafi verið léleg.

1893. Gunnar Guðmundsson var áfram yfirheyrður á skrifstofu rannsóknarlögreglu ríkisins að Auðbrekku 61 laugardaginn 29. september 1979 klukkan 15.32.³⁶¹⁹ Gætt var ákvæða 1. mgr. 40. gr. laga um meðferð opinberra mála. Aðspurður mundi Gunnar eftir samprófuninni sem fram fór 5. maí 1976. Aðspurður hvort Sævar hefði verið beittur harðræði bar Gunnar um að rannsóknaraðilar hafi alls ekki beitt hann harðræði. Gunnar var spurður hvort hann hefði löðrungað Sævar og kynnt að Sævar, Erla, Kristján Viðar, Hallvarður og Njörður hefðu öll borið að hann hafi gert það við samprófunina. Gunnar svaraði á eftirfarandi máta orðrétt: „Ég finn það á mér að ég hef ekki slegið Sævar Ciesielski og tel mig saklausan af þessum áburði. Hinsvegar tel ég mig ekki hafa efni á því að segja, eða rengja, framburð þeirra Hallvarðs Einvarðssonar og Njarðar Snæhólm. Hinsvegar þá veit ég, að ég gerði þetta ekki.“
1894. Gunnar var áfram yfirheyrður á skrifstofu rannsóknarlögreglu ríkisins að Auðbrekku 61 laugardaginn 29. september 1979 klukkan 16:05.³⁶²⁰ Gætt var ákvæða 1. mgr. 40. gr. laga um meðferð opinberra mála. Gunnar var inntur eftir afstöðu til áburðar Sævars um að hann hefði látið færa Sævar fyrir sig inn í yfirheyrsluherbergi í lok apríl eða byrjun maí 1976 og yfirheyrt hann um hverjir hafi farið til Keflavíkur og svo gripið í skyrtuhálmál Sævars, skellt honum upp að vegg og haft í hótunum við hann ef hann leysti ekki frá skjóðunni. Fangavörður hafi opnað herbergið og innt eftir því hvað gengi á en Gunnar æpt að honum að loka. Yfirheyrslan hafi staðið frá því fyrir klukkan 20:00 er Högni Einarsson, sem var að ljúka vakt, færði hann til Gunnars fram til klukkan 22:00 þegar Gunnari Marinóssyni hafi verið skipað að standa yfir honum. Gunnar Guðmundsson kvað þessar ásakanir ósannar með öllu, hann hafi verið að tala við Sævar um hans persónulegu málefni. Gunnar minntist þess að Kjartan Kjartansson fangavörður hafi komið inn á meðan Gunnar hafi verið að ræða við Sævar en Gunnar þá setið á horni skrifborðsins en Sævar setið á stól. Gat Gunnar sér þess til að ástæða þess að Kjartan hefði komið inn gæti hafa verið sú að hann hafi heyrt hávaða í sér. Gunnar bar um það að hafa verið orðinn leiður og argur á þessu samtali og tók það fram að þá brýni hann oft raustina. Kjartan hafi innt hann eftir því hvort allt væri í lagi og hafi hann svarað því að svo væri.
1895. Bókað var af hálfu Þóris Oddsonar, skipaðs rannsóknarlögreglustjóra, og Guðmundar Guðjónssonar rannsóknarlögreglumanns að ekki hefði þótt ástæða til skýrslutöku af Kjartani Kjartanssyni um þetta atriði þar sem fyrir lægi skýrsla af honum um atvikið fyrir dómi.³⁶²¹

³⁶¹⁹ Bls. 3881–3882.

³⁶²⁰ Bls. 3895.

³⁶²¹ Bls. 3897.

1896. Gunnar Guðmundsson forstöðumaður var áfram yfirheyrður á skrifstofu rannsóknarlögreglu ríkisins að Auðbrekku 61 laugardaginn 29. september 1979 klukkan 16:35.³⁶²² Gætt var ákvæða 1. mgr. 40. gr. laga um meðferð opinberra mála. Aðspurður neitaði Gunnar því að hafa gefið fyrirmæli um að halda Sævari vakandi. Kannaðist hann ekki við að gefin hafi verið slík fyrirmæli gagnvart Sævari eða öðrum föngum.
1897. Skúli Steinsson forstöðumaður Hegningarhússins sem verið hafði fangavörður í fangelsinu við Síðumúla var yfirheyrður á skrifstofu rannsóknarlögreglu ríkisins að Auðbrekku 61 sunnudaginn 30. september 1979, gætt var ákvæða 1. mgr. 40. gr. laga um meðferð opinberra mála.³⁶²³ Bókað var eftir Skúla að ásökun Sævars væri rugl um að hann ásamt öðrum fangavörðum hafi verið tímunum saman inn á klefa Sævars að yfirheyra hann og troða hugarórum sínum í vitund hans um að hann væri viðriðinn hvarf Guðmundar Einarssonar fyrst og svo síðar meir hvarf Geirfinns Einarssonar. Skúli bar hins vegar um að það hafi þónokkuð oft hafi komið fyrir að Sævar hafi kallað í hann og viljað tjá sig um þessi mál. Skúli kvaðst hafa sagt yfirmanni sínum, Gunnari Guðmundssyni, frá þessu en mundi ekki hvort það hefði verið Gunnar eða rannsóknaraðilar málsins sem hafi sagt honum að skrá það sem Sævar segði á blað og afhenda þeim. Sérstaklega hafi verið lagt fyrir hann að engir aðrir en rannsóknaraðilarnir og Gunnar mættu sjá það sem kæmi frá Sævari. Bar Skúli um að Sævari hafi verið þetta kunnugt og hafi stundum beðið sig fyrir orðsendingar sem hann hafi skrifað sjálfur. Skúli kvaðst ekki geta borið um hvort aðrir fangaverðir hafi gert slíkt hið sama, hver yrði að svara fyrir sig. Hvað varðaði ásökun um að hafa lagt hendur á Sævar og haft í hótunum við hann kvað Skúli þetta vart svaravert þar sem um slíka fjarstæðu væri að ræða. Aðspurður staðfesti Skúli að hafa tekið þátt í leit í sambandi við Guðmundar- og Geirfinnsmál.
1898. Séra Jón Bjarman var yfirheyrður á skrifstofu rannsóknarlögreglu ríkisins að Auðbrekku 61 sunnudaginn 30. september 1979, sem vitni.³⁶²⁴ Bar hann aðspurður um það hverjum hann hefði sent eða afhent afrit af bréfi sínu sem dagsett var 30. maí 1978 eftir að hafa afhent dómsmálaráðherra frumrit þess sjálfur. Kunni séra Jón enga skýringu á því hvernig Dagblaðið hafi komist yfir bréfið en útdráttur úr því hefði birst 27. júlí 1979. Þá lét séra Jón þess getið að þar sem Sævar hefði verið í Hegningarhúsinu þegar hann greindi honum frá þessu þá hefði það væntanlega verið í janúar 1978 sem hann sagði honum frá þessu.
1899. Guðjón Lúther, rafvirki og fyrrum fangavörður var yfirheyrður sem vitni á skrifstofu rannsóknarlögreglu ríkisins að Auðbrekku 61 sunnudaginn 30. september 1979.³⁶²⁵ Tilefni skýrslutökunnar var að Guðjón vildi koma því á framfæri að hann hefði haft samband við Jónu Sigurjónsdóttur fangavörð og innt hana eftir framburði hennar um að hafa séð hann aftengja ljósarofa á fangaklefa. Aðspurð hafi hún sagt að hún hefði

³⁶²² Bls. 3955.

³⁶²³ Bls. 3800–3801.

³⁶²⁴ Bls. 3884–3885.

³⁶²⁵ Bls. 3956.

ekki séð það sjálf heldur heyrt um það frá öðrum sem hún hafi þó ekki getað tilgreint hver hafi verið.

1900. Skúli Steinsson, yfirfangavörður Hegningarhússins, var yfirheyrður á skrifstofu rannsóknarlögreglu ríkisins að Auðbrekku 61 sunnudaginn 30. september 1979.³⁶²⁶ Gætt var ákvæða 1. mgr. 40. gr. laga um meðferð opinberra mála. Aðspurður mundi Skúli ekki eftir því að hafa verið á næturvakt með Jónu Sigurjónsdóttur í janúar 1976. Hann kvað það fjarstæðu að Gunnar Guðmundsson hefði gefið fyrirmæli um að halda Sævari vakandi um nótt og það væri rugl að hann hafi hlaupið á vegg með stól framan á sér á klefavegginn í þeim tilgangi. Eins sé það fjarstæða að hann hafi tuskað Sævar til. Hins vegar hafi það vel getað verið að hann hafi tekið ábreiðu af ljósakúpli í klefa Sævars enda hefði hann það fyrir sið að taka slíkt af þegar fangar væru að byrgja ljósin þar sem hann vildi geta séð hvar fanginn væri þegar inn í klefann væri komið. Skúla rak ekki minni til þess að ljósarofi á klefa númer 22 hafi verið óvirkur en hann minntist ekki að hafa fengið skipun um að láta ávallt loga ljós í klefa Sævars.
1901. Guðrún Jóna Sigurjónsdóttir fangavörður var yfirheyrð á skrifstofu rannsóknarlögreglu ríkisins að Auðbrekku 61 sunnudaginn 30. september 1979.³⁶²⁷ Gætt var ákvæða 1. mgr. 40. gr. laga um meðferð opinberra mála. Jóna staðfesti að hafa ekki sjálf séð Guðjón Lúther aftengja ljósarofa á fangaklefa númer 22 og bar um að hafa heyrt það inni á vaktinni að Guðjón hafi gert það án þess að muna hver hafi greint henni frá þessu. Hún bar síðan um að hafa sjálf reynt að slökkva ljósið að beiðni Sævars og Sævar hafi fengið að ganga úr skugga um að það væri ekki hægt. Innt eftir því hver hafi verið með henni á vakt er hún uppgötvaði þetta taldi hún að það hefði verið Guðjón.
1902. Gunnar Guðmundsson forstöðumaður fangelsisins við Síðumúla mætti á skrifstofu rannsóknarlögreglu ríkisins að Auðbrekku 61 mánudaginn 1. október 1979.³⁶²⁸ Gætt var ákvæða 1. mgr. 40. gr. laga um meðferð opinberra mála. Tilefnið var ósk Gunnars um að breyta bókun í skýrslu sem tekin var af honum 29. september 1976 varðandi samprófun 5. maí 1976. Bókað var orðrétt eftir Gunnari: „Þegar ég hef nú heyrt framburð Hallvarðs Einvarðssonar og Njarðar Snæhólm og þar sem mér er ómögulegt að trúá að þeir fari með rangt mál, þá harma ég, að þetta atvik skyldi eiga sér stað þó mér sé það með öllu hulið svo og tilurð þess, að umrætt atvik átti sér stað. Fleira hef ég ekki um þetta að segja.“
1903. Örn Höskuldsson héraðsdómslögmaður var yfirheyrður á skrifstofu rannsóknarlögreglu ríkisins að Auðbrekku 61 miðvikudaginn 3. október 1979, klukkan 15:00, þess var getið að mætta væri kunn réttarstaða vitna og sakborninga fyrir rannsóknarlögreglu og dómi.³⁶²⁹ Aðspurður mundi hann ekki eftir samprófun 5. maí 1976 en mundi eftir samprófun sem sennilega hafi átt sér stað í byrjun maí þar sem Sævar, Erla og Kristján Viðar hafi verið viðstödd. Greindi hann einnig frá því hverjir

³⁶²⁶ Bls. 3957–3958.

³⁶²⁷ Bls. 3959–3960.

³⁶²⁸ Bls. 3883.

³⁶²⁹ Bls. 3886–3888.

hefðu verið viðstaddir. Örn bar um að hafa verið viðstaddur byrjun samprófunarinnar en hann hafi svo verið kallaður í síma þegar nokkuð var liðið á hana og dvaldist nokkra stund frammi. Örn minntist þess að mikið rifrildi hafi verið milli þeirra Sævars og Kristjáns Viðars sem og Erlu og mikill hávaði af samtali þeirra. Kvað hann að annaðhvort hann sjálfur eða Hallvarður Einvarðsson hafi stjórnað samprófuninni. Örn lét þess getið að ríkissaksóknari hafi beint því til yfirsakadómara í byrjun febrúar að dómsrannsókn færi fram á Geirfinnsmálinu sem Örn hafi tekið að sér eftir fortölur en hann hafi þá jafnframt hætt að vera viðstaddur lögreglu yfirheyrslur, sem hann hafi reyndar verið hættur nokkru fyrir vegna starfsanna. Inntur eftir því hvort Sævar hefði verið beittur harðræði við samprófunina neitaði Örn því afdráttarlaust að slíkt hafi komið til á meðan hann hafi verið viðstaddur í það minnsta. Gat hann þess að ef Gunnar hafi löðrungað Sævar hafi hann gert það á meðan Örn var frammi en Örn minntist þess ekki heldur að hafa heyrt talað um að slíkt hefði gerst og Sævar hafi ekki kvartað við sig um slíkt. Örn óskaði taka eftirfarandi fram sem bókað var orðrétt: „Sævar kvartaði við mig undan því að hann hefði verið þvingaður til að játa í Guðmundarmálinu. Ég gerði ekkert með þessa kvörtun Sævars þar sem ég vissi að hún var röng. Þegar Sævar játaði sinn hlut í Guðmundarmálinu fyrst þá var ég nefnilega viðstaddur sjálfur og einnig Jón Oddsson hrl. hans réttargæslumaður. Sævar var ekki beittur neinu harðræði við þessa yfirheyrslu sem var 22. desember 1975 og Jóni Oddssyni hrl. er um það kunnugt jafnvel og mér.“ Yfirlýsing Arnar var borin undir Jón sem svaraði með stuttri bókun sem var orðrétt: „Varðandi ofangreinda fyrirtöku þann 22 des 1975 get ég staðfest það er fram kemur hjá Erni Höskuldssyni.“ Aðspurður neitaði Örn því að fangaverðir hafi verið fengnir til að yfirheyra gæsluvarðahaldsfangana en mundi ekki til þess að þeim hefði verið bannað að ræða við þá og gat þess að þó hann myndi þess ekki ákveðin dæmi þá gerði hann ráð fyrir að fangarnir hefðu komið skilaboðum á framfæri við rannsóknarlögreglumenn.

1904. Örn Höskuldsson var áfram yfirheyrður á skrifstofu rannsóknarlögreglu ríkisins að Auðbrekku 61 miðvikudaginn 3. október 1979, klukkan 16:17.³⁶³⁰ Þess var getið að mætta væri kunn réttarstaða vitna og sakborninga fyrir rannsóknarlögreglu og dómi. Aðspurður kannaðist Örn ekki við að hafa átt símtal við Gunnar Guðmundsson í janúar 1976 og rætt það við hann að Sævar skyldi haldið vakandi þá nótt. Örn gat þess að hann hafi átt símtöl við Gunnar í janúar en það sé fáránlegt að nokkuð slíkt hafi verið rætt.
1905. Erlingur Guðmundsson fangavörður var yfirheyrður sem vitni í Síðumúlafangelsinu 4. október 1979.³⁶³¹ Erlingi var kynntur framburður Jónu Sigurjónsdóttur um að hann, ásamt Skúla Steinssyni, hafi haldið Sævari og Tryggva Rúnari vakandi um nótt í janúar 1976. Erlingi var jafnframt kynnt að samkvæmt fangelsisdagbók, vinnuskrám og yfirvinnubók hafi hann ekki verið á næturvakt með Jónu í janúar 1976. Erlingur kannaðist ekki við lýsingu Jónu og minntist þess ekki að hafa verið með henni á vakt. Taldi hann útilokað að þessir atburðir hefðu átt sér stað þegar hann hafi verið á vakt auk þess sem hann kannaðist ekki við að Gunnar Guðmundsson hafi gefið fyrirmæli

³⁶³⁰ Bls. 3961.

³⁶³¹ Bls. 3962–3963.

um að Sævari eða öðrum föngum skyldi haldið vakandi. Aðspurður taldi hann sig geta fullyrt að Sævar hafi verið meðal þeirra fanga sem sváfu á daginn en vöktu á nóttunni en algengt sé að gæsluvarðhaldsfangar snúi sólarhringnum við. Sævar hafi yfirleitt tekið á sig náðir um klukkan 06:00 á morgnana. Erlingur bar um að samband þeirra Jónu hafi verið gott en að henni hafi verið eitthvað uppsigað við Gunnar Guðmundsson og Gunnar Marinósson en ágreiningur þeirra hafi stafað af ólíkum skoðunum þeirra frekar en út af starfinu. Jóna hafi hins vegar orðið mjög reið þegar hún var flutt til starfa í Hegningarhúsinu. Ekki vissi Erlingur til þess að neinn ágreiningur hafi verið milli Jónu og Skúla Steinssonar. Þá bar hann um að vita ekki til þess að ljósrofinn í klefa Sævars hafi verið gerður óvirkur og minnti að Sævar hafi ætíð haft logandi ljós hjá sér og rak ekki minni til þess að hann bæði um að ljósið yrði slökkt.

1906. Jón Baldvin Sveinsson fangavörður var yfirheyrður sem vitni í Síðumúlafangelsinu 5. október 1979.³⁶³² Jón Baldvin gat ekki sagt til um það að hafa verið á næturvakt með Jónu Sigurjónsdóttur í janúar 1976 en minnir þó að þau hafi einhverju sinni verið saman á vakt annaðhvort dagvakt eða næturvakt en þá hljóti annað þeirra að hafa verið á aukavakt þar sem þau gengu almennt gagnstæðar vaktir. Ekki mundi Jón Baldvin til þess að nokkuð sérstakt hafi borið til tíðinda á þeim vöktum sem þau voru saman og útilokaði að Sævari og Tryggva Rúnari hafi verið haldið vakandi þessar nætur með þeim hætti sem Jóna hefði borið um. Eins kannaðist hann ekki við að þetta hefði nokkru sinni verið gert, hvorki gagnvart Sævari eða öðrum föngum. Þá minntist hann þess ekki að ljósrofinn á klefa númer 22 hafi verið gerður óvirkur né að ólag hafi verið á rofanum.
1907. Bókað var 5. október 1979 af hálfu Þóris Oddssonar, skipaðs rannsóknarlögreglustjóra, og Guðmundar Guðjónssonar rannsóknarlögreglumanns að með vísan til bréfs ríkissaksóknara dagsetts 23. ágúst 1979 hafi ekki þótt ástæða til að verða við kröfu Jóns Oddssonar hæstaréttarlögmanns um rannsókn á efni bréfs [HJP] sem Jón hefði komið á framfæri 15. júní 1979.³⁶³³
1908. Sama dag var bókað af þeirra hálfu að með vísan til bréfs ríkissaksóknara dagsetts 23. ágúst 1979 falli umfjöllunarefni bréfs Sævars um hugsanlega aðkomu [SSA] að hvarfi Guðmundar Einarssonar og samskipti Eggerts Bjarnasonar og Sigurbjörns Víðis Eggertssonar við [SSA] utan við rannsókn þessa.³⁶³⁴
1909. Umrætt bréf er ódagsett en ritað til Þóris Oddssonar og fjallar um aðdraganda þess að Sævar var talinn viðriðinn hvarf Guðmundar Einarssonar.³⁶³⁵ Greindi hann frá því að honum hafi borist til eyrna að maður að nafni [SSA] hafi verið í yfirheyrslum í lok nóvembermánaðar 1975 vegna hvarfs Guðmundar Einarssonar. Rakti Sævar það til þess að Guðmundur hefði verið vitni að grófri líkamsárás [SSA] á annan mann sem hafi borið varanlegan skaða af árásinni. Taldi Sævar þessa árás hafa átt sér stað

³⁶³² Bls. 3964–3965.

³⁶³³ Bls. 3909.

³⁶³⁴ Bls. 3923.

³⁶³⁵ Bls. 3921–3922.

skömmu áður en Guðmundur hvarf. Þá ritaði Sævar að [SSA] hefði játað og tjáð sig hafa verið með Guðmundi að kvöldi 26. janúar 1974 í Alþýðuhússkjallaranum. Eggert Bjarnason og Sigurbjörn Víðir Eggertsson hafi verið með [SSA] í yfirheyrslum. Ritaði Sævar um að [SSA] hafi verið tíðrætt um þessar yfirheyrslur við samfanga sína. Hann ritaði að af einhverjum ástæðum hafi ekki neitt komið fram hjá rannsóknarlögreglumönnum um þessi atriði, heldur hafi þeir borið því við að rannsókn hafi hafist á Guðmundarmálinu 20. desember 1975. Sævar ritaði um vitneskju sína um að [SSA] hafi upplýst lögreglu um aðild hans og Erlu Bolladóttur að Póstsvikamálinu og fjallaði um það í því sambandi að af einhverjum ástæðum hafi hann getað keypt sig út og logið að Sævar væri viðriðinn hvarf Guðmundar. Út frá þessu ályktaði Sævar að sterkar líkur væru til þess að [SSA] kynni að vera valdur að dauða Guðmundar Einarssonar. Taldi Sævar brýna nauðsyn standa til þess að farið yrði gaumgæfilega ofan í saumana og álitæfni þetta rannsakað að fullu.

1910. Í ódagsettri samantekt Sævars gerði hann meðal annars að umfjöllunarefni framburð Alberts Klahn Skaftasonar um ásakanir í garð Sævars og taldi nauðsyn á að Albert yrði yfirheyrður betur um þau efni sem og látinn sæta geðrannsókn með vísan til framburðar þar sem Albert hafi borið um að gera ekki greinarmun á hugarburði og veruleika.³⁶³⁶ Eins vakti Sævar athygli á framburði Kjartans Kjartanssonar fangavarðar fyrir dómi um harðræði sem Sævar hafi verið beittur í Síðumúlafangelsi.³⁶³⁷ Sævar taldi að yfirheyra þyrfti Kjartan nánar þar sem hann hafi eigi opnað sig að fullu, eins og Sævar orðaði það.
1911. Enn var bókað sama dag, 5. október 1979, af hálfu Þóris Oddssonar, skipaðs rannsóknarlögreglustjóra, og Guðmundar Guðjónssonar rannsóknarlögreglumanns að með vísan til bréfs ríkissaksóknara dagsetts 23. ágúst 1979 falli umfjöllunarefni Sævars um Albert Klahn Skaftason og framburð Kjartans Kjartanssonar utan við rannsókn þessa.³⁶³⁸
1912. Guðjón Lúther, rafvirki og fyrrum fangavörður, var yfirheyrður sem vitni á skrifstofu rannsóknarlögreglu ríkisins að Auðbrekku 61 mánudaginn 8. október 1979.³⁶³⁹ Guðjón gat ekki sagt til um það að hafa verið á næturvakt með Jónu Sigurjónsdóttur í janúar 1976 en bar ekki á móti því að hafa gert það þegar honum var kynnt að hann hafi staðið tvær næturvaktir með henni í þeim mánuði, þar af eina vakt 23. janúar ásamt Skúla Steinssyni. Guðjón útilokaði að Sævari og Tryggva Rúnari hafi verið haldið vakandi þessar nætur með þeim hætti sem Jóna hefði borið um. Eins kannaðist hann ekki við að þetta hefði nokkru sinni verið gert, hvorki gagnvart Sævari eða öðrum föngum.
1913. Með bréfi dagsettu 8. október 1979 ritaði Þórir Oddsson, skipaður rannsóknarlögreglustjóri ríkisins, Borgarverkfræðingi bréf og óskaði eftir að látinn

³⁶³⁶ Bls. 3924.

³⁶³⁷ Bls. 3930–3932.

³⁶³⁸ Bls. 3933.

³⁶³⁹ Bls. 3966–3967.

yrði í té uppdráttur af fangelsinu að Síðumúla 28.³⁶⁴⁰ Nefndur uppdráttur var látinn í té og liggur fyrir meðal gagna harðræðisrannsóknarinnar.³⁶⁴¹

1914. Mánudaginn 8. október var bókað að mættir væru á skrifstofu rannsóknarlögreglu ríkisins að Auðbrekku 61, Þórir Oddsson, skipaður rannsóknarlögreglustjóri ríkisins, Guðmundur Guðjónsson rannsóknarlögreglumaður, Pétur Guðgeirsson, fulltrúi ríkissaksóknara, og Jón Oddsson, verjandi Sævars.³⁶⁴² Jón var inntur eftir hvort hann hefði fram að færa athugasemdir vegna rannsóknarinnar áður en málið yrði sent ríkissaksóknara til umfjöllunar sem yrði gert innan tíðar. Bókað var eftir Jóni að hann gæti fallist á afgreiðslu málsins auk þess sem hann óskaði sérstaklega eftir að taka fram að hann teldi rannsóknaraðila hafa vandað mjög til allra vinnubragða svo til fyrirmyndar væri. Ávallt hafi verið leitað samráðs við hann og honum gefinn kostur á að vera viðstaddur yfirheyrslur og viðræðufundi. Hann teldi hins vegar að rannsóknin hefði átt að ná til fleiri þátta málsins og áskildi allan rétt í þeim efnunum. Jafnframt óskaði hann sérstaklega eftir því að afla yrði upplýsinga um heilsufar Sævars og lyfjagjöf sem hann taldi mjög mikilvægt.
1915. Þórir Oddsson, skipaður rannsóknarlögreglustjóri ríkisins, ritaði Jóni Oddssyni bréf sem dagsett var 10. október 1979.³⁶⁴³ Með því bréfi brást Þórir við efni bréfs Jóns frá 28. ágúst 1979 og fjallaði um hvern kafla þess bréfs. Vék hann fyrst að því hvað bréf séra Jóns Bjarman frá 30. maí 1978 varðaði að séra Jón hafi gefið frekari skýrslur í málinu. Þá fjallaði hann um að búið væri að taka skýrslur af kvenfangavörðunum, Guðrúnu Óskarsdóttur og Guðrúnu Jónu Sigurjónsdóttur en ekki hafi þótt ástæða til að kalla Kjartan Kjartansson fangavörð til skýrslutöku með vísan til endurrits dómsskýrslu hans. Þórir gat þess að ekki hefði þótt ástæða til að kalla [HJP] til skýrslutöku með vísan til röksemda ríkissaksóknara í bréfi hans 23. ágúst 1979. Hvað varðaði möguleika Sævars á því að gera nánari grein fyrir kæruatriðum sínum meðal annars með munnlegri skýrslugjöf rakti Þórir að rannsókn þessari yrði að hraða svo sem kostur væri vegna fyrirhugaðrar málsmeðferðar hæstaréttarmáls nr. 214/1978. Í því ljósi og með hliðsjón af því að Sævar hefði þegar haft röska fjóra mánuði til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri þá hefði honum gefist nægur tími til slíks. Atriði er lutu að upphafi rannsóknar á hvarfi Geirfinns Einarssonar í Keflavík þóttu standa alfarið utan við þessa rannsókn. Loks var þess getið að Gísli H. Guðjónsson sálfræðingur hafi látið rannsóknarlögreglu ríkisins í té niðurstöður svonefndra lygamælingar sem framkvæmd hefði verið með samþykki Sævars að Jóni viðstöddum. Gísli taki fram í bréfi sínu sem auðkennt er sem trúnaðarmál að gögn þessi megi ekki nota án samþykkis Sævars. Af þeim sökum verði þau ekki afhent fyrr en slíkt samþykki liggja fyrir.
1916. Með bréfi dagsettu 11. október 1979 lýsti Þórir Oddsson, skipaður rannsóknarlögreglustjóri ríkisins, því yfir við ríkissaksóknara að rannsókn væri lokið á

³⁶⁴⁰ Bls. 3971.

³⁶⁴¹ Bls. 3972–3973.

³⁶⁴² Bls. 3975–3976.

³⁶⁴³ Bls. 3977–3979.

kærumáli Sævars samanber mál rannsóknarlögreglu ríkisins nr. 2875/1979 um harðræði í fangelsinu við Síðumúla.³⁶⁴⁴

1917. Fimmtudaginn 25. október 1979 var dómþing sakadóms Reykjavíkur sett af Halldóri Þorbjörnssyni yfirsakadómar og tekin fyrir krafa rannsóknarlögreglu ríkisins um úrskurð um upplýsingaskyldu læknis. Klukkan 15:30 kom Guðsteinn Þengilsson fangalæknir fyrir dóminn og var honum kynnt tilefni fyrirtökunnar og kröfur rannsóknarlögreglustjóra. Taldi hann sér óheimilt að afhenda umbeðin gögn um lyfjagjöf án samþykkis þeirra fanga sem í hlut ættu. Lýsti hann því yfir að synjun hans á að afhenda upplýsingarnar byggðist á trúnaðarsambandi hans og sjúklinga hans, það er þessara sex fanga. Ákvað dómari að taka málið ekki til úrskurðar fyrr en gengið hafi verið úr skugga um viðhorf áður nefndra manna til þess hvort upplýsingar um lyfjagjöf skyldu veittar.³⁶⁴⁵ Fyrir liggja sex samhljóða yfirlýsingar undirritaðar af öllum dómfelldu þar sem þess er farið á leit við rannsóknarlögreglustjóra ríkisins að hann hlutist til um að afla upplýsinga um lyfjagjafir til dómfelldu, magn og tegund, á gæsluvarðhaldstímabili hvers og eins. Með undirritun sinni veittu dómfelldu samþykki sitt til þeirra lækna sem gáfu út lyfseðla þeim til handa til að gefa upp hvers konar lyf viðkomandi hafi fengið og magn á hverjum tíma ásamt upplýsingum um tilganginn með lyfjagjöfinni.³⁶⁴⁶ Veitti Guðsteinn umbeðnar upplýsingar í kjölfarið og liggja skýrslur hans fyrir meðal gagna málsins.³⁶⁴⁷
1918. Fyrir liggur bréf Hafsteins Baldvinssonar, lögmanns Magnúsar Leópoldssonar, til ríkissaksóknara, dagsett 19. nóvember 1979. Gerði hann þá kröfu að fram færi ítarleg rannsókn á gerð leirmyndar sem hafi verið unnin að undirlagi lögreglunnar í Keflavík í upphafi rannsóknar á hvarfi Geirfinns Einarssonar og birt var mynd af í fjölmiðlum. Í bréfinu kom fram að lögmaðurinn hafi sett fram sömu beiðni í byrjun árs 1976 þegar skjólstaðingur hans hafi sætt gæsluvarðhaldi vegna málsins en Örn Höskuldsson, fulltrúi sakadóms, hafi látið undir höfuð leggjast að láta rannsaka þetta atriði. Þá hafi hann ítrekað beiðnina í ársbyrjun 1977, en án árangurs. Fram kom að Magnús hafi höfðað mál til heimtu skaðabóta vegna gæsluvarðhalds að ósekju og væri ógerlegt að ljúka því máli án ítarlegrar rannsóknar á gerð leirmyndarinnar. Til stuðnings kröfunni vísaði lögmaðurinn orðrétt til framburðar [GKJ], afgreiðslustúlku í Hafnarbúðinni, fyrir sakadómi Reykjavíkur 20. maí 1977.³⁶⁴⁸ Fyrir liggur bréf Þórðar Björnssonar ríkissaksóknara til Hallvarðs Einvarðssonar rannsóknarlögreglustjóra um að rétt þætti að verða við beiðninni og fól rannsóknarlögreglu ríkisins rannsókn málsins með þeim fyrirmælum að rannsóknin skyldi beinast að því hvort við gerð leirmyndarinnar hafi verið beitt aðferðum sem gætu talist brot gegn XIV. kafla almennra hegningarlaga nr. 19/1940.³⁶⁴⁹

³⁶⁴⁴ Bls. 3983.

³⁶⁴⁵ Bls. 3986–3987.

³⁶⁴⁶ Bls. 3997–4002.

³⁶⁴⁷ Bls. 4003–4008.

³⁶⁴⁸ Bls. 4010.

³⁶⁴⁹ Bls. 4009.

1919. Fimmtudaginn 22. nóvember 1979 sendi Gunnlaugur Briem bréf til Þórðar Björnssonar ríkissaksóknara ásamt skjölum varðandi rannsókn á Guðjóni sem fram fór árið 1976 og var framkvæmd af Gísla Guðjónssyni sálfræðingi. Tók Gunnlaugur það sérstaklega fram að svör Guðjóns við þeim spurningum sem voru lagðar fyrir hann hafi borist honum fyrst þennan dag. Fram kom að verjanda Guðjóns hafi verið sent afrit af gögnunum. Þá var tekið fram að áþekk rannsókn hafi farið fram á Sævari og þau gögn væru í förum rannsóknarlögreglu ríkisins.³⁶⁵⁰ Rannsóknargögnin vegna Sævars liggja ekki fyrir meðal gagna málsins. Gögn er lúta að Guðjóni liggja fyrir. Þar á meðal var bréf frá Alan Smith, klínískum sálfræðingi hjá Powick sjúkrahúsinu í Bretlandi til Gísla Guðjónssonar, dagsett 23. febrúar 1977, um greiningu á niðurstöðum rannsóknarinnar. Í bréfinu kom fram að áreiðanlegur munur væri á viðbrögðum sakborningsins sem Gísli gæti mögulega tengt við eðli spurninganna. Orðrétt ritaði Alan Smith: „Hins vegar þar sem viðbrögðin urðu í engu tilviki meiri en við viðmiðunarspurningunni tel ég að það séu engar vísbendingar um lygi.“ (e. However, as none of the scores are greater than the first control question, I guess there is no evidence of lying.)³⁶⁵¹ Meðal gagnanna var grein eftir Alan Smith með heitinu: „Secret lie detector in the lab“ sem birtist 28. ágúst 1977 í tímaritinu *New Scientist*. Í greininni sagði að lygamælir sem byggði á raddgreiningu hafi á liðnu ári orðið sterkt rannsóknartæki. Lygamælar mældu breytingar á streitu og kvíða sem kæmi fram þegar einstaklingar væru að ljúga. Meðal rannsóknargagnanna liggur fyrir spurningalisti sem Gísli Guðjónsson lagði fyrir Guðjón í desember 1976. Voru spurningarnar af tvenns konar toga, annars vegar eins konar viðmiðunarspurningar og hins vegar efnislegar spurningar aðallega um Geirfinnsmálið. Guðjón var spurður spurninganna í tveimur umferðum og var bókað um svör hans aftan við hverja spurningu. Efnislegu spurningarnar og svörin voru eftirfarandi: „3. Ætlarðu að svara öllum spurningum um Geirfinnsmálið eftir besta minni? Já (Já). 5. Fórstu til Keflavíkur 19. nóvember 1974? Já (Já). 6. Veistu örlög Guðmundar Einarssonar? Já (Já). 7. Óttast þú einhvern ef þú skýrir frekar frá Geirfinnsmálinu? Nei (Nei). 9. Geturðu nafngreint alla sem áttu þátt í hvarfi Geirfinns? Nei (Nei). 11. Óttast þú um velferð einhvers ef þú skýrir nánar frá Geirfinnsmálinu? Nei (Nei). 12. Áttir þú einhvern þátt í hvarfi Guðmundar Einarssonar? Nei (Nei). 13. Hefurðu sagt rannsóknarlögreglunni frá öllu sem þú manst varðandi Geirfinnsmálið? Já (Já). 15. Veistu hverjir stóðu á bak við hvarf Geirfinns? Já (Nei). 17. Áttir þú þátt í hvarfi Geirfinns? Já (Já). 19. Veistu af hverju Erla Bolladóttir hafði ekki bendlað þér við Geirfinnsmálið þegar hún talaði við þig snemma á þessu ári? Nei (Nei). 21. Áttu erfitt með að átta þig á því hvort þú eigir þátt í hvarfi Geirfinns? Já (Já). 22. Hefurðu tekið þátt í því að fremja morð? Já (Já). 23. Hefurðu einhverja ástæðu til að hylma yfir Geirfinnsmálið? Nei (Nei). 25. Hefurðu svarað öllum framangreindum spurningum sannleikanum samkvæmt? Já (Já).³⁶⁵² Meðal rannsóknargagnanna voru tvær greinar eftir Gísla Guðjónsson. Annars vegar „The Use of Electrodermal Responses in a Case of Amnesia (A Case Report)“ sem birtist árið

³⁶⁵⁰ Bls. 4012.

³⁶⁵¹ Bls. 4014.

³⁶⁵² Bls. 4027–4028.

1979 í *Medicine Science and the Law Journal*.³⁶⁵³ Hins vegar grein með heitinu „Electrodermal responsivity in Icelandic criminals, clergymen and policemen“ sem birtist árið 1979 í *British Journal of Social and Clinical Psychology* og fjallaði um rannsókn sem Gísli framkvæmdi. Í greininni kom fram að tólf síbrotamenn, tólf prestar og tólf lögreglumenn hafi tekið þátt í rannsókninni. Var framkvæmd rannsóknarinnar lýst ítarlega og fram kom að sex spurningar hafi verið lagðar fyrir þátttakendur rannsóknarinnar: „1. Er nafn þitt...? 2. Ertu í Reykjavík núna? 3. Ferðu einhvern tímann með lygar? 4. Siturðu núna? 5. Hefurðu einhvern tímann stolið einhverju? 6. Ertu á Íslandi núna?“ Í greininni sagði að einungis tvær spurningar gætu vakið lygar hjá þátttakandanum, spurning þrjú og fimm.³⁶⁵⁴

1920. Meðal gagna málsins liggur bréf Sævars til dóms- og kirkjumálaráðuneytisins dagsett 4. janúar 1980. Í bréfinu kom fram að Sævari hafi borist til eyrna að sakborningar í Guðmundar- og Geirfinnsmálum yrðu vistaðir í fangelsinu við Síðumúla ef þeir ætluðu að hlýða á flutning málsins fyrir Hæstarétti Íslands 14. janúar 1980. Orðrétt ritaði Sævar: „Nú er það svo, að minningin um veru mína í því fangelsi er mér svo ógnvekjandi að það er mér alger ofraun að eiga að koma þar inn fyrir dyr, og finnst mér sem margt af því sem mér var þar gert hafi alls ekki enn verið til lykta leitt.“ Fór Sævar þess á leit við ráðuneytið að hann fengi frekar að vistast í Hegningarhúsinu, annars myndi hann ekki treysta sér til þess að vera viðstaddur málflytninginn.³⁶⁵⁵
1921. Fyrir liggur bréf [PKKP] til ríkissaksóknara, dagsett 10. janúar 1980, þar sem hann óskaði eftir því að draga framburð sinn í Geirfinnsmálinu til baka. Orðrétt ritaði hann: „Samvisku minnar vegna rita ég bréf þetta til yðar, þar sem ég get ekki staðið á framburði þessum sem vitni og ástæður fyrir því að ég gaf nafn mitt undir fyrirnefndar lögregluskýrslur eru þær að vegna þrýstings lögreglumanna og hótanna sem ég útskýri nánar í smáatriðum sé þess óskað [...].“³⁶⁵⁶
1922. Daginn eftir, 11. janúar 1980, var dómþing sakadóms Reykjavíkur háð af Hirti O. Aðalsteinssyni fulltrúa og tekið fyrir beiðni ríkissaksóknara um skýrslutöku fyrir dómi af [HeG] vegna hæstaréttarmáls nr. 214/1978. Bókað var að Þórður Björnsson ríkissaksóknari hafi mætt í dóminum klukkan 15:30. Þá voru bókaðir mættir verjendurnir Guðmundur Ingvi Sigurðsson, Jón Oddsson, Hilmar Ingimundarson og Örn Clausen. Bókað var að klukkan 15:40 hafi [HeG], fyrrum starfsstúlka á Kópavogshæli, komið fyrir dóminn sem vitni. Greindi hún frá því að hafa fengið bréf frá Sævari í október eða nóvember 1979 þar sem hann hafi óskað eftir því að hún kæmi austur að Litla-Hrauni til viðtals við sig. Kvaðst hún hafa rifið bréfið og hent því. Hafi hún fengið þau skilaboð í gegnum nafngreinda konu að hún breytti framburði sínum þannig að Sævar hafi komið um kvöldið að starfsmannahúsi Kópavogshælisins 26. janúar 1974 og dvalið alla nóttina. Orðrétt var bókað eftir vitninu: „Vitnið kveður að Sævar hafi farið um kl. 23:30 og komið aftur um kl. 04:30.“ Vék hún frá klukkan

³⁶⁵³ Bls. 4032–4034.

³⁶⁵⁴ Bls. 4029.

³⁶⁵⁵ Gögn starfshóps, bls. 264.

³⁶⁵⁶ Bls. 4039.

16:25.³⁶⁵⁷ Í framhaldinu var tekin fyrir beiðni ríkissaksóknara um skýrslutöku fyrir dómi af [GunJ] og lögreglumönnum Gísla Guðmundssyni og Torfa Jónssyni, vegna hæstaréttarmáls nr. 214/1978. Bókað var að klukkan 16:25 hafi Torfi Jónsson rannsóknarlögreglumaður mætt í dómnum sem vitni. Bókað var að lagðar hafi verið fyrir vitnið sex spurningar. Var Torfi spurður hvernig þeir hafi gert [GunJ] grein fyrir erindi sínu og hvað þeir hafi rætt við hann þegar þeir hafi hitt hann á Spáni og á leiðinni heim. Greindi Torfi frá því að þeir hafi afhent [GunJ] bréf frá Gunnlaugi Briem sakadómara, en þeir hafi haft strengileg fyrirmæli um að ræða ekkert um málið við [GunJ]. Aðspurður hvernig gæslu [GunJ] hafi verið háttað skýrði Torfi frá því að lögreglumenn hafi tekið á móti [GunJ] á Keflavíkurflugvelli og flutt hann að Hótel Holti þar sem hann hafi dvalist um nóttina undir vakt Hellerts Jóhannessonar lögreglumanns. Daginn eftir hafi [GunJ] komið fyrir dóm og kvaðst Torfi hafa staðið vakt yfir [GunJ] á heimili móður hans. Var hann næst spurður hvort [GunJ] hafi átt þess kost að ræða við Albert Klahn fyrir eða á meðan skýrslutöku stóð. Kvaðst Torfi ekki vita til þess að þeir hafi rætt saman áður en skýrslutakan hófst fyrir dómi. Var Torfi spurður um viðbrögð [GunJ] eftir að hann hafði gefið skýrslur í málinu og staðfest framburð sinn. Orðrétt var bókað eftir Torfa: „Vitnið svarar því til að það hafi ekki verið í réttarsalnum er [GunJ] vann eið að framburði sínum. Vitnið kveður að [GunJ] hafi fundið að því við sig og tjáð sér að hann hefði sennilega ekki unnið eiðinn ef vitnið hefði verið viðstatt. Skildist vitninu að með þessu væri [GunJ] að gefa í skyn að hann væri ekki of viss í sinni sök um framburð sinn.“ Bókað var að Hilmar Ingimundarson, verjandi Tryggva Rúnars hafi spurt vitnið hvort farið hafi verið með [GunJ] að Hamarsbraut 11 fyrir eða eftir að skýrslan var tekin 30. apríl 1977. Sagði Torfi að það hafi örugglega ekki verið farið með [GunJ] fyrir skýrslutökuna. Vék hann frá klukkan 17:05.³⁶⁵⁸ Á sama tíma var bókað að Gísli Guðmundsson rannsóknarlögreglumaður hafi komið í dóminn sem vitni. Lagðar voru fyrir hann sömu sex spurningar og var framburður hans í öllum aðalatriðum samhljóða framburði Torfa Jónssonar. Var Gísli spurður hvort lögreglumönnum hafi verið kunnugt um hvort [GunJ] hafi síðar tjáð sig munnlega eða skriflega um framburð sinn. Orðrétt var bókað eftir Gísla: „Vitnið kveðst hafa rætt við föður [GunJ] og hafi faðir hans sagt vitninu að [GunJ] væri hugsandi vegna þessa máls. Vitnið kveðst ekki geta svarað þessu öðruvísi.“ Vék hann frá klukkan 17:30.³⁶⁵⁹ Bókað var að ríkissaksóknari hafi fallið frá því að leiða [GunJ] fyrir dóminn, en samkvæmt upplýsingum væri hann enn á Spáni. Þá var tekin fyrir beiðni ríkissaksóknara um yfirheyrslu fyrir dómi af Erlu Bolladóttur vegna hæstaréttarmáls nr. 214/1978. Bókað var að Erla hafi mætt klukkan 17:30 og gætt hafi verið ákvæða 2. mgr. 77. gr. laga nr. 74/1974. Bókað var orðrétt í sakadómsbókina: „Mætta óskar nú eftir að skýra frá því að fyrri framburðir sínir um för sína til Keflavíkur þann 19. nóvember 1974 séu rangir. Mætta kveðst nú ekki hafa farið til Keflavíkur. Mætta kveðst skýra frá þessu að eigin frumkvæði og komi ekki til þrýstingur frá nokkrum öðrum. Mætta kveðst fyrst nú þora að mæta til að breyta framburði sínum og kveður hún ástæðuna vera breytt lífsviðhorf. Mætta kveður að

³⁶⁵⁷ Bls. 4041–4042.

³⁶⁵⁸ Bls. 4042–4044.

³⁶⁵⁹ Bls. 4044–4046.

gæsluvarðhaldið hafi haft þvingandi áhrif á sig og valdið því að hún bar eins og hún gerði.“ Þá sagði hún framburð sinn um flutning á líki Geirfinns einnig rangan. Bókað var að Hilmar Ingimundarson, verjandi Tryggva Rúnars hafi spurt hvernig á því stæði að framburðir hennar og meðákærðu væru í samræmi. Orðrétt var bókað eftir Erlu: „Mætta kveður að ástæðan sé sú að rannsóknarmenn hafi átt hlut að því að samræma framburðina með því að gefa sér punkta um framburði hinna.“ Vék Erla frá klukkan 17:55 og var dómþingi slitið.³⁶⁶⁰

1923. Fyrir liggur bréf Páls Arnórs Pálssonar, verjanda Kristjáns Viðars fyrir sakadómi, til ríkissaksóknara, dagsett 14. janúar 1980. Í bréfinu kom fram að vottorð Guðsteins Þengilssonar fangelsislæknis um lyfjagjöf samræmdust ekki framburði Kristjáns Viðars. Þá væri heldur ekki samræmi milli vottorðsins og fyrri skrár fangelsislækna um lyfjagjafir. Óskaði Páll Arnór eftir rannsókn á lyfjagjöf til Kristjáns Viðars á tímabilinu 23. desember 1976 til 30. júní 1977 og þá sérstaklega varðandi geðlyfið Melleril.³⁶⁶¹ Sama dag ritaði Pétur Guðgeirsson, fulltrúi ríkissaksóknara, bréf til rannsóknarlögreglu ríkisins þar sem þess var óskað af hálfu ákærvaldsins að rannsóknarlögreglan framkvæmdi rannsókn á því atriði sem bréf Páls Arnórs fjallaði um. Var þess óskað að rannsókninni yrði hraðað þannig að niðurstaða hennar lægi fyrir við málflutning í Hæstarétti 17. janúar 1980.³⁶⁶² Fyrir liggur samantektarskýrsla Njarðar Snæhólm, yfirlögregluþjóns hjá rannsóknarlögreglu ríkisins, um viðtal við Guðstein Þengilsson fangelsislækni í Síðumúlafangelsi, dagsett 15. janúar 1980. Fram kom að Guðsteinn hafi sagt tvær neðstu línurnar í vottorði sínu dagsettu 11. janúar 1980 ekki vera réttar um að Kristján Viðar hafi ekki verið skráður með önnur lyf. Hann hafi fengið rangar upplýsingar í síma og ekki getað fengið betri heimildir. Þá hafi Guðsteinn sagst ekki skilja hvernig sjúklingur hafi getað fylgst nákvæmlega með því hve mikið hann hafi fengið af hverri lyfjategund. Vissi læknirinn ekki betur en að pillur til sakborninga í Guðmundar- og Geirfinnsmálum hafi verið gefnar muldar.³⁶⁶³
1924. Þennan dag 14. janúar 1980 var dómþing Hæstaréttar sett og haldið af hæstaréttardómurinum Birni Sveinbjörnssyni, Loga Einarssyni, Benedikt Sigurjónssyni, Ármanni Snævarr og Þór Vilhjálmssyni. hófst munnlegur málflutningur fyrir Hæstarétti Íslands í máli nr. 214/1978, ákærvaldið gegni Kristjáni Viðari, Sævari, Tryggva Rúnari, Alberti Klahn, Erlu og Guðjóni. Bókað var í gerðabók Hæstaréttar að munnlegur málflutningur hafi farið fram. Bókað var að Þórður Björnsson ríkissaksóknari hafi sótt dómþingið og flutt málið af hálfu ákærvaldsins. Krafðist hann staðfestingar hins áfrýjaða dóms að því er varðaði refsingu Kristjáns Viðars og Sævars en að refsing Tryggva Rúnars og Guðjóns yrði þyngd. Þá krafðist hann þess að Albert og Erla yrðu sakfelld samkvæmt ákæru og að refsing þeirra yrði þyngd. Bókað var að verjendur ákærðu hafi sótt dómþingið. Var dómþingi frestað en fram haldið daginn eftir. Bókað var í gerðabók Hæstaréttar að Þórður Björnsson ríkissaksóknari hafi flutt ræðu sína dagana 15. til 17. janúar 1980. Föstudaginn 18.

³⁶⁶⁰ Bls. 4046–4047.

³⁶⁶¹ Bls. 4057–4058.

³⁶⁶² Bls. 4056.

³⁶⁶³ Bls. 4066.

janúar 1980 var bókað að málflutningi hafi verið fram haldið og þá hafi Páll Arnór Pálsson, verjandi Kristjáns Viðars, tekið til máls. Var lögmaðurinn að flytja sitt fyrsta prófmál fyrir réttinum. Gerði hann þær dómkröfur að Kristján Viðar yrði sýknaður af I. kafla ákæru frá 8. desember 1976 og öllum ákæruatriðum á hendur honum í ákæru dagsettri 16. mars 1977. Krafðist hann vægustu refsingar fyrir önnur ákæruatriði í fyrri ákærunni. Næstur tók til máls Jón Oddsson, verjandi Sævars. Gerði hann þær dómkröfur að því er varðaði ákæru frá 8. desember 1976 að Sævar yrði aðallega sýknaður af I. kafla ákærunnar, en hlyti vægustu refsingu fyrir önnur ákæruatriði. Til vara krafðist verjandinn þess að Sævar hlyti vægustu refsingu samkvæmt lögum. Varðandi ákæru frá 16. mars 1977 krafðist verjandinn þess að Sævar yrði sýknaður en til vara hlyti hann vægustu refsingu samkvæmt lögum. Var dómþingi frestað til 21. janúar 1980.³⁶⁶⁴

1925. Föstudaginn 18. janúar 1980 birtist viðtal við Erlu Bolladóttur í Helgarpóstinum. Var mynd af Erlu slegið upp á forsíðu blaðsins undir fyrirsögninni: „Erla Bolladóttir skýrir ástæður breytts framburðar síns í Geirfinnsmálinu: „Lygavefurinn var sem skuggi yfir lífi mínu“. Var orðrétt haft eftir Erlu á forsíðu blaðsins: „Mér finnst lygavefurinn sem ég hef spunnið í kringum þetta mál fram að þessum tíma vera sem skuggi yfir lífi mínu á hverjum degi. Ég hef oft ætlað að brjótast út úr þessum lygasamsetningi og viljað segja sannleikann... Ég get hreinlega ekki borið þá ábyrgð alla ævi, að menn séu dæmdir saklausir vegna minna orða. Ég hugsa líka dæmið þannig, að kæmi síðar meir hið sanna í ljós og ég hefði aldrei sagt sannleikann hvað mig varðar, þá stend ég sem afhjúpaður lygari og mun verr en ef ég opna málið sjálf með sannleikanum.“³⁶⁶⁵ Samhliða viðtalinu voru birtar athugasemdir ritstjórnar um síðustu atburði í meðferð Geirfinnsmálsins, en orðrétt sagði: „Rannsókn Geirfinnsmálsins var frá upphafi umdeild, og þegar niðurstaðan lá loks fyrir var hún gagnrýnd fyrir veitur og óljós málsatvik. Helgarpósturinn telur einsýnt að eftir síðustu atburði, – til dæmis ásakanir um harðræði við yfirheyrslur, breyttan framburð Erlu Bolladóttur, og nú síðast að eitt vitnið hefur afturkallað framburð sinn – sé þessi niðurstaða vefengjanlegri en nokkru sinni áður. Burtséð frá öðrum sakargiftum telur blaðið ástæðu til að spyrja hvort niðurstaða þessarar rannsóknar sé svo fullnægjandi að hún réttlæti m.a. tvo lífstíðardóma, þyngstu refsidóma á Íslandi frá því dauðarefsing var afnumin.“ Í viðtalinu lýsti Erla ástæðum þess að hún hafi ekki sagt sannleikann fyrr. Kvaðst hún hafa þroskast mikið síðustu ár og viðhorf hennar til lífsins hafi breyst. Þá væri hún orðin sjálfstæðari. Þá var Erla spurð um upphaf rannsóknar Guðmundarmálsins og greindi hún þá frá því að síðustu daga gæsluvarðhaldsins í desember 1975 hafi rannsóknarlögreglumennirnir spurt hana hvort hún myndi eftir einhverju óeðlilegu sem hefði gerst á Hamarsbraut 11 í janúar 1974. Kvaðst Erla hafa munað eftir erfiðri nótt sem hún hafi átt í janúar, en hún hafi þá verið mjög langt niðri. Mundi hún eftir því að hafa farið út að öskutunnu um morguninn og þá séð lak í annarri tunnunni. Þá hafi lögreglumennirnir farið að spyrja hana hvort hún hafi þekkt til Guðmundar Einarssonar en hún komið af fjöllum í því sambandi og sagst ekkert vita um það mál.

³⁶⁶⁴ Gögn starfshóps, bls. 338–342.

³⁶⁶⁵ Bls. 4066_A.

Daginn eftir hafi hún betur getað greint frá þessari erfiðu nótt, en henni hafi ekki frekar en nú verið fullljóst hvað hún hafi upplifað. Orðrétt var haft eftir Erlu: „En eitthvað í líkingu við það sem ég hef sagt fyrir dómi gerðist. Ég ætla ekkert að bakka með neitt af því sem ég sagði þarna.“ Sagði hún að reynsla hennar af atburðunum á Hamarsbrautinni væri ekki uppspuni hennar. Sagði hún atburðina vera eins og martröð í huga sínum og eiga erfitt með að skýra þá. Lýsti hún því þannig að hún hafi að öllum líkindum upplifað eitthvað sem hafi gert hana svo hrædda að hún hafi kæft það í undirmeðvitund sinni. Þá greindi Erla frá því að á þeim tíma sem Geirfinnur hafi horfið hafi andað mjög köldu milli Sævars og Kristjáns Viðars vegna ósættis sem hafi komið upp á milli þeirra vegna sameiginlegra bifreiðakaupa. Þeir hefðu af þeim sökum ekki talast við í nokkra mánuði og það hafi einmitt verið í vetrarbyrjun 1974. Í viðtalinu var Erla beðin um að lýsa því hvernig hún byrjaði að tjá sig um Geirfinnsmálið. Kvaðst hún hafa verið að flytja dót úr íbúð sinni í Kópavoginum með aðstoð rannsóknarlögglumans. Orðrétt var haft eftir Erlu: „Ég fer þá að segja þessum lögreglumanni frá því, að Sævar hafi stundum verið að tala um Geirfinnsmálið og þóst vita eitthvað um það. Sannleikurinn var sá, að Sævar hafði velt því máli fyrir sér eins og hver einasti maður annar, þegar Geirfinnur hvarf. Hann hafði ákveðnar skoðanir á því og spáði í það hvernig hvarf hans hefði borið að höndum. Þetta voru svona ítarlegar vangaveltur um málið og Sævar vildi stundum láta líta þannig út að hann vissi um flest það sem gerðist í undirheimunum. Sannleikurinn var nú sá, að svo var ekki. En eins og ég segi, þá fer ég að tala við þennan rannsóknarlögglumann um Geirfinnsmálið og segi honum svona undan og ofan af hugleiðingum Sævars um málið.“ Greindi hún síðan frá því að morguninn eftir hafi þessi sami rannsóknarlögglumaður komið á heimili hennar ásamt rannsóknardómara og þeir viljað fá að vita meira um þetta Geirfinnstal hennar. Kvaðst Erla þá hafa sagt þeim að hún vissi nákvæmlega ekkert um það mál annað en vangaveltur í blöðum og sögusagnir út í bæ. Þeir hafi þá beitt sömu aðferð og áður og sagt við hana eitthvað á þá leið að kannski hefði hún upplifað eitthvað hörmulegt, sjokkerast og það liðið henni úr minni. Áfram lýsti Erla upphafi vitnisburðar síns í Geirfinnsmálinu: „Ég var orðin hysterísk á þessum tíma og mjög langt niðri, eftir það fór mér að birtast ný mynd af Sævari og strákunum. Ég trúði öllu um þá og þegar ég var spurð hvort ég myndi ekki óglögg eftir einhverri Keflavíkurferð, þá vildi ég allt fyrir rannsóknarlögglumennina gera, enda voru þeir mér mjög hjálplegir á þessum tíma; hjálpuðu mér að flytja, gengu frá meðlagsúrskurði, tilkynntu fyrir mig aðsetursskipti og voru mjög liðlegir. Ég svaraði því eitthvað á þá leið, að það gæti vel verið að ég hafi farið með strákunum til Keflavíkur. Og þar með var boltinn farinn að rúlla og ég dottinn inn í lygavefínn.“ Í framhaldinu hafi hún soðið saman einhverja sögu um ferð hópsins til Keflavíkur og stuðst við sögusagnir um spíra, blaðafregnir um sendiferðabifreið og annað það sem hefði komið í blöðum. Tók hún fram að fyrsta frásögn hennar í málinu hafi verið gjörólík þeirri síðustu þegar lögreglan hafi verið búin að yfirheyra hana og sakborningana fram og til baka. Benti hún á að sakborningarnir hafi allir neitað harðlega í fyrstu, en síðan látið undan þrýstingi og sífelldum spurningum sem hafi byggst á hennar framburði og þá játað Keflavíkurferð. Viðurkenndi Erla að hún hafi logið og logið til að gera sögu sína líklegri. Í framhaldinu var Erla innt eftir því

hvernig sú hugmynd hafi fæðst að búa til upplognar sakir á Einar Bollason, Magnús Leóoldsson, Sigurbjörn Eiríksson og Valdimar Olsen. Sagði hún það hafa haft aðdraganda. Hún hafi verið mjög róttæk í þjóðfélagsskoðunum og talið alla sem hafi átt einbýlishús og Mercedes Benz glæpamenn og afætur á þjóðfélaginu. Orðrétt var haft eftir Erlu: „Þegar ég var svo farin að ljúga þessu Geirfinnsmáli upp á mig og strákana, þá þótti mér réttara að fleiri fengju að sviða. Það voru langtum fleiri nöfn nefnd en þeirra fjögurra sem voru hneptir í gæsluvarðhald. Ég var búin að nefna háttsetta menn í þjóðfélagskerfinu og fleiri og fleiri og allir áttu þeir að hafa verið þarna í fjörunni um nóttina.“ Sagði hún ástæður þess að hún hafi nefnt þessa fjóra menn vera margvíslegar. Hún hafi átt í útistöðum við Einar vegna fjölskyldumála, Magnús hafi verið nefndur áður í tengslum við málið vegna leirstyttunnar, Sigurbjörn og Valdimar hafi verið í tengslum við veitingahúsin og illa hafi verið um þá talað meðal þeirra sem hún hafði umgengist. Aðspurð um bílstjórana tvo sem hafi borið um að hafa gefið henni far sagðist Erla hafa breytt framburði sínum til þess að hann yrði samhljóða framburðum bílstjóranna. Kvaðst hún hafa sótt hugmyndina að þessari ferð sinni á puttanum til ákveðins atburðar í lífi sínu þegar hún hafi farið með vinkonu sinni til Grindavíkur og til baka á puttanum. Í viðtalinu kom fram að Erla hafi minnst á nokkur dæmi úr yfirheyrslum lögreglunnar. Sagði hún rannsakenndur hafa verið alúðlega við sig, en hafa beitt ýmsum brögðum. Oftar en einu sinni þegar hún hafi viljað snúa við blaðinu og segja sannleikann hafi viðbrögð þeirra verið þau að það þýddi ekkert fyrir hana að láta svona.³⁶⁶⁶ Greindi hún frá því að í nóvember 1977 hafi hún sett í sig kjark til að draga til baka allt það bull sem hún hafi þá áður sagt. Þá hafi Karl Schütz byrst sig. Hún hafi þá haldið áfram og sagst vera þreytt og vilja segja sannleikann. Þá hafi Schütz spurt Erlu hvort hún væri ekki svöng og hún hafi játað því. Þá hafi Schütz, túlkur hans og rannsóknarlögreglumaður sagt við fangaverðina að þeir ætluðu með hana í Borgartún til frekari yfirheyrslu en í staðinn farið með hana á veitingastaðinn Ask og gefið henni nautakjöt og meðlæti. Daginn eftir hafi hún verið færð til yfirheyrslu og þá haldið sig við það að allt það sem hún hafi áður sagt væri ósatt. Þá hafi brúnin á Schütz þyngst og hún fengið á tilfinninguna að hún væri vanþakklát við góða menn sem leggðu ýmislegt á sig fyrir hana. Hún hafi staðist þrýsting lögreglunnar þarna en síðan hafi hún gefist upp og farið í sama farið aftur og haldið áfram að ljúga um Keflavíkurferðina, líkflutninga og fleira. Sagðist Erla hafa fundið inn á það að eftir því sem hún hafi verið samvinnuþýðari og skáldað upp hluti sem féllu rannsóknarmönnum í geð hafi þeir verið þeim mun mildari og geðugri í hennar garð. Greindi hún frá samprófunum í málinu og því skipti þegar Sævar var sleginn kinnhesti. Sagði hún þá samprófun alla hafa gengið út á það að hún og Kristján Viðar hafi átt að bera sakir á Sævar og fá hann til andsvara.³⁶⁶⁷ Í lok viðtalsins lýsti Erla því yfir: „Sannleikurinn er þessi: Hvorki ég né Sævar fórum til Keflavíkur þessa umtöluðu nótt og allt það sem ég hef sagt um þetta mál hefur verið skáldskapur.“³⁶⁶⁸

³⁶⁶⁶ Bls. 4666_C.

³⁶⁶⁷ Bls. 4666_D.

³⁶⁶⁸ Bls. 4666_E.

1926. Páll Arnór Pálsson, verjandi Kristjáns Viðars fyrir sakadómi, sendi ríkissaksóknara bréf 21. janúar 1980 þar sem hann óskaði þess að bréf [GEÞB] frá 28. desember 1979 yrði lagt fram í Hæstarétti.³⁶⁶⁹ Ljósrit af bréfi [GEÞB] var meðfylgjandi en þar fór hann þess á leit við Pál Arnór að hann hlutaðist til um að önnur skýrsla yrði tekin af honum í sambandi við hvarf Guðmundar Einarssonar. Orðrétt sagði í bréfinu: „[E]ins og ég skýrði frá í fyrra bréfi mínu þá er skýrsla sú sem ég gaf algjörlega röng, og tel ég að rannsóknaraðilar hafi lagt mér orð í munn og að um algjöran hugarburð hafi verið að ég hafi nokkru sinni heyrt Kristján Viðar eða nokkurn málsaðila viðhafa þau orð að hann eða þeir hafi staðið að hvarfi Guðmundar Einarssonar.“ Í lok bréfsins ritaði hann um að vilja ekki verða þess valdandi að saklausir menn yrðu sakfelldir á grundvelli rangs framburðar af hans hálfu.³⁶⁷⁰
1927. Fyrir liggur skýrsla rannsóknarlögreglu ríkisins, dagsett 21. janúar 1980, rituð af Þóri Oddssyni vararannsóknarlögreglustjóra um að samkvæmt beiðni Þórðar Björnssonar ríkissaksóknara yrði aflað upplýsinga hjá þeim sem framkvæmdu tímamælingar milli staða hver meðalhraði hafi verið á akstursleiðum. Bókaði Þórir að hann hafi falið Ívari Hannessyni lögreglufulltrúa og Grétari Sæmundssyni rannsóknarlögreglumanni að annast að nýju mælingar á milli staða.³⁶⁷¹ Upplýsingaskýrsla Ívars og Grétars liggur fyrir meðal rannsóknargagna um mælingu á akstursleiðum. Í skýrslunni kom fram að þeir hafi fengið liðsinni vegaeftirlitsmanns til að framkvæma mælingarnar. Hann hafi komið með jeppabifreið af gerðinni Scout sem í hafi verið vegamælir. Fram kom að Grétar og vegaeftirlitsmaðurinn hafi framkvæmt mælingar frá Vatnsstíg áleiðis til Keflavíkur í jeppabifreiðinni en Ívar hafi fylgt í annarri bifreið til leiðsagnar. Ívar hafi síðan komið í jeppabifreiðina og þá hafi verið mæld leiðin frá Kjarvalsstöðum að Grýtubakka 10 síðan frá Grýtubakka 10 að Hjallavegi 31 en þaðan að Ásvallagötu 46. Frá Ásvallagötu hafi verið ekið að Lambhóli við Starhaga og síðan aftur að Ásvallagötu 46 en þaðan að Vatnsstíg 3. Var akstursleiðinni í öllum tilvikum lýst með ítarlegum hætti. Fram kom að götur hafi verið auðar og þurrar og veður allhvasst á norðan.³⁶⁷² Þá liggur fyrir upplýsingaskýrsla Gunnlaugs Sigurðssonar rannsóknarlögreglumanns um útreikninga á vegalengdum og aksturshraða. Fram kom að hann hafi fengið í hendur upplýsingaskýrslu Grétars og Ívars um mælingu vegalengda milli nokkurra staða. Reiknaði Gunnlaugur út meðalhraða milli þessara sömu staða út frá vegalengd og aksturstíma. Rakti hann niðurstöðurnar í skýrslunni en þar sagði að vegalengd frá Vatnsstíg 3 að Aðalstöðinni í Keflavík væri 46,705 kílómetrar. Orðrétt var bókað í upplýsingaskýrsluna: „Sé vegalengd þessi ekin á 33 mín. og 15 sek. er meðalhraði $46,705 \times 60/33,25 = 84,280$ km/klst.“ Í skýrslunni kom fram að meðalhraði frá annars vegar Kjarvalsstöðum að Grýtubakka 10 og hins vegar frá Grýtubakka 10 að Hjallavegi 31 hafi verið rúmir 40 km/klst. Þá hafi meðalhraðinn frá Hjallavegi 31 að Ásvallagötu 46 verið rúmir 45 km/klst, en frá þeim stað að Lambhóli við Starhaga hafi meðalhraðinn verið rúmir 32 km/klst. Þá reiknaðist Gunnlaugi til að frá Lambhóli að Ásvallagötu 46 hafi meðalhraðinn verið rúmir 43

³⁶⁶⁹ Bls. 4068.

³⁶⁷⁰ Bls. 4069.

³⁶⁷¹ Bls. 4070.

³⁶⁷² Bls. 4071–4073.

km/klst. Loks hafi meðalhraðinn frá Ásvallagötu 46 að Vatnsstíg 3 verið rúmir 36 km/klst. Í lok skýrslunnar var bókað orðrétt: „Aksturstími í útreikningum er tekinn úr hefti XVIII bls. 98–99 í Geirfinnsmáli.“³⁶⁷³

1928. Sama dag, 21. janúar 1980, var dómþingi Hæstaréttar fram haldið og hélt Jón Oddson áfram ræðu sinni. Að henni lokinni tók Hilmar Ingimundarson, verjandi Tryggva Rúnars, til máls og gerði þær dómkröfur að Tryggvi Rúnar yrði sýknaður af ákæruliðum I og II í ákæru útgefni 8. desember 1976. Var dómþinginu frestað til morguns, 22. janúar 1980.³⁶⁷⁴
1929. Þriðjudaginn 22. janúar 1980 ritaði Þórir Oddsson vararannsóknarlögrelustjóri skýrslu um samtal sitt við [JEP] tryggingafræðing. Fram kom að hann hafi greint honum frá framburði Sævars hjá lögreglu frá 28. október 1976, en þar hafi hann greint frá því að hafa séð Guðjón rita nafn og símanúmer Geirfinns í vasabók. Hafi Sævar sagst muna að tölustafirnir 31 hafi komið þar fyrir. Í skýrslunni kom fram að tryggingafræðingnum hafi verið kynnt að símanúmer Geirfinns, sem ekki hafi verið í símaskrá, hafi verið 3157. Fram kom að eftir því hafi verið leitað að [JEP] myndi reikna út hvaða líkur væru á því að maður sem væri spurður um fjögurra stafa símanúmer gæti farið rétt með einhverjar tvær samliggjandi tölur í númerinu.³⁶⁷⁵ Fyrir liggur bréf [JEP] þar sem fram kom að hann hafi athugað lauslega símaskrá Keflavíkur fyrir árið 1974. Númerin hafi verið 2.400 talsins og alls 35 símanúmer sem byrjuðu á 31 og 26 símanúmer sem byrjuðu á 32. Auk þess kæmi talan 31 fyrir sem annar og þriðji tölustafur og eins sem þriðji og fjórði tölustafur. Með fræðilegum aðferðum hafi hann komist að þeirri niðurstöðu að líkurnar væru á bilinu þrjú til fimm prósent eftir því hvernig á málið væri litið, en ekki hafi gefist tími til að útlista það betur.³⁶⁷⁶
1930. Þennan sama dag var dómþingi Hæstaréttar fram haldið og bókað að Hilmar Ingimundarson, verjandi Tryggva Rúnars, hafi haldið áfram ræðu sinni. Að henni lokinni tók Örn Clausen, verjandi Alberts Klahn, til máls og gerði þær dómkröfur að Albert yrði algerlega sýknaður af 2. tölulið I. kafla ákæru frá 8. desember 1976, um brot gegn 211. gr., samanber 4. mgr. 22. gr., samanber 1. mgr., svo og 2. mgr. 112. gr. almennra hegningarlaga. Þá krafðist verjandinn sýknu af broti gegn 124. gr. og 221. gr. sömu laga sem fjallað var um í málflytningi í héraði.³⁶⁷⁷ Þá krafðist hann vægustu refsingar fyrir önnur ákæruatriði. Næstur tók Guðmundur Ingvi Sigurðsson, verjandi Erlu, til máls og gerði þær dómkröfur að Erla yrði sýknuð af ákæru fyrir brot á 211. gr., samanber 4. mgr. 22. gr., samanber 1. mgr. og 2. mgr. 112. gr. almennra hegningarlaga. Þá var krafist vægustu refsingar samkvæmt lögum fyrir önnur ákæruatriði. Var dómþinginu frestað en framhaldið daginn eftir, 23. janúar 1980. Hélt Guðmundur Ingvi varnarræðu sinni áfram. Næstur tók til máls Benedikt Blöndal, verjandi Guðjóns, og gerði þær kröfur að Guðjón yrði aðallega sýknaður af öllum ákæruatriðum, en til vara að honum yrði gerð vægasta refsing. Því næst tók Þórður

³⁶⁷³ Bls. 4074–4075.

³⁶⁷⁴ Gögn starfshóps, bls. 343.

³⁶⁷⁵ Bls. 4076.

³⁶⁷⁶ Bls. 4077.

³⁶⁷⁷ Gögn starfshóps, bls. 343.

Björnsson ríkissaksóknari aftur til máls og flutti seinni ræðu sína. Því næst Páll Arnór Pálsson, verjandi Kristjáns Viðars, og svo Kristján Viðar sjálfur. Bókað var í gerðabók Hæstaréttar að Kristján Viðar hafi flutt örstutt mál og lýst sig saklausan af ákæru um að hafa átt þátt í drápi Guðmundar Einarssonar og Geirfinns Einarssonar og ákæru um rangar sakargiftir. Þá flutti Jón Oddsson seinni ræðu sína og að henni lokinni tók Sævar til máls. Bókað var að Sævar hafi lýst því harðræði sem hann teldi sig hafa verið beittan við rannsókn og í gæsluvarðhaldi vegna málsins. Þá hafi játningar verið þvingaðar með stöðugum yfirheyrslum og neitun rannsóknarmanna á því að taka mark á honum þegar hann hafi neitað sakargiftum. Bókað var að Hilmar Ingimundarson, Örn Clausen og Guðmundur Ingvi Sigurðsson hafi flutt seinni ræður sínar. Þá hafi Erla tekið til máls og var bókað að hún teldi að ákærðu í málinu hefðu talað fyrir daufum eyrum allan tímann sem rannsókn málsins hafi staðið yfir. Loks var bókað að Benedikt Blöndal, verjandi Guðjóns, hafi flutt seinni ræðu sína. Var þá málflutningi lokið og var málið tekið til dóms.³⁶⁷⁸

1931. Föstudaginn 23. febrúar 1980 var í Hæstarétti Íslands í máli nr. 214/1978, ákærvaldið gegn Kristjáni Viðari Viðarssyni, Sævari Marinó Ciesielski, Tryggva Rúnari Leifssyni, Alberti Klahn Skaftasyni, Erlu Bolladóttur og Guðjóni Skarphéðinssyni, kveðinn upp dómur og var Kristján Viðar dæmdur í 16 ára fangelsi, Sævar í 17 ára fangelsi, Tryggvi Rúnar í 13 ára fangelsi, Guðjón í 10 ára fangelsi, Erla í þriggja ára fangelsi og Albert Klahn í tólf mánaða fangelsi. Í öllum tilvikum kom gæsluvarðhaldsvist dómfelldu til frádráttar refsingu.³⁶⁷⁹
1932. Á tímabilinu 21. nóvember 1979 til og með 6. mars 1980 fór fram rannsókn á gerð leirmyndar sem gerð var að undirlagi lögreglunnar í Keflavík í upphafi rannsóknar á hvarfi Geirfinns Einarssonar. Rannsóknin fékk málsnúmerið 3429/1979 og beindist að því hvort að við gerð leirmyndarinnar hafi verið beitt aðferðum sem talist gætu brot á XIV. kafla almennra hegningarlaga, nr. 19/1940. Bar [GKJ], fyrrum afgreiðslustúlka í Hafnarbúðinni um að hafa ekkert komið að gerð leirmyndarinnar. Var sá framburður staðfestur í sampröfun með [RI] leirlistakonu. Þá bar [GKJ] um að hafa fengið bunka af ljósmyndum af ýmsum mönnum, þar á meðal Magnúsi Leópoldssyni, þar sem henni var ætlað að benda á einhver atriði á ljósmyndunum sem væru lík manningum í Hafnarbúðinni sem leitað var að. Kvaðst hún hafa orðið reið þegar hún hafi séð leirmyndina í fjölmiðlum því þá hafi hún séð að myndin hafi verið gerð eftir ljósmynd af Magnúsi Leópoldssyni. Framburðir þáverandi lögreglumanna og fulltrúa bæjarfógetans í Keflavík voru hins vegar á þann veg að ljósmyndar af Magnúsi Leópoldssyni hafi ekki verið aflað fyrr en eftir að ábendingar hafi borist lögreglunni frá almenningi um að leirmyndin líktist Magnúsi.³⁶⁸⁰ Aðrar upplýsingar komu ekki fram í rannsókn þessari sem máli skipta nú.
1933. Fyrir liggja upplýsingar um að ekki hafi verið gerður frekari reki að málsókn á hendur [SÓH] vegna meints rangs framburðar. Var málið endanlega lagt upp hjá embætti

³⁶⁷⁸ Gögn starfshóps, bls. 344–346.

³⁶⁷⁹ Bls. 4078.

³⁶⁸⁰ Bls. 4107–4167.

ríkissaksóknara 2. október 1980, án þess að til formlegrar tilkynningar hafi komið um þá niðurstöðu.³⁶⁸¹

1934. Meðal gagna málsins liggur fyrir bréf Ásmundar S. Guðmundssonar, yfirlögrelupjóns hjá lögreglunni í Kópavogi, dagsett 21. janúar 1981. Í bréfinu kom fram að hann hafi farið ásamt Erlu í byrjun árs 1976 að Þverbrekku 4 í Kópavogi til að rýma geymsluherbergi, en þar hafi verið dót sem hún og Sævar hafi átt. Þar sem þau hafi þá verið búin að skila af sér leiguíbúðinni hafi Erla þurft að flytja dót úr geymslunni. Ritaði Ásmundur um að hafa ekið dótinu á öskuhaugana þar sem aðallega hafi verið um ónýtt drasl að ræða.³⁶⁸²
1935. Fyrir liggur skýrsla Gísla Guðmundssonar, dagsett 10. febrúar 1981, um könnun á afdrifum persónulegra muna í eigu Sævars sem lögregla haldlagði að hans sögn við handtöku hans og Erlu Bolladóttur í tengslum við svokallað póstsvikamál 12. desember 1975.³⁶⁸³ Í skýrslunni kom fram að haft hafi verið samband við fjölmarga aðila sem hafi með einum eða öðrum hætti komið að rannsókn, saksókn og dómsmeðferð þeirra sakamála sem höfðuð voru gegn Sævari. Leiddi könnunin í ljós að munir sem [VK] kvikmyndagerðarmaður hafi átt hjá Sævari hafi hann fengið aftur. Ekki hafi tekist að finna neitt annað af því sem Sævar hafi getið um í greinargerð sinni dagsettri 5. desember 1980, þrátt fyrir leit og viðtöl. Sigurbjörn Víðir Eggertsson og Eggert Bjarnason hafi staðfest að húsleit hafi farið fram að Þverbrekku 4, en engin lögregluskýrsla hafi legið fyrir um leitina. Bókað hafi verið í dagbók fíknideildar lögreglunnar í Reykjavík 13. desember 1975 að húsleit hafi farið fram á heimili þeirra klukkan 12:40 og þaðan hafi verið tekið mikið af ýmsum skjölum og bréfum. Að leitinni lokinni hafi íbúðin verið innsigliuð. Orðrétt sagði í skýrslunni: „Ásmundur Guðmundsson, yfirlögrelupjónn í Kópavogi, hefur tjáð undirrituðum, að ekki sé til þar nein húsleitarskýrsla varðandi Þverbrekku 4, Kópavogi í umrædd skipti. – Hann kveðst þó muna eftir því að í byrjun árs 1976 hafi hann farið með Erlu Bolladóttur, að Þverbrekku 4, Kópav. til að rýma geymsluherb. í kjallara. Ásmundur segir að í geymslunni hafi verið aðallega ónýtt drasl, eins og hann orðar það, sem farið var með á öskuhaugana við Gufunes að undanskildum rúmdýnum, sem farið var með til móður Erlu og að því er hann minnir kælliskáp eða eitthvert heimilistæki, sem farið hafi verið með í hús við Ásvallagötu í Reykjavík.“³⁶⁸⁴
1936. Mánudaginn 17. ágúst 1981 birtist viðtal við séra Jón Bjarman í Dagblaðinu undir fyrirsögninni: „Séra Jón Bjarman fangaprestur hefur fylgzt með 300 refsiföngum og segir: Einn eða tveir voru betri menn eftir fangelsisvistina – um harðræðisrannsóknina: Það var ekki spurt hvað gerðist heldur reynt að sanna hvað gerðist ekki.“ Séra Jóni var lýst sem skriftaföður og huggara fanganna og ekki síst boðberi milli þeirra og opinberra dómsyfirvalda. Kvaðst séra Jón vera eini embættismaðurinn sem ætti innangengt í fangelsin án þess að vera starfsmaður dómsmálaráðuneytisins, hans yfirmaður væri biskupinn. Aðspurður hvenær grunur hafi vaknað hjá honum um að

³⁶⁸¹ Bls. 4184_E.

³⁶⁸² Bls. 4167_A.

³⁶⁸³ Bls. 4168–4171.

³⁶⁸⁴ Bls. 4170 og gögn starfshóps, bls. 311.

ekki væri allt með felldu innan Síðumúlafangelsisins svaraði séra Jón orðrétt: „Ég fann frá upphafi að meðferð sakborninga var óvenjuleg. Mér var sagt að þeir óskuðu ekki eftir því að ég kæmi til þeirra, en komst að því seinna að það var ósatt. Sævar sá ég, eftir beiðni móður hans, þegar hann hafði verið tvo mánuði í gæsluvarðhaldi og var hann þá færður til mín í fótjárnnum. Mér var bannað að tala við hann nema tíu mínútur? Hvaða tilgangi átti takmörkun á viðtalstíma við prest að þjóna? Og varðstjórinn lét mig á sér skilja að ég væri að skipta mér af því sem mér kæmi ekki við þegar ég vildi kaupa af honum sígarettur handa Sævari sem hafði verið sviptur tóbaki.“ Greindi hann frá því að fangaverðirnir hefðu afsakað sig með því að meðferðin væri refsing fyrir agabrot þar sem Sævar hafi komist í bréfasamband við annan fanga. Sagði séra Jón að ástandið í fangelsinu hafi verið greinilega mjög slæmt þetta ár. Aðspurður um álit sitt á harðræðisrannsókninni sagði séra Jón hana ekki hafa verið óvilhalla rannsókn enda hafi undirmaður rannsóknarlögreglustjóra ríkisins rannsakað ætlað sakarefni bæði yfirmanns síns og fjölda samstarfsmanna. Fannst honum rannsóknin hafa fremur beinst að því að sanna að eitthvað hafi ekki gerst fremur en að reyna að sanna hvað hafi gerst. Kvaðst hann ekki geta sætt sig við að íslenskt réttarfar væri þannig að sjálfsagt væri að fangar væru barðir við yfirheyrslur.³⁶⁸⁵

1937. Þórir Oddsson, vararannsóknarlögreglustjóri ríkisins, birti grein í Morgunblaðinu 25. ágúst 1981 undir yfirskriftinni: „Reynt að vekja tortryggni á réttarfari í landinu. Athugasemdir við blaðaskrif séra Jóns Bjarman og Dagblaðsins.“ Dró hann fram nokkur þau atriði sem að hans mati skiptu höfuðmáli ef leggja ætti mat á harðræðisrannsóknina sem hann hafi framkvæmt. Vísaði hann til þess að Jón Oddsson hæstaréttarlögmaður og verjandi Sævars hafi lýst því yfir í viðtali við Dagblaðið 28. júlí 1979 að hann hefði enga ástæðu til að finna að skipun Þóris til að fara með rannsókn málsins. Þá vísaði Þórir orðrétt til þeirrar bókunar Jóns Oddssonar sem hafi verið færð í lokaskýrslu harðræðisrannsóknarinnar um að hann teldi rannsóknaraðila málsins hafa vandað mjög til allra vinnubragða og sagt rannsóknina til fyrirmyndar. Í greininni rakti Þórir að ríkissaksóknari hafi mælt fyrir um rannsóknina og afmarkað rannsóknarefnið. Af þeim sökum hafi ekki öll umkvörtunatriði Sævars verið tekin til rannsóknar þar sem þau hafi varðað atriði máls sem sakadómur hafi þegar fjallað um. Þá rakti Þórir umfjöllun Hæstaréttar um harðræðisrannsóknina. Í lok greinarinnar kom fram það álit Þóris að embætti séra Jóns Bjarman sem fangelsisprestur væri það mikilvægt að honum þætti hryggilegt að vita til þess að frá honum kæmu athugasemdir sem væru til þess fallnar að gera réttarfarið í landinu tortryggilegt.³⁶⁸⁶
1938. Fimmtudaginn 27. ágúst 1981 birtist frétt um málið í Dagblaðinu undir fyrirsögninni: „Hin langa þögn hefur verið rofin – segir séra Jón Bjarman fangaprestur um athugasemdir vararannsóknarlögreglustjóra.“ Fram kom að séra Jón fagnaði grein Þóris Oddssonar og vænti þess að nú væri hægt að ræða málin af hlutlægni og umbótavilja. Sagðist hann mundu svara grein Þóris innan tíðar.³⁶⁸⁷ Á sama stað birtist viðtalsfrétt við Þórð Björnsson ríkissaksóknara. Vísaði hann til dóms Hæstaréttar í

³⁶⁸⁵ Bls. 4171_A–B.

³⁶⁸⁶ Bls. 4171_C.

³⁶⁸⁷ Bls. 4171_D.

málinu um þá niðurstöðu að ekki hafi verið sýnt fram á að játningar ákærðu hafi verið fengnar fram með ólögumætum aðferðum af hálfu þeirra sem hafi farið með rannsókn málsins. Haft var eftir Þórði að Hæstiréttur Íslands hafi bent á ýmsa hnökra á formsatriðum við yfirheyrslurnar en hann vildi ekki standa í ritdeilum um gamalt mál sem væri löngu flutt og dæmt.³⁶⁸⁸

1939. Þriðjudaginn 1. september 1981 birtist grein eftir séra Jón Bjarman í Morgunblaðinu undir yfirskriftinni: „Um óvilhallað rannsóknir og ætlað harðræði“. Setti hann fram gagnrýni í þremur liðum. Í fyrsta lagi gagnrýndi hann fyrrverandi dómsmálaráðherra og starfsmenn hans fyrir að hafa setið á kærubréfi hans dagsettu 30. maí 1978 í rúmt ár og ekki tryggt það að framkvæmd rannsóknarinnar væri hafin yfir alla gagnrýni. Í öðru lagi beindi hann gagnrýni sinni að ríkissaksóknara fyrir að hafa ekki aðhafst í málinu á sama tímabili þar sem honum hafi borist afrit af framangreindu bréfi. Í þriðja lagi gagnrýndi hann vararannsóknarlögreglustjóra fyrir að taka að sér rannsókn á ætluðu sakarefni yfirmanns síns og samstarfsmanna sinna. Þá hefði hann sitthvað að athuga við harðræðisrannsóknina sjálfa. Rifjaði hann upp þau ummæli að árið 1976 hafi verið slæmt ár í íslenskri réttarsögu og tók hann undir það. Mönnum verið haldið í langvarandi gæsluvarðhaldi þar sem þeim hafi verið ætlað að sanna sakleysi sitt fremur en að sök hafi verið sönnuð á þá. Sama ár hafi gæsluvarðhaldsfangar verið lagðir í „stökk og járn“ fyrir að vera með „kjaftátt“ og vísaði þar til orða fyrrum yfirfangavardar í Síðumúlafangelsi. Dómsrannsókn hafi farið fram í því máli þars em einungis hafi verið rannsökuð tilvik tveggja fanga sem hafi verið tilefni beiðni hans en ekki kannað almennt hvernig agaviðurlögum hafi almennt verið beitt í fangelsinu á þessum tíma. Ekki hafi verið rætt við aðra gæsluvarðhaldsfanga þrátt fyrir að bréf hans frá því í september 1976 hafi gefið tilefni til þess. Þá hafi fyrrverandi dómsmálaráðherra verið sakaður um það í þingsölum Alþingis að hafa verið viðriðinn afbrotamál. Þegar dómsrannsókn hafi lokið í Guðmundar- og Geirfinnsmálum hafi hann lýst því yfir að „martröð væri létt af þjóðinni.“ Orðrétt ritaði séra Jón: „Ákærvaldið hafði þá ekki fjallað um sakarefnin og engin ákæruskjöl verið gefin út.“ Ritaði séra Jón um að hafa sitthvað um framkvæmd harðræðisrannsóknarinnar að segja. Nefndi hann sem dæmi muninn á þeirri meðferð sem kvenfangavörður hafi verið beitt samanborið við karlkyns kollega sína, en framburður hennar hafi styrkt mjög ásakanir Sævars. Hafi framburður hennar verið gerður tortryggilegur á meðan karlkyns fangavörður hafi verið sleppt með mikið minnisleysi. Lýsti séra Jón yfir þeirri skoðun sinni að honum þætti það engin goðgá að álykta sem svo að harðræði sýnt einum sakborningi í máli styðji ásakanir annars um hið sama og vísaði þar til framburðar um að fangavörður hafi límt heftiplástur með grisju yfir munn Tryggva Rúnars, en það tilvik hafi verið talið standa utan við mörk rannsóknarinnar. Enginn hinna sakborninganna í málinu hafi verið spurður hvort hann hafi sætt harðræði. Í lok greinarinnar ritaði fangelsispresturinn: „Vikulega umgengst ég þá, sem í undirrétti fengu allt að ævilöngu fangelsi fyrir hinar verstu sakir, sem á þá voru bornar, í

³⁶⁸⁸ Bls. 4171_D.

Hæstarétti voru þeir dæmdir í allt að 17 ára fangelsi. Meðan ég er í vafa hvernig forsendur þeirra dóma voru fengnar get ég ekki verið rór.³⁶⁸⁹

1940. Meðal gagna málsins liggur fyrir bréf frá Sævari til Boga Nilssonar rannsóknarlögreglustjóra, dagsett 19. september 1993. Í bréfinu, sem er 11 blaðsíður, rekur Sævar kenningu sína um hvaða maður það hafi verið sem hafi hringt úr Hafnarbúðinni og gerð hafi verið leirmynd af. Þá setur hann fram kenningu um morðið á Geirfinni og nafngreindir þá aðila sem að hans mati hafi komið að því.³⁶⁹⁰
1941. Fyrir liggur ódagsett bréf Sævars til rannsóknarstofu þýsku ríkislögreglunnar, Bundeskriminalamt, Kriminaltechnisches Institut í Wiesbaden, Þýskalandi. Óskaði hann eftir afriti af niðurstöðum rannsókna sem fram hafi farið hjá rannsóknarstofunni í tengslum við Guðmundar- og Geirfinnsmálið árið 1976.³⁶⁹¹ Svarbréf barst 16. desember 1994 þar sem móttaka á bréfi Sævars var staðfest. Í bréfinu kom fram að niðurstöður rannsókna af því tagi sem hann óskaði eftir væru ekki afhentar einstaklingum. Var honum því bent á að snúa sér til lögregluþyrvalda á Íslandi sem gætu þá, að vissum skilyrðum uppfylltum, óskað eftir afhendingu gagnanna.³⁶⁹²
1942. Með bréfi dagsettu 27. september 1993 til dóms- og kirkjumálaráðuneytisins fór Sævar þess á leit að hann yrði hreinsaður af öllum sökum í svonefndum Guðmundar- og Geirfinnsmálum. Var erindinu svarað á þann veg að hann skyldi stíla beiðni um endurupptöku til Hæstaréttar Íslands, en senda hana til ríkissaksóknara.³⁶⁹³ Í framhaldinu ritaði hann ráðuneytinu nokkur bréf varðandi hugsanlega endurupptöku málanna. Með bréfi ráðuneytisins dagsettu 16. september 1994 var Sævari sent svarbréf og áréttað hvernig framgangur beiðni um endurupptöku gæti orðið.³⁶⁹⁴ Fyrir liggur bréf Sævars Ciesielski til Hæstaréttar Íslands, dagsett 23. nóvember 1994. Í bréfinu vísaði hann til ýmissa lagaákvæða og krafðist þess að verða hreinsaður af svokölluðu Guðmundarmáli. Meðfylgjandi beiðninni var greinargerð Sævars sem bar yfirskriftina: „SÝKN GREINARGERÐ vegna upptöku Geirfinns- og Guðmundarmála. I. kafli ákæru útgefin 8. des. 1976.“ Með greinargerðinni lagði Sævar fram gögn sem hann sagði ekki hafa verið lögð fyrir dóm á sínum tíma; endurrit úr sakadómsbók í máli nr. 207/1975, ákærvaldið gegn Sævari Marinó Ciesielski o.fl. vegna fíkniefnamisferlis í janúar og febrúar 1974, afrit af dómi uppkveðnum 16. desember 1980, könnun Ármanns Kristinssonar sakadómará á þeim atriðum í Guðmundarmáli sem ekki voru rannsökuð eða nægilega rannsökuð, dagsett 9. janúar 1977 og minnispunkta Kristmunds Sigurðssonar um Guðmundarmálið, dagsettir 13. janúar 1977.³⁶⁹⁵ Með bréfi dagsettu 19. september 1995 lagði Sævar fram svokallaða „Lokaskýrslu til ríkissaksóknara“ þar sem hann dró saman frekari rökstuðning fyrir endurupptöku málanna. Þá lagði Sævar fram uppfærða greinargerð um endurupptöku Geirfinns- og Guðmundarmála með bréfi til setts ríkissaksóknara, dagsettu 27. október

³⁶⁸⁹ Bls. 4171_F-G.

³⁶⁹⁰ Bls. 4172.

³⁶⁹¹ Bls. 4183.

³⁶⁹² Bls. 4184.

³⁶⁹³ Bls. 4182_B.

³⁶⁹⁴ Bls. 4182_A.

³⁶⁹⁵ Bls. 4183_A.

1995. Í bréfi setts ríkissaksóknara til Hæstaréttar Íslands 12. desember 1995 var lagt til að beiðninni yrði hafnað. Þann 30. janúar 1996 var Ragnar Aðalsteinsson hæstaréttarlögmaður skipaður talsmaður Sævars vegna beiðni hans um endurupptöku hæstaréttarmáls nr. 214/1978. Lagði Ragnar fram greinargerð um beiðni Sævars um endurupptöku á hæstaréttarmálinu fyrir Hæstarétt Íslands 20. febrúar 1997. Með greinargerðinni fylgdu innbundin fylgiskjöl merkt „skjal nr. A“ til og með „skjal nr. H.“ Í skjali nr. A voru tekin saman ýmis gögn en þar var að finna svarbréf Vegagerðarinnar um upplýsingar um snjómokstur og færð á vegum dagana 26. og 27. janúar 1974 í Hafnarfirði og á Reykjanesi. Meðfylgjandi bréfinu voru gögn með upplýsingum um snjómokstur og færð annars vegar vikuna 20. janúar 1974 til 26. janúar 1974 og hins vegar vikuna 27. janúar 1974 til 2. febrúar 1974.³⁶⁹⁶ Þá voru í skjali nr. A yfirlýsingar Erlu Bolladóttur um sakamálin og ýmissa aðila um málsatvik sem Ragnar Aðalsteinsson, talsmaður Sævars, aflaði undir rekstri endurupptökumálsins.

1943. Mánudaginn 26. janúar 1996 mætti [EJR] á heimili Ragnars Aðalsteinssonar hæstaréttarlögmanns, skipaðs talsmanns Sævars Marinó Ciesielski, að ósk Ragnars til að greina frá málsatvikum, skýrslugjöf og sakbendingu. [EJR] bar um það að hafa átt leið um Hafnarfjörð ásamt vinkonu sinni aðfaranótt sunnudagsins 27. janúar 1974 á Volkswagen bifreið. Þar hafi hún séð Guðmund Einarssonar sem þær báðar þekktu sem hafi verið að reyna að fá far. Með Guðmundi hafi verið ungur maður heldur lægri að vexti en Guðmundur og mjög grannur. Sá hafi verið á skyrtunni, haldið á jakka sínum en frakkalaus. [EJR] bar um það að engin formleg lögregluskýrsla hafi verið tekin af henni 1974, hún hafi einungis rætt við Njörð Snæhólm sem hún hafi hringt í eftir að auglýst hafði verið eftir Guðmundi. Degi síðar hafi síðan maður hringt í hana í vinnuna sem sagðist hafa fengið símanúmer hennar hjá Nirði. Sá hafi kynnt sig sem [KMM] vin Guðmundar og sagst vera að aðstoða við leitina að Guðmundi og hafi innt hana nánar eftir maninum með Guðmundi. [EJR] gat þess að henni hafi misminnt um nafn hans þremur árum síðar en væri þess fullviss að hann hétu [KMM] en ekki Kristján. Þá rakti [EJR] framkvæmd sakbendingar sem fram hefði farið í janúar 1977 þar sem upp hafi verið raðað nokkrum mönnum úr Lögregluskólanum og Kristjáni Viðari. Henni hafi verið greint frá því fyrirfram að Kristján væri í hópnum en hún hafði séð myndir af honum í fjölmiðlum og átti því auðvelt með að þekkja hann úr hópnum. Ekki hafi verið unnt að átta sig á hæð mannanna en henni hafi ekki verið kunnugt um að Kristján Viðar væri 190 cm á hæð. Ef henni hefði verið það ljóst hefði legið fyrir að Kristján hefði ekki getað verið með Guðmundi í Strandgötunni því sá var lægri en Guðmundur auk þess sem hann hafi verið verulega grennri en Kristján. [EJR] lýsti þeirri skoðun að hún hefði verið leidd að því að benda á Kristján við sakbendinguna en þegar hún hafi gert athugasemd við holdafar Kristjáns hafi lögreglumadur skýrt það þannig að hann hefði fitnað af góðu fæði í fangelsinu. [EJR] lýsti því yfir að hún væri þess fullviss að maðurinn sem hún sá með Guðmundi hafi

³⁶⁹⁶ Bls. 4184_A–D.

ekki verið Kristján Viðar enda útiloki hæð hans það. Þetta kvaðst [EJR] vera tilbúin að staðfesta fyrir dómi.³⁶⁹⁷

1944. Þriðjudaginn 13. febrúar 1996 birtist viðtalsfrétt við Guðjón Skarphéðinsson í Morgunblaðinu undir fyrirsögninni: „Sök í málinu hefur aldrei verið sönnuð.“ Fram kom að Guðjón hafi lýst því yfir að framburður hans í Geirfinnsmálinu hafi ekki verið réttur. Ákærvaldið hafi búið til sögu um afdrif Geirfinns Einarssonar sem hann hafi á þeim tíma fallist á að væri rétt. Sagði Guðjón að þrýstingur á sig um að upplýsa málið og vafasamar rannsóknaraðferðir hafi átt mestan þátt í því að hann játaði. Í fréttinni kom fram að Guðjón hafi verið kjörinn prestur á Staðarstað á Snæfellsnesi um helgina. Í kjölfarið hafi aðild hans að Geirfinnsmálinu verið rifjuð upp og tjáði hann sig þá um málið í fyrsta sinn. Fram kom sú skoðun Guðjóns að sök hafi aldrei verið sönnuð í málinu og lítið hafi verið fram hjá alls kyns lausum endum sem ekki hafi tekist að hnýta áður en dæmt hafi verið í málinu. Taldi hann ástæðuna hafi verið þá að þjóðin hafi verið á barmi einhvers konar móðursýkiskasts og þess hafi verið krafist að dæmt yrði í málinu. Aðspurður hvort framburður hans í málinu hafi þá ekki verið sannleikanum samkvæmur sagði Guðjón orðrétt: „Nei, það virðist ekki vera. Það kom á daginn að þetta var ekki sannleikurinn í málinu. Ég hafði ekki hugmynd um hvar þessi maður var.“ Sagðist hann ekki hafa haft fjarvistasönnun, hann hafi ekki munað hvar hann hafi verið tveimur árum áður en hann var handtekinn. Sagan hafi hins vegar verið tilbúin af hálfu ákærvaldsins, einungis hafi vantað einn mann í söguna til að hún gengi upp. Í lok viðtalsins kom fram að Guðjón hafi ekki verið beittur harðræði í varðhaldinu en ýmsar vinnuaðferðir lögreglunnar hafi verið vafasamar. Var haft eftir honum orðrétt: „Ég hef alltaf talið borðleggjandi að það kæmi einhvern tímann að því að þetta mál yrði skoðað aftur.“³⁶⁹⁸
1945. Fimmtudaginn 22. febrúar 1996 undirritaði Erla Bolladóttir yfirlýsingu á skrifstofu Ragnars Aðalsteinssonar að viðstöddum vottum sem vottuðu undirskrift og líkamlega og andlega heilsu hennar. Í yfirlýsingu Erlu kemur fram að hún hafi í tilefni af endurupptökubeiðni Sævars Ciesielski ákveðið að gera Ragnari grein fyrir nokkrum atriðum. Það sé í fyrsta lagi rangt sem fram komi í dómum Hæstaréttar og sakadóms að hún hafið orðið þess áskynja aðfaranótt 27. janúar 1974 eða í annan tíma að ákærðu, Kristján Viðar, Sævar og Tryggvi Rúnar hafi verið að bera eitthvað þungt sem gæti verið lík. Hún hafi ekki séð þá í íbúð sinni þessa nótt enda hafi þeir ekki komið þangað. Kvaðst hún hafa greint rannsóknarlögreglumönnum í upphafi frá raunverulegum atburðum næturinnar en hafi ekki getið þess hvers vegna hún hefði farið út að öskutunnu við húsið þegar hún fór á fætur um morguninn en það stafaði af því að hún hefði sjálf haft hægðir í rúminu. Hún hafi verið einangruð og illa á sig komin um þessar mundir og hefði ekki haft þrek til að fara fram úr og því girt niður um sig og haft hægðir í rúminu. Af þessari ástæðu hafi hún hent lakinu morguninn eftir. Þetta hafi síðan orðið tilefni lýsingar á hægðum sem hún hafi síðar tengt líki sem ákærðu áttu að hafa verið með. Blygðun hennar hafi ekki leyft henni að gera grein fyrir þessu atriði málsins. Rannsóknarlögreglumennirnir hafi hins vegar ekki fallist á

³⁶⁹⁷ Bls. 4184_F.

³⁶⁹⁸ Bls. 4184_U.

skýrslu hennar um að ákærðu hefðu ekki verið í kjallaraíbúðinni og fengið hana um síðir til að gefa aðra og ranga skýrslu. Þá gat hún þess hvað rangar sakargiftir áhrærði væru efni skýrslna er lyti að þeim atriðum rangar. Nöfn þeirra fjögurra sem bornir voru sökum væru frá lögreglunni komin sem hafi leitt hana þannig til að gefa slíkar skýrslur sem skilja mátti þannig að nöfn mannanna væru frá henni komin. Lýsti hún því yfir að allt sem bókað væri í skýrslunni væri satt og rétt og kvaðst vera reiðubúin til að staðfesta það fyrir dómi og svara spurningum um málsatvik og yfirheyrsluaðferðir.³⁶⁹⁹

1946. Föstudaginn 23. ágúst 1996 mætti Gísli Guðmundsson, fyrrverandi yfirlögregluþjónn, á skrifstofu Ragnars Aðalsteinssonar hæstaréttarlögmanns, skipaðs talsmanns Sævars Marinó Ciesielski, að ósk Ragnars. Greindi hann meðal annars frá því að hafa sem rannsóknarlögreglumanni verið falið að vinna með sakadómurunum Gunnlaugi Briem, Ármanni Kristinssyni og Haraldí Henryrssi sem hafi verið falið málið eftir útgáfu ákæru. Hlutverk sitt kvað hann hafa verið að vinna að rannsókn á einstökum atriðum að fyrimælum dómara en hann hafi ekki unnið sjálfstætt í þeim efnum. Á vegum dómara hafi verið leitast við að bæta úr því sem upp á vantaði við rannsókn málsins á fyrri stigum sem var umtalsvert. Kvaðst Gísli oft hafa rætt við Sævar í gæsluvarðhaldinu. Í eitt sinn hafi hann skýrt frá því að hafa fyrst hitt Erlu Bolladóttur eftir heimkomu í janúar 1974 síðla á sunnudeginum 27. janúar 1974. Við það tækifæri hafi hann reynt að telja henni trú um að hann væri að koma frá útlöndum þennan dag. Erla hefði brugðist illa við þar sem hún hefði haft spurnir frá vinkonu sinni að hann hefði sést í Reykjavík fyrir helgina. Gísli lýsti því að hafa talið ástæðu til að kanna afstöðu Erlu til þessarar frásagnar og ræddi málið við hana. Hún hafi skýrt frá á sama máta og Sævar án þess að Gísli gæfi henni tilefni til. Hann hafi í kjölfarið látið hafa gætur á Erlu og gekk á fund dómara Gunnlaugs og Haraldar en þeir ekki talið ástæðu til að fylgja þessu eftir og sögðu honum að láta Erlu lausa. Að sama brunni hefði borið með frásögn Sævars um að hafa verið í Gljúfurárholti 26. til 27. janúar 1974, dómara hafi ekki talið ástæðu til að rannsóknar af því tilefni. Þá fjallaði hann um að hafa verið falið að annast sakbendingu þar sem kannað yrði hvort [EJR] og [SM] bæru kennsl á Kristján Viðar Viðarsson sem þann mann sem hafi verið með Guðmundi Einarssyni í för á Strandgötu í Hafnarfirði aðfaranótt sunnudagsins 27. janúar 1974. Greindi hann frá undirbúningi sakbendingarinnar en tók fram að á þessum tíma hafi verið búið að birta myndir af Kristjáni Viðari í dagblöðum og því gildi sakbendingarinnar að hans áliti lítið.³⁷⁰⁰
1947. Mánudaginn 26. ágúst 1996 mætti Hlynur Þór Magnússon á skrifstofu Ragnars Aðalsteinssonar hæstaréttarlögmanns, skipaðs talsmanns Sævars Marinó Ciesielski, að ósk Ragnars. Hlynur Þór bar um að leitað hafi verið til hans um að koma til starfa sem fangavörður í Síðumúlafangelsi í ársbyrjun 1976 en þá hafi vantað fangaverði vegna mikilla anna í fangelsinu. Kvaðst hann fyrst hafa verið við störf frá ársbyrjun 1976 fram í október sama ár og svo hafið störf aftur í sumarbyrjun 1977 og sinnt starfi allt fram á haust 1980. Starfsannir þær sem í fangelsinu voru helguðust af því að Sævar

³⁶⁹⁹ Bls. 4184_G–H.

³⁷⁰⁰ Bls. 4184_I.

Ciesielski og fleiri sakborningar sem grunaðir voru um aðild að mannhvörfum og svo menn sem voru taldir tengjast hvarfi Geirfinns voru í gæsluvarðhaldi. Aðspurður um hvort Sævar eða aðrir sakborningar tengdir þessum málum hafi sætt harðræði á gæsluvarðhaldstímanum og í hverju það hafi falist, greindi Hlynur Þór frá því að nokkrir atburðir væru honum minnisstæðir í þeim efnum þó honum væri ekki tækt svo löngu síðar að lýsa dagsetningum eða tímasetningum einstakra atburða. Sérstaklega minnistæðir væru óvenjulegir atburðir frá fyrri hluta ársins 1976 og óvenjulegt ástandið í fangelsinu. Mikil spenna hafi ríkt í Síðumúlafangelsinu fyrri hluta árs 1976 samanborið við önnur tímabil sem hann hafi starfað við fangavörslu. Agareglum fyrir fangaverði hafi verið fylgt eftir á annan máta en á öðrum tíma og forstöðumaður fangelsisins og aðrir starfsmenn verið mjög spenntir. Sögur hafi gengið um játningar sakborninganna. Þá hafi verið mikill erill í fangelsinu, rannsóknarlögreglumenn og rannsóknardómari og aðrir sífellt að koma og ræða við sakborninga eða fara með þá í yfirheyrslur í hornherbergi eða ræða við þá í fangaklefum. Þá var það meðal eindæma að fangaverðir voru sendir með sakborningum til að leita að líkum suður í hraunið sunnan Hafnarfjarðar, þar á meðal hann sjálfur sem farið hafi slíka ferð meðal annars með Kristjáni Viðari. Þá var það einnig óvenjulegt að fangavörðum var af æðra settum mönnum falið að ræða við eða vingast við einstaka sakborninga og veiða upp úr þeim. Hlyni Þór hafi verið falið að ræða og vingast við Erlu á meðan hún var í gæsluvarðhaldi. Var það fólgið í því að spjalla við hana í fangaklefa á næturvöktum. Þar sem hún hafi verið í einangrun hafi hún haft þörf fyrir að tala mikið. Kvaðst hann hafa fengið hana til að skrifa niður það sem hún sagði og skilaði þeim skrifum svo til yfirmanns. Öðrum fangavörðum hafi verið falið að hafa sama hátt á gagnvart öðrum sakborningum. Þeirri aðferð hafi svo verið beitt að svipta Sævar svefni meðal annars með því að koma í veg fyrir að unnt væri að slökkva loftljósið í klefa hans en Hlynur Þór kvaðst hafa frétt það hjá samstarfsmönnum þegar hann hóf störf. Síðan hafi þeirri aðferð einnig verið beitt að berja með grjóti á útvegg fangaklefa Sævars utanfrá. Bar Hlynur um að hafa orðið vitni að slíku þegar fangavörður af hans vakt hafi farið gagngert út til að skemmta sér við að hræða Sævar og halda honum vakandi. Það hafi jafnframt verið rétt meðal fangavarda að Skúli Steinsson fangavörður hafi beitt þeirri aðferð við Sævar að færa höfuð hans á kaf í vatni. Þetta kvaðst Hlynur Þór ekki hafa orðið vitni að en heyrt talað um meðal félaganna. Þá hafi borið við að rannsóknarlögreglumenn og fangaverðir hafi setið á rökstólum í kaffistofu fangelsisins og rétt hugsanlega árangursríkar aðferðir við að fá fanga til að játa. Var þá rétt um meinta vatnshræðslu Sævars að Hallvarði Einvarðssyni viðstöddum. Rétt hafi verið um að stjaka við Sævari í einhverri leitarferðinni þannig að hann félli í vatn og „láta helvítið synda“, eins og það var orðrétt bókað í yfirlýsinguna. Eins minntist Hlynur Þór þess að Sævar hafi verið hafður í fótajárnum í niðurlægingarskyni. Hlynur Þór tók það fram að honum sé ekki kunnugt um að strekking, að járna menn á höndum og fótum á gólfi, sem notuð var í Síðumúlafangelsinu hafi verið notuð á sakborninga í Guðmundar- og Geirfinnsmálum þegar hann var á vakt. Hlynur Þór gat þess að hafa ekki verið beðinn um neinar upplýsingar í tengslum við svonefnda Harðræðisrannsókn 1979. Gat hann sér til um að skýringin væri að hann hefði ekki verið borinn neinum sökum og eins að ekki hafi þótt að framburður hans yrði „málstað“ rannsóknarinnar til

framdráttar heldur þvert á móti. Lýsti hann því yfir að sú fullvissa hafi ríkt meðal rannsóknarlögreglumanna og fangavarda að sakborningar í Guðmundar- og Geirfinnsmálum væru sekir og lægi við að segja mætti að tilgangurinn helgaði meðalið við að fá þá til að játa það sem þessir aðilar trúðu staðfastlega að þeir hefðu gert. Í þessu andrúmslofti taldi Hlynur Þór að þýðingarlaust hefði verið fyrir hann að hafa í frammi opinbera gagnrýni, slíkt hefði einungis leitt til ófara hans sjálfs og til einskis gagns fyrir aðra enda samstaðan algjör í þessu efni.³⁷⁰¹

1948. Laugardaginn 7. september 1996 fór Ragnar Aðalsteinsson hæstaréttarlögmaður, skipaður talsmaður Sævars Marinó Ciesielski, að Dalseli undir Eyjafjöllum á fund [KJS]. Í yfirlýsingu sem [KJS] undirritaði var tilgangur fundarins að gefa henni kost á að greina Ragnari frá vitneskju hennar frá aðfaranótt 27. janúar 1974 en hún hefði haft samband við Ragnar í þeim tilgangi. [KJS] greindi frá því að veturinn 1973 til 1974 hafi hún rekið ásamt eiginmanni sínum, [PÖM], Alþýðuhúsið við Strandgötu í Hafnarfirði en þar hafi verið haldin böll um helgar. Hún hafi verið við störf aðfaranótt sunnudagsins 27. janúar 1974 er liðið hafi að lokum ballsins hafi hún litið út um lúguna á eldhúsinu fram í salinn og veitti þar athygli ungum hávöxnum dökkhærðum manni sem hafi staðið upp við vegg. Hún hefði veitt honum strax athygli sökum þess hve ölvaður hann hafi verið en ungi maðurinn hafi boðið af sér óvenju góðan þokka. Fyrir framan hann hafi staðið lágvaxnari maður dökkskolhærður á sama reki og sá sem við vegginn stóð. Sá lágvaxnari hafi ávarpað hinn en ekki kvaðst [KJS] hafa heyrt orðaskil en sá sem við vegginn stóð hafi verið svo ölvaður að hann hafi hallast fram þannig að sá sem fyrir framan hann stóð hafi þurft að styðja við hann með því að leggja hönd á bringu hans til að varna því að hann félli fram fyrir sig. Sá sem stóð við vegginn var ekki jakkaklæddur heldur í rauðri peysu, líklega með V-hálsmáli. Eftir þetta hurfu báðir mennirnir og kvaðst hún ekki hafa séð þá aftur. Að helginni afstaðinni hafi birst fréttir í fjölmiðlum af hvarfi Guðmundar Einarssonar ásamt myndum af honum. Áttaði [KJS] sig strax á því að sá drukkni sem að framan er lýst hafi verið Guðmundur og sagði eiginmanni sínum frá því, taldi hún það með öllu vafalaust. Ekki var haft samband við hana hvorki af lögreglu né öðrum hvorki þá né síðar. Þá fjallaði [KJS] um það að þau hjón hefðu búið að Suðurgötu 40 í Hafnarfirði á þessum tíma. Það hús standi á horninu á stíg þeim sem liggur að Hamarsbraut. Örstutt sé á milli húss þeirra og Hamarsbrautar 11. Þau hjón hafi farið heim eftir að hafa gengið frá eftir dansleikinn sem venjulega tók eina til tvær klukkustundir. Er heim var komið hafi þau ekki gengið strax til náða heldur unnið að uppgjöri kvöldsins og öðru slíku þannig að þau hafi verið í það minnsta klukkustund á fótum eftir að heim var komið. Á þeim tíma hafi þau ekki orðið var við neina umferð í hverfinu, hvorki komur né brottfarir bifreiða né annað slíkt. Mikil ró og kyrrð væri í þessu hverfi og óhjákvæmilegt að verða var við umferð, ekki síst um nætur þegar algjör ró var yfir. Þannig væri hægt að heyra heim til þeirra ef fólk var tala saman við húsið Hamarsbraut 11. Taldi [KJS] víst að hún hefði orðið vör við það ef umferð hefði verið við húsið að Hamarsbraut 11 þessa nótt, sérstaklega ef þangað hefðu komið og farið bifreiðar hvað eftir annað. Yfirlýsing [KJS] var árituð með sjálfstæðri yfirlýsingu

³⁷⁰¹ Bls. 4184_J–L.

[PÖM] eiginmanns hennar sem hafi verið viðstaddur fund Ragnars og [KJS]. Kvaðst hann minnst þess vel að eftir nefnda helgi hafi [KJS] sagt honum frá því að hafa séð þennan unga mann mjög ölvaðan á dansleiknum og borið á svipaðan hátt um upplifun sína eins og [KJS] rakti nú í yfirlýsingu sinni. Þá staðfesti hann að mjög hljóðbært hafi verið í hverfinu við Hamarsbrautina þegar þau bjuggu þarna og ekki hafi farið hjá því að verða var við umferð á næturnar, einkum þegar verið var að opna og loka bílhurðum og aka að og frá húsum. Taldi hann ekki hafa getað farið hjá því að hann hefði orðið þess var ef menn hefðu verið að koma að og fara frá Hamarsbraut 11 þessa nótt eftir að þau hjónin komu úr Alþýðuhúsinu eftir vinnu þeirra þar. Þá kvaðst hann ekki hafa heyrt um það meðal nágranna að slík umferð hefði átt sér stað en hún hefði vakið athygli og umtal.³⁷⁰²

1949. Þriðjudaginn 19. nóvember 1996 mætti Erla Bolladóttir á skrifstofu Ragnars Aðalsteinssonar hæstaréttarlögmanns, skipaðs talsmanns Sævars Marinó Ciesielski, til að skýra frá nokkrum atriðum. Í yfirlýsingu þessari gerði Erla grein fyrir því að rannsóknarlögglumennirnir Eggert N. Bjarnason og Sigurbjörn Víðir Eggertsson sem og dómari Örn Höskuldsson hafi orðið tíðförlt á heimili hennar eftir að henni hafi verið sleppt úr gæsluvarðhaldi 20. desember 1975. Einkum hafi þeir komið á morgnana þegar hún hafi verið ein með kornunga dóttur sína er móðir hennar hafi verið í vinnu. Þessar heimsóknir hafi farið fram undir vinaformerkjum þar sem þeir þrír hafi gefið sig út fyrir að vera vinir hennar og vilja liðsinna henni í ýmsu. Í öllum heimsóknum hafi þó talið borist að „málinu.“ Kvað hún Sigurbjörn Víði hafa orðið fyrstan til að inna hana eftir því hvort Sævar kynni að vita eitthvað um Geirfinnsmálið. Kvaðst hún hafa borið á móti því að hann vissi annað um það en almannarómur ræddi en Sævar hefði slegið því fram að Geirfinnur hefði verið rangur maður á röngum stað. Örn Höskuldsson hafi svo komið degi síðar og knúið á um svör við því hvað hún vissi um Geirfinnsmálið. Kvaðst hún hafa orðið skelkuð en ekki sagt þeim neitt enda hefði hún ekkert frá að segja því hún vissi ekkert. Kvað hún Örn hafa sagt það sama við hana og í Guðmundarmálinu að hún hefði upplifað eitthvað sem hún gæti ekki munað þar sem það væri svo erfitt að greina frá því. Um hafi verið að ræða margar yfirheyrslur og mörg samtöl en hún hafi verið beitt þrýstingi til að segja eitthvað sem yrði til að upplýsa eitthvað mál. Aðferðin að segja að hún hefði upplifað eitthvað sem hún hefði gleymt hefði haft áhrif á hana. Greindi hún frá því að þetta hafi verið fyrsta hreyfing málsins gagnvart henni en hún væri þess viss að það hefði byrjað að hreyfast annars staðar fyrir. Í þessu sambandi hafi henni verið sýndar myndir af Sigurbirni Eiríkssyni og Magnúsi Leópoldssyni sem hún hafi borið um þekkja ekki en hafi heyrt um þá í partíum á Framnesvegi 61 heima hjá Valdimar Olsen en systir hans hafi verið vinkona hennar. Í þessum partíum hafi verið talað um ýmislegt meðal annars um viskíkeðju en í þeirri atburðarás hafi Einar bróðir hennar verið nefndur auk Sigurbjörns og Magnúsar auk ýmissa annarra sem nefndir hafi verið en yfirheyrendur hafi viljað velja úr hópnum í þá mynd sem þeir voru að byggja upp. Þar sem hún hafi nefnt Einar í sömu andrá hafi lögglumennirnir tengt hann við Klúbbinn. Þeir hafi því talið óhjákvæmilegt að hafa Einar sem tengilið hennar við Klúbbmennina. Það hafi

³⁷⁰² Bls. 4184_M–N.

svo verið fyrst þegar hún kvaðst hafa skotið Geirfinn sem hún hafi fengið réttargæslumann. Þá greindi Erla frá því að þegar þær vinkonurnar, hún og [HMW] voru um það bil 17 ára, líklega 1973, hafi [HMW] verið með strák sem vann í frystihúsinu í Grindavík auk þess sem aðrir félagar þeirra hafi unnið þar. Snemma á árinu hafi þær farið í eitt sinn til Grindavíkur. Þær hafi farið með strætó til Hafnarfjarðar og á puttanum þaðan. Fyrir þeim hafi stoppað bifreið á V-númeri af Moskvitch gerð sem ekið hafi þeim að Grindarvíkurafluggjaranum en þaðan hafi þær fengið far með annarri bifreið. Á bakleiðinni degi síðar hafi grjótlutningabíll tekið þær upp á Grindavíkurvegamótunum. Þessa raunverulegu atburði úr lífi sínu hafi hún svo notað þegar hún var beitt þrýstingi til frásagnar í Geirfinnsmáli en hraðfrystihúsið í Grindavík hafi hún einnig notað í skýrslum í póstsvikamálinu. Þá rakti Erla fyrstu kynni sín af Karli Schütz en hún hafði verið kynnt fyrir honum með auðmýkjandi hætti þar sem henni var gert að berháttu og standa frammi á gangi í Síðumúlafangelsinu og heilsa honum en á sama tíma hafi leit verið framkvæmd í klefa hennar og fjarlægt allt úr honum þar á meðal persónuleg skrif hennar sem hafi innihaldið allan sannleika málsins. Degi eða tveimur síðar hafi hún verið færð til yfirheyrslu hjá Schütz og ákveðið að trúá honum fyrir öllu, að hún hefði hvergi komið nálægt Geirfinnsmálinu og vissi ekkert um það. Við það hafi hún brostið í grát þar sem henni hefði létt svo en þýski lögreglumaðurinn hafi brugðist reiður við og spurt hvort hún héldi hann vera fífl. Loks gat hún þess að karlmenn, lögreglumenn og fangaverðir hafi verið að koma inn í klefa hennar á öllum tímum sólarhrings jafnt á degi sem nóttu og sjaldnast að hennar undirlagi. Hafi hún orðið fyrir áreiti sem hún hafi kært fyrir Erni Höskuldssyni sem að sögn hafi áminnt viðkomandi. Kvaðst hún ekki hafa þorað að gera meira í málinu vegna andlegs ástands.³⁷⁰³

1950. Miðvikudaginn 20. nóvember 1996 mætti séra Jón Bjarman á skrifstofu Ragnars Aðalsteinssonar hæstaréttarlögmanns, skipaðs talsmanns Sævars Marinó Ciesielski, að ósk Ragnars. Greindi Jón í fyrstu frá því að hann hefði verið fangelsisprestur frá 1970 til 1986 og þjónað öllum fangelsum landsins. Þá gat hann þess að fljótlega eftir að Sævar Ciesielski og Erla Bolladóttir hafi verið sett í gæsluvarðhald í desember 1975 hafi aðgangur hans að Síðumúlafangelsinu takmarkast og aðgangur hans að dagbók fangelsisins verið útilokaður frá þeim tíma að sögn Gunnars Guðmundssonar forstöðumanns í samræmi við fyrirmæli Arnar Höskuldssonar, fulltrúa í sakadómi Reykjavíkur. Jón fjallaði um erindi sem hann hafi komið á framfæri við dómsmálaráðuneytið í september 1976 er laut að harðræði sem tveir nafngreindir menn ótengdir sakarefnum Guðmundar- og Geirfinnsmála máttu sæta í Síðumúlafangelsinu. Harðræðið fólst í því að þeir voru settir í járn og strekkir á gólfi fangaklefa sinna. Jóni hafi verið af þessu og almennt ljóst að ástandið væri alvarlegt í fangelsinu og fór þess á leit að beiting agaviðurlaga yrði almennt könnuð. Í kjölfar þessa hafi bæði sakadómur Reykjavíkur og rannsóknarlögreglan snúist gegn honum þannig að hann hafi nánast engar upplýsingar fengið um fanga og málefni þeirra. Tekið var fram í yfirlýsingunni að í heimsóknnum Jóns til Sævars hafi iðulega komið

³⁷⁰³ Bls. 4184_O-P.

fram að hann hafi verið þvingaður til að undirrita játningar hjá rannsóknarmönnum sem hann hafi svo afturkallað næstu daga.³⁷⁰⁴

1951. Pennan sama dag kom Magnús Gíslason á skrifstofu Ragnars Aðalsteinssonar að hans beiðni til að veita upplýsingar um afskipti og vitneskju Magnúsar af hvarfi Geirfinns Einarssonar 19. nóvember 1974. Fyrst greindi hann frá samtali við lækni sem vildi láta hann vita að eitthvað óvenjulegt væri á seiði vegna sérstæðrar óskar um róandi lyf en Magnús hafi verið fréttamaður Vísis á Suðurnesjum á þessum tíma. Fyrir utan almennar fréttasendingar hafi næstu afskipti Magnúsar komið í kjölfar þess að lögreglumaður í Keflavík hafði samband við hann og bað hann um að teikna andlitsmynd eftir lýsingu vitna úr Hafnarbúðinni af manni sem þangað átti að hafa komið á ellefta tímanum og hringt í Geirfinn en lögreglumaðurinn vissi að Magnús fengist við andlitsteikningar. Kvaðst hann hafa fengið lýsingar hjá þremur vitnum, [GKJ] og tveimur unglingsstúlkum og hafi teiknað margar andlitsmyndir eftir lýsingum næstu daga en lögreglan hafi komið mikið til hans af þessum sökum. Eitt skiptið hafi nafngreindur lögreglumaður komið til hans með ljósmynd og beðið hann að taka tillit til hennar við gerð myndarinnar, þó þannig að dekkja augabrúnir og hársveipur átti að koma yfir ennið. Lögreglumaðurinn hafi ekki greint honum frá nafni mannsins en það hafi svo ekki verið fyrr en árið 1996 er hann sá mynd af Magnúsi Leópoldssyni að honum hafi orðið ljóst að ljósmyndin var af honum. Myndin af Magnúsi Leópoldssyni var eina myndin af manni sem Magnúsi Gíslasyni var falið að teikna eftir. Áður en hann lauk verkinu birtist mynd af leirstyttu í blöðum og sjónvarpi sem talin var vera af manningum sem kom inn í Hafnarbúðina til að hringja. [RI] eiginkona lögreglumannsins sem fyrst hafði samband við Magnús Gíslason hafði unnið þá stytta. Við svo búið hafi Magnús hætt teikningum sínum.³⁷⁰⁵
1952. Fimmtudaginn 16. janúar 1997 mætti Albert Klahn Skaftason á skrifstofu Ragnars Aðalsteinssonar hæstaréttarlögmans, skipaðs talsmanns Sævars Ciesielski, til að gera honum grein fyrir fáeinum atriðum varðandi Guðmundarmálið eins og það var orðað. Greindi Albert frá því að Ragnar hafi reifað málavexti hvað Albert varðaði í aðalatriðum eins og Ragnar kvaðst skilja þá. Albert lýsti því að strax við handtöku á Seyðisfirði fyrir jólin 1975 hefðu lögreglumennirnir hafið að inna hann eftir því hvort hann myndi eftir slagsmálum á Hamarsbraut 11 í Hafnarfirði, þeim spurningum hefði verið haldið áfram í flugvélinni á leiðinni suður. Þar sem hann hafi ekki munað eftir neinum slíkum málsatvikum hafi lögreglumennirnir leitt hann áfram með því að spyrja hvort málsatvik hefðu getað verið þeim þessum hættinum eða hinum. Þeim tilgátum hafi Albert haft tilhneigingu til að jánka. Nefndi hann sem dæmi að þegar lögreglan hafi eitt sinn spurt um líkflutninga og nefnt ýmsa kirkjugarða hefði Albert jánkað þeim öllum. Það hafi verið lögreglumennirnir sem hafi fyrstir nefnt það hvort hann hefði ekki verið á Volkswagen bifreið í janúar 1974 en ekki Toyota eins og hann hefði borið um. Albert lýsti því yfir að hann hefði verið mjög minnislaus á þessum tíma, hann hefði notað fíkniefni um langt skeið og því oft erfitt að greina einn atburð frá öðrum í liðnum tíma. Albert lýsti því yfir að færslur í fangelsisdagbók væru ekki réttar um að

³⁷⁰⁴ Bls. 4184_Q.

³⁷⁰⁵ Bls. 4184_R.

honum hafi fyrst verið gefin lyf 3. janúar 1976 í fangelsinu, það hefði verið gert strax fyrsta kvöldið. Eftir að Ragnar hafði vakið athygli Alberts á því að mikill snjór hafi verið í Hafnarfirði aðfaranótt 27. janúar 1974 bar Albert um að muna ekki til þess að hafa ekið út í Hafnarfjarðarhraun í snjó og gat þess jafnframt að lögreglan hafi ekki spurt hann út í snjó í hrauninu. Albert rakti það að lögreglan hafi orðið til þess að nefna [GunJ] við hann en þegar hann hafi komið til landsins í yfirheyrslu hafi Albert verið handtekinn og geymdur í klefa um það bil sólarhring á lögreglustöðinni í Reykjavík. Hann hafi bæði verið yfirheyrður fyrir dómi og lögreglu í þetta skiptið. Við sampröfun við [GunJ] virtist Alberti sem [GunJ] myndi ekki neina atburði sem um var spurt. Þá gat Albert þess að hafa skýrt Ragnari frá því að farið hafi verið með hann til Geirs Vilhjálmssonar sálfræðings sem hafi átt að bæta minni hans með einhvers konar slökunaræfingum en fundir þeirra hafi verið teknir upp á hljóðband. Eins hafi verið farið með hann inn á Klepp þar sem hann var dáleiddur af geðlækni í þeim tilgangi að fá hann til að muna liðna atburði. Hvorugt hafi borið árangur. Fangavörður hafi stundum setið inn á klefa og í eitt sinn hafi fangavörður spurt hann hvernig á því stæði að hann myndi ekki eftir líkflutningi. Því hefði hann svarað á þá leið að eftir vill hefðu þeir bútað líkið í hluta. Þessi frásögn sé skýringin á framburðum um líkflutninga í mörgum pokum því fangavörðurinn hafi borið þetta í rannsóknarmenn. Albert bar um að rannsóknarmenn hafi margoft fullyrt í yfirheyrslum að hann myndi sleppa betur ef hann aðstoðaði við að koma sök á aðra sakborninga en rannsóknarmennirnir hafi jafnframt hóttað honum því þegar hann var í gæsluvarðhaldi að hann yrði látinn dúsa þar ef hann segði ekki frá. Að lokum staðhæfði Albert að hann gæti ekki fullyrt að hann hefði verið á Hamarsbraut 11 aðfaranótt 27. janúar 1974.³⁷⁰⁶

1953. Í umsögn setts ríkissaksóknara sem barst Hæstarétti Íslands 22. maí 1997 var lagt til að beiðni um endurupptöku málsins yrði hafnað.
1954. Meðal gagna málsins liggur fyrir bréf Ragnars H. Hall, setts ríkissaksóknara við meðferð beiðni um endurupptöku hæstaréttarmálsins nr. 214/1978, til Gísla Guðjónssonar, dagsett 5. maí 1997. Í bréfinu sagði settur ríkissaksóknari að í umræðu um endurupptökubeiðni Sævars hafi komið fram að svonefnd lygamælispróf hafi verið gerð á sakborningum í framangreindu máli sem hann hafi haft umsjón með. Lýsti settur ríkissaksóknari því yfir að hann hefði hug á að gögn um þessi próf yrðu lögð fyrir Hæstarétt til að eyða tortryggni manna um að ákærvaldið hafi reynt að leyna niðurstöðum þeirra. Lagði hann fjórar spurningar fyrir Gísla: „1. Hvenær og hvar voru umrædd „lygamælispróf“ framkvæmd og hverjir gengust undir slík próf? 2. Hver annaðist framkvæmdina og hver greiddi kostnað af þeim? 3. Hvar má nálgast gögn um prófin og niðurstöður úr þeim? 4. Þarf samþykki viðkomandi aðila sjálfra til þess að fá gögnin afhent?“³⁷⁰⁷ Svarbréf Gísla Guðjónssonar liggur ekki meðal gagna málsins. Fyrir liggur bréf Ragnars H. Hall, setts ríkissaksóknara, til Ragnars Aðalsteinssonar, talsmanns Sævars, dagsett 5. maí 1997. Í bréfinu kom fram að framangreind gögn væru til hjá Gísla Guðjónssyni, en hann myndi ekki láta gögnin af hendi án samþykkis þess sem hafi gengist undir prófið á sínum tíma. Óskaði settur ríkissaksóknari því eftir

³⁷⁰⁶ Bls. 4184_S–T.

³⁷⁰⁷ Bls. 4185–4186.

skriflegri heimild frá Sævari til að kalla eftir þessum gögnum í því skyni að framsenda þau til Hæstaréttar Íslands.³⁷⁰⁸ Ragnar Aðalsteinsson, talsmaður Sævars, svaraði bréfi setts ríkissaksóknara 13. maí 1997. Orðrétt sagði í bréfi Ragnars: „Samkvæmt þeim upplýsingum sem mér hefur tekist að afla voru gerðar margvíslegar tilraunir á sakborningum í svokölluðum Guðmundar- og Geirfinnsmálum. Niðurstöður þeirra tilrauna voru ekki lagðar fram af ákærvaldsins hálfu. Ein tilraunin var í því fólgin að lögreglumaður nokkur, Gísli Guðjónsson, fékk leyfi til að framkvæma það sem nefnt hefur verið „lygamælingapróf“, á skjólstaðingi mínum og fleirum. Gísli Guðjónsson var lögreglumaður sem vann að rannsókn málsins að einhverju marki. Hann bjó á þeim tíma ekki yfir sérþekkingu á því sviði, sem hann hefur seinna aflað sér mikillar þekkingar á. Ekki var staðið með réttum hætti að undirbúningi og framkvæmd lygamælingaprófsins.“ Í lok bréfsins kom fram að Sævar hafi hafnað því að heimila Gísla Guðjónssyni að afhenda ákærvaldinu gögnin. Fram kom það mat Ragnars að niðurstaða prófsins væri ekki marktæk og væri eingöngu til þess fallin að vekja fleiri spurningar en svör.³⁷⁰⁹

1955. Hæstiréttur Íslands ritaði 16. júní 1997 bréf til Ragnars Aðalsteinssonar, talsmanns Sævars Marinós Ciesielski, og Ragnars Halldórs Hall, setts ríkissaksóknara, vegna beiðni Sævars um endurupptöku. Vegna þeirrar beiðni var lagt fyrir þá tvo að afla skýrslna fyrir dómi af [EJR], [SM], Hlyni Þór Magnússyni og séra Jóni Bjarman.³⁷¹⁰
1956. Meðal gagna málsins liggur fyrir staðfesting Fangelsismálastofnunar ríkisins, dagsett 19. júní 1997, með upplýsingum um hvar dómfelldu í dómi Hæstaréttar uppkveðnum 22. febrúar 1980 sættu gæsluvarðhaldi vegna rannsóknar málsins og afplánun þeirra eftir uppsögu dómsins og hvenær afplánun lauk. Fram kom að Kristján Viðar hafi sætt gæsluvarðhaldi frá 23. desember 1975 til 22. febrúar 1980 eða í alls 1522 daga. Þá hafi honum verið veitt reynslulausn 30. júní 1983 skilorðsbundið í fjögur ár.³⁷¹¹ Sævar hafi sætt gæsluvarðhaldi frá 12. desember 1975 til 22. febrúar 1980 eða í alls 1533 daga. Var Sævari veitt reynslulausn 28. apríl 1984, skilorðsbundið í fjögur ár.³⁷¹² Tryggvi Rúnar hafi sætt gæsluvarðhaldi vegna málsins frá 23. desember 1975 til 22. febrúar 1980 eða í alls 1532 daga. Þann 24. desember 1981 var honum veitt reynslulausn skilorðsbundið í fjögur ár. Fram kom að Albert Klahn hafi sætt gæsluvarðhaldi frá 23. desember 1975 til 19. mars 1976 eða í alls 118 daga. Hann hóf afplánun 9. janúar 1981 og var veitt reynslulausn 12. mars 1981 skilorðsbundið í tvö ár.³⁷¹³ Þá komu fram upplýsingar um að Erla hafi sætt gæsluvarðhaldi vegna málsins frá 4. maí 1976 til 22. desember 1976 eða í alls 239 daga. Hún hafi hafið afplánun 27. október 1980 en veitt reynslulausn 9. ágúst 1981 skilorðsbundið í tvö ár. Guðjón hafi sætt gæsluvarðhaldsvist frá 13. nóvember 1976 til 22. febrúar 1980 eða í alls 1202 daga. Þá hafi honum verið veitt reynslulausn 12. október 1981 skilorðsbundið í fjögur ár.³⁷¹⁴

³⁷⁰⁸ Bls. 4187.

³⁷⁰⁹ Bls. 4188–4189.

³⁷¹⁰ Bls. 4189_A.

³⁷¹¹ Gögn starfshóps, bls. 33.

³⁷¹² Gögn starfshóps, bls. 34.

³⁷¹³ Gögn starfshóps, bls. 35–36.

³⁷¹⁴ Gögn starfshóps, bls. 36.

1957. Föstudaginn 20. júní 1997 var dómþing Héraðsdóms Reykjavíkur sett af Júlíusi B. Georgssyni dómarafulltrúa og tekið fyrir mál nr. V-30/1997; sameiginleg beiðni Ragnars Halldórs Hall setts ríkissaksóknara og Ragnars Aðalsteinssonar hæstaréttarlögmanns skipaðs talsmanns Sævars um skýrslutöku fyrir dómi. Fyrir dóminn mætti fyrstur Hlynur Þór Magnússon framhaldsskólakennari. Hlynur Þór bar á sama veg um starf sitt sem fangavörður og í yfirlýsingu er hann gaf 26. ágúst 1996. Lýsti hann því að andinn og framkvæmd fangavörslu hefði verið mjög ólík því sem hann hefði þekkt úr Hegningarhúsinu þar sem hann hafði áður starfað en hann bar um að hafa komið til starfa í Síðumúlafangelsinu sama dag og Sigurbjörn Eiríksson var hnepptur í gæsluvarðhald. Í Hegningarhúsinu hefði andinn verið hlýlegur og manneskjulegur gagnvart föngum sem hafi að hans mati ekki síst helgast af því að verulegur hluti þeirra sem þar gistu voru útigangsmenn sem voru frekar álitnir ólánsmenn frekar en afbrotamenn. Í Síðumúlafangelsinu hafi framkvæmdin verið allt önnur þegar hann kom þar til starfa, lýsti hann því að samskipti ættu að vera vélræn og manneskjuleg samskipti bönnuð. Svára ætti hringingum fanga og leysa úr nauðsynlegustu beiðnum en allar samræður bannaðar. Áður en farið væri inn á fangagang hafi fangavörðum verið uppálagt að fara í einkennisjakka, hafa hann aðhnepptan, með einkennishúfu á höfði og kylfu í hönd og þegja nema brýna nauðsyn bæri til. Þessi háttur hafi verið hafður á þar sem talið var að í fangelsinu væru óvenjulega hættulegir fangar, fjórmeningarnir sem ekki voru sakfelldir og ungmennin sem voru sakfelld. Aðspurður bar Hlynur Þór um að rannsóknarmenn sem og Örn Höskuldsson dómarafulltrúi og Hallvarður Einvarðsson vararíkissaksóknari hafi komið mjög oft í fangelsið til að tala við þessa fanga. Fangaverðir hafi síðan oft tekið þátt í spjalli á kaffistofu fangelsisins við þessa aðila um málin. Hlynur Þór staðfesti að hann og fleiri fangaverðir hafi verið fengnir til að fara í margar leitarferðir með föngunum. Þá bar hann um að einstökum fangavörðum hefði verið úthlutaðir fangar til að ræða við, þetta hafi verið þónokkuð mörgum mánuðum eftir að hann hóf störf. Þetta hafi verið sérstaklega minnisstætt þar sem þetta var þvert ofan í þann framgangsmáta að öll mannleg samskipti væru bönnuð. Markmiðið hefði verið að fangaverðirnir næðu til fanganna fara til dæmis með kaffibolla og bakkelsi inn á klefa og sitja þar og spjalla eftir að síðustu verkum væri lokið að kvöldi. Bar hann um að hafa verið úthlutað að tala við Erlu Bolladóttur. Ekki gat hann þó sagt til um það hver það hefði verið sem hefði gefið honum slík fyrirmæli en taldi að þetta hefði verið samráð rannsóknarmanna og yfirmanns eða yfirmanna fangelsisins og nefndi Gunnar Guðmundsson í þessu sambandi. Öðrum fangavörðum hafi verið úthlutaðir aðrir sakborningar í þessum tilgangi. Bar hann um að afrakstur þessara samtala hafi verið skýrslur sem Hlynur Þór mundi ekki hvort Erla ritaði eigin hendi eða hann skráð þær. Þar sem ekki hafi verið um yfirheyrslur að ræða hafi ekki verið gerð grein fyrir réttarstöðu sem gildi við slíkar. Þetta hafi verið framkvæmt undir þeim formerkjum að öllum væri fyrir bestu að upplýsa þessi mál og gera allt sem hægt væri til þess og þetta hafi verið liður í því. Taldi hann jafnframt að þeim fanga sem hefði tjáð sig það mikið að sú frásögn væri sett á blað hafi verið ljóst að það að láta frásögnina í té væri liður í rannsókn málsins. Aðspurður bar hann um að á tímabilum hafi allt verið tekið af Sævari, tóbak, ritföng og lesefni. Taldi hann að þetta hafi verið gert til að beygja

Sævar. Fangaverðir og rannsóknaraðilar hafi trúað því að þetta væru óbótamenn og það hafi verið öllum fyrir bestu að koma málinu út úr heiminum sem fyrst og því leyfðist það væntanlega að flýta fyrir því. Talið var víst að sakborningarnir væru sekir um morð á Guðmundi Einarssyni og Geirfinni Einarsyni, fá þyrfti fram játningar og finna líkin. Tilfinning Hlyns Þórs væri sú að tilgangurinn hafi þannig helgað meðalið og þessar sérstæðu aðstæður sem hafi skapast í Síðumúlafangelsinu hafi leitt til þess að hin hliðin hafi snúið fram á sómamönnum sem hann hafi fyrr kynnst sem samstarfsmenn í Hegningarhúsinu. Lýsti hann því að í raun hefði verið eins og veiðihugur í mönnum og tók sem dæmi þann dag sem Erla Bolladóttir játaði að hafa skotið Geirfinn, þá hafi andrúmsloftið nötrað af spennu. Þá staðfesti Hlynur Þór að óhefðbundnar aðferðir eins og að svipta Sævar svefni hafi verið notaðar en gat ekki staðfest að sú aðferð hefði verið notuð á aðra. Þetta hafi verið gert með því að berja útvegg klefa Sævars með grjóti að næturlagi til að vekja hann og hræða. Þá nefndi hann að honum væri afar minnstæð umræða á varðstofu fangavarda með rannsóknarmönnum um að hagnýta sér vatnshræðslu Sævars með því að stjaka við honum í einhverri leitarferðinni þannig að hann dytti ofan í gjótu með vatni í og láta helvítið synda og sjá hvaða áhrif það hefði. Hlynur Þór nefndi ekki hverjir hefðu verið á þessum fundi en bar um það að þeir sem helst hafi verið að leggja á ráðin í þessum efnum hafi verið rannsóknarmennirnir, Sigurbjörn Víðir og Eggert sem og Örn Höskuldsson og Gunnar Guðmundsson forstöðumaður. Þetta hafi ekki verið formlegir fundir heldur rætt þegar þessir menn hafi komið í kaffi. Aðspurður kannaðist Hlynur Þór við að hafa heyrt það sem verið hafi á almannavitorði að Skúli Steinsson hafi notfært sér vitneskju um vatnshræðslu og kaffært Sævar en hann hefði ekki séð þetta framkvæmt sjálfur. Þá hafi fótajárnum verið beitt þannig að Sævar hafi verið látinn vera með þau um tíma en ekki minntist hann þess að það hafi verið gert fyrr eða síðar við aðra fanga. Þetta hafi verið gert til að kvelja hann alveg eins og það að taka af honum lesefni. Ekki vissi hann hver hefði tekið ákvarðanir um beitingu þessara aðferða við Sævar. Hlynur Þór gat þess svo sérstaklega að lyfjagjöf til fanga hafi verið úr öllu hófi og nefndi Kristján Viðar alveg sérstaklega sem hafi nánast verið eins og svefngengill af þeim sökum, verið eins og Frankenstein, frosinn. Spurður um það hvar skýrslutökur hafi farið fram samsinnti Hlynur Þór spurningu um að þær hafi bæði farið fram í sérstöku yfirheyrsluherbergi en einnig inni á klefa fanga. Algengt hafi verið að rannsóknarmenn hafi komið og óskað eftir að vera hleypt inn á klefa til fanga sem hafi verið gert og svo lokað og svo þegar hann hafi rætt nægju sína við fangann hafi hann hringt bjöllunni og þá verið farið og opnað. Staðfesti hann að oft hafi verið um langar samræður að ræða sem hafi staðið í eina eða tvær klukkustundir. Hlynur Þór svaraði því neitandi hvort hann hafi verið yfirheyrður við harðræðisrannsóknina 1979 og taldi ástæðu þess vera þá að enginn fangi hafi borið um neitt misjafnt í hans framgöngu. Yfirvöld hafi aldrei séð ástæðu til að yfirheyra hann en í því samhengi bar hann um að það hafi verið vitað að hann væri gagnrýnin á þessi málefni. Hann staðfesti það að vita af því að Jóna Sigurjónsdóttir hafi sætt mótbyr í starfi fyrir að hafa haft uppi athugasemdir um harðræði. Hann hefði ekki séð neinn tilgang í því að ganga fram fyrir skjöldu á þessum tíma þar sem ekkert yrði tekið mark á því með vísan til þess mótlætis sem Jóna hefði sætt. Hann myndi engu jákvæðu koma til leiðar. Slíkt hefði bara verið

til að gefa honum sjálfum bölvun. Kveðst hafa reynt að vinna sína vinnu og halda kjafti. Hlynur Þór staðfesti yfirlýsingu sína frá 26. ágúst 1996 sem hann ritaði undir hjá Ragnari Aðalsteinssyni þann dag.³⁷¹⁵

1958. Næst kom fyrir dóminn séra Jón Bjarman fyrrum fangelsisprestur. Hann bar um það að hafa fundið mikla tregðu og fast að því andúð í garð þjónustu hans við fanga í Síðumúlafangelsinu í ársbyrjun 1976. Taldi hann það hafa tengst fangelsun Sævars, Erlu og annarra sem hafi verið fangelsaðir á svipuðum tíma og að það hafi stafað af því að eitthvað hafi verið aðhafst sem rannsóknarlögreglan vildi ekki að hann væri vitni að eða vissi. Til dæmis hafi honum verið tilkynnt af Gunnari Guðmundssyni forstöðumanni á aðfangadagskvöld 1975 að nærveru hans væri ekki óskað en hann hafi haft það fyrir venju að koma í Síðumúlafangelsið það kvöld. Engar skýringar voru gefnar á þessum boðum. Frá sama tíma hafi verið tekið fyrir aðgang hans að fangelsisdagbókinni og innritunarmiðum sem hann hafði hagnýtt til að fylgjast með því hverjir væru inni og því hvað væri að gerast. Engar skýringar voru veittar af þessu en Gunnar Guðmundsson sem bar honum boðin kvað síðar að þetta væri að boði Arnar Höskuldssonar. Þá gat séra Jón þess að hann hefði orðið var við það í þessu máli að honum hafi verið tjáð það um margra mánaða skeið að fangarnir óskuðu ekki eftir viðtali við hann en hann hefði haft þá vinnureglu að fara ekki til fanga nema þeir eða aðstandendur þeirra gerðu boð eftir honum en með þá beiðni hafi hann svo farið með til viðkomandi rannsóknardómara til að fá heimild til að vitja fanganna í fyrsta sinn en þar á eftir hefði hann fulla heimild til að vitja þeirra. Í þessu tiltekna máli hafi hann fyrst komið mörgum mánuðum síðar og verið spurður af föngunum hvers vegna hann hafi ekki komið fyrr þrátt fyrir óskir. Þetta hafi átt við um sakborninga málsins en ekki hins vegar fjórmenningana. Þegar svo loks hann hefði fengið aðgang að sakborningunum hafi hvílt á þeim öllum að fá tækifæri til að tala við hann um meðferðina sem þau sættu. Þessar umkvartanir hafi gengið út á að þeim væri haldið í óvissu og hjá þeim vakinn ótti. Þeim hafi verið haldið vakandi á nóttunni og komið á öllum tímum sólarhrings til þeirra. Ekki mundi séra Jón nákvæmlega orð þeirra í þessum efnum en gat þess að Sævar hefði sagt að hann hafi verið tekinn í ökuferðir suður í Hafnarfjarðarhraun að nóttu til og Tryggvi Rúnar sagt frá því að komið hafi verið inn til hans og borið um að hann hafi verið að æpa upp kvenmannsnafn þessum morðum óviðkomandi. Þá hafi Sævar borið um það oft en einu sinni að hafa játað eftir miklar þvinganir sem hann hafi svo tekið til baka strax næsta dag, það hafi hann alltaf gert en ekkert mark hefði verið tekið á því. Slíkar játningar hafi bæði átt við um Guðmundarmálið og Geirfinnsmálið. Jón kvaðst hafa leitað ráða í Dómsmálaráðuneytinu hvernig rétt væri að bregðast við þessum frásögnum Sævars. Aðspurður hvernig hann hefði brugðist við frásögnum sem þessum gat séra Jón þess vanda að hafa einungis orð skjólstæðinganna fyrir þessu en vísa hins vegar til rannsóknar á strekkingum tveggja fanga sem hefðu farið fram eftir að hann kom erindi þar að lútandi á framfæri við Dómsmálaráðuneytið 24. september 1976 og að beiting agaviðurlaga og meðferð á gæsluvarðhaldsföngum í Síðumúlafangelsinu yrði rannsökuð. Það gekk eftir, rannsókn fór fram undir stjórn Steingríms Gauts

³⁷¹⁵ Bls. 4189_B–Q.

Kristjánssonar en hún takmarkaðist við þessa tvo menn eingöngu. Hanni hafi svo í annað skipti ritað bréf 30. maí 1978 sem leitt hafi til harðræðisrannsóknarinnar en þó ekki fyrr en fjórtán mánuðum síðar. Jón bar um það að Sævar hafi verið færður til hans til viðtals bæði í handjárnnum og fótajárnnum, það hafi verið í refsingarskyni fyrir að hafa reynt að komast í samband við annan fanga. Fram hafi komið að honum hafi verið meinað að vera með skriffæri, hafður í járnnum og neitað um tóbak. Séra Jón hafi falast eftir því að fá keyptar sígarettur til gefa Sævari að reykja til að róa hann í samtali þeirra en verið sagt að óheimilt væri að selja honum sígarettur í þessum tilgangi. Tilvik Sævars og þeirra tveggja sem strekktir hafi verið voru einu tilvikin sem séra Jón kunni skil á úr Síðumúlafangelsinu en þekkti til beitingar fótajárna í Hegningarhúsinu. Aðspurður bar hann um að Tryggvi Rúnar hafi einnig kvartað við hann vegna meðferðar, verið væri að halda honum vakandi með því að berja utan klefann hjá honum og stöðugt verið að bera upp á hann að tala upp úr svefni og honum þannig valdið óróa. Kristján Viðar hafi ekki kvartað mikið en sagst hafa reynt að vera samvinnuþýður. Hvað Erlu snerti hafi hún ekki verið beitt sambærilegum aðferðum og Sævar en henni hefði verið haldið í óvissu vegna barns hennar auk þess sem atvikið 4. eða 5. maí 1976 barst séra Jóni fyrst til eyrna frá henni, síðan Sævari og loks Kristjáni Viðari. Séra Jón staðfesti yfirlýsingu sína frá 20. nóvember 1996 sem hann ritaði undir hjá Ragnari Aðalsteinssyni þann dag.³⁷¹⁶

1959. Laugardaginn 21. júní 1997 var dómþing Héraðsdóms Reykjavíkur sett af Júlíusi B. Georgssyni dómarafulltrúa og tekið fyrir mál nr. V-30/1997; sameiginleg beiðni Ragnars Halldórs Hall setts ríkissaksóknara og Ragnars Aðalsteinssonar hæstaréttarlögmanns skipaðs talsmanns Sævars um skýrslutöku fyrir dómi. Fyrir dóminn mætti [EJR] skrifstofumaður. Bar hún á sama hátt og fyrr í yfirlýsingu sem hún gaf út sem dagsett er 26. ágúst 1996, sem hún staðfesti fyrir dóminum, að hafa séð Guðmund Einarsson ásamt öðrum manni á Strandgötunni í Hafnarfirði aðfaranótt 27. janúar 1974 er hún var þar á ferð í bifreið ásamt vinkonu sinni. Samferðamaður hans hafi verið á svipuðu reki og Guðmundur, mjög grannur og svipaður að hæð eða jafnvel aðeins lægri. Útilokaði hún að sá maður hafi getað verið Kristján Viðar Viðarsson þar sem Kristján sé mun hávaxnari. Bar hún um það að hafa bent á Kristján þar sem hún hafi þekkt hann eftir myndbirtingar í málinu en gert athugasemd um það við Gísla Guðmundsson rannsóknarlögreglumann að Kristján væri bæði stærrí og þreknari. Umfjöllun fjölmiðla um sakborningana hafi verið á þeim nótum að um glæpamenn væri að ræða sem hafi gert það að verkum að hún hafi ýtt slíkum efasemdum frá sér og ekki komið efasemdum á framfæri þegar málið var fyrir dómi sem hún hafði um að Kristján væri maðurinn sem hún hafi séð ásamt Guðmundi Einarssyni á Strandgötunni í Hafnarfirði umrædda nótt.³⁷¹⁷
1960. Fyrir dóminn mætti [SM] húsmóðir. Bar hún á sama hátt og [EJR], að hafa séð Guðmund Einarsson ásamt öðrum manni á Strandgötunni í Hafnarfirði aðfaranótt 27. janúar 1974 er hún var þar á ferð í bifreið ásamt [EJR] vinkonu sinni. Samferðamaður hans hafi verið á svipuðu reki og Guðmundur, grannur og lágvaxnari. Bar hún um það

³⁷¹⁶ Bls. 4189_R-P.

³⁷¹⁷ Bls. 4189_P-AE.

að hafa bent á Kristján þar sem hún hafi þekkt hann eftir myndbirtingar í málinu en ekki áttað sig á því hve hávaxinn hann væri miðað við Guðmund. Eftir á að hyggja hefði það hins vegar ekki getað staðist þar sem hún væri 100 prósent viss um að maðurinn hefði verið lægri en Guðmundur. Ástæðu þess að hún hafi ekki komið neinum efasemdum á framfæri á sínum tíma rakti hún til þess að hún hafi óttast Kristján Viðar og hina sakborningana á grundvelli þess sem fram hafði komið í fjölmiðlum.³⁷¹⁸

1961. Þriðjudaginn 15. júlí 1997 var í Hæstarétti Íslands fjallað um endurupptökubeiðni Sævars í hæstaréttarmálinu nr. 214/1978. Fram kom að Sævar hafi leitað endurupptöku málsins fyrir Hæstarétti með bréfi dagsettu 23. nóvember 1994, en aðrir dómfelldu hafi ekki leitað eftir endurupptöku fyrir sitt leyti. Í ákvörðuninni var tekin afstaða til þeirra gagna og röksemda sem talsmaður Sævars færði fram. Komst Hæstiréttur að þeirri niðurstöðu að fæst þeirra atriða fullnægðu skilyrðum 184. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála til þess að koma til álita sem forsenda fyrir endurupptöku málsins. Byggðist niðurstaðan aðallega á því að atriðin hafi legið fyrir Hæstarétti við uppkvaðningu dóms í málinu 22. febrúar 1980 og þá hafi verið tekin afstaða til þeirra. Nokkur atriði hafi varðað breytta réttarfarslöggjöf sem öðlast hafi gildi eftir að dómur Hæstaréttar hafi verið kveðinn upp. Tekið var fram í ákvörðun réttarins að Hæstiréttur hafi talið á sínum tíma alvarlega galla vera á rannsókn málsins, þótt ekki hafi verið talið að gallarnir ættu að valda því að málið ónýttist eða ekki yrði af sakfellingu. Taldi rétturinn líkur á að gallar á meðferð málsins hafi haft þau áhrif að niðurstaða Hæstaréttar varð nokkuð önnur en sakadóms. Með ákvörðun sinni komst Hæstiréttur að þeirri niðurstöðu að Sævar hafi sætt ólögmætu harðræði í gæsluvarðhaldsvist í Síðumúlafangelsi, einkum í apríl og maí 1976. Það hafi verið að nokkru kunnugt samkvæmt dómi Hæstaréttar 22. febrúar 1980, en frekari gögn hafi nú komið fram um þetta. Orðrétt sagði í ákvörðuninni: „Hins vegar þykja þetta vera einu atriðin, sem færð hafa verið fram og til álita geta komið sem grundvöllur að endurupptöku málsins samkvæmt 184. gr. laga nr. 19/1991. Þau varða tímabil í gæsluvarðhaldsvist dómfellda, sem var annars vegar nokkrum mánuðum eftir að hann gaf skýrslur, þar sem hann játaði að eiga þátt í hvarfi Guðmundar Einarssonar og bar einnig sakir á fjóra nafngreinda menn um aðild þeirra að hvarfi Geirfinns Einarssonar, og hins vegar mörgum mánuðum áður en hann gekkst við aðild sinni að hvarfi hins síðarnefnda.“ Fram kom að hluti þess harðræðis sem Sævar hafi orðið fyrir hafi verið ætlaður sem agaviðurlög við brotum hans á reglum sem hafi gilt um gæsluvarðhaldsvistina. Loks sagði að þótt þessi atriði styrktu nokkuð fyrri ásakanir Sævars um harðræði í gæsluvarðhaldsvistinni þá væri það mat Hæstaréttar að ekki hafi komið fram nýjar upplýsingar sem líklegar væru til þess að hafa breytt niðurstöðu Hæstaréttar 22. febrúar 1980. Niðurstaða Hæstaréttar var því sú að skilyrðum 1. mgr. 184. gr. laga nr. 19/1991 hafi ekki verið fullnægt til þess að verða við beiðni Sævars um endurupptöku málsins.

³⁷¹⁸ Bls. 4189_AE-AM.

1962. Fyrir liggur kæra Sævars Ciesielski á hendur íslenska ríkinu til mannréttindanefndar Evrópu, dagsett 14. janúar 1998. Í kærinni kom fram að Sævar hafi beiðst endurupptöku á dómi Hæstaréttar sem hafi verið hafnað 15. júlí 1997. Taldi Sævar að hann hafi hvorki fengið réttláta málsmeðferð við meðferð sakamálsins né heldur við ákvörðun Hæstaréttar á endurupptökubeiðninni þar sem rétturinn hafi tekið einangraða afstöðu til nýrra gagna og upplýsinga í stað þess að meta þær sem eina heild. Í kærinni kom fram að Sævar teldi íslenska ríkið hafa brotið gegn mannréttindum sínum í níu tilvikum. Í fyrsta lagi hafi hann ekki hlotið réttláta málsmeðferð fyrir sjálfstæðum og óháðum dómstól sem væri brot gegn 1. mgr. 6. gr. mannréttindasáttmála Evrópu. Í öðru lagi hafi réttur hans samkvæmt 2. mgr. 6. gr. mannréttindasáttmála Evrópu til að teljast saklaus uns sekt hans yrði sönnuð með dómi verið brotinn. Í þriðja lagi hafi rökstuddur grunur ekki verið fyrir hendi við handtöku Sævars um að hann hafi átt aðild að hvarfi Guðmundar Einarssonar eða Geirfinns Einarssonar. Þá hafi hann ekki fengið tafarlaust vitneskju um þær sakir sem á hann voru bornar. Væri það brot gegn c. lið 1. mgr. 5. gr., 2. mgr. 5. gr. og a. lið 3. mgr. 6. gr. mannréttindasáttmála Evrópu. Í fjórða lagi hafi verið brotinn á honum rétturinn til að fá úrlausn mála sinna innan hæfilegs tíma, samkvæmt 3. mgr. 5. gr. og 1. mgr. 6. gr. mannréttindasáttmála Evrópu. Í fimmta lagi hafi hann ekki hlotið raunverulega lögfræðiaðstoð sem væri brot á réttindum hans samkvæmt a., b. og c. lið 3. mgr. 6. gr. mannréttindasáttmála Evrópu. Í sjötta lagi taldi Sævar að hann hafi sætt pyndingum, ómannlegri og vanvirðandi meðferð sem væri brot gegn 3. gr. sáttmálans. Í sjöunda lagi hafi verið brotinn á honum rétturinn til að fella ekki á sjálfan sig sök, sem væri talinn felast í ákvæðum mannréttindasáttmála Evrópu um réttláta málsmeðferð. Í áttunda lagi hafi hann ekki fengið aðgang að málskjöllum og aðstöðu til að undirbúa vörn sína sem væri brot á b. lið 3. mgr. 6. gr. mannréttindasáttmála Evrópu. Í níunda og síðasta lagi rakti Sævar að með ákvörðun Hæstaréttar Íslands frá 15. júlí 1997 hafi verið brotinn á honum rétturinn til réttlátrar málsmeðferðar samkvæmt 6. gr. mannréttindasáttmála Evrópu. Hæstiréttur hafi skýrt hugtakið „ný gögn“ mjög þröngri lögskýringu, mun þrengri heldur en lög um meðferð opinberra mála hafi gert ráð fyrir. Þá hafi Hæstiréttur byggt ákvörðun sína á því að Sævar hafi bæri alfarið sönnunarbyrðina fyrir því að brot á málsmeðferðarreglum og önnur ólögmet meðferð sem hann hafi þurft að sæta ættu að leiða til endurupptöku málsins.³⁷¹⁹ Kæru Sævars var svarað með bréfi frá ritara mannréttindanefndar Evrópu dagsettu 20. janúar 1998. Fram kom að ákveðnir ágallar væru á kærinni sem leiddu til þess að hún væri ótæk til umfjöllunar fyrir mannréttindanefndinni. Fram kom að þar sem dómur Hæstaréttar hafi verið kveðinn upp 22. febrúar 1980 væri óhjákvæmilega ekki unnt að taka afstöðu til þess hluta kærunnar þar sem kæran hafi ekki komið fram innan sex mánaða kærufrests samkvæmt 26. gr. mannréttindasáttmála Evrópu. Með vísan til dómaframkvæmdar Mannréttindadómstóls Evrópu þá gildi 1. mgr. 6. gr. mannréttindasáttmála Evrópu ekki um málsmeðferð vegna endurupptöku sakamáls sem hafi verið dæmt á efsta dómstigi

³⁷¹⁹ Gögn starfshóps, bls. 64–71.

vegna þess að viðkomandi endurupptökubeiðandi væri ekki „borinn um refsivert brot“.³⁷²⁰

1963. Fimmtudaginn 18. mars 1999 var í Hæstarétti Íslands fjallað um endurupptökubeiðni Sævars í hæstaréttarmálinu nr. 214/1978. Fram kom að Sævar hafi leitað endurupptöku málsins fyrir Hæstarétti með bréfi dagsettu 2. febrúar 1999, en aðrir dómfelldu hafi ekki leitað eftir endurupptöku fyrir sitt leyti.³⁷²¹ Í ákvörðun Hæstaréttar var vísað til þess að Sævar hafi áður leitað endurupptöku málsins og rétturinn hafi tekið afstöðu til hennar með ákvörðun 15. júlí 1997.³⁷²² Í ákvörðuninni var tekin afstaða til rökstuðnings Sævars með endurupptökubeiðninni. Fram kom að rannsóknir almenns eðlis um áreiðanleika framburðar manna sem sætt hafa einangrun við frelsissviptingu gætu ekki einar og sér talist til nýrra gagna í skilningi a. liðar 1. mgr. 184. gr. laga nr. 19/1991, sem endurupptaka máls gæti verið reist á. Var á það bent að Sævar hafi ekki óskað eftir að sérstök rannsókn yrði gerð á áreiðanleika skýrslna sem hann hafi gefið fyrir lögreglu og dómi við rannsókn og meðferð málsins. Þá byggði Sævar á því í beiðni sinni að fyrir Alþingi hafi legið frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 19/1991 þar sem ráðgert hafi verið að nýju ákvæði yrði bætt við 184. gr. laganna til rýmkunar á heimild til endurupptöku dæmdra mála. Í ákvörðun Hæstaréttar kom fram að Alþingi hafi samþykkt áður nefnt frumvarp 10. mars 1999, en í 45. gr. frumvarpsins væri svofellt ákvæði: „Við 1. mgr. 184. gr. laganna bætist nýr stafliður, svohljóðandi: c. ef verulegar líkur eru leiddar að því að sönnunargögn sem færð voru fram í máli hafi verið rangt metin svo að áhrif hafi haft á niðurstöðu þess.“ Í ákvörðuninni sagði að breytingarlögin hafi enn ekki verið birt og samkvæmt 47. gr. frumvarpsins myndu þau ekki öðlast gildi fyrr en 1. maí 1999.³⁷²³ Taldi Hæstiréttur að ekkert væri fram komið sem gæti orðið til þess að orðið yrði við kröfu Sævars um endurupptöku hæstaréttarmáls nr. 214/1978.³⁷²⁴
1964. Meðal gagna málsins liggur fyrir minnisblað Einars Gauts Steingrímssonar héraðsdómslögmanns um viðtal við Erlu Bolladóttur í tilefni af endurupptökubeiðni hennar. Um er að ræða uppritun á viðtali sem fram fór 14. febrúar 2000. Greindi hún frá upphafi rannsóknar á Guðmundarmálinu þegar Örn Höskuldsson hafi lagt fyrir hana ljósmynd af Guðmundi Einarssyni og spurt hana hvort hún kannaðist við manninn. Kvaðst Erla hafa kannast strax við andlitið og skýrt Erni frá að hún hefði verið með þessum strák í partyi heima hjá vinkonu sinni einhverjum þremur til fjórum árum áður. Orðrétt sagði Erla: „Og ég mundi eftir þessum strák þar og sérstaklega vegna þess að hann hafði svolítið gefið sig á tal við mig þetta kvöld í þessu partyi og svo þegar ég var að fara heim þá bauðst hann til að keyra mig, hann og félagar hans.“³⁷²⁵ Aðspurð um upphaf Geirfinnsmálsins greindi Erla frá því að milli jóla og nýárs 1975 hafi Sigurbjörn Víðir fylgt henni í íbúð hennar og Sævars í Kópavogi til að ná í muni sína, en íbúðin hafi verið innsiglið af lögreglu vegna húsleitar. Mundi hún

³⁷²⁰ Gögn starfshóps, bls. 75–76.

³⁷²¹ Gögn starfshóps, bls. 37.

³⁷²² Gögn starfshóps, bls. 38.

³⁷²³ Gögn starfshóps, bls. 39.

³⁷²⁴ Gögn starfshóps, bls. 41.

³⁷²⁵ Gögn starfshóps, bls. 195.

eftir því að Sigurbjörn Víðir hafi staðið í glugga íbúðarinnar og spurt hana hvort hún héldi að Sævar vissi eitthvað um hvarf Geirfinns Einarssonar. Lýsti Erla því hversu háð hún hafi verið samskiptum lögreglunnar og aðstoð þeirra við ýmsa hluti eftir að henni var sleppt úr gæsluvarðhaldinu. Þarna hafi Sigurbjörn Víðir haft áhuga á vitneskju hennar sem myndi leiða til þess að hann hefði þá ástæðu til að koma og tala við hana aftur. Af þeim sökum hafi hún ekki útilokað það með öllu að Sævar vissi eitthvað í stað þess að segja afdráttarlaust nei. Morguninn eftir hafi Sigurbjörn Víðir og Örn Höskuldsson komið heim til móður hennar, boðið sér inn og sest í sófann í stofunni. Kvað Erla það hafa vakið verulegan ótta hjá sér. Örn hafi sagt: „Ég hef ástæðu til að ætla að þú vitir um Geirfinnsmálið og ég vil vita hvað það er.“ Greindi Erla frá því að sér hafi fundist sem Sigurbjörn Víðir hafi svikið hana. Örn hafi ekki gefið sig þegar hún hafi sagst ekkert vita og þá fannst henni hún lamast í viðleitni sinni við að reyna að klóra sig út úr málinu, eins og hún orðaði það. Heilmiklar umræður og þælingar hafi spunnist út frá þessu og síðan hafi þeir skilið hana eftir í skelfingu en komið fljótlega aftur og sótt hana til yfirheyrslu um málið.³⁷²⁶

1965. Fyrir liggur að Erla Bolladóttir óskaði endurupptöku á hæstaréttarmáli nr. 214/1978 með beiðni dagsettri 4. maí 2000 að því er varðaði sakfellingu fyrir rangar sakargiftir samkvæmt 148. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Af hálfu ákærvaldsins var í umsögn lagt til að beiðni hennar yrði hafnað. Fimmtudaginn 22. júní 2000 var í Hæstarétti Íslands fjallað um endurupptökubeiðni Erlu. Vísað var til ákvörðunar réttarins frá 15. júlí 1997 vegna beiðni Sævars um endurupptöku málsins að því er varðaði II. kafla ákærunnar frá 16. mars 1997 um rangar sakargiftir. Fram kom að þeim mönnum sem sakir hafi verið bornar á hafi verið dæmdar bætur á grundvelli XVIII. kafla þágildandi laga nr. 74/1974, um meðferð opinberra mála. Þá var vísað til framburðar Erlu hjá lögreglu sem hún hafi staðfest fyrir dómi. Einnig var rakinn ferill framburðar Sævars og Kristjáns Viðars um sama sakarefni og þess að Kristján Viðar hafi greint svo frá fyrir dómi 13. maí 1977 að sagan um tengsl þessara fjögurra manna við málið væri frá Erlu komin og lögreglumenn hefðu trúað henni. Í ákvörðun Hæstaréttar kom fram að Erla byggði beiðni sína um endurupptöku hæstaréttarmálsins á því að lögregla og rannsóknardómari hafi skref fyrir skref þrýst henni til að gangast við rannsóknartilgátum þess efnis að Klúbburinn og sérstaklega Magnús Leópoldsson væru viðriðnir hvarf Geirfinns Einarssonar. Hún hafi smám saman látið undan og gefið þær skýrslur sem rannsakendur málsins hafi viljað. Margoft hafi hún reynt að leiðrétta framburð sinn, en rannsakendur ekki tekið slíkt í mál. Þá hafi Erla byggt á því að réttur sakborninga hafi verið lítilsvirtur og því engin von á að málsmeðferðin hafi leitt hið sanna og rétta í ljós. Vísaði hún jafnframt til álitsgerðar geðlæknis og umsagnar lækna ráðs um andlegt ástand sitt á umræddum tíma. Fram kom að Erla teldi nauðsynlegt að afla matsgerðar um hegðun, ástand og gerðir hennar. Í ákvörðun Hæstaréttar kom fram að engin ný gögn hafi verið lögð fram til stuðnings beiðninni um endurupptöku. Þá sagði að því væri ekki andmælt af hálfu dómfelldu að framburður hennar hafi verið sá sem í gögnum málsins greini. Hins vegar virðist endurupptökubeiðnin á því reist að ásetningur hennar hafi aldrei staðið til þess að

³⁷²⁶ Gögn starfshóps, bls. 206–207.

saklausir menn yrðu sakaðir eða dæmdir. Fram kom að svo virtist sem Erla hafi ekki dregið játningu sína að því er varðaði II. kafla ákærunnar frá 16. mars 1977 til baka fyrir en á árinu 1996, en engar viðhlítandi ástæður hafi verið færðar fram fyrir því. Niðurstaða Hæstaréttar var því sú að skilyrðum 1. mgr. 184. gr. laga nr. 19/1991, samanber 45. gr. laga nr. 36/1999, hafi ekki verið fullnægt til þess að verða við beiðni Erlu um endurupptöku málsins að því er varðaði sakfellingu fyrir rangar sakargiftir.

1966. Meðal gagna málsins liggur fyrir skýrsla setts saksóknara, Láru V. Júlíusdóttur, til dómsmálaráðherra dagsett 4. febrúar 2003, um opinbera rannsókn samkvæmt 4. mgr. 66. gr. laga nr. 19/1991 á tildrögum þess að Magnús Leópoldsson var á sínum tíma grunaður um aðild að hvarfi Geirfinns Einarssonar í Keflavík og látinn sæta gæsluvarðhaldi vegna þess á fyrri hluta árs 1976. Var rannsókninni skipt upp í þrjú tilvik. Fyrsta rannsóknartilvikið laut að aðdraganda þess að gerð hafi verið leirmynd. Var [GKJ], fyrrum afgreiðslustúlka í Hafnarbúðinni, yfirheyrð. Orðrétt sagði í skýrslunni: „Sérstaka athygli vekur þó frásögn [GKJ] um að hún hafi þekkt Sævar og Kristján Viðar áður en atvikið í Hafnarbúðinni átti sér stað og það hafi ekki verið sá síðarnefndi sem kom inn í Hafnarbúðina til að hringja þann 19. nóvember 1974. Þetta kemur að vísu fram í málsskjöllum Geirfinnsmálsins en í skýrslutöku hjá undirritaðri þann 8. október 2001 útskýrði hún nánar hvers vegna hún þekkti Kristján Viðar og Sævar og gat fullyrt þetta. Sævar kvaðst hún þekkja síðan hann bjó í Njarðvík ásamt móður sinni en Kristján Viðar kvaðst hún þekkja vegna skyldleika í gegnum föðurætt hans.“ Greindi [GKJ] einnig frá því að Kristján Viðar og Sævar hafi komið í Hafnarbúðina ásamt öðrum mönnum, nokkrum vikum áður en Geirfinnur hvarf. Þeir hafi keypt sér veitingar og borðað á staðnum. Þar sem hún og Sævar hafi verið ágætlega málkunnug hafi hún spurt hann út í ferðir hans og í hvaða „business“ hann væri. Aðspurð sagði hún það útilokað að Kristján Viðar hafi verið maðurinn sem hafi fengið að hringja í Hafnarbúðinni 19. nóvember 1974.³⁷²⁷ Annað rannsóknartilvikið í skýrslu setts saksóknara var skilgreint sem: „Tildrög þess að nafn Magnúsar Leópoldssonar kom fram í rannsókn á Guðmundar- og Geirfinnsmálum sem leiddi til handtöku í janúar 1976.“ Var upphafi Reykjavíkurrannsóknarinnar svokölluðu gerð skil í sérstökum kafla. Fram kom að settur saksóknari hafi af þessu tilefni yfirheyrð Örn Höskuldsson, Sigurbjörn Víði Eggertsson og Eggert Norðdahl Bjarnason. Voru þeir allir mjög afdráttarlausir um að hafa ekki stuðst við svokallaða Keflavíkurrannsókn við rannsókn málsins í Reykjavík.³⁷²⁸ Aðspurður sagðist Örn ekki muna hvort Erla hafi komið að máli við hann eða einhverja lögreglumenn, sem hafi leitt til þess að Geirfinnsmálið hafi farið af stað í Reykjavík. Sigurbjörn Víðir greindi frá því í yfirheyrslu að Erla og Sævar hafi játað aðild sína í sitt hvoru lagi á svipuðum tíma, en hann myndi ekki hvort þeirra hafi greint frá fyrst. Við yfirheyrslu setts saksóknara yfir Eggerti Norðdahl Bjarnasyni kom fram að hann rámaði í að Erla hafi komið að máli við rannsóknaraðila í póstsvikamálinu og greint frá hugsanlegri aðild hennar og Sævars að hvarfi Geirfinns Einarssonar.³⁷²⁹ Valdimar Olsen og Einar

³⁷²⁷ Gögn starfshóps, bls. 113.

³⁷²⁸ Gögn starfshóps, bls. 146 og 182.

³⁷²⁹ Gögn starfshóps, bls. 159.

Bollason voru einnig yfirheyrðir. Taldi Valdimar einu tengsl hans við málið áður en hann var handtekinn vera þau að hann hafi rekið Sævar og Erlu á dyr á þáverandi heimili sínu þar sem þau hafi verið þar í heimildarleysi. Sagði hann það ágiskun sína að þau hafi viljað hefna sín á honum með því að flækja hann inn í Geirfinnsmálið. Einar kvaðst hafa staðið í þeirri meiningu í 20 ár að Erla hafi viljandi bendlað hann við málið, en í seinni tíð hafi farið að renna á hann tvær grímur þegar ýmislegt hafi farið að koma í ljós varðandi upphaf rannsóknarinnar á hvarfi Geirfinns. Gat hann þó ekki séð neina ástæðu fyrir því að rannsóknaraðilar hefðu farið að bendla hann við málið gegn betri vitund. Í skýrslu setts saksóknara kom fram að ágreiningslaust væri að framburðir Sævars, Erlu og Kristjáns Viðars hafi leitt til þess að Magnús, Valdimar, Einar og Sigurbjörn hafi verið handteknir og látnir sæta langvinnu gæsluvarðhaldi. Því hafi hins vegar verið haldið fram að þessar röngu sakargiftir hafi orðið til vegna atbeina lögreglu. En einnig hafi verið bent á að þess væru dæmi að bornar hafi verið rangar sakir eftir að þeir Magnús, Einar, Valdimar og Sigurbjörn voru lausir úr gæsluvarðhaldi auk þess sem þessar sakir hafi verið ítrekaðar í samprófunum og fyrir dómi þar sem lögreglumenn hafi ekki verið viðstaddir.³⁷³⁰ Í niðurstöðu setts saksóknara um rannsóknartilvikið kom fram að handritaðir minnisþingir sem talið væri að væru frá fyrstu frásögnum Erlu og Sævars af hvarfi Geirfinns, bentu til þess að fyrstu skýrslur í málinu hafi verið gefnar án þrýstings eða áhrifa frá rannsóknaraðilum. Hins vegar hafi fleiri menn verið nafngreindir, bæði í upphafi og síðar í málinu, en rannsóknaraðilar hafi ekki yfirheyrt þá alla. Orðrétt kom fram í niðurstöðu setts saksóknara: „Einnig benda gögn til þess að fyrstu játningar þeirra Erlu og Sævars stafi frá þeim sjálfum og reyndar er Erla eini samnefningarinn fyrir þá fjóra einstaklinga sem voru handteknir og hneptir í gæsluvarðhald á grundvelli þessara framburða.“ Þá vísaði settur saksóknari til minnismiða frá 6. janúar 1976, þar sem fjallað hafi verið um könnun á ábendingu um stúlku sem hafi verið í gleðskap í húsi í Kópavogi þar sem fólk hafi talað um hvarf Geirfinns, en stúlkunni og fleirum hafi verið hóttað lífláti ef það segði frá því sem það hefði heyrt. Komst settur saksóknari að þeirri niðurstöðu að af minnismiðanum mætti draga þá ályktun að Geirfinnsmálið hafi að einhverju leyti verið komið til kasta þeirra um hálfum mánuði áður en fyrstu framburðir lágu fyrir.³⁷³¹

1967. Fréttatilkynning birtist frá innanríkisráðuneytinu 7. október 2011 um skipun starfshóps til að fara yfir Guðmundar- og Geirfinnsmál. Í tilkynningunni kom fram að innanríkisráðherra hafi skipað Arndísi Soffíu Sigurðardóttur, lögfræðing og lögreglumann, Harald Steinþórsson lögfræðing og doktor Jón Friðrik Sigurðsson, yfirsálfræðing á geðsviði Landspítala-háskólasjúkrahúss til að fara yfir málið í heild, en sérstaklega þá þætti sem sneru að rannsókn þess og framkvæmd rannsóknarinnar. Fram kom að starfsmaður hópsins væri Valgerður María Sigurðardóttir lögfræðingur en starfshópurinn gæti kallað sérfræðinga til ráðgjafar, eftir því sem hann teldi þörf á.³⁷³² Sama dag var nefndarmönnum sent skipunarbréf og var Arndís Soffía skipaður formaður starfshópsins. Í skipunarbréfunum kom fram að starfshópurinn hefði ekki

³⁷³⁰ Gögn starfshóps, bls. 169–170.

³⁷³¹ Gögn starfshóps, bls. 170–171.

³⁷³² Gögn starfshóps, bls. 468.

rannsóknarheimildir en gæti tekið viðtöl með samþykki hlutaðeigandi. Með vísan til ákvæða 18. gr. laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins og 136. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 væri starfshópnum skylt að gæta þagmælsku um atriði er vörðuðu málið sem hann fengi vitneskju um í starfi sínu eða væru rædd á fundum starfshópsins og bæri að fara leynt með samkvæmt lögum. Fram kom að þagnarskyldan héldist eftir að látið væri af störfum í starfshópnum.³⁷³³

1968. Fyrir liggur minnisblað frá Magnúsi Leópoldssyni til starfshóps um Guðmundar- og Geirfinnsmál, dagsett 25. nóvember 2011. Rakti hann í átta liðum nokkrar staðreyndir sem hann taldi ástæðu til að hafa í huga við yfirferð málsins. Í áttunda lið ritaði hann orðrétt: „Það kom aldrei til álita hjá mér þrátt fyrir 105 daga einangrun að játa á mig eitthvað sem ég hafði aldrei gert.“³⁷³⁴
1969. Starfshópur um Guðmundar- og Geirfinnsmál skilaði skýrslu til innanríkisráðherra 21. mars 2013. Við vinnslu skýrslunnar tók starfshópurinn viðtöl við þá dómfelldu sem eru á lífi; Albert, Erlu, Guðjón og Kristján Viðar. Meðal gagna málsins liggja fyrir orðrétt endurrit af viðtölum allra nema Alberts.³⁷³⁵ Þá tók starfshópurinn viðtöl við þá Magnús Leópoldsson, Einar Bollason og Valdimar Olsen sem bornir voru röngum sökum um aðild að hvarfi Geirfinns Einarssonar og sættu gæsluvarðhaldi í tengslum við rannsókn málsins.³⁷³⁶ Einnig komu til viðtals við starfshópinn: Ari Ingimundarson, Dóra Hlín Ingólfssdóttir, Erlingur Guðmundsson, Gísli Guðmundsson, Grétar Sæmundsson, Guðjón [Lúther], Haraldur Henrysson, Haukur Guðmundsson, Högni Einarsson, Ingvi H. Magnússon, Jón Steinar Gunnlaugsson, Kristján Guy Burgess, [MBj], Páll Arnór Pálsson, [PJ], Róbert Árni Downey, Rúnar Sigurðsson, Sigurbjörn Víðir Eggertsson, [SÓH], Sigursteinn Másson, Skúli Steinsson, Smári Sigurðsson, [SBJ], Valtýr Sigurðsson, [PH] og Örn Höskuldsson.³⁷³⁷
1970. Hinn 12. febrúar 2014 birtist fræðigreinin í tímaritinu Applied Cognitive Psychology eftir Gísla H. Guðjónsson, Jón Friðrik Sigurðsson, Arndísi Soffíu Sigurðardóttur, Harald Steinþórsson og Valgerði Maríu Sigurðardóttur með heitinu: „The Role of Memory Distrust in Cases of Internalised False Confession.“ Í fræðigreininni var ítarlega fjallað um Guðmundar- og Geirfinnsmálin, vinnu starfshópsins og niðurstöður hans um áreiðanleika framburða og játninga sakborninga í sakamálunum.
1971. Þá hlutaðist settur ríkissaksóknari til um að höfðað yrði vitnamál fyrir héraðsdómi Reykjavíkur í þeim tilgangi að leiða fyrir dóminn nefndarmenn starfshóps innanríkisráðherra, starfsmann hans og ráðgjafa, til staðfestingar á framangreindri skýrslu. Fékk málið númerið V-22/2015 og fóru skýrslutökur fyrir dómi fram 28. janúar 2016. Fyrir dóminum gáfu skýrslu Arndís Soffía Sigurðardóttir, Haraldur Steinþórsson, Jón Friðrik Sigurðsson, Valgerður María Sigurðardóttir og Gísli H. Guðjónsson. Þá gerði talsmaður Erlu og Guðjóns þá kröfu að tekin yrði dómskýrsla af Erni Höskuldssyni, Sigurbirni Víði Eggertssyni og Eggerti Norðdahl Bjarnasyni í

³⁷³³ Gögn starfshóps, bls. 509.

³⁷³⁴ Gögn starfshóps, bls. 577.

³⁷³⁵ Bls. 4235–4366.

³⁷³⁶ Bls. 4391–4442.

³⁷³⁷ Bls. 4228–4234.

þeim tilgangi að leiða í ljós hvernig rannsókn máls er varðar hvarf Guðmundar Einarssonar komst á rekspöl í desember 1975.³⁷³⁸

1972. Fimmtudaginn 9. október 2014 sendi aðstoðarlögrelustjóri hjá lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu orðsendingu til ríkissaksóknara og kom á framfæri upplýsingum frá vitni sem hafði gefið sig fram við lögregluna.³⁷³⁹ Í framburði vitnisins kom fram að hún hefði verið sambýliskona manns þess sem kom ábendingu á framfæri um fjársvik Erlu og Sævars gagnvart Pósti og síma árin 1974 og 1975. Hún hefði af þeim ástæðum verið farþegi í bifreið undir hans stjórn ásamt þriðja manni þegar ekið hafi verið á Guðmund Einarsson í Engidal á Hafnarfjarðarvegi aðfaranótt 27. janúar 1974. Guðmundur hafi verið tekinn upp í bifreiðina en svo dregið af honum og hann verið orðinn þögull þegar vitnið fór úr bifreiðinni á dvalarstað þess í Vogahverfi Reykjavíkurborgar. Að tilhlutan setts ríkissaksóknara var þessi ábending tekin til rannsóknar í október 2015 og naut vitnið nafnleyndar við þá rannsókn.³⁷⁴⁰ Í samskiptum vitnisins við lögreglu rakti hún framangreinda atburðarás en bar jafnframt um það að hafa verið viðstödd þegar maðurinn hafi samið við lögregluna og fulltrúa yfirsakadómara um að veita upplýsingar um að Kristján Viðar og Sævar tengdust hvarfi Guðmundar gegn því að vera leystur úr afplánun.³⁷⁴¹ Við yfirheyrslur hafi maðurinn neitað eindregið allri aðild að hvarfi Guðmundar auk þess sem annar maður, sem vitnið hafði getið um að hafi verið í bifreiðinni, hafi einnig neitað allri vitneskju um málsatvik. Aðspurður um samskipti við rannsóknarlögrelglumennina og hugsanlega samninga við þá hafi hann borið um að hafa sífellt verið að ljúga í þá sögum á þessum tíma. Annar rannsóknarlögrelglumannanna sem hafi annast rannsókn á póstsvikamálinu og Guðmundarmálinu í öndverðu og fyrrum fulltrúi yfirsakadómara hafi mætt hjá lögreglu og verið inntir eftir því hvaða einstaklingur hafi komið þeim upplýsingum til lögreglu að Sævar hafi verið viðriðinn hvarf Guðmundar Einarssonar. Þeir hafi ekki munað eftir því og hafi aðspurðir hvorugur kannast við að þessi maður hafi komið ábendingu á framfæri við þá eða munað til þess að samið hafi verið við manninn um tilhliðranir varðandi afplánun hans. Rannsókn lögreglunnar lauk 18. ágúst 2016 og var rannsóknargögnum komið á framfæri við endurupptökunefnd en málið felld niður í kjölfar þess hjá lögreglu 14. október 2016.

III. Framlögð gögn

1973. Við úrlausn beiðni endurupptökubeiðenda hefur verið unnið úr miklu magni gagna sem endurupptökubeiðendur og settur ríkissaksóknari hafa lagt fram. Um er að ræða bæði samtímagögn frá því sakamálin voru til rannsóknar og meðferðar fyrir dómstólum sem og önnur gögn sem síðar hafa orðið til.
1974. Af hálfu endurupptökubeiðenda hefur gögnum verið komið á framfæri í tvígang. Í fyrsta lagi var meðfylgjandi beiðni um endurupptöku, sem dagsett er 12. mars 2015, skýrsla starfshóps um Guðmundar- og Geirfinnsmál til innanríkisráðherra, dagsett 21.

³⁷³⁸ Bls. 4477.

³⁷³⁹ Bls. 4612–4613.

³⁷⁴⁰ Bls. 4604–4605.

³⁷⁴¹ Bls. 4625–4628.

- mars 2013, fræðigrein eftir Gísla H. Guðjónsson, prófessor, „The Role of Memory Distrust in Cases of Internalised False Confession“, birt í Applied Cognitive Psychology, 12. febrúar 2014. Þá var meðfylgjandi beiðninni bókin „Dómsmorð – Endurupptökubeiðni Geirfinns- og Guðmundarmála“ eftir Sævar Marinó Ciesielski sem hann gaf sjálfur út árið 1997.
1975. Í öðru lagi lagði endurupptökubeiðendur fram frekari gögn með bréfi, dagsettu 30. september 2015. Um var að ræða kafla með yfirheitinu: „Chapter 23. Murder in Norway: a False Belief Leading to a False Confession“ úr bók eftir Gísla H. Guðjónsson prófessor sem ber heitið „The Psychology of Interrogations and Confessions. A Handbook.“ Einnig lögðu endurupptökubeiðendur fram nokkra erlenda dóma. Með gögnunum var meðfylgjandi hluti af sjúkraskrá Sævars Marinó Ciesielski frá tímabilinu frá árinu 2010.
1976. Af hálfu endurupptökunefndar var því beint til setts ríkissaksóknara með vísan til 3. mgr. 213. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála, að hlutast til um að afla eftirfarandi gagna eða sönnunargagna:
1977. Í fyrsta lagi að láta í té afrit ákvarðana Hæstaréttar Íslands er varða endurupptöku dóms Hæstaréttar Íslands nr. 214/1978. Endurupptöku hefur verið óskað í tvígang af Sævari Marinó Ciesielski, með beiðnum dagsettum 23. nóvember 1994, og 2. febrúar 1999 og einu sinni af hálfu Erlu Bolladóttur á árinu 2000. Fyrri beiðni Sævars var hafnað með ákvörðun Hæstaréttar Íslands 15. júlí 1997 og seinni beiðni hans 18. mars 1999. Beiðni Erlu Bolladóttur var hafnað með ákvörðun réttarins 22. júní 2000. Settur ríkissaksóknari afhenti endurupptökunefnd afrit ákvarðana Hæstaréttar Íslands frá 15. júlí 1997 og 22. júní 2000. Afrit ákvörðunar réttarins frá 18. mars 1999 um síðari endurupptökubeiðni Sævars fannst meðal annarra gagna málsins.
1978. Í öðru lagi málgagna frá Þjóðskjalasafni Íslands þar sem geymd eru öll þekkt gögn er lúta að rannsókn og dómsmeðferð sakamála sem voru til umfjöllunar í hæstaréttarmáli nr. 214/1978. Afhent voru gögn frá sakadómi Reykjavíkur, rannsóknarlögreglu ríkisins, Ríkislögreglustjóra, Fangelismálastofnun og Lögreglunni í Keflavík.
1979. Í þriðja lagi beindi endurupptökunefnd því til setts ríkissaksóknara þann 29. júní 2015 að hann hlutaðist til um að kanna hvort sýnilegum sönnunargögnum, er tengjast hæstaréttarmáli nr. 214/1978, væri til að dreifa hjá rannsóknarstofu þýsku ríkislögreglunnar, Bundeskriminalamt, Kriminaltechnisches Institut í Wiesbaden, Þýskalandi. Í bréfi setts ríkissaksóknara, dagsettu 6. apríl 2016, var upplýst um að umrædd gögn væru ekki hjá þýsku ríkislögreglunni og talið væri að þau hafi verið send aftur til Íslands að rannsókn lokinni.
1980. Í fjórða lagi beindi endurupptökunefnd því til setts ríkissaksóknara þann 24. ágúst 2015 að afla allra gagna starfshóps um Guðmundar- og Geirfinnsmál sem vistuð voru hjá innanríkisráðuneytinu. Gögn þessi fólu í sér vinnugögn starfshópsins sem og hljódupptökur af viðtölum starfshópsins bæði við dómfelldu sem og aðra sem þáðu boð starfshópsins að mæta til viðtals eða gáfu sig fram við starfshópinn í þeim tilgangi.

1981. Í fimmta lagi var þess óskað með bréfi endurupptökunefndar, dagsettu 27. ágúst 2015, að settur ríkissaksóknari tæki til skoðunar hvort ástæða væri til að hefja rannsókn á nafnlausri ábendingu sem komið var á framfæri við ríkissaksóknara í október 2014. Settur ríkissaksóknari óskaði eftir rannsókn Lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu á tilgreindri ábendingu. Rannsókn lögreglu var lokið 18. ágúst 2016 og afhenti settur ríkissaksóknari endurupptökunefnd rannsóknargögnin 19. ágúst 2016.
1982. Í sjötta lagi var þess óskað með bréfi endurupptökunefndar, dagsettu 1. október 2015, að settur ríkissaksóknari hlutaðist til um að teknar yrðu skýrslur fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur af meðlimum starfshóps um Guðmundar- og Geirfinnsmál, ráðgjafa starfshópsins og starfsmanni hópsins. Í samræmi við ósk talsmanns annars endurupptökubeiðanda voru jafnframt teknar skýrslur af Erni Höskuldssyni, Sigurbirni Víði Eggertssyni og Eggerti Norðdahl Bjarnasyni. Settur ríkissaksóknari höfðaði af þessu tilefni vitnamál og fór skýrslutaka fram fyrir dómi 28. janúar 2016.
1983. Þess skal og getið að settur ríkissaksóknari lét í té gögn sem aflað var frá embætti ríkissaksóknara. Meðal þeirra gagna voru gögn er lutu að rannsókn Steingríms Gauts Kristjánssonar héraðsdómara sem skipaður var til að fara með rannsókn vegna kæra um ótilhlýðilega beitingu viðurlaga við agabrotum í Síðumúlafangelsinu vegna tveggja gæsluvarðhaldsfanga sem sátu í gæsluvarðhaldi vegna ótengdra saka, skýrsla setts ríkissaksóknara Láru V. Júlíusdóttur, til dómsmálaráðherra frá 4. febrúar 2003 um opinbera rannsókn samkvæmt 4. mgr. 66. gr. laga nr. 19/1991 á tildrögum þess að Magnús Leópoldsson var á sínum tíma grunaður um aðild að hvarfi Geirfinns Einarssonar í Keflavík og látinn sæta gæsluvarðhaldi af þeim sökum, gögn frá settum ríkissaksóknara Ragnari H. Hall vegna endurupptökubeiðni Sævars Marinós Ciesielski dagsett 23. nóvember 1994, þar á meðal bréf dagsett 13. maí 1996 sem fól í sér svar við fyrirspurn um lok rannsóknar á sakarefnum er lutu að grun um að [SÓH] hafi svarið eið að röngum framburði. Könnun rannsóknarlögreglu frá 10. febrúar 1981 á því hvað varð um persónulega muni Sævars Marinós Ciesielski sem haldlagðir hefðu verið 12. desember 1975, dómur í sakadómsmáli nr. 207/1975 ásamt ágripi málskjala vegna rannsóknar þess máls fyrir sakadómi í ávana- og fíkniefnamálum; ákærvaldið gegn Sævari Marinó uppkveðinn 20. nóvember 1980 er laut að sakargiftum um fíkniefnamisferli, ólöglegan innflutning, sölu og dreifingu á árunum 1973 til 1975. Meðal gagna sem settur ríkissaksóknari lagði fram úr fórum embættis ríkissaksóknara voru ýmis bréf og gögn, þar á meðal um lygamælingapróf á Guðjóni Skarphéðinssyni, spurningarlisti með árituðum svörum sem og niðurstöður prófunarinnar auk bréfs til Gísla H. Guðjónssonar frá vísindamanninum sem framkvæmdi rannsóknina í Bretlandi. Einnig voru afhent gögn sem lögð höfðu verið fram af hálfu Sævars í tilefni af fyrstu endurupptökubeiðni hans. Þar á meðal var yfirlit Vegagerðarinnar yfir snjómokstur 20. janúar 1974 til 31. janúar 1974 á suðvesturlandi, færslur úr dagbók Hafnarfjarðarlögreglunnar er vörðuðu Sævar 30. janúar og 1. febrúar 1974, færslur í dagbók fíkniefnalögreglunnar meðal annars um framkvæmd húsleitar hjá Sævari og Erlu Bolladóttur 13. desember 1974 og færsla í dagbók lögreglunnar í Kópavogi 15. desember 1975 um ferð í innsiglaða íbúð með móður Erlu. Afrit bréfs Landlæknis 4.

febrúar 1997 um lyfjagjafir og læknisfræðilega rannsókn á áhrifum einangrunar. Yfirlýsing Guðsteins Þengilssonar læknis meðal annars um áhrif lyfja og einangrunar.

1984. Jón Daníelsson kom á framfæri við endurupptökunefnd rafrænu eintaki af bók sinni: „Sá sem flýr undan dýri“, með tölvubréfi dagsettu 2. september 2016.
1985. Af hálfu endurupptökunefndar var aflað eintaka af heimildasögunni „Áminntur um sannsögli“ eftir Þorstein Antonsson sem gefin var út af Skjaldborg árið 1991 og sjálfsævisögunni „Erla góða Erla“ eftir Erlu Bolladóttur sem gefin var út af Vöku-Helgafelli árið 2008. Einnig var af hálfu nefndarinnar aflað blaðafréttu, sem vísað er til í rakningu málsatvika, sem sóttar voru á vefsíðuna timarit.is.

IV. Grundvöllur beiðni

1986. Endurupptökubeiðendur byggja beiðni sína á því að öllum skilyrðum 1. mgr. 211. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála sé fullnægt, en beiðnin byggir þó öðru fremur á því að a- og c-liðum 1. mgr. 211. gr. laganna sé fullnægt í samræmi við áherslu á að játningar hafi verið óáreiðanlegar.
1987. Endurupptökubeiðendur draga þá ályktun af 1. mgr. 211. gr. laga um meðferð sakamála að það skipti máli við mat á því hvort skilyrðum stafliða ákvæðisins sé fullnægt á hvaða forsendum niðurstaða dóms byggir. Þannig geri allir stafliðirnir ráð fyrir því að þau atriði sem beiðni um endurupptöku byggir á kunni að hafa haft áhrif á niðurstöðu málsins eða að minnsta kosti skipt miklu fyrir niðurstöðu málsins. Sé því rétt að líta til þess á hvaða grundvelli niðurstaða um sakfellingu í málinu hafi verið byggð.
1988. Af hálfu endurupptökubeiðenda verður ekki annað séð af forsendum í niðurstöðu sakadóms og síðar Hæstaréttar að sakfellingar hafi nánast alfarið byggst á játningum sakborninga. Í málinu hafi hlutlægum sönnunargögnum varla verið til að dreifa og þau fábrotnu gögn sem lögð hafi verið fram hafi engan veginn getað varpað ljósi á málsatvik. Þrátt fyrir skort á hlutlægum sönnunargögnum og líkum meintra fórnarlamba hafi fjórir menn verið sakfelldir fyrir að hafa verið valdir að dauða þeirra. Í forsendum sakadóms hafi sérstaklega verið vísað til skorts á sýnilegum sönnunargögnum vegna Guðmundar- og Geirfinnsmála.
1989. Að teknu tillit til þessa sé ljóst að ef ætla megi eða leiddar verði líkur að því að umræddar játningar hafi verið rangar, þær hafi verið fengnar með ólögum hætti eða af einhverjum öðrum ástæðum varhugavert að leggja þær til grundvallar, þá sé grundvallarforsenda sakfellinga í raun ekki lengur fyrir hendi. Í samræmi við þetta sé lögð áhersla á að fjalla um játningar sakborninganna, trúverðuleika þeirra, aðdraganda þeirra og þær aðstæður sem hafi verið uppi þegar sakborningar gáfu hinar umdeildu játningar.

IV.1. Rannsókn starfshóps innanríkisráðherra

1990. Endurupptökubeiðendur vísa í ítarlega umfjöllun í skýrslu starfshópsins sem hafi að stórum hluta til byggst á nýjum upplýsingum, til að mynda fangelsisdagbókum, og upplýsingum úr svonefndum núllskjölum, um tilhögun rannsókna og það hvernig játningarnar, sem hafi verið grundvöllur sakfellinga, hafi verið fengnar. Jafnframt hafi verið gerð grein fyrir fjölda skýrslutaka, yfirheyrslna og viðtala – bæði formlegum og óformlegum. Af umfjölluninni sé ljóst að gríðarlegur fjöldi yfirheyrslna og viðtala hafi verið óformlegur og því ekki getið í því ágripi sem hafi farið fyrir dómara málsins.
1991. Vegna umfangs hinna óskráðu og óformlegu yfirheyrslna, viðtala og vettvangsferða láta endurupptökubeiðendur nægja að vísa til skýrslu starfshópsins³⁷⁴² er viðkemur dómfellda Sævari varðandi þær yfirheyrslur, viðtöl og vettvangsferðir sem ekki hafi verið getið í ágripi málsins og ósamræmis sem gæti vegna þess. Í dæmaskyni sé þó tekið til skoðunar tímabilið frá 21. desember 1975 til 4. janúar 1976. Það tímabil sé eðli máls samkvæmt þýðingarmikið því þá hafi farið fram samkvæmt gögnum málsins tvær yfirheyrslur yfir Sævari, dagsettar 22. desember 1975 og 4. janúar 1976, þar sem hann hafi játað nánast strax einhverja óljósa aðkomu að Guðmundarmálinu. Í berhögg við umrædd gögn málsins hafi verið skráðar fleiri yfirheyrslur auk viðtala og vettvangsferða í fangelsisdagbók. Engar upplýsingar vegna þessa sé að finna meðal gagna málsins aðrar en bókanir í fangelsisdagbók.
1992. Af hálfu endurupptökubeiðenda er áréttað að þegar fyrsta skráða skýrslutakan hafi farið fram af Sævari í tengslum við Guðmundarmálið 22. desember 1975 hafði Sævar þegar verið úrskurðaður í gæsluvarðhald vegna gruns um fjársvik. Honum hafi ekki verið gerð grein fyrir því að hann hafi legið undir grun fyrir að eiga aðild eða bera ábyrgð á dauða Guðmundar Einarssonar. Sævari hafi ekki verið gerð grein fyrir því að honum hafi verið óskilt, sem grunuðum manni, að svara spurningum þrátt fyrir afdráttarlausan áskilnað þágildandi 40. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála. Þá hafi Sævar aldrei undirritað skýrsluna frá 22. desember 1975 en hún sé þrátt fyrir það ein af þeim skýrslum sem lagðar hafi verið fram í málinu og raunar sú skýrsla sem hafi verið grundvöllur gæsluvarðhaldsúrskurðar yfir dómfelldu Sævari, Kristjáni Viðari og Tryggva Rúnari 23. desember 1975.
1993. Framanrakið dæmi um tilhögun skráningar á yfirheyrslum, viðtölum og vettvangsferðum vegna tímabilsins 21. desember 1975 til 4. janúar 1976 sé lýsandi fyrir rannsóknina í heild sinni. Yfirheyrslur vegna Geirfinnsmálsins hafi verið sama marki brenndar og yfirheyrslur í Guðmundarmálinu, til að mynda að því leytir að sakborningum hafi ekki verið kynntur réttur sinn með fullnægjandi hætti og verjendur ekki boðaðir til að vera viðstaddir skýrslutökur.
1994. Sævar hafi verið yfirheyrður að minnsta kosti 180 sinnum og tekinn í viðtal samtals í að minnsta kosti 320 klukkustundir, þótt ekki hafi verið teknar nema 45 formlegar skýrslur af honum. Þá hafi hann verið tekinn 20 sinnum í sampröfun og 27 sinnum farið með hann út úr fangelsinu í ýmsum erindum. Yfirheyrslur hafi staðið ítrekað yfir

³⁷⁴² *Skýrsla starfshóps um Guðmundar- og Geirfinnsmál til innanríkisráðherra*. Innanríkisráðuneytið, Reykjavík, 2013, bls. 195–229.

í lengri tíma en sex klukkustundir í einu, réttargæslumaður hafi verið sjaldan boðaður og af ummælum rannsakennda megi dæma að leitast hafi verið við að hafa spurningar óskýrar og villandi. Samkvæmt skýrslu starfshópsins megi ætla að heildartími samskipta rannsakennda við Sævar sé vanskráður enda vanti tímasetningar fjölda viðtala og aðeins hluti af skýrslum liggi fyrir.

1995. Samkvæmt skýrslu starfshópsins hafi alvarlegir misbrestir verið á því að boða réttargæslumenn. Þannig liggi til að mynda fyrir að á tímabilinu 22. janúar 1976 til 6. febrúar 1977 hafi réttargæslumaður Sævars aldrei verið viðstaddur lögregluyfirheyrslur enda hafi hann ekki verið boðaður.
1996. Þá sé að finna í forsendum Hæstaréttar ummæli sem gefi til kynna að jafnvel þótt dómurum hafi verið kunnugt um einhver brot gegn réttindum sakborninga hafi þeim hvergi nærri verið ljóst umfang þeirra, eins og fram komi í eftirfarandi dæmum: „Þegar hin rækilega rannsókn bæði fyrir og eftir uppsögn héraðsdóms varðandi harðræði og ólögmæta rannsóknarhætti er virt, verður ekki séð að játningar ákærðu hafi verið fengnar með ólögmætum hætti af hálfu þeirra, er fóru með rannsókn málsins.“ „Leiða þessar umfangsmiklu rannsóknir eigi í ljós, að þeir annmarkar hafi verið á rannsókn málsins, sem valdi því að játningar ákærðu Kristjáns og Sævars verði út af fyrir sig eigi lagðar til grundvallar við úrlausn máls þessa.“
1997. Og: „Í fáein skipti verður eigi séð, að þess hafi verið gætt að benda sökuðum manni, sem yfirheyrður var fyrir rannsóknarlögreglu, á ákvæði 1. málgr. 40. gr. laga nr. 74/1974, og við hefur borið að yfirheyrsla hafi staðið samfelld lengur en 6 klukkustundir, sbr. 3. málgr. 40. gr. sömu laga. Stöku sinnum bera bókanir ekki með sér, að reynt hafi verið að kveðja til réttargæslumenn eða verjendur við yfirheyrslu, þar sem slíkt hefði verið rétt.“
1998. Að teknu tilliti til forsendna Hæstaréttar sé ljóst að lagt hafi verið til grundvallar að misbrestir hafi raunar heyrt til undantekninga, samanber orðalagið „fáein skipti“, „við hefur borið“ og „stöku sinnum“. Þegar umræddar forsendur séu skoðaðar með hliðsjón af umfjöllun í skýrslu starfshópsins sé ljóst að dómarmar hafi verið fjarri því að vera nægjanlega upplýstir um umfang og tilhögun yfirheyrslna og viðtala við sakborninga. Þannig sé ljóst að legið hafi fyrir rangar upplýsingar um efnislegan aðdraganda játninga Sævars og annarra sakborninga í málinu. Megi ætla að það hafi haft veruleg áhrif á mat dómara á gildi sönnunargagna í málinu, svo sem játninga sakborninga, þar með taldar Sævars, og síðar afturköllun þeirra.
1999. Þá liggi fyrir að Hæstiréttur hafi ekki lagt réttar forsendur til grundvallar þegar hann hafi lagt mat á afturköllun játninga Sævars. Í forsendum dómsins segi: „Breyttu þeir ákærðu Sævar og Tryggvi eigi þessum játningum fyrr en í lok mars 1977, eins og að framan greinir.“
2000. Umrædd forsenda sé þó ekki rétt. Það sé rétt að Sævar hafi afturkallað skýrslur sínar frá 4. og 6. janúar 1976 fyrir sakadómi þann 29. mars 1977 en það hafi þó ekki verið í fyrsta sinn sem hann hafði dregið játningar sínar til baka. Það hafði hann meðal annars gert í dómþinghaldi þann 11. janúar 1976. Örn Höskuldsson hafi staðfest þetta í bréfi

til sakadóms, dagsettu 22. ágúst 1977, en hann hafi ekki tekið mark á því þar sem hann hafi talið sig vita betur.

2001. Sævar hafi því í raun reynt að afturkalla játningu sína í Guðmundarmálinu stuttu eftir skýrslugjöf en án árangurs þar sem fulltrúi sakadóms hafi talið sig vita betur. Í seinni tíð hafi Sævar einnig borið við að tilraunir hans til afturköllunar hafi verið mun fleiri en örlög þeirra þau sömu, það er að afturkallanir hafi ekki verið skráðar og ekki teknar til greina af yfirvöldum.
2002. Með framangreindum dæmum hafi endurupptökubeiðendur sýnt fram á að réttaröryggisreglur þágildandi laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála hafi ítrekað verið brotnar.
2003. Þá vísa endurupptökubeiðendur til skýrslu starfshópsins um dagbók Síðumúlafangelsis þar sem komi fyrir nokkrar færslur sem lýsi mjög neikvæðum viðhorfum rannsakenda, fangavarða og lögmanns Sævars til hans. Það sé ljóst að þær upplýsingar hafi ekki legið fyrir dómurum þegar dæmt hafi verið um sök í Guðmundar- og Geirfinnsmálunum, að minnsta kosti ekki með jafn skýrum hætti og fram komi í þessum færslum.
2004. Þessar upplýsingar um neikvætt viðhorf umræddra aðila gefi ríkt tilefni til að draga í efa að grundvallarreglur sakamálaréttarfars hafi verið virtar í málinu, svo sem reglan um að leiða skuli hið sanna í ljós, reglan um skyldu rannsakenda til að gæta jafnt að þeim atriðum sem horfi til sýknu og sektar sakbornings og meginreglan um að manni sem borinn er sökum um refsiverða háttsemi skuli tryggður réttur til að vera talinn saklaus þar til sekt hans hafi verið sönnuð.
2005. Upplýsingarnar styðji einnig þá staðhæfingu að það hafi verið vanrækt af hálfu rannsakenda að rannsaka atriði er hafi verið sakborningum hagstæð. Til að mynda hafi fjarvistarsönnun Sævars í Guðmundarmálinu ekki verið skoðuð sérstaklega. Sævar hefði sætt rannsókn og verið undir eftirliti lögreglu vegna gruns um sölu fíkniefna þegar Guðmundur hafi horfið. Lögreglan hafi í tengslum við þá rannsókn fylgst með ferðum Sævars og meðal annars fengið það staðfest frá Erlu Bolladóttur, í skýrslutöku sem fram hafi farið 7. febrúar 1974, að Sævar hefði komið til sín að kvöldi 27. janúar 1974 í fyrsta sinn eftir að hann kom frá útlöndum þann 24. janúar 1974. Sá framburður hafi hvorki verið lagður til grundvallar í málinu né önnur gögn er tengst hafi þeirri rannsókn. Þá hafi [ViG] leigubílstjóri sagst hafa ekið Sævari þann 25. janúar 1974 austur í Gljúfurárholt í Ölfusi þar sem Sævar hafi ætlað að dvelja í einhvern tíma. [ViG] hafi verið tekinn til yfirheyrslu og geymdur um tíma í vörslu lögreglu á meðan rannsókn á Guðmundarmálinu stóð yfir en samkvæmt rannsakendum hafi láðst að taka af honum skýrslu eða skrá niður framburð hans. Þá hafi enginn reki verið gerður að því að hafa samband við heimilismenn að Gljúfurárholti undir rannsókn málsins. Þá megi einnig nefna að húsleit hafi farið fram á heimili Sævars þann 13. desember 1975. Samkvæmt dagbók fíkniefnadeildar lögreglunnar í Reykjavík hafi verið tekið þaðan mikið af skjölum og bréfum. Rannsóknarmenn hafi yfirfarið skjölin en efni þeirra sé þó ekki þekkt enda hafi þau aldrei verið lögð fram. Sævari og verjanda hans hafi ekki verið veittur aðgangur að haldlögðum gögnum. Þá hafi lygamælapróf glatast sem

Sævar hafi undirgengist undir umsjón doktors Gísla H. Guðjónssonar. Ekki sé minnst á að umrætt próf hafi verið framkvæmt eða niðurstöður þess í frumgögnum málsins. Fleiri dæmi sem þessi megi telja til og vísa endurupptökubeiðendur til umfjöllunar í skýrslu starfshópsins og enn fremur í greinargerð með endurupptökubeiðni Sævars frá 1997.

2006. Í ljósi alls þessa telja endurupptökubeiðendur að líta beri á framangreindar upplýsingar um viðhorf rannsóknaraðila og fangavarða sem nýjar upplýsingar og tekið verði tillit til þeirra í heildarmati á því hvort líkur standi til þess að sönnunargögn máls hafi verið fengin með óeðlilegum hætti. Jafnframt hvort það hafi leitt til þess að rangar játningar hafi verið gefnar og til rangs sönnunarmats.
2007. Fjallað er af hálfu endurupptökubeiðenda um svokallaða harðræðisrannsókn árið 1979 vegna frásagna Sævars um að hann hefði verið beittur harðræði í Síðumúlafangelsinu. Þar hafi rannsakendur rannsakað meint brot samstarfs- og yfirmanna sinna. Undir rannsókninni hafi ekki verið talið að ásakanir sakborninga um harðræði hafi verið réttar að því undanskildu að sannað þótti að Sævari hefði verið lostinn kinnhestur við samprófun. Virðist sem niðurstaða rannsóknarinnar hafi að miklu leyti byggst á því að fangaverðir og rannsakendur hafi neitað því alfarið að frásagnir sakborninganna hafi verið réttar.
2008. Þegar Sævar hafi dregið aftur játningar sínar fyrir Hæstarétti hafi hann lýst því yfir að hann hefði verið látinn játa á sig sakir og meðal annars hafi hann verið beittur líkamlegu ofbeldi af rannsóknarmönnum og fangavörðum. Í dæmaskyni hafi hann lýst atviki sem hafi átt sér stað í lok júlí 1976 þar sem hann hefði verið leiddur inn í sturtuklefa og honum dýft með valdi ofan í vatnsfylltan vask. Þótti ekki sannað fyrir dómi að umrætt atvik hefði átt sér stað enda hafi fangaverðir neitað því að það hefði gerst. Í viðtali starfshópsins við fangavörð³⁷⁴³ hafi komið fram að það hefði verið rætt meðal fangavarða að brjóta Sævar niður til að fá fram játningu með því að notfæra sér veikleika hans, en vitað hafi verið að hann væri vatnshræddur. Þá hafi fangavörðurinn orðið vitni að einu atviki þar sem höfði Sævars hafi verið dýpt í vatn til að hræða hann. Sú frásögn komi heim og saman við lýsingar Sævars. Þá hafi athugun starfshóps á dagbók fangelsisins leitt í ljós að dagana 26. og 27. júlí 1976 hafi þeir þrír fangaverðir sem Sævar hafi nafngreint í lýsingu sinni verið á vakt og hlutverkum þeirra rétt lýst. Jafnframt hafi þetta verið einu dagarnir í þessum mánuði þar sem skráð hafi verið að þeir þrír fangaverðir hafi verið saman á vakt. Þá komi enn fremur fram að í skrifum Sævars um atvikið sé getið um fleiri smáatriði sem unnt væri að staðfesta í dagbók fangelsisins, svo sem hver hafi leyst einn fangavörðinn af og hvaða lögreglumaður hafi verið í fangelsinu á tilteknum tíma.
2009. Í viðtölum starfshópsins hafi einnig komið fram upplýsingar frá umræddum fangaverði og öðrum³⁷⁴⁴ sem hafi stutt frásagnir Sævars þess efnis að ljós hafi meðal annars verið látið loga í klefa Sævars allan sólarhringinn yfir tveggja mánaða tímabil í byrjun árs 1976.

³⁷⁴³ Skýrsla starfshóps um Guðmundar- og Geirfinnsmál til innanríkisráðherra, bls. 376.

³⁷⁴⁴ Skýrsla starfshóps um Guðmundar- og Geirfinnsmál til innanríkisráðherra, bls. 378.

2010. Framangreindu til viðbótar vísa endurupptökubeiðendur til þeirra upplýsinga og skýrslna sem hafi legið fyrir í tengslum við fyrstu endurupptökubeiðni Sævars varðandi harðræði í Síðumúlafangelsinu. Þar hafi verið veittar upplýsingar um truflanir á svefni Sævars, ítrekaða notkun á fótajárnum og handjárnnum og margt fleira.
2011. Að mati endurupptökubeiðenda fela hinir nýju framburðir fangavarðanna í skýrslu starfshópsins og nýr samanburður frásagna við dagbók Síðumúlafangelsins í sér upplýsingar sem hafi ekki legið fyrir þegar dómur hafi fallið í málinu og þær skipti verulegu máli. Upplýsingarnar renni stöðum undir staðhæfingar sakborninga um harðræði í Síðumúlafangelsinu en þegar dómur hafi gengið í málinu virtist einmitt hafa verið byggt á því að sönnur fyrir harðræði hafi ekki verið færðar fram. Það liggi fyrir að harðræðisrannsóknin hafi verið framkvæmd á sínum tíma fyrst og fremst til að kanna hvort grundvallarmannréttindi sakborninga hefðu verið virt og játningar verið gefnar við eðlilegar aðstæður. Í forsendum Hæstaréttar hafi sérstaklega verið vísað til niðurstöðu harðræðisrannsóknarinnar og þess að ekki hafi sannast frekara harðræði en að einn kinnhestur hafi verið gefinn Sævari en þá hafi hann þegar verið búinn að játa. Þannig hafi þær forsendur verið lagðar til grundvallar af hálfu dómara að harðræði hafi ekki verið beitt svo áhrif hefði og játningar gefnar við eðlilegar aðstæður. Endurupptökubeiðendur telja að þessar forsendur hafi haft veruleg áhrif á sönnunarmat dómara, svo sem mat á játningum og afturköllunum þeirra. Nýjar upplýsingar sem renni stöðum undir staðhæfingar sakborninga um ítrekað reglubundið harðræði séu augskýrlega þess eðlis að þær hefðu gert það að verkum að fyrrgreindar forsendur hefðu ekki verið lagðar til grundvallar af hálfu dómara heldur hefðu þeir getað metið gildi játninga að teknu tilliti til þess óeðlilega umhverfis sem þær hafi verið gefnar í.
2012. Af hálfu endurupptökubeiðenda fjalla þau um að sú skipan opinbers valds sem ríkti á tíma rannsóknar og málsmeðferðar Guðmundar- og Geirfinnsmálanna hafi haft veruleg áhrif á rannsókn og meðferð málanna fyrir sakadómi. Á umræddum tíma hafi verið í gildi meginregla réttarríkisins um sjálfstæðan og óvilhallan dómstól. Þrátt fyrir það hafði viðgengist á grundvelli heimilda í þágildandi lögum um meðferð opinberra mála að sami maður kæmi að málum bæði á rannsóknarstigi og í dómstörfum. Eimdi þannig enn eftir af rannsóknarréttarfari á Íslandi. Í Guðmundar- og Geirfinnsmálunum hafi fulltrúar í sakadómi og dómara verið sjálfir mjög virkir á rannsóknarstigi málsins eins og gögn málsins beri með sér.
2013. Hæstiréttur hafi kveðið upp dóm 9. janúar 1990 í máli nr. 120/1989. Þar hafi verið komist að þeirri niðurstöðu að það fæli ekki í sér nægilega tryggingu fyrir óhlutdrægni í dómstörfum að sami maður kæmi að rannsókn og dómstörfum. Þegar þessi dómur hafi verið kveðinn upp hefðu lög um meðferð opinberra mála verið óbreytt frá því að Guðmundar- og Geirfinnsmálin hafi verið til rannsóknar og meðferðar. Af þessu leiði að ekki verði talið að sakadómur, sem hafi fjallað um Guðmundar- og Geirfinnsmálin, bæði á rannsóknar- og ákærustigi, hafi verið sjálfstæður og óvilhallur. Dómarafulltrúar og fjölskipaður sakadómur hafi ekki verið bærir til þess að gæta óhlutdrægni enda hafi þeir verið í þeirri stöðu að dæma um eigin verk á rannsóknarstigi. Verulegir annmarkar hafi verið á þeim verkum, til að mynda hafi verið fyrir hendi vanræksla við

að skrá bókanir og rannsaka atriði sem hafi stutt sakleysi sakborninga og algert aðgerðarleysi gagnvart brotum á lágmarksmannréttindum sakborninga. Telja verði að þetta ástand, sem síðar hafi verið dæmt ólöglegt, hafi haft áhrif á niðurstöðu málsins.

IV.2. Mat á áreiðanleika framburða dómfelldu í Guðmundar- og Geirfinnsmálum

2014. Endurupptökubeiðendur rekja að í tengslum við vinnu starfshópsins hafi Gísli H. Guðjónsson verið fenginn til þess að meta áreiðanleika framburða og játningar dómfelldu. Gísli og Jón Friðrik Sigurðsson hafi unnið þann hluta skýrslunnar.
2015. Við sálfræðilegt mat á áreiðanleika framburðar Sævars hafi verið haft til hliðsjónar að hann hafi setið í gæsluvarðhaldi vegna rannsóknar á Guðmundar- og Geirfinnsmálunum í 1.533 daga, þar af hafi hann verið vistaður 615 daga í einangrun í Síðumúlafangelsi, eða frá 12. desember 1975 til 22. febrúar 1980. Sævar hafi aðeins verið 20 ára gamall þegar fyrsta yfirheyrslan yfir honum um hvarf Guðmundar hafi farið fram í Síðumúlafangelsi 21. desember 1975.
2016. Í umfjöllun sinni hafi Gísli og Jón Friðrik tekið saman að sjö sálrænar og aðstæðubundnir þættir hafi verið meginástæður þess að Sævar hafi játað aðild sína að Guðmundar- og Geirfinnsmálunum. Fyrstu fimm þættirnir séu aðstæðubundnir og snerti yfirheyrslur og gæsluvarðhald, en tveir síðustu séu sálrænar þættir sem snerti persónulegar aðstæður Sævars, eiginleika hans og takmarkanir.
2017. Í fyrsta lagi hafi það verið aðdragandi játninga í málunum tveimur. Játningarnar hafi báðar verið gerðar eftir neitun hans og í kjölfar einangrunar og margra langra yfirheyrslna. Þá hafi hann einnig breytt framburði sínum þegar hann hafi fengið að vita að Erla Bolladóttir hafi flækt hann í málin. Í Guðmundarmálinu sé líklegt að þessar aðstæður hafi veikt viðnámsþrótt, gert hann óruggan um það sem hafi verið í vændum og hann óttast að neitun hans yrði ekki tekin trúanleg. Þegar hann hafi játað í Geirfinnsmálinu hafi hann verið undir miklum þrýstingi við yfirheyrslur í Guðmundarmálinu og það hafi án efa haft áhrif á ástand hans og dómgreind.
2018. Í öðru lagi hafi Sævar átt nokkurn sakaferil að baki. Snemma hafi borið í æsku á andfélagslegri hegðun Sævars. Hann hafi verið virkur í afbrotum þegar hann hafi verið handtekinn vegna póstsvikamálsins og hafði verið undir eftirliti lögreglu í nokkurn tíma. Þá hafi hann nokkru áður verið yfirheyrður vegna fíkniefnasmygls og rannsakendur virtust hafa álitnið hann líklegan til að geta framið alvarlegt afbrot eins og manndráp. Þetta hafi án efa ýtt undir það að rannsakendur hafi ekki tekið mark á honum þegar hann hafi neitað sök eða dregið framburð sinn til baka.
2019. Í þriðja lagi hafi Sævar verið yfirheyrður mjög oft og lengi í báðum þessum málum líkt og áður greinir. Þessi fjöldi yfirheyrslna og heildartímalengd sé einstaklega mikil og valdið mjög mikilli hættu á „spillíáhrifum“ og óáreiðanlegum framburði. Hinar fjölmörgu samprófanir og ferðir út úr fangelsinu hafi aukið enn á þessa hættu.
2020. Í fjórða lagi sé ljóst að sumir rannsakendur og fangaverðir í Síðumúlafangelsi hafi haft mjög neikvæð viðhorf til Sævars og hann verið beittur illri meðferð í fangelsinu. Alþekkt sé að þess háttar aðferðir, svo sem að dýfa höfði Sævars í kalt vatn, vitandi að

Sævar hafi verið vatnshræddur, og halda vöku fyrir honum í langan tíma, séu til þess fallnar að brjóta fanga niður og fá þá til að játa.

2021. Í fimmta lagi virtist sem Sævar hafi haft takmarkaðan stuðning af lögmanni sínum meðan á gæsluvarðhaldsvistun í Síðumúlafangelsi stóð og ef marka megi dagbók fangelsisins virtist hann hafa haft fremur neikvætt viðhorf til Sævars. Þá hafi sakborningnum verið stundum meinaður aðgangur að lögmanni.
2022. Í sjötta lagi skipti máli í þessu samhengi samband Sævars við Erlu og að hann hafi verið barnsfaðir hennar. Þrátt fyrir að samband þeirra hafi verið stormasamt um þær mundir er Sævar hafi verið handtekinn í desember 1975 geti framburður hennar gegn honum hafa haft mikil áhrif á hann því hún vissi töluvert um hann, afbrot hans og áhugamál. Einmitt vegna þessa geti verið að rannsakendur hafi talið framburð hennar gegn honum áreiðanlegan og trúað henni frekar en honum.
2023. Í sjöunda lagi hafi persónuleikavandamál Sævars og aðrir sálrænir veikleikar hans án efa haft mikil áhrif á hegðun hans í gæsluvarðhaldinu og samskipti, bæði við rannsakendur og fangaverði. Matið hafi leitt í ljós slaka greind, litla dómgreind og „djúpstæðar truflanir“ í persónuleika, sem hafi lýst sér í tillitsleysi, vanmetakennd, óöryggi og andfélagslegri hegðun, en þrátt fyrir það hafi Sævar reynt að ráðskast með þá sem hafi gert umrætt mat og verið tungulipur. Óöryggi Sævars og lítil dómgreind gæti hafa haft þau áhrif að hann hefði reynt að upphefja sjálfan sig bæði í augum félaga sinna og rannsakenda. Þessi sálrænu veikleikar hans hafi leitt til þess að honum hafi ekki verið treyst og hann álitinn mun hættulegri en hann hafi verið í raun og veru. Þessir neikvæðu eiginleikar hafi leitt Sævar inn í lygavef sem hafi orðið æ flóknari með tímanum, ýtt undir neikvæðar skoðanir rannsakenda á honum og gert stöðu hans sífellt verri. Þar af leiðandi, jafnvel þótt hann hafi sagt satt frá sé líklegt að honum hafi ekki verið trúað, framburði hans hafnað og hann sagður rangur.
2024. Framangreindir höfundar hafi komist að þeirri niðurstöðu að það væri hafið yfir allan skynsamlegan vafa að framburðir Sævars í Guðmundar- og Geirfinnsmálunum, bæði hjá lögreglu og fyrir dómi, hafi verið óáreiðanlegir.
2025. Þá eru raktar ályktanir Gísla og Jóns Friðriks um framburði dómfellda:
2026. Aðstæður Sævars í gæsluvarðhaldi hafi verið erfiðar. Hann hafi margsinnis verið yfirheyrður og þær stundum staðið lengi yfir. Þá hafi hann verið vistaður óhóflega lengi í einangrun, sem geti hafa haft slæm áhrif á hann. Þá hafi legið fyrir neikvæð viðhorf sumra fangavarda og rannsakenda til hans og vísbendingar séu um illa meðferð í fangelsinu. Samband hans og Erlu og það að hún hafi vitnað gegn honum hafi án efa sett hann í erfiða stöðu og margar vísbendingar séu um að honum hafi liðið illa í gæsluvarðhaldinu. Þá sé líklegt að persónuleikavandamál hans og sálfræðilegar takmarkanir hafi gert Sævari erfitt fyrir, svo og takmarkaður lögfræðilegur og tilfinningalegur stuðningur meðan á þessu hafi staðið. Þá hafi framburður hans verið mjög óstöðugur því hann hafi ýmist játað eða neitað aðild að málunum tveimur, ekki hafi reynst unnt að staðfesta trúverðugleika framburðar hans, ekki hafi verið um

staðfestan brotavettvang að ræða og ekki hafi tekist að finna lík manna tveggja, þrátt fyrir margar og langar yfirheyrslur og vettvangsferðir.

2027. Ekki sé þörf á að aðskilja málin tvö þegar ályktað sé um áreiðanleika framburðar Sævars og engar vísbendingar séu um að hann hafi þjáðst af minnisvafaheilkenni (e. memory distrust syndrome) eins og sumir hinna sakborninganna í Guðmundar- og Geirfinnsmálunum. Játningar Sævars í báðum málunum beri þess merki að hann hafi látið undan þrýstingi rannsakenda vegna þess að hann hafi ekki ráðið við þrýstinginn. Sævar virtist hafa játað aðild að málunum báðum með skammtímaávinning í huga, það er til þess að losna undan þrýstingi við yfirheyrslurnar og til að draga úr vanlíðan sinni.
2028. Þá hafi það verið mat Gísla og Jóns Friðriks að niðurstöður Guðmundar- og Geirfinnsmálanna beri þrjú megininkenni sem oft sjáist í málum þar sem um ranga sakfellingu hafi verið að ræða: 1) fyrirframákveðin sekt sakbornings, 2) óeðlilegar þvinganir og 3) spilliáhrif.
2029. Að mati endurupptökubeiðenda er þessi niðurstaða í samræmi við efni fræðigreinarinnar *The Role of Memory Distrust in Cases of Internalised False Confession* sem fjallar fyrst og fremst um játningar sakborninga í Guðmundar- og Geirfinnsmálunum.
2030. Af hálfu endurupptökubeiðenda er ljóst að á grundvelli nýrrar þekkingar sé það niðurstaða sérfræðinga varðandi áreiðanleika játninga Sævars að það sé hafið yfir allan skynsamlegan vafa að framburðir hans í Guðmundar- og Geirfinnsmálunum, bæði hjá lögreglu og fyrir dómi, hafi verið óáreiðanlegir. Það sé líka hafið yfir allan skynsamlegan vafa að framburðir annarra sakborninga, bæði hjá lögreglu og fyrir dómi, hafi verið óáreiðanlegir að undanskildum Guðjóni Skarphéðinssyni en framburðir hans hafi verið metnir falskir. Jafnframt hafi verið komist að þeirri niðurstöðu að fimm af hinum sex dómfelldu hafi þjáðst af minnisvafaheilkenni.
2031. Með vísan til framangreinds er því að mati endurupptökubeiðenda bersýnilega ljóst að enginn af framburðum sakborninganna í Guðmundar- og Geirfinnsmálum sé þess eðlis að hann hefði átt að geta legið til grundvallar sakfellingum.
2032. Af hálfu endurupptökubeiðenda er á því byggt að ekki hafi legið fyrir sérstakt mat á áreiðanleika framburða dómfelldu þegar dómur hafi verið kveðinn upp í sakadómi og síðar í Hæstarétti. Þá hafi slíkt mat ekki heldur legið fyrir þegar fyrri endurupptökubeiðnir hafi verið til úrlausnar. Til þess hafi verið vísað í úrlausn Hæstaréttar frá 18. mars 1999 vegna síðari endurupptökubeiðni Sævars að sérstök rannsókn á áreiðanleika skýrslna sem hann hafi gefið fyrir lögreglu og dómi við rannsókn og meðferð málsins lægi ekki fyrir. Þá hafi komið fram í forsendum ákvörðunar Hæstaréttar frá 22. júní 2000 vegna endurupptökubeiðni Erlu Bolladóttur að ekki hafi verið leiddar líkur að því að háttsemi og hugmyndir rannsakenda hafi orðið þess valdandi að rangur framburður Erlu hafi komið til. Ekkert hafi komið fram sem gæfi tilefni til þess að fram færi frekari gagnaöflun vegna þess. Af þessum ummælum Hæstaréttar verði ekki annað ráðið en að sjálfstætt mat á áreiðanleika

framburða dómfelldu í Guðmundar- og Geirfinnsmálunum teljist nýtt gagn í skilningi a-liðar 1. mgr. 211. gr. laga um meðferð sakamála sem réttlætt geti endurupptöku málanna.

2033. Slíkt sérstakt mat á áreiðanleika framburða dómfelldu í málunum liggja nú fyrir og sé niðurstaða þess afdráttarlaus. Þá liggja fyrir sérstök fræðigreini þar sem sömu framburðir séu andlag skoðunar en þar hafi niðurstaðan verið sú sama. Það hafi verið afdráttarlaus niðurstaða í fræðigreininni að framburðir og játningarnar, sem hafi verið grundvöllur sakfellinga, séu óáreiðanlegar. Að teknu tilliti til alls framangreinds liggja fyrir að hin nýju mót séu ný gögn í skilningi a-liðar 1. mgr. 211. gr. laga um meðferð sakamála sem jafnframt leiði verulegar líkur að því að rangt mat hafi verið lagt á sönnunargögn í skilningi c-liðar 1. mgr. 211. gr. sömu laga.

IV.3. Önnur ný gögn á grundvelli upplýsingaöflunar starfshópsins

2034. Endurupptökubeiðendur vísa einnig í skýrslu starfshópsins þar sem víða sé að finna tilvísanir til upplýsinga sem hafi komið fram í svokölluðum núllskjölum. Af þeim tilvísunum og annarri umfjöllun í skýrslunni megi ráða að í mörgum tilvikum hafi núllskjöl málsins að geyma upplýsingar varðandi málsatvik sem líklegt sé að hefðu skipt máli fyrir niðurstöðu um sök ef skjölin hefðu legið fyrir dómurum áður en dómur hafi gengið. Þá sé ljóst að í þeim viðtölum sem starfshópurinn hafi tekið, meðal annars við dómfelldu, rannsakendur, fangaverði og aðra einstaklinga sem hafi talið sig hafa upplýsingar um málið, hafi einnig komið fram upplýsingar varðandi málsatvik sem líklegt sé að hefðu skipt máli. Í endurupptökubeiðni er vísað til þessara nýju upplýsinga sem varpi til að mynda frekara ljósi á tilhögun yfirheyrslna og rannsóknar, harðræði í Síðumúlafangelsinu og fleira.
2035. Starfshópurinn hafi jafnframt fengið aðgang að dagbókum þeirra Tryggva Rúnars og Guðjóns sem þeir hafi haldið í Síðumúlafangelsinu meðan á rannsókn hafi staðið. Í dagbókunum sé meðal annars að finna upplýsingar sem hafi verið nýttar sem andlag mats á áreiðanleika framburða dómfelldu í málunum og upplýsingar um yfirheyrslur og viðtöl yfir dómfelldu sem hafi ekki legið fyrir í opinberum gögnum.
2036. Endurupptökubeiðendur telja þá umfjöllun um efni núllskjala, viðtala starfshópsins og dagbóka vera ný gögn í skilningi a-liðar 1. mgr. 211. gr. laga um meðferð sakamála.
2037. Þá telja endurupptökubeiðendur að umfjöllunin í skýrslunni gefi að minnsta kosti tilefni til frekari rannsóknar. Af framkvæmd megi ráða að a-liður 1. mgr. 211. gr. laga um meðferð sakamála hafi verið túlkaður á þá leið að það sé nægilegt að í beiðni dómfellds manns um endurupptöku komi fram upplýsingar sem geti fallið undir ákvæðið og dómfelldi telji að hafi skipt máli fyrir niðurstöðu málsins. Á grundvelli þess sé það háð mati endurupptökunefndar hvort þörf sé á því að rannsaka nánar tilgreind atriði eða að aflað verði frekari sönnunargagna, samanber 3. mgr. 213. gr. laga um meðferð sakamála, samanber ákvarðanir Hæstaréttar nr. 122/1989 frá 17. desember 1987 og nr. 71/2001 frá 16. maí 2007.

IV.4. Samantekt

2038. Allt frá sakfellingum í Guðmundar- og Geirfinnsmálunum hafi þau sjónarmið ítrekað komið fram að margt hafi farið alvarlega úrskeiðis við rannsókn málsins og margir dregið í efa að hinir dómfelldu hafi í raun gerst sekir um þá háttsemi sem þeir hafi hlotið dóma fyrir. Sú skoðun sé útbreidd í þjóðfélaginu að réttarkerfið hafi brugðist.
2039. Á grundvelli víðtækrar gagnaöflunar hafi starfshópurinn komist yfir mikið magn af nýjum upplýsingum sem varpi ljósi á hvernig staðið hafi verið að hinni upphaflegu rannsókn málanna. Niðurstaða starfshópsins hafi verið afgerandi um þá misbrestir sem hafi verið á framkvæmd rannsóknarinnar, svo sem varðandi tilhögun yfirheyrslna, skýrslutaka og viðtala, beitingu harðræðis og fleira. Þá hafi að auki verið gert sérstakt mat á áreiðanleika framburða sakborninganna í málunum en slíkt mat hafi aldrei legið fyrir.
2040. Nú séu ýmsar staðreyndir þekktar sem síðari tíma rannsóknir og fyrri endurupptökubeiðnir hafi leitt í ljós sem ekki hafi legið fyrir þegar dómur féllu í Guðmundar- og Geirfinnsmálunum.
2041. Í fyrsta lagi liggi nú fyrir afdráttarlaus niðurstaða fræðimanna þess efnis að framburðir og játningar allra sakborninga hafi verið óáreiðanlegar og því ekki tækur grundvöllur sakfellingar. Þá sé ljóst að allir dómþolar hafi dregið játningar sínar til baka með einum eða öðrum hætti og margir þeirra háð mikla og opinbera baráttu fyrir því að fá nafn sitt hreinsað allt frá því að dómur hafi fallið.
2042. Í öðru lagi hafi síðari rannsóknir á málinu leitt í ljós að rannsókn hafi verið verulega gölluð líkt og áður greinir. Dæmi sé um óskráðar langar og ítrekaðar yfirheyrslur og viðtöl og fjölda vettvangsferða og samprófana. Þannig hafi umfang yfirheyrslna og samskipta milli rannsakenda og sakborninga verið miklum mun víðtækara en dómur hafi verið upplýstir um og hafi fyrirbyggjandi upplýsingar gefið skakka mynd af því hvernig framburður sakborninga hafi komið til og þróast. Þá hafi sakborningar verið beittir margvíslegu harðræði, þeir látnir sæta gæsluvarðhaldsvist í gríðarlega langan tíma og þeim gefin lyf sem séu nú meðal annars talin geta haft sljóvgandi áhrif og skert viðnámsþrótt. Jafnframt hafi viðhorf rannsakenda og fangaverða gagnvart sakborningum verið mjög neikvætt. Þess vegna megi meðal annars draga í efa að grundvallarréttindi sakborninga, svo sem að vera álitnir saklausir uns sekt hafi verið sönnuð, hafi verið virt. Þá dragi hið neikvæða viðhorf úr trú á að þeir hafi virt skyldu sína til að rannsaka jafnt atriði sem gætu hafa leitt til sektar og sýknu sakborninga.
2043. Í þriðja lagi hafi nokkur af þeim vitnum sem hafi komið fyrir dóm lýst því yfir að framburðir þeirra hafi verið rangir, svo sem [SÓH], [EJR] og [SM].
2044. Að öllu framangreindu virtu megi ætla að niðurstaða Hæstaréttar í máli nr. 214/1978 hefði verið önnur ef þær upplýsingar og þau gögn sem nú liggi fyrir hefðu legið fyrir við upphaflega meðferð málsins og farið hefði verið að lögum við rannsókn og meðferð þess. Því ber að endurupptaka málið í samræmi við beiðni endurupptökubeiðenda.

V. Viðhorf gagnaðila

2045. Í umsögn setts ríkissaksóknara, dagsettri 2. júlí 2015, telur hann skilyrði c-liðar 1. mgr. 211. gr. laga um meðferð sakamála vera uppfyllt að því er varðar sakfellingu dómfellda fyrir brot gegn 218. og 215. gr. almennra hegningarlaga. Jafnframt að verulegar líkur séu leiddar að því að sönnunargögn sem færð hafi verið fram í málinu hafi verið rangt metin svo að áhrif hafi haft á niðurstöðu þess.
2046. Af hálfu setts ríkissaksóknara er í þessari þriðju endurupptökubeiðni dómfellda að sumu leyti vísað til gagna og málsástæðna sem Hæstiréttur hafi þegar tekið afstöðu til í ákvörðunum sínum varðandi fyrri tvær endurupptökubeiðnir hans. Af hálfu setts ríkissaksóknara kemur fram að fyrri afstaða Hæstaréttar til röksemda endurupptökubeiðanda yrði til grundvallar nema að því leyti sem rýmri endurupptökuheimildir gefi tilefni til annars eða eitthvað nýtt hafi komið fram sem gefi tilefni til að meta þær með öðrum hætti en Hæstiréttur hafi nú þegar gert.
2047. Settur ríkissaksóknari leggur áherslu á að til endurupptöku máls nægi að eitt skilyrði 1. mgr. 211. gr. laga um meðferð sakamála sé uppfyllt. Jafnframt gerir hann þá athugasemd að þær röksemdir sem endurupptökubeiðendur hafi byggt á séu einungis að takmörkuðu leyti heimfærðar undir tiltekna liði ákvæðisins.

V.1. Rannsóknin

2048. Í endurupptökubeiðni hafi verið fjallað um umfang yfirheyrslna og viðtala við sakborninga og ljóst að mikill fjöldi yfirheyrslna og viðtala hafi verið óformlegur og því ekki getið í því ágrípi sem hafi farið fyrir dómara málsins.
2049. Fyrir liggja að yfirheyrslur yfir dómfellda hafi verið mun fleiri en upplýsingar hafi legið fyrir um þegar dómur hafi verið kveðinn upp í málinu. Sambærilegum röksemdum hafi verið haldið fram í fyrstu endurupptökubeiðni Sævars frá 23. nóvember 1993 og hafi Hæstiréttur tekið afstöðu til þeirra í ákvörðun sinni frá 15. júlí 1997. Þar hafi Hæstiréttur komist að þeirri niðurstöðu að við úrlausn málsins hafi legið fyrir að lögregluskýrslur hafi ekki verið gerðar við öll tækifæri eða þegar lögreglumenn og gæsluvarðhaldsfangar ræddust við utan fangaklefa og leiði fangelsisdagbækurnar því ekki ný atvik í ljós.
2050. Skýrsla starfshóps innanríkisráðherra hafi veitt vísbendingar um að fjöldi yfirheyrslna hafi verið meiri en áður hafi verið talið. Á hinn bóginn hafi þetta að talsverðu leyti komið fram þá þegar í fyrstu endurupptökubeiðni dómfellda og hafi verið tekin afstaða til þess í ákvörðun Hæstaréttar frá 15. júlí 1997. Í fyrirbyggjandi beiðni um endurupptöku hafi þessi röksemd verið sett fram með almennum hætti og skorti á að sundurgreint sé frekar hvaða gögn í beiðninni séu talin ný um þetta atriði og ekki hafi legið fyrir þegar Hæstiréttur hafi tekið ákvörðun um fyrri endurupptökubeiðni dómfellda. Verður endurupptaka málsins að mati setts ríkissaksóknara að svo stöddu ekki reist sjálfstætt á þessari röksemd.
2051. Endurupptökubeiðendur hafi einnig vísað til þess að sakborningum hafi ekki verið kynntur réttur sinn með fullnægjandi hætti.

2052. Í ákvörðun Hæstaréttar frá 15. júlí 1997 hafi verið tekið undir að misbrestur hafi verið á því að gætt hafi verið hverju sinni að því að gera sakborningum grein fyrir réttarstöðu sinni við skýrslugjöf. Rétturinn hafi litið svo á að þetta hafi legið ljóst fyrir við dómsúrlausn málsins og vísi í þeim efnum í niðurlag dóms Hæstaréttar. Því hafi Hæstiréttur ekki talið að um nýjar upplýsingar hafi verið að ræða.
2053. Ekki hafi frekar verið rökstutt í endurupptökubeiðni hvaða atriði í skýrslunni hvað þetta varðar sem komi til viðbótar því sem þegar hafi legið fyrir þegar tekin hafi verið afstaða til fyrstu endurupptökubeiðni dómfellda og sem geri það að verkum að meta beri þetta með öðrum hætti nú en þá hafi verið gert. Verði endurupptaka máls dómfellda því ekki reist á þessari röksemd einni sér.
2054. Þá hafi endurupptökubeiðendur gagnrýnt þær yfirheyrslur sem teknar hafi verið af dómfellda þannig að þær hafi ítrekað staðið yfir í lengri tíma en sex klukkustundir og leitast hafi verið við að hafa spurningar óskýrar og villandi.
2055. Í ákvörðun Hæstaréttar frá 15. júlí 1997 hafi þegar verið tekin afstaða til þess að yfirheyrslur hafi ítrekað staðið yfir í lengri tíma en sex klukkustundir í einu. Við úrlausn málsins hafi legið fyrir að yfirheyrslur hafi í einhverjum tilvikum staðið lengur yfir en heimilt hafi verið að lögum og hafi rétturinn vísað í þeim efnum í niðurlag dóms Hæstaréttar.
2056. Af hálfu setts ríkissaksóknara verður ekki séð að ný gögn eða upplýsingar séu komin fram um þetta málefni sem ekki hafi legið fyrir við dómsuppsögu eða við afgreiðslu Hæstaréttar á fyrri endurupptökubeiðnum dómfellda. Þessar röksemdir gefi því ekki tilefni til að meta möguleg áhrif þessara misbresta á niðurstöðu málsins með öðrum hætti nú og heldur ekki tilefni til endurupptöku málsins.
2057. Þá hafi ekki verið lögð fram nein gögn varðandi þær yfirheyrsluaðferðir sem hafi verið notaðar eða það að leitast hafi verið við að hafa spurningar óskýrar og villandi. Verður endurupptaka málsins því ekki reist á þeirri röksemd.
2058. Endurupptökubeiðendur hafi byggt á því að alvarlegir misbrestir hafi verið á því að boða réttargæslumenn og verjendur til yfirheyrslna. Af hálfu setts ríkissaksóknara er bent á að byggt hafi verið á sambærilegum rökum í fyrstu endurupptökubeiðni dómfellda og hafi Hæstiréttur tekið afstöðu til þeirra í ákvörðun sinni frá 15. júlí 1997. Þar komi fram að sakborningarnir hafi margsinnis gefið skýrslur án þess að réttargæslumaður hafi verið viðstaddur en Hæstiréttur hafi lagt mat á það við úrlausn málsins hvort þetta hafi samrýmst þágildandi lagaákvæðum. Hafi rétturinn talið að ekki hafi verið vísað til nýrra upplýsinga sem máli gætu skipt og því ekki talið þessi rök gefa tilefni til endurupptöku.
2059. Af hálfu setts ríkissaksóknara er gerð grein fyrir því að endurupptökubeiðendur hafi ekki vísað til nýrra gagna varðandi þetta atriði sem gefi tilefni til þess að víkja frá fyrra mati Hæstaréttar varðandi áðurnefnda annmarka.
2060. Því næst hafi endurupptökubeiðendur vísað í forsendur Hæstaréttar og haldið því fram að þótt dómurum hafi verið kunnugt um einhver brot gegn réttindum sakborninga hafi þeim hvergi nærri verið ljóst umfang þeirra.

2061. Af hálfu setts ríkissaksóknara er framangreind röksemd endurupptökubeiðenda almenn og skarast að nokkru marki við röksemdir sem fram hafi komið og varði meðferð málsins. Ýmsar vísbendingar hafi komið fram um að Hæstiréttur hafi ekki verið nægjanlega upplýstur um umfang annmarkanna sem hafi verið á rannsókn málsins þegar dómur hafi verið kveðinn upp í málinu. Aftur á móti hafi ýmis gögn verið lögð fram síðar í tengslum við fyrri endurupptökubeiðni dómfellða og Erlu Bolladóttur. Fyrsta endurupptökubeiðni dómfellða hafi verið mjög umfangsmikil og hafi talsmaður hans lagt fram töluvert af nýjum gögnum við úrlausn beiðninnar. Í raun sé það svo að Hæstiréttur hafi þar tekið afstöðu þeirra annmarka sem hafi verið á rannsókn málsins og ekki talið að þeir ættu að leiða til þess að málið skyldi tekið upp að nýju.
2062. Þá hafi endurupptökubeiðendur að mestu látið nægja að vísa til niðurstöðu skýrslu starfshópsins í þessum efnum í heild. Niðurstaða skýrslunnar varði meðferð málsins í heild, en margt í skýrslunni varði þó ekki dómfellða sérstaklega þótt mál hans sé vissulega fyrirferðarmeira en annarra. Ekki hafi verið sundurgreint frekar í beiðninni hvaða atriði það séu sem endurupptökubeiðendur telji að Hæstarétti hafi ekki verið kunnugt um þegar dómur hafi verið kveðinn upp eða eftir atvikum þegar tekin hafi verið afstaða til fyrri endurupptökubeiðna. Settur ríkissaksóknari telur að endurupptaka málsins verði ekki reist á slíkri almennri tilvísun til niðurstöðu nefndrar skýrslu í heild. Þannig hafi ekki verið sýnt fram á í beiðninni að tilefni sé að víkja frá fyrra mati Hæstaréttar varðandi áður nefnda annmarka.
2063. Í endurupptökubeiðni hafi því verið haldið fram að Hæstiréttur hafi ekki lagt réttar forsendur til grundvallar þegar hann hafi lagt mat á afturköllun játninga dómfellða. Sambærilegum röksemdum hafi verið haldið fram í fyrstu endurupptökubeiðni dómfellða. Í ákvörðun Hæstaréttar frá 1997 hafi sagt að ekki sé hægt að leggja þann skilning í bréf Arnar Höskuldssonar, sem vikið hafi verið að af hálfu endurupptökubeiðenda, að dómfelldi hafi reynt að draga framburð sinn til baka í umræddri skýrslutöku. Hafi rétturinn talið að umræddar röksemdir hafi því ekki gefið tilefni til endurupptöku málsins. Endurupptökubeiðendur hafi ekki lagt fram ný gögn nú sem gefi tilefni til að vikið sé frá fyrra mati Hæstaréttar hvað varði þessar röksemdir.
2064. Þá hafi endurupptökubeiðendur vísað í dagbækur Síðumúlafangelsisins þar sem fyrir komi nokkrar færslur sem lýsi mjög neikvæðum viðhorfum rannsakenda, fangaverða og lögmans Sævars til hans. Byggt hafi verið á því að upplýsingar um þessa neikvæðu afstöðu rannsóknaraðila og fangavarða í garð Sævars hafi ekki legið fyrir dómurum þegar dómur hafi verið kveðinn upp í málinu.
2065. Rakið er að hálfu setts ríkissaksóknara að í gögnum málsins í heild séu ýmsar vísbendingar um að rannsakendur hafi haft mikla trú á sekt sakborninga og það hafi mótað rannsóknaraðferðir þeirra að nokkru marki. Settur ríkissaksóknari mun ekki skera úr um það hvort gengið hafi verið svo langt að brotinn hafi verið réttur dómfelldi á sínum tíma samkvæmt framangreindum meginreglum, en bendir á að jafnvel þótt unnt væri að líta svo á leiði það ekki sjálfkrafa til endurupptöku málsins

nema sýnt sé fram á að þetta atriði hafi haft verulega þýðingu fyrir úrslit málsins fyrir Hæstarétti.

2066. Vikið er að því að umræddar dagbækur hafi verið lagðar fram við úrlausn fyrstu endurupptökubeiðni dómfellda. Þar hafi Hæstiréttur komist að þeirri niðurstöðu að ummælin um dómfellda hafi borið vitni um afstöðu fangavarða til hans, sem með engu móti hafi getað samrýmt stöðu þeirra. Hæstiréttur hafi talið að jafnvel þótt framangreindar athugasemdir hefðu legið fyrir við úrlausn málsins, hafi ekki verið líklegt að þær hefðu skipt máli fyrir niðurstöðu um sök dómfellda. Í beiðninni nú hafi ekki verið leidd að því rök að tilefni sé til að víkja frá þeirri niðurstöðu og verður endurupptaka málsins ekki reist sjálfstætt á þessu atriði.
2067. Því næst hafi af hálfu endurupptökubeiðenda verið byggt á því að í skýrslu starfshópsins hafi komið fram nýjar upplýsingar um harðræði sem dómfelldi hafi verið beittur í Síðumúlafangelsinu.
2068. Ásakanir dómfellda um harðræði hafi fljótlega komið fram. Í svokallaðri harðræðisrannsókn hafi fangaverðir og ýmsir þeir sem hafi farið með rannsókn málsins verið yfirheyrðir. Í megindráttum hafi þessir aðilar skýrt frá með sama hætti og við rannsókn máls í héraði, og sé sú rannsókn rakin ítarlega í héraðsdómi, en þó hafi komið fram nokkur ný atriði. Í dómi Hæstaréttar hafi sagt að af gögnum máls yrði ráðið að við sampröfun hafi dómfelldi verið lostinn kinnhesti. Um aðdraganda þessa séu skýrslur taldar óljósar en þær bendi til þess að dómfelldi hafi verið æstur og órór við yfirheyrslu. Síðan segi að rannsókn hafi ekki leitt annað harðræði í ljós. Þá hafi þess meðal annars verið getið að fangaverðir hafi haldið dómfellda vakandi, valdið hávaða í grennd við klefa hans og slökkvari hafi verið gerður óvirkur. Síðan hafi sagt í dóminum að viðkomandi fangaverðir og rannsóknarmenn hafi alfarið neitað að þessar frásagnir væru réttar.
2069. Í endurupptökumáli Sævars frá 1994 hafi verið lögð fram endurrit úr dagbók Síðumúlafangelsisins sem forstöðumaður þess lét í té til afnota í málinu. Nánari skoðun hafi leitt í ljós að í endurritinu sem lagt hafi verið til grundvallar við fyrrgreinda harðræðisrannsókn hafi ekki verið greint frá færslum í dagbókinni um átta atriði varðandi aðbúnað dómfellda og agaviðurlög gagnvart honum. Í þessum færslum frá árinu 1976 hafi meðal annars verið greint frá því að dómfelldi hafi verið settur í handjárn og fótajárn, sviptur tóbaki, hlutir fjarlægðir úr klefa hans, hann sviptur lesefni og svo framvegis.
2070. Í ákvörðun Hæstaréttar frá 1997 hafi verið talið ljóst að dómfelldi hefði sætt ólögmati meðferð í gæsluvarðhaldsvist í Síðumúlafangelsi í nokkuð meira mæli en kunnugt hafi verið um við úrlausn málsins. Þá beri færslur í dagbók fangelsisins vitni um afstöðu fangavarða til dómfellda sem með engu móti hafi samrýmt stöðu þeirra. Þrátt fyrir þetta hafi niðurstaða Hæstaréttar orðið sú að þótt vitneskja um þessi atriði hefði legið fyrir hafi ekki verið talið líklegt að það hefði skipt máli fyrir niðurstöðu málsins um sök dómfellda. Meginástæðan hafi verið sú að þessi meðferð hafi öðrum fremur varðað tímabil í gæsluvarðhaldsvist dómfellda sem hafi annars vegar verið nokkrum mánuðum eftir að hann hafi gefið skýrslur þar sem hann hafi játað aðild að hvarfi

Guðmundar Einarssonar og borið einnig sakir á fjóra nafngreinda menn um aðild þeirra að hvarfi Geirfinns Einarssonar og hins vegar mörgum mánuðum áður en hann hafi gengist við aðild sinni að hvarfi Geirfinns.

2071. Þá hafi í endurupptökubeiðni verið vísað til nýrra upplýsinga um þetta sem vitni um harðræði sem dómfelldi hafi mátt þola í gæsluvarðhaldi, til viðbótar við það sem þegar hafi verið kunnugt um, líkt og hvað hafi komið fram í viðtölum starfshóps við fangaverði.
2072. Settur ríkissaksóknari bendir á að ýmsar áskanir af þessu tagi hafi áður verið til meðferðar í harðræðisrannsókninni frá 1979, auk þess sem upplýsingar sem hafi verið lagðar fram með beiðni Sævars frá 1994 varði að sumu leyti þessi atriði. Þessar upplýsingar sem endurupptökubeiðendur hafi nú talið nýjar um harðræði komi fram í sálfræðihluta skýrslu starfshópsins og hafi þar verið vísað til ummæla fangavarda sem starfshópurinn hafi talað við. Ekki komi þó skýrt fram við hverja hafi verið talað nákvæmlega eða hvort um sé að ræða sama fólk og hafi gefið fyrri yfirlýsingar um þessi mál og Hæstiréttur hafi þegar tekið afstöðu til, annars vegar í dómi sínum frá 1980 og hins vegar í ákvörðun sinni frá 1997. Því sé ókleift að meta hvort hér sé um nýjar upplýsingar að ræða sem veiti sterkar vísbendingar um að það harðræði sem dómfelldi hafi mátt þola hafi verið enn meira en kunnugt hafi verið um þegar Hæstiréttur hafi tekið afstöðu til endurupptökubeiðni dómfellda 15. júlí 1997. Ekki hafi verið rökstutt nægilega að mat Hæstaréttar í ákvörðuninni frá 1997 hafi verið augljóslega rangt og að „ný gögn“ í skýrslu starfshóps um harðræði gefi tilefni til að víkja frá því mati Hæstaréttar.
2073. Að lokum hafi endurupptökubeiðendur fjallað um tilhögun opinbers valds á tíma rannsóknar og málsmeðferðar Guðmundar- og Geirfinnsmálanna. Vísað hafi verið í niðurstöðu Hæstaréttar þann 9. janúar 1990 í máli nr. 120/1989 og komist að þeirri niðurstöðu að sakadómur, sem hafi rannsakað Guðmundar- og Geirfinnsmálin, bæði á rannsóknarstigi og ákærustigi gæti ekki talist sjálfstæður og óvilhallur.
2074. Að mati setts ríkissaksóknara hafi verið tekin afstaða til áþekkra athugasemda í ákvörðun Hæstaréttar frá 1997. Þar segi að breytingar sem hafi orðið á réttarfarslöggið og framkvæmd síðan dómur hafi verið kveðinn upp í málinu gefi ekki tilefni til endurupptöku málsins og talið að þessar athugasemdir geti ekki einar og sér réttlæt endurupptöku málsins. Að mati setts ríkissaksóknara eru ekki eru komin fram rök sem gefi tilefni til að meta þetta með öðrum hætti nú.

V.2. Önnur ný gögn á grundvelli upplýsingaöflunar starfshóps innanríkisráðherra

2075. Í endurupptökubeiðni hafi verið vísað til svonefndra núllskjala og því haldið fram að í skýrslunni komi fram upplýsingar úr þessum skjölum sem líklega hefðu skipt máli fyrir niðurstöðu um sök ef skjölin hefðu legið fyrir þegar dómur hafi gengið í málinu. Einnig hafi verið vísað til þeirra viðtala sem starfshópurinn hafi tekið, meðal annars við dómfelldu, rannsakendur, fangaverði og aðra einstaklinga sem hafi talið sig hafa upplýsingar um málið, og til dagbóka Tryggva Rúnars Leifssonar og Guðjóns Skarphéðinssonar.

2076. Endurupptökubeiðendur hafi þessi gögn ekki undir höndum og hafi því ekki lagt þau fram með beiðninni. Aftur á móti hafi endurupptökubeiðendur talið að um sé að ræða ný gögn í skilningi a-liðar 1. mgr. 211. gr. laga um meðferð sakamála.
2077. Gerð hafi verið grein fyrir því að til þess verði að líta að rannsókn Guðmundar- og Geirfinnsmálanna í heild hafi verið mjög viðamikil og við rannsóknina hafi orðið til gríðarlega mikið magn af gögnum og skjölum, þar á meðal margvísleg vinnugögn og önnur gögn sem ekki hafi sérstaka þýðingu fyrir niðurstöðu málsins. Því sé eðlilegt að ekki rati öll skjöl inn í málið. Þessum skjölum hafi að nokkru verið lýst í skýrslu starfshópsins. Endurupptökubeiðendur hafi vísað til þessara gagna í heild án þess að sundurgreina nokkuð hvað í þeim geti talist til nýrra gagna sem hafi verulega þýðingu varðandi sakfellingu dómfellda. Að áliti setts ríkissaksóknara verður endurupptaka málsins ekki reist á slíkri almennri tilvísun til þessara gagna.

V.3. Umfjöllun um gögn lögð fram með fyrri endurupptökubeiðni

2078. Af hálfu setts ríkissaksóknara er vísað til fyrri umfjöllunar um röksemdir er lúti að því að rannsókn málsins hafi verið gölluð, sem og eftirfarandi umfjöllunar um mat á áreiðanleika framburða dómfellda og annarra sakborninga í Guðmundar- og Geirfinnsmálunum.
2079. Hvað varði yfirlýsingar [SÓH], [EJR] og [SM] um að fyrri framburðir hafi ekki verið réttir þá hafi þær, ásamt fleiri yfirlýsingum, verið lagðar fram í tilefni af fyrstu endurupptökubeiðni dómfellda. Hæstiréttur hafi hvorki talið að þessar yfirlýsingar né önnur gögn sem þá hafi verið lögð fram hafi gefið tilefni til endurupptöku. Hafi ekki verið talið hægt að byggja á breyttum framburði [EJR] og [SM] sem hefði komið fram 23 árum eftir umræddan atburð. [SÓH] hafi dregið framburð sinn til baka við meðferð málsins í október 1977 en hvorki héraðsdómur né Hæstiréttur hafi talið að breyting á framburði hans hafi átt við nokkur rök að styðjast. Hæstiréttur hafi byggt á þessari niðurstöðu í ákvörðun sinni frá 1997 í tilefni af fyrri endurupptökubeiðni dómfellda. Endurupptökubeiðendur hafi ekki lagt fram nein ný gögn sem gefi tilefni til þess að víkja frá mati Hæstaréttar varðandi umræddar yfirlýsingar. Verði endurupptaka málsins því ekki reist á þeim.
2080. Að mati setts ríkissaksóknara kemur ekkert fram í samantekt endurupptökubeiðanda um þetta efni, til viðbótar við það sem tekin hafi verið afstaða til, sem gefur tilefni til þess að málið verði endurupptekið.

V.4. Um sálfræðimat í skýrslu starfshóps innanríkisráðherra

2081. Af hálfu setts ríkissaksóknara eru veigamestu sönnunargögnin, sem liggja sakfellingu dómfellda til grundvallar vegna þátttöku í dauða Guðmundar Einarssonar, játningar hans og framburður annarra. Virtist mega ganga út frá því að sakfelling hefði vart komið til greina án þessara játninga og framburða. Hið sama gildi um sakfellingu dómfellda fyrir þátttöku í dauða Geirfinns Einarssonar en nokkuð ljóst sé að hún hafi byggst nánast eingöngu á játningum hans og framburði annarra sakborninga í málinu. Þótt Hæstiréttur hafi jafnframt bent á nokkur atriði sem hafi þótt styðja við sakfellingu megi leiða að því verulegar líkur að sakfelling hefði vart komið til greina án þessara

játninga og framburða. Þá virtist sakfelling Sævars fyrir rangar sakargiftir annars vegar hafa verið byggð á játningum hans sjálfs og hins vegar framburðum Kristjáns Viðars og Erlu um þátt hans í að bendla fjórmenningana við dauða Geirfinns.

2082. Niðurstaða sálfræðilegs mats á áreiðanleika framburðar dómfellda og annarra sakborninga í málinu hafi byggst á margs konar gögnum sem liggja fyrir í málunum tveimur, svo sem lögregluskýrslum, dómi Hæstaréttar, geðskýrslum um fimm sakborninga, fyrri endurupptökubeiðnum Sævars og Erlu, harðræðisrannsókninni frá 1979, upplýsingum frá Fangelsismálastofnun ríkisins um gæsluvarðhalds- og afplánunarvistir sakborninganna, færslum um sakborningana í dagbókum Síðumúlafangelsisins þegar þeir hafi verið vistaðir þar í gæsluvarðhaldi eða verið færðir þangað til yfirheyrslu, og fjölda annarra málgagna. Matið hafi einnig byggst á gögnum og upplýsingum sem hafi sérstaklega verið aflað við rannsókn starfshópsins, svo sem viðtölum við þá sakborninga sem enn séu á lífi, viðtölum við nokkra rannsakendur og fangaverði og á dagbókum tveggja sakborninga, Guðjóns Skarphéðinssonar og Tryggva Rúnars Leifssonar, sem þeir hafi ritað í gæsluvarðhaldinu. Til hliðsjónar hafi verið bækur og greinar sem hafi verið ritaðar um dómfelldu, blaðgreinar og fleira. Jafnframt hafi verið fjallað um ástæður þess að dómfelldi hafi játað aðild að Guðmundar- og Geirfinnsmálunum út frá fræðilegri umgjörð um játningar. Þá hafi einnig verið dregnar ályktanir um framburð dómfellda sem þegar hafa verið raktar.
2083. Sakfelling dómfellda hafi nánast eingöngu byggst á játningum hans og framburði annarra sakborninga. Sé tekið tillit til þess sem fram komi í skýrslunni þá standi því sem næst ekkert eftir sem grundvöllur sakfellingar nema yfirlýsingar sakborninganna sem sagðar hafa verið óáreiðanlegar eða falskar. Niðurstöður sálfræðimatsins séu mjög skýrar.
2084. Af hálfu setts ríkissaksóknara virðist einkum koma til greina að fella umrætt sálfræðimat undir a- eða c-lið 1. mgr. 211. gr. laga um meðferð sakamála, eða eftir atvikum báða.
2085. Áréttað er að sálfræðimatið sé hluti af skýrslu starfshópsins. Sálfræðimat þetta hafi þannig augljóslega ekki legið fyrir við uppkvaðningu dómsins, hvorki í sakadómi né Hæstarétti. Þá hafi það hvorki legið fyrir þegar Hæstiréttur hafi tekið ákvörðun um endurupptökubeiðni Erlu Bolladóttur með ákvörðun sinni frá 22. júní 2000 né við ákvörðun vegna endurupptökubeiðna dómfellda frá 15. júlí 1997 og 18. mars 1999. Að mati setts ríkissaksóknara sker það þó ekki eitt og sér úr um það hvort sálfræðimatið teljist sem slíkt nýtt gagn í skilningi a-liðar 1. mgr. 211. gr. laga um meðferð sakamála. Ástæðan sé sú að sálfræðimatið sé í öllum þýðingarmestu atriðum byggt á gögnum og upplýsingum sem hafi legið fyrir þegar dómarnir hafi upphaflega verið kveðnir upp eða eftir atvikum þegar Hæstiréttur hafi tekið afstöðu til fyrri endurupptökubeiðna. Megi í því efni minna á að Hæstiréttur hafi beinlínis tekið afstöðu til þýðingar ýmissa þeirra atriða sem matsgerðirnar séu reistar á og þýðingar þeirra fyrir áreiðanleika játninganna. Þannig segi í dómi Hæstaréttar um I. kafla ákæru frá 16. mars 1977: „D.l. Í úrlausn um I. kafla ákæru 8. desember 1976 hér að framan er

vikið að rannsóknum, er fram fóru bæði fyrir uppsögu héraðsdóms og eftir gagnert vegna áburðar ákærðu á hendur rannsóknarmönnum og fangavörðum. Eins og þar greinir, leiða þessar umfangsmiklu rannsóknir eigi í ljós, að þeir annmarkar séu á rannsókn málsins, sem valdi því, að játningar hinna ákærðu Kristjáns og Sævars verði út af fyrir sig eigi lagðar til grundvallar við úrlausn máls þessa. Um afturköllun þeirra á fyrri framburðum er þess að geta, að þeir höfðu margsinnis endurtekið játningar sínar, bæði fyrir rannsóknarlögreglumönnum og dómurum, stundum að viðstöddum verjendum. Hurfu þeir ekki frá játningum sínum, fyrr en alllangt var liðið á rannsókn málsins og eftir að ákæru voru gefnar út og mál gegn þeim þingfest. Ýmislegt er í frásögn þeirra, sem ekki gat verið frá öðrum komið en þeim sjálfum. Ráða má af gögnum máls, að hinir ákærðu hafa mjög leitað að fyrri bragði eftir viðtölum við rannsóknarmenn og að skýrslur yrðu af þeim teknar. Hinir ákærðu tóku þátt í sviðsetningu atburða í Dráttarbrautinni hinn 23. janúar 1977 og voru þá virkir, að því er ráða má af rannsóknargögnum, um að skýra frá staðsetningu ökutækja, stöðu einstakra manna í viðureign við Geirfinn Einarsson og ýmislegt annað, er varðar vettvangsviðburði. Enn er þess að geta, að ákærði Guðjón hefur haldið fast við framburð sinn, og ýmis gögn önnur benda ótvírætt til, að ákærðu hafi verið í Dráttarbrautinni í Keflavík umrætt kvöld.“

2086. Þá fyrir liggja að sumu leyti einnig „ný gögn“ sem aflað hafi verið sérstaklega við rannsókn starfshópsins, svo sem með viðtölum við þá sakborninga sem enn séu á lífi, viðtölum við nokkra rannsakendur og fangaverði er hafi komið til viðtals við starfshópin eða höfunda þessarar skýrslu, og dagbókum tveggja sakborninga, það er Guðjóns Skarphéðinssonar og Tryggva Rúnars Leifssonar, sem þeir hafi ritað í gæsluvarðhaldinu um líðan sína, hugsanir og ýmsa atburði. Þessi gögn, sem innihaldi aðallega afstöðu þeirra sjálfra til sakfellinganna eða frásagnir og upprifjanir á löngu liðnum atburðum, geti heldur ekki talist ný gögn í máli dómfellda sem ein og sér geti orðið grundvöllur endurupptöku að álitu setts ríkissaksóknara þar sem ekki verði séð að þau gætu hafa haft verulega þýðingu fyrir málið þótt þau hefðu legið fyrir við uppkvaðningu dóms. Vegna þessa sé það lagalegt álitamál hvort sálfræðimatið, að því marki sem það hafi verið byggt á gögnum sem hafi verið þekkt þegar dómur hafi verið kveðinn upp, eða eftir atvikum þegar Hæstiréttur hafi tekið afstöðu til fyrri beiðna, geti talist til nýrra gagna í skilningi a-liðar 1. mgr. 211. gr. laga um meðferð sakamála og sem skipt hefðu verulega miklu fyrir niðurstöðu málsins ef þau hefðu komið fram áður en dómur hafi gengið.
2087. Hvað varði c-lið 1. mgr. 211. gr. laga um meðferð sakamála er tekið fram af hálfu setts ríkissaksóknara að sakfelling dómfellda hafi nánast eingöngu byggst á játningu hans sjálfs og framburðum annarra dómfellda. Komi þá til skoðunar hvort líta megi svo á að með sálfræðimatinu hafi verið leiddar að því verulegar líkur að játningar dómfellda, Sævars, og framburður annarra dómfellda um þátt hans í þeim brotum sem hann hafi verið sakfelldur fyrir, sem nánast einu sönnunargögnin í málinu, hafi verið rangt metinn þannig að áhrif hafi haft á niðurstöðu málsins.
2088. Endurupptökunefnd sé heimilt að fallast á endurupptöku máls ef verulegar líkur séu leiddar að því að sönnunargögn sem færð hafi verið fram í máli hafi verið rangt metin

svo að áhrif hafi haft á niðurstöðu þess, samanber c-lið 1. mgr. 211. gr. laga um meðferð sakamála. Umrætt ákvæði hafi komið inn í lög nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála með breytingalögum nr. 36/1999. Í greinargerð með frumvarpinu komi fram að rétt hafi þótt að bæta við heimild til að taka mál upp að nýju í því skyni að endurmeta sönnunargögn. Að mati setts ríkissaksóknara getur þetta vart komið til greina nema við sérstakar aðstæður, án þess að það sé skýrt frekar. Þannig megi vera ljóst að ætlan löggjafans hafi verið að skýra ætti þetta ákvæði þröngt. Þá komi einnig fram að fyrirmyndir hafi að nokkru verið sóttar í 3. tölul. 1. mgr. 977. gr. dönsku réttarfarslaganna og 2. mgr. 392. gr. norsku laganna um meðferð sakamála. Í hinu fyrrnefnda ákvæði sé vísað til sérstakra aðstæðna, líkt og gert sé í greinargerð með frumvarpi til íslensku laganna. Í dönskum fræðiritum komi fram að þetta ákvæði sé hugsað sem öryggisventill og því skuli aðeins beitt af varfærni. Þetta sé undantekningarákvæði sem geri bæði kröfu um að sérstakar ástæður séu fyrir hendi og að það séu verulegar líkur á því að sönnunargögn hafi verið rangt metin í málinu. Ákvæðið beri því að túlka þröngt, líkt og það íslenska.

2089. Hið síðarnefnda ákvæði sé áþekkt. Norska ákvæðið hafi verið túlkað þannig að nýtt mat sérfræðinga á sönnunargögnum sem hafi legið fyrir við uppkvaðningu dóms (og séu þannig ekki ný) geti orðið grundvöllur endurupptöku, samanber Rt. 2002, bls. 860 og Rt. 2000, bls. 2142.
2090. Í ljósi þess að c-liður 1. mgr. 211. gr. laga um meðferð sakamála sé meðal annars byggður á fyrirmyndum frá Noregi þyki verða að skýra það þannig að nýtt mat sérfræðinga á sönnunargögnum sem hafi legið sakfellingu til grundvallar í dómi Hæstaréttar frá 1980 geti orðið grundvöllur að endurupptöku málsins. Á hinn bóginn sé einnig lögð áhersla á að þetta geti aðeins átt við sérstakar aðstæður. Þannig hafi þetta verið talið eiga við þegar DNA-rannsóknir sýni að lífsýni (sem tengd hafi verið við dómfellda með eldri rannsóknaraðferðum) geti ekki verið frá dómfellda og útiloki þannig sekt hans. Í slíkum tilfellum sé um að ræða nýja þekkingu og bættu vísindalega eða fræðilega rannsóknarhætti sem óumdeilt sé að skili mjög öruggum niðurstöðum. Við ákveðnar aðstæður af þessu tagi sýni skýrslur sérfræðinga fram á með nánast óyggjandi hætti að mat sönnunargagna hafi verið rangt og leitt til rangrar sakfellingar. Þekkt séu fjölmörg dæmi, meðal annars frá Noregi (Sigrid-hluti Moen-málsins), þar sem skýrslur sérfræðinga um slík efni, og sem feli í sér endurskoðað mat á eldri sönnunargögnum, hafi orðið grundvöllur að endurupptöku máls og leitt til sýknu þeirra sem áður hafi ranglega verið sakfelldir.
2091. Að mati setts ríkissaksóknara kemur til athugunar hvort mat sálfræðinga geti haft sama eða svipað vægi og DNA-rannsóknir, eða aðrar slíkar vísindalegar rannsóknir sem sammæli sé um að skili næsta öruggum niðurstöðum.
2092. Af hálfu setts ríkissaksóknara er þess getið að annars vegar séu rök sem veiki sálfræðimatið og hins vegar rök sem séu því til styrkingar.
2093. Að mati setts ríkissaksóknara veikja sálfræðimatið þeir þrír fyrirvarar sem höfundar þess hafi gert við niðurstöður sínar og þau gögn sem þær séu byggðar á. Fyrirvararnir lúti í fyrsta lagi að þeim tíma sem hafi liðið milli atburða og upprifjunar í viðtali, sem

geti auðveldlega leitt til þess að frásagnir fólks verði ónákvæmar, því almennt versni minni fólks með tímanum. Minni sakborninga um sum málsatvik geti hafa dofnað, þótt líklegt sé að minni þeirra á helstu atburði hafi verið rétt. Þá sé vitað að aukaatriði geti gleymst og aðalatriði spillst í minni fólks vegna truflandi áhrifa upplýsinga sem síðar berist. Í öðru lagi sá fyrirvari að talið sé óráðlegt að treysta eingöngu á framburð sakborninga við svona mat. Í þriðja lagi séu birtar tilvitnanir úr lögregluskýrslum og öðrum málsgögnum í sálfræðimatinu án þess að vísað sé nákvæmlega til viðeigandi skjala og blaðsíðunúmera. Að mati setts ríkissaksóknara leiða þessir tveir fyrstu fyrirvarar til þess að niðurstöður matsins, að því leyti sem það sé byggt á brigðulu minni dómfelldu eða annarra, verði veikari en ella. Þriðji fyrirvarinn leiði til þess að örðugleikar séu á að sannreyna við hvaða gögn nákvæmlega niðurstöðurnar séu studdar.

2094. Að mati setts ríkissaksóknara veikir það jafnframt sálfræðimatið að það sé annars eðlis en til að mynda DNA-rannsóknir. Mögulega megi færa fyrir því rök að dómstólar verði að fara varlega í að taka sálfræðiskýrslur gildar með sama hætti og slíkar rannsóknir. Mat sálfræðinga á sannleiksgildi munnlegra yfirlýsinga sem gefnar hafi verið fyrir lögreglu eða dómi sé á endanum á hendi dómstóla og séu þeir ekki bundnir af mati sérfræðinga á því. Mat á áreiðanleika játninga og framburða í þessu máli sé á hendi endurupptökunefndar og eftir atvikum dómstóla, en sálfræðimötin séu mikilvæg gögn við það mat. Þá sé einnig ástæða til að setja ýmsa fyrirvara við það að nota síðar tilkomnar sálfræðilegar athuganir á dómfellda til að grafa undan sakfellingu hans. Þetta megi vafalaust réttlæta í sumum tilvikum, en sé ávallt nokkuð áhættusamt. Fyrst megi nefna þann langa tíma sem kunni að líða frá því að atburðir hafi gerst og þar til sálfræðimatið hafi farið fram. Þetta geti augljóslega grafið undan gildi matsins. Í öðru lagi þurfi sálfræðingur að byggja mat sitt á viðtölum, meðal annars við dómfellda sjálfan eða aðra sem taldir séu geta vitnað um ástand viðkomandi á þeim tíma sem um ræðir. Þannig sé ekki óvarlegt að ganga almennt út frá því að það sem dómfelldur maður segi sé í þágu hans sjálfs og þess markmiðs að grafa undan eigin játningum. Ekki sé ástæða til annars en að ætla að sálfræðingarnir sem hafi unnið matið hafi verið meðvitaðir um þetta. Að mati setts ríkissaksóknara sé engu að síður rétt að halda þessu til haga þar sem meðal annars af þessum ástæðum sé sálfræðilegt mat á áreiðanleika framburðar manns í vísindalegu tilliti annars eðlis en til dæmis DNA-rannsóknir. Á hinn bóginn sé það ekki skilyrði samkvæmt c-lið 1. mgr. 211. gr. laga um meðferð sakamála að vissa sé fyrir því að sönnunargögn hafi verið rangt metin, heldur nægi að leiða að því verulegar líkur. Engu að síður sé óhjákvæmilegt að beita niðurstöðum slíks sálfræðimats með öðrum og ef til vill gagnrýnni hætti en til að mynda niðurstöðum DNA-rannsóknar.

2095. Að lokum veikir það sálfræðimatið að mati setts ríkissaksóknara þegar ályktað sé um áreiðanleika framburðar dómfellda að ekki sé þörf á að aðskilja málin tvö, það er Guðmundarmálið annars vegar og Geirfinnsmálið hins vegar. Þá segi að engar vísbendingar hafi verið um að dómfelldi hafi þjáðst af minnisvafaheilkenni eins og sumir hinna sakborninganna. Talið sé að játningar dómfellda í báðum þessum málum beri þess merki að hann hafi látið undan þrýstingi rannsakenda vegna þess að hann

hafi ekki ráðið við þrýstinginn. Dómfelldi virtist hafa játað aðild að málunum báðum með skammtímaávinning í huga, það er til þess að losna undan þrýstingi við yfirheyrslur og til að draga úr vanlíðan sinni.

2096. Í þessum efnum er bent á af settum ríkissaksóknara að aðstæður dómfellda hafi tæpast verið sambærilegar í málunum tveimur. Upphaf málsins varðandi hvarf Guðmundar Einarssonar megi rekja til framburðar Erlu Bolladóttur frá 20. desember 1975 þar sem hún hafi sagt frá atburðum aðfaranætur 27. janúar 1974. Dómfelldi hafi fyrst verið yfirheyrður vegna hvarfs Guðmundar Einarssonar 22. desember 1975 en þá hafði hann setið í gæsluvarðhaldi í tíu daga vegna póstsvikamálsins. Strax í þeirri yfirheyrslu hafi hann skýrt frá atburðum á sömu lund og Erla hafði gert. Sú frásögn hans hafi verið mjög lík þeirri sem hann hafi gefið loks á dómþingi sakadóms 29. mars 1977 og þeirri atburðarás sem sakadómur og Hæstiréttur hafi lagt til grundvallar þegar dómfelldi og aðrir sakborningar í málinu hafi verið sakfelldir. Sama megi segja um framburð annarra sakborninga í Guðmundarmálinu, en þeir hafi allir mjög fljótlega borið á sama eða svipaðan veg um atburði næturinnar.
2097. Í þeim þætti málsins sem varði hvarf Geirfinns Einarssonar hafi aðstæður verið með nokkuð ólíkum hætti. Upphaf þess máls megi einnig rekja til framburðar Erlu 23. janúar 1976 er hún hafi greint frá atburðum sem hafi átt að gerast 19. nóvember 1974. Fyrstu mánuðina eftir að rannsókn á hvarfi Geirfinns hafi hafist hafi dómfelldi, Kristján Viðar Viðarsson og Erla öll borið um að svokallaðir „fjórmenningar“, það er Einar Bollason, Magnús Leópoldsson, Sigurbjörn Eiríksson og Valdimar Olsen, hafi átt þátt í dauða Geirfinns. Þau hafi síðar verið sakfelld fyrir að bera rangar sakir á þessa fjóra menn. Af hálfu setts ríkissaksóknara er á það bent að þrátt fyrir að dómfelldi ásamt Kristjáni Viðari og Erlu hafi játað að hafa farið til Keflavíkur strax í fyrstu yfirheyrslu þann 22. janúar 1976 hafi sú frásögn verið að mörgu leyti ólík þeirri sem síðar hafi komið fram. Í fyrstu yfirheyrslunni hafi dómfelldi lýst því til að mynda að Geirfinnur hafi dottið útbyrðis og druknað. Það sé ekki síðan fyrir en í yfirheyrslum 27. og 28. október 1976 sem dómfelldi komi fram með frásögn sem svipi til þeirrar sem hafi verið lögð til grundvallar við sakfellinguna, en þá hafði hann verið í gæsluvarðhaldi í um það bil tíu mánuði. Þá frásögn hafi hann ítrekað í yfirheyrslum og loks á dómþingi sakadóms 20. og 21. júní 1977. Þótt einhverjar breytingar hafi orðið á frásögninni fram að dómþingi sakadóms hafi hún í stórum dráttum verið mjög lík þeirri sem fram hafi komið í lok október 1976.
2098. Af hálfu setts ríkissaksóknara megi ráða af þessu að talsvert mikill munur hafi verið á aðdraganda þess að dómfelldi hafi játað aðild að þessum málum. Í þeim þætti málsins sem varði hvarf Guðmundar komi sú frásögn, sem í meginatriðum hafi verið lögð til grundvallar sakfellingu, strax fram í fyrstu yfirheyrslu yfir honum. Hann hafði á hinn bóginn setið í gæsluvarðhaldi í tíu mánuði (að stærstum hluta í einangrun) þegar hann hafi komið fram með þá frásögn um hvarf Geirfinns sem svipi til þeirrar sem að lokum hafi verið lögð til grundvallar sakfellingu í þeim þætti málsins. Að mati setts ríkissaksóknara má færa rök fyrir því að þeir framburðir, sem sakfelling dómfellda byggðist á fyrir þátt hans í hvarfi í Guðmundar, hafi verið komnir fram að miklu leyti áður en þær forsendur, sem niðurstaða sálfræðimatsins sé reist á, gætu átt við um

dómfellda. Í öllu falli virðist ljóst að þær forsendur hafi ekki verið komnar fram með jafn miklum þunga og síðar hafi orðið þegar hann játaði þátt sinn í dauða Geirfinns. Sálfræðimatið sé því ekki nógu skýrt að þessu leyti.

2099. Enn fremur er af hálfu setts ríkissaksóknara talið veikja sálfræðimatið að í skýrslunni sé ekki fjallað sérstaklega um framburð dómfellda varðandi þær röngu sakargiftir sem hann hafi verið sakfelldur fyrir. Í þeim hluta sálfræðimatsins sem fjalli um dómfellda sérstaklega sé hvergi berum orðum vikið að áreiðanleika framburða hans í þessum þætti málsins, hvorki að því er varði upphaflegar yfirlýsingar hans um þau efni né beinar játningar hans sjálfs síðar um að hann hafi gegn betri vitund borið sakir á fjórmeningana. Af hálfu setts ríkissaksóknara er bent á að Erla hafi ítrekað haft í frammi hinar röngu sakargiftir áður en aðstæður þær sem niðurstöður sálfræðimatsins séu aðallega reistar á gætu hafa átt við um hana. Því telur settur ríkissaksóknari að sá hluti sálfræðimatsins sem fjalli um Erlu, þar sem framburðir hennar sé taldir óáreiðanlegir, hafi fyrst og fremst þýðingu við mat á sönnunargögnum sem hafi legið til grundvallar sakfellingu annarra sakborninga fyrir þátt þeirra í hvarfi Guðmundar annars vegar og Geirfinns hins vegar. Af hálfu setts ríkissaksóknara er aftur á móti ekki talið að með sálfræðimatinu, eins og það liggja fyrir nú, hafi verið leiddar „verulegar“ líkur að því að játningar dómfelldu, um að hafa gegn betri vitund borið sakir á fyrrgreinda fjórmeninga, hafi verið ranglega metnar sem sönnunargögn, eins og áskilið sé í c-lið 1. mgr. 211. gr. laga um meðferð sakamála. Þessi niðurstaða um játningar og framburð Erlu skiptir að áliti setts ríkissaksóknara einnig máli við mat á gildi játninga og framburða dómfelldu um þau sakarefni sem varði rangar sakargiftir.
2100. Að mati setts ríkissaksóknara styrkir það hins vegar í fyrsta lagi sálfræðimatið að falskar eða óáreiðanlegar játningar séu staðreynd. Rannsóknir á málum sem hafi verið endurupptekin þar sem óyggjandi DNA-rannsóknir hafi verið fyrir hendi sýni að aukin hætta sé á þeim við ákveðnar aðstæður. Aðstæður dómfellda hafi verið um margt áþekkar þeim aðstæðum sem rannsóknir hafi sýnt að skapi hættu á óáreiðanlegum eða jafnvel fölskum játningum. Samkvæmt öllum viðurkenndum mælikvörðum aukist hættan á fölskum játningum við þessar aðstæður. Í því sambandi sé bent á að mál þar sem DNA-rannsóknir liggja fyrir hafi verið fjölmörg og þessi mál geri kleift að rannsaka mögulegar ástæður falskra játninga og við hvaða aðstæður sé mest hætta á þeim. Sýnt hafi verið fram á að í málum þar sem DNA-rannsóknir liggja fyrir hafi um 15–20% falskra játninga eða yfirlýsinga verið að rekja til hvatningar eða þrýstings lögreglu. Ekki sé ástæða til að ætla að þetta hlutfall sé annað eða lægra í málum þar sem ekki hafi verið kostur á DNA-rannsóknunum.
2101. Í öðru lagi sé til þess að líta að gallar hafi verið á meðferð máls og hvernig aðstæður dómfellda hafi verið í gæsluvarðhaldi. Nokkrir þættir sem varði vistun dómfellda í gæsluvarðhaldi og aðstæður hans þar skipti máli við mat á gildi játninga dómfellda og framburðar hans sem sönnunargagn. Að mati setts ríkissaksóknara eru þessar aðstæður til þess fallnar að styrkja niðurstöður sálfræðimatsins, en þær hafi einnig sjálfstæða þýðingu við mat á gildi játninga og annars framburðar sem sönnunargögn, óháð niðurstöðum sálfræðimatsins. Í þessu sambandi verði að hafa eftirtalin atriði í huga:

2102. Annars vegar að dómfelldi hafi sætt gæsluvarðhaldi vegna Guðmundar- og Geirfinnsmálanna í 1.533 daga (frá 12. desember 1975 til 22. febrúar 1980), þar af hafi hann verið vistaður í 615 daga í einangrun í Síðumúlafangelsi. Dómfelldi hafi því sætt mjög langri einangrunarvist meðan meginþungi rannsóknar málsins hafi staðið yfir, það er frá því hann hafi fyrst verið úrskurðaður í gæsluvarðhald og þar til gefin hafi verið út framhaldsákæra í mars 1977. Lengd einangrunar hafi þannig farið talsvert út fyrir þau mörk sem nú séu almennt talin forsvaranleg. Sammæli séu um að einangrunarvist einstaklings dragi úr félagslegri og sálfræðilegri getu hans til að eiga marktæk samskipti við aðra og til að halda fullri geðheilsu. Algengar afleiðingar einangrunar geti verið allt frá svefnleysi og glötuðu tímaskyni til ofskynjana og hrakandi geðheilsu. Almennt sé viðurkennt að þessir áhættuþættir geti komið fram eftir aðeins fáa daga og þeir aukist með hverjum degi sem einstaklingur sé í einangrun. Þessi viðhorf hafi þegar komið fram í ýmsum ákvörðunum mannréttindanefndar Evrópu þegar mál dómfellda hafi verið til rannsóknar. Í þessum ákvörðunum hafi komið fram þau viðhorf að endurtekin einangrunarvist sé óæskileg, en Ísland hafi á þessum tíma verið skuldbundið að þjóðarétti til að hlíta ákvæðum mannréttindasáttmála Evrópu, þótt hann hafi ekki verið lögfestur í landsrétti. Styðji það eitt út af fyrir sig, eða komi til viðbótar niðurstöðum sálfræðimatsins, að varlega megi treysta sönnunargögnum sem aflað hafi verið við slíkar aðstæður.
2103. Hins vegar liggi fyrir skýrar vísbendingar um að dómfelldi hafi á köflum fengið allharkalega meðferð í gæsluvarðhaldinu. Um sumt hafi verið kunnugt þegar við uppkvaðningu dóms Hæstaréttar, en þar hafi framkoma fangavarðar þar sem dómfelldi hafi verið lostinn kinnhesti verið talin vítaverð. Þá sé þess að geta að í ákvörðun Hæstaréttar í tilefni af fyrri endurupptökubeiðni dómfellda hafi verið talið ljóst að dómfelldi hafi sætt ólögumætri meðferð í gæsluvarðhaldsvist í Síðumúlafangelsinu, einkum í apríl og maí 1976, í nokkuð meira mæli en kunnugt hafi verið um við úrlausn málsins. Þá sé tekið fram að í færslum í dagbók fangelsisins, sem ekki hafi verið greint frá í endurriti úr henni 13. júní 1977, hafi verið viðhöfð ýmis ótilhlýðileg ummæli um dómfellda og að þau beri vitni um afstöðu fangavarða til hans, sem með engu móti hafi samrýmst stöðu þeirra. Settur ríkissaksóknari mun þó ekki draga víðtækari ályktanir af fyrirliggjandi upplýsingum en Hæstiréttur hafi þegar gert. Engu að síður verði af þessu ráðið að meðferð dómfellda í gæsluvarðhaldi hafi á ýmsan hátt verið stórlega ábótavant. Við þetta bætist að vísbendingar séu um að aðstæður í Síðumúlafangelsinu hafi verið slæmar og hentað illa fyrir gæsluvarðhaldsfanga. Enn megi nefna að vitað sé að á skorti að yfstrustu reglum um meðferð opinberra mála hafi verið fylgt eins og æskilegt hefði verið. Þannig hafi verið misbrestur á að réttarstaða dómfellda sem sakbornings eða vitnis væri skýrð nægilega fyrir honum, mikill fjöldi skýrslutaka, viðtala og yfirheyrslna sem hafi ekki verið skráður á fullnægjandi hátt, yfirheyrslur hafi staðið stundum lengur en heimilt hafi verið, aðgengi að réttargæslumanni hafi verið takmarkað og svo framvegis. Með þessu tekur settur ríkissaksóknari ekki afstöðu til þess hvort meðferðin á dómfellda í gæsluvarðhaldi áður en mál hans hafi komið fyrir dóm hafi verið andstæð 3. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, enda komi margir þættir til skoðunar við mat á því og verði tæplega úr því

skorið með öruggri vissu svo löngu síðar. Þótt einstök atriði veiti sem slík ekki ein og sér nægilegan grundvöll til þess að málið verði endurupptekið, geri heildaráhrif allra þessara þátta það að verkum að játningar, sem og aðrar yfirlýsingar dómfellda, hafi fengist við aðstæður sem vitað sé að hafi verið til þess fallnar að grafa undan áreiðanleika þeirra. Þótt nú sé erfitt að slá því föstu að meðferðin á dómfellda hafi náð þeim þröskuldi sem miðað sé við í 3. gr. mannréttindasáttmála Evrópu eða eftir atvikum hvort brotinn hafi verið á dómfellda réttur samkvæmt 6. gr. sáttmálans ætti almenn þekking á neikvæðum áhrifum svo langrar einangrunar, sem og vitneskja sem nú liggja fyrir um þá hörðu kosti sem dómfelldi hafi mátt sæta í gæsluvarðhaldinu, að öðru leyti að veikja gildi sönnunargagna sem þannig hafi verið aflað, jafnvel þótt þau séu ekki alveg útilokuð. Leiði raunar af því auknar kröfur um að önnur sönnunargögn styðji við játningar eða yfirlýsingar, en engum slíkum sönnunargögnum sem óyggjandi geti talist sé til að dreifa í máli dómfellda.

2104. Í þriðja lagi hafi sálfræðiskýrslur og vitnisburðir verið lagðir til grundvallar við mat á endurupptökubeiðnum, samanber niðurstöðu norsku endurupptökunefndarinnar í Moen-málinu þar sem nýtt sérfræðimat á sönnunargögnum sem hafi legið fyrir þegar dómur hafi verið kveðinn upp hafi verið talið grundvöllur til endurupptöku og vísað til dómaframkvæmdar því til stuðnings. Í þeim dómum hafi aftur á móti ekki verið um að ræða sérfræðimöt sálfræðinga, en færa megi rök fyrir því að sambærileg rök gildi um slík sérfræðimöt. Þá megi geta þess að í Bretlandi hafi verið talið að sálfræðimat á áreiðanleika framburða geti gefið tilefni til að vefengja sakfellingar undirréttar, samanber Engin Raghip-málið og Pendleton-málið.
2105. Af hálfu setts ríkissaksóknara er ljóst að dómstólar hafi fallið frá fyrri niðurstöðu sinni vegna sálfræðimata um áreiðanleika framburða, líkt og það sem hér liggja fyrir. Það styðji þá niðurstöðu að Hæstarétti skuli veitt tækifæri til þess að leggja mat á sönnunargildi sálfræðimatsins og hvaða áhrif það hafi á játningar og aðra framburði sakborninganna.
2106. Í fjórða lagi hafi dómfelldi með annarri endurupptökubeiðni sinni frá 2. febrúar 1999 lagt meðal annars fram almennar rannsóknir á röngum og óáreiðanlegum játningum sem hafi sýnt fram á að rangar eða óáreiðanlegar játningar væru stundum gefnar án þess að annað harðræði kæmi til en að manni væri haldið í einangrun og á hann bornar sakir. Hæstiréttur hafi talið að almennar rannsóknir geti ekki einar og sér réttlætt endurupptöku og vísað sérstaklega til þess að Sævar hefði ekki óskað eftir því að sérstök rannsókn yrði gerð á áreiðanleika skýrslna, sem hann hafi gefið fyrir lögreglu og dómi við rannsókn og meðferð málsins. Þetta verði ekki skilið öðruvísi en svo að sérstakt sálfræðimat á áreiðanleika framburða dómfellda hefðu við úrlausn málsins getað haft þýðingu við mat á áreiðanleika játninga hans og annars framburðar.
2107. Að síðustu er af hálfu setts ríkissaksóknara áréttað að niðurstöður sálfræðimatsins séu mjög afdráttarlausar. Þar hafi sagt meðal annars um framburð dómfellda að það sé hafið yfir allan skynsamlegan vafa að framburðir Sævars í Guðmundar- og Geirfinnsmálunum, bæði hjá lögreglu og fyrir dómi, hafi verið óáreiðanlegir. Óhjákvæmilegt sé að svo skýrar niðurstöður sálfræðinganna fái talsvert vægi.

V.5. Niðurstaða

2108. Að mati setts ríkissaksóknara hvílir meginröksemd fyrir endurupptöku á gildi sálfræðimatsins. Önnur rök sem hafi verið færð fram í endurupptökubeiðni og gögn sem þar sé vísað til veiti ein og sér ekki nægilegan grundvöll til endurupptöku málsins að því er dómfellda varði.
2109. Af hálfu setts ríkissaksóknara er vafamál hvort sálfræðimatið geti talist „nýtt gagn“ í skilningi a-liðar 1. mgr. 211. gr. laga um meðferð sakamála, eðlilegra sé að meta þýðingu sálfræðimatsins í ljósi c-liðar 1. mgr. 211. gr. laga um meðferð sakamála þar sem niðurstöður þess feli í sér að líkur séu á að sönnunargögn, það er játningar dómfellda og framburður annarra sakfelldu um þátt hans í dauða Guðmundar og Geirfinns, sem hafi legið til grundvallar sakfellingu dómfellda, hafi verið rangt metin, svo að áhrif hafi haft á niðurstöðu málsins. Sálfræðimat þetta hafi hins vegar ekki verið svo einhlítt að með því hafi verið leiddar „verulegar“ líkur að því að játningar dómfelldu, um að hafa gegn betri vitund borið sakar á fyrrgreinda fjórmenninga, hafi verið ranglega metnar sem sönnunargögn, eins og áskilið sé í c-lið 1. mgr. 211. gr. laga um meðferð sakamála.
2110. Í refsirétti og sakamálaréttarfari gildi sú grundvallarregla að til þess að manni verði gerð refsing þurfi sekt hans að vera hafin yfir skynsamlegan vafa. Þótt þessari meginreglu verði ekki beitt fullum fetum við mat á því hvort skilyrðum endurupptöku sé fullnægt, meðal annars vegna ákvæða 212. gr. laga um meðferð sakamála um skyldu dómfellda til að rökstyðja endurupptökubeiðni ítarlega, megi hafa hana hér í huga.
2111. Í niðurstöðum sálfræðimatsins hafi játningar dómfellda verið taldar án nokkurs vafa óáreiðanlegar sem og framburðir hans og annarra sem sakfelling hafi verið byggð á. Þar sem sakfelling dómfellda hvíli því sem næst alfarið á þessum sönnunargögnum verði vart hjá því komist að líta svo á að með sálfræðimatinu hafi, einkum í þeim þætti málsins sem varði hvarf Geirfinns, verið leiddar „verulegar líkur að því að sönnunargögn sem færð voru fram í málinu hafi verið rangt metin svo að áhrif hafi haft á niðurstöðu þess“, samanber c-lið 1. mgr. 211. gr. laga um meðferð sakamála. Í því orðalagi felist að ekki sé gerð sú krafa að sá er beiðist endurupptöku sýni fram á að örugg vissa sé fyrir því að sönnunargögn hafi verið rangt metin þannig að áhrif hafi haft á niðurstöðu máls. Rök standi þannig til að mál þetta verði endurupptekið að því er varði sakfellingu dómfellda fyrir brot gegn 218. og 215. gr. almennra hegningarlaga og á málið verði lagður nýr dómur þar sem tekin verði afstaða til þess hvaða gildi sálfræðimatið hafi við mat á áreiðanleika játninga dómfellda og framburða annarra sakborninga.

VI. Athugasemdir endurupptökubeiðanda

2112. Í athugasemdum endurupptökubeiðenda, dagsettum 30. september 2015, er gerð krafa um að fram fari heildstætt mat á röksemdum og gögnum þegar lagt verði mat á það hvort skilyrðum fyrir endurupptöku sé fullnægt.
2113. Í umsögn setts ríkissaksóknara hafi verið að finna ítrekaðar tilvísanir til þess að ákveðnar röksemdir sem hafi verið byggt á í endurupptökubeiðni séu einar og sér eða sjálfstætt ekki nægjanlegar til að skilyrðum 1. mgr. 211. gr. laga um meðferð sakamála geti talist fullnægt. Settur ríkissaksóknari hafi lagt til grundvallar að heimilt væri að meta hverja og eina röksemd sjálfstætt þegar mat sé lagt á það hvort skilyrðum 1. mgr. 211. gr. laga um meðferð sakamála sé fullnægt án þess að taka tillit til allra röksemda og gagna sem hafi verið sett fram. Endurupptökubeiðendur mótmæla því að slíkt sé mögulegt og leggja mikla áherslu á að málatilbúnaður þeirra verði metinn heildstætt en ekki slitinn í sundur með þeim hætti sem settur ríkissaksóknari hafi gert.
2114. Að mati endurupptökubeiðenda verður ekki annað séð en að 1. mgr. 211. gr. laga um meðferð sakamála geri ráð fyrir því að mat á gögnum, háttsemi, sönnunargögnum og ágöllum rannsóknar sé heildstætt og ætla megi að það sama gildi um einstaka röksemdir sem allar hnígi í sömu átt. Endurupptökubeiðendur gera því þá kröfu að heildstætt mat verði lagt á þær röksemdir, þau sjónarmið og gögn sem hafi verið lögð fram til að styðja endurupptökubeiðni þeirra.
2115. Af hálfu endurupptökubeiðenda er byggt á því að skýrsla starfshóps um Guðmundar- og Geirfinnsmál til innanríkisráðherra frá 21. mars 2013 sé nýtt gagn í skilningi a-liðar 1. mgr. 211. gr. laga um meðferð sakamála. Ljóst sé að skýrslan innihaldi mikið magn af nýjum upplýsingum sem hefðu skipt verulega miklu fyrir niðurstöðu málsins. Að mati endurupptökubeiðenda má hvoru tveggja líta svo á að skýrslan sé í heild sinni nýtt gagn en jafnframt má líta svo á að einstakir þættir skýrslunnar, svo sem 18. og 19. kafli, séu sjálfstætt nýtt gagn í skilningi ákvæðisins.
2116. Þá byggja endurupptökubeiðendur meðal annars á því að ný gögn liggi nú fyrir í málinu varðandi rannsókn málsins sem hefðu haft veruleg áhrif á niðurstöðu málsins ef þau hefðu komið fram áður en dómur hafi gengið.

VI.1. Rannsóknin

2117. Af hálfu endurupptökubeiðenda verður ekki annað séð en að skýrslan veiti ekki aðeins vísbendingar líkt og settur ríkissaksóknari hafi talið heldur séu til staðar staðfestar nýjar upplýsingar um það hvernig framburðir hafi verið fengnir og hvernig þeir hafi þróast undir meðferð málsins. Þessar upplýsingar byggja á gögnum sem starfshópurinn hafi sótt úr ólíkum áttum í tengslum við vinnu hópsins. Þá hafi starfshópurinn gert samanburð á þeim gögnum sem hann hafi verið með undir höndum í því skyni að sannreyna réttmæti upplýsinganna. Því sé þannig hafnað að þessi röksemd um umfang yfirheyrslna og viðtala geti ekki sjálfstætt leitt til endurupptöku.
2118. Af hálfu endurupptökubeiðenda er ljóst að gögnin sem hafi legið til grundvallar vinnu starfshópsins hafi óneitanlega verið þess eðlis að teljast ný gögn í skilningi a-liðar 1. mgr. 211. gr. laga um meðferð sakamála enda innihaldi þau nýjar upplýsingar, sem

hafi ekki legið fyrir þegar málið hafi verið dæmt, um atriði er skipti verulegu máli fyrir niðurstöðu málsins. Þá hafi vinna starfshópsins verið þess valdandi að enn frekari nýjar upplýsingar liggi nú fyrir. Skýrsla starfshópsins geti því talist nýtt gagn í skilningi ákvæðisins enda sé þar að finna heildarsamantekt sem hafi ekki legið fyrir áður.

2119. Að mati endurupptökubeiðenda eru leiddar í ljós nýjar upplýsingar um veruleg brot gagnvart skráningu skýrslutaka og viðtala. Dómarar í málinu hafi því verið með rangar upplýsingar að þessu leyti og hafi því ekki getað annað en metið játningar sakborninga í málinu út frá röngum forsendum. Þar sem óumdeilt sé að sakfellingar í málinu hafi byggst á játningum sé ljóst að um sé að ræða nýjar upplýsingar sem hefðu bersýnilega haft veruleg áhrif á niðurstöðu málsins. Þá séu þessar upplýsingar jafnframt þess eðlis að þær styðji einnig endurupptöku málsins á grundvelli c-liðar 1. mgr. 211. gr. laga um meðferð sakamála, enda leiði þær verulegar líkur að því að sönnunargögn sem færð hafi verið fram í málinu, það er framburðir sakborninga, hafi verið rangt metin svo að áhrif hafi haft á niðurstöðu þess.
2120. Jafnframt vísa endurupptökubeiðendur til þess að ýmis önnur lögbundin réttindi sakborninga hafi verið brotin í tengslum við rannsókn málanna líkt og áður hefur verið rakið. Um þær röksemdir hafi settur ríkissaksóknari fjallað afmarkað við hverja og eina og komist að þeirri niðurstöðu að endurupptaka málsins yrði ekki reist sjálfstætt á neinni röksemd sem byggt hafi verið á. Afstöðu sína hafi settur ríkissaksóknari rökstutt með sama eða mjög sambærilegum hætti í öllum tilvikum. Þannig hafi hann vísað til þess að röksemdirnar geti sjálfstætt ekki leitt til endurupptöku. Þá hafi settur ríkissaksóknari vísað til þess að sundurgreining viðkomandi röksemdar sé ekki nægjanleg og að lokum vísað í nánast öllum tilvikum til þess að Hæstiréttur hafi tekið afstöðu til sambærilegrar röksemdar í ákvörðuninni frá 1997.
2121. Hvað varði sjónarmið setts ríkissaksóknara um að röksemdir geti ekki sjálfstætt leitt til endurupptöku er af hálfu endurupptökubeiðenda áréttað að leggja skuli heildstætt mat á röksemdirnar.
2122. Að því er varði kröfu setts ríkissaksóknara um frekari sundurgreiningu röksemda og enn fremur aðgreiningu þeirra frá fyrri ákvörðunum Hæstaréttar sé ljóst að í upphaflegum dómi Hæstaréttar hafi tilvísanir til brota við rannsókn málsins ekki verið sundurgreindar sérstaklega, samanber áður raktar tilvitnaðar forsendur Hæstaréttar í endurupptökubeiðni. Þá hafi einnig komið fram: „Vegna ummæla í málflutningi hér fyrir dómi þykir ástæða til að taka fram, að fangavörðum er eigi heimilt að hafa afskipti af rannsókn opinbers máls að eigin frumkvæði. Það er ámælisvert, að fangavörður laust einn hinn ákærðu kinnhest við yfirheyrslu, en ráðið verður af gögnum málsins, að framkoma fangans við rannsóknarmenn í umrætt skipti hafi verið vítaverð.“
2123. Af hálfu endurupptökubeiðenda er í fyrsta lagi ljóst að dómarar í Hæstarétti hafi vissulega verið grandsamir um einhver brot en þó aðeins fá og afmörkuð brot á réttindum sakborninga. Í öðru lagi hafi brotin hvorki verið tilgreind sérstaklega í dóminum né sundurgreind í niðurstöðu Hæstaréttar. Látið hafi verið nægja að vísa til

þess að réttur sakborninga hafi verið brotinn í „fáein skipti“, „svo við hafi borið“ og „stöku sinnum“.

2124. Hæstiréttur hafi vissulega tekið afstöðu til röksemda, sem hafi byggt á því að réttindi sakborninga hafi verið brotin í ákvörðun réttarins frá 1997, sem hafi að einhverju leyti verið sambærilegar þeim sem nú sé teflt fram. Að mati endurupptökubeiðenda er ljóst að í ákvörðun Hæstaréttar hafi verið lagt til grundvallar að einhver brot hafi átt sér stað en í raun aðeins þau brot sem Hæstiréttur hafi þegar verið grandsamur um þegar hann hafi kveðið upp dóm í málinu. Þannig hafi ákvörðun Hæstaréttar verið sama marki brennd og dómurinn, það er grandsemi um einhver brot hafi verið viðurkennd en þó aðeins fá og afmörkuð brot á réttindum sakborninga nema í tilviki brots á boðun réttargæslumanna. Í þeim efnum hafi verið viðurkennt að réttindi hafi verið brotin margsinnis. Þá sé aðeins látið nægja að vísa með mjög almennum hætti til mjög takmarkaðs umfangs brota án þess að ákveðin brot hafi verið sundurgreind sérstaklega.
2125. Af framangreindu sé ljóst að það myndu teljast nýjar upplýsingar og ný gögn í skilningi a-liðar 1. mgr. 211. gr. laga um meðferð sakamála ef leitt yrði í ljós að réttindi sakborninga hafi verið brotin oftár en í „fáein skipti“, „svo við hafi borið“ eða „stöku sinnum“. Hafi verið leitt í ljós með fullnægjandi hætti að brot hafi verið fleiri og umfangsmeiri en dómáramar hafi verið grandsamir um.
2126. Þá hafi starfshópurinn sérstaklega rannsakað lögreglurannsóknina. Í samandregnum niðurstöðum starfshópsins varðandi rannsóknina hafi verið sérstaklega vísað í kafla II.5.C í rökstuðningi dóms Hæstaréttar. Í framhaldinu segi meðal annars: „Eins og þessi tilvitnun ber með sér lágu ýmsir gallar á rannsókn lögreglu fyrir þegar dómur Hæstaréttar féll. Með vísan til umfjöllunar og samantektar starfshópsins í 18. kafla þessarar skýrslu um rannsóknaraðgerðir gagnvart dómfelldu annars vegar og til tilvitnaðrar umfjöllunar Hæstaréttar hér að framan [kafla II.5.C] um tiltekna galla á rannsókn málsins hins vegar telur starfshópurinn ljóst að rétturinn hafi ekki haft nægilega góða yfirsýn yfir aðgerðir lögreglu við rannsókn málanna.“
2127. Að mati endurupptökubeiðenda kristallast í þessari umfjöllun starfshópsins það sjónarmið sem hafi verið byggt á, það er að umfang brota á réttindum sakborninga hafi verið mun meira en dómurum hafi verið kunnugt um. Frekari rannsóknir á tilhögun rannsókna í Guðmundar- og Geirfinnsmálunum hafi leitt í ljós nýjar upplýsingar um brot á réttindum sakborninga við rannsóknir málanna, sem megi ætla að hafi hvorki legið fyrir þegar dómur hafi verið kveðinn upp né þegar ákvörðun hafi verið tekin í Hæstarétti árið 1997.
2128. Að því er varði sjónarmið um nauðsyn á frekari sundurgreiningu og aðgreiningu röksemda frá dóminum eða ákvörðun Hæstaréttar frá 1997 sé af framangreindu ljóst að samanburður eða sundurgreining sé ómöguleg. Brot hafi hvorki verið tilgreind né sundurgreind sérstaklega í hinum upphaflega dómi Hæstaréttar né í ákvörðun Hæstaréttar frá 1997 sem geri það að verkum að ómögulegt sé að sundurgreina annars vegar hvaða brot dómurum hafi verið kunnugt um þegar dómur hafi verið kveðinn upp og síðar þegar ákvörðun hafi verið tekin og hins vegar hvaða brot hafi átt sér stað sem

þeir hafi verið grandlausir um. Sundurgreining og samanburður í dag við þær upplýsingar sem hafi legið fyrir á fyrri stigum geti eðli máls samkvæmt ekki farið fram þegar fyrri sundurgreining hafi ekki verið fyrir hendi og því ómögulegt að bera þetta saman með tilliti til þess hvað teljist nýjar upplýsingar. Á hinn bóginn sé ljóst að ef tekið sé mið af því sem fram komi í rökstuðningi Hæstaréttar, bæði í dómi og ákvörðun Hæstaréttar frá 1997, að þá liggi fyrir meiri og betri upplýsingar í dag um brot rannsakenda gegn sakborningum en á þeim tíma sem umræddar niðurstöður hafi litið dagsins ljós.

2129. Þá liggi einnig fyrir að miklum erfiðleikum sé bundið að sundurgreina röksemdirnar og gera grein fyrir ákveðnum brotum frekar, í ljósi þess að rannsakendur í málinu hafi ekki staðið að skráningu upplýsinga, þar með talið um samskipti við sakborninga, í samræmi við lög.
2130. Af hálfu endurupptökubeiðenda geta þeir ekki borið ábyrgð á þessum misbrestum í störfum lögreglu og réttarvörslukerfisins. Þá geta endurupptökubeiðendur ekki breytt því að brotin hafi hvorki verið sundurgreind í niðurstöðu dóms né ákvörðun Hæstaréttar. Vegna þessa sé ljóst að ekki sé hægt að gera þá kröfu að röksemdir verði sundurgreindar frekar að þessu leyti. Þá sé einnig rétt að byggja á rannsókn starfshópsins og skýrslu hans.

VI.2. Sálfræðimatið

2131. Í umsögn setts ríkissaksóknara hafi verið vísað til þess að álitamál kunni að vera hvort sálfræðimatið geti talist til nýrra gagna í skilningi a-liðar 1. mgr. 211. gr. laga um meðferð sakamála.
2132. Endurupptökubeiðendur áréttu þá afstöðu að skýrsla starfshópsins og þá sér í lagi sálfræðimatið sé nýtt gagn í skilningi laga sem fullnægi áskilnaði a-liðar 1. mgr. 211. gr. laga um meðferð sakamála. Enn fremur eigi þau atriði sem settur ríkissaksóknari vísi til ekki að hafa nein áhrif á það.
2133. Skýrsla starfshópsins og þar með talið sálfræðimatið hafi vissulega byggt að hluta á upplýsingum sem hafi legið fyrir þegar dómur Hæstaréttar hafi fallið í málinu. Þetta atriði eigi þó ekki að vera þess valdandi að skýrslan eða matið verði ekki talið nýtt gagn í skilningi a-liðar 1. mgr. 211. gr. laga um meðferð sakamála.
2134. Fordæmi séu fyrir því að matsgerð, að mestu byggð á gögnum sem hafi legið frammi í upphaflegu dómsmáli, hafi verið talin nýtt gagn í skilningi forvera a-liðar 1. mgr. 211. gr. laga um meðferð sakamála, samanber ákvörðun Hæstaréttar nr. 71/2001 frá 16. maí 2007. Í því máli hafði dómfelldi verið sakfelldur fyrir fjárdrátt í opinberu starfi. Hann hafi byggt beiðni um endurupptöku meðal annars á því að ómögulegt hafi verið að lesa úr þeim bókhaldsgögnum sem sakfelling hafði meðal annars verið reist á. Óhlutrægir matsmenn hafi verið fengnir til að semja matsgerð um nánar tilgreind atriði í ákvörðun réttarins. Í niðurstöðu Hæstaréttar hafi verið vísað til þess að matsgerðin væri nýtt gagn, en í matsgerðinni hafi verið gerð grein fyrir áður óframkomnum upplýsingum um hreyfingar á viðskiptareikningi dómfellda. Hæstiréttur hafi samþykkt beiðni um endurupptöku á grundvelli þessa nýja gagns.

2135. Að mati endurupptökubeiðenda er ljóst að það eigi ekki að hafa endanleg áhrif á mat á því hvort skýrslan eða sálfræðimatið teljist nýtt gagn í skilningi a-liðar 1. mgr. laga um meðferð sakamála þó þar sé að nokkru byggt á eldri gögnum sem hafi legið fyrir þegar málið hafi verið flutt í Hæstarétti. Þá sé andlag skýrslu starfshópsins og sálfræðimatsins miklu heildstæðara og umfangsmeira en það andlag sem hafi verið fyrir hendi þegar dómarrar málsins hafi tekið afstöðu til ýmissa atriða. Þannig hafi legið fyrir að starfshópurinn hafi verið með mun meira af gögnum og upplýsingum undir höndum varðandi þá þætti sem settur ríkissaksóknari vísi til að Hæstiréttur hafi þegar tekið afstöðu til en dómarrar hafi haft við upphaflega meðferð málsins.
2136. Rannsókn Láru V. Júlíusdóttur sem setts ríkissaksóknara um mál Magnúsar Leópoldssonar, fyrri endurupptökubeiðni og vinna starfshópsins hafi leitt í ljós mikið magn af nýjum upplýsingum og gögnum er varði annmarka á rannsókn, játningar, áreiðanleika þeirra og afturkallanir. Þegar skýrsla starfshópsins og sálfræðimatið hafi verið unnið hafi höfundar því haft betri heildarsýn yfir málið en ætla megi að dómarrar málsins hafi haft á sínum tíma.
2137. Þó Hæstarétti hafi verið kunnugt um tiltekna galla eða annmarka á rannsókn málsins á sínum tíma hafi rétturinn þrátt fyrir það ekki haft nægjanlega yfirsýn yfir aðgerðir lögreglu við rannsókn málanna eða hvernig játningar hafi verið fengnar og þær þróast undir meðferð máls. Sá kafli úr niðurstöðum Hæstaréttar sem settur ríkissaksóknari hafi vísað til, til að styðja fullyrðingu um að Hæstiréttur hafi þegar tekið afstöðu til atriða er matið byggi á, varpi einmitt ljósi á það að Hæstiréttur hafi ekki verið nægjanlega upplýstur um atriði er kunni að hafa haft verulega þýðingu við mat á áreiðanleika framburðar og atriði sem síðan hafi verið leidd í ljós í skýrslu starfshópsins og sálfræðimatinu.
2138. Þá sé sálfræðimatið eitt og sér nýtt gagn sem innihaldi nýjar upplýsingar óháð því hvort grundvöllur þess sé eldri gögn eður ei. Það stafi af því að með matinu nýti sérfróðir aðilar nútímaþekkingu á sviði réttarsálfræði og leiði með henni í ljós nýjar og betri upplýsingar um áreiðanleika fyrirliggjandi framburða. Í þessu samhengi vísa endurupptökubeiðendur til umfjöllunar um erlenda dómaframkvæmd þar sem sálfræðimöt á játningum sakborninga teljist undantekningarlaust nýtt gagn þar sem reyni á slíkt.
2139. Í ákvörðun Hæstaréttar nr. 122/1989 frá 17. desember 1987 hafi verið staðfest að skýrsla lækna varðandi andlegan þroska dómfellda og brotþola gæti verið tilefni endurupptöku. Í því máli höfðu nýjar upplýsingar um andlegt ástand dómfellda komið fram í nýrri læknisskýrslu og af því tilefni fallist á endurupptökubeiðni.
2140. Þá hafi Hæstiréttur dregið nokkuð skýra línu gagnvart mötum á áreiðanleika játninga í ákvörðun réttarins frá 18. mars 1999 vegna annarrar endurupptökubeiðni dómfellda. Í ákvörðun sinni hafi dómurinn vísað til þess að þær almennu rannsóknir á áreiðanleika játninga sem dómfelldi hafði lagt fram gætu ekki fullnægt skilyrðum til endurupptöku. Í ákvörðuninni er svo sérstaklega vísað til þess að dómfelldi hefði ekki óskað eftir því að sérstök rannsókn yrði gerð á áreiðanleika skýrslna sem hann hafi gefið fyrir lögreglu og dómi við rannsókn og meðferð málsins. Verði ekki fram hjá því litið að

með ummælunum hafi verið opnað fyrir það að málið yrði endurupptekið á grundvelli sérstakrar rannsóknar á áreiðanleika skýrslna sakborninga í málinu. Nú liggi fyrir þessi sérstaka rannsókn sem ætti því að réttlæta endurupptöku málsins, bæði á grundvelli a- og c-liða 1. mgr. 211. gr. laga um meðferð sakamála.

2141. Að mati endurupptökubeiðenda er bersýnilega ljóst að með endurupptökubeiðni, röksemdum hennar og á grundvelli skýrslu starfshópsins hafi áskilnaði a-liðar 1. mgr. 211. gr. laga um meðferð sakamála verið fullnægt.
2142. Hvað varði b-lið 1. mgr. 211. gr. laga um meðferð sakamála vísa endurupptökubeiðendur því næst til þess að margt bendi til að tilgangur rannsóknaraðferða rannsakenda og langir og ítrekaðir gæsluvarðhaldsúrskurðir yfir sakborningum hafi verið sá að samræma framburði sakborninga. Gögnin bendi til þess að rannsakendur hafi haft svokallaða rörsýn á málið, það er að þeir hafi verið sannfærðir um sekt sakborninga og hafi tilgangur og markmið rannsóknaraðferða litast af því. Tilgangur rannsóknaraðferða hafi verið sá að fá fram málalok þau sem síðar hafi fengist með dómi Hæstaréttar. Að mati endurupptökubeiðenda hafi settur ríkissaksóknari tekið undir þessi sjónarmið þó hann hafi áður hafnað því að það eitt og sér sé nægilegt til endurupptöku.
2143. Þá verði ekki annað séð en að tilgangurinn með því að fá hingað til lands þýskan rannsóknarlögreglumann til að taka yfir rannsókn málsins hafi verið sá einn að samræma framburði, en hann hafi á engan hátt verið í stakk búinn að rannsaka og skilja þau gögn sem hafi legið fyrir í málinu og unnin hafi verið við rannsókn málsins því þau hafi öll verið á íslensku.
2144. Að mati endurupptökubeiðenda hafi markmið lögreglu við rannsókn málsins verið að komast að niðurstöðu sem hafi leitt til þeirra málaloka sem raun beri vitni. Á hinn bóginn sé erfitt að sanna þessar fullyrðingar með tilvísun til einstakra gagna, en þegar málið sé skoðað heildstætt sé vandséð að unnt sé að komast að annarri niðurstöðu. Þrátt fyrir það sé erfitt að sýna fram á að refsiverð háttsemi hafi verið höfð í frammi og því óhægt að fullyrða með vissu að skilyrði b-liðar 1. mgr. 211. gr. laga um meðferð sakamála sé uppfyllt.
2145. Þá telja endurupptökubeiðendur að röksemdir er lúti að rannsókn málsins falli einnig undir c-lið 1. mgr. 211. gr. laga um meðferð sakamála. Settur ríkissaksóknari hafi ekki fjallað um þær röksemdir nema í sambengi við túlkun á a-lið 1. mgr. 211. gr. laganna. Settur ríkissaksóknari hafi byggt afstöðu sína öðru fremur á því að Hæstiréttur hafi þegar tekið afstöðu til sambærilegra röksemda með ákvörðun sinni árið 1997. Þá hafi nokkuð af röksemdunum legið fyrir Hæstarétti þegar málið hafi verið dæmt upphaflega.
2146. Á því er byggt að sönnunargögn í málinu hafi verið rangt metin, sé það staðreynd að Hæstiréttur hafi verið grandsamur um brotin á málsmeðferðarreglum þegar upphaflegur dómur hafi gengið, enda megi ætla að ef upplýsingar um öll brot á réttindum sakborninga hefðu legið fyrir þá hefðu játningar sakborninga átt að vera metnar með öðrum hætti. Þær hefðu þá verið mun veikari í ljósi aðstæðna og vart

getað verið grundvöllur sakfellinga í málinu einar og sér. Þá sé einnig til þess að líta að ekki sé hægt að byggja á því að afstaða hafi verið tekin til þessa sjónarmiðs í ákvörðun Hæstaréttar árið 1997 enda hafi efnisákvæði c-liðar 1. mgr. 211. gr. laga um meðferð sakamála ekki verið lögfest.

2147. Að mati endurupptökubeiðenda er nauðsynlegt að opna fyrir heimild til að endurupptaka mál í tilvikum þar sem grandsemi hafi verið um aðstæður sem hefðu átt að leiða til sýknu. Sú heimild hafi verið lögfest þegar forveri c-liðar 1. mgr. 211. gr. laga um meðferð sakamála hafi verið lögfestur í framhaldi af afgreiðslu Hæstaréttar á fyrstu endurupptökubeiðni Sævars. Sé því fullt tilefni til að líta nú til þessarar rýmkuðu heimildar þegar mat sé lagt á endurupptökubeiðnina.
2148. Þegar allar röksemdir um brot á réttindum sakborninga séu metnar heildstætt sé ljóst að annaðhvort séu þær til marks um að sönnunarmat hafi verið rangt í öndverðu eða um að dómarrar málsins hafi ekki haft fullnægjandi upplýsingar til að leggja mat á gildi játninga í málinu. Því verði að meta röksemdir er lúti að ágöllum á rannsókn málsins með hliðsjón af heimfærslu undir c-lið 1. mgr. 211. gr. laga um meðferð sakamála.
2149. Þá er af hálfu endurupptökubeiðenda tekið undir umfjöllun setts ríkissaksóknara um að túlka verði c-lið 1. mgr. 211. gr. laga um meðferð sakamála með þeim hætti að nýtt sérfræðimat geti verið grundvöllur endurupptöku. Þá sé tekið undir þá staðhæfingu að leggja verði áherslu á að beiting c-liðar ákvæðisins geti aðeins átt við sérstakar aðstæður. Að mati endurupptökubeiðenda er augljóst að aðstæður séu væntanlega í fáum málum sérstakari en þær sem uppi séu í Guðmundar- og Geirfinnsmálunum.
2150. Endurupptökubeiðendur rekja að settur ríkissaksóknari hafi talið ákveðin atriði veikja og styrkja sálfræðimatið. Af hálfu endurupptökubeiðenda er aðeins látið nægja að gera athugasemdir er varði veikleika sálfræðimatsins en endurupptökubeiðendur taka undir þau rök er lúti að styrkleikum sálfræðimatsins.
2151. Fyrsta röksemdin sem settur ríkissaksóknari hafi talið að veiki matið sé sú staðreynd að höfundar matsins hafi sett þrjá fyrirvara við niðurstöður sínar. Af hálfu endurupptökubeiðenda er tekið fram að í þessu tilviki sé í raun ekki verið að tala um smáatriði hvað varði fyrsta fyrirvara starfshópsins er lúti að því að minni fólks, einkum á smærri atriði, dofni eftir því sem árin líða. Sakborningar hafi játað á sínum tíma en dómfelldi hafi afturkallað framburði sína á meðan málið hafi enn verið til meðferðar og hafi síðastliðna áratugi, allt til dánardags, haldið því fram að framburðirnir hafi verið uppspuni frá upphafi til enda. Hann hafi hvorki haft aðkomu að hvarfi Guðmundar né Geirfinns og hann hafi raunar hvorugan þekkt. Varla sé hægt að líta svo á að þarna sé um smáatriði að ræða sem kunni að skolast til í minni fólks með árunum.
2152. Hvað varði fyrstu tvo fyrirvara starfshópsins séu þeir látið annað en vitnisburður um það hversu vönduð vinnubrögð höfunda matsins hafi verið. Forðast hafi verið að leggja framburði eina og sér til grundvallar og leitast hafi verið við að finna öllum framburðum stuðning í öðrum gögnum. Því verði ekki annað séð en að matið hafi að litlu leyti eða í engum mæli verið byggt á brigðulu minni dómfelldu eða annarra.

2153. Hvað varði þriðja fyrirvara starfshópsins um vísanir til gagna þá hafi hópurinn lagt mikla vinnu í að afla gagna, flokka þau og skrá heildstætt í tímaröð. Sú skrá liggi að miklu leyti til grundvallar lýsingum á rannsókn málanna eins og henni hafi verið lýst í sálfræðimatinu og því sé ekki vitnað til einstaka skjala. Þá verði að teljast ósanngjarnt að óreiða í skjala- og gagnavörslu ákærvaldsins sem vissulega hafi verið á ábyrgð hins opinbera, verði látið bitna á hinum dómfelldu með þessum hætti.
2154. Þá lúti önnur röksemd setts ríkissaksóknara að því að sálfræðimat sé annars eðlis en til að mynda DNA-rannsóknir. Af hálfu endurupptökubeiðenda er alveg ljóst að ef sakfellingar í málinu hefðu byggst á einhverjum hlutlægum sönnunargögnum væri búið að óska eftir DNA-greiningu eða öðrum sambærilegum rannsóknum byggðum á raunvísindum af hálfu dómfelldu. Dómfelldu hafi hins vegar verið ómögulegt að fullnægja skilyrðum staflíða 1. mgr. 211. gr. laga um meðferð sakamála með þeim hætti þar sem slíkum gögnum hafi ekki verið til að dreifa. Sakfellingar í málinu hafi alfarið byggt á játningum og þar af leiðandi sé ekki annað hægt en að vefengja sönnunarmat játninganna. Ekkert annað sé fyrir hendi til að vefengja. Játningarnar séu þess eðlis að líkur verði ekki leiddar að röngu mati á þeim sem sönnunargögnum nema með sálfræðimati. Það sálfræðimat sem liggi fyrir hafi verið unnið af hálfu reyndustu réttarsálfræðinga landsins, þótt víðar væri leitað. Þá hafi matið verið byggt á nýjustu og bestu þekkingu á þessu sviði. Verði þetta mat ekki talið nægjanlegt til að fullnægja skilyrði c-liðar 1. mgr. 211. gr. laga um meðferð sakamála sé vandkvæðum bundið að sjá hvernig dómfelldu í málinu eigi að vera mögulegt að renna stoðum undir beiðni um endurupptöku málsins.
2155. Af hálfu endurupptökubeiðenda á ekki að vera erfiðara í íslenskum rétti að fá mál, sem dæmd hafi verið á grundvelli mjög svo takmarkaðra sönnunargagna, endurupptekin en þau sem hafi byggt á meira magni sönnunargagna.
2156. Það sé ekki skilyrði samkvæmt c-lið 1. mgr. 211. gr. laga um meðferð sakamála að vissa sé fyrir því að sönnunargögn hafi verið rangt metin, heldur nægi að leiða að því verulegar líkur. Í þessu tilviki sé bersýnilega ljóst að slíkar líkur hafi verið leiddar að því.
2157. Að lokum hafi þriðja röksemd setts ríkissaksóknara sem veiki sálfræðimatið verið sú að aðstæður dómfellda hafi tæpast verið sambærilegar í Guðmundarmálinu annars vegar og Geirfinnsmálinu hins vegar. Settur ríkissaksóknari hafi staðhæft að dómfelldi hafi fyrst verið yfirheyrður vegna hvarfs Guðmundar Einarssonar 22. desember 1975. Á þessum tímapunkti hafi hann þegar verið yfirheyrður tvisvar vegna málsins samkvæmt skráningu í fangelsisdagbók 21 og 22. desember 1975. Þá sé ljóst að tilvísun til þess að framburður hafi verið í samræmi við framburð Erlu geti varla haft sérstaka þýðingu enda segi í skýrslunni sem tekin hafi verið af dómfellda 22. desember 1975 að framburður Erlu hafi verið borinn undir hann.
2158. Sálfræðimatið hafi verið mjög skýrt um það að ekki sé þörf á að aðskilja málin tvö í tilviki Sævars og vísa endurupptökubeiðendur til framangreindrar umfjöllunar um niðurstöður sálfræðimatsins um framburð hans.

2159. Þá sé það ekki hlutverk setts ríkissaksóknara að endurmeta mat sérfræðinga sem hafi verið lagt fram í tengslum við endurupptökubeiðni. Ekki sé vitað til þess að settur ríkissaksóknari hafi aflað sér sérstakrar þekkingar eða reynslu á sviði réttarsálfræði og því erfiðleikum bundið að sjá á hvaða grundvelli hann hafi byggt þessar athugasemdir sínar sem séu í ósamræmi við niðurstöðu helstu sérfræðinga landsins á sviði réttarsálfræði.
2160. Hvað varði d-lið 1. mgr. 211. gr. laga um meðferð sakamála telja endurupptökubeiðendur að verulegir ágallar hafi verið á rannsókn og meðferð málsins. Fyrir liggja að réttindi sakborninga hafi ítrekað verið brotin þar sem lögmenn hafi ekki verið viðstaddir yfirheyrslur, yfirheyrslur ekki skráðar og í mörgum tilvikum hafi fangaverðir verið notaðir í því skyni að afla upplýsinga hjá dómfellda. Ekkert af þessu standist kröfur sem gerðar séu til rannsóknar sakamála.
2161. Að mati endurupptökubeiðenda byggja málsmeðferðarreglur á reynslurökum og líkur standa til þess að vinna rannsakenda sé líklegri til að skila réttari niðurstöðu ef farið sé að reglum. Þá sé óhætt að fullyrða að röksemdafærsla geti ekki verið sannfærandi ef hún byggir á því að brot rannsakenda skuli metin sjálfstætt og án tengsla við áhrif á málið í heild, þar sem útgangspunkturinn sé sá hve oft megi brjóta gegn málsmeðferðarreglum áður en talið sé að þau brot hafi áhrif á niðurstöðu máls. Sú nálgun við mat á brotum á málsmeðferðarreglum geti aldrei staðist.
2162. Með vísan til fyrirbyggjandi skýrslu starfshópsins varðandi ágalla á meðferð og rannsókn málsins, fangelsisdagbóka og annarra gagna sem liggja fyrir og vísað hafi verið til er það mat endurupptökubeiðenda að skilyrði d-liðar 1. mgr. 211. gr. laga um meðferð sakamála sé uppfyllt.

VI.3. Samantekt og niðurlag

2163. Af hálfu endurupptökubeiðenda er áhersla lögð á það að ný gögn og röksemdir verði metin heildstætt við mat á því hvort endurupptaka eigi mál Sævars. Þetta sjónarmið byggir á almennum og viðteknum lögskýringarsjónarmiðum sem jafnframt njóti stuðnings þegar litið sé til erlendra framkvæmdar. Að mati endurupptökubeiðenda er ekki eðlilegt að meta hverja röksemd og hvert sönnunargagn sjálfstætt þegar lagt sé mat á það hvort endurupptaka eigi mál. Það séu augljóslega samlegðaráhrif af þeim nýju gögnum sem hafi verið lögð fram. Þá séu samlegðaráhrif milli röksemda og ljóst að þeir annmarkar á málinu hafi samanlagt verið til þess fallnir að hafa veruleg áhrif á niðurstöðu málsins.
2164. Að mati endurupptökubeiðenda uppfylla framkomin sjónarmið og framlögð gögn öll skilyrði a–d-liða 1. mgr. 211. gr. laga um meðferð sakamála.

VII. Grundvöllur niðurstöðu

VII.1 Almennt um skilyrði fyrir endurupptöku máls sem dæmt hefur verið í Hæstarétti

2165. Um skilyrði fyrir endurupptöku sakamála sem dæmd hafa verið í Hæstarétti er fjallað í 1. mgr. 215. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála en þar segir að endurupptöku-nefnd samkvæmt lögum um dómstóla geti leyft samkvæmt beiðni að mál sem dæmt hefur verið í Hæstarétti verði tekið þar til meðferðar og dómsuppsögu að nýju ef fullnægt er þeim skilyrðum sem greinir í 211. gr. Hin efnislegu skilyrði eru sett fram í fjórum staflaðum í 1. mgr. 211. gr. en þar kemur fram að nægilegt sé að einhverju eftirfarandi skilyrða sé fullnægt. Samkvæmt því má líta á hvert eftirfarandi skilyrða sem sjálfstæða endurupptökuheimild.

- a) fram eru komin ný gögn sem ætla má að hefðu verulega miklu skipt fyrir niðurstöðu málsins ef þau hefðu komið fram áður en dómur gekk,
- b) ætla má að lögregla, ákærandi, dómari eða aðrir hafi haft í frammi refsiverða háttsemi í því skyni að fá fram þau málalok sem orðin eru, svo sem ef vitni eða aðrir hafa vísvitandi borið ranglega fyrir dómi eða fölsuð skjöl verið lögð fram og það hefur valdið rangri niðurstöðu málsins,
- c) verulegar líkur eru leiddar að því að sönnunargögn sem færð voru fram í máli hafi verið rangt metin svo að áhrif hafi haft á niðurstöðu þess,
- d) verulegir gallar hafa verið á meðferð máls þannig að áhrif hafi haft á niðurstöðu þess.

VII.2 Almennt um réttaráhrif dóma í sakamálum og endurupptöku dóma

2166. Það verður að telja eitt allra mikilvægasta hlutverk dómstóla að kveða endanlega úr um sekt eða sakleysi manna. Mikilvæg rök búa að baki þeirri gamalgrónu réttarreglu um neikvæð réttaráhrif dóma sem fram kemur í 1. mgr. 186. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála, að dómur sé bindandi um úrslit sakarefnis fyrir ákærða, ákæruvaldið og aðra um þau atriði sem þar eru dæmd að efni til. Dansk fræðimaðurinn Stephan Hurwitz orðaði þessi sjónarmið um endanleika dómsúrlausna í sakamálum á þann veg að hvert mál þyrfti að hafa endi.³⁷⁴⁵ Þá hafa hagkvæmnisrök einnig verið talin búa að baki grunnreglunni um endanleika dómsúrlausna, það er að framlögum til dómsmála sé ekki unnt að verja endalaust í þágu sama úrlausnar-efnis.³⁷⁴⁶

2167. Þrátt fyrir hin mikilvægu rök fyrir því að ekki sé hróflað við endanlegum dómsniðurstöðum hefur dæmdum mönnum bæði hér á landi og í öðrum löndum verið veitt lagalegt úrræði til að fá endanlegan sakfellingardóm yfir sér tekinn til endurskoðunar ef brýnar ástæður mæla með því og liggja þar að baki bæði réttlætis- og réttaröryggissjónarmið. Rökin fyrir endurupptöku dóma eru fyrst og fremst þau að leiðréttá þurfi dómsniðurstöðu í sakamáli ef verulegar líkur eru taldar hafa verið að því leiddar að dómurinn hafi verið rangur. Með tilliti til sakbornings eru heimildir til

³⁷⁴⁵ Stephan Hurwitz: *Den danske strafferetspleje*. Kaupmannahöfn 1959.

³⁷⁴⁶ Hans Gammeltoft-Hansen: *Strafferetspleje III*. Kaupmannahöfn 1996.

endurupptöku á sýknudómi þrengri en til endurupptöku á sakfellingardómi. Raunhæfur möguleiki á endurupptöku dóms í sakamáli er þannig einn af hornsteinum réttláts refsivörslukerfis.

2168. Margvísleg rök mæla hins vegar með því að endurupptökuheimildir séu tiltölulega þröngar og að þeim sé aðeins beitt í undantekningartilvikum. Sönnunarfærsla í sakamálum er í stórum dráttum milliliðalaus og fer sönnunarfærslan, þar með taldar skýrslutökur af sakborningum og vitnum, fram fyrir þeim dómara eða dómurum sem dæma málið.³⁷⁴⁷ Almennt má því ætla að dómara máls séu betur í stakk búnir að komast að réttri niðurstöðu en þeir sem síðar taka mál til skoðunar. Eftir því sem lengri tími líður frá atburðum er hætt við að endurteknir framburðir vitna verði óáreiðanlegri. Við endurupptöku sakamála löngu eftir að endanlegur dómur gengur getur munnleg sönnunarfærsla varla komið að miklu gagni. Með endurupptöku dóms áratugum eftir að endanlegur dómur gengur getur ákærvaldinu verið með öllu ómögulegt að færa sönnur fyrir sakfellingu þrátt fyrir að sönnunargögn hafi verið mjög sannfærandi þegar málið var dæmt í öndverðu. Víðtækar heimildir til endurupptöku gamalla sakamála gætu því leitt til þess að margir dómfelldu yrðu ranglega sýknaðir.³⁷⁴⁸ Því má telja eðlilegt að heimildum til endurupptöku sé beitt af enn meiri varfærni ef mjög langur tími er liðinn frá endanlegum dómi.
2169. Hér á landi og í nágrannalöndum okkar hefur meginheimildin til endurupptöku byggst á þeim grundvelli að ný gögn séu fram komin sem ætla má að hefðu verulega miklu skipt fyrir niðurstöðu máls ef þau hefðu komið fram áður en dómur gekk. Aðrar heimildir til endurupptöku hafa lengst af verið fáar og aðeins gert ráð fyrir að þeim sé beitt í algerum undantekningartilvikum, eins og síðar verður vikið að. Sérstaklega á þetta við um endurupptökuheimild sambærilega við þá sem er í c-lið 1. mgr. 211. gr. laga um meðferð sakamála, það er endurupptaka vegna þess að sönnunargögn eru talin hafa verið rangt metin. Eins og síðar verður fjallað nánar um hefur slíkum endurupptökuheimildum verið beitt af mikilli varfærni í nágrannalöndum okkar.

VII.3 Almennt um endurupptökuheimildir í a–d-liðum 1. mgr. 211. gr. laga um meðferð sakamála

2170. Í þessum kafla verður fjallað almennt um skilyrði fyrir endurupptöku máls sem dæmt hefur verið í Hæstarétti, það er um einstakar endurupptökuheimildir. Fjallað verður um hvenær einstök skilyrði voru lögfest, um túlkun skilyrðanna og samspil þeirra svo og hvenær þau hafa verið skýrð og þeim beitt við afgreiðslu fyrri endurupptökubeiðna vegna hæstaréttarmáls nr. 214/1978.

³⁷⁴⁷ Þess má geta að málsmeðferð í sakamálum fyrir Hæstarétti Íslands hefur fram til þessa ekki verið milliliðalaus að því leyti að munnleg sönnunarfærsla hefur í reynd ekki verið endurtekin fyrir réttinum. Þessu verður breytt með tilkomu millidómsstigs, samanber lög nr. 49/2016 og 50/2016, sem taka eiga gildi 1. janúar 2018.

³⁷⁴⁸ Sjá sjónarmið Johs. Andenæs: *Norsk straffeprosess*. Osló 2009, bls. 572.

VII.3.1 Um a-lið 1. mgr. 211. gr. laga um meðferð sakamála

2171. Þegar Hæstiréttur komst að niðurstöðu um fyrri tvær endurupptökubeiðnir endurupptökubeiðanda á dómi Hæstaréttar í máli nr. 214/1978 með ákvörðunum 15. júlí 1997 og 18. mars 1999 var í gildi endurupptökuákvæði 184. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð opinberra mála sem hafði einungis að geyma tvær endurupptökuheimildir sem voru efnislega samhljóða a- og b-liðum 1. mgr. 211. gr. laga um meðferð sakamála. Nýrri endurupptökuheimild var bætt við 1. mgr. 184. gr. laga nr. 91/1991 með 45. gr. laga nr. 36/1999 og var ákvæðið samhljóða núgildandi c-lið 211. gr. laga um meðferð sakamála. Þau lög tóku gildi 1. maí 1999. Þegar Hæstiréttur tók afstöðu til beiðni dómfelldu Erlu um endurupptöku á sama dómi 22. júní 2000 voru þannig þrjár heimildir til endurupptöku en þær svoruðu efnislega til a-, b- og c-liða 1. mgr. 211. gr. laga um meðferð sakamála.
2172. Í fyrri ákvörðunum Hæstaréttar um endurupptöku hæstaréttarmálsins nr. 214/1978 hefur þannig einungis reynt á endurupptökuheimildina sem nú er í a-lið 1. mgr. 211. gr. laga um meðferð sakamála.
2173. Í fyrirnefndri ákvörðun Hæstaréttar frá 15. júlí 1997 var endurupptökuheimildin í a-lið skilgreind þannig: „Samkvæmt þessu verður því að telja ákvæði a. liðar 1. mgr. 184. gr. laga nr. 19/1991 fela í sér heimild til að taka opinbert mál upp á ný eftir kröfu dómfellsd manns ef fram koma nýjar upplýsingar, sem unnt sé að staðfesta með sönnunargögnum eftir því sem nauðsyn krefur, og líklegt er að þær hefðu skipt máli fyrir niðurstöðu um sök hans ef þær hefðu komið fyrir dómara áður en dómur gekk.“
2174. Viðfangsefni Hæstaréttar hefur þá verið að meta annars vegar hvort þau gögn og upplýsingar sem endurupptökubeiðnir hafa byggst á hafi legið fyrir þegar Hæstiréttur kvað upp dóm í málinu 22. febrúar 1980 og hins vegar hvort líklegt væri að ný gögn og upplýsingar sem lágu ekki fyrir þá hefðu verulega miklu skipt fyrir niðurstöðu málsins ef þau hefðu komið fram áður en dómur gekk í Hæstarétti.
2175. Í þessum ákvörðunum Hæstaréttar var tekin einörð afstaða um að við mat á gögnum og upplýsingum yrði alfarið að leggja til grundvallar þær réttarfarsreglur sem voru í gildi meðan á rannsókn og dómsmeðferð stóð í Guðmundar- og Geirfinnsmálunum á sínum tíma.
2176. Enda þótt endurupptökuheimildir sambærilegar c- og d-liðum 1. mgr. 211. gr. hafi ekki verið í lögum um meðferð opinberra mála þegar Hæstiréttur tók afstöðu til endurupptökubeiðna endurupptökubeiðanda var tekin afstaða til nýrra gagna sem vörðuðu gæsluvarðhaldsvist ákærðu, rannsókn lögreglu og málsmeðferðina en eingöngu með hliðsjón af endurupptökuheimild sem svarar til a-liðar 1. mgr. 211. gr. Við mat á þessum gögnum var skoðað hvort um ný gögn væri að ræða og ef svo var hvort þau hefðu haft verulega mikil áhrif á niðurstöðu málsins ef þau hefðu legið fyrir þegar dómur gekk.
2177. Við mat á því hvað teljist vera ný gögn í skilningi a-liðar verður byggt á ákvörðunum Hæstaréttar um fyrri endurupptökubeiðnir vegna hæstaréttarmálsins nr. 214/1978, um hvaða gögn voru þar talin ný og jafnframt metið hvort einhver ný gögn í skilningi

ákvæðisins hafi bæst við síðar. Í þessu endurupptökumáli verður þannig litið svo á að ný gögn séu þau gögn sem ekki lágu fyrir Hæstarétti þegar dómur var kveðinn upp og skiptir þar ekki máli hvort gagnað hafi legið fyrir við fyrri ákvarðanir varðandi endurupptöku málsins eða er fyrst núna dregið fram í dagsljósið.

2178. Við mat á því hvort veita eigi heimild til endurupptöku á grundvelli a-liðar verður að hafa í huga að ákvörðun um hvort sekt telst sönnuð byggist á heildarmati á sönnunargildi allra sönnunargagna málsins. Við mat á því hvort fyrir liggi ný gögn eða upplýsingar sem ætla megi að hefðu skipt verulega miklu fyrir niðurstöðu máls verður því að meta hin nýju gögn og upplýsingar í samhengi við önnur sönnunargögn sem lágu fyrir í málinu þegar dómur var kveðinn upp. Þannig verður að framkvæma heildarmat á sönnunargildi eldri sönnunargagna og þeirra nýju og meta hvort ætla megi að niðurstaða málsins hefði orðið önnur ef öll þessi gögn hefðu legið fyrir þegar dómur var kveðinn upp.

VII.3.2 Um b-lið 1. mgr. 211. gr. laga um meðferð sakamála

2179. Ákvæðið er samhljóða b-lið 1. mgr. 184. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Þegar Hæstiréttur komst að niðurstöðu um fyrstu endurupptökubeiðni endurupptökubeiðanda á dómi Hæstaréttar í máli nr. 214/1978 með ákvörðun frá 15. júlí 1997 var fjallað almennt um hvort skilyrðum 1. mgr. 184. gr. fyrir endurupptöku væri fullnægt. Einkum var þó fjallað um skilyrði a-liðar enda lutu röksemdir endurupptökubeiðanda einkum að því að skilyrði þess liðar væru uppfyllt. Ekki var sérstaklega farið ofan í saumana á því hvort skilyrðum b-liðar væri fullnægt. Í niðurstöðukafla ákvörðunar Hæstaréttar var þó sérstaklega fjallað um þær röksemdir endurupptökubeiðanda sem lutu að breyttri réttarfarslöggjöf sem öðlast hefði gildi eftir að dómur Hæstaréttar var kveðinn upp og sagt um þetta atriði: „[E]n að sjálfsgöðu var farið með málið eftir þeirri réttarfarslöggjöf, sem þá var í gildi.“
2180. Byggt verður á sömu sjónarmiðum og að framan greinir við mat á því hvort skilyrði til endurupptöku samkvæmt b-lið séu fyrir hendi. Einvörðungu verður að meta háttsemi lögreglu, ákæranda og dómara á grundvelli þeirra laga sem í gildi voru á þeim tíma sem málið var til meðferðar hjá lögreglu, ákærvaldi og dómstólum.

VII.3.3 Um c-lið 1. mgr. 211. gr. laga um meðferð sakamála

2181. Sem fyrr segir var ákvæði, samhljóða c-lið 1. mgr. 211. gr. laga um meðferð sakamála, fyrst lögfest hér á landi með 45. gr. laga nr. 36/1999 um breyting á lögum nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Í athugasemdum við ákvæðið sagði svo í greinargerð með frumvarpi sem varð að umræddum lögum: „Ákvæði um endurupptöku dæmdra mála, sem er að finna í XXII. kafla laganna, eru að stofni til frá árinu 1951 þegar fyrstu löggin um meðferð opinberra mála voru sett. Við fyrirhugaða heildarendurskoðun laganna er nauðsynlegt að huga nánar að þessum ákvæðum. Þó þykir rétt að leggja til að við löggin verði bætt heimild til að taka mál upp á ný í því skyni að endurmeta sönnunargögn. Hér er um að ræða ákvæði, sem ætlað er að treysta réttaröryggi við mjög sérstakar aðstæður, í líkingu við samsvarandi ákvæði í 3. tölul. 1. mgr. 977. gr. dönsku réttarfarslaganna og 2. mgr. 392 gr. norsku laganna um meðferð sakamála.“

2182. Það ákvæði í dönsku réttarfarslögunum (d. Lov om rettens pleje) sem vísað var til, heimilar endurupptöku ef að öðru leyti eru fyrir hendi sérstakar aðstæður sem gera það mjög líklegt að fyrirbyggjandi sönnunargögn hafi ekki verið metin rétt.³⁷⁴⁹ Í dönskum rétti hefur verið litið á ákvæðið sem öryggisventil sem ætlast er til að verði beitt af mikilli varfærni.³⁷⁵⁰ Ákvæði norsku laganna um meðferð sakamála (n. Lov om rettergangsmåten i straffesaker) heimilar endurupptöku ef sérstakar aðstæður skapa vafa um að dómurinn sé réttur og sterk sjónarmið mæla með því að mat á sök hins dómfellda sé tekið til endurskoðunar. Umrætt ákvæði kom inn í norsk sakamálaréttarfarslög árið 1981 og í norskum rétti hefur verið litið svo á að með ákvæðinu hafi ætlunin verið að skapa ýtrasta öryggisventil sem aðeins yrði beitt í sérstökum tilvikum þar sem þörf væri á nýrri skoðun máls í þeim tilgangi að taka af allan vafa um að engum órétti hafi verið beitt. Í norskum rétti er litið svo á að ekki sé skilyrði fyrir beitingu ákvæðisins að ný gögn eða nýjar aðstæður liggi fyrir. Í lögskýringargögnum er nefnt að grunnur að endurupptöku geti verið að ný greining á sönnunardejuni varpi vafa á dómsniðurstöðuna. Þar kom einnig fram að þessi óvenjulega heimild til endurupptöku hafi verið umdeild, að heimildina yrði að nota með varúð og að ströng skilyrði væru fyrir beitingu hennar. Norski fræðimaðurinn Johs. Andenæs telur að það geti ekki orðið grundvöllur endurupptöku að rekin hafi verið fjölmiðlaherferð í þágu dómfellda um að stórir þjóðfélagsþópar hefðu efasemdir um réttmæti dóms.³⁷⁵¹
2183. Samsvarandi endurupptökuákvæði í dönsku réttarfarslögunum er háð því skilyrði að endurupptökubeiðni komi fram innan fimm ára frá því að dómur fellur en ef um fangelsisdóm er að ræða í síðasta lagi tveimur árum frá því að afplánun lýkur. Endurspeglar þetta skilyrði hið almenna sjónarmið um að endurupptöku sakamála skuli settar þröngar skorður.
2184. Af orðalagi c-liðar 1. mgr. 211. gr. laga um meðferð sakamála verður sama ályktun dregin og af sambærilegu norsku ákvæði að ekki verði gert að skilyrði fyrir því að veitt verði leyfi til endurupptöku dóms á grundvelli ákvæðisins að fram séu komin ný gögn. Þvert á móti miðar endurupptökuheimildin í c-lið að því að við sérstakar aðstæður verði endurupptöku heimilud ef verulegar líkur eru leiddar að því að rangt sönnunarmat hafi haft áhrif á niðurstöðu máls. Sönnunarmatið í þeim dómi sem krafist er endurupptöku á er því til skoðunar þegar metið er hvort rétt sé að fallast á endurupptöku á grundvelli þessarar heimildar.
2185. Með vísan til þess sem að framan greinir um sjónarmið að baki neikvæðum réttaráhrifum dóma í sakamálum og athugasemdum í greinargerð með frumvarpi til laga nr. 36/1999, sem fyrst festi í lög endurupptökuheimildina í c-lið, verður að líta á heimildina sem þröngt undantekningarákvæði sem beita verði af fyllstu varkárni og því aðeins að sýnt sé fram á sérstakar aðstæður sem réttlætt geti endurupptöku á þessum grundvelli.

³⁷⁴⁹ „Når der i øvrigt foreligger særlige omstændigheder, dre gør det overvejend sandsynligt, at de foreliggende bevisligheder ikke har været rigtigt bedømt.“

³⁷⁵⁰ Eva Smith o.fl.: *Straffeprocessen*. Kaupmannahöfn 2011, bls. 868–869.

³⁷⁵¹ Johs. Andenæs. *Norsk straffeprocess*, bls. 580.

VII.3.4 Um d-lið 1. mgr. 211. gr. laga um meðferð sakamála

2186. Fjórða heimildin til endurupptöku sakamáls var svo lögfest með d-lið 1. mgr. 211. gr. laga um meðferð sakamála. Gert er að skilyrði í endurupptökuheimildinni að verulegir gallar hafi verið á meðferð máls þannig að áhrif hafi haft á niðurstöðu þess. Í athugasemdum í greinargerð með frumvarpi því sem varð að lögum nr. 88/2008 segir svo um þessa endurupptökuheimild: „Um þessa aðstöðu eru engin fyrirmæli í gildandi lögum, en undir þetta gæti meðal annars átt tilvik, þar sem leiddir væru í ljós annmarkar á hæfi dómarsans sem með málið fór, og ekki hafi áður verið um þá kunnugt. Þykir eðlilegt að taka upp reglu af þessum toga til að tryggja rétta meðferð máls.“ Þótt það dæmi sem tekið er miði við að nýjar upplýsingar liggi fyrir verður ekki dregin sú ályktun af orðalagi ákvæðisins að skilyrði fyrir endurupptöku á grundvelli þess sé að ný gögn eða upplýsingar liggi fyrir sem renni stoðum undir að verulegir gallar hafi verið á málsmeðferðinni. Þá verður að ganga út frá því að undir málsmeðferð í skilningi ákvæðisins falli meðferð máls hjá lögreglu, ákærvaldi og dómstólum á báðum dómstigum enda geta gallar á málsmeðferð á öllum þessum stigum haft áhrif á niðurstöðu máls. Af fyrirnefndum athugasemdum í greinargerð verða þó dregnar þær ályktanir að ákvæðið beri að skýra þröngt eins og aðrar endurupptökuheimildir.
2187. Sjónarmið varðandi galla á málsmeðferð hafa verið til skoðunar í ákvörðunum um fyrri endurupptökubeiðnir varðandi hæstaréttarmál nr. 214/1978. Þar sem sjálfstæð endurupptökuheimild sambærileg við d-lið var þá ekki til staðar var fjallað um mögulega annmarka á málsmeðferð í tengslum við endurupptökuheimildina í a-lið 1. mgr. 184. gr. laga nr. 19/1991 og þá fyrst og fremst metið hvort fram væru komin ný gögn varðandi málsmeðferðina sem ætla mætti að hefðu verulega miklu skipt fyrir niðurstöðu málsins ef þau hefðu komið fram áður en dómur gekk.
2188. Í niðurlagi dóms Hæstaréttar í málinu nr. 214/1978 var fjallað með eftirfarandi hætti um annmarka á meðferð málsins: „Rannsókn sakamáls þessa er hin umfangsmesta á landi hér á síðari árum. Rangir og reikulir framburðir ýmissa þeirra, er rannsókn beindist gegn, ollu þeim, sem með rannsóknina fóru, miklum örðugleikum. Liggur geysimikil vinna í rannsókn málsins, og var m.a. freistað að beita þar ýmsum tækniúrræðum, er að haldi mættu koma. Í fáein skipti verður eigi séð, að þess hafi verið gætt að benda sökuðum manni, sem yfirheyrður var fyrir rannsóknarlögreglu, á ákvæði 1. mgr. 40. gr. laga nr. 74/1974, og við hefur borið, að yfirheyrsla hafi staðið samfelld lengur en 6 klukkustundir, samanber 3. mgr. 40. gr. sömu laga. Stöku sinnum bera bókanir ekki með sér, að reynt hafi verið að kveða til réttargæslumenn eða verjendur við yfirheyrslu, þar sem slíkt hefði verið rétt. Vegna ummæla í málflutningi hér fyrir dómi þykir ástæða til að taka fram, að fangavörðum er eigi heimilt að hafa afskipti af rannsókn opinbers máls að eigin frumkvæði. Það er ámælisvert að fangavörður laust einn hinna ákærðu kinnhest við yfirheyrslur, en ráðið verður af gögnum máls, að framkoma fangans við rannsóknarmenn í umrætt skipti hafi verið vítaverð.“ Þessir annmarkar voru þó ekki taldir svo alvarlegir að þeir gætu leitt til ómerkingar héraðsdóms, frávísunar eða sýknu.

2189. Í ákvörðun Hæstaréttar frá 15. júlí 1997 um endurupptökubeiðni endurupptöku-
beiðanda var byggt á því að í dómi Hæstaréttar hafi verið tekin afstaða til þess hvort
annmarkar á rannsókn málsins og meðferð dómfellda í gæsluvarðhaldsvist, sem þá
hafði verið upplýst um, gætu leitt til þess að játningar þeirra yrðu ekki lagðar til
grundvallar.
2190. Um þær röksemdir endurupptökubeiðanda sem lutu að annmörkum á meðferð málsins
sérstaklega sagði í ákvörðuninni: „Nokkur atriði varða breytta réttarfarslöggjöf, sem
öðlast hefur gildi eftir að dómur Hæstaréttar var kveðinn upp, en að sjálfsgöðu var
farið með málið eftir þeirri réttarfarslöggjöf, sem þá var í gildi. Um meðferð málsins
ber að hafa í huga að Hæstiréttur taldi á sínum tíma alvarlega galla vera á rannsókn
þess, þótt ekki væri talið að þeir ættu að valda því að málið ónýttist eða ekki yrði af
sakfellingu.“
2191. Í ákvörðuninni var komist að þeirri niðurstöðu að endurupptökubeiðandi hefði sætt
ólögmætu harðræði í gæsluvarðhaldsvist í Síðumúlafangelsi, einkum í apríl og maí
1976. Samkvæmt dómi Hæstaréttar hafi þetta að nokkru verið kunnugt en frekari gögn
hafi komið fram um þetta. Þóttu þetta vera einu atriðin sem færð hefðu verið fram og
til álita gætu komið sem grundvöllur að endurupptöku málsins. Í ákvörðuninni sagði
síðan: „Þótt framangreind atriði, sem nú er kunnugt um, hefðu þessu til viðbótar legið
fyrir við úrlausn málsins, verður ekki talið líklegt að þau hefðu skipt máli fyrir
niðurstöðu um sök dómfellda.“
2192. Í ákvörðunum um fyrri endurupptökubeiðnir hefur þannig vissulega verið skoðað
hvort rannsókn og dómsmeðferð hefði verið í samræmi við lög þótt ekki hafi verið til
staðar sjálfstæð endurupptökuheimild sambærileg þeirri sem nú er í d-lið. Þessi atriði
voru þó metin með þeim hætti að fyrst og fremst var litið til þess hvort Hæstiréttur
hefði að einhverju leyti sjálfur lagt mat á rannsóknina eða málsmeðferðina hvað þessi
atriði varðaði. Ef svo var talið var það atriði ekki tekið til frekari skoðunar nema að
því leyti sem ný gögn væru talin gefa tilefni til þess.
2193. Endurupptökunefnd fellst á þau sjónarmið sem fram koma í ákvörðun Hæstaréttar frá
15. júlí 1997 að við mat á því hvort verulegir gallar hafi verið á meðferð málsins verði
að miða við réttarfarslöggjöf eins og hún var þegar málið var til rannsókna og
dómsmeðferðar. Ekki verður þó eingöngu horft til þágildandi laga um meðferð
opinberra mála nr. 74/1974 heldur einnig til meginreglna opinbers réttarfars eins og
þær voru á þeim tíma. Jafnframt þykir verða að líta til þess að þótt
mannréttindasáttmáli Evrópu hafi ekki verið lögleiddur hér á landi á þeim tíma hafði
hann verið fullgiltur af Íslands hálfu. Endurupptökunefnd telur því nauðsynlegt að
skoða hvort og þá með hvaða hætti áhrifa sáttmálans og framkvæmdar hans hafi verið
farið að gæta hér á landi þegar Guðmundar- og Geirfinnsmálin voru til meðferðar. Sú
sjálfstæða endurupptökuheimild sem nú er í d-lið 1. mgr. 211. gr. sakamálalaga var
ekki til staðar þegar fyrri endurupptökubeiðnir vegna hæstaréttarmáls nr. 214/1978
voru afgreiddar. Endurupptökunefnd telur sig því ekki bundna, á sama hátt og
Hæstiréttur við afgreiðslu fyrri endurupptökubeiðna, af niðurstöðu Hæstaréttar um

hvort brotið hafi verið gegn þágildandi réttarfarsreglum og meginreglum opinbers réttarfars við rannsókn og dómsmeðferð í málinu.

2194. Réttarfarslöggjöf og skipan réttarvörslukerfisins á sviði sakamála hefur tekið gagngerum breytingum frá því að mál þetta var til rannsóknar og dómsmeðferðar. Með hliðsjón af framangreindum ályktunum um að miða verði við gildandi réttarfarslöggjöf þegar Guðmundar- og Geirfinnsmálin voru til meðferðar þykir rétt að gera í stórum dráttum grein fyrir þeirri réttarfarslöggjöf og réttarskipan sem þá var við lýði í sakamálum hér á landi. Þá voru í gildi lög nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála en þau lög voru að stofni til byggð á lögum nr. 27/1951. Með síðarnefndu lögunum var stigið stórt skref frá rannsóknarréttarfari til ákæruréttarfars. Þegar rannsókn málsins hófst í árslok 1975 heyrði rannsókn flestra alvarlegra sakamála í Reykjavík undir sakadóm Reykjavíkur. Mál þetta var rannsakað af rannsóknarlögreglumönnum sem heyrðu undir sakadóm Reykjavíkur og fulltrúi yfirsakadómara stjórnaði rannsókninni og tók jafnframt þátt í henni. Sami fulltrúi yfirsakadómara tók skýrslur fyrir dómi ef þurfa þótti og kvað upp gæsluvarðhaldsúrskurði og aðra rannsóknarúrskurði. Lögreglurannsókn og dómsrannsókn blandaðist þannig nokkuð saman og var í höndum sama embættis. Að lokinni frumrannsókn fóru málin til ríkissaksóknara sem gaf út ákærur. Eftir útgáfu ákæra var málunum úthlutað til dómara sem tóku málin til dómsrannsóknar sem tók marga mánuði en að lokum voru málin flutt munnlega. Ákvæði um aðalmeðferð voru ekki komin í lög. Hlutverk sækjanda, verjanda og dómara voru allt önnur en nú er. Dómarar voru í aðalhlutverki og höfðu mun meira frumkvæði en nú er en hlutverk sækjanda og verjanda var mun takmarkaðra. Dómararnir stýrðu skýrslutökum, spurðu ákærðu og vitni en gáfu þó sækjanda og verjanda kost á að spyrja.
2195. Sá reginmunur var á stofnanakerfi refsivörslukerfisins þá og nú að rannsókn og dómsmeðferð alvarlegra sakamála í Reykjavík var á sömu hendi, það er sakadóms Reykjavíkur. Það var ekki fyrr en með stofnun rannsóknarlögreglu ríkisins 1. júlí 1977 á grundvelli laga nr. 107/1976, sem lögreglurannsóknir voru alfarið færðar frá sakadómi Reykjavíkur. Þá var rannsókn Guðmundar- og Geirfinnsmálanna lokið og ákærur höfðu verið gefnar út.
2196. Lögbundin réttindi sakborninga voru allt önnur og takmarkaðri á árunum 1975–1980 en nú er. Löggjafinn var þó byrjaður að styrkja réttarstöðu sakborninga, til dæmis með lögum nr. 107/1976 og lögum nr. 53/1979. Sem dæmi um breytingar á réttarstöðu sakborninga og stöðu verjanda má nefna rétt sakbornings til að fá skipaðan verjanda og til að ráðfæra sig við verjanda í einrúmi. Samkvæmt 1. tölulið 1. mgr. 80. gr. laga nr. 74/1974 skyldi eftir ósk sökunauts skipa honum verjanda meðan hann sætti gæsluvarðhaldi. Rétturinn til aðgangs að verjandanum sætti þó miklum takmörkunum en í 1. mgr. 86. gr. sagði upphaflega: „Verjanda er heimilt, að tala við sökunaut einslega, þegar hann er í gæslu, nema dómari telji hættu á, að rannsókn torveldist fyrir það. Ef verjandi er skipaður, áður en rannsókn er lokið, er honum rétt að vera við prófun sökunauts, enda þyki dómara það hættulaust vegna rannsóknar málsins.“ Þessu ákvæði var breytt í svofellt horf með lögum nr. 107/1979: „Verjanda er heimilt að tala

við sökunaut einslega, þegar hann er í gæslu, nema dómari hafi sérstakt tilefni til að telja hættu á, að rannsókn torveldist fyrir það. Ef verjandi er skipaður, áður en rannsókn er lokið, er honum rétt að vera við prófun sökunauts.“

2197. Þess ber að geta að meðan á rannsókn Guðmundar- og Geirfinnsmálanna stóð voru flestir dómfelldu lengst af í gæsluvarðhaldi og hafði þeim þá verið skipaður verjandi sem reyndar var ætíð nefndir réttargæslumenn í skjölum málsins. Þessir sömu réttargæslumenn voru síðan skipaðir verjendur við upphaf dómsmeðferðar eftir útgáfu ákæru. Eins og síðar verður rakið nánar gekk þó á ýmsu með hvort þeir væru viðstaddir yfirheyrslur yfir skjólstæðingum sínum, hvort þeir væru yfirleitt boðaðir til slíkra yfirheyrslna og jafnframt hvort þeir fengju að hitta skjólstæðinga sína og ræða við þá einslega.
2198. Dómara var samkvæmt 1. mgr. 87. gr. laga nr. 74/1974 skylt að láta verjanda í té skjöl þau er mál varðaði en sjálfur hafði sakborningur ekki rétt á að fá skjöl afhent. Samkvæmt núgildandi lögum hefur sakborningur sjálfkrafa aðgang að öllum skjölum sem verjandi fær afhent.
2199. Allt önnur ákvæði giltu á þessum tíma um gæsluvarðhaldsvist en nú, bæði um skilyrði gæsluvarðhalds, lengd gæsluvarðhalds og um gæsluvarðhaldsvistina sjálfa. Engin takmörk voru á, til hve langs tíma í einu mátti úrskurða mann í gæsluvarðhald en nú er hámarkið fjórar vikur í senn. Um meðferð gæslufanga var kveðið á í 70. gr. en í 1. mgr. sagði: „Gæslufangar sæta þeirri meðferð, sem nauðsynleg er til að gæslan komi að gagni og góð regla haldist í varðhaldinu, en varast skal, svo sem kostur er að beita þá hörku og harðýðgi.“ Dómari ákvað að hve miklu leyti gæslufangi mætti hafa samband við aðra menn en fangaverði.
2200. Í athugasemdum í greinargerð með frumvarpi sem varð að lögum nr. 53/1979 sagði um gæsluvarðhald: „Enn fremur þekktist það, að mönnum er haldið inni lengur en brýnustu rannsóknarþarfir krefjast. Þetta á vafalaust rætur að rekja til þeirrar áherslu sem dómstólar leggja á að knýja fram játningu sökunauts, og er gæsluvarðhald áhrifaríkt tæki í því skyni.“ Ætla má að þessi fullyrðing endurspegli að nokkru þau viðhorf á þessum tíma að gæsluvarðhald hefði, að minnsta kosti að hluta til, þann tilgang að knýja fram játningu sakbornings. Þessum tilgangi gæsluvarðhalds hefur alfarið verið hafnað í sakamálaréttarfari nú á tímum.
2201. Fyrirnefndar athugasemdir Hæstaréttar um málsmeðferð í málinu nr. 214/1978 gefa tilefni til þess að álykta að vegna þess hversu ákæruréttarfar var þá skammt á veg komið hér á landi og lögreglurannsókn og dómsvald í héraði enn á sömu hendi hafi réttindi sakborninga verið jafnvel minni í reynd en lagaákvæði um réttarstöðu sakborninga og verjenda gáfu tilefni til og aðhald dómstóla að rannsókn sakamála verið mun minna en það er nú.
2202. Ljóst er að málsmeðferð í sakamálum var enn á áttunda áratug síðustu aldar með annan fótinn í rannsóknarréttarfari og hinn í ákæruréttarfari. Breytingum úr rannsóknarréttarfari yfir í ákæruréttarfar var lýst í sératkvæði Þórðar Björnssonar, þá yfirsakadómar, í dómi sakadóms Reykjavíkur svonefndu leigubílstjóramáli þar sem

ákært var fyrir manndráp en málinu lauk með sýknudómi Hæstaréttar 11. mars 1971 í málinu nr. 90/1970. Í sératkvæðinu segir meðal annars: „Öldum saman var í gildi hér á landi svonefnt rannsóknarréttarfar. Aðaláherzlan var lögð á að fá sökunaut til að játa á sig brot, og var þá sönnun fengin. Sérstakar réttarfarsreglur auðvelduðu dómara að fá játningu sökunauts. Hann var skyldugur til að svara spurningum dómara og var dómara heimilt að setja hann í fangelsi við vatn og brauð, þar til hann fékkst til að svara. Með lögum nr. 27/1951, samanber nú lög nr. 82/1961, um meðferð opinberra mála, voru afnumdar margar reglur rannsóknarréttarfarsins, en í staðinn voru lögleiddar margar reglur svonefnds ákæruvéttarfars, sem hefur verið lengi í gildi í nágrennaríkjum okkar. Samkvæmt þeim reglum hefur réttur sökunauts aukizt verulega. Aðaláherzlan er ekki lengur lögð á að knýja fram játningu sökunauts. [...] Í nágrennaríkjum okkar hafa hinar nýju reglur ákæruvéttarfarsins um skýrslur sökunauts og fráhrarf frá hinni eldri reglu, að leggja aðaláherzlu á að fá fram játningu hans, leitt óhjákvæmilega til þess að breytingar hafa orðið á viðhorfi dómstóla til sönnunar í sakamálum. Þeir hafa í auknum mæli farið að líta svo á, að neitun sökunauts þurfi ekki að vera annað en mannlegt viðbragð hans við framborinni sök án tillits til sannleiksgildis neitunarinnar, og þeir hafa þá einnig í auknum mæli beitt óbeinni sönnun eða líkum til að sanna sök.“³⁷⁵²

2203. Segja má að málsmeðferð í Guðmundar- og Geirfinnsmálunum frá upphafi rannsóknar og til dómsuppsögu endurspegli togstreituna milli rannsóknarréttarfarsins og ákæruvéttarfarsins. Sem dæmi um það má nefna miklar takmarkanir á aðgengi sakborninga að verjendum sínum, bæði undir lögreglurannsókn og síðar dómsrannsókn. Jafnframt hvernig langvarandi gæsluvarðhald, einangrun, samskiptabann og aðrar takmarkanir á réttindum, svo og ívilnanir og tyftanir meðan á gæsluvarðhaldsvistinni stóð virðast hafa verið notaðar til að hafa áhrif á framburð sakborninga. Að sama bruni bera athugasemdir í dómi Hæstaréttar um að rangir og reikulir framburðir ýmissa þeirra sem rannsóknin beindist gegn hafi valdið þeim sem með rannsóknina fóru miklum örðugleikum svo og fremur mildar athugasemdir réttarins um brot á réttindum sakborninga við skýrslutökur.
2204. Þótt réttarstaða verjenda hafi sem fyrr segir verið allt önnur þegar Guðmundar- og Geirfinnsmálin voru til rannsóknar hjá sakadómi Reykjavíkur en nú er sýnir bréf Páls Arnórs Pálssonar verjanda Kristjáns Viðars til yfirsakadómara, dagsett 23. ágúst 1976,³⁷⁵³ að verjandinn sætti sig illa við hvernig hann hafði verið hindraður í að sinna verjandastörfum sínum í þá átta mánuði sem skjólstæðingur hans hafði sætt gæsluvarðhaldi með því að honum var ekki tilkynnt um skýrslutökur, þrátt fyrir beiðni skjólstæðings hans, og gögnum haldið frá honum. Segir hann meðal annars í bréfinu: „Öll þessi meðhöndlun ber keim af ómengdu rannsóknarréttarfari, en slíkt er í algjörri andstöðu við megin reglur íslenskra laga um meðferð opinberra mála.“

³⁷⁵² Þess má geta að Þórður Björnsson varð síðar ríkissaksóknari og gaf út ákæru í Guðmundar- og Geirfinnsmálunum.

³⁷⁵³ Málsgögn endurupptökunefndar, bls. 1120.

2205. Meginreglur í sakamálaréttarfari eru taldar gegna margháttuðu hlutverki. Þær hafa áhrif á þróun réttarfarsreglna í sakamálaréttarfari, koma með ýmsum hætti fram, beint og óbeint, í fjölmörgum réttarfarsákvæðum og hafa þýðingu við beitingu og túlkun einstaka réttarfarsákvæða, jafnvel þannig að niðurstaða sé byggð á þeim í dómum. Þær eru ekki óbreytanlegar og hafa til dæmis á síðustu árum orðið fyrir miklum áhrifum frá mannréttindaákvæðum. Í riti Jónatans Þórmundssonar „Opinbert réttarfar I“ sem gefið var út árið 1979 lýsti höfundur þeim meginreglum sem hann taldi gilda þá við meðferð opinberra mála en ætla má að umfjöllunin endurspegli nokkuð vel þær meginreglur sem við var stuðst við meðferð sakamála á árunum 1975 til 1980. Þar segir meðal annars: „Íslenskt réttarfar er að stefnu til grundvallað á ákærureglunni, reglunum um sönnunarbyrði ákærvaldsins og frjálst sönnunarmat og reglum um opinbera, munnlega og milliliðalausa málsmeðferð.“ Höfundur telur að stórt skref hafi verið stigið í átt til ákæruréttarfars með lögum nr. 27/1951 en um sumt hafi því áfram svipað til rannsóknarréttarfars. Úr einkennum rannsóknarréttarfars hafi þó dregið með tilkomu rannsóknarlögreglu ríkisins og breytingum sem urðu á meðferð opinberra mála með lögum nr. 107/1976. Athygli vekur að höfundur heldur því ekki fram að hér á landi hafi þá gilt jafnræðisregla í rannsóknarréttarfari en segir um það að sakborningur hafi aðeins í orði kveðnu réttarstöðu sem sakaraðili, jafnréttihár ákærvaldi. Þá dregur hann í land hvað varðar meginregluna um milliliðalausa málsmeðferð og telur hana ekki hafa tíðkast nema að takmörkuðu leyti hér á landi: „Í seinni tíð hefur nokkuð þokast í áttina, en allmikilla úrbóta er þörf til þess að unnt sé að segja, að þessi meginregla sé í heiðri höfð.“ Aðrar meginreglur svo sem málshraðaregluna getur höfundur ekki um.
2206. Ákvæði um réttláta málsmeðferð fyrir dómi, sem nú er í 1. mgr. 70. gr. stjórnarskrárinnar, kom inn í stjórnarskrána með stjórnskipunarlögum nr. 97/1995 sem breyttu mannréttindakafila stjórnarskrárinnar í verulegum atriðum. Fyrirmynd ákvæðisins er 1. mgr. 6. gr. mannréttindasáttmála Evrópu en íslenska ríkið fullgilti þann samning þegar á árinu 1953. Fullyrða má að þær breytingar sem urðu á réttarstöðu sakborninga með lögum nr. 27/1951 um meðferð opinberra mála og síðari breytingum og endurútgáfum á þeim lögum fram á áttunda áratug síðustu aldar hafi meðal annars orðið fyrir áhrif frá mannréttindasáttmála Evrópu.
2207. Í athugasemdum með frumvarpi því sem varð að stjórnskipunarlögum nr. 97/1995 segir meðal annars: „Þótt íslensk lagaákvæði væru talin vera í samræmi við ákvæði mannréttindasáttmála Evrópu við fullgildingu hans árið 1953 og hann hafi eftir það verið hafður til hliðsjónar við skýringu og túlkun dómstóla á íslenskum lögum óx þeirri skoðun fylgi á síðustu árum að íslensk löggjöf tryggði ekki nægilega réttindi samkvæmt sáttmálanum.“
2208. Í ákvörðun Hæstaréttar frá 15. júlí 1997 um fyrstu endurupptökubeiðni endurupptökubeiðanda er komist að þeirri niðurstöðu að eftir að dómur gekk í Guðmundar- og Geirfinnsmálunum hafi Hæstiréttur áréttað í dómum þá afstöðu sem byggt hafði verið á í dómum fyrir þann tíma að ekki væri unnt að beita ákvæðum mannréttindasáttmála Evrópu eins og þau væru hluti af íslenskum landsrétti. Dómar

réttarins sem gengu á árunum 1990 og 1992 hafi falið í sér breytta afstöðu til áhrifa sáttmálans við skýringu landsréttar. Þeirri stefnubreytingu um meðferð réttarheimilda yrði þó ekki gefið gildi aftur til þess tíma, þegar þeim var beitt á annan hátt við úrlausn mála. Síðan segir orðrétt í ákvörðuninni: „Hins vegar má fallast á með talsmanni dómfellða að með setningu laga nr. 19/1991, laga nr. 62/1994 og stjórnskipunarlaga nr. 97/1995 hafi í ýmsum atriðum verið lögfestar áður óskráðar meginreglur íslensks réttar. Má því leggja til grundvallar að dómstólar hafi tekið mið af slíkum reglum við úrlausn málsins eftir því, sem þær þóttu gilda á þeim tíma.“ Endurupptökunefnd fellst á þau sjónarmið að með framangreindri löggjöf á 10. áratug síðustu aldar hafi verið lögfestar áður óskráðar meginreglur íslensks réttar en telur það hins vegar hlutverk sitt að leggja mat á hvort dómstólar hafi að öllu leyti fylgt framangreindum meginreglum við úrlausn Guðmundar- og Geirfinnsmálanna, meðal annars við mat á áhrifum brota á réttindum sakborninga við yfirheyrslur á sönnunargildi framburða þeirra.

2209. Sem fyrr segir komst Hæstiréttur að þeirri niðurstöðu í dómi sínum að ýmsir gallar hafi verið á framkvæmd yfirheyrslna yfir sakborningum og afskiptum fangavarda af rannsókninni en þessir annmarkar leiddu hvorki til ómerkingar héraðsdóms eða sýknu. Fleiri annmarkar á framkvæmd gæsluvarðhalds sakborninga, yfirheyrslum lögreglu og annarra starfsmanna sakadóms Reykjavíkur og öðrum rannsóknaraðgerðum, málsmeðferð fyrir dómi og dómasamningu hafa komið í ljós við meðferð þessa endurupptökumáls og skýrara ljósi hefur verið varpað á aðra annmarka á málsmeðferðinni.
2210. Fyrir endurupptökunefnd liggur að meta annars vegar hvort nægilega teljist í ljós leitt að málsmeðferðin hafi verið haldin slíkum ágöllum að líklegt þyki að gallar á málsmeðferð hafi einir og sér átt að leiða til annarrar niðurstöður þannig að skilyrði d-liðar 1. mgr. 211. gr. laga um meðferð sakamála teljist uppfyllt. Hins vegar þarf endurupptökunefnd að meta hvaða áhrif þeir ágallar á málsmeðferð, sem lágu fyrir þegar Hæstiréttur kvað upp dóm sinn og þeir ágallar á málsmeðferð sem síðar hafa verið leiddir í ljós, eða skýrara ljósi verið varpað á, eiga að hafa á mat á því hvort sönnunargildi framburða sakborninga og vitna hafi verið rangt metin svo að áhrif hafi haft á niðurstöðu málsins, samanber c-lið 1. mgr. 211. mgr. laga um meðferð sakamála.

VII.3.5 Almennt um samspil endurupptökuheimildar í c-lið við endurupptökuheimildir í a- og d-liðum

2211. Hér að framan var komist að þeirri niðurstöðu að unnt væri að endurupptaka mál á grundvelli c-liðar þótt engin ný gögn eða upplýsingar lægju fyrir. Að þessu leyti er endurupptökuheimildin í c-lið sjálfstæð. Í þessu máli er krafa um endurupptöku ekki einungis byggð á c-lið heldur einnig á öðrum endurupptökuheimildum 1. mgr. 211. gr. laga um meðferð sakamála. Fyrir endurupptökuheimildinni í c-lið eru þau skilyrði sett að verulegar líkur séu leiddar að því að sönnunargögn sem færð voru fram í máli hafi verið rangt metin svo að áhrif hafi haft á niðurstöðu þess. Ljóst er að mat á sönnunargildi einstakra sönnunargagna getur ráðist af því hvernig staðið var að öflun þeirra. Þannig getur mat á sönnunargildi munnlegra framburða hjá lögreglu ráðist af

Því hvernig staðið var að yfirheyrslum og hvort virt voru þau réttarfarsákvæði og mannréttindaákvæði sem vernda eiga rétt sakborninga. Niðurstaða um það hvort sönnunargögn hafi verið rangt metin í skilningi c-liðar getur þannig ráðist af því hvort ágallar hafi verið á málsmeðferð við rannsókn og eftir atvikum meðferð máls fyrir dómi við öflun sönnunargagnsins með þeim hætti að áhrif hafi á áreiðanleika gagnsins. Ef í ljós telst leitt við meðferð endurupptökumáls að mikilvægs sönnunargagns hafi verið aflað með slíkum hætti getur nýtt heildarmat á sönnunargögnum leitt til þess að fallist verði á endurupptöku með vísan til c- og d-liða. Endurupptökuheimildirnar í c- og d-liðum tengjast því að þessu leyti.

2212. Endurupptökuheimildirnar í a- og c-liðum 1. mgr. 211. gr. laga um meðferð sakamála tengjast einnig verulega og kann að vera beitt saman. Við mat á því hvort skilyrði beggja endurupptökuheimildanna sé fyrir hendi þarf að skoða þau sönnunargögn sem lágu til grundvallar dómi og hvernig sönnunargildi þeirra var metið í dóminum. Það sem skilur endurupptökuheimildirnar hins vegar að er að endurupptaka er því aðeins möguleg á grundvelli a-liðar að einhver ný gögn liggi fyrir en endurupptaka er hins vegar möguleg á grundvelli c-liðar þótt engin ný gögn liggi fyrir. Þá gefur endurupptökuheimildin í c-lið svigrúm til þess að taka mat Hæstaréttar á sönnunargildi einstakra sönnunargagna til endurskoðunar en endurupptökuheimildin í a-lið grundvallast á því hvort ætla megi að heildarmat á sönnunargildi nýrra og eldri fyrirbyggjandi sönnunargagna hefði haft áhrif á niðurstöðu málsins, það er hvort hin nýju sönnunargögn séu líkleg til að hafa breytt sönnunarmatinu svo verulegu hefði skipt fyrir niðurstöðuna ef þau hefðu legið fyrir dóminum.

VII.4 Þýðing mannréttindaákvæða við úrlausn um endurupptöku

2213. Á síðustu áratugum hefur fræðimönnum orðið betur ljóst en áður að aðstæður við skýrslugjöf og ýmis utanaðkomandi áhrif eru til þess fallin að hafa áhrif á minni manna og þar með trúverðugleika framburða. Mannréttindaákvæðum og réttarfarsákvæðum sem eiga rætur að rekja til þeirra er ætlað að verja réttindi sakborninga við skýrslugjöf. Rétt þykir að skoða nánar samspil mannréttindaákvæða og mats á sönnunargildi framburða.
2214. Af hálfu Íslands var mannréttinasáttmáli Evrópu, það er samningur frá 4. nóvember 1950 um verndun mannréttinda og mannfrelsis, fullgiltur 19. júní 1953.³⁷⁵⁴ Þá gaf íslenska ríkið yfirlýsingu samkvæmt 25. gr. sáttmálans þar sem það viðurkennir án tímatakmarkana heimild mannréttindanefndar Evrópu til að taka við kærur einstaklinga og samtaka þeirra á hendur sér. Ríkið hefur jafnframt lýst yfir samkvæmt 46. gr. samningsins að það sé bundið af lögsögu Mannréttindadómstóls Evrópu, en yfirlýsingar þess um þetta hafa alla tíð verið til ákveðins tíma í senn. Upphaflega yfirlýsingin um þetta var gefin 3. september 1958, en fram að lögfestingu sáttmálans með lögum nr. 62/1994 var yfirlýsingin síðast framlengd til fimm ára frá 2. september 1989 að telja.

³⁷⁵⁴ Auglýsing um fullgildinguna var gefin út 29. desember 1967 og birt í C-deild Stjórnartíðinda nr. 17/1967.

2215. Fram að lögfestingu sáttmálans voru ákvæði hans ekki hluti af landsrétti, heldur eingöngu skuldbinding ríkisins að þjóðarétti. Hins vegar reyndi á áhrif sáttmálans í málum fyrir íslenskum dómstólum þar sem úrlausn var háð reglum landsréttar sem dregið var í efa að væru í samræmi við ákvæði sáttmálans. Þá komu kærsmål á hendur íslenska ríkinu vegna brota á sáttmálanum til úrlausnar fyrir mannréttindanefnd og Mannréttindadómstóli Evrópu, svo sem þannig að tekin var afstaða til þess hvort landsréttur eða framkvæmd hér á landi samrýmdist ákvæðum sáttmálans.³⁷⁵⁵
2216. Í athugasemdum í greinargerð með frumvarpi því sem varð að lögum nr. 62/1994 segir að við fullgildingu sáttmálans virðist ekki hafa komið til skoðunar að lögfesta ákvæði hans, enda hafi slíkt verið fremur fágætt á þeim tíma hvað varðar þjóðréttarsamninga. Þess í stað virðist hafa verið gengið út frá því að ríkið myndi efna skuldbindingar sínar með aðlögun landsréttar að ákvæðum mannréttinasáttmálans. Ekki virðist hafa þótt þörf á sérstökum aðgerðum til slíkrar aðlögunar, enda voru engar breytingar gerðar á íslenskri löggjöf í tengslum við fullgildingu sáttmálans.³⁷⁵⁶
2217. Í athugasemdum í greinargerð með frumvarpi því sem varð að stjórnskipunarlögum nr. 97/1995 segir meðal annars: „Þótt íslensk lagaákvæði væru talin vera í samræmi við ákvæði mannréttinasáttmála Evrópu við fullgildingu hans árið 1953 og hann hafi eftir það verið hafður til hliðsjónar við skýringu og túlkun dómstóla á íslenskum lögum óx þeirri skoðun fylgi á síðustu árum að íslensk löggjöf tryggði ekki nægilega réttindi samkvæmt sáttmálanum.“
2218. Þannig var í stuttu máli gengið út frá því að íslensk löggjöf samrýmdist í hvívetna ákvæðum sáttmálans og nægilegt væri þannig, til að efna þjóðréttarskuldbindingu ríkisins, sem komst á með fullgildingu sáttmálans, að beita aðferðum aðlögunar landsréttar að sáttmálanum. Einnig skal hafa í huga að samningurinn var fullgiltur áður en farið var að beita einstökum ákvæðum sáttmálans við úrlausn.
2219. Á þeim tíma sem liðinn er frá fullgildingu sáttmálans hefur efnisinntak ákvæða hans skýrst og breyst með túlkun og framkvæmd mannréttindanefndarinnar og Mannréttindadómstólsins, einkum á grundvelli sjónarmiða um framsækna eða breytilega skýringu. Má slá því föstu að nú til dags séu gerðar mun strangari kröfur til aðildarríkja en við fullgildingu sáttmálans og að efnislegt inntak ýmissa mannréttindaákvæða hafi verið rýmkað verulega frá því sem fyrirsjáanlegt var gerð sáttmálans.
2220. Dómaframkvæmd á 9. áratug síðustu aldar ber með sér að ekki hafi verið talið unnt að beita ákvæðum sáttmálans eins og þau væru hluti af íslenskum landsrétti, samanber til dæmis Hrd. 1985, bls. 1290 og Hrd. 1987, bls. 356. Aftur á móti má sjá breytta

³⁷⁵⁵ Sjá nánar umfjöllun í athugasemdum við frumvarp sem varð að lögum nr. 62/1994. Alþt. 1993–1994, A-deild, þskj. 105 — 102. mál.

³⁷⁵⁶ Þetta má meðal annars sjá af eftirfarandi ummælum þáverandi dómsmálaráðherra, Bjarna Benediktssonar, í umræðum á Alþingi haustið 1951 um tillögu til þingsályktunar um heimild til að fullgilda mannréttinasáttmálann: „Um þau réttindi, sem hér eru talin, er það í stuttu máli að segja að í öllu því sem nokkru máli skiptir, þá eru þau réttindi nú þegar beinlínis veitt borgurunum berum orðum í íslenskri löggjöf, að nokkru leyti í sjálfri stjórnarskránni, eða þá að það eru slík grundvallaréttindi að þau eru talin felast í meginreglum íslenskra laga, jafnvel þó að það sé ekki berum orðum fram tekið. Þess vegna má segja að I. kafli þessa samnings sé hér á landi engin nýjung því þar eru talin upp þau réttindi sem borgararnir þegar hafa notið og talin eru sjálfsgæddur þáttur í verndun íslenskra borgara gegn ofurvaldi ríkisins eða ásælni af annarra hálfu.“

afstöðu til áhrifa sáttmálans við skýringu landsréttar í seinni framkvæmd enda þótt sáttmálinn hafi ekki verið lögfestur, samanber til dæmis Hrd. 1990, bls. 2 og fleiri.

2221. Af svokallaðri harðræðisrannsókn og umfjöllun um hana í dómi Hæstaréttar í málinu nr. 214/1978 og athugasemdum í greinargerð með frumvarpi sem varð að lögum nr. 53/1979 má ráða að fyrir árið 1980 hafi nokkur skilningur verið hér á landi á mögulegum áhrifum mannréttindabrota á sönnunargildi einstakra sönnunargagna svo sem játninga sakborninga fyrir lögreglu.
2222. Í dómi Hæstaréttar var ekkert fjallað um möguleg áhrif hins langa gæsluvarðhalds og langrar einangrunar dómfelldu á sönnunargildi framburða þeirra. Endurupptökunefnd telur rétt að taka til skoðunar hvort framkvæmd gæsluvarðhalds og einangrunarvistar dómfelldu hafi verið með þeim hætti að jafna megi því við að dómfelldu hafi sætt pyndingum eða ómannlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu í skilningi 3. gr. mannréttindasáttmála Evrópu. Komist nefndin að þeirri niðurstöðu telur nefndin jafnframt óhjákvæmilegt að taka til skoðunar hvort þessar aðstæður hafi verið til þess fallnar að rýra sönnunargildi framburða dómfelldu og vitna eða jafnvel hvort óheimilt hafi verið að leggja þá framburði sem dómfelldu gáfu við slíkar kringumstæður til grundvallar sakfellingu.
2223. Á síðustu áratugum hefur Mannréttindadómstóll Evrópu ítrekað tekið til skoðunar hvaða áhrif það hefði á heimild dómstóla til að byggja sakfellingu á sönnunargagni að þess hafi verið aflað með ólögmætum hætti í andstöðu við ákvæði mannréttindasáttmála Evrópu. Í dómi Mannréttindadómstóls Evrópu frá 12. júlí 1988 í málinu nr. 10862/84; Schenk gegn Sviss var lagður grunnur að dómaframkvæmd dómstólsins en þar kemur meðal annars fram að ekki væri að finna í mannréttindasáttmála Evrópu sérstakt ákvæði um gildi sönnunargagna sem aflað væri með ólögmætum hætti. Ekki sé unnt að líta á það sem ófrávikjanlega reglu að sönnunargagn sem aflað sé með þeim hætti verði ekki lögð fyrir dóm. Framlagning slíkra gagna og sakfelling á grundvelli þeirra leiði ekki sjálfkrafa til þess að málsmeðferðin teljist ekki réttlát í skilningi 1. mgr. 6. gr. mannréttindasáttmála Evrópu.³⁷⁵⁷ Meta verði hvort málsmeðferðin í heild teljist hafa verið réttlát. Það ákvæði mannréttindasáttmála Evrópu sem helst kemur hér til skoðunar er 3. gr. sem leggur bann við pyndingum og annarri ómannlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu. MDE hefur mótað þá meginreglu að sakfelling verði ekki byggð á gagni sem aflað hefur verið með pyndingum eða annarri ómannlegri eða vanvirðandi meðferð í andstöðu við 3. gr. Málsmeðferðin teljist þá ekki réttlát án tillits til þess hversu áreiðanleg gögnin annars þykja. Grunnrökin að baki þessari dómaframkvæmd eru þau að gögn sem aflað er með slíkum aðferðum geti vart talist áreiðanleg sönnunargögn þar sem menn kunni að greina rangt frá og játa ranglega á sig sök til að binda endi á þjáningar sínar. Við þessar aðstæður er því hætta á að sönnunargögnin vitni ekki um það sem er satt og rétt.
2224. Svo sem fyrr hefur verið nefnt var mannréttindasáttmáli Evrópu staðfestur af hálfu Íslands árið 1953 en öðlaðist ekki lagagildi hér á landi fyrr en með lögum nr. 62/1994.

³⁷⁵⁷ Sjá Davíð Þór Björgvinsson: „Þýðing sönnunargagna í sakamálum sem aflað hefur verið með ólögmætum hætti“. *Tímarit Lögréttu* 2008, bls. 303.

Endurupptökunefnd hefur þó komist að þeirri niðurstöðu að áhrifa sáttmálans hafi verið farið að gæta hér á landi á áttunda áratug síðustu aldar og þá einkum í löggjöf. Rétt þykir því að taka framkvæmd Mannréttindadómstóls Evrópu og úrlausnir mannréttindanefndarinnar fyrir árið 1980 um 3. gr. mannréttindasáttmála Evrópu til nánari skoðunar. Þótt framkvæmd mannréttindanefndar og Mannréttindadómstóls Evrópu um 3. gr. sáttmálans hafi verið fremur fábrotin á þeim tíma hafði þó reynt á skýringu á efnislegu inntaki ákvæðisins að ákveðnu marki eins og hér verður gerð grein fyrir.

2225. Í ákvörðun mannréttindanefndarinnar frá 11. júlí 1973, í máli nr. 6038/73; X gegn Þýskalandi, byggði kærandi á því að með gæsluvarðhaldi og einangrun sem hann sætti hefði verið brotið gegn 3. gr. sáttmálans. Kærandi hafði verið handtekinn vegna gruns um margvísleg brot, þar með talið tilraun til manndráps, aðild að bankaránum og samtökum sem stunduðu skipulagða brotastarfsemi. Fyrir lá að kærandi hafði sætt einangrun í meira en tvö ár sem fólst í því að honum hafði meðal annars verið neitað um samneyti við aðra fanga og þátttöku í daglegu starfi í fangelsinu. Í forsendum mannréttindanefndarinnar var vísað til þess að löng einangrun væri óæskileg, einkum þegar um gæsluvarðhaldsfanga væri að ræða.³⁷⁵⁸ Hins vegar var talið að tvö atriði hefðu sérstaka þýðingu við mat á því hvort einangrun sem kærandi hafði sætt væri í andstöðu við 3. gr. sáttmálans. Bent var á að kærandi sætti ekki algerri eingrun, heldur væri hann aðskilinn frá öðrum föngum í þágu öryggis og þess að viðhalda reglu í fangelsinu. Þá átti kærandi þess kost að fá heimsóknir og nýtti þann rétt í miklum mæli. Jafnframt hefði kærandi aðgang að lesefni og útvarpi í klefa sínum. Einnig var talið að hegðun kæranda sjálfs hefði réttlætt synjun á beiðni hans um að einangrun yrði hætt.
2226. Samkvæmt þessu taldi mannréttindanefndin á þessum tíma mögulegt að einangrunarvist fanga, einkum á meðan þeir sættu gæsluvarðhaldi, gæti falið í sér brot á 3. gr. sáttmálans og var það metið með tilliti til aðstæðna í viðkomandi máli.
2227. Þetta var skýrt frekar í ákvörðun mannréttindanefndarinnar frá 8. júlí 1978 í máli Ensslin, Baader og Raspe gegn Þýskalandi, nr. 7572/76, 7586/76 og 7587/76 (Baader Meinhof). Í málinu var fjallað um einangrun sem kærendur sættu í þýsku fangelsi, en þeir voru aðgreindir frá öðrum föngum og vistaðir á afmörkuðu öryggissvæði. Í ákvörðuninni var tekið fram að aðskilnaður fanga frá öðrum föngum teldist ekki í sjálfu sér ómannleg meðferð og var áréttað að samkvæmt framkvæmd nefndarinnar teldist löng einangrun óæskileg, einkum þegar um gæsluvarðhaldsfanga væri að ræða. Í kjölfarið var tekið fram að í því skyni að meta hvort einangrunarvist félli innan gildissviðs 3. gr. sáttmálans þyrfti að meta aðstæður heildstætt, svo sem eðli ráðstöfunarinnar, tímalengd, þau markmið sem stefnt væri að og áhrif á viðkomandi einstakling. Vikið var sérstaklega að algjörri einangrun, hvað varðar skynjun og félagsskap, og tekið fram að slíkt geti án vafa að lokum eyðilagt persónuleika, það er talist vera ómannleg meðferð í skilningi 3. gr. Komist var að þeirri niðurstöðu að

³⁷⁵⁸ Þetta var orðað með eftirfarandi hætti: „The Commission first wishes to state its opinion that prolonged solitary confinement is undesirable, especially where the person is detained on remand.“

kærendur hefðu ekki sætt meðferð í andstöðu við 3. gr. sáttmálans. Hvað þetta varðar var meðal annars bent á að kærendur hefðu getað talað saman eða kallað sín á milli og hefðu haft aðgang að útvarpi og hluta tímans einnig sjónvarpi og plötuspilara. Þá hefði kærendum verið heimilt að fara í gönguferðir úti og gera æfingar. Bent var á að þótt kærendur hefðu sætt talsverðri félagslegri einangrun þá hefði þeim almennt verið heimilt að fá heimsóknir frá lögmönnum sínum og fjölskyldu, auk þess sem þeir hefðu haft félagsskap hver af öðrum. Þó hefðu kærendur í nokkur skipti, sem höfðu varað frá fimm dögum til tveggja mánaða, sætt algjerri einangrun frá hvor öðrum og samfélaginu. Niðurstaða nefndarinnar var byggð á heildstæðu mati á aðstæðum, því að þýsk yfirvöld höfðu fyrirkomulag vistunar kæranda til stöðugar endurskoðunar auk þess sem vísað var til hegðunar kæranda sjálfrá en þeir hefðu ekki alltaf viljað nýta þá möguleika til samskipta sem stóðu þeim til boða. Tekið var fram að samkvæmt þessu hefðu kærendur ekki með ásetningi sætt meðferð sem leiddi til andlegra eða líkamlegra þjáninga í því skyni að refsa þeim, eyðileggja persónuleika þeirra eða brjóta niður mótstöðu þeirra.

2228. Þótt ekki sé í þessum niðurstöðum fjallað beinlínis um sönnunargildi játninga sem fengin er fram með pyndingum eða ómannlegri og vanvirðandi meðferð gefa þær sterkar vísbendingar um hvenær framkvæmd og beiting gæsluvarðhaldsvistar og aðbúnaður fanga telst með þeim hætti að um brot gegn 3. gr. teljist vera á ræða. Í ljósi síðari dómaframkvæmdar Mannréttindadómstólsins sem áður hefur verið vikið að verður sakfelling ekki byggð á játningu sem fengin er fram með slíkum hætti.
2229. Síðar í úrskurðinum verður lagt mat á hvaða áhrif framkvæmd gæsluvarðhaldsvistar og einangrun dómfelldu hefði með réttu átt að hafa á mat á sönnunargildi játninga dómfelldu og framburða vitna hjá lögreglu og fyrir dómi fyrir útgáfu ákæru.
2230. Sem fyrr segir er af hálfu endurupptökubeiðenda meðal annars á því byggt að ekki hafi verið gætt að réttindum þeirra samkvæmt lögum og mannréttindaákvæðum við skýrslutökur fyrir lögreglu og við dómsrannsókn fyrir útgáfu ákæru og hvað varðar aðgengi þeirra að verjanda og að meta hefði átt sönnunargildi framburða þeirra með hliðsjón að því. Af hálfu endurupptökubeiðenda hafa verið lögð fram ýmis ný gögn því til stuðnings.
2231. Við skoðun á því hvaða þýðingu 1. mgr. 6. gr. mannréttinasáttmála Evrópu geti haft við ákvörðun um hvort fallast eigi á endurupptöku Guðmundar- og Geirfinnsmálanna þykir rétt að líta til svokallaðs Vegasmáls. Hæstiréttur ákvað 13. júní 2012 að verða við beiðni Sigurþórs Arnarssonar um endurupptöku hæstaréttarmálsins nr. 390/1997 (Vegasmálsins), hvað hann varðaði. Sigurþór hafði í máli þessu verið sýknaður fyrir héraðsdómi en sakfelldur í Hæstarétti. Með dómi Mannréttindadómstóls Evrópu frá 15. júlí 2013 í málinu nr. 44671/98 hafði dómstóllinn komist að þeirri niðurstöðu að málsmeðferð fyrir Hæstarétti Íslands í umræddu máli hefði brotið gegn 1. mgr. 6. gr. mannréttinasáttmála Evrópu með því að sýknudómi var breytt í sakfellingu á grundvelli breytts mats á sönnunargildi munnlegra framburða án þess að teknar væru skýrslur fyrir Hæstarétti af ákærða og ákveðnum vitnum. Með dómi Hæstaréttar 6. desember 2012 í máli nr. 512/2012 var sýknudómur héraðsdóms staðfestur hvað

Sigurþór varðaði. Þótt dómur Mannréttindadómstólsins um brot gegn 1. mgr. 6. gr. hafi haft áhrif við ákvörðun Hæstaréttar um að fallast á endurupptöku verður að hafa í huga að upphaflegur dómur Hæstaréttar var kveðinn upp í gildistíð laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála og eftir lögfestingu mannréttinasáttmála Evrópu og aðstæður því ekki fyllilega sambærilegar og í því máli sem endurupptökunefnd hefur nú til meðferðar.

2232. Fyrir Hæstarétti lágu í málinu nr. 214/1978 allar formlegar skýrslur sem teknar höfðu verið af sakborningum, niðurstöður og gögn úr svokallaðri harðræðisrannsókn og ýmsar aðrar upplýsingar um gæsluvarðhaldsvist dómfelldu og framkvæmd rannsóknarinnar. Í dómi Hæstaréttar voru sem fyrr segir tilgreindir nokkrir annmarkar sem þóttu hafa verið á rannsókninni. Annmarkarnir lutu meðal annars að því að þess hefði ekki í nokkur skipti verið gætt að benda sökuðum manni, sem yfirheyrður var fyrir rannsóknarlögreglu, á ákvæði 1. mgr. 40. gr. laga nr. 74/1974, að skýrslutökur hafi í nokkur skipti staðið lengur yfir en heimilt var samkvæmt 3. mgr. 40. gr. sömu laga og að stöku sinnum bæru bókanir ekki með sér, að reynt hafi verið að kveða til réttargæslumenn eða verjendur við yfirheyrslu, þar sem slíkt hefði verið rétt. Þessir annmarkar voru þó ekki taldir svo alvarlegir að þeir gætu leitt til frávísunar málsins frá héraðsdómi, ómerkingar héraðsdóms eða sýknu. Ekki var að því vikið í dómi Hæstaréttar að þessir annmarkar gætu haft áhrif á mat á sönnunargildi framburða, þar á meðal játninga dómfelldu, í yfirheyrslum við þessar aðstæður.
2233. Endurupptökunefnd telur nauðsynlegt að skoða nánar réttarframkvæmd mannréttindanefndarinnar og Mannréttindadómstóls Evrópu frá því fyrir og laust eftir 1980 hvað varðar réttláta málsmeðferð samkvæmt 6. gr. mannréttinasáttmála Evrópu, sértaklega hvað varðar þau grundvallarréttindi sakbornings að geta haldið uppi vörnum í sakamáli með eða án aðstoðar verjanda. Í 3. mgr. ákvæðisins er í fimm staflaðum kveðið á um lágmarksréttindi manns sem borinn er sökum um refsiverða háttsemi og er um að ræða nánari útfærslu á meginreglunni um réttláta málsmeðferð. Vegna fyrirliggjandi endurupptökubeiðna hafa þau réttindi sem sakborningi eru tryggð í b- og c-liðum ákvæðisins sérstaka þýðingu, en þau eru nátengd og varða bæði þann grundvallarrétt sakbornings að geta haldið upp vörnum í sakamáli. Í b-lið er mælt fyrir um rétt sakbornings til að fá tíma og aðstöðu til að undirbúa vörn sína og í c-lið er mælt fyrir um réttinn til að halda uppi vörnum, með eða án aðstoðar verjanda.
2234. Í ákvörðunum mannréttindanefndar Evrópu var á þessum tíma lögð áhersla á að álitaefni um hvort brotið hefði verið gegn b- og c-liðum 3. mgr. 6. gr. réðist af heildstæðu mati á aðstæðum í hverju máli fyrir sig, samanber til dæmis ákvarðanir frá 5. apríl 1963 í máli nr. 524/59; Ofner gegn Austurríki og frá 12. júlí 1979 í máli nr. 8339/78; Schertenleib gegn Sviss. Þá var talið að þó svo að sáttmálinn nefndi ekki sérstaklega rétt sakbornings til að eiga samskipti við lögmann að eigin vali leiddi slíkur réttur af nefndum liðum 3. mgr. 6. gr. sáttmálans. Hins vegar sé rétturinn til að hafa samráð við lögmann og veita honum upplýsingar ekki án takmarkana, samanber til dæmis ákvörðun frá 12. júlí 1978 í máli nr. 7854/77; Bonzi gegn Sviss og fyrrgreinda ákvörðun í máli Schertenleib gegn Sviss.

2235. Þegar á þessum tíma var talið að meta þyrfti heildstætt hvort takmarkanir á heimild sakbornings til að ræða við lögmann sinn væru réttlætunarlegar eða hvort um brot gegn 3. mgr. 6. gr. sáttmálans, samanber fyrrgreindar ákvarðanir og ákvörðun frá 12. júlí 1984 í máli nr. 9300/81; Can gegn Austurríki.
2236. Í fyrrgreindu máli Schertenleib gegn Sviss hélt kærandi því meðal annars fram að einangrun, sem hann sætti í sex vikur, hefði komið niður á rétti hans til að halda uppi vörnum. Lögð var áhersla á að kærandi hefði getað rætt við lögmennt sína í því skyni að undirbúa varnir mestan hluta þess tímabils sem rannsókn fór fram, en að sá réttur hefði sætt takmörkun á meðan kærandi var í einangrun frá 28. mars til 4. maí 1977. Vísað var til þess að kærandi hefði á þeim tíma sem einangrun stóð yfir getað rætt við konu sína í einrúmi nánast daglega um málið, en hún sinnti einnig hagsmunagæslu fyrir hann. Með hliðsjón af þessum aðstæðum var ekki talið að um brot gegn b- og c-liðum 3. mgr. 6. gr. sáttmálans gæti verið að ræða.
2237. Til hliðsjónar má benda á ákvörðun í máli Bonzi gegn Sviss. Kæranda, sem var grunaður um þjófnað og ólöglegan vopnaburð, var meðal annars gert að sæta einangrun í tíu daga og gat ekki átt samskipti við verjanda sinn á þeim tíma. Í málinu kom til skoðunar hvort að með þessu hefði verið brotið gegn b- og c-liðum 3. mgr. 6. gr. sáttmálans. Mannréttindanefndin lagði áherslu á mikilvægi þess að sakborningur gæti leitað til verjanda síns og tók fram að um grundvallarþátt í undirbúningi varnar væri að ræða.³⁷⁵⁹ Tekið var fram að kærandi hefði getað haft samráð við verjanda sinn án takmarkana á níu mánaða tímabili, það er frá 16. júlí 1976 til 16. apríl 1977 þegar dómur féll. Með vísan til þessa var talið að hann hefði haft nægilegan tíma og aðstöðu til að undirbúa vörn sína. Einnig kom til skoðunar hvort einangrun kæranda frá 17. júní til 16. júlí 1976 hefði verið í andstöðu við réttindi kæranda samkvæmt 3. mgr. 6. gr. sáttmálans. Lögð var áhersla á að ákvæðið tryggði ekki réttindi sakbornings til að leita ráðgjafar verjanda síns í einrúmi án nokkurra takmarkana. Vísað var til þess að kærandi gat sent verjanda sínum bréfflegar upplýsingar undir eftirliti dómstólsins og hefði getað óskað eftir tilslökun á fyrirkomulagi einangrunar þannig að hann gæti hitt verjandann. Að teknu tilliti til aðstæðna var talið að hin tímabundna takmörkun á rétti kæranda til að eiga samskipti við verjanda sinn fæli ekki í sér synjun á því að veita honum næga aðstöðu til að undirbúa vörn sína.
2238. Í ákvörðun mannréttindanefndarinnar í máli Can gegn Austurríki frá 12. júlí 1984 í máli nr. 9300/81 var fjallað ítarlega um rétt sakbornings til að undirbúa vörn sína. Af hálfu kæranda var lögð áhersla á að fyrstu mánuði gæsluvarðhaldsvistar hans hefði hann ekki getað átt samskipti við verjanda sinn í einrúmi. Byggt var á því að með þessu hefði verið brotið gegn b- og c-liðum 3. mgr. 6. gr. sáttmálans. Talið var að það væri mikilvægt á rannsóknarstigi að sakborningur gæti hugað að vörnum sínum, eftir atvikum með aðstoð lögmanns. Hvort takmörkun á samskiptum sakbornings við

³⁷⁵⁹ Um þetta sagði orðrétt í ákvörðuninni: „However, that right can be inferred from the above-mentioned provisions since Article 6 secures the right of an accused person to have adequate time and facilities for the preparation of his defence, while sub-paragraph 3 of that same provision secures the right to have the legal assistance of his own choosing: the opportunity for the accused to confer with his defence counsel is fundamental to the preparation of his defence.“

lögmann sinn fæli í sér brot gegn umræddum ákvæðum réðist af mati á aðstæðum. Lögð var áhersla á að sáttmálinn tryggði ekki berum orðum rétt sakbornings til að eiga samskipti við verjanda sinn. Hins vegar fæli það í sér brot gegn b-lið 3. mgr. 6. gr. sáttmálans ef sakborningur gæti ekki skipulagt vörn sína og komið á framfæri öllum mögulegum röksemdum fyrir dómi. Fyrir lá að kærandi hefði í um ár áður en réttarhöld hófust getað átt frjáls samskipti við verjanda sinn í því skyni að undirbúa vörn sína. Raunar var því ekki haldið fram að takmörkun á slíkum samskiptum hefði haft neikvæð áhrif á rétt kæranda til að halda uppi efnislegum vörnum og var því ekki um brot að ræða. Hvað varðar c-lið ákvæðisins var lögð áhersla á að ákvæðið varðaði almennan rétt sakbornings til að njóta aðstoðar lögmanns á öllum stigum málsmeðferðar. Fjallað var sérstaklega um rétt gæsluvarðhaldsfangna til að ræða við lögmann í einrúmi, bæði hvað varðar undirbúning varnar og einnig lögmati ráðstafana og athafna rannsóknaraðila. Útskýrt var að rétturinn til að njóta aðstoðar lögmanns væri lítils virði ef samskipti gætu ekki farið fram í einrúmi, enda væri ella hætta á því að sakborningur myndi ekki þora að tjá sig með frjálsum hætti um sakarefnið. Í málinu var vísað til þess að kæranda hefði verið meinað að eiga samskipti við lögmann sinn í þrjá mánuði við upphaf rannsóknar. Tekið var fram að þær sakir sem kærandi var borinn væru alvarlegar, en að ekki hefði verið talin sérstök hætta á að verjandi kæranda myndi misnota réttinn til að ræða við kæranda í einrúmi enda væri hann bundinn af siðareglum lögmannna. Þá væri takmörkuð hætta á því að aðilar samhæfðu framburði sína þar sem allir sakborningar væru í gæsluvarðhaldi og skýrslur hefðu verið teknar af þeim og flestum vitnum. Með hliðsjón af þessu var ekki fallist á að eftirlit með samskiptum kæranda og verjanda hans á umræddu tímabili væri réttlæt看legt vegna sérstakra aðstæðna, auk þess sem tímalengd takmörkunarinnar hefði ekki verið í samræmi við meðalhóf.

2239. Framangreind framkvæmd mannréttindanefndarinnar frá því fyrir og í kringum 1980 gefur sterka vísbendingu um hvaða skilningur var á þeim tíma lagður í rétt sakbornings til réttlátrar málsmeðferðar og þá sérstaklega réttinn til að halda uppi vörnum og réttinn til aðgengis að verjanda. Slík réttindi sakborning höfðu að nokkru leyti verið lögfest á Íslandi á þessum tíma. Sem fyrr segir taldi Hæstiréttur í Guðmundar- og Geirfinnsmálunum að brotið hefði verið gegn rétti sakborninga til aðgengis að réttargæslumanni og verjanda og öðrum réttarfarsákvæðum sem ætlað er að tryggja réttarstöðu sakborninga en slík brot virðast ekki hafa verið sett í samhengi við mannréttindaákvæði. Ekki verður séð að brot á þeim réttarfarsákvæðum sem vísað var til hafi haft áhrif við mat á sönnunargildi þeirra skýrslna sem fengnar voru fram í viðkomandi skipti.
2240. Við meðferð endurupptökumálsins hafa komið fram upplýsingar um fleiri tilvik en lágu fyrir Hæstarétti um að brotið hafi verið gegn réttindum dómfelldu í tengslum við skýrslutökur og réttinum til aðgengis að verjanda. Skýrara ljósi hefur auk þess verið varpað á þau tilvik sem Hæstiréttur hafi þá þegar upplýsingar um. Endurupptökunefnd mun leggja mat á hvort um svo alvarleg brot gegn réttindum sakborninga var að ræða að haft geti þau áhrif að sönnunargildi játninga og annarra sönnunargagna sem lögð

voru til grundvallar sakfellingu teljist hafa verið rangt metið og hvaða áhrif það hafi haft áhrif á niðurstöðu málsins.

VII.5 Um sönnunarmat

2241. Við úrlausn um beiðnir endurupptökubeiðenda um endurupptöku dóms Hæstaréttar í máli nr. 214/1978 er þýðingarmikið að greina á grundvelli hvaða sönnunargagna hvert dómfelldu um sig voru sakfelld. Svo háttar til varðandi sakarefni er lúta að hvarfi Guðmundar Einarssonar og Geirfinns Einarssonar og röngum sakargiftum að þau voru talin sönnuð fyrst og fremst með játningum dómfelldu, framburðum þeirra um háttsemi annarra dómfelldu og vitnisburðum vitna sem báru um málsatvik sem sjónarvottar. Sýnileg sönnunargögn voru af skornum skammti og vægi þeirra tiltölulega lítið við sakarmatið. Við mat á því hvort skilyrði endurupptöku séu til staðar reynir því fyrst og fremst á hvort ný gögn og upplýsingar varpi nýju ljósi á mat á sönnunargildi framburða dómfelldu og vitna fyrir lögreglu og fyrir dómi, þar á meðal játningar og afturhvarf frá játningum. Í því sambandi skiptir máli að greina ástæður þess að grunur beindist að dómfelldu um aðild að hvarfi Guðmundar- og Geirfinns, á hvaða upplýsingar rannsakendur byggðu þann grun, hvað dómfelldu báru í upphafi og hvernig framburður þeirra þróaðist. Jafnframt að greina hvenær og við hvaða aðstæður dómfelldu gáfu þá framburði sem taldir voru fela í sér játningu um aðild að refsiverðri háttsemi. Þá þarf að skoða möguleg spilliáhrif ytri þátta á framburði dómfelldu svo sem áhrif langs gæsluvarðhalds og einangrunar, áhrif langra og ítrekaðra samprófana milli dómfelldu og upplýsinga frá rannsakendum um framburði annarra dómfelldu. Fjallað verður almennt um þessi álitæfni áður en afstaða verður tekin til þess hvort efni sé til að verða við beiðni um endurupptöku með vísan til a–d-liða 1. mgr. 211. gr. laga um meðferð sakamála.

VII.5.1 Almennt um sönnunargildi játninga við lögreglurannsókn og fyrir dómi og um afturhvarf frá játningum

2242. Í lögum nr. 74/1974 var gert ráð fyrir að lögregluskýrslur og skýrslur sem teknar voru fyrir dómi fyrir útgáfu ákæru væru lagðar fyrir dóm sem sönnunargögn í sakamálum. Eftir gildistöku laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála staðfesti Hæstiréttur í máli nr. 388/1992 að heimilt væri að leggja fram í sakamáli skýrslur sem lögregla hafði tekið af ákærða og vitnum. Ekki var gerð breyting á réttarreglum um framlagningu lögregluskýrslna með lögum nr. 88/2008 um meðferð sakamála.

2243. Þótt framlagning lögregluskýrslna um framburð sakborninga og vitna hjá lögreglu sé heimil í sakamálum hér á landi og Mannréttindadómstóll Evrópu hafi ekki amast við framlagningu þeirra hafa slíkar skýrslur takmarkað sönnunargildi. Sönnunargildi lögregluskýrslu um framburð vitnis er þannig almennt háð því að vitnið komi fyrir dóm og ákærða eða verjanda gefist kostur á að spyrja vitnið og andmæla framburði þess. Ef ósamræmi er í framburði vitnis samkvæmt lögregluskýrslu og fyrir dómi er unnt að nota lögregluskýrslu til að benda á ósamræmið og óska skýringa. Ef skýringar eru ósannfærandi kann að verða byggt á lögregluskýrslu fremur en framburði fyrir dómi til stuðnings sakfellingu. Sakfelling yrði þó tæplega eingöngu eða aðallega

byggð á framburði vitnis samkvæmt lögregluskýrslu.³⁷⁶⁰ Þröngar heimildir eru til að byggja sönnun á framburði manns í lögregluskýrslu ef hann gefur ekki skýrslu fyrir dómi.

2244. Lögregluskýrslur hafa fyrst og fremst sönnunargildi um hvað ákærðu eða vitni sögðu við skýrslutöku hjá lögreglu. Að því leyti sem framburðir sakborninga og vitna samkvæmt lögregluskýrslu samræmist öðrum gögnum málsins geta slíkir framburðir þó styrkt sönnunargildi slíkra gagna. Á þýðingu lögregluskýrslna um framburð sakborninga og vitna reynir einna mest í þeim tilvikum þegar vitni ber með öðrum hætti fyrir dómi en hann gerði í yfirheyrslu hjá lögreglu og þegar ákærði, sem samkvæmt lögregluskýrslu hefur játað brot í yfirheyrslu hjá lögreglu, dregur játninguna til baka fyrir dómi.
2245. Áður en það varð að meginreglu hér á landi að hljóðrita yfirheyrslur eða taka yfirheyrslu upp í hljóði og mynd var sá háttur hafður á að lögreglumaður ritaði skýrslu með misnákvæmri endursögn af framburði sakbornings eða vitnis. Sakborningi eða vitni var eftir atvikum boðið að gera athugasemdir við það sem skráð hafði verið og staðfesta skýrsluna með undirskrift sinni. Þeir almennu ágallar eru hins vegar á slíkum skýrslum að í fæstum tilvikum er unnt að sjá hvaða spurningar hafa verið lagðar fyrir skýrslugjafa og í hvaða samhengi. Ef ákærði kannaðist við undirritun sína fyrir dómi og staðfesti efni skýrslunnar getur slík skýrsla orðið hluti af framburði ákærða fyrir dómi og haft sama sönnunargildi. Við meðferð sakamála fyrir dómi hefur það hins vegar alloft komið fyrir að ákærði bæri brögður á hann hefði í raun játað sök í yfirheyrslu hjá lögreglu þótt slíkrar játningar væri getið í óundirritaðri og jafnvel undirritaðri lögregluskýrslu.
2246. Í þeim tilvikum þar sem á það hefur reynt í dómaframkvæmd hér á landi að sakborningur neitar sök fyrir dómi þótt játning hans liggi fyrir samkvæmt lögregluskýrslu hafa dómstólar í fyrsta lagi þurft að meta hvort lögregluskýrslan sé fullnægjandi sönnunargagn um að ákærði hafi í raun játað í yfirheyrslu hjá lögreglu en við það mat getur skipt miklu máli hvernig staðið var að skráningu lögregluskýrslu, ástand sakbornings við skýrslutöku, hvort verjandi var viðstaddur og hvort sakborningur undirritaði skýrsluna. Mörg dæmi eru þess í nýlegri dómaframkvæmd að lögregluskýrslur sem ekki voru hljóðritaðar hafi ekki þótt fullnægjandi sönnun um játningu sakbornings og það þótt lögreglumenn sem skýrsluna rituðu hafi staðfest fyrir dómi að sakborningur hafi játað.³⁷⁶¹ Ef ákærði ber ekki brögður á að hann hafi játað í yfirheyrslu hjá lögreglu en færir fram skýringar fyrir afturhvarfi frá játningu þarf dómari að meta trúverðugleika framburðar ákærða fyrir dómi með hliðsjón af því

³⁷⁶⁰ Sjá dóm Mannréttindadómstóls Evrópu frá 24. nóvember 1986 í máli nr. 9120/80; Unterpertinger gegn Austurríki. Skýrslur tveggja stúlkna hjá lögreglu höfðu afgerandi þýðingu sem sönnunargagn en þær komu ekki fyrir dóm. Talið brot gegn d-lið 3. mgr., samanber 1. mgr. 6. gr. mannréttinasáttmála Evrópu. Sjá hins vegar dóm sama dómstóls frá 26. apríl 1991 í máli nr. 12398/86; Asch gegn Austurríki. Sakfelling fyrir að hafa beitt sambýliskonu ofbeldi var meðal annars byggð á framburði sambýliskonunnar fyrir lögreglu en hún kom ekki fyrir dóm. Mannréttindadómstóllinn taldi að skýrsla hennar hjá lögreglu hafi ekki verið eina sönnunargagnið og að ekki hefði verið brotið gegn 1. mgr., samanber d-lið 3. mgr. 6. gr. sáttmálans þótt ákærði hafi ekki átt þess kost að spyrja eða láta spyrja vitnið.

³⁷⁶¹ Sjá til dæmis dóma Hæstaréttar í málum nr. 404/2000 og 558/2008.

hvort hann hafi gefið skynsamlega og trúverðuga skýringu á breyttum framburði svo og hvort upphafleg játning eða hinn breytti framburður samræmist betur öðrum sönnunargögnum.³⁷⁶²

2247. Í 1. mgr. 164. gr. laga nr. 88/2008, sem fjallar um meðferð svonefndra játningamála fyrir dómi, er það gert að skilyrði fyrir því að máli verði lokið á þann einfalda hátt sem kveðið er á um í lagagreininni að dómari telji ekki ástæðu til að draga í efa að játning ákærða á sakargiftum sé sannleikanum samkvæm. Dómaframkvæmd sýnir að dómari þarf að meta hverju sinni hvort játning fyrir dómi sé í samræmi við gögn máls og teljist trúverðug.³⁷⁶³ Ákvæðið virðist í samræmi við þá réttarreglu sem fram kom í fyrrnefndri 73. gr. laga nr. 74/1974 en þar sagði að þótt sökunautur hefði játað á sig brot skyldi dómari allt að einu prófa hvort sú játning væri sannleikanum samkvæm.
2248. Þótt réttarreglur og réttarframkvæmd hvað varðar yfirheyrslur hjá lögreglu og skráningu þeirra hafi tekið talsverðum breytingum hér á landi frá því á áttunda áratug síðustu aldar og réttarvernd sakborninga sé nú orðin betur tryggð verður að hafa í huga að gildandi meginreglur um sönnun voru þær sömu og svipaðar réttarreglur í gildi um sönnun, sönnunarbyrði og sönnunarmat í sakamálum. Dómarar í hæstaréttarmáli nr. 214/1978 höfðu því svipaðan lagagrundvöll að styðjast við og nú við mat á sönnunargildi framburða ákærðu og vitna samkvæmd lögregluskýrslum, fyrir dómi við rannsókn málsins og við meðferð málsins fyrir sakadómi Reykjavíkur, þar á meðal um mat á trúverðugleika játninga ákærðu hjá lögreglu og fyrir dómi við rannsókn málsins og skýringum á afturköllun játninga.
2249. Fjöldmörg atriði þarf að skoða áður en unnt er að leggja mat á því hvort fram séu komin ný gögn sem ætla má að hefðu verulega miklu skipt fyrir niðurstöðu hæstaréttarmálsins nr. 214/1998 ef þau hefðu komið fram áður en dómur gekk og hvort verulegar líkur hafi verið leiddar að því að sönnunargögn sem færð voru fram í málinu hafi verið rangt metin svo að áhrif hafi haft á niðurstöðu þess. Í því sambandi verður að líta til þess að fram eru komnar nýjar vísbindingar um hvernig grunur beindist að dómfelldu um aðild að hvarfi Guðmundar. Þá liggja fyrir mun ítarlegri gögn en lágu fyrir Hæstarétti á sínum tíma um framkvæmd gæsluvarðhalds yfir dómfelldu, sem var lengra en nokkur dæmi eru til um hér á landi, og hvernig ívilnanir og svipting ívilnana voru notaðar gagnvart dómfelldu eftir því hvort þeir voru samvinnuþýðir eða ekki við rannsókn og dómsmeðferð. Þá liggja fyrir ítarlegri gögn

³⁷⁶² Í dómi Hæstaréttar í máli nr. 11/2001 var játning ákærða hjá lögreglu höfð til hliðsjónar við sakfellingu þrátt fyrir að hann neitaði sök fyrir dómi. Ekkert lá fyrir um að ákærði hafi verið beittur þrýstingi við yfirheyrslu hjá lögreglu og hafði verjandi hans verið viðstaddur hana. Fráhvarf ákærða frá framburði sínum var talið ótrúverðugt og fráleitt. Í dómi Hæstaréttar í máli nr. 665/2007 játaði ákærði hjá lögreglu vörslu á fíkniefnum og að hafa ætlað hluta þeirra til sölu. Hann vefengdi ekki fyrir dómi að hafa gefið skýrsluna. Ákærði bar að hann hafi verið í mikilli neyslu þegar skýrslan var tekin. Byggt var á því að hann hefði ekki gefið skýringu á breyttum framburði sem tekið yrði tillit til og hann sakfelldur.

³⁷⁶³ Í dómi Hæstaréttar í máli nr. 16/2013 kom fram að ákærði hafi gefið sig fram við lögreglu og játað að hafa staðið fyrir ræktun á kannabispöntum. Hann var í héraði dæmdur sekur á grundvelli játningar sinnar. Í dómi Hæstaréttar sagði að ef frá væri talinn framburður ákærða sjálfs yrði ekki séð að önnur gögn benti til þess að hann hefði gerst sekur um þá háttsemi sem honum væri gefin að sök. Sú staðhæfing í forsendum hins áfrýjaða dóms að játning ákærða væri í samræmi við gögn málsins þótti ekki eiga við rök að styðjast og játning ákærða ekki talin trúverðug. Héraðsdómur var ómerktur og málinu vísað heim í hérað.

um framkvæmd yfirheyrsla og þátttöku fangavarda, lækna og annarra sérfræðinga í því að ná upplýsingum frá dómfelldu, í sumum tilvikum með mjög óhefðbundnum og jafnvel vafasömum hætti. Jafnframt liggur skýrar fyrir en áður hversu lítið rannsóknaraðilar skráðu um allan þann fjölda formlegra og óformlegra yfirheyrsla, samprófana og viðtala sem dómfelldu tóku þátt í. Í yfirgnæfandi meirihluta þessara samskipta var ekkert skráð um það sem fram fór og því ekkert vitað um, hvernig réttarstöðu dómfelldu var gætt, hvaða upplýsingar þeim voru gefnar um framburði annarra, hvers dómfelldu voru spurðir og hverju þeir svöruðu. Þannig er margt óljóst um hvernig framburðir dómfelldu þróuðust. Jafnvel í þeim tiltölulega fáu tilvikum sem lögregluskýrsla var rituð var í engu getið hvaða gögn, upplýsingar og spurningar voru lagðar fyrir dómfelldu og margar þessara skýrsla eru aðeins óundirritaðar upplýsingaskýrslur lögreglumanna. Í fæstum tilvikum var verjandi eða réttargæslumaður viðstaddur yfirheyrslu, sampröfun eða viðtal. Þeim skýringum rannsóknaraðila að skýrslur hafi aðeins verið ritaðar ef eitthvað nýtt kom fram virðist ekki hafa verið tekið með neinni tortryggni af dómurum. Þá verður ekki séð af forsendum sakadóms Reykjavíkur eða Hæstaréttar að hugað hafi verið að þeim miklu spilliáhrifum sem ætla má að langt gæsluvarðhald og einangrun, hinar fjölmörgu og löngu yfirheyrslur og samprófanir hafi haft á minni dómfelldu og þar með áreiðanleika framburða þeirra. Hér á eftir verða rakin helstu atriðin sem endurupptökunefnd telur að geti varpað nýju ljósi á sönnunargildi munnlegra framburða ákærðu og vitna svo og skýringar á afturköllun játninga dómfelldu fyrir lögreglu og fyrir dómi.

VII.5.2 Atriði sem hafa áhrif á mat á sönnunargildi framburða í málinu

2250. Ganga verður út frá því að niðurstaða um sakfellingu sakborninga í hæstaréttarmáli nr. 214/1978 hafi byggst á heildarmati á sönnunargildi allra fram kominna sönnunargagna á grundvelli réttarreglna og sjónarmiða um sönnun, sönnunargögn, sönnunarbyrði og sönnunarmat á þeim tíma sem dómurinn var kveðinn upp. Á þeim tíma sem mál þetta var til rannsóknar og meðferðar fyrir dómstólum voru ákvæði um sönnunarbyrði og mat sakargagna að finna í XIII. kafla laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála. Í 108. og 109. gr. laga nr. 74/1974 komu fram meginreglurnar um sönnunarbyrði ákærvaldsins og frjálst sönnunarmat dómara en þessi ákvæði voru í stórum dráttum efnislega samhljóða 108. og 109. gr. sakamálalaga nr. 88/2008 þótt framsetningin væri með nokkru öðru móti. Í 110. gr. laga nr. 74/1974 var hins vegar mælt fyrir um að dómari skyldi meta öll atriði varðandi sönnunargildi vitnisburðar, matsgerðar skoðunar og skjala með hliðsjón af ákvæðum 129., 144., 153., 154., 158. og 159. gr. laga nr. 85/1936, þágildandi laga um meðferð einkamála í héraði. Í 129. gr. þágildandi einkamálalaga var til dæmis sambærilegt ákvæði um mat dómara á sönnunargildi vitnisburðar og nú er í 126. gr. sakamálalaga. Lagaumgjörð um sönnun, sönnunarbyrði og sönnunarmat í sakamálum, þar á meðal um mat á sönnunargildi munnlegra framburða, var því stórum dráttum sambærileg þegar Guðmundar- og Geirfinnsmálin voru til meðferðar og hún er nú.
2251. Samkvæmt framansögðu hvíldi sönnunarbyrði um sekt ákærða og atvik sem telja má honum í óhag þá sem nú á ákærvaldinu. Þá sem nú var dómara ætlað að meta það hverju sinni, hvort nægileg sönnun sem ekki yrði vefngd með skynsamlegum rökum,

væri fram komin um hvert atriði er varðaði sekt og ákvörðun refsingar og aðrar afleiðingar brots, þar á meðal hverja þýðingu skýrsla sökunaut hefði.

2252. Þær ríku sönnunarkröfur sem gerðar eru í sakamálum ná bæði til verknaðarins sem slíks og huglægrar afstöðu ákærða til hans. Sönnunargögn verða að horfa þannig við að ekki sé unnt að vefengja það með skynsamlegum rökum að ákærði hafi framið þann verknað sem á hann er borinn. Ef minni kröfur eru gerðar blasir við sú hætta að maður verði fundinn sekur um afbrot sem hann hefur ekki framið.
2253. Rannsókn lögreglu á aðild dómfelldu að hvarfi þeirra Guðmundar og Geirfinns var þeim vandkvæðum bundin allt frá upphafi að mikilvæg áþreifanleg sönnunargögn skorti, svo sem lík hinna horfnu manna, vettvang afbrots og önnur ummerki brots. Engar áþreifanlegar staðreyndir var því við að styðjast svo sem um áverka eða banamein hinna horfnu manna. Þá hófst rannsókn lögreglunnar í Reykjavík ekki fyrr en tæpum tveimur árum eftir að Guðmundur hvarf og rúmlega einu ári eftir hvarf Geirfinns. Möguleikar lögreglu á að rannsaka ummerki brots voru því litlir, sérstaklega með þeim tæknilegu rannsóknaraðferðum sem þá voru fyrir hendi. Þessu til viðbótar áttu dómfelldu og vitni erfitt með að muna hvað á daga þeirra hafði drifið þegar mennirnir hurfu sökum þess hve langt var liðið frá umræddum atvikum. Lögreglan hafði því afar takmarkaðar vísbendingar til að styðjast við um málsatvik og aðild hvers og eins. Til þess að upplýsa málið þurfti lögregla því að reiða sig nær alfarið á framburði dómfelldu og vitna.
2254. Á síðustu áratugum hafa þeir þættir sem áhrif hafa á trúverðugleika framburða verið rannsakaðir fræðilega eins og rakið er í skýrslu starfshóps innanríkisráðherra.³⁷⁶⁴ Þar eru raktir sjö þættir sem helst eru taldir hafa áhrif á áreiðanleika framburða. Fyrst eru taldir þættir er varða aðstæður þegar rannsókn fer fram, eðli og alvarleiki þeirra málsatvika sem eru til rannsóknar, þrýstingur á lögreglu um að upplýsa mál auk samskipta og tengsla milli sakborninga sem og við hugsanleg fórnarlömb. Í öðru lagi koma til skoðunar þættir er lúta að fyrirkomulagi gæsluvarðhalds og tímalengd þess þar sem meiri líkur eru á óáreiðanlegum framburðum eftir því sem sakborningur er lengur í varðhaldi og sætir meiri einangrun. Í þriðja lagi kemur tilhögun yfirheyrslu, yfirheyrsluaðferðir og upplýsingar um framgöngu rannsakennda til skoðunar við mat á sönnunargildi framburðar. Þá skiptir líkamleg og andleg heilsa þess sem lætur framburð í té miklu máli í þessu sambandi. Sefnæmi eða undanlátssemi og aðrir ámóta þættir í fari sakbornings sem gefur skýrslu geta skipt máli. Eins skipta máli atriði er lúta að stuðningi verjanda eða annars málsvara, en nærvera hans getur minnkað álag í skýrslutöku þótt viðkomandi haldi sér alveg til hlés. Þá kunna samskipti einstaklinga á milli að skipta verulegu máli en eftir því sem samband yfirheyra og þess sem yfirheyrdur er stendur lengur því meira máli getur persónuleg afstaða þeirra á milli skipt varðandi trúverðugleika framburðarins.

³⁷⁶⁴ Skýrsla starfshóps um Guðmundar- og Geirfinnsmál til innanríkisráðherra. Innanríkisráðuneytið, Reykjavík, 2013, bls. 329–330.

2255. Í þeim endurupptökumálum sem hér eru til úrlausnar geta samtímaheimildir varpað ljósi á ýmis framangreindra atriða en þeirra er helst að leita í rannsóknargögnum, fangelsisdagbókum og dagbókum dómfelldu Guðjóns og Tryggva Rúnars.

VII.5.2.a Persónulegir þættir er varða dómfelldu

2256. Þegar Guðmundar- og Geirfinnsmálin voru til rannsóknar og dómsmeðferðar var framkvæmd geðrannsókn á öllum dómfelldu nema Alberti Klahn Skaftasyni. Einnig var safnað ýmsum upplýsingum um persónulega hagi þeirra sem teknar voru saman í upplýsingaskýrslu lögreglu. Í vinnu starfshóps um Guðmundar- og Geirfinnsmál var loks hlutast til um að framkvæma sálfræðilegt mat á áreiðanleika framburða dómfelldu. Verða nú raktir þeir persónulegu þættir er varða dómfelldu sem koma til skoðunar við mat á sönnunargildi framburða þeirra og skýringa á afturköllun játninga undir rannsókn og fyrir dómi.
2257. Endurupptökubeiðandi var 20 ára gamall þegar grunur beindist að honum vegna rannsóknar á Guðmundarmálinu. Hann sat á þeim tíma í gæsluvarðhaldi vegna gruns um aðild að póstsvikamálinu. Fyrir liggur að endurupptökubeiðandi sætti geðrannsókn á tímabilinu 31. maí til 3. september 1976 og liggur fyrir ódagsett skýrsla³⁷⁶⁵ um rannsóknina, en á þeim tíma sætti hann gæsluvarðhaldi og einangrun. Þá liggja fyrir gögn frá þeim sem önnuðust rannsókn málanna sem varða persónuleika og aðstæður endurupptökubeiðanda, sem og viðhorf þeirra til hans. Jafnframt er að finna umfjöllun um persónuleika, sálræn vandamál og andlegt ástand endurupptökubeiðanda í 19. kafla skýrslu starfshóps innanríkisráðherra, sem áður hefur verið gerð grein fyrir, en þar er meðal annars lagt mat á trúverðugleika framburða hans hjá lögreglu og fyrir dómi.
2258. Fyrir liggur að endurupptökubeiðandi bjó við erfiðar félagslegar aðstæður. Hann bjó með báðum foreldrum sínum fram að skilnaði þeirra, oft við bág kjör vegna strjállar atvinnu föður hans. Fram kom í skýrslu um geðrannsókn að faðir hans hafi verið erfiður með víni og lagt hendur á fjölskyldumeðlimi, þar með talið endurupptökubeiðanda. Við þrettán ára aldur fór hann í viðtal hjá geðlækni sem taldi hann eiga við aðlögunarvandkvæði að stríða (maladaptatio adolescence) og mögulega vera geðvilltan (psychopath). Endurupptökubeiðandi kynntist dómfelldu Kristjáni Viðari og Alberti í skóla og voru þeir í ýmsum óknyttum, eins og það var orðað í skýrslunni. Skólaganga endurupptökubeiðanda var brokkgeng og var honum loks vikið úr skóla að Reykjanesi við Ísafjarðardjúp vegna agabrots. Atvinnuþátttaka endurupptökubeiðanda að námi loknu var sáralítill og flutti hann að heiman 1971, en ári síðar varð mikil breyting á lífi hans er hann eignaðist nýjan kunningjahóp og kynntist frekar fíkniefnum. Leiddi það til þess að hann hóf að stunda fíkniefnasölu og innflutning í félagi með öðrum.
2259. Í skýrslu um geðrannsókn var komist að þeirri niðurstöðu að endurupptökubeiðandi væri hvorki fáviti né geðveikur (psychotiskur), en haldinn geðvillu (e. personality disorder, antisocial type) sem ekki var talin stafa af vefrænum orsökum. Hann var því

³⁷⁶⁵ Málsgrein 756.

talinn sakhæfur í almennum skilningi. Greint var frá því að á árunum 1971 og 1972 hafi borið á kvíða og hjartsláttarköstum hjá endurupptökubeiðanda sem hefðu verið talin andlegs eðlis. Samkvæmt sálfræðiþrófum var atferli hans lýst á þann veg að geðtengsl hafi verið góð á yfirborðinu, en ómögulegt að ná nokkrum dýpri geðtengslum. Komist var svo að orði að hann hafi stöðugt reynt að „manipulera“ sálfræðinginn og verið tungulipur í betra lagi. Hann hafi verið var um sig og jafnvel tortrygginn, en aldrei varð vart neinna truflana á hugsun eða skynjun. Hafi hegðun hans og viðbrögð öll verið dæmigerð fyrir psychopatiskan persónuleika með ákaflega flatt tilfinningalíf. Starfhæf greind var talin fremur lök og greindarvísitala 84 en þó talið að líkur væru til þess að hann væri greindari að eðlisfari. Fram kom að endurupptökubeiðandi hefði staðfastlega neitað að eiga nokkurn hlut að Guðmundar- og Geirfinnsmálum. Hins vegar hafi honum verið tíðrætt um framkomu lögreglunnar við sig og sagt hana hafa beitt sig þvingunum til þess að skrifa undir játningar. Tekið skal fram að á þeim tíma sem geðrannsókn fór fram sætti endurupptökubeiðandi umtalsverðu harðræði innan Síðumálafangelsis þar sem hann var í gæsluvarðhaldi.³⁷⁶⁶ Telja verður að sú meðferð sem endurupptökubeiðandi sætti hafi verið til þess fallin að hafa veruleg áhrif á andlegt ástand hans og verður að skoða niðurstöður geðrannsóknar í því ljósi.

2260. Meðal rannsóknargagna er samantektarskýrsla um endurupptökubeiðanda sem unnin var af rannsóknarlögreglumanni. Í skýrslunni, sem er dagsett 25. janúar 1977, er greint frá því að endurupptökubeiðandi hafi vitað að lögregla hefði lítil gögn í höndunum og að erfitt yrði að sanna sök hans ef játning hans lægi ekki fyrir. Hefði endurupptökubeiðandi verið mjög á verði en reynt ákaft að komast að því hvað aðrir dómfelldu hefðu sagt og einnig oft beðið um vera samþrifaður við þá. Því var lýst að hann hafi gjarnan viljað fá að greina frá málinu öllu með langri sögu sem síðan hafi ekki staðist nema að litlu leyti við frekari könnun. Hafi hann nefnt ýmsa menn, kunningja og félagar, og sagt þá hafa átt hlut að máli án þess að láta sig varða óþægindin sem hann hafi valdið þeim. Fram kom að endurupptökubeiðandi hafi yfirleitt verið í frekar léttu skapi þegar hann hafi mætt til yfirheyrslu, en þó væri greinilegt að hann væri orðinn þreyttur á einverunni í gæsluvarðhaldinu. Fram kom sú afstaða lögreglunnar að með því að neita aðkomu að málinu teldi endurupptökubeiðandi sig geta „ruglað og þreytt rannsóknarmenn í málinu þannig að þeir gæfust upp.“ Jafnframt var tekið fram að ef lagt væri of fast að endurupptökubeiðanda í yfirheyrslum þannig að hann reiddist segðist hann „taka allt aftur sem hann væri búinn að segja um mál þessi.“ Fram kom að endurupptökubeiðandi hefði engin geðbrigði sýnt þegar rætt væri um þau mál sem hann væri sakaður um. Hafi rannsóknarlögreglumaðurinn rætt við hann um þessi endalaus ósannindi hans, eins og það var orðað, en hann þá svarað því til að hann hafi verið síljúgandi síðan hann var krakki og gerði oft ekki greinarmun á því hvenær hann segði satt eða ósatt. Bókað var að endurupptökubeiðandi hafi verið þakklátur fyrir allt sem hafi verið gert fyrir hann og voru í dæmaskyni nefndar stuttar ökuferðir, ávextir og bækur.

³⁷⁶⁶ Sjá kafla VII.5.2.d.3.

2261. Í ódagsettri skýrslu, sem ber heitið „Huglægar málsástæður“, og er líklega rituð af Karli Schütz má greina frekar afstöðu þeirra sem rannsökuðu málið til endurupptökubeiðanda. Þar er meðal annars tekið fram að endurupptökubeiðandi og dómfelldi Kristján Viðar hafi sýnt af Guðmundarmálinu að þeir væru „færir um að drepa mann af lítilfjörlegu tilefni.“ Þá var vikið að mögulegum ávinningi endurupptökubeiðanda af því að drepa Geirfinn, en jafnframt tekið fram að yfirheyrslur hefðu ekki leitt í ljós samráð um manndráp áður en verknaðurinn hafi verið framinn. Í skýrslunni kom fram það viðhorf að háttsemi dómfellda Kristjáns Viðars hafi að einhverju leyti verið stjórnað af endurupptökubeiðanda. Var það orðað svo að endurupptökubeiðanda væri trúandi til að hafa leyft dómfellda Kristjáni Viðari að sleppa af sér taumnum. Hefði endurupptökubeiðandi frá þessum sjónarhóli séð „drepð Geirfinn í gegnum Kristján og litið á aðgerðir Kristjáns sem sínar eigin.“
2262. Í 19. kafla skýrslu starfshóps um Guðmundar- og Geirfinnsmál til innanríkisráðherra, sem áður hefur verið vikið að, er fjallað um mat á áreiðanleika framburða dómfelldu í málunum. Endurupptökubeiðandi var látinn þegar vinna við skýrslu starfshópsins fór fram. Hafa ber það í huga við mat á því sem fram kemur í skýrslunni um trúverðugleika framburðar endurupptökubeiðanda og mat á játningum hans.
2263. Í skýrslunni er vikið að því, með hliðsjón af fræðum um játningar, sem höfundar telja meginástæður þess að endurupptökubeiðandi hafi játað aðild að málunum. Var talið að tveir sálrænir þættir sem snerta persónulegar aðstæður hans og eiginleika, sem og fimm þættir sem snertu yfirheyrslur og gæsluvarðhald hefðu ráðið úrslitum um játningarnar. Hvað hina sálrænu þætti varðar var lögð áhersla á samband endurupptökubeiðanda og dómfelldu Erlu, einkum að hann var barnsfaðir hennar. Tekið var fram að þrátt fyrir að samband þeirra hafi verið stormasamt um þær mundir sem endurupptökubeiðandi var handtekinn í desember 1975 geti framburður hennar hafa haft mikil áhrif á hann þar sem hún vissi töluvert um hans afbrot og áhugamál. Þá er rökstutt að persónuleikavandamál og aðrir sálrænir veikleikar hafi án efa haft mikil áhrif á hegðun endurupptökubeiðanda í gæsluvarðhaldinu, sem og samskipti við rannsakendur og fangaverði. Hafi óöryggi hans og lítil dómgreind leitt til þess að hann reyndi að upphefja sjálfan sig bæði í augum félaga sinna og rannsakenda. Þetta geti hafa leitt til þess að honum var ekki treyst og hann álitinn mun hættulegri en hann var í reynd. Þá er því lýst að endurupptökubeiðandi hafi verið leiddur „inn í lygavef sem varð æ flóknari með tímanum og ýtti undir neikvæðar skoðanir rannsakendanna á honum og gerði stöðu hans sífellt verri.“ Í skýrslu starfshópsins segi að af þessum sökum hafi staðan verið sú að jafnvel þótt hann segi satt frá „sé líklegt að honum hafi ekki verið trúað og framburði hans hafnað og hann sagður rangur.“
2264. Á þessum grunni var ályktað af höfundum að það væri hafið yfir allan skynsamlegan vafa að framburðir endurupptökubeiðanda, bæði hjá lögreglu og fyrir dómi, væru óáreiðanlegir. Væru meginástæður játninga auk persónuleikavandamála og sálrænna takmarkana, erfiðar aðstæður í gæsluvarðhaldi, samband hans og dómfelldu Erlu, auk takmarkaðs lögfræðilegs og tilfinningalegs stuðnings.³⁷⁶⁷

³⁷⁶⁷ Skýrsla starfshóps um Guðmundar- og Geirfinnsmál til innanríkisráðherra, bls. 384–385.

2265. Dómfelldi Albert var staddur á Seyðisfirði þegar grunur beindist að honum vegna rannsóknar á Guðmundarmálinu og hann fluttur í fangelsið við Síðumúla. Fyrir liggur að hann hafði kynnst endurupptökubeiðanda og dómfellda Kristjáni Viðari í skóla og var talsvert í félagsskap endurupptökubeiðanda á þeim tíma sem um ræðir. Ekki liggja fyrir samtímagögn um geðhagi dómfellda og gekkst hann ekki undir geðrannsókn. Af gögnum málsins verður ráðið að dómfelldi hafi ekki átt sjálfstæðar minningar um aðild sína að hvarfi Guðmundar. Dómfelldi var hins vegar fús til að leita leiða í því skyni að rifja upp minningar sínar og sætti í því skyni sefjun auk þess sem gerð var tilraun til að dáleiða hann. Samkvæmt skýrslu sálfræðings var talið að með sefjun hefði tvímælaust tekist að virkja minnishæfileika dómfellda og voru helstu niðurstöður sefjunarfundanna varðandi tímasetningar og ökuleiðir raktar. Í skýrslu starfshóps til innanríkisráðherra var ályktað að dómfelldi hefði verið haldinn minnisvafaheilkenni og það hafið yfir allan skynsamlegan vafa að framburðir hans, bæði hjá lögreglu og fyrir dómi, væru óáreiðanlegir.³⁷⁶⁸
2266. Dómfellda Erla var 20 ára gömul þegar skýrslur voru fyrst teknar af henni vegna rannsóknar á Guðmundarmálinu. Hún hafði þá nýverið eignast barn og var í sambandi með endurupptökubeiðanda. Fyrsti framburður dómfelldu vegna málsins var bókaður 20. desember 1975, en þann sama dag var henni sleppt úr gæsluvarðhaldi. Hún var úrskurðuð á ný í gæsluvarðhald 4. maí 1976 og gert að sæta geðrannsókn. Niðurstaða geðrannsóknar var sú að dómfellda væri í meðallagi greind en haldin persónuleikagöllum. Þá mætti greina í persónuleika hennar sterka geðvillu ásamt mikilli óvirkni og þörf fyrir að stjórnast af öðrum sem valdi nær masochistisku atferli, eins og það var orðað. Tekið var fram að persónuleiki dómfelldu væri veikbyggður og því líklegt að undir tilfinningalegu álagi gæti geðstjórn brotnað niður og viðbrögð orðið óeðlileg og leitt til truflunar á meðvitund. Þá var talið að dómfellda væri haldin fælni og sefasýki. Fram kom að hún hefði lýst því að mest allt árið 1974 hafi hún verið haldin þunglyndi, ótta og hræðslutilfinningu. Þá hefði hún orðið vör við ofsjónir eða sýnir allt frá barnsaldri, en læknisfræðilegar rannsóknir hafi ekki leitt neitt í ljós í þessu tilliti. Minni hennar var talið eðlilegt og að hún hafi sýnt á einu sálfræðiprófinu allgott og fjölbreytt hugmyndaflug. Gerð var þó athugasemd við að svör á prófinu væru ekki í samræmi við raunveruleikann og sögð lituð af sjálfmiðaðri einkaneyslu. Geðrannsókn dómfelldu var framkvæmd á meðan hún sætti gæsluvarðhaldi um sumarið 1976. Fram kom í vitnisburði móður hennar hjá lögreglu að dómfellda ætti það til að vera fantasíukennd í frásögnum. Fyrir liggur að er dómfellda sætti gæsluvarðhaldi dró hún framburð sinn um þekkingu á hvarfi Geirfinns alfarið til baka í tvígang. Í skýrslu starfshóps til innanríkisráðherra var ályktað að það væri hafið yfir allan skynsamlegan vafa að framburðir dómfelldu, bæði hjá lögreglu og fyrir dómi, væru óáreiðanlegir.³⁷⁶⁹ Halda verður til haga að ranglega var lagt til grundvallar í skýrslunni að dómfellda hefði verið sakfelld fyrir þátttöku í Geirfinnsmálinu.
2267. Dómfelldi Guðjón var 32 ára gamall þegar lögregla ræddi fyrst við hann vegna Geirfinnsmálsins. Hann var kunnugur endurupptökubeiðanda og hafði meðal annars

³⁷⁶⁸ Skýrsla starfshóps um Guðmundar- og Geirfinnsmál til innanríkisráðherra, bls. 427–428.

³⁷⁶⁹ Skýrsla starfshóps um Guðmundar- og Geirfinnsmál til innanríkisráðherra, bls. 365–367.

kennt honum í unglingskólanum að Reykjanesi við Ísafjarðardjúp. Hann ólst upp hjá móðurforeldrum sínum í sveit. Hann lauk stúdentsprófi frá Menntaskólanum á Akureyri og hóf háskólanám ítrekað, en hvarf frá því. Dómfelldi hóf störf hjá Menningarsjóði haustið 1974, en var sagt upp störfum í ágúst 1975. Hann var giftur og hafði eignast tvö börn með konu sinni er rannsókn málsins hófst. Niðurstaða geðrannsóknar, sem dómfelldi sætti á meðan hann var í gæsluvarðhaldi, var að hann væri þrýðilega vel greindur en haldinn geðvillu og manio-depressifum geðsjúkdómi sem hefði mótað lífshlaup hans. Geðrannsókn dómfellda var framkvæmd á tímabilinu 28. desember 1976 til 23. mars 1977. Hann hafði því setið í rúman einn og hálfan mánuð í einangrun í gæsluvarðhaldi þegar rannsóknin hófst. Samkvæmt persónuleikaprófum þótti áberandi sjálfsfurring og fremur neikvæð sjálfsmynd dómfellda, sem var talin einkennast af rótleysi og skorti á viljaþreki og staðfestu. Merki voru um að hann óttaðist að hann sjálfur og veruleikinn í kringum hann væri að liðast í sundur eða hrynja til grunna. Í gögnum, sem unnin voru af rannsakendum, kom fram að dómfelldi hafi við rannsókn málsins stöðugt varið sig með minnisleysi, en hafi þó margoft sýnt að hann hafi mjög gott minni. Þá forðist hann að skýra frá aðalatriðum málsins. Fram kom það mat lögreglu að dómfelldi hafi viljað leysa málið og lagt áherslu á að líkið fyndist, meðal annars vegna framtíðar sinnar og til að getgátum lyki. Í skýrslu starfshóps innanríkisráðherra var ályktað að höfundar væru sannfærðir um að framburður dómfellda Guðjóns, bæði hjá lögreglu og fyrir dómi, væri falskur og óáreiðanlegur og að það væri hafið yfir skynsamlegan vafa.³⁷⁷⁰

2268. Dómfelldi Kristján Viðar var í afplánun dóms á Litla-Hrauni þegar grunur beindist að honum vegna rannsóknar á Guðmundarmálinu. Hann bjó við erfiðar félagslegar aðstæður í æsku vegna fráfalls föður síns og veikinda móður sinnar þannig að það kom að miklu leyti í hlut móðurömmu hans að ala hann upp. Samkvæmt geðrannsókninni sem dómfelldi sætti meðan á gæsluvarðhaldinu stóð þroskaðist hann seint, sýndi andfélagslega hegðun og lauk skólagöngu hans þegar honum var vikið úr gagnfræðaskóla. Komist var að þeirri niðurstöðu að dómfelldi væri haldinn drykkjusýki og þjáðist af ofneyslu ávana- og fíkniefna. Hann var talinn með afbrigðilega skapgerð þannig að hann væri tilfinningalega vanþroska með sterka andfélagslega hegðun. Persónuleika hans var meðal annars lýst svo að hann væri bráðlyndur og með óljósa siðgæðisvitund. Að mati geðlæknisins virtist raunveruleiki og óraunveruleiki blandast saman í lýsingum dómfellda á málsatvikum Geirfinns- og Guðmundarmálanna en það skýrt sem svo að óregla væri líkleg til að valda slíku. Geðrannsókn dómfellda var framkvæmd á tímabilinu 6. apríl til 24. júlí 1976. Hann hafði því setið í rúma þrjá og hálfan mánuð í einangrun í gæsluvarðhaldi þegar rannsóknin hófst. Fyrirliggjandi gögn bera með sér að andlegt ástand dómfellda hafi á köflum verið slæmt, sérstaklega hafi það orðið mjög slæmt þegar líða tók á gæsluvarðhaldsvist hans. Hann gerði tvær tilraunir til sjálfsvígs seint í desember 1976 og í janúarbyrjun 1977. Á svipuðum tíma bar hann jafnframt um aðild sína að öðrum manndrápum meðal annars með aðkomu ömmu sinnar. Í skýrslu starfshóps innanríkisráðherra var ályktað að það væri hafið yfir

³⁷⁷⁰ Skýrsla starfshóps um Guðmundar- og Geirfinns- og Geirfinns- og Guðmundarmál til innanríkisráðherra, bls. 446–448.

allan skynsamlegan vafa að framburðir dómfellda Kristjáns Viðars, bæði hjá lögreglu og fyrir dómi, væru óáreiðanlegir.³⁷⁷¹

2269. Dómfelldi Tryggvi Rúnar var 24 ára gamall þegar grunur beindist að honum vegna rannsóknar á Guðmundarmálinu. Fyrir þann tíma hafði hann verið dæmdur ítrekað til fangelsisrefsingar fyrir ýmis brot. Dómfelldi var að mestu leyti alinn upp hjá móður-ömmu sinni og hætti námi um 16 ára aldur. Samkvæmt geðrannsókn, sem dómfelldi sætti á meðan á gæsluvarðhaldi stóð, var hann talinn illa greindur og var greindarvísitala 83 sem er talsvert undir meðallagi. Talið var að dómfelldi væri haldinn geðvillu sem kæmi fyrst og fremst fram í grunnu tilfinningalífi, litlum hæfileika til geðtengsla og lélegri dómgreind. Jafnframt hefði hann verið háður áfengi frá 16 ára aldri og fíkniefnum frá 17 ára aldri. Því var nánar lýst að sjálfstjórn væri lítil og minnkaði við neyslu áfengis eða fíkniefna, svo hvatir á borð við árásargirni eða ofbeldi brjótist auðveldar út. Fyrirliggjandi gögn bera með sér að dómfelldi hafi verið í mjög slæmu andlegu ástandi fyrstu dagana eftir að hann var úrskurðaður í gæsluvarðhald. Af dagbókarfærslum dómfellda verður ráðið að hann hafi í einlægni trúað því að þegar hann kæmi fyrir dóm við aðalmeðferð málsins yrði lagt til grundvallar að hann væri saklaus þrátt fyrir fyrri framburði hans um aðild að málinu. Í skýrslu starfshóps innanríkisráðherra var ályktað að það væri hafið yfir allan skynsamlegan vafa að framburðir dómfellda Tryggva Rúnars, bæði hjá lögreglu og fyrir dómi, væru óáreiðanlegir.³⁷⁷²
2270. Fyrir liggur að endurupptökubeiðandi og aðrir dómfelldu, nema dómfelldi Guðjón, voru ung að árum eða um tvítugt þegar þau voru hneppt í gæsluvarðhald. Ráðið verður af niðurstöðum geðrannsókna sem fram fóru á dómfelldu að þau voru sum með fremur slaka greind og haldin ýmsum geðrænum vandamálum, höfðu flest hlotið mjög takmarkaða menntun, höfðu neytt fíkniefna í talsverðum mæli og voru mörg hver með brotaferil að baki. Ekki verður séð að sakadómur Reykjavíkur eða Hæstiréttur hafi tekið sérstakt tillit til þessara persónulegu þátta við mat á sönnunargildi framburða þeirra. Að mati endurupptökunefndar er tvímælalaust um að ræða eitt þeirra atriða sem taka þarf tillit til við sönnunarmatið. Þá verður að ætla að margir þessara einstaklingsbundnu þátta hafi magnað skaðleg áhrif langvarandi einangrunarvistar á framburði þeirra.

VII.5.2.b Aðstæður dómfelldu

2271. Á þeim tíma sem Guðmundar- og Geirfinnsmálin voru til rannsóknar voru í gildi afar rúmar heimild til þess að hneppa menn í gæsluvarðhald. Úrskurða mátti mann í gæsluvarðhald ef ástæða þótti til að ætla að hann hefði gerst sekur um refsiverða hegðun sem varðaði að minnsta kosti tveggja ára fangelsi og að fullnægðum ákveðnum skilyrðum sem skilgreind voru í 67. gr. laga um meðferð opinberra mála. Í 1. mgr. 70. gr. laganna var kveðið á um að gæslufangar sættu þeirri meðferð sem nauðsynleg væri til að gæslan kæmi að gagni og góð regla héldist í varðhaldinu. Var það ákvörðun dómara hvort og að hve miklu leyti gæslufangi mætti hafa samband við

³⁷⁷¹ Skýrsla starfshóps um Guðmundar- og Geirfinnsmál til innanríkisráðherra, bls. 405.

³⁷⁷² Skýrsla starfshóps um Guðmundar- og Geirfinnsmál til innanríkisráðherra, bls. 415–416.

aðra menn en fangaverði, samanber 3. tölulið 2. mgr. 70. gr. laga um meðferð opinberra mála. Dómfelldu sættu gæsluvarðhaldi og einangrunarvist í Síðumúlafangelsi og Hegningarhúsinu við Skólavörðustíg undir rannsókn og meðferð málsins fyrir dómstólum. Þá voru dómfelldu einnig í varðhaldi á vinnuhælinu að Litla-Hrauni og á Kvíabryggju. Gæsluvarðhalds- og einangrunarvist dómfelldu var með eftirfarandi hætti á árunum 1975–1980:

2272. Dómfelldi Albert Klahn Skaftason sætti gæsluvarðhaldi í samtals 88 daga, frá 23. desember 1975 til og með 19. mars 1976, eða í tvo mánuði og 26 daga.³⁷⁷³ Hann var allan tímann í einangrunarvist í fangelsinu við Síðumúla.
2273. Dómfellda Erla Bolladóttir sætti gæsluvarðhaldi í samtals 241 dag, allt frá 13. desember 1975, þegar hún var úrskurðuð í 30 daga gæsluvarðhald í tengslum við rannsókn á svokölluðu póstsvikamáli. Dómfelldu var sleppt úr haldi 20. desember 1975, en þann dag var bókaður fyrsti vitnaframburður hennar í tengslum við rannsókn lögreglu á hvarfi Guðmundar Einarssonar.³⁷⁷⁴ Þriðjudaginn 4. maí 1976 var hún úrskurðuð í gæsluvarðhald vegna rannsóknar á hvarfi Geirfinns Einarssonar og í kjölfarið vistuð í einangrun í Síðumúlafangelsinu.³⁷⁷⁵ Fyrir liggja vísbendingar um að einangrun dómfelldu Erlu í fangelsinu við Síðumúla hafi ekki verið hagað með sama sniði og annarra dómfelldu en þess var getið í dagbók fangelsisins að klefadyr hennar hafi verið hafðar opnar með þeim skilyrðum að hún færi ekki á klefadyr annarra eða reyndi að ná sambandi við aðra fanga. Sá háttur var hafður á allt til 15. ágúst 1976.³⁷⁷⁶ Miðvikudaginn 15. september 1976 var dómfellda flutt í Hegningarhúsið við Skólavörðustíg þar sem hún var vistuð í einangrun til 22. desember 1976, en þann dag var hún látin laus. Samanlagt var dómfellda Erla í einangrunarvist í 241 dag, eða í rúma átta mánuði, þar af 142 daga í fangelsinu við Síðumúla.
2274. Dómfelldi Guðjón Skarphéðinsson sætti gæsluvarðhaldi í samtals 1.197 daga, eða samfelld frá 12. nóvember 1976 fram að uppkvaðningu dóms Hæstaréttar 22. febrúar 1980. Dómfelldi sætti óslitinni einangrunarvist í Síðumúlafangelsi frá 12. nóvember 1976 til 29. desember 1977. Var einangrunarvist hans ekki aflétt fyrr en með ákvörðun sakadómara 21. desember 1977 þegar hann tilkynnti um það bréfleiðis til dóms- og kirkjumálaráðuneytisins að rétt væri að verða við ósk verjenda um afléttingu einangrunar.³⁷⁷⁷ Var dómfelldi fluttur úr Síðumúlafangelsi að Kvíabryggju 29. desember 1977. Samanlagt var hann í einangrunarvist í 412 daga í fangelsinu við Síðumúla, eða í eitt ár, einn mánuð og 17 daga.
2275. Dómfelldi Kristján Viðar Júlíusson var afplánunarfangi á vinnuhælinu að Litla-Hrauni þegar hann var fyrst yfirheyrður vegna rannsóknar á hvarfi Guðmundar Einarssonar. Dómfelldi sætti gæsluvarðhaldi vegna málsins í samtals 1.522 daga, eða samfleytt frá 23. desember 1975 fram að uppkvaðningu dóms Hæstaréttar 22. febrúar 1980. Hann sætti óslitinni einangrunarvist í Síðumúlafangelsi frá 23. desember 1975 til 1.

³⁷⁷³ Málgreinar 63 og 271.

³⁷⁷⁴ Málgrein 56.

³⁷⁷⁵ Málgrein 387.

³⁷⁷⁶ Málgreinar 397 og 569.

³⁷⁷⁷ Málgrein 1791.

desember 1976.³⁷⁷⁸ Þann dag var dómfelldi Kristján Viðar fluttur í Hegningarhúsið þar sem hann var vistaður í einangrun til 17. maí 1977, en þá var hann fluttur á vinnuhælið að Litla-Hrauni og einangrunarvist hans þar með aflétt tímabundið.³⁷⁷⁹ Dómfelldi var aftur fluttur í Hegningarhúsið 5. júlí 1977 þar sem hann var vistaður til 12. júlí 1977.³⁷⁸⁰ Þann dag var hann fluttur í einangrunarvist í Síðumúlafangelsinu sem var ekki aflétt fyrr en með ákvörðun sakadómara 21. desember 1977 þegar hann tilkynnti um það bréfleiðis til dóms- og kirkjumálaráðuneytisins að rétt væri að verða við ósk verjenda um afléttingu einangrunar.³⁷⁸¹ Dómfelldi var fluttur úr Síðumúlafangelsi á vinnuhælið að Litla-Hrauni 23. desember 1977. Samanlagt var dómfelldi Kristján Viðar í einangrunarvist í 682 daga, eða í eitt ár, tíu mánuði og 17 daga, þar af 508 daga í fangelsinu við Síðumúla.

2276. Endurupptökubeiðandi sætti gæsluvarðhaldi í samtals 1.533 daga, eða samfleytt frá 12. desember 1975, en þann dag var hann úrskurðaður í 30 daga gæsluvarðhald í tengslum við rannsókn á svokölluðu póstsvikamáli, fram að uppkvaðningu dóms Hæstaréttar 22. febrúar 1980. Endurupptökubeiðandi sætti óslitinni einangrunarvist í Síðumúlafangelsi frá 12. desember 1975 til 31. janúar 1977.³⁷⁸² Þann dag var hann fluttur í Hegningarhúsið þar sem hann var vistaður í einangrun til 5. maí 1977, en þá var hann fluttur aftur í Síðumúlafangelsið.³⁷⁸³ Var einangrunarvist endurupptökubeiðanda ekki aflétt fyrr en með ákvörðun sakadómara 21. desember 1977 þegar hann tilkynnti um að rétt væri að verða við ósk verjenda um afléttingu einangrunar.³⁷⁸⁴ Var endurupptökubeiðandi fluttur úr Síðumúlafangelsi í Hegningarhúsið 22. desember 1977. Samanlagt var hann í einangrunarvist í 741 dag, eða í tvö ár og 11 daga, þar af 647 daga í fangelsinu við Síðumúla.
2277. Dómfelldi Tryggvi Rúnar Leifsson sætti gæsluvarðhaldi í samtals 1.522 daga, eða samfleytt frá 23. desember 1975 fram að uppkvaðningu dóms Hæstaréttar 22. febrúar 1980. Dómfelldi sætti óslitinni einangrunarvist í Síðumúlafangelsi frá 23. desember 1975 til 16. júlí 1976.³⁷⁸⁵ Þann dag var einangrunarvist hans aflétt og hann fluttur á vinnuhælið að Litla-Hrauni. Var dómfelldi fluttur aftur í Síðumúlafangelsið til einangrunarvistar 4. ágúst 1976 og var vistaður þar til 9. ágúst 1976, en þá var hann aftur fluttur á vinnuhælið að Litla-Hrauni.³⁷⁸⁶ Mánudaginn 30. ágúst 1976 var dómfelldi Tryggvi Rúnar fluttur af Litla-Hrauni og í Síðumúlafangelsið. Var hann vistaður þar í einangrun til 11. nóvember 1976, en þann dag var hann fluttur aftur austur á Litla-Hraun.³⁷⁸⁷ Dómfelldi var enn fluttur í fangelsið við Síðumúla 14. janúar 1977 til einangrunarvistar. Einangrun hans var ekki aflétt fyrr en með títtnefndri ákvörðun sakadómara 21. desember 1977 þegar hann tilkynnti um það bréfleiðis til

³⁷⁷⁸ Málsgrein 934.

³⁷⁷⁹ Málsgrein 1551.

³⁷⁸⁰ Málsgreinar 1613 og 1628.

³⁷⁸¹ Málsgrein 1791.

³⁷⁸² Málsgrein 1259.

³⁷⁸³ Málsgrein 1530.

³⁷⁸⁴ Málsgrein 1791.

³⁷⁸⁵ Málsgrein 511.

³⁷⁸⁶ Málsgrein 552.

³⁷⁸⁷ Málsgrein 818.

dóms- og kirkjumálaráðuneytisins að rétt væri að verða við ósk verjenda um afléttingu einangrunar.³⁷⁸⁸ Dómfelldi Tryggvi Rúnar var fluttur úr Síðumúlafangelsi á vinnuhælið að Litla-Hrauni 23. desember 1977. Samanlagt var dómfelldi í einangrunarvist í Síðumúlafangelsinu í 627 daga, eða í eitt ár, átta mánuði og 22 daga.

2278. Fangelsið við Síðumúla 28 í Reykjavík var upphaflega byggt sem geymsla og þvottastöð fyrir lögregluna í Reykjavík. Í máli rannsóknarlögreglu ríkisins nr. 2875/79,³⁷⁸⁹ svonefndri harðræðisrannsókn, sem fram fór árið 1979 komu fram ýmsar upplýsingar um aðbúnað í Síðumúlafangelsi og þörf á endurbótum á hitunar- og loftræstikerfi fangelsisins.³⁷⁹⁰ Í nóvember 1960 var Síðumúlafangelsið samþykkt í heilbrigðisnefnd sem fangageymsla lögreglu, en ekki gæsluvarðhaldsfangelsi. Nýting fangelsisins sem gæsluvarðhalds- og afplánunarfangelsi til bráðabirgða, eða þriggja til fjögurra ára, var samþykkt af borgarráði Reykjavíkur 5. október 1971. Þrátt fyrir áskilnað í heilbrigðissamþykkt og heilbrigðisreglugerð var aldrei leitað samþykkis heilbrigðismálaráðs Reykjavíkurborgar fyrir breyttri nýtingu á fangelsinu.³⁷⁹¹ Borgarlæknir gerði úttekt á Síðumúlafangelsi í desember 1978 og komst meðal annars að þeirri niðurstöðu að of mikill hiti væri á klefum og þá sérstaklega í miðju húsinu.³⁷⁹²
2279. Þeir fjórir menn sem sættu gæsluvarðhaldi í byrjun árs 1976, grunaðir um aðild að Geirfinnsmálinu, höfðuðu mál gegn ríkissjóði til heimtu skaða- og miskabóta vegna langvarandi gæsluvarðhalds að óseku. Fyrir liggur að fjórmenningarnir voru í einangrun í Síðumúlafangelsi í 90 til 105 daga. Fjallað var um aðbúnað í fangelsinu við Síðumúla í dómum Hæstaréttar frá 3. mars 1983 í málum nr. 124/1983, 125/1983, 126/1983 og 127/1983. Í forsendum Hæstaréttar sagði orðrétt: „Húsakynni þau sem hann var vistaður í, voru ekki forsvaranleg til svo langrar vistunar.“ Við ákvörðun miskabóta þeim til handa leit Hæstiréttur til þess að einangrunarvistin hafi verið „óvenju langvinn“ auk þess sem horft var til þeirrar „fáheyrðu og andlegu og líkamlegu raun, sem henni var samfara [...]“.
2280. Tilvitnaðir dómar hafa fullt sönnunargildi um þau málsatvik sem í þeim greinir enda hefur ekki verið sýnt fram á hið gagnstæða, samanber 4. mgr. 186. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála. Hæstiréttur slær því föstu að fangelsið við Síðumúla hafi ekki verið forsvaranlegt til langrar vistunar fanga á þeim tíma sem dómfelldu voru þar til langdvalar. Þá skilgreinir rétturinn einangrunarvist frá 90 til 105 dögum sem óvenju langvinna. Líkt og greinir að framan sættu dómfelldu í málinu öll einangrunarvist í Síðumúlafangelsi, en þó mjög mislangri og á mismunandi tímabilum málsmeðferðarinnar. Fyrir liggur að dómfelldu voru öll mun lengri tíma í einangrunarvist í fangelsinu við Síðumúla heldur en málsaðilar í framangreindum hæstaréttarmálum, að undanskildum dómfellda Alberti sem var í einangrun í 88 daga. Verður því við það miðað að einangrunarvist dómfelldu vegna málsins hafi verið óvenju langvinn. Í þessum efnunum

³⁷⁸⁸ Málsgrein 1791.

³⁷⁸⁹ Málsgrein 1810.

³⁷⁹⁰ Málsgrein 1858.

³⁷⁹¹ Málgögn endurupptökunefndar, bls. 3832.

³⁷⁹² Málgögn endurupptökunefndar, bls. 3842.

má horfa til skýrslu starfshóps um Guðmundar- og Geirfinnsmál en þar er rakið að löng einangrunarvist sakborninga hafi verið mjög sjaldgæf eftir 1970 nema þá í tengslum við rannsóknir hryðjuverkamála. Hvorki er skilgreint nánar í skýrslunni hvað átt sé við með „langri einangrun“ né hvaða heimshluta horft væri til, en þess getið sem dæmi að sett hafi verið neyðarlög á Norður-Írlandi árið 1971 í tengslum við rannsókn hryðjuverkamála sem hafi heimilað beitingu einangrunar í allt að sjö daga.³⁷⁹³

2281. Fyrir liggur fræðileg úttekt á almennum áhrifum einangrunarvistunar í skýrslu starfshópsins. Þar kemur fram að löng einangrunarvist geti valdið ruglástandi hjá sakborningi og í alvarlegum tilfellum einkennum óráðs, ofsóknarkenndar og ofskynjunar. Þá valdi einangrun oft alvarlegum svefntruflunum sem veikir mótstöðu og viðnámsþrótt sakbornings við yfirheyrslur og auki sefnæmi hans og undanlátssemi. Loks er talið að löng einangrunarvist sé líkleg til að ýkja veikleika sakbornings, valda viðbótarþrýstingi og auka verulega hættu á óáreiðanlegum framburðum.³⁷⁹⁴ Í þessu samhengi er ástæða til að geta þess að endurupptökubeiðandi ritaði bréf til vararannsóknarlögreglustjóra í tilefni af svokallaðri harðræðisrannsókn, en þá hafði dómfelldi setið í gæsluvarðhaldi í 1.253 daga, þar af 741 dag í einangrunarvist. Í bréfinu lýsti endurupptökubeiðandi áhrifum vistarinnar og frelsisskerðingarinnar og sagði hana brengla persónuleika manna svo mjög að sjálfið eyðilegðist þannig að hægt væri að móta þá eins og leir.³⁷⁹⁵ Athyglisvert er að dómfelldi beitir í þessum efnunum keimlíku orðfæri og mannréttindanefnd Evrópu beitti í úrlausn frá 8. júlí 1978 í málum nr. 7572/76, 7586/76 og 7587/76; Ensslin, Baader og Raspe gegn Þýskalandi en þar var vikið að því sérstaklega að algjör einangrun, hvað varðar skynjun og félagsskap, geti án vafa að lokum eyðilagt persónuleika, það er talist vera ómannleg meðferð í skilningi 3. gr. mannréttinasáttmála Evrópu.
2282. Með vísan til þeirra áhrifa sem einangrunarvist er almennt talin leiða af sér blasir við að dómfelldu hafa ekki farið varhluta af slíkum áhrifum í þeirri óvenju langvinnu einangrun sem þau sættu vegna málsins. Þá var staðfest með framangreindum dómum Hæstaréttar frá 3. mars 1983 í málum nr. 124/1983, 125/1983, 126/1983 og 127/1983 að langvinn einangrunarvist fjögurra manna í Síðumúlafangelsi á sama tíma og dómfelldu Albert, Kristján Viðar, Tryggvi Rúnar og endurupptökubeiðandi voru vistaðir þar, hafi haft í för með sér fáheyrða, andlega og líkamlega raun. Við blasir að áhrif margfalt lengri einangrunarvistar dómfelldu í sama fangelsi var til þess fallin að hafa enn alvarlegri afleiðingar.
2283. Á þeim tíma sem dómfelldu sættu gæsluvarðhaldi og einangrunarvist voru þau mjög ítreakað í mislöngum yfirheyrslum, samprófunum og tóku þátt í öðrum rannsóknaradgerðum. Ljóst er að áhrif langvarandi einangrunarvistar á sönnunargildi framburða hljóta að vera mjög persónubundin og háð líkamlegri og andlegri heilsu viðkomandi sakbornings almennt og þegar viðkomandi framburður er gefinn. Mat á áhrifum langvinnrar einangrunarvistar á dómfelldu og framburð þeirra er ýmsum vandkvæðum háð. Mikilvægt er þannig að gera sér grein fyrir að dómfelldu gáfu framburði sem litið

³⁷⁹³ Skýrsla starfshóps um Guðmundar- og Geirfinnsmál til innanríkisráðherra, bls. 330.

³⁷⁹⁴ Skýrsla starfshóps um Guðmundar- og Geirfinnsmál til innanríkisráðherra, bls. 330–331.

³⁷⁹⁵ Málsgrein 1834.

var á sem játningar eftir að þeir voru hnepttir í gæsluvarðhald og framburðir þeirra þróuðust með nokkuð misjöfnum hætti eftir því sem leið á gæsluvarðhald og einangrun. Ætla má því að einangrunarvistin hafi ekki verið farin að hafa sömu áhrif á þá framburði sem gefnir voru í byrjun rannsóknarinnar og þá framburði sem dómfelldu gáfu eftir að þeir höfðu sætt langvarandi einangrun. Á hinn bóginn verður ekki litið fram hjá þeim alvarlegu áhrifum sem langvarandi einangrunarvist er almennt talin geta haft í för með sér á andlega heilsu sakbornings og viðnámsþrótt og þar af leiðandi á áreiðanleika framburðar hans. Við blasir að horfa ber til þess við mat á gildi framburða dómfelldu undir hvaða aðstæðum og mögulegu áhrifum þeir eru gefnir.

2284. Eins og nánari grein verður gerð fyrir síðar blasir við að tilhögun gæsluvarðhaldsvistar hvers dómfellda um sig, beiting ívilnana eða sviptingu ívilnana svo og ákvarðanir um hvort þeir sættu einangrun eða annars konar gæslu virðast í mörgum tilvikum hafa ráðist af því hvernig framburðir dómfelldu þróuðust. Dómfelldu sátu lengi vel í sama gæsluvarðhaldsfangelsi og hlaut því fljótlega að verða ljóst hvaða áhrif framburðir þeirra höfðu á fyrirkomulag gæsluvarðhaldsins. Án tillits til þess hvort ákvörðunum um fyrirkomulag gæsluvarðhaldsvistar var beitt með markvissum hætti þarf að skoða hvort þessi framkvæmd var til þess fallin að draga úr sönnunargildi framburða dómfelldu.
2285. Eftir að dómur sakadóms Reykjavíkur var kveðinn upp en áður en Hæstiréttur fjallaði um málið fór fram rannsókn á meintu harðræði sem endurupptökubeiðandi taldi sig hafa verið beittan. Sú rannsókn var mjög afmörkuð, tók aðeins til afmarkaðs tímabils og aðeins til meints harðræðis gagnvart endurupptökubeiðanda. Frekari upplýsingar um harðræði í gæsluvarðhaldi dómfelldu voru lagðar fyrir Hæstarétt við meðferð fyrstu endurupptökubeiðni endurupptökubeiðanda. Við meðferð endurupptökunefndar hefur verið varpað nýju ljósi á ýmsa annmarka á framkvæmd harðræðisrannsóknarinnar og jafnframt ýmsa þætti í framkvæmd gæsluvarðhaldsins sem áður hafa ekki komið fram og fella má undir slæma meðferð á dómfelldu.
2286. Við blasir að horfa ber til þess við mat á gildi framburða dómfelldu við hvaða aðstæður þeir eru gefnir. Um mat á sönnunargildi framburðanna vísast einnig til framangreindrar umfjöllunar um 3. gr. og 1. mgr. 6. gr. mannréttindasáttmála Evrópu.

VII.5.2.c Lyfjagjöf dómfelldu

2287. Ráða má af bókunum í dagbók fangelsisins við Síðumúla að dómfelldu fengu ávísað frá fangelsislækni ýmis konar geðlyfjum, svefnlyfjum og róandi lyfjum í gæsluvarðhaldinu. Þá virðist sem forstöðumaður fangelsisins hafi þess fyrir utan útvegað gæsluvarðhaldsföngum frekari svefnlyf og róandi lyf ef eftir því var leitað. Fyrir liggja sterkar vísbendingar um að áhrif þessara lyfjagjafa hafi verið mikil á dómfelldu en slík áhrif urðu umfjöllunarefni í aðdraganda málsmeðferðar fyrir Hæstarétti síðla árs 1979 í kjölfar bréfs sem Páll Arnór Pálsson verjandi dómfellda Kristjáns Viðars ritaði 10. september 1979 í tilefni af kvörtun dómfellda um sterk geðlyf sem honum voru gefin, í kjölfar tveggja sjálfsvígstíla hans, á tímabilinu janúar til og með maí 1977. Á sama tíma hafi hann verið í afdrifaríkum yfirheyrslum vegna málsins. Í bréfinu komu fram lýsingar dómfellda Kristjáns Viðars á því hvernig

allt framferði hans og hugsanagangur hafi breyst. Hann hafi orðið manískur og upplifað sjálfan sig sem persónu á leiksviði. Honum hafi liðið líkt og honum væri ætlað að leika ákveðið hlutverk fyrir rannsakendur. Um miðjan maí hafi hann verið fluttur á Litla-Hraun, en þá hafi hann hætt allri inntöku lyfja og fundist rofa til í umhverfinu. Á Litla-Hrauni dvaldi dómfelldi Kristján Viðar til 5. júlí 1977, en daginn eftir dró hann framburð sinn til baka um aðild að Geirfinnsmálinu en þá var hann settur í einangrun á ný í Síðumúlafangelsinu eins og áður gat.

2288. Um miðjan apríl 1977 ritaði dómfelldi Guðjón í dagbók sína um unaðsleg áhrif af Mogadon og Chloral. Daginn eftir ritaði hann um að hafa beðið forstöðumann fangelsisins um meiri pillur og þá fengið tvær töflur af Mogadon og einnig Chloral. Í framhaldinu ritaði hann um að hafa tilkynnt forstöðumanninum um að skammturinn hafi verið alltof sterkur. Í lok júní sama ár ritaði dómfelldi Guðjón um slæma andlega og líkamlega líðan og að hann væri á góðri leið með að verða eiturlyfjasjúklingur.
2289. Undir lok apríl 1977 ritaði dómfelldi Tryggvi Rúnar í dagbók sína um tilraunir sínar til að minnka lyfjaskammtinn. Daginn eftir ritaði hann um að hafa tekið lyfin inn þar sem það besta í stöðunni væri að vera alveg sljór og vita ekki neitt í sinn haus inni á klefa, eins og hann orðaði það. Dómfelldi ritaði í dagbók sína um að hafa hætt allri lyfjainntöku 21. júlí 1977 nema svefnlyfjum fyrir nóttina. Lýsti hann góðum áhrifum þess fyrir líkama, sál og hugsun, hann væri allt annar og betri maður án lyfjanna.
2290. Eins má nefna í þessu sambandi að 16. júlí 1976 var bókað í dagbók fangelsisins við Síðumúla hver kvöldlyf endurupptökubeiðanda hafi verið þann daginn. Um hafi verið að ræða þrjár 50 mg Largactil töflur, tvær Somadril töflur og ein 5 mg Diazepam tafla. Fyrsttalda lyfið mun vera ávanabindandi, sefandi og róandi geðlyf til meðhöndlunar á sturlunareinkennum vegna geðklofa og oflæti, það næsta mun vera ávanabindandi, vöðvaslakandi og verkjastillandi lyf við verkjum í stoðkerfi sem hafi róandi áhrif og það þriðja er skilgreint sem ávanabindandi, róandi, kvíðastillandi, krampastillandi og vöðvaslakandi lyf við taugaveiklun, kvíða, spennu og kvíðatengdum svefntruflunum.³⁷⁹⁶ Miðað við fyrirliggjandi upplýsingar um virkni þessara lyfja sýnist ótvírætt að þau hljóti að hafa haft umtalsverð áhrif á dómfellda. Mat á áhrifum lyfjagjafar á trúverðugleika framburðar dómfelldu er ýmsum tormeikjum háð. Í fyrsta lagi liggja ekki fyrir fullnægjandi upplýsingar um lyfjagjafirnar. Haldin var sérstök lyfjaskrá í Síðumúlafangelsinu um lyfjagjafir og skammtastærðir til fanga en skráin liggur ekki fyrir meðal gagna málsins. Í öðru lagi var engin formfesta í skráningum í fangelsisdagbók og fór það alfarið eftir færsluritaranum hversu ítarleg skráningin var hverju sinni. Bókanir um lyfjagjafir til gæslufanga voru þar engin undantekning en fyrir liggur að stjórnendur fangelsisins brugðust sjálfir við kvörtunum dómfelldu hvað lyf snerti í flestum tilvikum milli þess sem fangelsislæknirinn kom í vikulegar vitjanir. Í þriðja lagi er erfitt að leggja mat á einstaklingsbundin áhrif lyfjanotkunar eftir á. Af framangreindum ástæðum er ekki unnt að draga skýrar ályktanir hvaða áhrif

³⁷⁹⁶ Sjá umfjöllun í Lyfjabók á vefslóðunum:
<http://www.lyfja.is/lyfjabokin/lyf/Largactilafskradfeb2008/#tab2>
<http://www.lyfja.is/lyfjabokin/lyf/Somadrilafskradapr2008/>
<http://www.lyfja.is/lyfjabokin/lyf/Valiumafskradapr2007/>

lyfjagjafirnar höfðu á dómfelldu. Þess ber að geta að starfshópur innanríkisráðuneytisins lagði almennt ekki mat á hugsanleg áhrif geðlyfjanotkunar á framburði dómfelldu á meðan á einangrunarvistinni stóð þar sem erfitt væri að meta einstaklingsbundin áhrif slíkrar lyfjanotkunar eftir á.³⁷⁹⁷ Af dagbókum dómfelldu Guðjóns og Tryggva Rúnars, sem og framburðum dómfelldu, má almennt ráða að sú lyfjagjöf sem beitt var hafi verið til þess fallin að draga úr einbeitingu og skýrri hugsun. Má þess vænta að samverkandi áhrif lyfjagjafar og einangrunar hafi almennt séð haft neikvæð áhrif á líkamlegt og andlegt ástand dómfelldu og þar af leiðandi á áreiðanleika framburða sem þau gáfu undir slíkum aðstæðum. Í þessu sambandi má nefna sem dæmi að 19. september 1976 hafi dómfelldi Kristján Viðar lýst með nákvæmum hætti og nánast myndrænum hvernig hann hafi staðið að því að stinga Guðmund á hol auk þess sem hann greindi frá því með jafn nákvæmri frásögn þann sama dag að hafa orðið færeyiskum manni að bana sem hlutaður hafi verið sundur og líkamanum komið fyrir í splunkunýjum pokum keyptum í Ellingsen.³⁷⁹⁸ Miðvikudaginn 8. desember sama ár bar dómfelldi Kristján Viðar síðan um að amma hans hafi átt þátt í því að hluta líkið í sundur og fela það, væntanlega í Fossvogskirkjugarði, en bókað var í lögregluskýrsluna að frásögn hans væri nokkuð óljós og sannleiksgildi vafasamt.³⁷⁹⁹

VII.5.2.d Rannsóknar- og yfirheyrsluáferðir

2291. Ákvæði um tilhögun yfirheyrslu sem og markmið rannsóknar lögreglu var að finna í V. kafla laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála sem fjallaði um lögreglumenn og upphaf rannsóknar. Kveðið var á um það í 7. mgr. 40. gr. laga um meðferð opinberra mála að lögreglumenn gerðu skriflegar og nákvæmar skýrslur um rannsókn sína, þar með taldar yfirheyrslur. Í 1. málslíð 2. mgr. 40. gr. sömu laga sagði orðrätt: „Spurningar lögreglumanna skulu vera skýrar, stuttar og ótvíræðar.“
2292. Í máli þessu liggja fyrir mjög takmarkaðar heimildir um yfirheyrsluáferðir og spurningatækni rannsakenda þar sem ekki tíðkaðist að hljóðrita yfirheyrslurnar. Sá háttur var hafður á við skýrslugerð að endursegja svör dómfelldu og vitna við spurningum yfirheyra líkt og um samfellda frásögn þess sem yfirheyrdur var, hafi verið að ræða, oft í fyrstu persónu eintölu. Slík skráning gerir það að verkum að ómögulegt er að vita hvaða spurningar voru bornar upp, með hvaða hætti það var gert og hversu nákvæmlega svar dómfellda eða vitnis var bókað. Hins vegar eru til staðar sterkar vísbendingar um að spurningar rannsakenda hafi á stundum verið leiðandi eins og eftirfarandi dæmi úr skýrslum dómfelldu eru til marks um: „Kvað hann það vel geta verið [...]“, „Mundi hann að eitthvað hafi verið talað um að kaupa áfengisflösku og sagði hann það geta verið að það hafi verið nefnt við manninn.“ Spurningar yfirheyra og svar dómfelldu og vitna voru ekki tilgreind sérstaklega í lögregluskýrslu nema í undantekningatilfellum. Ritun lögregluskýrslunnar fór almennt fram að yfirheyrslu lokinni en þá hafði skýrsluritarinn þegar lagt huglægt mat sitt sem rannsakanda á framburð viðkomandi. Skýrslurnar voru ýmist undirritaðar af dómfellda eða ekki. Lítið samband var á milli lengdar yfirheyrslu og þess sem skráð var en það

³⁷⁹⁷ Skýrsla starfshóps um Guðmundar- og Geirfinnsmál til innanríkisráðherra, bls. 450.

³⁷⁹⁸ Málsgrein 648.

³⁷⁹⁹ Málsgrein 967.

bendir til þess að skýrsluritarinn hafi í mörgum tilvikum valið úr framburði dómfellda það sem hann taldi skipta máli. Óvíst er því hverju var sleppt. Þá liggur fyrir að í yfirgnæfandi meirihluta yfirheyrslna, viðtala og samprófana var ekkert skráð og þannig fullkomin óvissa ríkjandi um hvað fram fór og hvað dómfelldi bar. Þessi samskipti voru í augljósri andstöðu við þau lagafyrirmæli að lögreglumenn skyldu gera skriflegar og nákvæmar skýrslur um rannsókn sína.

2293. Þótt upplýst hafi verið fyrir Hæstarétti að slík óskráð samskipti hafi í einhverjum mæli átt sér stað milli rannsakenda og dómfelldu virðist umfang þeirra ekki hafa legið fyrir. Ónákvæmar skýringar lögreglumanna og fulltrúa yfirsakadómara um þessi samskipti virðast hafa verið teknar góðar og gildar. Endurupptökunefnd telur að þær heildstæðu upplýsingar sem nú liggja fyrir úr dagbókum Síðumúlafangelsisins og dagbókum dómfelldu Tryggva Rúnars og Guðjóns varpi nýju ljósi á þessi óskráðu samskipti dómfelldu og rannsakenda.

VII.5.2.d.1 Sefjun, dáleiðsla og sannleikssprautur

2294. Líkt og rakið er að framan var rannsókn sakamála þeim vandkvæðum bundin að hún hófst ekki fyrir en tæpum tveimur árum eftir að Guðmundur hvarf og rúmlega einu ári eftir hvarf Geirfinns. Dómfelldu og vitni áttu þar af leiðandi erfitt með að rifja upp hvað á daga þeirra hafði drifið er þeir hurfu þar sem svo langt var liðið frá umræddum atvikum. Meðal þeirra aðferða sem gripið var til var sefjun með fulltingi sálfræðings og geðlæknis. Sú aðferð var ein þeirra sem rannsakendur beittu við rannsókn Guðmundarmálsins í þeim tilgangi að auðvelda upprifjun og ná þannig fram upplýsingum.³⁸⁰⁰
2295. Í Íslensku alfræðiorðabókinni er hugtakið „sefjun“ skýrt sem sálrænt ferli þar sem hugmynd eða skoðun annars manns er meðtekin án þess að rökum, fortölum, skipunum eða nauðung sé beitt, en þekktasta gerð sefjunar er dáleiðsla.³⁸⁰¹ Í lögum nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála var ekki að finna heimild til handa lögreglu til að beita þess konar óhefðbundnum aðferðum við framkvæmd rannsóknar og dómsúrskurðar var ekki leitað. Rannsókn sakamáls byggist á ákveðnum grundvallarreglum, en þeirra mikilvægust er sannleiksreglan. Í samræmi við það var svo fyrir mælt í 39. gr. laga um meðferð opinberra mála að lögreglumenn skyldu stöðugt miða alla rannsókn sína við það að leiða hið sanna og rétta í ljós og gæta jafnt að þeim atriðum sem bentu til sektar sakaðs manns og sýknu. Þá var í 2. mgr. 40. gr. sömu laga kveðið á um að lögreglumenn mættu ekki reyna með nokkrum hætti að rugla mann með ósannindum eða á annan hátt, þannig að verða kynni til þess að hann vissi miður en ella hverju hann svaraði eða til þess að hann svaraði röngu.
2296. Beitt var sefjun á dómfellda Albert Klahn Skaftason, en hann var ítrekað til meðferðar hjá Geir Vilhjálmssyni sálfræðingi hjá Rannsóknastofnun vitundarinnar. Samkvæmt bókunum í dagbók fangelsisins við Síðumúla fór viðtal þeirra og sefjunarfundir í öllum tilvikum fram í yfirheyrsluherbergi í fangelsinu. Fyrsta viðtal þeirra var 9. mars

³⁸⁰⁰ Málsgrein 276.

³⁸⁰¹ Dóra Hafsteinsdóttir og Sigríður Harðardóttir, ritsj.: *Íslensk alfræðiorðabók*. Vefútgáfa 2011. Aðgengileg á slóðinni: www.snara.is.

1976 og stóð yfir í eina klukkustund og 20 mínútur.³⁸⁰² Tveimur dögum síðar fór fyrsti sefjunarfundurinn fram og stóð yfir í um tvær og hálf klukkustund. Í bókun í dagbók fangelsisins við Síðumúla þann dag var þess getið að í kjölfar sefjunarfundarins hafi hafist sex augna samtal rannsóknarlögreglumanna og sálfræðingsins, eins og það var bókað.³⁸⁰³ Daginn eftir, 12. mars 1976, var bókað í dagbók fangelsisins að rannsóknarlögreglumaður hafi farið með sálfræðing í ferðalag, eins og það var orðað. Ekki liggja fyrir upplýsingar um ferðalagið. Annar sefjunarfundur dómfellda og sálfræðingsins fór fram 13. mars 1976 og stóð yfir í tæplega eina og hálf klukkustund, en þá fóru fulltrúi yfirsakadómara, rannsóknarlögreglumaður og sálfræðingur með dómfellda í ferðalag, eins og það var bókað í fangelsisdagbókina. Komu þeir til baka í fangelsið eftir tæpar þrjár klukkustundir.³⁸⁰⁴ Skrifleg skýrsla liggur ekki fyrir um ferðina. Þriðji sefjunarfundurinn var haldinn 15. mars 1976 og stóð yfir í þrjár klukkustundir. Þess var getið í bókun í dagbók fangelsisins að í kjölfar fundarins hafi sálfræðingurinn beðið fangaverði fyrir segulbandsspólur merktar fulltrúa yfirsakadómara.³⁸⁰⁵ Fjórdi og síðasti sefjunarfundurinn fór fram 19. mars 1976 og stóð hann yfir í rúmar tvær klukkustundir.³⁸⁰⁶ Sálfræðingurinn skilaði skýrslu 21. mars 1976 til sakadóms Reykjavíkur um helstu niðurstöður sínar en í henni kom fram að tilgangurinn með sefjunarfundunum hafi verið að auðvelda upprifjun dómfellda á smáatriðum ökuferðanna með dómfelldu Kristjáni Viðari, Tryggva Rúnari og endurupptökubeiðanda. Talningatækni hafi verið beitt til að dýpka vitundarástand dómfellda Alberts og myndrænu táknmáli til að beina meðvitundinni aftur í tíma. Á sefjunarfundunum hafi dómfelldi verið beðinn um að endurupplifa ferðalögin og lýsa ökuleiðunum. Í skýrslunni kom fram að dómfelldi hafi mestallan tímann verið í léttu sefjunarástandi á þriðja og fjórða sefjunarfundinum, en þeir fundir væru á segulbandsupptökunum. Tvímælalauast hafi tekist að virkja minnishæfileika dómfellda Alberts og voru helstu niðurstöður sefjunarfundanna varðandi tímasetningar og ökuleiðir raktar. Í skýrslunni kom fram að geðlæknir hafi einnig gert tilraun til þess að dáleiða dómfellda.³⁸⁰⁷

2297. Tveimur klukkustundum eftir síðasta sefjunarfundinn 19. mars 1976 var dómfelldi Albert færður til yfirheyrslu. Dómfelldi var með réttarstöðu vitnis í það skipti, en skipaður réttargæslumaður hans var viðstaddur. Í skýrslu um yfirheyrsluna var bókað að hún hafi farið fram að ósk dómfellda Alberts. Líkt og skýrsla um yfirheyrsluna ber með sér skýrði hann frá því að fyrsti framburður hans í málinu um líkflutning í Toyota bifreið væri réttur að öðru leyti en því að atburðurinn hafi ekki átt sér stað í janúar 1974 heldur 14. september sama ár. Hann hafi einnig flutt eitthvað heiman frá endurupptökubeiðanda aðfaranótt 27. janúar 1974 en á þeim tíma hafi hann haft Volkswagen bifreið föður síns til umráða. Yfirheyrslan yfir dómfellda Alberti stóð yfir í rúma eina og hálf klukkustund og var bókað lokið klukkan 17:03 þennan dag.

³⁸⁰² Málsgrein 254.

³⁸⁰³ Málsgrein 259.

³⁸⁰⁴ Málsgrein 262.

³⁸⁰⁵ Málsgrein 264.

³⁸⁰⁶ Málsgrein 269.

³⁸⁰⁷ Málsgrein 276.

Samkvæmt bókun í dagbók fangelsisins við Síðumúla var dómfelldi Albert látinn laus um hálf tíma síðar samkvæmt ákvörðun fulltrúa yfirsakadómara.³⁸⁰⁸

2298. Samtals var dómfelldi Albert í viðtali og á sefjunarfundum með sálfræðingnum í tíu klukkustundir á þessu tíu daga tímabili. Staðfest er með skýrslu sálfræðingsins og bókunum í dagbók Síðumúlafangelsisins að rannsakendur hlýddu á frásögn dómfellda frá einum sefjunarfundinum. Þá funduðu þeir með sálfræðingnum og höfðu segulbandsupptökur af tveimur sefjunarfundum milli handa. Þá virðist sem rannsakendur hafi veitt sálfræðingnum upplýsingar um staðhætti til að vinna með í sefjunarviðtölum við dómfellda. Rannsakendur hagnýttu sér þær upplýsingar sem komu fram á sefjunarfundunum og þann framburð sem dómfelldi gaf í sefjunarástandi í sálfræðiviðtali, en réttarstöðu Alberts hafði verið breytt í vitni þegar hann gaf skýrslu hjá lögreglu í kjölfar síðasta sefjunarfundarins. Þrátt fyrir að rannsakendur hafi beitt þessari aðferð við að ná fram framburði Alberts var ekki gerð skrifleg skýrsla um rannsóknaraðgerðina sem slíka eða niðurstöður hennar líkt og áskilið var í 7. mgr. 40. gr. laga um meðferð opinberra mála. Af þeim sökum liggur ekki fyrir hvað fór fram og hvort gætt hafi verið að ákvæðum sem giltu um réttarstöðu dómfellda Alberts. Fyrir liggur að réttargæslumaður hans var í engu tilviki viðstaddur og engar upplýsingar um að hann hafi verið upplýstur um sefjunarfundina.
2299. Áhorfsmál er hvernig rannsakendum var unnt að rækja mikilvæga sannleiksskyldu sína þegar þeir notuðust við sefjun til að ná fram framburði dómfellda Alberts. Sefjun virðist til þess fallin að hafa áhrif á skynjun viðkomandi sem aftur hefur áhrif inn í mat á trúverðugleika framburðar sem fenginn er fram með slíkri aðferð. Við mat á gildi framburðar sem fenginn er fram með sefjun verður því að hafa í huga að sú hætta er fyrir hendi að framburðurinn sé reistur á hugmynd eða skoðun annars manns, þess sem stýrir sefjuninni, en ekki upplifun þess sem gefur skýrslu.

VII.5.2.d.2 Samprófanir á rannsóknarstigi

2300. Einn liður í framkvæmd rannsóknar þessa máls fólst í samprófunum á rannsóknarstigi en heimild var til slíkra prófana samkvæmt 4. mgr. 40. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála. Þar var kveðið á um að hvern mann skyldi spyrja sér án viðurvistar annarra sakaðra eða vitna, uns ástæða kunni að verða til samprófunar á síðara stigi rannsóknar. Þessari aðferð sýnist hafa verið beitt mikið við rannsókn lögreglu í maí, júní og júlí 1976 í kjölfar þess að fjórmeningarnir Einar Bollason, Magnús Leópoldsson, Sigurbjörn Eiríksson og Valdimar Olsen voru leystir úr haldi. Þeir höfðu einkum verið samprófaðir fyrir dómi sem hluti af dómsrannsókn, samanber 5. mgr. 77. gr. laga um meðferð opinberra mála, við endurupptökubeiðanda og dómfelldu Kristján Viðar og Erlu.
2301. Sérstæð samprófun átti sér stað 5. maí 1976. Sú samprófun var fjölmenn en um hana er ítarlega fjallað í máli rannsóknarlögreglu ríkisins nr. 2875/79,³⁸⁰⁹ svonefndri harðræðisrannsókn. Samprófunin fór fram, eftir því sem bókað var í dagbók Síðumúlafangelsisins, frá klukkan 21:25 til klukkan 22:15. Viðstaddir voru tveir

³⁸⁰⁸ Málsgrein 271.

³⁸⁰⁹ Málsgreinar 394 og 1810.

rannsóknarlögreglumenn, aðalvarðstjóri í lögreglunni, vararíkisaksóknari, forstöðumaður Síðumúlafangelsisins og fulltrúi yfirsakadómara, auk dómfelldu Erlu, Kristjáns Viðars og endurupptökubeiðanda. Samprófunarinnar er getið í fangelsisdagbók án þess að getið sé hverjir voru viðstaddir aðrir en dómfelldu. Ekki er þar tekið fram hvort um dómsrannsókn hafi verið að ræða, samanber 5. mgr. 77. gr. laga um meðferð opinberra mála, eða hvort samprófunin hafi verið hluti af lögreglurannsókn í skilningi 4. mgr. 40. gr. laga um meðferð opinberra mála.³⁸¹⁰ Ljóst er að verjendur voru ekki viðstaddir, auk þess liggur ekki fyrir að gætt hafi verið ákvæða 40. gr. laga um meðferð opinberra mála gagnvart dómfelldu. Engin skrifleg gögn eru fyrirliggjandi um samprófunina sem slíka önnur en nefnd bókun í dagbók fangelsisins og það sem ráða má af skýrslutökum í nefndri rannsókn rannsóknarlögreglunnar sem fram fór þremur árum síðar. Af þeim lögregluskýrslum sýnist mega ráða að markmiðið hafi verið að ná samræmi milli framburða dómfelldu Erlu og Kristjáns Viðars annars vegar og endurupptökubeiðanda hins vegar en þau fyrrnefndu höfðu borið um aðild að láti Geirfinns en endurupptökubeiðandi ekki. Samræmi náðist ekki en prófunin endaði í upplausn þar sem forstöðumaður Síðumúlafangelsisins laust endurupptökubeiðanda kinnhest.

2302. Síðari samprófanir sem bókað er um í dagbók Síðumúlafangelsisins að hafi farið fram á vegum lögreglunnar í maí, júní og júlí virðast hafa verið með öðru sniði. Þær hafi staðið klukkutímum saman og oftast haldnar af einum rannsóknarlögreglumanni. Í engu tilviki voru gerðar skriflegar skýrslur þrátt fyrir ákvæði 7. mgr. 40. gr. laga um meðferð opinberra mála sem kvað á um að lögreglumenn skuli gera skriflegar nákvæmar skýrslur um rannsókn sína. Einu heimildina um að þær hafi farið fram er að finna í fangelsisdagbók. Endurrit þeirra bókana lá fyrir við meðferð dómstóla á sínum tíma. Í samræmi við þetta liggur eðli máls samkvæmt ekki fyrir hvað fram fór og hvort gætt hafi verið að ákvæðum um réttarstöðu sakbornings. Fyrir liggur að verjendur voru í engu tilviki nærstaddir og engar upplýsingar fyrirliggjandi um að þeim hafi verið gert aðvart um þessar samprófanir. Yfirlýsingar sem endurupptökubeiðandi ritaði í Hegningarhúsinu í mars og apríl 1977 eru eina heimildin um hvað fór fram. Í yfirlýsingu, sem dagsett er 5. mars 1977 varpaði endurupptökubeiðandi þeirri spurningu hvort löglega væri staðið að þessum samprófunum, einmitt þar sem réttargæslumenn hafi ekki verið viðstaddir og engar skýrslur gerðar.³⁸¹¹ Getið skal helstu dæma um samprófanir þessar.
2303. Strax tveimur dögum eftir fyrrnefnda samprófun sem fór úrskeiðis 5. maí 1976 var bókað í dagbók Síðumúlafangelsisins 7. maí að aðalvarðstjóri hafi verið í vitjun í klefa endurupptökubeiðanda í tvær klukkustundir fram til klukkan 18:45 en að henni lokinni hafi endurupptökubeiðandi og dómfellda Erla verið tekin fram til viðtals í horninu eins og það er orðað undir stjórn aðalvarðstjórans og fulltrúa yfirsakadómara og sú samprófun staðið í ríflega tvær klukkustundir. Í yfirlýsingu endurupptökubeiðanda sem dagsett er 5. mars 1977 gat hann þess að dómfellda Erla hafi átt að hjálpa honum

³⁸¹⁰ Málsgrein 394.

³⁸¹¹ Málsgrein 1387.

að rifja málsatvik upp.³⁸¹² Að því búnu hafi endurupptökubeiðandi og dómfelldi Kristján Viðar verið samprófaðir í rúma klukkustund undir stjórn aðalvarðstjórans og þeirri samprófun lokið klukkan 22:40. Í áðurnefndri yfirlýsingu endurupptökubeiðanda gat hann þess að dómfelldi Kristján Viðar hafi sagt frá því að hafa stungið Guðmund og rakið framburði sína í báðum málunum og beðið endurupptökubeiðanda að koma til móts við sig. Í kjölfarið hafi rannsóknarlögreglumaður efnt til skýrslutöku yfir endurupptökubeiðanda klukkan 00:40 sem stóð til klukkan 03:35 um nóttina, en skrifleg skýrsla liggur fyrir um þá skýrslutöku, vottuð af fangavörðum.

2304. Í byrjun júní 1976 virðist hafa verið tekið til við samprófanir vegna hvarfs Guðmundar Einarssonar samkvæmt því sem bókað er í dagbók fangelsisins við Síðumúla.³⁸¹³ Þá hélt rannsóknarlögreglumaður ítrekað samprófanir með dómfelldu, oftast einn eða með fulltingi fangavarðar. Þannig fór fram viðtal, sem svo er kallað, milli rannsóknarlögreglumannsins, fangavarðar og dómfelldu Tryggva Rúnars og Kristjáns Viðars 2. júní 1976 í rúma eina og hálfu klukkustund og aftur degi síðar í tæpa tvo klukkutíma en þá var rannsóknarlögreglumaðurinn einn. Föstudaginn 4. júní 1976 lét rannsóknarlögreglumaðurinn svo samprófun fara fram með fulltingi fangavarðar þar sem þeir þrír voru leiddir saman, endurupptökubeiðandi og dómfelldu Tryggvi Rúnar og Kristján Viðar, í tvær klukkustundir. Á laugardeginum 5. júní 1976 var svo enn efnt til samprófunar milli endurupptökubeiðanda og dómfelldu Tryggva Rúnars og Kristjáns Viðars í þrjá stundarfjórðunga og stóð rannsóknarlögreglumaðurinn einn að henni eftir því sem ráða má af dagbók fangelsisins. Þá var efnt til samprófunar með þeim tveimur 7. júní 1976 í rúmar þrjár klukkustundir af rannsóknarlögreglumanninum einum. Þess má geta í þessu sambandi að endurupptökubeiðandi bar um það fyrir dómi að rannsóknarlögreglumaðurinn hafi egnit dómfellda Tryggva Rúnar til að leggja á hann hendur³⁸¹⁴ og um það hefur verið ritað að dómfelldi Tryggvi Rúnar hafi kannast við það.³⁸¹⁵ Framburður endurupptökubeiðanda var í þessum efnum í samræmi við yfirlýsingu hans sem dagsett er 4. mars 1977.³⁸¹⁶ Rannsóknarlögreglumaðurinn staðfesti það fyrir dómi að dómfelldi Tryggvi Rúnar hafi haft þessa háttsemi í frammi en bar á móti því að hafa átt annan hlut að máli en að stífa þeim í sundur.³⁸¹⁷ Á sama máta hafi dómfelldu Tryggvi Rúnar og Kristján Viðar verið samprófaðir í tæpar tvær klukkustundir undir miðnætti 10. júní og aftur í stutta stund undir miðnætti 11. júní. Laugardaginn 12. júní 1976 kom bróðir dómfellda Tryggva Rúnars með sendingu til hans en við það tækifæri lét rannsóknarlögreglumaður sækja dómfellda Tryggva Rúnar inn á klefa og leyfði þeim bræðrum að ræðast við í klukkustund. Sunnudaginn 13. júní 1976 er bókað í dagbók fangelsisins við Síðumúla að fulltrúi yfirsakadómara og rannsóknarlögreglumaður hafi farið með dómfellda Tryggva Rúnar í bíltúr eins og það er orðað og voru í rúmar tvær klukkustundir. Sama dag ritaði dómfelldi Tryggvi Rúnar svokallaða játningaskýrslu til

³⁸¹² Málsgrein 1387.

³⁸¹³ Málsgreinar 448–454 og 456–459.

³⁸¹⁴ Málsgrein 1450.

³⁸¹⁵ Þorsteinn Antonsson: *Áminntur um sannsögli, heimildarsaga*. Reykjavík 1991, bls. 302.

³⁸¹⁶ Málsgrein 1374.

³⁸¹⁷ Málsgrein 1458.

rannsóknarlögreglumannsins í einkar vinalegum tón um Guðmundarmálið og vísaði þar til þess að hann verði að ræða betur við dómfellda Kristján Viðar um ákveðin atriði og vísaði þar með til frekari samprófana.³⁸¹⁸

2305. Upp úr miðjum júlí var tekin tíu daga snörp samprófunarhrina milli dómfelldu Erlu og endurupptökubeiðanda.³⁸¹⁹ Föstudaginn 16. júlí 1976 var meðal annars bókað í dagbók fangelsisins við Síðumúla að rannsóknarlögreglumaður hafi farið með dómfelldu Erlu í heimsókn til dóttur sinnar í rúma klukkustund. Klukkan 17:00 var bókað að dómfellda Erla og endurupptökubeiðandi hafi verið færð fram til samtals í horninu í áheyrn tveggja rannsóknarlögreglumanna sem staðið hafi í rúmar þrjár klukkustundir. Endurupptökubeiðandi vék að umfjöllunarefni þessarar samprófunar í yfirlýsingu dagsettri 5. mars 1977.³⁸²⁰ Gat hann þess að hafa ásakað dómfelldu um það hvort hún vildi drepa hann og hvað hún meinti með að bera upp á hann lygi. Í yfirlýsingunni sagði jafnframt að framburður hennar hafi verið reistur á draumi. Bókað var í kjölfarið að dómfellda hafi fengið 10 mg Diazepam vegna þess hve slæm á taugum hún væri eins og það var orðað. Laugardaginn 17. júlí hafi þau ræðst við í tvo tíma hjá rannsóknarlögreglumanni einum og á sunnudagsmorgni í þrjár klukkustundir. Mánudaginn 19. júlí var rannsóknarlögreglumaður með þau tvö til samprófunar í sex klukkustundir samfleytt og svo með þau saman í ferð úr húsi um kvöldið ásamt fangaverði í tvær og hálfu klukkustund. Um þessa samprófun fjallaði endurupptökubeiðandi ítarlega í síðastgreindri yfirlýsingu. Á þriðjudeginum 20. júlí stóð samprófun yfir í tvær og hálfu klukkustund og svo var farið með þau saman úr húsi í fylgd rannsóknarlögreglumanns og fangavarðar í rúmar tvær klukkustundir. Að þeirri ferð lokinni hafi þau verið í rúmlega eina og hálfu klukkustund á ný í samprófun. Enn kom svo rannsóknarlögreglumaður um kvöldið og ræddi við þau tvö í rétt rúmar tvær klukkustundir. Miðvikudaginn 21. júlí var bókað að dómfellda hafi verið færð fram til tals við rannsóknarlögreglumann. Tíu mínútum síðar var bókað að endurupptökubeiðandi hafi verið færður fram til tals við dómfelldu og rannsóknarlögreglumann. Samskiptin í það skiptið stóðu í tæpar tvær klukkustundir. Degi síðar voru þau svo í samprófun í eina og hálfu klukkustund. Föstudaginn 23. júlí var bókað að rannsóknarlögreglumaður ásamt fangaverði hafi farið suður í hraun, eins og það er bókað í dagbókinni, með dómfelldu Erlu og endurupptökubeiðanda í eina og hálfu klukkustund. Seinna sama kvöld hafi verið haldin samprófun í tæpa eina og hálfu klukkustund að viðstöddum rannsóknarlögreglumanni og vararíkissaksóknara. Áfram ræddi rannsóknarlögreglumaður við þau tvö 26. júlí í tæpar tvær klukkustundir og fór svo með þau ásamt einum fangaverði út í hraun í ferð sem tók ríflega klukkustund. Enn kom rannsóknarlögreglumaður og ræddi við dómfelldu Erlu og endurupptökubeiðanda 27. júlí í liðlega klukkustund. Vert er að geta þess að þessa daga ræddi rannsóknarlögreglumaður einnig oft einslega við þau tvö, sérstaklega dómfelldu Erlu. Samtals voru dómfellda Erla og endurupptökubeiðandi þannig í samprófunum og ferðum út í hraun, sem svo voru kallaðar, í 32 og hálfu klukkustund þessa daga.

³⁸¹⁸ Málsgrein 460.

³⁸¹⁹ Málsgreinar 511–517, 520 og 523–524.

³⁸²⁰ Málsgrein 1389.

Áréttað skal að engar skýrslur liggja fyrir um þessar samprófanir og ferðir, ekki er vitað til þess að dómfelldu og endurupptökubeiðanda hafi gefist kostur á að hafa verjendur sína viðstadda og ekki liggur fyrir að gætt hafi verið ákvæða 40. gr. laga um meðferð opinberra mála. Endurupptökubeiðandi ritaði um þessar samprófanir, eins og þær horfðu við honum, í mars og apríl 1977, tæpum átta mánuðum síðar og rakti umræðu milli hans, dómfelldu Erlu og rannsóknarlögreglumanna. Hann bar jafnframt um þennan framgangsmáta fyrir dómi 29. mars 1977;³⁸²¹ og gat þess að dómfellda Erla hafi verið höfð þar til að koma vitinu fyrir hann og hún hafi meðal annars hóttað því að fremja sjálfsmorð. Jafnframt bar hann um að samprófunin hafi staðið öðru hverju í átta daga, og lengst í sex tíma í einu.

2306. Við mat á framburðum dómfelldu sýnist blasa við að mikil hætta verður á að framburðir sem gefnir eru eftir slíka samprófunarhrinu taki mið af því sem þar hafi komið fram af hálfu annarra þannig að mörk sjálfstæðrar frásagnar af eigin upplifun gagnvart frásögnum annarra verði næsta óljós. Ákvæði 4. mgr. 40. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála gerði ráð fyrir að þessu úrræði væri beitt á síðara stigi rannsóknar, en sýnist vart geta beinst að því að játningum sakborninga um aðild að broti.

VII.5.2.d.3 Beiting harðræðis

2307. Kveðið var á um í 38. gr. laga um meðferð opinberra mála að lögreglumenn skyldu gæta þess að mönnum sé ekki gert tjón, óhagræði eða miski framfar en óhjákvæmilegt er. Þeim var óheimilt að beita sakaðan mann neins konar harðræði fram yfir það sem nauðsynlegt væri til að vinna bug á mótþróa hans gegn lögmætum aðgerðum eða á annan hátt beita hann ólögmætri þvingun í orði eða verki svo sem með hótunum og svo framvegis. Sérstakt ákvæði var síðan í 70. gr. laganna er kvað á um að gæsluvarðhaldsfangar skyldu sæta þeirri meðferð sem nauðsynleg væri til að gæslan komi að gagni og góð regla haldist í varðhaldinu. Varast skyldi hins vegar að beita þá hörku eða harðýðgi. Kveðið var síðan á um að viðurværi skyldi ekki vera lakara en annarra fanga. Þeir ættu almennt að vera í einrúmi auk þess sem dómari ákveddi hvort og að hve miklu leyti hafa mætti samband við aðra ef ætla mætti það varhugavert vegna rannsóknarinnar. Kveðið var á um í 3. mgr. 70. gr. að fangi gæti borið fram kvörtun fyrir dómara undan meðferð á sér.
2308. Fyrir liggur að ýmsar ásakanir um harðræði voru hafðar uppi er Guðmundar- og Geirfinnsmálin voru til meðferðar fyrir dómstólum. Fram fór sérstök rannsókn á ásökunum endurupptökubeiðanda árið 1979, samanber mál rannsóknarlögreglu ríkisins nr. 2875/79. Sú rannsókn tók til tilvika sem getið var í bréfi ríkissaksóknara 23. ágúst 1979 þar sem hann skilgreindi sérstaklega þau tilvik sem rannsóknin skyldi ná til af þeim sem endurupptökubeiðandi hafði kvartað yfir, en þar á meðal var tilvik sem séra Jón Bjarman fangelsisprestur hafði einnig vakið athygli dómismálaráðuneytisins á 30. maí 1978.³⁸²² Rannsóknin var þannig ekki almenn þrátt fyrir ábendingu séra Jóns þar að lútandi og almennar athugasemdir endurupptökubeiðanda. Eins var

³⁸²¹ Málsgrein 1450.

³⁸²² Málsgrein 1801.

sérstaklega bókað undir rannsókninni að önnur atriði sem komu til álita, sem ekki var mælt sérstaklega fyrir um í bréfi ríkissaksóknara frá 23. ágúst 1979, féllu utan rannsóknarinnar. Gilti einu í þeim efnum hvort þau vörðuðu ávirðingar um harðræði, breytta framburði eða upplýsingar um málsatvik, til að mynda mögulega aðkomu annarra að hvarfi Guðmundar Einarssonar. Þessi sérstaka rannsókn leiddi í ljós að endurupptökubeiðandi var lostinn kinnhesti við sampröfun við dómfelldu Erlu og Kristján Viðar 5. maí 1976 en við það var látið sitja að bera aðrar ásakanir hans undir þá fangaverði sem hann bar sökum og bóka neitun þeirra um að rétt væri frá greint í flestum tilvikum. Hvorki voru teknar skýrslur af öðrum fangavörðum sem hafi verið á vakt né leitað hófanna um framburð fanga sem kunni að hafa verið sjónar- eða heyrnarvottar að því sem fram kynni að hafa farið. Annar fangavörður, sem við skýrslutökur tók undir nokkur tilvik sem endurupptökubeiðandi kvartaði yfir, var yfirheyrður sem sakborningur³⁸²³ vegna gruns um rangar sakargiftir. Það var gert þegar í ljós kom við rannsóknina að fangavörðinn misminnti eða ranghermdi um hverjir hefðu verið á vakt með honum í janúar 1976 er endurupptökubeiðanda og dómfellda Tryggva Rúnari hefði verið haldið vakandi næturlangt með umtalsverðum atgangi³⁸²⁴ að hennar sögn auk þess sem í ljós kom að eitt tilvikanna sem hún greindi frá hafði hún einungis heyrt af á kaffistofu fangavarða en ekki upplifað af eigin raun.

2309. Sökum þessarar takmörkunar eða afmörkunar á harðræðisrannsókninni, þar sem virðist hafa verið látið við það sitja að spyrja þá sem nefndir voru til sögunnar, þá virðist það hafa átt sér stað að fangaverðir, sem bjuggu yfir upplýsingum um þau málsatvik sem voru til rannsóknar, hafi ekki verið yfirheyrðir um þau atvik. Þannig var tiltekinn fangavörður ekkert yfirheyrður á þeim tíma sem málin voru til úrlausnar fyrir dómstólum. Í tilefni af umfjöllun Hæstaréttar um fyrstu endurupptökubeiðni endurupptökubeiðanda, sem sett var fram 23. nóvember 1994 og leyst var úr 15. júlí 1997, lét fangavörðurinn í té bæði yfirlýsingu³⁸²⁵ og gaf skýrslu fyrir dómi.³⁸²⁶ Þá bar hann um harðræði í garð dómfelldu og nefndi einkum tilvik er lutu að endurupptökubeiðanda. Honum hafi til dæmis verið haldið vakandi og eins bar hann um að hafa heyrt um að fangavörður hafi verið að kaffæra endurupptökubeiðanda til að knýja hann til játninga. Þá bar þessi sami fangavörður um aðild fangavarða, þar með talda hans sjálfs,³⁸²⁷ að því að afla upplýsinga frá dómfelldu. Eins má nefna að maður, sem einnig sinnti starfi fangavarðar á þessum tíma, gaf skýrslur við harðræðisrannsóknina og bar þar um á hvern hátt hann hafi komið að því að láta ljós loga í klefa endurupptökubeiðanda allan sólarhringinn³⁸²⁸ sem gert var á tímabili. Hann taldi sig hvorki hafa orðið vitni að né heyrt af því að endurupptökubeiðanda eða öðrum fönngum hafi vísvitandi verið haldið vakandi³⁸²⁹ en bar um það að starfsfélagar hans hafi tekið að sér að ræða við fangana til að afla upplýsinga.³⁸³⁰ Þegar

³⁸²³ Málsgreinar 1886 og 1901.

³⁸²⁴ Málsgreinar 1855 og 1864.

³⁸²⁵ Málsgrein 1947.

³⁸²⁶ Málsgrein 1957.

³⁸²⁷ Málsgreinar 570–571.

³⁸²⁸ Málsgreinar 1890, 1899 og 1912.

³⁸²⁹ Málsgrein 1912.

³⁸³⁰ Málsgrein 1870.

fangavörðurinn mætti til viðtals við starfshóp innanríkisráðherra 23. maí 2012 bar hann hins vegar um að hafa verið vitni að því þegar þess hafi verið freistað að ónáða endurupptökubeiðanda er hann var hafður í klefa númer 22, sem var við hlið varðstofu fangavarðanna, með því að skella stól utan í aðliggjandi vegg. Eins bar hann um að hafa verið viðstaddur umræðu um þá hugmynd milli fangavarða og rannsóknarlögreglumanna á kaffistofu fangavarða, að hagnýta ætlaða vatnshræðslu endurupptökubeiðanda til þess að knýja hann til játninga, að rætt hafi verið um að stjaka við endurupptökubeiðanda í einhverri leitarferðinni þannig að hann félli ofan í vatn. Eins bar hann um að hafa orðið sjónarvottur að því að annar fangavörður hafi verið að dýfa höfði endurupptökubeiðanda ofan í vask í þessum tilgangi.³⁸³¹ Fyrir liggur vélrituð yfirlýsing endurupptökubeiðanda dagsett 4. mars 1977 þar sem hann fjallar einnig um þetta tilvik.³⁸³² Sýnist þar um sama tilvik og fangavörður bar um í harðræðisrannsókninni á sinni tíð.

2310. Samantekið má slá því föstu að rökstudd ástæða sé til að ætla að tilvik þar sem harðræði hafi verið beitt hafi verið fleiri en kinnhestur sá sem fjallað var um í dómi Hæstaréttar og talinn var sannaður. Úr því sem komið er hins vegar verður vart upplýst frekar um aðstæður dómfelldu í Síðumúlafangelsi né unnt að slá neinu föstu um einstök tilvik harðræðis. Þau tilvik sem nefnd eru sýnast öll miða að því að knýja fram upplýsingar um málsatvik, annaðhvort atburði eða hvar lík hinna horfnu manna væru niðurkomin. Með öðrum orðum virðast harðræðistilvik þau sem nefnd hafa verið ekki hafa verið framkvæmd í tyftunarskyni heldur til að knýja sakborninga til sagna.
2311. Rétt er þó að geta þess að endurupptökubeiðandi var í tvígang hafður í fótajárnum samtals í 34 daga, fyrst 23 daga vegna stroktilraunar og svo ellefu daga vegna samskipta og tóbakssmygls milli klefa. Hann var beittur samhliða öðrum viðurlögum vegna þessara agabrota. Næsta harkaleg viðurlög, en ekki úr takti við þau sem beitt var í Síðumúlafangelsinu á þessum tíma þar sem fangar voru hlekkjaðir fastir við naglfasta innanstokksmuni liggjandi á gólfi fyrir orðasennur við fangaverði.³⁸³³ Fyrir liggur að lagt var ranglega til grundvallar af stjórnendum fangelsisins við Síðumúla að reglugerð um fangavist nr. 260/1957 hafi ekki átt við um það fangelsi³⁸³⁴ og þeir því þurft að móta eigin reglur og kosið að hafa þær svo strangar sem raun ber vitni þannig að þær voru í raun ósambýðanlegar nefndri reglugerð.
2312. Af framangreindum tilvikum um ætlað harðræði sem ætlað hafi verið til að knýja fram upplýsingar um málsatvik verður ekki dregin sú ályktun að um skipulega aðferð hafi verið að ræða í þessu skyni. Fremur sýnist að slíku hafi verið beitt í afmörkuðum tilvikum eða þegar menn hafa misst stjórn á aðstæðum á stað og stund.
2313. Þó liggja fyrir sterkar vísbendingar um að endurupptökubeiðandi hafi sætt skipulögðu harðræði frá lokum aprílmánaðar 1976 og fram á haust það ár og þá í þeim tilgangi að

³⁸³¹ Málgögn endurupptökunefndar, bls. 4230.

³⁸³² Málsgrein 1375.

³⁸³³ Málsgrein 705.

³⁸³⁴ Málsgreinar 705 og 1484.

knýja hann til rétttra sagna, sem sýnast hafa miðað að játningu hans um aðild að hvarfi Guðmundar og Geirfinns. Þá játningu lét dómfelldi í té 27. október 1976.

2314. Bókað var í dagbók fangelsisins við Síðumúla sunnudaginn 25. apríl 1976 að forstöðumaður fangelsisins hafi fjarlægt allt úr klefa endurupptökubeiðanda nema harðfisk og smávegis annað matarkyns. Hann hafi ákveðið að ekki yrði talað orð við endurupptökubeiðanda í náninni framtíð og að honum yrði ekki afhentar bækur, spil eða annað til dægrastyttingar. Svona eigi aðbúnaður endurupptökubeiðanda að vera á meðan hann lýgur annan úr og annan í við yfirheyrsluáðilana og þar á meðal vararíkissaksóknara, eins og forstöðumaðurinn bókaði í dagbókina.³⁸³⁵ Í lok færslunnar var jafnframt tekið fram að viðhafa ætti sömu aðferð eins og við nafngreindan refsifanga sem fluttur var í Síðumúlafangelsið og hafður þar í tæpa tvo mánuði fyrri hluta árs 1974 eftir að hafa gerst sekur um líkamsárás með því að ráðast á fangavörð á Litla-Hrauni. Ráða má af dagbók fangelsisins fyrir árið 1974 að einstaklingur þessi hafi verið með þeim erfiðari sem fangaverðir þurftu að eiga við. Verulegan hluta þess tímabils sem sá fangi dvaldi í Síðumúlafangelsinu sætti hann ströngum agaviðurlögum.³⁸³⁶
2315. Þessari ákvörðun forstöðumannsins gagnvart endurupptökubeiðanda virðist hafa verið hrundið í framkvæmd samhliða því að hann sætti stífum yfirheyrslum næstu daga. Má sem dæmi nefna að mánudaginn 26. apríl 1976 sætti hann tveggja klukkustunda yfirheyrslu sem rannsóknarlögreglumaður, fulltrúi sakadómara og vararíkissaksóknari önnuðust. Rúmum hálf tíma eftir að henni lauk hafi forstöðumaður fangelsisins kafið endurupptökubeiðanda svara um það hverju hann vildi koma á framfæri við vararíkissaksóknara sem endurupptökubeiðandi hafði óskað eftir að hitta á ný. Það hafi bara verið þvæla, eins og það er orðað í fangelsisdagbókinni. Kvaðst forstöðumaðurinn í kjölfarið hafa messað yfir honum á nokkurn veginn heiðarlegan hátt, eins og það er orðað. Bókaði hann svo um að þegar fangaverðir hafi nokkru síðar sama dag gengið fram hjá klefa endurupptökubeiðanda hafi hann legið þar hágrenjandi. Í lok færslunnar var bókað orðrétt: „Örn eða lögreglumennirnir ætla að koma á næstunni og reyna við helvítið einu sinni enn.“ Hálf tíma síðar er bókað að fulltrúi yfirsakadómara og rannsóknarlögreglumaður hafi komið og tekið endurupptökubeiðanda til yfirheyrslu í skamma stund og dómfelldi enn færður á klefa klukkan 17:30. Bókað var svo klukkan 20:10 í fangelsisdagbókina að endurupptökubeiðandi hafi verið tekinn fram til viðtals við forstöðumanninn sem hafði þá lokið vakt sinni en lét allt að einu færa endurupptökubeiðanda fyrir sig.³⁸³⁷ Um það hvað gerðist næst er við vitnisburð fangavarðar að styðjast er lýsti málsatvikum að eigin frumkvæði fyrir dómi 15. apríl 1977.³⁸³⁸ Forstöðumaðurinn hafi gengið berserklega inn í yfirheyrsluherbergið og síðan hafi mikill hávaði upphafist. Er fangavörðurinn hafi opnað hurðina til að aðgæta hverju þessi háreysti og atgangur sætti, hafi honum virst endurupptökubeiðandi hafa verið svínbeygður, eins og hann

³⁸³⁵ Málsgrein 369.

³⁸³⁶ Málgögn endurupptökunefndar, bls. 33_AO-AP.

³⁸³⁷ Málgögn endurupptökunefndar bls. 3891.

³⁸³⁸ Málsgrein 1492.

orðaði það í framburði sínum, en forstöðumaðurinn skipað fangaverðinum að loka herberginu. Endurupptökubeiðandi bar svo um að hafa verið látinn standa teinréttur undir umsjón varðstjóra allt fram til klukkan 22:00, sú frásögn á sér ekki stoð í framburðum annarra. Nefndur fangavörður var ekki yfirheyrður við harðræðisrannsóknina og inntur nánar eftir málsatvikum heldur látið nægja að vitna til endurrits framburðar hans fyrir dómi. Klukkan 22:25 var bókað um komu rannsóknarlögreglumanns og fór forstöðumaðurinn tíu mínútum síðar. Yfirheyrslum eða samskiptum við endurupptökubeiðanda linnti ekki þetta kvöld fyrr en klukkan 00:45.³⁸³⁹ Þess ber að geta að endurupptökubeiðandi fjallaði um málsatvik þessi í yfirlýsingu sinni 4. mars 1977.³⁸⁴⁰

2316. Viðtöl og yfirheyrslur héldu áfram næstu daga en eiga það sameiginlegt að ekkert var bókað um framburði endurupptökubeiðanda. Hafa má þó upplýsingar um afstöðu endurupptökubeiðanda á þessum tíma til svonefnds Guðmundarmáls af því sem fram kom við samprófun við dómfellda Albert 30. apríl 1976, sem haldin var að viðstöddum réttargæslumanni dómfellda Alberts, rannsóknarlögreglumanni og vararíkissaksóknara.³⁸⁴¹ Við það tækifæri var bókað um að dómfelldi Albert héldi fast við fyrri framburð og hefði rakið ferðir sínar frá því að endurupptökubeiðandi hefði hringt í hann aðfaranótt 27. janúar 1974 og um annan líkflutning í september sama ár. Endurupptökubeiðandi sagði á hinn bóginn framburð dómfellda Alberts ósannan og tóman uppspuna og neitaði því harðlega að þetta hafi átt sér stað. Á svipaðan hátt hafi endurupptökubeiðandi ekki viljað tjá sig um aðkomu að hvarfi Geirfinns við samprófunina við dómfelldu Erlu og Kristján Viðar þegar hann var lostinn kinnhesti 5. maí 1976.³⁸⁴²
2317. Engar skýrslur eða bókuð samskipti liggja fyrir er lúta að endurupptökubeiðanda frá 6. maí 1976 önnur en þau að réttargæslumaður hans sem var á sjúkrahúsi vegna aðgerðar hafði samband og innti fréttu af skjólstaðingi sínum. Bókað var í dagbók fangelsisins að honum hafi verið tjáð að af endurupptökubeiðanda væri ekkert að fréttu. Sérstaklega var bókuð ósk hans um að verða látinn vita ef eitthvað gerðist í sambandi við endurupptökubeiðanda.
2318. Degi síðar var efnt til viðtala, samprófana og skýrslutöku yfir endurupptökubeiðanda. Samkvæmt því sem bókað var í dagbók Síðumúlafangelsisins hófust þessi samskipti laust fyrir klukkan 17:00 með tveggja klukkustunda viðtali rannsóknarlögreglumanns við endurupptökubeiðanda inni á klefa, því næst tveggja klukkustunda samprófun með dómfelldu Erlu undir stjórn rannsóknarlögreglumanns, að viðstöddum fulltrúa yfirsakadómara. Að þeirri samprófun lokinni var efnt til annarrar samprófunar þar sem þeir dómfelldi Kristján Viðar og endurupptökubeiðandi voru leiddir saman í eina klukkustund og 15 mínútur. Skömmu síðar hafi rannsóknarlögreglumaður farið inn á klefa til endurupptökubeiðanda og verið þar í rúma klukkustund, fram yfir miðnætti. Bókað var svo klukkan 00:20 að endurupptökubeiðandi hafi verið tekinn til yfirheyrslu

³⁸³⁹ Málsgrein 371.

³⁸⁴⁰ Málsgrein 1373.

³⁸⁴¹ Málsgrein 381.

³⁸⁴² Málsgrein 1880.

að eigin ósk til að skýra frá sannleikanum í málinu, eins og það var orðað. Í þeirri yfirheyrslu bar endurupptökubeiðandi svo um aðild fjórmeninganna sem sátu í gæsluvarðhaldi og fleiri einstaklinga að andláti Geirfinns en þeir dómfelldi Kristján Viðar hafi orðið sjónarvottar að þessum atburði. Bókað er að skýrslutöku hafi lokið klukkan 03:35 og liggur fyrir skrifleg skýrsla, vottuð af fangavörðum um yfirheyrsluna. Engin gögn önnur en bókanir í fangelsisdagbók liggja fyrir um viðtölin og samprófanirnar og ekkert er bókað um aðild réttargæslumanns endurupptökubeiðanda eða að honum hafi verið gert aðvart.

2319. Af bókunum í dagbók fangelsisins við Síðumúla má ráða að allt frá 25. apríl 1976 hafi endurupptökubeiðandi mátt sæta því að dvelja í klefa sínum án ritfanga og tóbakslaus, í algerri einangrun, annarri en þeirri að rætt var við hann um málin auk þess sem hann var án allrar afþreyingar í tvo mánuði allt til 25. júní 1976. Einnig virðist viðhorf gagnvart endurupptökubeiðanda á þessum tíma hafa einkennst af mikilli neikvæðni þar sem hann var ítrekað uppnefndur ýmsum ónefnum þegar um hann eða málefni hans var fjallað í dagbók fangelsisins við Síðumúla, svo sem skoffín og dýr.³⁸⁴³
2320. Vikið er að aðbúnaði endurupptökubeiðanda í bókun í dagbók fangelsisins við Síðumúla 24. maí 1976³⁸⁴⁴ en þann dag var getið um leit í klefa hans og annars gæsluvarðhaldsfanga, sem var í fangelsinu vegna ótengdra saka, vegna gruns eða ábendingar um bréfaskipti og tóbakssendingar milli þeirra. Fundist hafi bréf hjá þeim og tóbak hjá endurupptökubeiðanda sem hann hafi ekki átt að hafa. Bókað var um að allt hafi verið fjarlægt úr klefum beggja annað en það nauðsynlegasta til þrifnaðar, sæng endurupptökubeiðanda var tekin og hann látinn fá teppi í staðinn. Blýant sem endurupptökubeiðandi hefði vegna sálfræðiprófs ætti að taka af honum um leið og hann lyki prófinu. Báðir voru jafnframt settir í fótajárn. Tveimur dögum síðar, 27. maí 1976, vitjaði fangelsisprestur dómfellda sem var leiddur fyrir hann í fótajárnum. Þegar fangelsisprestur æskti þess að kaupa sígarettur til að gefa endurupptökubeiðanda til að róa hann í viðtalinu var honum neitað.³⁸⁴⁵ Fyrir liggur að dómfelldi var í fótajárnum í 11 daga frá 24. maí 1976 en ritfangabanni, lesefnisbanni og svipting alls sem hægt væri að skrifa á stóð óbreytt áfram í mánuð þar til lesefnisbanninu var aflétt. Þannig var bókað sérstaklega 16. júlí 1976 að allar sendingar til endurupptökubeiðanda væru teknar úr umbúðum sem hægt væri að skrifa á og látnar í glæra plastpoka.³⁸⁴⁶ Í yfirlýsingu 5. mars 1977 ritaði endurupptökubeiðandi um vanlíðan sína og hversu lengi tíminn væri að líða þar sem aðbúnaður hans væri svo takmarkaður.³⁸⁴⁷ Það var svo 22. júlí 1976 að tóbaksbanni var aflétt að hluta og honum heimilað að reykja fjórar til fimm sígarettur á dag. Bann þetta sýnist hafa gilt áfram á þeim tíma fullum fetum hvað skriffæri og pappír snerti eftir því sem ráða má af bókun í dagbók fangelsisins við Síðumúla 17. ágúst 1976. Bókað var þann dag að Karl Schütz hafi farið ásamt fangaverði og túlki inn á klefa endurupptökubeiðanda og rætt um að hann ætti að fá pappír og penna til skrifa minnispunkta fyrir væntanlegar yfirheyrslur en muna að

³⁸⁴³ Málsgrein 410.

³⁸⁴⁴ Málsgrein 437.

³⁸⁴⁵ Málsgrein 1958.

³⁸⁴⁶ Málsgrein 511.

³⁸⁴⁷ Málsgrein 1389.

ljúga ekki. Sérstaklega var bókað að hann fengi pappírinn og pennann ekki fyrr en fulltrúi yfirsakadómara gæfi grænt ljós þar um. Degi síðar voru bókuð fyrirmæli frá fulltrúa yfirsakadómara og Þjóðverjanum, eins og það var orðað, um að endurupptökubeiðandi ætti að fá pappír og penna í undirbúningsskyni vegna væntanlegra yfirheyrslna. Bókað var að honum hafi verið afhent eitt blað úr skrifblokk sem hann yrði að skila heilu til fangavarða og ef hann þyrfti annað fengið hann það gegn skilum þess fyrsta. Blöðin ætti svo að afhenda honum í viðurvist lögreglumanns þegar að yfirheyrslum kæmi.³⁸⁴⁸

2321. Þessum skerðingum á aðbúnaði var ekki létt af endurupptökubeiðanda að fullu fyrr en langt var liðið á haust 1976, skömmu áður var hann farinn að bera um þátttöku sína og annarra dómfelldu í Geirfinnsmálinu.³⁸⁴⁹ Þess má geta að dagblöð fékk hann ekki að lesa fyrr en Morgunblaðið á aðfangadag 24. desember 1976 en sá lestur fól í sér umbun fyrir ágæta samvinnu seinni hluta hausts, en umbunina fékk hann með eftirgangsmunum gagnvart yfirmönnum fangelsisins við Síðumúla. Morgunblaðið var ritskoðað áður en það var afhent honum.
2322. Í dómi Hæstaréttar er fjallað um ásakanir dómfelldu um harðræði og komist að þeirri niðurstöðu að þær ættu ekki við rök að styðjast að undanskildum kinnhesti þeim sem endurupptökubeiðandi var lostinn 5. maí 1976. Í dómi sakadóms var jafnframt komist að þeirri niðurstöðu að fullyrðingar endurupptökubeiðanda og dómfelldu Tryggva Rúnars og Kristjáns Viðars um að hafa verið beittir þvingunum og hótunum og að þeir hafi sætt illri og löglausri meðferð ættu sér ekki stoð. Dómurinn komst þvert á móti að þeirri niðurstöðu að ýmislegt hafi komið fram í gögnum málsins um að gott samband hafi yfirleitt verið milli dómfelldu og rannsóknarmanna. Rétt er í þessu sambandi að halda því til haga að fyrir dómstólum lágu samantektir forstöðumanns Síðumúla-fangelsis úr fangelsisdagbók um dómfelldu Kristján Viðar og Tryggva Rúnar. Slík samantekt var líka útbúin vegna endurupptökubeiðanda og bókað var um ósk verjanda dómfellda Guðjóns um að slík yrði útbúin vegna hluta þess tíma sem hann var í gæsluvarðhaldi. Síðarnefndar samantektir vegna endurupptökubeiðanda og dómfellda Guðjóns voru ekki lagðar fram fyrir dómi. Dómstólum var þannig ekki kunnugt um bókuð neikvæð ummæli um endurupptökubeiðanda eða bókanir um skerðingu á aðbúnaði hans, ritfanga- og bókabann, tóbaksbann, svipting sængur og beiting fótajárna umfram það sem fram kom í yfirlýsingum hans sem hann ritaði í mars og apríl 1977 og voru afhentar sakadómi. Yfirlýsingarnar voru þó ekki lagðar fram þannig að þær voru ekki meðal málgagna og Hæstarétti því ókunnar. Þessi meðferð sem endurupptökubeiðandi sætti sýnist vart hafa samrýmst 70. gr. laga um meðferð opinberra mála samanber einnig 3. gr. mannréttindasáttmála Evrópu sem fjallað er um í kafla VII.4 hér að framan.

³⁸⁴⁸ Málsgrein 578.

³⁸⁴⁹ Málsgreinar 766 og 957.

VII.5.2.d.4 Umbun til dómfelldu í tengslum við framgang rannsóknar

2323. Í 2. mgr. 40. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála var skýrt kveðið á um að lögreglumenn mættu ekki gefa sakborningi fyrirheit um ívilnanir eða fríðindi ef hann meðgengi, enda væru slík fyrirheit ólögleg eða ekki á valdi þeirra að veita þau. Ekkert í rannsóknargögnum málsins bendir til að slík fyrirheit hafi verið veitt í skiptum fyrir tiltekinn framburð. Fyrir liggja á hinn bóginn bókanir í dagbók fangelsisins við Síðumúla þar sem getið var um ýmis konar tilslakanir og hlunnindi til handa dómfelldu. Af þeim sýnist ráða sterkar vísbendingar um að dómfelldu hafi verið umbunað með fríðindum og ívilnunum varðandi tilhögun gæsluvarðhalds fyrir samvinnu í þágu rannsóknar málsins. Helstu dæmi þessa skulu nefnd hér en þess getið að fyrir liggja önnur tilvik sem virðast hníga í sömu átt.
2324. Líkt og rakið er að framan hélt rannsóknarlögreglumaður ítrekað samprófanir með dómfelldu í byrjun júní 1976. Dagana 2. júní til og með 11. júní 1976 var dómfelldi Tryggvi Rúnar þannig til samprófunar við endurupptökubeiðanda og dómfellda Kristján Viðar í samtals 11 og hálfra klukkustund. Engar lögregluskýrslur eða önnur skrifleg gögn liggja fyrir um þessar samprófanir, ekki er vitað til þess að dómfelldu hafi gefist kostur á að hafa verjendur sína viðstadda og ekki liggur fyrir að gætt hafi verið ákvæða 40. gr. laga um meðferð opinberra mála. Þegar samprófunarhrinunni var lokið, 12. júní 1976, var bókað í dagbók fangelsisins við Síðumúla að bróðir dómfellda Tryggva Rúnars hafi komið með sendingu til hans í fangelsið, eins og svo oft áður. Var þess getið í bókuninni að rannsóknarlögreglumaður hafi þá sótt dómfellda Tryggva Rúnar og leyft þeim bræðrum að talast við í klukkustund eins og áður var rakið. Áréttað skal að algjört heimsóknarbann var þá í gildi í fangelsinu.³⁸⁵⁰ Daginn eftir, 13. júní 1976, var bókað í fangelsisdagbókina að fulltrúi yfirsakadómara og rannsóknarlögreglumaður hafi farið með dómfellda Tryggva Rúnar í bíltúr, eins og það var orðað, í rúmar tvær klukkustundir. Upplýsingar liggja ekki fyrir um ferðina eða tilgang hennar. Sama dag ritaði dómfelldi Tryggvi Rúnar fyrstu efnislegu færsluna í svokallaða játningaskýrslu um atburði 26. janúar 1974 og málsatvik sem hann ætlaði að fá upplýsingar um frá dómfellda Kristjáni Viðari næst þegar þeir myndu tala saman og vísaði þar með til frekari samprófana og ritaði upp fjórar spurningar sem hann ætlaði að inna dómfellda Kristján Viðar svara við.³⁸⁵¹ Líkt og aðrar færslur í játningaskýrslunni var hún stíluð persónulega til nafngreinds rannsóknarlögreglumanns og rituð á mjög vinalegum nótum. Þá voru dómfelldu Tryggvi Rúnar og Kristján Viðar til samprófunar dagana 24. og 30. júní 1976 í samtals þrjár klukkustundir og 40 mínútur. Skrifleg skýrsla liggur ekki fyrir um samprófanirnar en þeirra var getið í fangelsisdagbók.³⁸⁵² Samkvæmt bókunum í dagbók fangelsisins við Síðumúla var dómfellda Tryggva Rúnari leyft að hitta bróður sinn í tvígang í byrjun júlí 1976 og ræða við hann samtals í eina klukkustund og 15 mínútur. Voru það rannsóknarlögreglumenn sem sóttu bróður dómfellda og færðu hann til heimsókn-

³⁸⁵⁰ Dagbók nr. 4, bls. 140.

³⁸⁵¹ Málgrein 460.

³⁸⁵² Málgreinar 474 og 481.

anna.³⁸⁵³ Mánudaginn 12. júlí 1976 var dómfelldi Tryggvi Rúnar til viðtals við rannsóknarlögreglumann þar sem hann samþykkti niðurröðun húsgagna að Hamarsbraut 11 sem gerð var eftir frásögn dómfelldu Erlu. Í sama viðtali staðsetti dómfelldi legu líks Guðmundar á grunnteikningu af íbúðinni.³⁸⁵⁴ Fjórum dögum síðar, 16. júlí 1976, fór sami rannsóknarlögreglumaður með dómfellda Tryggva Rúnar í leiðangur og leyfði honum að heimsækja ömmu sína í tæpa klukkustund. Í beinu framhaldi var hann fluttur á Litla-Hraun samkvæmt fyrirmælum fulltrúa yfirsakadómara.³⁸⁵⁵ Þar með var dómfelldi laus úr einangrun og fluttur í lausagæslu á Litla-Hraun þar sem hann gat stundað vinnu, sótt tómsundur og átt samskipti við aðra fanga.

2325. Þar sem engar skriflegar skýrslur liggja fyrir um hvað fór fram í samprófunum er ekki unnt að leggja mat á framburð dómfellda Tryggva Rúnars í þeim aðgerðum. Efni svokallaðrar játningaskýrslu sem dómfelldi ritaði beint í kjölfar samprófunarhrinunnar gefur hins vegar sterka vísbendingu um virka þátttöku og ríkan samstarfsvilja dómfellda með rannsakendum, til að rifja betur upp atburði í þeim tilgangi að upplýsa málið. Gekk hann svo langt að gefa sakarefninu heitið „mál minnisleysisins“, sem skírskotaði til þeirra vandræða sem hann taldi vera til staðar fyrst honum gengi svona treglega að rifja málið upp. Á þeim tíma sem dómfelldi Tryggvi Rúnar fékk heimsóknir frá bróður sínum var hann undir heimsóknarbanni, bréfaskoðun og fjölmiðlabanni líkt og aðrir sakborningar málsins sem vistaðir voru í einangrun í Síðumúlafangelsi. Röð málsatvika er slík að samskipti dómfellda við ættingja hans voru leyfð beint í kjölfar rannsóknaraðgerða vegna málsins og efnislegrar umfjöllunar hans um sakarefnið í svonefndri játningaskýrslu. Af þeirri staðreynd sýnist mega draga þá ályktun að samhengi hafi verið milli þessa tvenns sem vænta má að dómfellda hafi verið ljóst.
2326. Að sama skapi virðist sem endurupptökubeiðanda hafi verið gefin ákveðin fyrirheit eða loforð vegna frammistöðu hans og þátttöku í að stuðla að framgangi rannsóknarinnar síðla árs 1976. Engin skrifleg gögn liggja fyrir um slíkt en á Þorláksmessu 1976 var bókað í dagbók fangelsisins við Síðumúla að vilji rannsakenda stæði til þess að umbuna endurupptökubeiðanda fyrir góða samvinnu seinnipart hausts og hans þátt í því hvernig rannsókn málanna stóð. Óskaði fulltrúi yfirsakadómara eftir því við forstöðumann fangelsisins að endurupptökubeiðandi yrði í lausagæslu í um eina klukkustund á dag en forstöðumaðurinn tók fyrir það. Þá sóttu fulltrúi yfirsakadómara og rannsóknarlögreglumaður það mjög stíft að endurupptökubeiðandi fengi Morgunblaðið til aflestrar. Gekk það eftir og fékk endurupptökubeiðandi Morgunblaðið til lestrar frá og með aðfangadegi 24. desember 1976.³⁸⁵⁶ Þá fékk endurupptökubeiðandi dóttur sína í heimsókn í fangelsið 6. janúar 1977 í rúma klukkustund. Var þess beinlínis getið í dagbók fangelsisins þann dag að sú ráðstöfun væri alfarið á vegum rannsóknarnefndar Reykjavíkur sem færi með rannsókn

³⁸⁵³ Málsgreinar 488 og 497.

³⁸⁵⁴ Málsgrein 502.

³⁸⁵⁵ Málsgrein 511.

³⁸⁵⁶ Málsgrein 1038.

Guðmundar- og Geirfinnsmálanna.³⁸⁵⁷ Í bókun í fangelsisdagbók 25. janúar 1977 var þess getið að endurupptökubeiðanda hafi verið lofaður flutningur í Hegningarhúsið en af honum gæti ekki orðið strax.³⁸⁵⁸ Í millitíðinni gerði fulltrúi yfirsakadómara ráðstafanir svo unnt væri að flytja endurupptökubeiðanda í klefa númer 20 sem var stærri og rýmri en aðrir klefar fangelsisins. Við það tilefni óskaði varðstjóri eftir því að rannsakendur myndu tilkynna endurupptökubeiðanda um frestunina svo hann myndi hætta látlausu stagli um loforð um flutning í Hegningarhúsið.³⁸⁵⁹ Mánudaginn 31. janúar 1977 var endurupptökubeiðandi fluttur í Hegningarhúsið eftir 416 daga samfellda einangrunardvöl í Síðumúlafangelsinu.³⁸⁶⁰

2327. Ívilnanir í tengslum við tilhögun gæsluvarðhalds og önnur fríðindi til handa dómfelldu virðast alfarið hafa verið ákvarðanir rannsakenda málsins sem teknar hafi verið í tengslum við framburð viðkomandi sakbornings á hverjum tíma. Eins og fram hefur komið var endurupptökubeiðandi og dómfelldi Tryggvi Rúnar í langvarandi einangrun undir ströngum skilyrðum. Ætla má að þegar sakborningi í einangrunarvist er umbunað fyrir ákveðna hegðun og framburð skapist hætta á að hvati myndist hjá honum til að þóknast rannsakendum og láta í té þann framburð sem hann heldur að rannsakandi sé að leitast eftir, allt í þeim tilgangi að létta á því álagi sem fylgir langvarandi einangrunardvöl í gæsluvarðhaldi.

VII.5.2.d.5 Framkvæmd yfirheyrslna

2328. Lagt var til grundvallar í lögum nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála að lögregla annaðist rannsókn sakamála. Þannig var kveðið á um hver framgangi lögreglumanna við sakborning ætti að vera við yfirheyrslu í 40. gr. laganna, til að mynda að gera sakborningi grein fyrir að honum væri óskýlt að svara spurningum um sakarefni, ekki mætti yfirheyra í lengri tíma en sex klukkustundir í einu og spyrja ætti sakborning einan en ekki í viðurvist vitna eða annarra sakborninga. Þessi grundvallarregla um að lögregla annist rannsókn virðist ekki hafa verið í hávegum höfð við rannsókn Guðmundar- og Geirfinnsmálanna. Svo virðist sem allir sem vettlingi hafi verið virkjaðir til að ná sem mestum upplýsingum frá dómfelldu og að rannsóknaraðilar hafi hagnýtt allar upplýsingar frá dómfelldu óháð því hver hafi aflað þeirra. Einu virðist hafa gilt hvort það hafi verið rannsóknarlögreglumenn, fangaverðir, fulltrúar yfirsakadómara, vararíkissaksóknari, vestur-þýskur rannsóknarlögreglumaður á eftirlaunum, sýslumaður utan af landi, geðlæknar, sálfræðingar eða sálfræðinemar. Eina undantekningin sýnist hafa verið fangelsispresturinn sem virðist hafa haldið trúnað við dómfelldu auk þess hafi hann komið athugasemdum á framfæri við yfirvöld þegar tilefni varð til um aðbúnað fanga og harðræði af hvaða toga sem var. Fyrir liggur að í allmörgum þeim formlegu lögregluskýrslum sem fyrir liggja kemur ekki fram að gætt hafi verið að þeim grundvallarréttindum sakbornings að gera honum grein fyrir að honum væri óskýlt að svara spurningum um sakarefni. Ástæða er til að ætla að þess hafi enn sjaldnar verið gætt í þeim yfirheyrslum, viðtölum og samprófunum sem

³⁸⁵⁷ Málsgrein 1072.

³⁸⁵⁸ Málsgrein 1210.

³⁸⁵⁹ Málsgrein 1210.

³⁸⁶⁰ Málsgrein 1259.

ekkert var skráð um og unnt er að ganga út frá því að aðrir þeir sem tóku þátt í að aðstoða lögreglu við að afla upplýsinga frá sakborningum, svo sem geðlæknar, hafi ekki gætt að þessum grundvallarréttindum.

2329. Vísbendingar liggja fyrir um að yfirheyrslur undir stjórn Karl Schütz, vestur-þýsks rannsóknarlögreglumanns á eftirlaunum, sem fóru fram á haustmánuðum 1976 og í byrjun árs 1977 hafi verið formfastar auk þess sem rannsóknarlögreglumenn voru oftast þátttakendur í þeim. Því verður þó ekki slegið föstu að yfirheyrslurnar hafi fullnægt áskilnaði laga þar sem oftast en ekki voru samdar svonefndar athugasemdaskýrslur eftir yfirheyrslur í stað framburðarskýrslna og þess þá ekki getið hvort gætt hafi verið ákvæða laga um réttarstöðu sakborninga. Í slíkum skýrslum var á stundum gengið svo langt að bóka sem orðréttá frásögn dómfelldu innan gæsalappa án þess viðkomandi ritaði undir skýrsluna eða væri látinn kannast við efni hennar á annan hátt. Óháð fagþekkingu Karls Schütz verður hins vegar ekki fram hjá því litið að lög stóðu ekki til þess að hann annaðist rannsókn mála héraðs, þar með taldar yfirheyrslur yfir vitnum og dómfelldu.
2330. Þá háttaði svo til í einu tilviki að sýslumaður, í nánnum fjölskyldutengslum við Guðjón Skarphéðinsson, átti viðtal við hann ásamt rannsóknarlögreglumanni á fyrstu dögum gæsluvarðhalds dómfellda Guðjóns er hann sætti algerrri einangrun.³⁸⁶¹ Mun inntak samtalsins samkvæmt því sem fram kom í viðtali dómfellda við starfshóp innanríkisráðherra hafa verið að taka hann alvarlega tali um þetta mál og „það sé bara höfuðnaðsyn fyrir þjóð og þing að það sé upplýst.“³⁸⁶²
2331. Upplýst var við meðferð málsins fyrir dómi að fangaverðir höfðu sig ítrekað í frammi varðandi upplýsingaöflun frá dómfelldu. Bókað var sérstaklega um þetta atriði í dómi Hæstaréttar í þá veru að fangavörðum væri ekki heimilt að hafa afskipti af rannsókn opinbers máls að eigin frumkvæði. Áhorfsmál er hvort þessi upplýsingaöflun fangavarða hafi verið að undirlagi rannsóknaraðila, þó vísbendingar séu um það,³⁸⁶³ en ljóst sýnist hins vegar að hún var skipulögð með það að markmiði að afla upplýsinga. Um einstök tilvik höfðu komið fram vísbendingar undir rekstri dómsmálsins sem höfðu orðið Hæstarétti tilefni til framangreindrar athugasemdar. Á síðari tímum hafa komið fram ítarlegri upplýsingar um á hvern máta þessu hafi í raun verið hagað, meðal annars þannig að einstökum fangavörðum hafi verið úthlutað því verkefni að sitja að spjalli með dómfelldu.³⁸⁶⁴ Svo langt virðist hafa verið gengið í þessum efnum að starfsmenn fangelsisins hafi tekið frumkvæði í rannsókn einstakra atriða í málinu. Fram kemur í dagbók fangelsisins við Síðumúla að forstöðumaður fangelsisins hafi verið í símsambandi við fulltrúa yfirsakadómara 23. ágúst 1976 þeirra erinda að bera undir hann hvort ekki væri tímabært að fara með dómfelldu Erlu á nýja staðinn til að gefa henni kost á að benda á hvar líkið væri falið. Þessu erindi hafi fulltrúinn tekið vel. Fram kemur svo bókað degi síðar að forstöðumaðurinn hafi farið ásamt rannsóknarlögreglumanni með dómfelldu suður í hraun til að athuga á ákveðnum stað. Enn var

³⁸⁶¹ Málsgrein 866.

³⁸⁶² Málsgögn endurupptökunefndar, bls. 4345.

³⁸⁶³ Málsgrein 390.

³⁸⁶⁴ Málsgreinar 1947, 1957 og 571.

svo farið með dómfelldu til leitar suður í hraun 27. ágúst 1976 en í það skiptið fór forstöðumaðurinn og fangavörður með hana. Svo rammt sýnist hafa kveðið að þessum afskiptum að Karl Schütz óskaði þess eindregið að fangaverðir ræddu ekki við endurupptökubeiðanda um sakamálin að forstöðumanni Síðumúlafangelsisins einum undanteknum eftir því sem bókað var í dagbók fangelsisins 11. nóvember 1976. Bókað var af hálfu forstöðumannsins í dagbókina á sama stað eindregin ósk þess efnis að farið verði eftir þessari beiðni og það rökstutt með vísan til þess að Karli Schütz þyki nóg komið af lyginni aftur á bak og áfram.³⁸⁶⁵

2332. Með úrskurðum sakadóms Reykjavíkur var ákveðið að fimm dómfelldu skyldu sæta geðrannsókn; Erla, Guðjón, Kristján Viðar og Tryggvi Rúnar og endurupptökubeiðandi. Ekki virðist hafa komið til álita að æskja geðrannsóknar á dómfellda Alberti. Þrír læknar önnuðust þessar rannsóknir, tveir geðlæknar og yfirlæknir á Kleppi. Geðlæknir annaðist geðrannsókn á dómfelldu Erlu og Tryggva Rúnari, annar geðlæknir annaðist rannsókn á endurupptökubeiðanda og dómfellda Guðjóni og yfirlæknirinn framkvæmdi geðrannsókn á dómfellda Kristjáni Viðari. Ekki er bókað um samskipti rannsóknaraðila við geðlækni þann er annaðist rannsókn endurupptökubeiðanda og dómfellda Guðjóns en hinir tveir virðast hafa átt fundi með rannsóknaraðilum í tengslum við viðtöl við dómfelldu. Yfirlæknirinn virðist jafnframt hafa tekið dómfellda Kristján Viðar í viðtal að rannsóknarlögreglumanni viðstöddum. Þá er bókað í dagbók fangelsisins við Síðumúla um slíka fundi geðlæknis er annaðist rannsókn á dómfelldu Erlu og Tryggva Rúnari við rannsóknarlögreglumann og fulltrúa yfirsakadómarar vegna geðrannsóknar dómfelldu Erlu 11. maí 1976³⁸⁶⁶ og svo 4. júlí 1976³⁸⁶⁷ í tengslum við geðrannsókn Erlu og Tryggva Rúnars en þann fund sátu auk geðlæknis Erlu og Tryggva Rúnars, vararíkissaksóknari og rannsóknarlögreglumaður. Á sama hátt var bókað um fundi yfirlæknis með rannsóknaraðilum í tengslum við geðrannsókn dómfellda Kristjáns Viðars, bæði 20. apríl 1976 og 1. maí 1976.³⁸⁶⁸ Í fyrra tilfellinu átti yfirlæknir fund með forstöðumanni fangelsisins við Síðumúla og rannsóknarlögreglumanni þar sem var borið undir yfirlækni hvort hyggilegt væri að samprófa endurupptökubeiðanda og dómfellda Kristján Viðar sem læknirinn mun hafa talið frekar óæskilegt vegna hugsanlegs áhrifamáttar endurupptökubeiðanda á dómfellda Kristján Viðar. Bókað var að hann legði það í vald lögreglunnar hvort framkvæmt yrði.³⁸⁶⁹ Laugardaginn 1. maí 1976 tók yfirlæknir dómfellda Kristjáns Viðars til viðtals í tæpar tvær klukkustundir, að viðstöddum rannsóknarlögreglumanni. Óljóst er hver tilgangur þessa viðtals var, hvort það var liður í geðrannsókn eða rannsókn málanna. Dómfelldi Kristján Viðar var svo í yfirheyrslum áfram þann dag af hálfu rannsóknarlögreglumanns og vararíkissaksóknara langt fram yfir miðnætti aðfaranótt sunnudagsins 2. maí 1976.
2333. Ljóst sýnist af bókunum er tengjast geðrannsóknnum, sem dómfelldu undirgengust, að hlutverk þeirra sem framkvæmdu rannsóknirnar hafi ekki verið eins skýrt afmarkað

³⁸⁶⁵ Málsgrein 818.

³⁸⁶⁶ Málsgrein 408.

³⁸⁶⁷ Málsgrein 489.

³⁸⁶⁸ Málsgrein 384.

³⁸⁶⁹ Málsgrein 363.

eins og hefur orðið á síðari tímum þegar kappkostað er að sá sem rannsókn framkvæmir sé óaðfinnanlegt vitni í skilningi laga. Sá sem annast rannsókn hafi ekki fjallað um málefni viðkomandi aðila á neinn hátt, hvorki sem meðferðarlæknir, rannsakari eða álitsgjafi. Fyrir liggur alltént að í dómi sakadóms Reykjavíkur var rakið það sem haft var eftir dómfelldu úr viðtölum þeirra við þá geðlækna sem framkvæmdu geðrannsóknir á þeim. Eðli máls samkvæmt er þess varla að vænta að geðlæknarnir hafi gætt réttarfarsákvæða þegar þeir ræddu málsatvik við dómfelldu. Í þessu sambandi skal því síðan haldið til haga að vitnað var til þessara samtala í niðurstöðu sakadóms, til dæmis var haft eftir orðrétt úr skýrslu geðlæknis til stuðnings sakfellingu dómfellda Tryggva Rúnars. Sýnist þannig ekki loku fyrir það skotið að upplýsingar frá dómfellda sem þannig var aflað hafi getað haft áhrif á sakarmatið, í það minnsta í hans tilviki.

2334. Dómfelldu áttu einnig samskipti við sálfræðinga á vegum rannsóknaraðila á þeim tíma sem þau sættu rannsókn. Þannig mátti dómfelldi Albert undirgangast sérstaka ítrekaða sefjunarfundi undir stjórn sálfræðings eins og rakið er í kafla VII.5.2.d.1. Rannsakendur virðast hafa álitnið þessa aðferð vera tæka rannsóknaraðferð til að rifja upp málsatvik en að auki var gerð tilraun til að dáleiða dómfellda Albert með fulltingi geðlæknis. Þær frásagnir sem ráða má að dómfelldi hafi látið í té undir sefjunarástandi virðast hafa verið rannsakendum aðgengilegar sem upplýsingar til að vinna með. Við sýnist blasa að við þessar aðstæður var ekki unnt að gæta lögboðinnar skyldu að gera dómfellda grein fyrir réttindum sínum í samræmi við 40. gr. laga um meðferð opinberra mála, hvorki við þá sefjun sem lögreglumenn voru viðstaddir og enn síður á þeim sefjunarfundum sem sálfræðingurinn var einn með dómfellda Alberti og hljóðritaði svör hans og afhenti lögreglu.
2335. Dómfelldu Erla, Tryggvi Rúnar og Kristján Viðar voru færð hvert um sig fram til þriggja geðlækna, rannsóknarlögreglumanns og réttargæslumanns 12. október 1976 og í yfirheyrslu í kjölfarið. Þar voru þau sprautuð með ótilgreindu lyfi í þeim tilgangi að þau gætu rifjað upp atburði sem þau mundu ekki. Engin rannsóknargögn liggja fyrir önnur en samantektarskýrsla Karls Schütz um framburð dómfelldu Erlu um þessa aðgerð. Jafnframt birtist frétt í dagblaði 26. október 1976 þar sem fram kom að dómfellda Erla og Kristján Viðar hafi verið sprautuð með einhvers konar lyfi í þeim tilgangi að aðstoða þau að muna betur eftir atburðum en það hafi ekki borið árangur.
2336. Þá liggja fyrir upplýsingar um að endurupptökubeiðandi og dómfelldi Guðjón hafi undirgengist sérstaka prófun þar sem þess var freistað að kanna hvort þeir væru að segja ósatt með því að mæla streitu í röddu þeirra með sérstöku tæki þegar þeir svöruðu spurningum um sakarefni Geirfinnsmálsins, lygamæli sem byggði á raddgreiningu.³⁸⁷⁰ Prófun þessi var framkvæmd af Gísla H. Guðjónssyni sem þá lagði stund á sálfræðinám í Bretlandi. Prófun á endurupptökubeiðanda er ekki fyrirliggjandi en er getið í gögnum málsins³⁸⁷¹ og bókinni Dómsmorð – Endurupptökubeiðni Geirfinns- og Guðmundarmála sem endurupptökubeiðandi gaf út 1997. Fyrir liggja

³⁸⁷⁰ Málsgrein 1919.

³⁸⁷¹ Málsgrein 1919.

hins vegar öll gögn er lúta að prófi því sem dómfelldi Guðjón undirgekkst, 31. desember 1976, en sú prófun fór fram að viðstöddum fulltrúa yfirsakadómara og réttargæslumanni dómfellda.³⁸⁷² Dómfelldi ritaði jafnframt um hans sýn á tilgang og markmið lygamælingaprófsins í dagbók sína á þá lund að lögreglan vilji ekki fallast á minnisleysi hans og telji að um yfirhýlmingu sé að ræða. Sýndi dómfelldi því sjónarmiði góðan skilning, hann gæti ekki búist við að minnisleysi yrði tekið trúanlegt og hann hefði ekki á móti því að beitt yrði nýjustu tækni í þessum efnum. Dómfelldi bókaði sérstaklega að hafa fengið það svar að fordæmum um notkun svona tækis væri ekki til að dreifa þegar hann innti eftir þeim.³⁸⁷³ Af fyrirbyggjandi spurningum má ráða að þær hafi verið af tvennum toga, annars vegar eins konar viðmiðunarspurningar og hins vegar efnislegar spurningar er lutu að málsatvikum Guðmundar- og Geirfinnsmálanna.³⁸⁷⁴

2337. Engin lögregluskýrsla var gerð enda enginn lögreglumaður viðstaddur en haft hefur verið eftir Gísla H. Guðjónssyni að hann hafi ekki verið við störf sem lögreglumaður á þessum tíma, heldur verið erlendis við nám. Þá er ekki vitað til þess að bókað hafi verið um prófunina í þingbók þó fulltrúi yfirsakadómara hafi verið viðstaddur. Verður því ekki séð að framkvæmd þessarar prófunar hafi átt sér stoð í lögum um meðferð opinberra mála.

VII.5.2.d.6 Aðkoma Karls Schütz að rannsókn sakamála

2338. Fyrir liggur að á vegum dómsmálaráðherra var fenginn þýskur maður, Karl Schütz, fyrrum rannsóknarlögreglumaður frá Vestur-Þýskalandi sem sestur var í helgan stein til þess að leggja lið við rannsókn Geirfinnsmálsins fyrst og fremst. Karl kom hingað til lands í júlí 1976 og lauk störfum í febrúar 1977.
2339. Engin lagaheimild var til þessarar ráðstöfunar og þrátt fyrir að kallað hafi verið eftir skipunar- eða erindisbréfi Karls Schütz þá liggur slíkt ekki fyrir.³⁸⁷⁵ Hvert hlutverk hans var því við rannsóknina verður helst ráðið af framgöngu hans og síðari tíma frásögnum auk hans eigin skilgreininga. Hafa má fróðleik af blaðaviðtali er birtist við Karl Schütz 17. desember 1976.³⁸⁷⁶ Þess var getið í viðtalinu að starfsmenn sakadóms Reykjavíkur og rannsóknarlögreglunnar hafi unnið geysimikið og gott starf en víst væri að koma Karls Schütz hingað til lands hafi verið mikilvæg í þessu sambandi. Í greininni var ferill Karls Schütz hjá vestur-þýsku rannsóknarlögreglunni rakinn og síðan fjallað um að maður, sem átti áratugastarf á vegum íslensku utanríkisþjónustunnar að baki, hafi leitað liðsinnis þýsks ráðuneytisstarfsmanns varðandi það að finna sérfræðing í sakamáli sem gæti stuðlað að því að leysa umfangsmikil glæpamál á Íslandi. Sá benti á Karl Schütz sem væri þeim hæfileikum búinn, að takist honum ekki að leysa mál, þá væri það óleysanlegt.

³⁸⁷² Málsgreinar 1035, 1059 og 1919.

³⁸⁷³ Málsgrein 1035.

³⁸⁷⁴ Málsgrein 1919.

³⁸⁷⁵ Málsgrein 1723.

³⁸⁷⁶ Málsgrein 1017.

2340. Því var lýst af hálfu rannsóknarlögreglumanns sem mætti til viðtals við starfshópinn að hlutverk Karls Schütz hafi verið að taka stjórnina á rannsóknarteymi sem sett var á laggirnar í byrjun ágúst 1976, sem nefnt var rannsóknarnefnd Reykjavíkur, en þar með hafi vinnubrögð öll orðið mun skipulegri og markvissari auk þess sem hann hagnýtti aðrar yfirheyrsluáferðir en þær sem tíðkast hefðu. Karl Schütz ritaði jafnframt svokallaðar vikuskýrslur til dómsmálaráðherra í þeim tilgangi að halda honum upplýstum um framgang starfa rannsóknarnefndar Reykjavíkur. Vikuskýrslur þessar urðu sjö, sý fyrsta dagsett 20. september 1976 og sý síðasta 7. janúar 1977.³⁸⁷⁷ Að auki ritaði Karl Schütz væntanlega formála að svonefndri lokaskýrslu sem og lokaskýrsluna sjálfa og skjal sem ber heitið huglægar málsástæður, en skjölin eru ódagsett og óundirrituð en gefin út fyrir útgáfu ákæru í Geirfinnsmálinu 16. mars 1977.³⁸⁷⁸ Leiða má að því líkur að ríkissaksóknari hafi haft skjölin milli handa þegar unnið var að útgáfu ákæru í þeim þætti málsins er laut að hvarfi Geirfinns Einarssonar. Vikuskýrslurnar og lokaskýrslan með fylgigögnum voru ekki lagðar fram í dómi á sínum tíma en varpa nokkuð glöggu ljósi á þróun rannsóknar málsins eftir að Karl Schütz kom að verkum. Í þeim birtist jafnframt viðhorf Karls Schütz til úrlausnarefnisins en í vikuskýrslunum rakti hann atburðarás 19. nóvember 1974 eins og hún birtist úr framburðum dómfelldu að hans mati. Skýrslur þessar eru nokkuð opinskáar um þau tilvik sem verið var að rannsaka, hvort sem þau lutu að einstökum viðfangsefnum eða grunsemdum er beindust að einstökum mönnum um aðild að málinu.³⁸⁷⁹ Þegar skýrslur þessar eru gaumgæfðar virðist einkum hafa verið lagt til grundvallar að dómfelldu væru sek en leiða þyrfti í ljós sönnun þess að svo væri. Birtist viðhorf þetta í ítarlegum rannsóknarfyrirmælum í skýrslum með yfirskriftinni „atriði sem styrkja játningar“ sem bera þess merki að vera samin í það minnsta sum á þýsku og svo snarað á íslensku.³⁸⁸⁰ Ef horft er til þessara rannsóknarfyrirmæla og framsetningu málsins sýnist rannsóknin vart hafa beinst jöfnum höndum að atriðum sem benda til sektar og sýknu, samanber 39. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála. Vert er að geta þess að þessar rannsóknir sem beindust að því að styrkja játningar leiddu engin sýnileg sönnunargögn í ljós auk þess sem lítt eða ekkert kom í raun út úr yfirheyrslum yfir vitnum sem rannsókninni var beint að í þessum tilgangi.

2341. Sjöunda vikuskýrsla Karls Schütz frá 7. janúar 1977 er sérstaklega upplýsandi í þessum efnum.³⁸⁸¹ Þar getur hann þess meðal annars að starfsmaður nafngreindrar bílaleigu hafi viðurkennt fyrir lögreglu að hafa ansi oft leigt bifreiðar fyrirtækisins í eigin þágu og stungið greiðslunum í eigin vasa. Starfsmaðurinn hafi jafnframt borið um að hann hafi mögulega lánað endurupptökubeiðanda eða dómfelldu Erlu nokkrum sinnum bifreið án þess að gera formlegan samning þar um og þá mögulega 19. nóvember 1974. Hann þykist hins vegar ekki getað munað nákvæmlega eftir því hvort svo hafi verið. Í þessum efnum er beinlínis rangt farið með af hálfu Karls Schütz, því

³⁸⁷⁷ Málsgreinar 653, 722, 747, 806, 871, 991 og 1082.

³⁸⁷⁸ Málsgreinar 1415–1417.

³⁸⁷⁹ Málsgrein 806.

³⁸⁸⁰ Málsgreinar 653, 722, 747, 806, 871, 991 og 1082.

³⁸⁸¹ Málsgrein 1082.

nefndur einstaklingur hafði þvertekið fyrir að hafa lánað eða leigt bifreiðar bílaleigunnar út án samnings fyrir en þeir hefðu verið teknir úr kaskótryggingu en það hafi ekki verið gert fyrir en vorið 1975.³⁸⁸² Í vikuskýrslu sinni greindi Karl jafnframt frá því að dómfelldi Guðjón hafi valdið erfiðleikum við að upplýsa málið frekar 31. desember 1976. Hann hafði þá lýst því yfir við rannsakendur að hann vissi eiginlega alls ekki hvort hann hafi verið með í Keflavík eða ekki. Rakti Karl það til sálfræðiprófs sem dómfelldi hefði undirgengist á vegum fulltrúa yfirsakadómara sem Gísli H. Guðjónsson hefði framkvæmt. Hafði Karl eftir dómfellda í beinni ræðu, innan gæsalappa, efasemdir um réttmæti fyrri framburðar og hvort hann yrði að draga hann til baka. Kvað Karl atriði úr rannsókninni hafa verið sett fram viðvaningslega. Svo sagði í skýrslunni: „Þessi „yfirheyrsla“ er hins vegar í algjörrri mótsögn við þá stefnu sem rannsóknarnefndin hefur beitt til þessa – með góðum árangri – og felst í því að sannfæra kærða um að það sé honum fyrir beztu að segja allan sannleikann og að svonefndar „minnisglompur“ hans séu ekki sannfærandi.“ Jafnframt hafi dómfellda verið gefnar hættulegar ábendingar, til að mynda hafi þátttaka hans í verknaðinum í Keflavík verið dregin í efa í spurningunum, en þátttakan hafi margsinnis verið staðfest. Ritaði Karl Schütz að síðustu hvað þetta atriði snerti að þess hafi verið vænst að dómfelldi myndi upplýsa um síðustu vafaatriðin en nú væri búið að stefna í hættu frekari framvindu á rannsókn málsins.

2342. Í formála lokaskýrslu rannsóknarnefndar Reykjavíkur skilgreinir Karl Schütz inntak lokaskýrslunnar og hlutverk sitt.³⁸⁸³ Lokaskýrslan væri aðallega byggð á síðustu framburðum sem beri saman og þar með þeim fyrirbyggjandi sönnunum sem þungar væru á metunum. Hlutverk sitt taldi Karl Schütz ekki felast í að leggja fram mál sem væri nákvæmt og yfirvegað í refsiréttarlegum skilningi heldur að leysa afbrotafræðilega óupplýst afbrot.³⁸⁸⁴
2343. Í skjali sem virðist hafa fylgt lokaskýrslunni með heitinu huglægar málsástæður var sakarefni Geirfinnsmálsins sett fram á næsta einsleitan hátt og gengið langt í að mála dómfelldu og framgöngu þeirra í dökkum litum. Var til dæmis talið tilefni til að gruna endurupptökubeiðanda og dómfellda Kristján Viðar um kæruleysi gagnvart því að verða valdir að dauða Geirfinni með vísan til fortíðar þeirra. Byggði sú ályktun á því að þeir hefðu að mati höfundar skýrslunnar sannað það í morðmáli Guðmundar Einarssonar að vera færir um að drepa mann af lítilfjörlegu tilefni. Var síðan farið þungum orðum um lyndiseinkunnir þeirra tveggja. Ósvífni og tilfinningaleysi endurupptökubeiðanda væru sterk líkindi til þess að Geirfinni hefði verið rutt úr vegi til að komast hjá því að borga honum fyrir spíra og eða til að losna við óþægilegt vitni. Til þessa hefði hann beitt dómfellda Kristjáni Viðari, sleppt honum lausum, eins og það var orðað, en í slíkum tilvikum gæti hann orðið gripinn nokkurs konar drápslosta.³⁸⁸⁵ Áréttað skal að ályktanir í þessa veru eiga sér ekki stoð í gögnum málsins, þar með talið geðrannsóknnum yfir dómfelldu.

³⁸⁸² Málsgrein 1029.

³⁸⁸³ Málsgrein 1416.

³⁸⁸⁴ Málsgrein 1415.

³⁸⁸⁵ Málsgrein 1417.

2344. Af skoðun áðurgreindra skýrslna Karls Schütz, hvaða augum hann leit hlutverk sitt og hve rannsóknaraðgerðir miðuðu að því að samræma framburði dómfelldu og styrkja játningar eins og það hét, sýnist mega draga í efa að gætt hafi verið lögbundinnar hlutlægni í samræmi við 39. gr. laga um meðferð opinberra mála við rannsókn málsins undir hans verkstjórn.

VII.5.2.e Aðgengi að verjendum

2345. Sem fyrr segir og nánar verður vikið síðar að voru verulegar takmarkanir á aðgengi dómfelldu að réttargæslumönnum meðan á rannsókn málanna stóð og jafnframt meðan á dómsmeðferð stóð eftir útgáfu ákæru. Þannig var réttargæslumönnum og verjendum langtímum saman meinað að ræða við dómfelldu einslega. Þá var þeim ekki tilkynnt sérstaklega um og gefinn kostur á að vera viðstaddir skýrslutökur af lykilvitnum og gagnspyrja þau fyrir dómi. Þetta á átti einnig við um ný vitni sem ekki hafði verið tekin skýrsla af við lögreglurannsókn. Þetta var réttlætt með því að verjendum hafi í upphafi margra mánaða meðferðar fyrir sakadómi Reykjavíkur verið tilkynnt að þeim væri frjálst að vera viðstaddir skýrslutökur en yrði aðeins tilkynnt um skýrslutökur af skjólstaðingum þeirra. Þótt verjendum hafi væntanlega staðið til boða að hringja sérstaklega í sakadóm Reykjavíkur og spyrjast fyrir um skýrslutökur í málinu sýnist vafasamt að þessi framkvæmd hafi verið í samræmi við ákvæði 4. mgr. 134. gr. laga nr. 74/1974 þar sem í réttur verjanda til að gagnspyrja vitni var í raun að engu gerður. Endurupptökunefnd þarf að leggja mat á hvort takmörkun á aðgengi dómfelldu að verjendum sínum hafi falið í sér að dómfelldu hafi ekki gefist fullnægjandi kostur á að halda uppi vörnum í málunum sem var afar mikilvægt vegna hinna þungu sakargifta sem á þá voru bornar.

VII.5.2.f Framburðir í mótsögn við hlutrænar staðreyndir

2346. Í framburðarskýrslum dómfelldu og vitna komu fram ýmis atriði sem lögregla tók mið af á tilteknum tímabilum við rannsókn málsins en reyndust síðan stangast á við síðar upplýstar staðreyndir. Annars vegar liggja fyrir dæmi um að slíkt hafi uppgötvast undir rannsókn málsins. Framburðir um þau atriði eiga það allir sammerkt að hafa þá tekið samræmdum grundvallarbreytingum í kjölfarið og í sumum tilvikum án þess að því hafi sérstaklega verið gerð skil í rannsóknargögnum. Hins vegar eru dæmi þess að ákveðnar lýsingar á atvikum í framburðum dómfelldu bera það með sér að vera ekki í samræmi við fyrirliggjandi staðreyndir, án þess að því hafi verið gefinn sérstakur gaumur, þrátt fyrir tilefni. Getið skal helstu dæma.

2347. Fyrstu framburðir dómfelldu Alberts og Kristjáns Viðars við rannsókn á hvarfi Guðmundar Einarssonar í desember 1975 gengu út frá þeirri forsendu að bifreiðin sem lík Guðmundar hafi verið flutt í frá Hamarsbraut 11 út í Hafnarfjarðarhraun hafi verið gul á litinn og af gerðinni Toyota. Í samantektarskýrslu um fyrsta framburð endurupptökubeiðanda í málinu kom fram að hann hafi hringt til dómfellda Alberts og beðið hann um að koma á bifreið að Hamarsbraut 11.³⁸⁸⁶ Í framhaldinu var dómfelldi Albert yfirheyrður hjá lögreglu og greindi hann þá frá því að hafa á þessum tíma haft

³⁸⁸⁶ Málsgrein 59.

til umráða gula Toyota bifreið sem faðir hans hafi átt. Kvaðst dómfelldi Albert hafa komið á bifreiðinni að heimili endurupptökubeiðanda og gaf greinargóða lýsingu á því hvernig bifreiðinni hafi verið lagt við húsið og sagði afturenda hennar hafa vísað að húsinu. Lýsti dómfelldi Albert því að hann hafi opnað farangursgeymsluna og síðan fylgst með því í baksýnispeglinum þegar endurupptökubeiðandi og dómfelldu Tryggvi Rúnar og Kristján Viðar hafi sett eitthvað pokalaga í farangursgeymsluna. Þegar komið hafi verið út í Hafnarfjarðarhraun hafi hann fengið endurupptökubeiðanda lykilinn að farangursgeymslunni. Lýsti dómfelldi Albert því fyrir lögreglu hvernig hann hafi séð móta fyrir endurupptökubeiðanda og dómfelldu Tryggva Rúnari og Kristjáni Viðari í skini frá afturljósum bifreiðarinnar þegar þeir hafi losað eitthvað úr farangursgeymslunni.³⁸⁸⁷ Framburður dómfellda Kristjáns Viðars var í samræmi við framangreindar lýsingar dómfellda Alberts. Kvaðst hann muna eftir því að í umrætt sinn hafi dómfelldi Albert komið að Hamarsbraut 11 á lítilli, gulri fólksbifreið af gerðinni Toyota. Endurupptökubeiðandi og dómfelldi Tryggvi Rúnar hafi síðan sett eitthvað þungt í farangursgeymslu bifreiðarinnar.³⁸⁸⁸ Í byrjun janúar 1976 greindi dómfelldi Kristján Viðar frá því í skýrslutöku hjá lögreglu að við nánari umhugsun væri hann viss um að bifreið dómfellda Alberts hafi ekki verið gul af japanskri gerð heldur Volkswagen bifreið, svört á litinn.³⁸⁸⁹ Daginn eftir bar endurupptökubeiðandi um að líkið hafi verið sett í aftursæti bifreiðarinnar og dómfelldu Kristján Viðar og Tryggvi Rúnar hafi sest hvor sínum megin við það. Tveimur dögum síðar bar endurupptökubeiðandi um það í skýrslu hjá lögreglu að dómfelldi Albert hafi komið á Volkswagen bifreið sem faðir hans hafi átt.³⁸⁹⁰ Samkvæmt handritaðri skýrslu fangavarðar um samtal við dómfellda Albert undir lok janúarmánaðar 1976 bar dómfelldi um að líkið hafi verið inni í bifreiðinni á leiðinni út í Hafnarfjarðarhraun.³⁸⁹¹

2348. Engin rannsóknargögn liggja fyrir um athugun lögreglu á bifreiðaeign föður Alberts Klahn Skaftasonar árið 1974 eða vísbendingar um að slík könnun hafi yfirhöfuð farið fram. Á hinn bóginn liggur fyrir bókun í rannsóknardagbók rannsóknarlögreglumanna frá 7. ágúst 1976 um að í ljós hafi komið að faðir dómfellda Alberts hafi ekki verið orðinn eigandi að Toyota bifreið í janúar 1974.³⁸⁹² Nákvæmar lýsingar dómfellda Alberts og Kristjáns Viðars á tilfæringum á líki í farangursgeymslu bifreiðar gengu út frá þeirri forsendu að dómfelldi Albert hafi verið á Toyota bifreið með farangursgeymslu í afturhluta bifreiðarinnar. Bifreið sú sem síðar umræddi af gerðinni Volkswagen var hins vegar með farangursgeymslu í fremri hluta bifreiðarinnar og bifvél í afturhluta hennar. Framburður dómfellda um að hafa fylgst með í baksýnispegli bifreiðarinnar þegar endurupptökubeiðandi og dómfelldu Tryggvi Rúnar og Kristján Viðar hafi komið líki Guðmundar fyrir í farangursgeymslunni féll þannig um sjálfan sig. Sama gildir um framburð dómfellda Alberts þess efnis að hann

³⁸⁸⁷ Málsgreinar 62–63.

³⁸⁸⁸ Málsgrein 71.

³⁸⁸⁹ Málsgrein 78.

³⁸⁹⁰ Málsgrein 86.

³⁸⁹¹ Málgögn endurupptökunefndar, bls. 316.

³⁸⁹² Málsgrein 548.

hafi séð þá þrjá í glampa af afturljósum bifreiðarinnar losa líkið úr farangursgeymslu-
nni úti í Hafnarfjarðarhrauni.

2349. Allt frá upphafi rannsóknar á hvarfi Guðmundar Einarssonar greindi endurupptökubeiðandi lögreglu frá því að hafa hringt í dómfellda Albert aðfaranótt 27. janúar 1974 og beðið hann um að koma að Hamarsbraut 11.³⁸⁹³ Rannsókn málsins og framburðir allra dómfelldu gengu út frá þeirri forsendu allt fram til loka febrúarmánaðar 1977. Þá greindi endurupptökubeiðandi frá því við framhaldsrannsókn málsins að síminn að Hamarsbraut 11 hafi verið lokaður vegna vanskila á þeim tíma.³⁸⁹⁴ Í framhaldinu var aflað upplýsinga frá Bæjarsímanum í Hafnarfirði sem leiddu í ljós að skuld hafi verið á símanum sem enn hafi verið ógreidd 1. febrúar 1974 og því hafi síminn átt að vera lokaður dagana 26. og 27. janúar 1974.³⁸⁹⁵ Þegar þessar upplýsingar lágu fyrir tóku framburðir dómfelldu, annarra en dómfellda Tryggva Rúnars, um atburðarásina breytingum til samræmis, það er að segja þeirra dómfelldu Alberts, Kristjáns Viðars og endurupptökubeiðanda. Í kjölfar þess að endurupptökubeiðandi nefndi [GunJ] fyrst til sögunnar skýrði dómfelldi Albert frá því í byrjun mars 1977 að það gæti verið að [GunJ] hafi verið með honum í bifreiðinni og þeir hafi ekið endurupptökubeiðanda og dómfelldu Tryggva Rúnari og Kristjáni Viðari að Hamarsbraut 11 umrætt kvöld.³⁸⁹⁶ Í framhaldinu gaf dómfelldi Albert nýjan framburð í málinu og greindi frá því sem ekki hafði áður komið fram að hann og [GunJ] hafi verið staddir inni í íbúðinni þegar átökin hafi átt sér stað, en þó ekki orðið vitni að þeim. Skömmu síðar hafi hann ekið [GunJ] heim, sem bjó í miðbæ Reykjavíkur, en síðan farið aftur að Hamarsbraut 11 og þá bankað á dyr íbúðarinnar.³⁸⁹⁷ Í kjölfarið hafi hann ekið út í Hafnarfjarðarhraun. Framangreindar upplýsingar um að síminn í íbúðinni hafi í raun verið lokaður á umræddum tíma ætti að hafa áhrif á mat á trúverðugleika framburða dómfelldu, sem gefnir voru á tímabilinu frá desember 1975 til janúar 1977, en líkt og fram hefur komið gengu þeir allir út frá því að dómfelldi Albert hafi verið kallaður að Hamarsbrautinni með símtali.
2350. Rannsókn sakamáls byggist fyrst og fremst á ákveðnum grundvallarreglum en þeirra mikilvægust er sannleiksreglan. Í sakamáli er lögð megináhersla á að leiða hið sanna í ljós. Í samræmi við það var svo fyrir mælt í 39. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála að lögreglumenn skyldu miða alla rannsókn sína við það að leiða hið sanna og rétta í ljós og rannsaka jöfnum höndum þau atriði sem benda til sektar sakaðs manns og sýknu. Fyrir liggur að leit að Guðmundi Einarssyni reyndist leitarmönnum erfið vegna mikilla snjóalaga.³⁸⁹⁸ Í skýrslu aðalvarðstjóra hjá rannsóknarlögregluinni í Reykjavík, dagsettri 29. janúar 1974, um hvarf Guðmundar kom fram að þar sem 60 sentímetra snjólag væri yfir öllu, væri ekki unnt að leita í hrauninu eða utan vega á óbyggðum svæðum og því yrði að fresta frekari leit þar til

³⁸⁹³ Málsgrein 59.

³⁸⁹⁴ Málsgrein 1361.

³⁸⁹⁵ Málsgrein 1354.

³⁸⁹⁶ Málsgrein 1363.

³⁸⁹⁷ Málsgrein 1368.

³⁸⁹⁸ Málsgrein 7.

snjóa leysi.³⁸⁹⁹ Daginn eftir birtust ljósmyndir í prentmiðlum af snæviþöktum leitar-
svæðum og fréttir um að aðfaranótt sunnudagsins 27. janúar 1974 hafi snjóað mikið og
skafið í alla skurði og ræsi sem væru af þeim sökum fullir af snjó.³⁹⁰⁰ Undir
framhaldsrannsókn málsins í byrjun árs 1977 báru vitni um að snjóað hafi aðfaranótt
27. janúar 1974, snjóþæfingur hafi verið á götum og fremur illfært að aka.³⁹⁰¹ Þá var
rætt við leigubifreiðastjóra sem kvaðst ekki hafa ekið leigubifreið sinn nema fyrripart
næturinnar þar sem ófærð hafi þá verið orðin.³⁹⁰² Fyrir liggur vottorð Veðurstofu
Íslands af mönnuðum veðurstöðvum í Reykjavík og af Keflavíkurflugvelli um veður
og snjóalög á tímabilinu 26. janúar til 30. janúar 1974 sem aflað var af hálfu
endurupptökunefndar við meðferð málsins. Vottorðin staðfesta framangreindar
samtímaheimildir.³⁹⁰³

2351. Framburðir dómfelldu um ferðir þeirra út í Hafnarfjarðarhraun með lík Guðmundar
aðfaranótt 27. janúar 1974 tóku nokkrum breytingum undir rannsókn málsins. Fram
komu ýmsar leiðarlýsingar, umhverfislýsingar og lýsingar á akstri bifreiðarinnar á
vegarlóðum og afleggjurum um hraunið. Stuðst var við framburðina í ítrekuðum
vettvangsferðum um hraunið í leit að líkamsleifum Guðmundar en engin þeirra bar
árangur. Lýsingar dómfelldu bera það hins vegar með sér að vera ekki í samræmi við
þær staðreyndir að jörð var alþakin misþykku lagi af þéttum eða votum snjó og þeir
ækju um á lítilli Volkswagen bifreið.³⁹⁰⁴ Nefna má í þessu samhengi í dæmaskyni að
dómfelldi Kristján Viðar bar um það fyrir dómi 11. janúar 1976 að lík Guðmundar hafi
verið látið ofan í gjótu í Hafnarfjarðarhrauni og stórum steini velt yfir.³⁹⁰⁵ Ekki verður
ráðið af skriflegri skýrslu um yfirheyrsluna að dómfelldi Kristján Viðar hafi verið
spurður frekar hvernig sú athöfn hafi gengið fyrir sig miðað við fyrirliggjandi
veðurupplýsingar. Sýnist blasa við að slíkt hafi ekki verið áhlaupsverk í djúpum snjó.
Fimm dögum síðar var bókað eftir dómfellda Kristjáni Viðari að hann myndi eftir
rauðamöl á veginum.³⁹⁰⁶ Þess er ekki að finna stað í gögnum málsins að dómfelldi hafi
verið inntur eftir því hvernig honum hafi verið kleift að greina rauðamöl í gegnum
þykkt lag af snjó. Nokkru seinna, eða 7. apríl 1976, gaf dómfelldi Kristján Viðar
ítarlega lýsingu á því hvernig hann, endurupptökubeiðandi og dómfelldi Tryggvi
Rúnar hefðu komið líki Guðmundar fyrir ofan í hraunsprungu í Hafnarfjarðarhrauni.
Sagði dómfelldi Kristján Viðar að sprungan hafi verið svo djúp að barmar hennar hafi
gnæft yfir höfuðið á honum þegar hann hafi komið ofan í hana. Lýsti hann því hvernig
þeir lögðu líkið inn í hellisskúta sem var við botn sprungunnar. Þá hafi dómfelldi
Tryggvi Rúnar velt stórum steini að, sem þeir hafi síðan í sameiningu lagt yfir líkið.
Greindi dómfelldi Kristján Viðar frá því að steinninn hafi ekki hulið líkið að öllu leyti
svo hann hafi sett smásteina yfir þann hluta líksins.³⁹⁰⁷ Fyrir liggur að jörð var snævi

³⁸⁹⁹ Málsgögn endurupptökunefndar, bls. 6.

³⁹⁰⁰ Málsgögn endurupptökunefndar, bls. 10–11.

³⁹⁰¹ Málsgrein 1194.

³⁹⁰² Málsgrein 1349.

³⁹⁰³ Málsgögn endurupptökunefndar, bls. 8_A–E.

³⁹⁰⁴ Málsgögn endurupptökunefndar, bls. 8_A–E.

³⁹⁰⁵ Málsgrein 98.

³⁹⁰⁶ Málsgrein 107.

³⁹⁰⁷ Málsgrein 331.

þakin á umræddum tíma í janúar 1974 og þá snjóaði enn frekar aðfaranótt 27. janúar 1974. Þrátt fyrir ítarlegar lýsingar dómfellda Kristjáns Viðars ber skýrslan um yfirheyrsluna ekki þess merki að hann hafi verið inntur eftir því hvernig veðrið hafi verið í þessu samhengi. Eins kemur ekkert fram um hvernig dómfellda Kristjáni Viðari hafi verið þetta kleift um miðja nótt í janúar fjarri mannabústöðum og þar með raflýsingu. Loks má geta þess að meðal gagna málsins liggur fyrir uppritun forstöðumanns Síðumúlafangelsisins á handritaðri frásögn dómfelldu Erlu um hvarf Guðmundar. Uppritunin er ódagsett en að líkindum gerð í ágúst 1976. Greindi dómfellda Erla frá því að hafa sest upp í bifreið dómfellda Alberts ásamt endurupptökubeiðanda og dómfelldu Kristjáni Viðari og Tryggva Rúnari, en lík Guðmundar hafi legið á gólfi bifreiðarinnar. Lýsti hún akstri um Hafnarfjörð þar til stöðvað hafi verið við forarpytt. Endurupptökubeiðandi og dómfelldu Kristján Viðar og Tryggvi Rúnar hafi gengið í kringum pyttinn, en hún hafi vaðið drulluna þar til hún hafi komið upp á gras. Síðan hafi þau gengið með líkið í 20–25 mínútur, fyrst á grasi en síðan í hrauni.³⁹⁰⁸ Frásögn þessi samrýmist ekki þeirri staðreynd að aðfaranótt 27. janúar 1974 var jörð alþakin snjó auk þess sem snjóað hafði um nóttina.

2352. Líkt og fram hefur komið voru sýnileg sönnunargögn af mjög skornum skammti í málinu og framgangur rannsóknarinnar því drifinn áfram á framburðum dómfelldu og vitna. Við blasir að framburður um atburðarás eða lýsingu á aðstæðum sem síðar reynist ekki samræmast staðreyndum eða aðstæðum er ótrúverðugur. Við mat á gildi framburða dómfelldu sem sönnunargagns verður því að horfa til þess úr hvaða jarðvegi hann er sprottinn, það er hvort framburðurinn hafi verið gefinn í kjölfar þess að staðfest hafi verið að fyrri framburður um sama atriði hafi ekki reynst samræmast staðreyndum og eða aðstæðum.

VII.5.3 Meðferð dómstóla

2353. Ákæra vegna þess þáttar málsins er laut að hvarfi Guðmundar Einarssonar var gefin út 8. desember 1976 og svo önnur ákæra gefin út vegna hvarfs Geirfinns Einarssonar 16. mars 1977.
2354. Bókað var í þingbók sakadóms 21. mars 1977 að dómarrar málsins hefðu fengið því úthlutað 15. desember og tekið það þá til athugunar áður en fjölskipaður dómur tók það til meðferðar.³⁹⁰⁹ Var við það tækifæri farið yfir aðstæður dómfelldu og bókað að; dómfelldu Erla og Albert væru ekki í gæsluvarðhaldi, endurupptökubeiðandi og dómfelldi Kristján Viðar væru í Hegningarhúsinu og dómfelldu Guðjón og Tryggvi Rúnar væru í Síðumúlafangelsi. Þangað hefði sá síðastnefndi verið fluttur frá Litla-Hrauni þar sem framkvæmd gæsluvarðhaldsins hafi verið nánast eins og um refsifanga væri að ræða. Því hefði dómurinn breytt. Síðan var bókað að þar sem mikið vantaði á að yfirheyrslum í málinu væri lokið og ósamræmi væri í framburðum ákærðu hafi dómurinn ákveðið, með vísan til 16. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála, að þinghöld í málinu yrðu lokuð fyrst um sinn. Sakadómur ákvað þannig að víkja frá meginreglu laga um meðferð opinberra mála að málsmeðferð fyrir dómi skuli vera

³⁹⁰⁸ Málsgrein 567.

³⁹⁰⁹ Málsgrein 1426.

opinber. Til slíks var heimild og lagt í vald dómsins að meta meðal annars á grundvelli sjónarmiða í a-lið 2. mgr. 16. gr. laganna, ef dómurinn teldi þess þörf til að leiða sannleikann í ljós, til dæmis á frumstigi rannsóknar.

2355. Sýnist nokkuð umdeilanlegt að sú forsenda fyrir því að loka þinghöldum málsins, að ósamræmi væri í framburðum ákærðu, hafi verið réttmæt þegar horft er til þess að sakborningar höfðu, er þarna kom sögu, verið í mjög ítarlegum yfirheyrslum, ítrekuðum samprófunum og samvistum í vettvangsferðum í hartnær 15 mánuði, eins og rakið var í kafla VII.5.2.d.2. Sýnist svo víðtæk takmörkun á réttindum dómfelldu til að vera viðstaddir þinghöld og hlýða á framburði vitna og eftir atvikum annarra sakborninga virðist vart eiga við rök að styðjast með hliðsjón af þeim grundvallarréttindum þeirra að kynna sér gögn sakamáls sem höfðað var á hendur þeim.
2356. Svo fór að þinghöld málsins voru haldin fyrir luktum dyrum allt frá upphafi dómsmeðferðar 21. mars 1977 þar til munnlegur málflutningur hófst 3. október 1977. Allar skýrslutökur vitna fóru fram fyrir luktum dyrum og svo virðist sem sakborningum hafi verið meinað að vera viðstaddir ef unnt er að leggja til grundvallar bókun dómfellda Guðjóns í dagbók sína. Dómfelldi vék að þessu álítaefni í umfjöllun um samskipti við verjanda sinn í framhaldi af þinghaldi í sakadómi 14. september 1977. Dómfelldi ritaði um að hafa rætt við verjanda sinn sem hafi tjáð honum að hann fengi skjöl málsins afhent að aflokinni samprófun en fengi ekki að vera viðstaddur vitnaleiðslur. Að sögn maldaði dómfelldi í móinn en skráði að verjandinn hafi glott.³⁹¹⁰ Þá bókaði dómfelldi um að mikið uppþot, eins og hann orðaði það, hafi orðið er verjandi dómfellda Tryggva Rúnars hafi lagt fram kröfu um að dómsformaður viki sæti.³⁹¹¹ Ritaði dómfelldi Guðjón um að hafa fengið afhent málskjöl, en víða vantaði blaðsíður.
2357. Má jafnvel leiða líkum að því að með þessari framkvæmd hafi möguleikar dómfelldu til að haga vörnum sínum með fullnægjandi hætti verið skertir þar sem þeim hafi varla verið ljóst hvað hafi komið fram fyrir dómi af hálfu vitna og annarra sakborninga og því staðið höllum fæti til að taka afstöðu til og verjast slíkri sönnunarfærslu.
2358. Auk þess að dómfelldu voru ekki viðstödd vitnaleiðslur þá virðast verjendur ekki heldur hafa verið viðstaddir nema þær skýrslutökur og samprófanir fyrir dómi sem skjólstæðingar þeirra áttu hlut að. Vararíkissaksóknari var á hinn bóginn viðstaddur allar skýrslutökur að undanskilinni skýrslu sem tekin var af vitni 16. ágúst 1977.³⁹¹² Þegar munnlegur málflutningur hófst 3. október 1977 var meðal annars bókað í þingbók sakadóms af hálfu dómsins af gefnu tilefni að verjendum hefði verið tilkynnt 21. mars 1977 að málsmeðferð héldi áfram næstu daga og vikur og væri þeim frjáls aðgangur að öllum þinghöldunum. Dómarar málsins minntust þess ekki að verjendur hefðu látið í ljós ósk um að vera viðstaddir önnur þinghöld en þau sem skjólstæðingar þeirra væru boðaðir til. Þeim hafi því ávallt verið tilkynnt um slík þinghöld en ekki

³⁹¹⁰ Málsgrein 1686.

³⁹¹¹ Málsgrein 1686.

³⁹¹² Málsgrein 1644.

önnur að jafnaði.³⁹¹³ Bókun þessi var sett fram í tilefni af fyrirspurn verjanda dómfellða Tryggva Rúnars³⁹¹⁴ en verjandi endurupptökubeiðanda hafði einnig gagnrýnt það 11. maí 1977 að vitnið [GunJ] hafi farið úr landi án þess að verjendur hefðu haft sömu aðstöðu og ákærvaldið til að yfirheyra vitnið auk þess sem endurupptökubeiðandi hefði lagt ríka áherslu á að vera samprófaður við vitnið.³⁹¹⁵ Vert er þó að geta þess að endurupptökubeiðandi var leiddur til samprófunar við vitnið samkvæmt bókun í þingbók sakadóms þannig að bréf verjandans sýnist byggt á misskilningi hvað það atriði varðar.³⁹¹⁶

2359. Gagnrýni verjendanna sýnist vera næsta réttmæt og bókun dómsins vart til þess fallin að vege upp þann ágalla á málsmeðferðinni sem hlaust af því að verjendur hafi ekki verið boðaðir til þinghalda. Sýnist þessi aðferð, að ætla verjendum að hafa frumkvæði að því að afla sér upplýsinga um tímasetningu þinghalda og hvað ráðgert væri að taka fyrir í einstökum þinghöldum, enn gagnrýniverðari fyrir þær sakir að sakborningar áttu ekki kost að vera viðstaddir þegar vitni mættu fyrir dóm, eins og áður var rakið. Hafa verður í huga að í hvoru máli um sig voru þrír ákærðu sakaðir um að hafa í sameiningu orðið manni að bana og miklu skipti því fyrir varnir hvers dómfellða hvernig aðrir báru um eigin háttsemi og um háttsemi annarra. Sýnist sakborningum hafa verið skorinn nokkuð þröngur stakkur um raunhæfa kosti til málsvarnar í þessum efnun.
2360. Tilvik það sem varð verjendunum tilefni til gagnrýni sýnist sérstaklega viðurhlutamikið. Um var að ræða mann sem gaf ekki skýrslu fyrir lögreglu en var kynntur til sögunnar sem sjónarvottur að atlögu að Guðmundi Einarssyni við framhaldsrannsókn sem fram fór á vegum sakadóms eftir útgáfu ákæru. Viðkomandi var kvaddur skriflega fyrir dóm til að gefa skýrslu og tilefnið efnislega rakið í bréfi sakadóms. Rakið var að hann muni hafa verið sjónarvottur að átökum að Hamarsbraut 11 er leiddu til þess að Guðmundur beið bana.³⁹¹⁷ Tveir lögreglumenn komu með [GunJ] frá Spáni föstudaginn 29. apríl 1977. Ef marka má það sem dómfelldi Tryggvi Rúnar bókaði í dagbók sína degi fyrr virðist í það minnsta verjanda hans hafa verið ókunnugt um að [GunJ] væri væntanlegur næsta dag.³⁹¹⁸ Þinghald var svo haldið á laugardegi, 30. apríl 1977,³⁹¹⁹ þar sem bókað var um að tveir lögreglumenn hafi farið til Spánar 23. apríl 1977 og [GunJ] fallist á að koma til Íslands og bera vitni. Bókað var í þingbók um þennan aðdraganda og að málið hafi verið reifað fyrir [GunJ] en þar sem reifunin hafi tekið alllangan tíma og viðkomandi eftir sig eftir langt ferðalag degi fyrr hafi verið afráðið að fresta skýrslutöku til mánudags. Þegar dómþing var haldið mánudaginn 2. maí 1977 var sérstaklega bókað að vitninu hafi verið sýnd blaðafrétt frá 30. janúar 1974 um hvarf Guðmundar, sem hann kannaðist við að hafa séð á sínum tíma en ekki tengt við neitt sem hann hafi verið sjónarvottur að. Þá voru honum sýndar ljósmyndir, meðal annars af dómfelldu Kristjáni Viðari, Tryggva Rúnari og endurupptökubeiðanda

³⁹¹³ Málsgrein 1719.

³⁹¹⁴ Málsgrein 1720.

³⁹¹⁵ Málsgrein 1541.

³⁹¹⁶ Málsgrein 1529.

³⁹¹⁷ Málsgrein 1504.

³⁹¹⁸ Málsgrein 1521.

³⁹¹⁹ Málsgrein 1523.

sem hann hafi þekkt, og jafnframt bókað að farið hafi verið með vitnið að Hamarsbraut 11 á laugardeginum og þess getið að húsakynnin hefðu komið honum kunnuglega fyrir sjónir.³⁹²⁰

2361. Þrátt fyrir að vitnið hafi fengið efnislega skilgreint tilefni skýrslutöku fyrirfram í boðunarbréfi, honum gefinn kostur á að skoða aðstæður á Hamarsbraut 11, honum kynnt blaðaumfjöllun um hvarf Guðmundar og lagðar fyrir hann ljósmyndir, meðal annars af áður nefndum dómfelldu, var framburður [GunJ] mjög ómarkviss og minni hans óglögg um málsatvik.³⁹²¹ Svo virðist sem málsatvik hafi ekki rifjast upp fyrir honum fyrir en í ítarlegri sampröfun fyrir dómi sem haldinn var degi síðar, þriðjudaginn 3. maí 1977, með dómfellda Alberti. Dómfelldi Albert mætti fyrir dóm klukkan 10:14 og féllst á að gefa skýrslu og taka þátt í sampröfun án verjanda þar sem ekki náðist í verjanda hans. Að aflokinni skýrslutöku yfir dómfellda Alberti mætti [GunJ] til sampröfunar klukkan 11:00 sem svo stóð til klukkan 15:50.³⁹²² Degi síðar mætti [GunJ] enn til vitnisburðar klukkan 10:00 en eftir hádegishlé var hann samprófaður við dómfellda Kristján Viðar, Tryggva Rúnari og endurupptökubeiðanda og bókað að verjendur dómfellda Tryggva Rúnars og Kristjáns Viðars hafi verið viðstaddir.³⁹²³ Enn mætti [GunJ] fyrir dóm fimmtudaginn 5. maí 1977 en eftir að hann bar enn um málsatvik lýsti vararíkissaksóknari því yfir að [GunJ] yrði ekki saksóttur eins og málið lægi fyrir. Við svo búið vann hann eið að framburði sínum í samræmi við 2. mgr. 100. gr. laga um meðferð opinberra mála. Vitnið fór svo strax af landi brott. Vert er að halda til haga að þann tíma sem [GunJ] var hérlandis var höfð á honum lögregluvakt samkvæmt ákvörðun dómsins og með samþykki hans, eins konar stofufangelsi eftir því sem næst verður komist.³⁹²⁴
2362. Framanrakin forsenda fyrir lokun þinghalda virðist á sama hátt hafa verið notuð til þess að takmarka aðgang dómfellda að verjendum sínum og birtist afstaða dómsins í þessum efnum í bókun í þingbók sakadóms frá 16. september 1977³⁹²⁵ sem gerð var í tilefni af kröfu verjanda dómfellda Tryggva Rúnars um að dómsformaður viki sæti. Tilefni þeirrar kröfu var efni bókunar í fangelsisdagbók frá 3. mars 1977.³⁹²⁶ Í þeirri bókun kemur fram að dómsformaður hafi synjað ósk dómfellda Tryggva Rúnars um að hitta verjanda sinn í það minnsta strax en verjandinn hafði viljað hitta dómfellda Tryggva Rúnar einslega. Í tilvitnaðri bókun í fangelsisdagbókinni var rakið samtal varðstjóra í fangelsinu og dómsformannsins og bókað að dómsformaður væri ekki sáttur við afturköllun dómfellda Tryggva Rúnars á játningu í Guðmundarmálinu. Varðstjórinn bókaði um að það væri ekki nýtilkomið með breyttan framburð þar sem dómfelldi Tryggvi Rúnar hefði orðað það snemma sumars 1976 að draga framburð sinn til baka. Þá var bókað að dómsformaður gerði athugasemd við að dómfelldi Tryggva Rúnar hafi áður fengið að hitta verjanda sinn með leyfi varðstjórans að

³⁹²⁰ Málsgrein 1525.

³⁹²¹ Málsgrein 1525.

³⁹²² Málsgrein 1526.

³⁹²³ Málsgrein 1529.

³⁹²⁴ Málsgreinar 1523 og 1922.

³⁹²⁵ Málsgrein 1688.

³⁹²⁶ Málsgrein 1363.

honum viðstöddum. Dómsformaðurinn hafi við svo búið þvertekið fyrir slíkt vegna þess „hvernig Tryggvi hagaði sér“, eins og það var orðað í bókuninni. Í úrskurði sakadóms uppkveðnum 16. september 1977, þar sem því var hafnað að dómsformaðurinn viki sæti, var fyrst vikið að því að kveðið væri á um í 86. gr. laga um meðferð opinberra mála að verjanda væri heimilt að tala við skjólstæðing sinn einslega, þegar hann er í gæslu, nema dómari telji hættu á að rannsókn torveldist fyrir það. Dómurinn hafi metið að slík hætta hafi verið fyrir hendi 3. mars 1977 enda hafi dómurinn ekki hafið yfirheyrslur fyrir dómi vegna hvarfs Guðmundar Einarssonar og ákærðu höfðu reynst reikulir í framburðum sínum hjá lögreglu um það mál. Tekið var fram að bann við samtölum einslega hafi gilt um alla verjendur á þessum tíma. Í ljósi skýlauss réttar dómsins samkvæmt framangreindu lagaákvæði til að ákveða um slík viðtöl væri ekki hægt að fallast á skoðun verjandans um að skjólstæðingur hans hafi átt ótvíræðan rétt í þessum efnun. Þá var tekið fram að ummælin í fangelsisdagbókinni hefðu ekki verið borin undir dómsformanninn og honum því ekki unnt að staðfesta þau en áréttað að jafnvel þótt ummælin væru rétt eftir höfð fælist ekki í þeim að dómsformaðurinn hefði tekið neina þá afstöðu í málinu sem gerði hann óhæfan til meðferðar þess. Hæstiréttur staðfesti niðurstöðu sakadóms með dómi í máli nr. 158/1977, sem kveðinn var upp 22. september 1977 og birtur á blaðsíðu 885 í dómasafni réttarins það ár. Í niðurstöðu Hæstaréttar var skírskotað til þess að það hafi verið mat dómsformanns sakadóms að fullnægt væri lagaskilyrðum samkvæmt 86. gr. laga um meðferð opinberra mála til að synja mætti verjanda dómfellda Tryggva Rúnars um að ræða við hann einslega að svo stöddu. Taldi Hæstiréttur að engin frambærileg rök fyrirleggjandi, um að framangreind ákvörðun dómsformanns eða aðrar aðgerðir hans í þessum tengslum, bæru vott um að hann muni eigi líta óvillhált á málavöxtu.

2363. Af umfjöllun dómstóla sem birtist í tilvitnuðum úrskurði og dómi Hæstaréttar má ráða að réttur dómfelldu til að hitta verjendur sína einslega hafi markast af huglægu mati sakadóms á stöðu framburðar hvers dómfelldu fyrir sig, hversu mikið samræmi var þar á milli. Sambærilegt viðhorf virðist birtast þegar gaumgæft er á hvern hátt þessum rétti var fyrir komið í tilvikum hvers dómfelldu fyrir sig.
2364. Eftir því sem fram kemur í dagbók fangelsisins við Síðumúla virðist dómfelldi Albert hafa verið fyrstur til að fá heimild til að hitta verjanda sinn einslega. Bókað var í dagbók fangelsisins að aðalfulltrúi yfirsakadómara hafi veitt réttargæslumanni dómfellda Alberts, heimild til að ræða við hann 12. febrúar 1976.³⁹²⁷ Á því tímabili sem dómfellda Erla sat í gæsluvarðhaldi í Síðumúlafangelsi sumarið 1976 hittu hún réttargæslumann sinn einu sinni og þá að rannsóknarlögreglumanni viðstöddum. Dómfellda Guðjóni var veitt heimild til að hitta verjanda sinn, einslega 24. júní 1977³⁹²⁸ og svo veitt almenn heimild 13. júlí 1977, samhliða því að dómsformaður kynnti að engin frekari þinghöld yrðu haldinn fyrr en í byrjun september vegna sumarleyfa.³⁹²⁹ Sú heimild var síðan afturkölluð 13. október 1977 og raunar gengið

³⁹²⁷ Málsgrein 175.

³⁹²⁸ Málsgrein 1592.

³⁹²⁹ Málsgrein 1632.

svo langt að banna öll samskipti þeirra á milli í tilefni af afturköllun [SÓH] á vitnisburði sínum.³⁹³⁰ Það bann var svo felld úr gildi hvað dómfellda Guðjón snerti 16. nóvember 1977.³⁹³¹ Réttargæslumanni dómfellda Kristjáns Viðars, var veitt heimild til að ræða einslega við dómfellda 18. maí 1977³⁹³² en sú heimild síðan afturkölluð 13. október 1977 og öll samskipti bönnuð í tilefni af afturköllun [SÓH] á vitnisburði sínum. Það bann gildi svo þar til framhaldsmálflutningur fyrir sakadómi var afstaðinn 12. desember 1977, með einni undantekningu er þeir fengu að hittast 14. nóvember 1977, en það viðtal fór fram undir eftirliti og verjandanum bannað að ræða sakamálin við dómfellda Kristján Viðar.³⁹³³ Hvað endurupptökubeiðanda snertir er engum bókunum til að dreifa er fela í sér að honum hafi verið veitt heimild til að hitta verjanda sinn einslega, ef undan er skilin fyrrnefnd bókun 13. júlí 1977 þar sem svo virðist sem öllum sakborningum hafi verið veitt slík heimild. Þess er að geta að ekki er bókað sérstaklega um það að öll viðtöl þeirra á milli hafi verið að fangaverði eða lögreglumanni viðstöddum á þessu tímabili. Hins vegar liggur fyrir bókun í dagbók Hegningarhússins 25. apríl 1977 að samhliða því að endurupptökubeiðandi væri sviptur heimild til að lesa dagblöð væru öll samtöl bönnuð við endurupptökubeiðanda önnur en við verjanda hans en fá þyrfti leyfi í hvert sinn og þau færu fram undir eftirliti, en raunar var dagblaðsbannið afturkallað degi síðar. Öll samskipti milli endurupptökubeiðanda og verjandans voru svo bönnuð í tilefni af afturköllun [SÓH] á vitnisburði sínum. Það bann gildi þar til framhaldsmálflutningur fyrir sakadómi var afstaðinn 12. desember 1977. Við það tækifæri vék verjandi endurupptökubeiðanda sérstaklega að því að hann hefði aldrei rætt einslega við endurupptökubeiðanda ef undanskilið væri í hléum við málflutning málsins í október 1977 eftir því sem haft var eftir honum í fjölmiðlum.³⁹³⁴ Að framan var fjallað um takmörkun á heimild dómfellda Tryggva Rúnars til samskipta við verjanda sinn 3. mars 1977. Þess er að geta að þeim dómfellda Tryggva Rúnari og verjanda hans var veitt heimild til samtals einslega 17. mars 1977 og svo almenn heimild til slíkra samskipta 13. apríl sama ár.

2365. Til samanburðar er athyglisvert að bera saman það sem bókað er í dagbók fangelsisins við Síðumúla um afstöðu sakadóms til kröfu rannsóknaraðila um að takmarka rétt [SÓH] til að hafa samskipti við verjanda sinn í einrúmi eftir að hann hafði verið úrskurðaður í gæsluvarðhald vegna gruns um rangan framburð fyrir dómi.³⁹³⁵ Rannsóknarlögreglustjóri tilkynnti fangavörðum 17. október 1977 að [SÓH] mætti alls ekki ræða einslega við verjanda sinn en það hafði fulltrúi yfirsakadómaranna heimilað samhliða úrskurði um gæsluvarðhald. Var bókað eftir rannsóknarlögreglustjóra að beina því til réttargæslumanns [SÓH] að ef hann sætti sig ekki við þá afstöðu yrði hann að kæra það til dómarafulltrúans eða Hæstaréttar. Fulltrúi yfirsakadómaranna hafði spurnir af þessum ráðagerðum og hafði samband og áréttaði fyrir mæli sín sem yrði að virða; að réttargæslumaðurinn og [SÓH] mættu ræðast við einslega. Svo fór að komist

³⁹³⁰ Málsgrein 1743.

³⁹³¹ Málsgreinar 1776 og 1782.

³⁹³² Málsgrein 426.

³⁹³³ Málsgrein 1774.

³⁹³⁴ Málsgrein 1785.

³⁹³⁵ Málsgrein 1747.

var að málamiðlun í þessum ágreiningi embættismannanna þannig að réttargæslumaður [SÓH] féllst á að áheyrnarfulltrúi væri viðstaddur samtöl þeirra en gæti farið fram á að samtal færi fram í einrúmi sem borið yrði undir dómarafulltrúann.³⁹³⁶

2366. Gera verður fyrirvara við nákvæmni þeirra upplýsinga sem bókaðar eru í fangelsisdagbækur Síðumúlafangelsisins og Hegningarhússins í þessum efnum þar sem engar reglur lágu fyrir um hvað skyldi bóka en augljós munur er á því hvaða upplýsingum var haldið til haga í dagbókum hvors fangelsis um sig og hversu ítarlega var bókað. Að sama skapi eru vísbendingar um að verjendur hafi ekki í öllum tilvikum verið tilbúnir til að sinna kalli þegar dómfelldu óskuðu eftir viðtali,³⁹³⁷ auk þess sem vísbendingar eru um að verjendur hafi sótt það misfast að fá að hitta skjólstæðinga sína einslega og raunar bókað eftir dómsformanni í dagbók Síðumúlafangelsis að verjandi endurupptökubeiðanda kjósi það heldur að viðtöl fari fram í áheyrn.³⁹³⁸
2367. Eins og að framan er vikið að var leyst úr því fyrir Hæstarétti að ekki yrði lesin efnisleg afstaða til sakarefna af hálfu dómsformanns í þá ákvörðun sakadóms að takmarka aðgang dómfellda Tryggva Rúnars að því að hitta verjanda sinn einslega í byrjun mars 1977. Dómsformaður hafi því ekki verið vanhæfur til að dæma í málinu. Ljóst er hins vegar að dómfelldu bjuggu við mjög ólíkt hlutskipti í þessum efnum. Dómfelldi Albert fékk að eiga í samskiptum við verjanda sinn einslega strax í febrúar 1976 eftir tuttugu daga í gæsluvarðhaldi en endurupptökubeiðandi virðist ekki hafa notið slíks réttar allt fram yfir framhaldsmálflutning 12. desember 1977, í tvö ár. Þar sem skriflegra heimilda nýtur ekki við verður því ekki slegið föstu hvað varð til þess að hlutskipti dómfelldu varð svo ólíkt en sterkar vísbendingar eru um að það hafi helgast af mati sakadóms á framburðum dómfelldu undir rannsókn málsins og rekstri dómsmálsins. Svo hlutskipti þeirra tveggja sé borið saman virðist dómfelldi Albert hafa notið þess að rannsóknaraðilar hafi litið svo á að hann hafi kappkostað að upplýsa málið en átt við minnisleysi að stríða, en talið endurupptökubeiðanda hins vegar hafa í frammi undanbrögð og tilraunir til að leiða rannsóknina á rangar brautir og freista þess að torvelda það að málið upplýstist.
2368. Með hliðsjón af framansögðu sýnist einboðin sú ályktun að gengið hafi verið langt í að takmarka rétt dómfelldu sem sátu í gæsluvarðhaldi allan málsmeðferðartímam til að njóta ráðgjafar verjenda sinna. Áhorfsmál sýnist hvort sú takmörkun hafi komið niður á möguleikum þeirra til að koma fullnægjandi vörnum við.

VII.5.3.a Bann við samskiptum við verjendur

2369. Algjört samskiptabann virðist hafa verið sett á í tvígang undir dómsmeðferð málsins. Fyrst voru endurupptökubeiðandi og dómfelldi Guðjón settir í algjört samskiptabann við verjendur frá 6. júlí 1977 til 11. júlí sama ár og svo dómfelldu Guðjón, Kristján Viðar sem og endurupptökubeiðandi, 13. október 1977 til 12. desember 1977 en því banni var raunar aflétt gagnvart dómfellda Guðjóni 16. nóvember sama ár. Skriflegar

³⁹³⁶ Málsgrein 1753.

³⁹³⁷ Málsgreinar 1560 og 1782.

³⁹³⁸ Málsgrein 1530.

bókanir í þingbók sakadóms eða úrskurðir eru ekki fyrirbyggjandi en um báðar þessar ákvarðanir var bókað í dagbók fangelsisins við Síðumúla. Ráða má einnig af bókunum er lutu að þessu álitaefni á tilgreindum tímabilum í fangelsisdagbókina og einnig af því sem dómfelldi Guðjón ritaði í dagbók sína að þessum ákvörðunum hafi verið fylgt eftir af hálfu fangavara.

2370. Bannið sem sett var á í júlí náði til allra samskipta við endurupptökubeiðanda og dómfellda Guðjón sem þannig var bæði meinað að hitta verjendur sína sem og aðra, þar með talið fangelsisprest.³⁹³⁹ Bókað var í fangelsisdagbók eftir dómsformanni að tilefnið væri ráðgerð samprófun dómfelldu Guðjóns og endurupptökubeiðanda fyrir dómi. Dómfellda Guðjóni var í það minnsta gert aðvart um samskiptabann þetta og líkaði illa við. Ritaði hann í dagbók sína óskir sínar um að ná sambandi við lögmann sinn eða staðgengil hans sem og fangelsisprestinn án árangurs.³⁹⁴⁰ Samprófun fór svo fram 11. júlí 1977 en varð endasleppt eftir því sem ráða má af bókun í þingbók sakadóms.³⁹⁴¹ Dómfelldi Guðjón fjallaði jafnframt um samprófunina í dagbók sinni og gat þess að nærri ógjörningur hafi verið að hafa samprófun við endurupptökubeiðanda þar sem hann var alveg niðurbrotinn. Fátt markvert hafi komið fram en þegar komið hafi að því hvar líkið væri að finna hafi slegið út í fyrir endurupptökubeiðanda „og allt fór á flot“ eins dómfelldi Guðjón orðaði það.³⁹⁴²
2371. Tilefni þess að öll samskipti voru bönnuð 13. október 1977 voru þau að vararíkissaksóknari kærði [SÓH] 12. október 1977 vegna gruns um að hann hefði unnið eið að röngum framburði fyrir dómi 25. maí 1977, en þá bar hann um ferð til Keflavíkur 19. nóvember 1974 á sendiferðabifreið að beiðni dómfellda Kristjáns Viðars.³⁹⁴³ [SÓH] hafði unnið eið að þeim framburði. Vegna kæru vararíkissaksóknara var [SÓH] úrskurðaður í gæsluvarðhald í 30 daga í þágu rannsóknar á ætluðu broti gegn 142. gr. og 148. gr. almennra hegningarlaga. Bókað var í dagbók fangelsisins við Síðumúla um símtal frá dómsformanni sem kvað á um að verjendur endurupptökubeiðanda og dómfellda Kristjáns Viðars sem og dómfellda Guðjóns mættu ekki undir neinum kringumstæðum tala við skjólstaðinga sína og dómfelldu mættu ekki sjá dagblöð eða fréttu ástæðu þessa banns.
2372. Verjendur dómfelldu og endurupptökubeiðanda virðast hafa látið bann þetta átölulaust og sætt sig við takmarkanir dómsins en dómfelldi Guðjón hins vegar felldi sig illa við bannið og freistaði þess að fá verjanda sinn til að beita sér fyrir afléttingu bannsins í fyrstu en svo sætt sig við það.
2373. Samskiptabanni var aflétt gagnvart dómfellda Guðjóni 16. nóvember 1977³⁹⁴⁴ eins og áður gat en áréttað í tvígang³⁹⁴⁵ að bann gagnvart endurupptökubeiðanda og dómfellda

³⁹³⁹ Málsgrein 1617.

³⁹⁴⁰ Málsgrein 1620.

³⁹⁴¹ Málsgrein 1626.

³⁹⁴² Málsgrein 1627.

³⁹⁴³ Málsgrein 1740.

³⁹⁴⁴ Málsgrein 1776.

³⁹⁴⁵ Málsgreinar 1773 og 1779.

Kristjáni Viðari gildi áfram þar til framhaldsmálflutningur fyrir sakadómi væri afstaðinn 12. desember 1977.

2374. Ekkert skriflegt liggur fyrir um ákvarðanir sakadóms annað en bókanir í dagbók fangelsisins við Síðumúla og umfjöllun dómfellda Guðjóns í dagbók hans. Ekki eru því forsendur til að rengja að bann hafi verið lagt á en þar sem sú ákvörðun virðist ekki hafa verið færð til bókar af hálfu dómsins liggja röksemdir og lagagrundvöllur fyrir ákvörðuninni ekki fyrir. Helst sýnist þó til þess að horfa að dómstóllinn hafi horft til 3. mgr. 70. laga um meðferð opinberra mála þar sem kveðið var á um að dómari ákveddi hvort og að hve miklu leyti gæslufangi megi hafa samband við aðra menn en fangaverði og hvernig eftirliti skuli haga ef slíkt samband er leyft, enda væri þess gætt að leyfa gæslufanga ekki samband við menn ef ætla má það varhugavert vegna rannsóknarinnar. Í ljósi réttarstöðu dómfelldu sem ákærðra sýnist viðurhlutamikið að nýta heimild sem þessa, hafi á annað borð verið á henni byggt, til þess að koma í veg fyrir samskipti dómfelldu, sem sátu í gæsluvarðhaldi, við verjendur sína. Sýnist það vart fá staðist grundvallarréttindi til að halda uppi fullnægjandi vörnum fyrir dómi að fá ekki að njóta ráðgjafar verjanda. Enn síður sýnist það geta staðist þessi grundvallarréttindi að því sé haldið leyndu fyrir sakborningum að eini einstaklingurinn sem hafði réttarstöðu vitnis af þeim sem áttu að hafa verið staddir í Dráttarbrautinni í Keflavík hafi dregið framburð sinn til baka um að hafa verið viðstaddur.

VII.5.3.b Um afskipti sakadóms af aðbúnaði dómfelldu í gæsluvarðhaldi

2375. Rakin var í dómi sakadóms Reykjavíkur í málinu bókun úr þingbók frá 21. mars 1977 um stöðu dómfelldu á þeim degi. Rakið var að endurupptökubeiðandi og dómfelldu Kristján Viðar, Tryggvi Rúnar og Guðjón sætu í gæsluvarðhaldi. Dómfellda Alberti hafi verið var sleppt fyrir útgáfu ákæru og dómfelldu Erlu sleppt úr haldi 22. desember 1976 án vitundar dómara í málinu en þeim var úthlutað málinu 15. desember 1976. Rakið var jafnframt að dómfelldi Tryggvi Rúnar hafi verið í gæsluvarðhaldi í fangelsinu við Síðumúla að undanskildum síðari hluta árs 1976 er hann var á Litla-Hrauni og þess getið að gæsluvarðhald hans þar hafi virst mjög frjálst og framkvæmd þess í aðalatriðum verið svo sem um venjulegan refsifanga væri að ræða. Dómurinn hafi hlutast til um að hann yrði fluttur á ný í fangelsið við Síðumúla 14. janúar 1977. Þess var svo getið að endurupptökubeiðandi hafi verið fluttur úr fangelsinu við Síðumúla í Hegningarhúsið við Skólavörðustíg að dómurum málsins forspurðum 30. janúar 1977 og þess sérstaklega getið að hann hafi verið settur í klefa við hliðina á dómfellda Tryggva Rúnari. Bókað var að engar skýringar hafi fengist á þessu tiltæki, hljóðbært muni vera milli klefa í Hegningarhúsinu. Að tilhlutan dómsins hafi þessu verið breytt. Í bókuninni var ekki rakið hvar dómfelldu Kristján Viðar eða Guðjón væru í gæsluvarðhaldi en þess getið að sá fyrirnefndi hafi tvisvar gert tilraunir til að svipta sig lífi og sérstök vakt hafi verið höfð yfir honum af þeim sökum.
2376. Í þessu sambandi er vert að geta þess að bókun þessi, sem sakadómur tók orðrétt upp í dóm sinn, er efnislega röng. Dómfelldi Tryggvi Rúnar var fluttur í Síðumúlafangelsið, eins og réttilega er greint í bókuninni, og var þar áfram allt fram að uppkvaðningu

dóms þrátt fyrir ítrekaðar óskir um að vera fluttur.³⁹⁴⁶ Endurupptökubeiðandi var fluttur 31. janúar 1977 í Hegningarhúsið að tilhlutan fulltrúa yfirsakadómara.³⁹⁴⁷ Þá mun endurupptökubeiðandi hafa verið settur í klefa við hlið dómfellda Kristjáni Viðari eftir því sem fram kemur í bréfi dómsformanns sem hann ritaði yfirsakadómara 10. febrúar 1977.³⁹⁴⁸

2377. Í nefndu bréfi var ýmsum athugasemdum jafnframt komið á framfæri er lutu að tilhögun gæsluvarðhalds dómfelldu. Knúði dómsformaðurinn á um skýr svör um það hvort fela ætti dómurum málsins forræði fanganna meðan á rannsókn málsins stæði, þar sem ætlunin hefði verið að hafa þá í einangrun á meðan og leyfa ekki samtöl við þá nema leyfi komi sérstaklega hverju sinni. Bókað var í dagbók Hegningarhússins 16. febrúar 1977 að bréf hafi borist þess efnis að öll viðtöl væru bönnuð við endurupptökubeiðanda og dómfellda Kristján Viðar nema með sérstöku leyfi og það bann gildi einnig um fulltrúa yfirsakadómara og þá rannsóknarlögreglumenn sem áður hafi farið með mál fanganna.³⁹⁴⁹ Gekk það eftir, eftir því sem bókað var í dagbók fangelsisins við Síðumúla 24. febrúar 1977,³⁹⁵⁰ en jafnframt sýnist framkvæmd gæsluvarðhaldsins hafa verið mun strangari almennt og þrengt að réttindum dómfelldu frá því sem verið hafði. Til að mynda mátti dómfelldi Guðjón sæta því að öll bréf til og frá honum myndu sæta ritskoðun dómsformanns og heimsóknir til hans væru háðar sérstökum leyfum, þar með taldar fangelsisprests, eftir því sem dómfelldi Guðjón ritaði í dagbók sína.³⁹⁵¹ Ritskoðun þessi virðist hafa verið nokkuð ítarleg miðað við skilaboð sem dómfellda Guðjóni voru borin um að honum væri óheimilt að víkja að þeim málum sem hann væri viðriðinn og einnig óheimilt að gagnrýna störf og einstaka starfsmenn dómstólsins, að því viðlögðu að honum yrðu ekki heimilaðar bréfaskriftir.
2378. Þá virðist mega álykta að nokkurt sambengi hafi verið milli framkvæmdar gæsluvarðhaldsvistar og mati sakadóms á framgangi dómfelldu við skýrslugjöf fyrir dómi.
2379. Eins og áður var getið var endurupptökubeiðandi fluttur í Hegningarhúsið eftir 416 daga dvöl í Síðumúlafangelsinu 31. janúar 1977. Þaðan var hann aftur fluttur í Síðumúlafangelsið 5. maí 1977. Þriðjudaginn 29. mars 1977 hafði endurupptökubeiðandi undið sínu kvæði í kross og neitað því alfarið að hafa verið viðriðinn dauða Guðmundar Einarssonar. Bar hann um að hafa verið knúinn til játninga með harðræði af lögreglumönnum og fangavörðum og sætt hótunum af hálfu dómfelldu Kristjáns Viðars og Tryggva Rúnars auk þess að hafa sætt átta daga samprófun með dómfelldu Erlu þar sem henni hafi verið ætlað að koma vitinu fyrir hann, eins og það var bókað í þingbók sakadóms.³⁹⁵² Þessar ásakanir voru rannsakaðar með því að þeir lögreglumenn og fangaverðir sem endurupptökubeiðandi nefndi voru kallaðir fyrir dóm.³⁹⁵³ Allir báru þeir af sér sakir og könnuðust fæstir við

³⁹⁴⁶ Málsgreinar 1333, 1461 og 1568.

³⁹⁴⁷ Málsgrein 1259.

³⁹⁴⁸ Málsgrein 1300.

³⁹⁴⁹ Málsgreinar 1316–1317.

³⁹⁵⁰ Málsgreinar 1343 og 1346.

³⁹⁵¹ Málsgreinar 1355 og 1430.

³⁹⁵² Málsgrein 1450.

³⁹⁵³ Málsgreinar 1462 og 1492.

umkvörtunaratriði endurupptökubeiðanda, með undantekningum þó.³⁹⁵⁴ Fimmtudaginn 5. maí 1977 var endurupptökubeiðandi fluttur aftur í Síðumúlafangelsið en hann hafði þá tekið þátt í samprófun með [GunJ] 4. maí sem skilaði ekki samræmi milli framburða þeirra.³⁹⁵⁵ Endurupptökubeiðandi var þannig fluttur aftur í umsjá þeirra manna sem hann hafði skömmu áður borið þungum sökum fyrir dómi. Jafnframt því sem rannsóknarlögreglumönnum sem endurupptökubeiðandi hafði borið sökum var heimilað að ræða við hann og honum talið hughvarf þegar hann neitaði að tala við þá.³⁹⁵⁶ Þar var endurupptökubeiðandi svo vistaður allt fram yfir uppkvaðningu dóms sakadóms. Vísbendingar liggja fyrir um að sú dvöl hafi verið endurupptökubeiðanda þungbær, án þess þó að það hafi leitt til breytinga. Samtímaheimild liggur fyrir um þau hughrif sem fréttir af þessum flutningi sköpuðu hjá dómfellda Guðjóni þar sem hann ritaði í dagbók sína um flutninginn á endurupptökubeiðanda 17. maí 1977 og skilgreindi flutninginn sem hefndarráðstöfun dómsformanns þar sem endurupptökubeiðandi hefði dregið framburð sinn til baka og þótti athæfi dómsins heldur vafasamt.³⁹⁵⁷

2380. Á sama veg fór í tilfelli dómfellda Kristjáns Viðars sem verið hafði verið fluttur á Litla-Hraun 17. maí 1977³⁹⁵⁸ eftir að hafa verið vistaður á stöðugri sjálfsvígsvakt frá 6. janúar 1977 í kjölfar þess að hafa í tvígang freistað þess að fyrirfara sér, á aðfangadegi jóla 1976 og 5. janúar 1977.³⁹⁵⁹ Á Litla-Hrauni var hann vistaður allt fram til 5. júlí 1977. Dómfelldi Kristján Viðar hafði komið fyrir dóm 6. júlí 1977 til samprófunar með dómfelldu Erlu en við það tækifæri dregið framburð sinn um aðild að hvarfi Geirfinns Einarssonar til baka. Hann hafði áður, 13. maí 1977, er hann neitaði sök vegna ákæru fyrir rangar sakargiftir, borið um harðræði sem hann hefði mátt sæta af hendi lögreglumanna og fangavarda. Lögreglumenn og fangaverðir sem nefndir hefðu verið komu fyrir dóm sama dag og báru gegn ásökunum dómfellda Kristjáns Viðars. Hinn 12. júlí 1977 var bókað í dagbók fangelsisins við Síðumúla að dómsformaður hafi haft samband og æskt þess að dómfelldi Kristján Viðar yrði vistaður þar. Var fallist á það en þess má geta að degi síðar tilkynnti dómsformaður að dómendur væru farnir í frí þannig að vandséð er að sjá hvaða málefnalega forsenda hafi legið að baki því að flytja dómfellda í yrtustu einangrun að nýju.
2381. Draga má þá ályktun af framkvæmd sakadóms á gæsluvarðhaldi dómfelldu að þar hafi öðrum þræði birst viðhorf eldri réttar sem gerð var grein fyrir í sératkvæði í sakadómi í dómi Hæstaréttar 11. mars 1971 í málinu nr. 90/1970 þar sem reifað var að tíðkað hafi verið að grunaðir menn væru fangelsaðir upp á vatn og brauð. Gæsluvarðhald og aðbúnaður í því hafði verið til þess hugsað að dómfelldu skýrðu frá aðild sinni að ákæruatriðum. Ef horft er til þess hvernig við virðist vera brugðist þegar endurupptökubeiðandi og dómfelldu Kristján Viðar og Tryggvi Rúnar drógu játningar í Guðmundarmálinu til baka virðast dómarrar sakadóms hafa litið á þær breytingar sem

³⁹⁵⁴ Málsgrein 1492.

³⁹⁵⁵ Málsgrein 1529.

³⁹⁵⁶ Málsgrein 1650.

³⁹⁵⁷ Málsgrein 1552.

³⁹⁵⁸ Málsgrein 1551.

³⁹⁵⁹ Málsgrein 1072.

afleiðingar lausataka á einangrun dómfelldu. Virðist mega draga þá ályktun að horft hafi verið til þess að einangrun dómfelldu í gæsluvarðhaldi, sérstaklega að loknum skýrslutökum fyrir dómi, hafi þjónað þeim tilgangi að ljúka mætti dómi á málið á þeim grunni sem lagður hefði verið að með útgáfu ákæru frekar en að rannsóknarhagsmunir krefðust.

VII.6 Um staflíði a–d 1. mgr. 211. gr. laga um meðferð sakamála

VII.6.1 Greining á nýjum gögnum

2382. Komi fram ný gögn sem ætla má að hefðu verulega miklu skipt fyrir niðurstöðu málsins ef þau hefðu komið fram áður en dómur gekk getur endurupptökunefnd orðið við beiðni manns um að málið verði endurupptekið. Eins og rakið er hér að framan í kafla VII.3.1 verður byggt á ákvörðunum Hæstaréttar um fyrri endurupptökubeiðnir vegna hæstaréttarmálsins nr. 214/1978, um hvaða gögn voru þar talin ný og jafnframt metið hvort einhver ný gögn í skilningi ákvæðisins hafi bæst við síðar. Ný gögn í máli þessu eru þannig þau gögn sem ekki lágu fyrir Hæstarétti þegar dómur var kveðinn upp. Eins og áður sagði byggir síðan mat á því hvort veita eigi heimild til endurupptöku á grundvelli a-liðar á heildarmati á sönnunargildi allra sönnunargagna málsins. Sams konar heildarmati þarf að beita á sönnunargildi hinna nýju gagna í samhengi við önnur sönnunargögn sem lágu fyrir í málinu þegar dómur var kveðinn upp. Þannig verður meta hvort ætla megi að niðurstaða málsins hefði orðið önnur ef öll þessi gögn hefðu legið fyrir þegar dómur var kveðinn upp.
2383. Unnið hefur verið úr miklu magni gagna sem málsaðilar, einkum settur ríkissaksóknari, hafa lagt fram, bæði samtímagögnum og gögnum sem síðar hafa orðið til. Í samræmi við ólíkan uppruna gagnanna er eðli þeirra tvíþætt. Annars vegar að dómstólar hefðu haft möguleika á að taka afstöðu til þýðingar þeirra gagna sem þá voru til, en voru ekki lögð fram af einhverjum sökum, annaðhvort að ókunnugt var um tilvist þeirra eða hins vegar að þýðing þeirra fyrir úrlausn málsins var ekki þekkt. Hvað síðar tilkomin gögn snertir verður að gera skýran greinarmun á eðli gagnanna. Meta þarf að hve miklu leyti þau byggjast á nýrri þekkingu, til dæmis vísindapekkingu eða viðhorfi sem byggir eftir atvikum á túlkunum dómstóla, eða hvort þau fela í sér upplýsingar byggðar á minningum einstaklinga sem eru að rifja upp löngu liðna atburði. Þýðing framlagðra gagna ræðst mjög af þessum uppruna og þessu eðli.
2384. Í þessum kafla er fjallað um þau gögn sem voru ekki meðal málgagna þegar dómur Hæstaréttar í máli nr. 214/1978 var kveðinn upp 22. febrúar 1980 sem helst koma til álita að fullnægi þeim skilyrðum sem fram koma í a-lið 1. mgr. 211. gr. laga um meðferð sakamála.
2385. Meðal þeirra samtímagagna sem varpa hvað gleggstu ljósi á málsatvik er dagbók fangelsisins við Síðumúla. Sú dagbók var færð sem viðburðaskráning fangelsisins í nokkuð víðum skilningi þess orðs þar sem ekki var við það látið sitja að bóka hverjir væru á vakt og hversu margir fangar voru í gæslu, líkt og gert var í dagbækur vinnuhælisins að Litla-Hrauni og Hegningarhússins við Skólavörðustíg, heldur var bókað um komur allra í fangelsið að því er virðist og erindi þeirra í langflestum

tilvikum. Gilti það bæði um opinbera starfsmenn, svo sem fangaverði, lögreglumenn, vararíkissaksóknara, dómarafulltrúa og dómara, fangelsisprest og lækna og svo líka aðstandendur fanga sem komu með viðurgjörning, klæði eða annað það sem heimilað var að fangar veittu viðtöku. Vert er að árétta að ekki virðast hafa verið í gildi neinar útfærðar reglur um það hvað skrá skyldi í dagbókina en æðsti fangavörður á vakt virðist hafa haft það hlutverk að annast skráningu. Hversu ítarleg skráningin var réðist síðan mjög af frásagnargleði viðkomandi einstaklings. Loks verður að gera fyrirvara við þessa skráningu þar sem sterkar vísbendingar eru um að öllu hafi ekki verið haldið til haga. Má sem dæmi nefna að verjandi dómfellda Kristjáns Viðars nefndi í viðtali við starfshóp innanríkisráðherra að verjendur hafi haft þann hátt að koma skilaboðum til skjólstæðinga í einangrun með því að hringja og inna eftir líðan og biðja fangaverði sem þeir báru traust til að bera skilaboð til viðkomandi gæslufanga. Fátt er um bókun slíkra símtala eðli máls samkvæmt.

2386. Þar sem um viðburðaskráningu er að ræða má fá nokkuð góða heildaryfirsýn yfir ferðir dómfelldu til og frá fangelsinu og samskipti þeirra við lögreglumenn, fulltrúa yfirsakadómara, dómara og vararíkissaksóknara auk annarra embættismanna á þeim tíma sem málin voru til rannsóknar og dómsmeðferðar frá 12. desember 1975 til ársloka 1977 en þá voru dómfelldu Guðjón, Kristján Viðar, Tryggvi Rúnar og endurupptökubeiðandi fluttir í önnur fangelsi. Í Hegningarhúsinu var ekki byrjað að halda slíka skráningu fyrr en í janúar 1977. Af hálfu starfshóps innanríkisráðherra voru dregnar saman upplýsingar um eðli þessara samskipta og meginupplýsingar um umfang þeirra um hvern og einn.³⁹⁶⁰ Upplýsingar þessar eru ekki settar fram með samræmdum hætti til fullnaðar auk þess sem setja verður nokkurn fyrirvara við nákvæmni framsetningarinnar. Óháð ýrtruðu talningu blasir við af samantekt starfshópsins að hin sex dómfelldu máttu samtals sæta yfirheyrslum í einu eða öðru formi í rúma 40 sólarhringa talið frá 20. desember 1975 til 7. október 1977 en starfshópurinn kaus að láta þar við sitja, en munnlegum málflutningi fyrir sakadómi lauk 12. desember 1977. Heildarfjöldi talinna yfirheyrslna, bókaðra og óbókaðra, viðtala við dómfelldu á klefa, samprófana og vettvangsferða var 641 á þessu tímabili og stóðu í 976 klukkustundir, það er að segja nefnda 40 sólarhringa, þar af var endurupptökubeiðandi 180 sinnum tekinn fyrir á þennan máta og dómfelldi Kristján Viðar 160 sinnum. Þeir tveir voru samtals í 555 klukkustundir í samskiptum sem þessum sé talning starfshópsins lögð til grundvallar eða ríflega helming þess tíma sem nýttur var á þennan máta.
2387. Auk framangreindrar tölfræði, sem lesin er úr dagbók fangelsisins við Síðumúla, er einna merkilegast og mest upplýsandi að í bókina var oft bókað um samskipti fangavarða og rannsóknaraðila við dómfelldu. Ítarlegar færslur í dagbækurnar varpa ljósi á tiltekna atburði og rannsóknaraðgerðir sem ekki nýtur annarra gagna við um. Einkum virðist forstöðumaður fangelsisins hafa hagnýtt dagbókina í þessum tilgangi og oft bókað ítarlega um hans eigin samskipti við dómfelldu og aðra fanga þegar

³⁹⁶⁰ Skýrsla starfshóps um Guðmundar- og Geirfinnsmál til innanríkisráðherra, bls. 355, 374, 398, 410, 424 og 437.

sérstök úrlausnarefni voru fyrirbyggjandi.³⁹⁶¹ Að sama skapi hagnýttu stjórnendur vakta dagbókina til að koma eigin fyrirmælum, lögreglu, dómara sem og annarra er lutu að einstökum föngum á framfæri við fangaverði,³⁹⁶² til dæmis varðandi aðbúnað endurupptökubeiðanda í gæsluvarðhaldinu og markmið með skerðingum á réttindum hans³⁹⁶³ sem fjallað var um hér að framan³⁹⁶⁴ en eins má nefna tilhögun gæsluvarðhalds dómfelldu Erlu í maí 1976.³⁹⁶⁵

2388. Þegar málið var til úrlausnar fyrir dómstólum lágu fyrir samantektir forstöðumanns fangelsisins við Síðumúla úr fangelsisdagbókunum er lutu að dómfelldu Kristjáni Viðari og Tryggva Rúnari. Sams konar samantekt var útbúin vegna endurupptökubeiðanda en þess sést ekki staður í þingbók sakadóms að samantektin hafi verið lögð fram. Ekkert eintak er heldur til meðal málgagna í endurupptökumáli þessu sem ber þingmerkingu. Hvergi er að skjalinu vikið í dómum sakadóms og Hæstaréttar. Einnig var óskað eftir samantekt sem þessari vegna dómfellda Guðjóns vegna hluta tímabils þess sem hann sætti gæsluvarðhaldi en slík samantekt liggur heldur ekki fyrir. Við meðferð fyrstu endurupptökubeiðni endurupptökubeiðanda var ítarlegri samantekt lögð fram af hálfu endurupptökubeiðanda þar sem nokkrum færslum hafði verið sleppt í upphaflegri samantekt en gengið var út frá því í meðferð þeirrar endurupptökubeiðni að samantektin hefði verið lögð fram af verjanda endurupptökubeiðanda í upphafi málflyttings fyrir sakadómi 3. október 1977. Samantekt var lögð fram við það tækifæri vegna dómfellda Kristjáns Viðars en ekki vegna endurupptökubeiðanda. Í upphaflegri samantekt virðist þeim færslum hafa verið sleppt þar sem fram kom neikvæð huglæg afstaða til endurupptökubeiðanda. Við úrlausn þeirra endurupptökumála sem nú eru til meðferðar fyrir endurupptökunefnd hefur færslum er varðar öll dómfelldu verið gerð ítarleg skil í kafla II um málsatvik. Sú könnun nefndarinnar leiddi enn frekari dagbókarfærslur í ljós auk þess sem könnunin varpaði mun skýrara ljósi á samhengi þeirrar meðferðar sem hver dómfelldu um sig sætti, þar með talið óskráðra rannsóknaraðgerða, og framburða dómfelldu samkvæmt lögregluskýrslum og fyrir dómi. Sú greining leiddi meðal annars í ljós að endurupptökubeiðandi var beittur skipulögðu harðræði frá 25. apríl 1976 allt fram í september sama ár.
2389. Dagbækurnar, sem nú liggja fyrir í frumriti í heild sinni, veita mun gleggri innsýn í starfsemi Síðumúlafangelsisins og aðstæður fanga á þeim tíma sem dómfelldu voru þar en þeir útdrættir sem legið hafa fyrir sakadómi og Hæstarétti. Dagbækur Síðumúlafangelsisins voru ekki færðar í samræmi við fastmótaðar vinnureglur eins og áður gat og færslurnar því nokkuð brotakenndar, auk þess sem þær eru oft nokkuð knappar. Um er að ræða samtímagögn, rituð af starfsmönnum fangelsisins, og engin ástæða til að ætla annað en að þar hafi í meginatriðum verið rétt frá greint. Með þeim er oft unnt að setja atburði í innbyrðis samhengi þannig að þessar dagbókarfærslur geta verið öðrum gögnum til fyllingar og ásamt þeim varpað skýrara ljósi á málsatvik.

³⁹⁶¹ Málgrein 1395.

³⁹⁶² Málgrein 1773.

³⁹⁶³ Málgrein 369.

³⁹⁶⁴ Kafli VII.5.2.d.3.

³⁹⁶⁵ Málgrein 397.

2390. Meðal þeirra gagna sem hafa verið afhent endurupptökunefnd eru rannsóknargögn lögreglu vegna ótengdra sakarefna gegn öðrum aðilum sem tengdust þó dómfelldu eða vörpuðu ljósi á aðstæður þeirra í gæsluvarðhaldinu. Þeirra á meðal eru ný gögn sem lúta beint að hvarfi Guðmundar Einarssonar sem veita vísbendingu um á hvern hátt böndin bárust að dómfelldu um að tengjast hvarfi hans.
2391. Fram kemur í gögnum sem lágu til grundvallar dómum í málinu að nafngreindur einstaklingur hafi komið ábendingu á framfæri við lögregluþyrirvöld þess efnis að dómfelldu Erla og endurupptökubeiðandi hafi átt hlut að svonefndum póstsvikum en dómfelldi Kristján Viðar mun hafa greint honum frá aðild þeirra að nefndum svikum.³⁹⁶⁶ Þessi maður strauk 11. nóvember 1975 ásamt dómfellda Kristjáni Viðari af Litla-Hrauni þar sem þeir voru í afplánun. Í kjölfar stroksins og frásagnar af aðild þeirra dómfelldu Erlu og endurupptökubeiðanda að svikum var afplánun mannsins af eins árs refsidómi frestað að fyrirmælum fulltrúa yfirsakadómara 11. desember 1975. Endurupptökubeiðandi var handtekinn og hnepptur í gæsluvarðhald 12. desember 1975 og dómfellda Erla degi síðar, 13. desember.
2392. Dómfellda Erla var til yfirheyrslu 18. desember 1975 klukkan 13:00 og játaði þá í fyrsta sinn aðild að póstsvikamálinu og greindi lögreglu í meginatriðum frá aðferðinni sem nýtt hafði verið við fjársvikin. Samkvæmt skriflegri skýrslu var yfirheyrslunni lokið klukkan 19:30. Bókað var hins vegar í dagbók fangelsisins við Síðumúla klukkan 20:00 að yfirheyrsla yfir dómfelldu stæði enn yfir og hafi gert hvíldarlítið síðan um morguninn. Jafnframt var bókað að fulltrúi yfirsakadómara hafi tekið við yfirheyrslunni klukkan 22:05 í smá stund og henni lokið klukkan 22:30. Engin skýrsla liggur fyrir um þessa yfirheyrslu sem fram fór eftir að bókaðri skýrslu lauk. Þennan sama dag var bókað í dagbók fangelsisins að klukkan 15:00 hafi áður nefndur maður verið fluttur í Síðumúlafangelsið vegna aðildar að innbroti í fiskiskip sem hann framdi degi fyrr í félagi við tvo aðra menn.³⁹⁶⁷ Að morgni 19. desember 1975 klukkan 09:35 var bókað í fangelsisdagbókina að fulltrúi yfirsakadómara hafi hringt vegna manns þessa. Hálf tíma síðar var bókað um komu fulltrúans ásamt rannsóknarlögreglumanni til að tala við Erlu. Sami rannsóknarlögreglumaður hafi tekið dómfelldu Erlu til yfirheyrslu klukkan 12:45 en forstöðumaður fangelsisins fékk staðfest klukkan 13:20 hjá bróður mannsins að þeir ættu pantað flugfar austur á firði síðar þann dag. Bókaði forstöðumaðurinn um að hafa látið fulltrúann vita. Skömmu síðar eða klukkan 13:45 komu rannsóknarlögreglumenn og sóttu manninn og þess getið að hann kæmi sennilega ekki aftur. Fyrir liggur skýrsla rannsóknarlögreglunnar í Reykjavík dagsett þennan dag þar sem bókað er að maðurinn hafi verið tekinn til yfirheyrslu klukkan 14:10 og játað að hafa staðið að þjófnaði á varningi, áfengi og tóbaki, úr fiskiskipinu. Bókuð var neðanmáls í lögregluskýrsluna athugasemd rannsóknarlögreglumanns þess efnis að maðurinn hafi að boði fulltrúa yfirsakadómara verið fluttur út á Reykjavíkurlflugvöll. Tekið var fram að fulltrúinn hefði ekki gefið rannsóknarlögreglumanninum neina skýringu á þeirri ákvörðun. Bókuð var jafnframt sérstök samantektarskýrsla um gang rannsóknar þessa innbrotsmáls og þess getið að margnefndur maður hafi átt að

³⁹⁶⁶ Málsgrein 1491.

³⁹⁶⁷ Málsgrein 54.

fara í afplánun á eftirstöðvum refsingar en þess í stað verið látinn laus að boði fulltrúa yfirsakadómara. Lauk rannsókn málsins þar með. Maðurinn var svo dæmdur í eins mánaðar fangelsi fyrir innbrotið 3. nóvember 1976.

2393. Í dagbók fangelsisins við Síðumúla var frekar bókað um skýrslutökur yfir dómfelldu Erlu 19. desember 1975. Þannig var bókað klukkan 14:30 að fulltrúi yfirsakadómara og rannsóknarlögreglumaður hafi farið með dómfelldu í sakadóm og að komið hafi verið með hana aftur klukkan 18:55. Rannsóknargögn liggja ekki fyrir um þessa yfirheyrslu. Um kvöldið var dómfellda enn tekin til yfirheyrslu klukkan 19:45 og þá bókuð skrifleg skýrsla þar sem hún játaði síðara tilvik póstsvika.³⁹⁶⁸
2394. Laugardaginn 20. desember 1975 var dómfellda Erla enn tekin til skýrslutöku hjá lögreglu, en þá með réttarstöðu vitnis.³⁹⁶⁹ Bókað er að skýrslutakan hafi staðið frá klukkan 09:30 til 16:35 með hádegishléi milli klukkan 12:00 og 13:15. Tílefnið var að rannsóknarlögreglunni hafði borist til eyrna að sambýlismaður dómfelldu gæti hugsanlega verið viðriðinn hvarf Guðmundar Einarssonar aðfaranótt 27. janúar 1974. Um er að ræða fyrstu formlegu lögregluskýrsluna sem gerð var vegna gruns um aðild allra dómfelldu að hvarfi Guðmundar sem hratt rannsókn málsins úr vör.
2395. Aðstoðarlögreglustjóri lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu sendi ríkissaksóknara orðsendingu 9. október 2014 og kom á framfæri upplýsingum frá vitni sem hafði gefið sig fram við lögregluna.³⁹⁷⁰ Í framburði vitnisins kom fram að hún hefði verið sambýliskona manns þess sem kom ábendingu á framfæri um fjárvik dómfelldu Erlu og endurupptökubeiðanda gagnvart Pósti og síma. Hún hefði verið farþegi í bifreið undir stjórn þáverandi sambýlismanns síns ásamt þriðja manni þegar ekið hafi verið á Guðmund Einarsson í Engidal á Hafnarfjarðarvegi aðfaranótt 27. janúar 1974. Guðmundur hafi verið tekinn upp í bifreiðina en svo dregið af honum og hann verið orðinn þögull þegar vitnið fór úr bifreiðinni á dvalarstað þess í Vogahverfi Reykjavíkurborgar.
2396. Að tilhlutan setts ríkissaksóknara var þessi ábending tekin til rannsóknar hjá lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu og naut vitnið nafnleyndar við þá rannsókn.³⁹⁷¹ Í samskiptum hennar við lögreglu rakti hún framangreinda atburðarás en bar jafnframt um það að hafa verið viðstödd þegar maðurinn hafi samið við lögregluna og fulltrúa yfirsakadómara um að veita upplýsingar um að dómfelldi Kristján Viðar og endurupptökubeiðandi tengdust hvarfi Guðmundar gegn því að vera leystur úr afplánun.³⁹⁷² Við yfirheyrslur hjá lögreglu hafi maðurinn neitað eindregið allri aðild að hvarfi Guðmundar auk þess sem annar maður, sem vitnið hafði getið um að hafi verið í bifreiðinni, hafi einnig neitað allri vitneskju um málsatvik. Aðspurður um samskipti við rannsóknarlögreglumennina og hugsanlega samninga við þá á sínum tíma hafi hann borið um að hafa sífellt verið að ljúga í þá sögum. Þá hafi mætt hjá lögreglu til yfirheyrslu annar rannsóknarlögreglumanna sem hafi annast rannsókn á póstsvika-

³⁹⁶⁸ Málsgrein 55.

³⁹⁶⁹ Málsgrein 56.

³⁹⁷⁰ Málsgrein 1972.

³⁹⁷¹ Málsgrein 1972.

³⁹⁷² Málgögn endurupptökunefndar, bls. 4625–4628.

málinu og Guðmundarmálinu í öndverðu og fyrrum fulltrúi yfirsakadómara. Þeir hafi verið inntir eftir því hvaða einstaklingur hafi komið þeim upplýsingum til lögreglu að endurupptökubeiðandi hafi verið viðriðinn hvarf Guðmundar Einarssonar. Þeir sögðust ekki muna eftir því og hvorugur kannast við að þessi maður hafi komið ábendingu á framfæri við þá eða munað til þess að samið hafi verið við manninn um tilhliðranir varðandi afplánun hans. Rannsókn lögreglunnar lauk 18. ágúst 2016 og var rannsóknargögnum komið á framfæri við endurupptökunefnd en málið felld niður í kjölfar þess hjá lögreglu.

2397. Í gegnum áratugina hefur nafn þessa manns ítrekað borið á góma í tengslum við Guðmundarmálið. Í tengslum við rannsókn á ætluðu harðræði árið 1979 ritaði endurupptökubeiðandi bréf til setts rannsóknarlögreglustjóra og greindi frá því að honum hafi borist til eyrna að maður þessi hafi verið í yfirheyrslum í lok nóvembermánaðar 1975 vegna hvarfs Guðmundar.³⁹⁷³ Ritaði endurupptökubeiðandi að maðurinn hefði játað fyrir lögreglu og tjáð sig hafa verið með Guðmundi að kvöldi 26. janúar 1974 í Alþýðuhúsinu. Sömu rannsóknarlögreglumenn og önnuðust rannsókn Guðmundarmálsins í öndverðu hafi verið með manninn í yfirheyrslum. Honum hafi svo orðið tíðrætt um þessar yfirheyrslur við samfanga sína í Hegningarhúsinu. Endurupptökubeiðandi ritaði að af einhverjum ástæðum hafi ekki neitt komið fram hjá rannsóknarlögreglumönnum um þessi atriði, heldur hafi þeir borið því við að rannsókn hafi hafist á Guðmundarmálinu 20. desember 1975. Endurupptökubeiðandi ritaði um þá vitneskju sína að maðurinn hafi upplýst lögreglu um aðild hans og dómfelldu Erlu að póstsvikamálinu og af einhverjum ástæðum hafi hann getað keypt sig út og logið að endurupptökubeiðandi væri viðriðinn hvarf Guðmundar. Út frá þessu ályktaði endurupptökubeiðandi að sterkar líkur væru til þess að maðurinn kynni að vera valdur að dauða Guðmundar. Taldi hann brýna nauðsyn standa til þess að farið yrði gaumgæfilega ofan í saumana og álitafni þetta rannsakað að fullu. Bókað var við lok harðræðisrannsóknarinnar að með vísan til afmörkunar ríkissaksóknara á viðfangsefnum harðræðisrannsóknarinnar falli utan rannsóknarinnar umfjöllunarefni bréfs endurupptökubeiðanda um hugsanlega aðkomu mannsins að hvarfi Guðmundar og samskipti rannsóknarlögreglumanna við hann.³⁹⁷⁴
2398. Í viðtölum sem fram fóru á vegum starfshóps innanríkisráðherra komu keimlíkar upplýsingar fram af hálfu fréttamanns sem starfaði á Ríkisútvarpinu og svo hálfu þáttagerðarmanna sem stóðu að gerð myndarinnar „Aðför að lögum“ sem sýnd var árið 1996. Fréttamaðurinn bar um að hafa hitt manninn til viðtals en hann verið ölvaður og því ekki viðtalstækur, en við það tækifæri hafi hann staðhæft ítrekað að rangir aðilar hafi verið dæmdir vegna hvarfs Guðmundar en ekki viljað taka frekar af skarið um málsatvik sem þó hafi verið væntingar um. Við gerð nefndrar myndar mun síðan einn þáttagerðarmanna hafa freistað þess að spyrja fyrrum sambýliskonu mannsins út í þessi málsatvik en mun hafa orðið frá að hverfa þar sem hún hafði hringt í manninn og hann hafi komið og stuggað kvikmyndagerðarmanninum burtu. Aðilar

³⁹⁷³ Málsgrein 1909.

³⁹⁷⁴ Málsgrein 1911.

þessir voru yfirheyrðir við áðurgreinda rannsókn lögreglu sem settur ríkissaksóknari mælti fyrir um.³⁹⁷⁵

2399. Loks er þess að geta að haft er eftir dómfellda Tryggva Rúnari í heimildasögunni „Áminntur um sannsögli“ sem kom út árið 1991 að einstaklingur þessi hafi síðar beðið hann velvirðingar á að hafa flækt hann í Guðmundarmálið er þeir hittust í samkvæmi, en hann hafi ekki ætlað að gera það, einungis dómfellda Kristjáni Viðari.³⁹⁷⁶ Þess skal getið að fram kom í framburði ábendingaraðilans að hún kynntist dómfellda Kristjáni Viðari er hann strauk úr fangelsi ásamt nefndum sambýlismanni hennar. Fyrir liggur í gögnum málsins að þau dómfelldi Kristján Viðar óskuðu heimildar til að ganga í hjúskap 31. mars 1978.³⁹⁷⁷ Þrátt fyrir nafnleynd við rannsókn lögreglu var sambýlismaðurinn, sem rannsóknin beindist að, aldrei í vafa hver hefði komið ábendingunni á framfæri við lögreglu.
2400. Framanrakin gögn, sem hafa verið tengd hugsanlegri aðkomu þessa einstaklings að hvarfi Guðmundar Einarssonar, eru ný gögn í þeim skilningi að þau voru ekki tiltæk þegar dómstólar höfðu málið til úrlausnar, að undanskildu ódagsettu bréfi endurupptökubeiðanda til setts rannsóknarlögreglustjóra sem lá fyrir Hæstarétti sem hluti gagna harðræðisrannsóknarinnar. Upphaf þess að grunur beindist að dómfelldu um aðild að hvarfi Guðmundar hefur aldrei verið upplýst opinberlega. Í málinu lá það eitt fyrir að rannsóknin hafi hafist af því tilefni að lögreglunni hafi borist upplýsingar til eyrna um aðild endurupptökubeiðanda að hvarfi Guðmundar. Þegar málið kom til kasta sakadóms vöknudu spurningar af hálfu dómsins um þetta upphaf.³⁹⁷⁸ En um uppruna framangreindra upplýsinga var ekkert frekar upplýst. Lífseigur orðrómur hefur verið um hugsanlega aðild þessa manns að upphafi Guðmundarmálsins á einn veg eða annan. Eins og framan er rakið greindi maðurinn frá því, fyrir lögreglu sumarið 2016, að hafa á umræddum árum iðulega gefið lögreglu upplýsingar. Rannsóknaraðilar, sem komu að rannsókn Guðmundarmálsins, hafa kannast við að hafa fengið upplýsingar frá manningnum en minnst þess ekki að hann hafi átt hlut að máli í þessu tilviki. Vart verður staðreynt hvort slíkum tengslum sé til að dreifa eða eðli þeirra úr því sem komið er.
2401. Fyrir liggur að umræddur maður veitti lögreglu upplýsingar sem leiddu til þess að dómfellda Erla og endurupptökubeiðandi játuðu sakir í póstsvikamálinu. Þegar horft er til þess og að sami maður var handtekinn í kjölfar innbrots í bát og færður í Síðumúlafangelsi, sama dag og dómfellda Erla virðist fyrst hafa verið yfirheyrð um hvarfi Guðmundar Einarssonar, þykja talsverðar líkur leiddar að því að rannsókn á hvarfi Guðmundar hafi verið beint að dómfelldu á grundvelli upplýsinga frá nefndum manni. Þau gögn sem liggja fyrir endurupptökunefnd um framangreinda handtöku mannsins og síðan rannsókn lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu sumarið 2016 teljast vera ný gögn í skilningi a-liðar 1. mgr. 211. gr. laga um meðferð sakamála.

³⁹⁷⁵ Málsgrein 1972.

³⁹⁷⁶ Þorsteinn Antonsson: *Áminntur um sannsögli*, bls. 302.

³⁹⁷⁷ Málgögn endurupptökunefndar, bls. 3659_A–C.

³⁹⁷⁸ Málsgrein 1093.

2402. Frekari samtímarannsóknargögn hafa verið lögð fram fyrir endurupptökunefnd sem fela í sér óbeinar upplýsingar sem voru dómstólum ekki handhægar þegar dómur var felldur á málið. Er þar einkum að líta til dómsrannsóknar sem Steingrímur Gautur Kristjánsson héraðsdómari annaðist sem setudómari haustið 1976 er laut að kvörtunum tveggja gæsluvarðhaldsfanga sem járnaðir voru á höndum og fótum og festir milli naglfastra innréttinga í Síðumúlafangelsi. Tekið skal fram að ekkert liggur fyrir um að dómfelldu hafi sætt slíkri meðferð. Við rannsókn dómarsins kom fram við skýrslutökur að forstöðumaður fangelsisins við Síðumúla hafi litið svo á að þágildandi reglugerð um fangavist nr. 260/1957 gildi ekki um Síðumúlafangelsið.³⁹⁷⁹ Hann hafi því þurft að móta slíkar reglur sem hafi einfaldlega falist í að lögð hefði verið áhersla á að fangar sýndu kurteisi, þá væri þeim sýndi kurteisi á móti; ef þeir væru með uppsteytt yrði að taka á því. Við rannsóknina báru bæði fangar og fangaverðir í Síðumúlafangelsinu um þennan framgangsmáta. Í tilefni af rannsókn þessari áréttaði dómismálaráðuneytið bréflaga 12. apríl 1977 að reglugerðin gildi um fangelsið við Síðumúla.³⁹⁸⁰ Þau tilvik sem sættu rannsókn gefa til kynna að fangar hafi sætt nokkuð ströngum aga hvað samskipti við fangaverði snerti auk þess sem ekki hafi verið handfast hverjar reglurnar hafi verið og því nokkuð í valdi fangavarða að túlka það hvernig beita ætti reglunum hverju sinni.
2403. Sjö vikuskýrslur ritaðar af Karli Schütz til dómsmálaráðherra á þeim tíma sem hann var hér sem og lokaskýrsla svonefndrar rannsóknarnefndar Reykjavíkur með fylgigögnum, formála og skjal sem ber heitið huglægar málsástæður, voru ekki lagðar fram í dómi á sínum tíma. Vikuskýrslurnar voru meðal gagna sem embætti ríkislögreglustjóra hafði afhent Þjóðskjalasafni en lokaskýrslan og fylgigögn voru auðkennd sakadómi Reykjavíkur í gögnum safnsins. Eins og áður er rakið varpa vikuskýrslurnar nokkuð glöggu ljósi á þróun rannsóknar málsins eftir að Karl Schütz kom að rannsókninni. Skýrslur til ráðherra voru nokkuð opinskáar um viðhorf til dómfelldu auk þess sem umfjöllunarefni þeirra virðist fyrst og fremst miða að því að styrkja þá niðurstöðu og ætlan að dómfelldu væru sek.³⁹⁸¹ Þannig varpa gögnin ljósi á viðhorf skýrsluritarans til viðfangsefnisins en vert er að hafa í huga að þegar Karl Schütz kom til starfa við rannsókn Geirfinnsmálsins hafði dómfellda Erla viðurkennt aðild að láti Geirfinns Einarssonar auk þess sem fyrir lágu framburðir endurupptöku-beiðanda og dómfellda Kristjáns Viðars um að hafa verið viðstaddir þegar Geirfinnur lést. Schütz virðist hafa lagt þessar játningar til grundvallar í verkum sínum. Með þetta sjónarhorn á málinu virðist lítt hafa verið hugað að atriðum sem leitt gátu til öndverðrar niðurstöðu.
2404. Þrátt fyrir að hægt sé að færa rök fyrir því að skjöl þessi beri með sér að áhorfsmál hafi verið um að beitt hafi verið þeirri hlutlægni sem lög áskilja, að rannsaka jafnt atriði sem leiða til sýknu sem sektar, þá voru skjölin ekki lögð fram fyrir dóm og því ljóst að dómstólar höfðu þau ekki milli handa við úrlausn sína. Engar forsendur eru til að líta svo á að dómsmeðferðin hafi tekið mið af efni skjalanna sem og þau sem slík

³⁹⁷⁹ Málsgrein 705.

³⁹⁸⁰ Málsgrein 1484.

³⁹⁸¹ Um aðkomu Karls Schütz er fjallað í kafla VII.5.2.d.6.

þannig haft áhrif á niðurstöðu dómstóla. Það viðhorf sem í þeim birtist varpar á hinn bóginn skýrara ljósi á hve mikið rannsóknin tók mið af ætlaðri sekt dómfelldu.

2405. Meðal gagna sem endurupptökunefnd var afhent af settum ríkissaksóknara frá Þjóðskjalasafni voru gögn sem auðkennd voru embætti rannsóknarlögreglustjóra og lutu að viðskiptum endurupptökubeiðanda við fyrirtæki kvikmyndagerðarmanns. Fyrir liggur bréf ritað á bréfsefni VÓK-film, dagsett 26. ágúst 1974, til endurupptökubeiðanda um endurgjaldslaust lán á kvikmyndataækjum til gerðar hálf tíma kvikmyndar í allt að einu ári. Í bréfinu voru kvikmyndataekin upptalin og fram kom að lánið væri háð tækjabörf eigandans hverju sinni vegna þeirra verkefna sem hann væri að vinna að. Fyrir liggja síðan kvittanir frá VÓK-film og VÓK-kvikmyndagerð fyrir láni á kvikmyndataækjum meðal annars á tímabilinu frá 27. október til og með 14. desember 1974.³⁹⁸² Á öllum kvittunum var endurupptökubeiðandi tilgreindur viðskiptamaður jafnframt því sem tilgreint var hvaða kvikmyndataeki hann hafi fengið að láni og hvenær dagsins hann hafi sótt tækin eða skilað þeim. Meðal gagnanna er kvittun fyrir láni á kvikmyndavél sem nær yfir tímabilið frá og með 17. nóvember 1974 til og með 23. nóvember 1974. Þá var bókað að 21. nóvember 1974 klukkan 15:00 hafi endurupptökubeiðandi fengið lánað tónupptökutæki.³⁹⁸³ Lán endurupptökubeiðanda á kvikmyndataækjunum samkvæmt gögnunum stóð svo nánast óslitið til 5. apríl 1975, en þann dag er bókað að endurupptökubeiðandi hafi skilað búnaðinum og færður inn á kvittunina dagafjöldinn sem hann hafði haft tækjabúnaðinn að láni.³⁹⁸⁴
2406. Gögn þessi voru ekki lögð fram í dómi þrátt fyrir að legið hafi fyrir að endurupptökubeiðandi var í samskiptum við eiganda búnaðarins þriðjudagskvöldið 19. nóvember 1974 er Geirfinnur hvarf. Ekkert liggur fyrir um að þau samskipti sem gögnin bera með sér að hafi átt sér stað þessa daga hafi verið rannsökuð. Ekki er vitað hvenær lögreglan aflaði þessara gagna eða hvernig en ætla má að lögregla hafi komist yfir þessi gögn 15. maí 1976 er forsvarsmaður félagsins mætti til skýrslutöku.³⁹⁸⁵ Miðað við tímasetningu á lánum búnaðarins, sem skarast við framburði um líkflutninga og fleira, sýnist hafa verið fullt tilefni til að rannsaka tilurð þessara gagna til þess að freista þess að varpa frekara ljósi á athafnir endurupptökubeiðanda þessa daga. Sem dæmi má nefna að frásögn liggur fyrir um að síðdegis 21. nóvember 1974 hafi endurupptökubeiðandi verið að undirbúa og framkvæma greftrun á líki Geirfinns í Rauðhólum.³⁹⁸⁶ Rannsókn á þessum gögnum hefði mögulega getað skýrt betur hvað á daga endurupptökubeiðanda hefði drifið á þeim tíma. Mögulega hefði til dæmis birst önnur mynd af málsatvikum. Þó þau sem slík varpi tæpast því ljósi á málsatvik að skilyrðum a-liðar 1. mgr. 211. gr. laga um meðferð sakamála sé fullnægt.
2407. Eins og rakið er fyrir³⁹⁸⁷ liggja fyrir endurupptökunefnd gögn sem settur ríkissaksóknari lagði fram og lúta að lygamælingapröfun á dómfellda Guðjóni sem

³⁹⁸² Málsgrein 10.

³⁹⁸³ Málsgrein 10.

³⁹⁸⁴ Málsgrein 10.

³⁹⁸⁵ Málsgrein 420.

³⁹⁸⁶ Málsgrein 970.

³⁹⁸⁷ Málsgreinar 2335–2336.

fram fór í árslok 1976. Gögn þessi munu hafa verið í fórum embættis ríkissaksóknara sem mun hafa fengið þau send frá sakadómi Reykjavíkur. Prófun þessi mun hafa falist í að freista þess að leiða í ljós hvort þeir sem undirgengust prófunina væru að segja satt með því að mæla streitu í röddu þeirra með sérstöku tæki, í þessu tilviki þegar dómfelldi Guðjón svaraði spurningum um sakarefni Geirfinnsmálsins.³⁹⁸⁸ Sams konar prófun mun hafa verið gerð á endurupptökubeiðanda en gögn um hana liggja ekki fyrir. Af fyrirliggjandi gögnum má ráða að prófanirnar hafi falist í spurningum sem svara átti játandi eða neitandi. Svör þessi voru að mestu í samræmi við framburði sem dómfelldi Guðjón lét í té á þessum tíma þannig að gögn þessi eru ekki af því tagi að fullnægt sé skilyrðum a-liðar 1. mgr. 211. gr. laga um meðferð sakamála.

2408. Meðal gagna sem lögð hafa verið fram eru persónulegar dagbækur dómfelldu Guðjóns og Tryggva Rúnars sem þeir héldu á meðan gæsluvarðhaldsvist stóð fram að uppkvaðningu dóms sakadóms í árslok 1977. Efni þessara dagbóka er mjög ólíkt að inntaki enda sýnist ljóst að þessir tveir menn hafi verið mjög ólíkir í allri háttu enda bakgrunnur þeirra gerólíkur og þjóðfélagsstaða. Báðar dagbækurnar birta samt raunsanna mynd af því hvernig gríðarlega langvarandi einangrunarvist í gæsluvarðhaldi horfði við þessum tveimur mönnum. Í bókunum birtist mjög ólík nálgun hvors einstaklings fyrir sig á hvern hátt þeir freista þess að gera tilveruna sér bærilegri. Eftir mikla sálarangist í upphafi gæsluvarðhaldsins virðist dómfelldi Guðjón ná jafnvægi um tíma í tilveru sína með lestri bókmennta, ígrundun þeirra verka, uppritun og þýðingum þar til af honum dregur er líður á fangelsunina sem veldur því að hann verður æ háðari lyfjagjöf. Þarfnast bæði róandi lyfja og svefnlyfja til að gera dvölinu bærilegri. Dómfelldi Tryggvi Rúnar átti einnig mjög erfitt tímabil í upphafi gæsluvarðhaldsins þó ekki njóti jafnglöggra gagna um það þar sem hann hóf ekki að halda dagbók strax. Hann hins vegar iðkaði líkamsrækt af kappi og virðist ná betri sátt við dvölinu í fangelsinu við Síðumúla í kjölfar þess að hafa verið vistaður í nærri fimm mánuði síðla árs 1976 á Litla-Hrauni. Í tilfelli beggja veita dagbækurnar jafnframt innsýn í hversu slævandi áhrif mikil lyfjagjöf hafði á þá, en um þau áhrif rita þeir báðir. Bók dómfellda Guðjóns fyllir að auki vel inn í málsatvik þegar rannsókn Geirfinnsmálsins var í algleymingi í nóvember, desember 1976 og janúar 1977. Þá koma fram ýmsar upplýsingar sem varpa ljósi á hvaða sýn hann hafði á framgöngu fangavarða og embættismanna, sérstaklega í tengslum við rekstur dómsmálsins á meðan það var til úrlausnar fyrir sakadómi frá 21. mars til og með 12. desember 1977. Þannig ritaði hann um að hafa kallað eftir rökstuðningi fyrir ákvörðunum dómsins sem honum þótti umdeilanlegar, eins og til dæmis þegar honum var neitað um að hitta nokkurn mann, aðra en fangaverði í aðdraganda samprófunar við endurupptökubeiðanda 6. til 11. júlí 1977³⁹⁸⁹ og síðan bannað að hitta verjanda sinn frá 13. október fram til 16. nóvember 1977 í tilefni af breyttum framburði [SÓH].³⁹⁹⁰ Á þeim tíma virðist hann hafa gripið til þess ráðs að skrifast á við verjanda sinn með fulltingi varðstjóra í fangelsinu við Síðumúla og komist þannig hjá ritskoðun

³⁹⁸⁸ Málsgrein 1919.

³⁹⁸⁹ Málsgrein 1617.

³⁹⁹⁰ Málsgrein 1751.

dómaranna. Bréf dómfellda Guðjóns áritað með ætluðum svörum verjanda hans er varðveitt í dagbókinni.³⁹⁹¹ Umfjöllun dómfellda ljær knöppum bókunum í fangelsisdagbók um þessi málsatvik mun meiri dýpt en ella.

2409. Báðar dagbækurnar eru upplýsandi en þó á mjög ólíkan hátt um huglæga afstöðu þeirra dómfellda Guðjóns og Tryggva Rúnars til þeirra sakarefna sem að þeim beindust. Í þessum efnum veitir dagbók dómfellda Tryggva Rúnars glögga innsýn í hugarheim hans og afstöðu til sakarefna sem hann fjallar um í miklu meiri mæli en dómfelldi Guðjón. Á hinn bóginn dvaldi dómfelldi Guðjón mun meira við þá sálarkreppu sem það olli honum að muna ekki þau málsatvik sem hann var knúinn svara um. Ráða má af skrifum hans að hann hafi á köflum verið á barmi sjálfsmorðs. Dómfelldi Tryggvi Rúnar flokkar hins vegar ákæruatriðin í sundur, hver hann verður dæmdur fyrir og hver ekki.³⁹⁹² Hann hrósar svo happi þegar líður að dómsmeðferð Guðmundarmálsins, þá gefist honum kostur á að koma sakleysi sínu á framfæri fyrir dómi. Hann virðist þannig hafa borið algjört traust til dómskerfisins, þar muni hann verða sýknaður.³⁹⁹³
2410. Þegar bækur þessar eru skoðaðar í samhengi við önnur gögn málsins þykja þær varpa skýrara ljósi á málsatvik og þjóna því mikilvægu hlutverki við mat á því hvort verulegar líkur teljist leiddar að því að sönnunargögn sem færð voru fram í málinu hafi verið rangt metin svo að áhrif hafi haft á niðurstöðu þess í skilningi c-liðar 1. mgr. 211. gr. laga um meðferð sakamála.
2411. Í febrúar 2017 komu í ljós óskráð gögn í Þjóðskjalasafninu er lutu að Guðmundar- og Geirfinnsmálunum sem borist höfðu safninu frá sakadómi Reykjavíkur. Meðal þeirra voru gögn sem ekki lágu fyrir meðal málgagna endurupptökumáls þessa. Má þar nefna greiðslukvittun sem [SÓH] gaf út vegna greiðslu endurupptökubeiðanda á söluverði bifreiðar sem [SÓH] bar um í framburði sínum fyrir dómi að hafa selt honum.³⁹⁹⁴ Þá var meðal gagnanna pappaspjald með áletrunum sem sagðar voru stafa frá endurupptökubeiðanda og dómfelldu Erlu.³⁹⁹⁵ Umslag utan um spjaldið, sem hafði verið innsiglað af sakadómi, bar áletrun dómsformanns um að verjandi endurupptökubeiðanda hafi afhent dóminum spjaldið með þeim orðum að dómfellda hefði komið því til endurupptökubeiðanda þegar þau voru bæði vistuð í Hegningarhúsinu.³⁹⁹⁶ Sú framsetning á ekki við rök að styðjast þar sem þau voru aldrei samtímis í Hegningarhúsinu. Á spjaldinu kemur fram dagsetningin 19. júlí 1976 og af hálfu dómfellda Erlu hefur verið greint frá því, í tilefni af afhendingu þessa spjalds til talsmanna endurupptökubeiðanda, að hún hafi afhent endurupptökubeiðanda það í samprófun sem þau undirgengust í Síðumúlafangelsinu þann dag. Loks er að geta að meðal gagnanna sem fundust á Þjóðskjalasafni voru 39 vélritaðar blaðsíður sem virðast stafa frá endurupptökubeiðanda en þær eru ekki allar undirritaðar.³⁹⁹⁷ Um er að

³⁹⁹¹ Málgrein 1768.

³⁹⁹² Málgrein 1196.

³⁹⁹³ Málgrein 1724.

³⁹⁹⁴ Málgögn endurupptökunefndar, bls. 33_AS.

³⁹⁹⁵ Málgögn endurupptökunefndar, bls. 830_A.

³⁹⁹⁶ Málgögn endurupptökunefndar, bls. 830_C.

³⁹⁹⁷ Málgreinar 1222–1224, 1372–1379, 1383–1392 og 1510.

ræða um það bil 15 yfirlýsingar eða minnisblöð sem hafa að geyma frásagnir hans og hugleiðingar um tildrög þess að rannsókn á hvarfi Guðmundar Einarssonar og Geirfinns Einarssonar beindist að honum og dómfelldu. Eins er þar fjallað um harðræði sem hann hafi sætt og frásagnir af samprófunum með dómfelldu, Erlu, Kristjáni Viðari og Tryggva Rúnari, sem og frásagnir af samskiptum endurupptökubeiðanda við rannsóknaraðila og fangaverði. Yfirlýsingar þessar virðast hafa verið vélritaðar á því tímabili sem endurupptökubeiðandi var í Hegningarhúsinu, 31. janúar 1977 til 5. maí 1977 en því verður þó ekki slegið föstu þar sem sumar er ódagsettar. Upplýst er í málinu að á þeim tíma hafði hann ritvél til afnota, í það minnsta hluta af tímanum.

2412. Yfirlýsingar þessar eru ekki samtímaheimildir í þeim skilningi að þær eru ritaðar eftir á, þegar málið er komið til dómsmeðferðar, ólíkt dagbókum dómfelldu Guðjóns og Tryggva Rúnars. Þær virðast að hluta til í það minnsta, hafa verið ritaðar endurupptökubeiðanda til minnis í aðdraganda skýrslugjafar fyrir dómi um Guðmundarmálið 29. mars 1977. Þess finnast dæmi að framburður hans fyrir dómi um harðræði sé orðrétt samhljóða yfirlýsingu um sama atvik. Ekki liggur fyrir hvenær eða hvernig þessar yfirlýsingar komust í hendur sakadóms en þær voru ekki lagðar fram sem dómskjöl og þess sér ekki stað að efni þeirra hafi verið til umfjöllunar við úrlausn málsins af hálfu dómstóla, umfram það sem fram kom í fyrrnefndum framburði endurupptökubeiðanda fyrir dómi. Þó setja verði fyrirvara við efni yfirlýsinganna vegna tilefnis þeirra og að þær hafa að geyma upprifjun allt að eins árs gamalla málsatvika þykja þær varpa skýrara ljósi á málsatvik. Þjóna þær því hlutverki við mat á því hvort verulegar líkur teljist leiddar að því að sönnunargögn sem færð voru fram í málinu hafi verið rangt metin svo að áhrif hafi haft á niðurstöðu þess í skilningi c-liðar 1. mgr. 211. gr. laga um meðferð sakamála.
2413. Í tilefni af endurupptökubeiðni endurupptökubeiðanda sem leyst var úr fyrir Hæstarétti árið 1997 var aflað ýmissa yfirlýsinga einstaklinga sem tengdust málsatvikum á einn eða annan hátt, þar á meðal voru sjónarvottar sem höfðu séð Guðmund Einarsson í Strandgötunni í Hafnarfirði.³⁹⁹⁸ Þá var aflað yfirlýsingar rekstraraðila Alþýðuhússins í Hafnarfirði sem einnig bjuggu steinsnar frá Hamarsbraut 11,³⁹⁹⁹ frá fyrrum fangaverði í fangelsinu við Síðumúla,⁴⁰⁰⁰ frá fyrrverandi fangelsispresti,⁴⁰⁰¹ frá fyrrverandi rannsóknarlögreglumanni⁴⁰⁰² og frá dómfelldu Erlu⁴⁰⁰³ og Alberti.⁴⁰⁰⁴ Einnig hafði afrit viðtals sem birst hafði í Morgunblaðinu við dómfellda Guðjón verið lagt fram.⁴⁰⁰⁵ Að fyrirlagi Hæstaréttar voru teknar skýrslur fyrir dómi af sjónarvottunum sem höfðu verið í Strandgötunni 27. janúar 1974, fyrrum fangaverði og fangelsispresti 20. og 21. júní 1997 sem staðfestu yfirlýsingar sínar.

³⁹⁹⁸ Málsgreinar 1943, 1959 og 1960.

³⁹⁹⁹ Málsgrein 1948.

⁴⁰⁰⁰ Málsgrein 1957.

⁴⁰⁰¹ Málsgrein 1950.

⁴⁰⁰² Málsgrein 1946.

⁴⁰⁰³ Málsgreinar 1945 og 1949.

⁴⁰⁰⁴ Málsgrein 1952.

⁴⁰⁰⁵ Málsgrein 1944.

2414. Í yfirlýsingum sjónarvottanna kom fram að ómöguleiki hefði verið á því að dómfelldi Kristján Viðar hafi verið sá sem þær hafi séð á ferð með Guðmundi Einarssyni í Strandgötunni aðfaranótt 27. janúar 1974 þar sem sá maður hefði verið lágvaxnari en Guðmundur. Dómfelldi Kristján Viðar sé umtalsvert hávaxnari en þeim hafi ekki verið kunnugt um það þegar þær mættu til sakbendingar í janúar 1977⁴⁰⁰⁶ sem þannig fór fram rétt tæplega þremur árum eftir að þær sáu mennina í sviphendingu. Þeim hafi verið greint frá því fyrirfram að dómfelldi Kristján Viðar væri í hópnum en þær hefðu séð myndir af honum í fjölmiðlum og því átt auðvelt með að þekkja hann úr hópnum. Raunar hefðu þær báðar borið kennsl á dómfellda af ljósmynd við skýrslutöku fimm dögum áður en þær sáu hann við sakbendinguna en sérstaklega hafi verið bókað við það tækifæri að hvorug hafi viljað fullyrða að hann hafi verið með Guðmundi í för.⁴⁰⁰⁷ Rannsóknarlögreglumaðurinn sem annaðist sakbendinguna á sínum tíma að fyrirlagi sakadóms kvaðst hafa talið gildi sakbendingarinnar lítið þar sem búið var að birta myndir opinberlega af dómfellda Kristjáni Viðari á þessum tíma. Þess er að geta að hann hafði annast nefnda skýrslutöku fimm dögum fyrr en þeim var sýnd ljósmynd af dómfellda.
2415. Kona sem stóð að rekstri Alþýðuhússins ásamt manni sínum gat þess í yfirlýsingu sinni að hafa séð Guðmund Einarsson á dansleiknum. Að auki báru bæði hjónin um að hafa verið vakandi lengi nætur heima hjá sér eftir dansleikinn við úrvinnslu uppgjörs og þess háttar og báru um að hafa orðið einskis var er laut að umferð bifreiða eða mannaferðir þá um nóttina sem hefði ekki farið fram hjá þeim þar sem um fáfarnar götur væri að ræða að næturlagi. Fyrrum fangavörður og fangelsisprestur báru báðir um eigin reynslu af harðræði sem þeir hafi kynnst í fangelsinu við Síðumúla.⁴⁰⁰⁸ Að auki bar fangavörðurinn um hlutverk sitt að ræða við dómfelldu Erlu um sakarefnin í gæsluvarðhaldinu og gera rannsóknaraðilum grein fyrir þeim framburðum, eins og rakið er í kafla VII.5.2.d.5. Í yfirlýsingum dómfelldu Erlu og Alberts drógu þau hvort um sig til baka framburði sína er lutu að hvarfi Guðmundar og í viðtali dómfellda Guðjóns í Morgunblaðinu var haft eftir honum að framburður hans er laut að hvarfi Geirfinns væri ekki réttur.
2416. Það veikir mjög gildi yfirlýsinga fyrrnefndra sjónarvotta að þær voru fyrst gefnar 19 árum eftir að sjónarvottarnir höfðu borið kennsl á dómfellda Kristján Viðar. Hins vegar eru þessar yfirlýsingar um hæðarmun þeirra Guðmundar og dómfellda til þess fallnar að rýra frekar gildi þessarar sakbendingar, sem vart sýnist reist á traustum grunni fyrir. Sérstaklega í ljósi þess að þær voru að bera um málsatvik sem fram fóru nánast upp á dag þremur árum eftir að þær sáu til ferða Guðmundar við annan mann. Þá liggur fyrir samkvæmt framburði þeirra og rannsóknarlögreglumannsins fyrrverandi að búið var að birta myndir af dómfellda Kristjáni Viðari opinberlega en myndir af dómfellda höfðu birst í fjölmiðlum bæði 27. október 1976⁴⁰⁰⁹ og 19. nóvember 1976. Auk þess var búið að sýna þeim ljósmynd af honum fáum dögum fyrr

⁴⁰⁰⁶ Málsgreinar 1236, 1238 og 1239.

⁴⁰⁰⁷ Málsgreinar 1184–1185.

⁴⁰⁰⁸ Sjá kafla VII.5.2.d.3.

⁴⁰⁰⁹ Málsgreinar 768 og 872.

eins og áður gat. Sönnunargildi sakbendingar þessarar sýnist því hafa verið hverfandi á sínum tíma. Á sama hátt og það veikir mjög gildi yfirlýsinga sjónarvottanna hve seint þær koma fram þá veikir það á hinn bóginn athygli hve fyrirvaralaust sakadómur fjallaði um sakbendinguna og framburði sjónarvottanna. Sérstaklega þegar horft er til þess hve langur tími var liðinn frá hvarfi Guðmundar, ítarlegrar fjölmiðlaumfjöllunar um tveggja ára skeið, auk þess sem sjónarvottarnir höfðu fáum dögum fyrir skoðað ljósmynd af dómfellda Kristjáni Viðari sem þeim var skýrt frá að væri í þeim hópi manna sem tóku þátt í sakbendingunni. Fyrir sakadómi var framburður sjónarvottanna lagður til grundvallar. Eftir að dómurinn hafði hafnað afturhvarfi dómfellda Kristjáns Viðars frá játningu um aðild að láti Guðmundar, var litið til yfirlýsingar hans fyrir dómi sem hann hafði gefið fyrir um að framburður þeirra gæti verið réttur. Á þeim grundvelli var það talið sannað að sjónarvottarnir hefðu séð dómfellda í fylgd Guðmundar.

2417. Að sama brunni ber um yfirlýsingar hjónanna sem ráku Alþýðuhúsið, en þær eru fyrst látnar í té 22 árum eftir að málsatvik áttu sér stað sem rýrir gildi þeirra mjög. Frásögn er lýtur að málsatvikum inni á dansleiknum í Alþýðuhúsinu hafa að auki ekki mikla efnislega þýðingu fyrir sakarefni málsins eins og það lá fyrir dómstólum þar sem fyrir lá framburður samferðarmanna Guðmundar að hann hefði verið að neyta áfengis. Að sama brunni ber um frásögn af því að hjónin hafi ekki orðið vör við mannaferðir í nágrenni Hamarsbrautar 11 um nóttina eftir dansleik. Sú yfirlýsing felur að auki í sér neikvæða frásögn, það er að segja hún fjallar um það sem þau minnst ekki, háreysti í nágrenninu, en þetta mörgum árum síðar verður að setja verulegan fyrirvara við minni fólks um það nákvæmlega hvaða nætur eftir dansleik hafi verið tíðindalausar með tilliti til umferðar og hverjar ekki. Yfirlýsing þessi þykir skipta afar litlu máli með hliðsjón af a-lið 1. mgr. 211. gr. laga um meðferð sakamála.
2418. Yfirlýsingar fyrrum fangelsisprests og fyrrum fangavarðar eru báðar til þess fallnar að styrkja þegar fyrirbyggjandi vitneskju um afskipti fangavarða af dómfelldu og harðræði sem fjallað er um í dómi Hæstaréttar. Yfirlýsingarnar varpa þó ekki nýju ljósi á málsatvik sem slík þar sem við meðferð málsins fyrir dómstólum var kunnugt um aðild fangavarða að yfirheyrslum og afmörkuð tilvik harðræðis enda vikið að hvoru tveggja í dómi Hæstaréttar. Fyrir liggur þó að dómurum var ekki ljóst umfang þessa.
2419. Meðfylgjandi beiðnum um endurupptöku var skýrsla starfshóps um Guðmundar- og Geirfinnsmál til innanríkisráðherra, dagsett 21. mars 2013. Starfshóp þennan skipaði innanríkisráðherra 7. október 2011 að eigin frumkvæði. Hópinu skipuðu lögfræðingararnir, Arndís Soffía Sigurðardóttir og Haraldur Steinþórsson og sálfræðingurinn Jón Friðrik Sigurðsson prófessor. Hópnum til sérstakrar ráðgjafar var Gísli H. Guðjónsson prófessor en hann var ráðinn til að meta áreiðanleika framburða og játninga sakborn-inganna.⁴⁰¹⁰ Auk þess starfaði Valgerður María Sigurðardóttir, lögfræðingur í innanríkisráðuneytinu, í þágu starfshópsins.
2420. Skýrslu þessari, sem er 486 blaðsíður að lengd, er skipt í tvo hluta þar sem fyrri hlutinn lýtur að málsatvikum er lykjust um hvarf Guðmundar og Geirfinns árið 1974,

⁴⁰¹⁰ Skýrsla starfshóps um Guðmundar- og Geirfinnsmál til innanríkisráðherra, bls. 105.

síðari hlutinn fjallar svo um efnislegt starf starfshópsins og greinist sá hluti í tvennt. Annars vegar lýtur efnið að greiningu starfshópsins á sakarefnum hvers dómfellda fyrir sig, niðurstöðum og reifun á því sem starfshópurinn skilgreindi sem færar leiðir í ljósi niðurstöðu skýrslunnar. Hins vegar lýtur 19. kaflinn að mati Jóns Friðriks Sigurðssonar og Gísla H. Guðjónssonar á áreiðanleika framburða dómfelldu með tilliti til þeirrar þekkingar sem nú er til staðar á sviði sálfræði en var það ekki þegar sakamálin voru til rannsóknar og dómsmeðferðar.

2421. Þegar horft er til efnis skýrslunnar, sem stendur utan 19. kafla hennar, verður vart lagt til grundvallar að það efni og sú samantekt sem þar birtist falli að skilyrðum a-liðar 1. mgr. 211. gr. laga um meðferð sakamála um að vera ný gögn sem ætla má að hefðu verulega miklu skipt fyrir niðurstöðu málsins ef þau hefðu komið fram áður en dómur gekk. Skýrslan, hvað þessa kafla áhrærir, felur fyrst og fremst í sér rýni á þeim gögnum sem fyrirbyggjandi voru þegar starfshópurinn var að störfum. Skýrslan felur í sér glöggt yfirlit yfir málið, þar á meðal sú tölfræðilega úrvinnsla sem nefndin innti af hendi. Þó gætir nokkurrar ónákvæmni í skýrslunni sem rýrir gildi hennar nokkuð. Sem dæmi má nefna þá er ranglega lagt til grundvallar að dómfellda Erla hafi verið sakfelld fyrir tálmun rannsóknar í Geirfinnsmálinu auk rangra sakargifta.⁴⁰¹¹ Dómfellda var sýknuð af fyrra ákæruatriðinu í dómi Hæstaréttar.
2422. Áður en vikið er að 19. kafla skýrslunnar um mat á áreiðanleika framburða dómfelldu er óhjákvæmilegt að fjalla um áhrif þess að Gísli H. Guðjónsson starfaði sem lögreglumaður þegar mál þetta var fyrst til meðferðar, framkvæmdi vísindarannsókn þar sem dómfellda áttu hlut að sem hluti rannsóknarandlags og annaðist jafnframt sérhæfða rannsókn á vegum fulltrúa yfirsakadómara á tveimur dómfelldu Guðjóni og endurupptökubeiðanda er laut að mati á sannleiksgildi framburða þeirra.
2423. Þótt ekki sé um matsgerð dómkvaddra matsmanna að ræða þykir rétt að líta til 1. málsliðar 3. mgr. 128. gr. laga um meðferð sakamála varðandi það hvort að fyrri störf og aðkoma Gísla að málsatvikum er tengjast rannsókn Guðmundar og Geirfinnsmálanna rýri á einhver hátt gildi skýrslunnar sem gagns sem byggt verði á við úrlausn fyrirbyggjandi endurupptökubeiðna.
2424. Fyrst er þess að geta að greint er frá því í skýrslu starfshópsins að Gísli starfaði í rannsóknarlögreglunni sumrin 1976 og 1977 en tekið er fram í skýrslunni að hann hafi ekki komið að rannsókn Guðmundar- og Geirfinnsmála.⁴⁰¹² Rakið er að hann hafi lagt stund á meistaranám í klínískri sálfræði við enskan háskóla á þessum tíma og hefði sem lið í vinnu við meistaraverkefni í náminu framkvæmt lygamælingar á þrennum hópum; lögreglumönnum, prestum og sakborningum. Fimm þeirra sem æst er endurupptöku vegna munu hafa tekið þátt í þeirri rannsókn. Í útgefinni fræðigrein var rakið að tólf síbrotamenn, tólf prestar og tólf lögreglumenn hafi tekið þátt í rannsókninni.⁴⁰¹³

⁴⁰¹¹ Skýrsla starfshóps um Guðmundar- og Geirfinnsmál til innanríkisráðherra, bls. 471.

⁴⁰¹² Skýrsla starfshóps um Guðmundar- og Geirfinnsmál til innanríkisráðherra, bls. 104.

⁴⁰¹³ Málsgrein 1919.

2425. Gísli hefur tekið afstöðu til hæfis síns gagnvart þeim sakarefnum sem til umfjöllunar eru í endurupptökumáli þessu en í riti sem fól í sér sögu hans⁴⁰¹⁴ vísaði hann til starfs síns sem rannsóknarlögreglumanns og þess að hafa framkvæmt framangreint próf. Af þeim sökum leiddi það af sjálfu sér að hann gæti ekki tekið vinnu við þessi álitamál að sér þar sem hann gæti ekki talist fullkomlega hlutlaus í málinu. Þá setti hann fyrirvara um hvort að sá sem hefði starfað hjá rannsóknarlögreglunni á sama tíma gæti talist fullkomlega hlutlaus, sérstaklega í augum annarra. Í vitnamáli sem rekið var í tilefni af fyrirbyggjandi endurupptökubeiðnum⁴⁰¹⁵ kom fram að hann hefði aldrei talið sig vanhæfan en borið þessu við til að fá frið fyrir ágangi fjölmiðla sem hafi ákaft innt hann eftir afstöðu til málsins. Í framburði sínum lagði Gísli áherslu á að liðin væru 40 ár síðan hann starfaði hjá rannsóknarlögreglunni og hann væri því ekki eins litaður af þeim viðhorfum sem þá hafi tíðkast hjá lögreglunni að allir væru sekir. Þá hafi hann lært það af reynslunni að honum væri kleift að vinna hlutlægt að málum og jafnvel undir erfiðum kringumstæðum, reynslan hafi kennt honum að hann kæmist aðeins að þeirri niðurstöðu sem hann teldi rétta. Hann hafi afráðið að taka verkið að sér ef allir væru sáttir við það. Í eigin huga væri hann þess fullviss að geta unnið hlutlægt og af einlægni að málinu. Að hans mati var einungis spurning um afstöðu dómfelldu til vinnu hans að málinu en aðspurðir hafi þeir allir reynst mjög sáttir við það.
2426. Fyrir liggur að Gísli kom við sögu við rannsókn á hvörfum Guðmundar og Geirfinns í tengslum við framkvæmd lygamælingaprófana, bæði prófana sem hann framkvæmdi sem hluti af rannsókn í meistaranámi í sálfræði, sem áður er getið, en einnig sérstakrar prófunar á dómfellda Guðjóni og endurupptökubeiðanda, undir stjórn fulltrúa yfirsakadómara. Dagana 12. og 13. júlí 1976 var bókað í dagbók fangelsisins við Síðumúla að Gísli, titlaður rannsóknarlögreglumaður, hafi komið með öðrum rannsóknarlögreglumanni og rannsakað dómfellda Erlu og Tryggva Rúnar og svo degi síðar tekið dómfellda Kristján Viðar til rannsóknar. Hinn 5. september 1976 var röðin komin að endurupptökubeiðanda en þegar sú rannsókn fór fram var Gísli titlaður sálfræðingur í fangelsisdagbókinni. Í dagbókina er hins vegar bókað að 9. september 1976 hafi Gísli komið til viðtals sem rannsóknarlögreglumaður við gæsluvarðhaldsfangna ótengdan sakargiftum sem endurupptökumál þetta lýtur að. Þegar því viðtali var lokið hafi Gísli farið inn á klefa til endurupptökubeiðanda og dvalið þar í um 20 mínútur en rannsóknargögn um vitjunina liggja ekki fyrir. Í fyrrnefndu vitnamáli skýrði Gísli þetta svo að endurupptökubeiðandi hafi verið mjög áhugasamur um lygamælingaprófið og hann því verið að ræða það við hann. Þegar kom undir árslok framkvæmd Gísli svo prófun á dómfellda Guðjóni sem leiða átti fram með hljómfalli raddar hvort viðkomandi væri að segja satt. Þessi prófun, hvað dómfellda Guðjón snerti, var framkvæmd að fulltrúa yfirsakadómara viðstöddum sem og verjanda dómfellda.⁴⁰¹⁶ Spurningar og svör liggja fyrir og ljóst er að þær lúta beint að málsatvikum og fólu meðal annars í sér hvort dómfelldi hafi átt þátt í hvarfi Geirfinns.⁴⁰¹⁷ Margar

⁴⁰¹⁴ Anna Hildur Guðbrandsdóttir: *Réttarsálfræðingurinn – saga Gísla H. Guðjónssonar*. Reykjavík 2001, bls. 45–46.

⁴⁰¹⁵ Málsgrein 1971.

⁴⁰¹⁶ Málsgreinar 1034, 1042 og 1058.

⁴⁰¹⁷ Málsgrein 1919.

Þessara spurninga fólu í sér ráðagerð um að sá sem svaraði þeim tæki með svari sínu afstöðu til gefinnar forsendu í spurningunni um aðild að hvarfi Guðmundar og Geirfinns. Ráða má af viðtali sem Gísli átti við dómfellda Guðjón á vegum starfshóps innanríkisráðherra að Gísli hafi kynnt sér sakargögn til þess að semja þær spurningar sem lagðar voru fyrir dómfellda.⁴⁰¹⁸

2427. Þá liggur fyrir að endurupptökubeiðandi undirgekkst einnig rannsókn sem þessa en gögn er lúta að þeirri rannsókn hafa ekki fundist en þau voru í fórum sakadóms eftir því sem fram kemur í bréfi dómsformanns til ríkissaksóknara sem hann ritaði 22. nóvember 1979.⁴⁰¹⁹
2428. Loks má geta þess að tvíburabróðir Gísla, Guðmundur Guðjónsson, annaðist yfirheyrslur þeirra sem kallaðir voru til skýrslugjafar vegna harðræðisrannsóknar sem fram fór vegna kvörtunar endurupptökubeiðanda árið 1979, samanber mál rannsóknar-lögreglu ríkisins nr. 2875/79.
2429. Þegar mat er lagt á þýðingu þessa fyrri aðkomu Gísla H. Guðjónssonar að málunum verður að hafa hugfast að gildi skýrslu starfshóps innanríkisráðherra verður ekki jafnað til matsgerðar dómkvaddra matsmanna enda hvorki stofnað til vinnslu skýrslunnar á grundvelli sakamálalaga né á öðrum lagagrundvelli. Sýnist fremur um álitgerð að ræða sem útbúin er að frumkvæði ráðherra án aðkomu ríkissaksóknara sem að öðru jöfnu á aðild að meðferð sakamála, jafnt ódæmdra sem dæmdra. Verður að meta þýðingu skýrslunnar í því ljósi, þar með talin áhrif aðkomu Gísla að gerð hennar.
2430. Í þessu sambandi er einnig óhjákvæmilegt annað en að vekja athygli á að framkvæmd álit Gísla H. Guðjónssonar og Jóns Friðriks Sigurðssonar, sem birt er í skýrslunni, er ekki hafið yfir gagnrýni. Er þar fyrst til að taka að efnisleg afstaða virðist ekki vera tekin til þess munar sem er á framgangi rannsóknar, annars vegar er varðar hvarf Guðmundar og hins vegar hvarf Geirfinns, til að mynda hvenær í rannsókninni játningar komu fram í málunum og hversu lengi gæsluvarðhald dómfelldu hafði þá staðið. Ólíku er þar saman að jafna þar sem þeir dómfelldu sem sakfelldir voru fyrir að eiga aðild að Guðmundarmáli báru um aðkomu að málinu mjög fljótlega. Á hinn bóginn könnuðust dómfelldu ekki við aðild að því að verða Geirfinni að bana fyrir en eftir langvarandi gæsluvarðhald. Endurupptökubeiðandi bar ekki um það fyrir en 27. október 1976 og dómfelldi Kristján Viðar ekki fyrir en 9. nóvember 1976. Fram til þess hafði dómfelldi fyrst og fremst borið um málsatvik sem sjónarvottur að átökum og lítt eða ekki haft sig í frammi og endurupptökubeiðandi sló úr og í með það að hafa yfir höfuð verið á staðnum. Þessum mismun er vart gefinn fullnægjandi gaumur í áliti Gísla og Jóns Friðriks. Þá er varla hægt að greina afstöðu þeirra til mismunandi aðstæðna hvers og eins dómfelldu. Gleggsta dæmið í þessum efnunum er að lítið sýnist rýnt í þann aðstöðumun sem fólst í því að dómfellda Erla hafði verið frjáls ferða sinna í mánuð þegar hún tjáði sig fyrst formlega við lögregluna um málsatvik tengd hvarfi Geirfinns. Þá er einnig fjallað ítarlega um játningar dómfelldu Erlu í sambandi við

⁴⁰¹⁸ Málsgrein 1919.

⁴⁰¹⁹ Málsgreinar 1915 og 1919.

málið án þess að því sé gefinn gaumur að hún var einungis sakfelld fyrir rangar sakargiftir þannig að ekki reyndi á játningar um aðild að hvarfi Guðmundar og Geirfinns. Raunar er ranglega lagt til grundvallar í skýrslunni að dómfellda Erla hafi verið sakfelld fyrir aðild að hvarfi þess síðarnefnda, eins og áður gat. Sýnist ágalli þessi rýra gildi álights þeirra Gísla og Jóns Friðriks um trúverðugleika framburða dómfelldu. Er þess þá ógetið að alveg er látið hjá líða að víkja að forsendum þess að fjórmeningarnir, sem sátu allt að 105 daga í gæsluvarðhaldi áður en þeim var sleppt, játuðu ekki þrátt fyrir langvarandi gæsluvarðhaldsvist. Dómfelldu, aðrir en dómfellda Erla, játuðu hins vegar einhverja aðkomu að Guðmundarmálinu mjög fljótlega eins og áður gat. Sýnist þar hafa verið kjörið tækifæri til að greina trúverðugleikamat gagnvart dómfelldu með tilliti til viðmiðunarhóps.

2431. Í samræmi við beiðni endurupptökunefndar, sem dagsett er 21. nóvember 2016, fól settur ríkissaksóknari lögreglunni á Austurlandi og lögreglunni á Suðurlandi að annast rannsókn ábendingar sem borist hafði um hugsanlega sjónarvotta sem gætu gefið upplýsingar er lytu að afdrifum Geirfinns Einarssonar.
2432. Lögreglan á Austurlandi tók skýrslu af einstaklingi sem bar um að hafa séð þrjá borgaralega klædda menn koma á smábáti til hafnar í Vestmannaeyjum 20. nóvember 1974. Tveir þeirra hafi leitt þann þriðja á milli sín sem hafi verið máttfarinn og að því er virtist rænulítill. Þeir hafi komið inn í verbúð þar sem sjónarvotturinn var staddur og dvalið þar dágóðan tíma í lokuðu herbergi með leyfi kokksins í mötuneyti fyrirtækisins. Sjónarvotturinn hafi mætt mönnunum svo í þann mund þegar þeir voru að fara á ný og enn hálfbáru tveir þann þriðja á milli sín. Sjónarvottinum stóð ógn af framgöngu manna en sá sem milli þeirra var mælti til hans, „mundu eftir mér“ en ekki sá hann framan í hann. Sjónarvotturinn horfi svo á eftir þeim fara um borð í trilluna og sigla frá bryggju. Nokkru síðar komu þeir að landi aftur en fóru þá bara tveir frá borði, mennirnir sem höfðu borið þann þriðja á milli sín og hröduðu sér á brott. Trillan lá svo bundin við bryggju um nokkurra vikna skeið eða þar til sjónarvotturinn fór austur á land í jólafrí en hún var farin þegar hann kom til baka að áliðnum janúarmánuði. Sjónarvotturinn sá þessa menn aldrei aftur í Vestmannaeyjum en sá þá svo nærri tveimur áratugum síðar austur á landi þar sem annar þeirra hafi verið að vinna í tengslum við lagningu háspennulínu fyrir Landsvirkjun. Lögreglan á Austurlandi kom rannsóknargögnum á framfæri við settan ríkissaksóknara 2. desember 2016, sem sendi þau til endurupptökunefndar í kjölfarið.⁴⁰²⁰
2433. Lögreglan á Suðurlandi tók síðar skýrslu af fyrrum sambýliskonu sjónarvottarins sem einnig var stödd í verbúðinni í Vestmannaeyjum þegar ofangreint atvik átti sér stað. Hún sá ekki mennina þrjá en svaraði í símann á verbúðinni tveimur dögum síðar. Í því símtali var henni hótað lífláti ef þau héldu sér ekki saman. Þegar hún hafi sagt sambýlismanni sínum frá þeirri hótun hafi hann greint henni frá ofanröktum málsatvikum. Vegna þessarar hótunar, sem hafi hrætt þau mjög, hafi þau afráðið að segja ekki frá þessu atviki fyrr en nú. Lögreglan á Suðurlandi kom rannsóknargögnum

⁴⁰²⁰ Málsgögn endurupptökunefndar, bls. 4770–4816.

á framfæri við settan ríkissaksóknara 2. janúar 2017, sem sendi þau til endurupp-
tökunefndar 20. janúar 2017.⁴⁰²¹

2434. Að fengnum þessum skýrslum tilkynnti endurupp-
tökunefnd settum ríkissaksóknara að
ekki væri talin þörf á frekari rannsókn á þessu atriði vegna endurupp-
tökubeiðna er lúta
að hæstaréttarmáli nr. 214/1978.
2435. Endurupp-
tökunefnd barst yfirlýsing frá Magnúsi Leópoldssyni 9. febrúar 2017 þar
sem hann kom sjónarmiðum sínum á framfæri varðandi endurupp-
tökubeiðnir er lútu
að röngum sakargiftum. Hann taldi þær beiðnir ekki eiga við rök að styðjast.⁴⁰²²
2436. Eins og rakið er hér að framan í kafla VII.3 hafa staflíðir 1. mgr. 211. gr. laga um
meðferð sakamála hver um sig að geyma sjálfstæða heimild til endurupp-
töku dæm-
ds máls. Þegar grannt er skoðað sýnist mega leggja til grundvallar, að þó aðstaða í máli sé
þannig að forsendum tiltekins staflíðar sé ekki fullnægt til að viðkomandi mál verði
endurupp-
tekið á þeim grundvelli, að þær röksemdir sem vegi með því að mál verði
endurupp-
tekið á viðkomandi staflíð geti haft þýðingu þegar metið er hvort öðrum
staflíð 1. mgr. 211. gr. sé fullnægt. Því er það svo að framlagning gagna, sem getið er í
þessum kafla og lögð hafa verið fyrir endurupp-
tökunefnd, er hvorki þarflaus né
þýðingarlaus. Þessi gögn skipta miklu og sum höfuðmáli þegar málið er metið í heild
með tilliti til c-liðar 1. mgr. 211. gr. laga um meðferð sakamála þegar lagt er mat á
hvort verulegar líkur séu leiddar að því að sönnunargögn sem færð voru fram í málinu
hafi verið rangt metin svo að áhrif hafi haft á niðurstöðu þess. Gögn þessi varpa
tvímælalaust ljósi á það hvaða forsendum verður að taka mið af við greiningu þess
hvort til álita geti komið að endurupp-
taka hvern þátt þessa máls fyrir sig.

VII.6.2 Greining á því hvort sönnunargögn hafi verið rangt metin

2437. Líkt og gerð var grein fyrir í kafla VII.1 hér að framan er fjallað um skilyrði fyrir
endurupp-
töku sakamála sem dæmd hafa verið í Hæstarétti í 1. mgr. 215. gr. laga um
meðferð sakamála. Þar er kveðið á um að endurupp-
tökunefnd geti leyft samkvæmt
beiðni að mál sem dæmt hefur verið í Hæstarétti verði tekið þar til meðferðar og
dómsuppsögu að nýju ef fullnægt er þeim skilyrðum sem greinir í 1. mgr. 211. gr.
laganna. Í ákvæðinu er kveðið á um að endurupp-
tökunefnd geti orðið við beiðni
manns um endurupp-
töku, sem telur sig ranglega sakfelldan eða sakfelldan fyrir mun
meira brot en það sem hann hefur framið, ef einhverju skilyrða í a–d-liðum er
fullnægt. Efnisleg skilyrði c-liðar 1. mgr. 211. gr. laga um meðferð sakamála sem hér
eru til umfjöllunar eru að verulegar líkur séu leiddar að því að sönnunargögn sem færð
voru fram í máli hafi verið rangt metin svo að áhrif hafi haft á niðurstöðu þess. Líkt og
rakið er í kafla VII.2 ber hins vegar að líta á heimildina sem þröngt undantekningar-
ákvæði sem beita verður af fyllstu varkárni og því aðeins að sýnt sé fram á sérstakar
aðstæður sem réttlætt geti endurupp-
töku á þessum grundvelli.
2438. Endurupp-
tökubeiðandi, var með dómi Hæstaréttar í máli nr. 214/1978, uppkveðnum
22. febrúar 1980, fundinn sekur um tvö manndráp af gáleysi, samanber 218. gr. og

⁴⁰²¹ Málsgögn endurupp-
tökunefndar, bls. 4818–4851.

⁴⁰²² Málsgögn endurupp-
tökunefndar, bls. 4852–4856.

215. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, og rangar sakargiftir, samanber 1. mgr. 148. gr. almennra hegningarlaga. Þá var hann jafnframt fundinn sekur um þjófnaði, áfengislagabrot, skjalafals, fjársvik og fíkniefnalagabrot.

2439. Með erindi dagsettu 12. mars 2015 fór talsmaður endurupptökubeiðanda þess á leit að hæstaréttarmál nr. 214/1978 yrði endurupptekið að því er varðar dóm vegna tveggja manndrápa af gáleysi og rangra sakargifta. Í beiðni um endurupptöku er meðal annars vísað til c-liðar 1. mgr. 211. gr. laga um meðferð sakamála. Við úrlausn um beiðni endurupptökubeiðanda um endurupptöku hæstaréttarmálsins á grundvelli ákvæðisins verður að meta hvort verulegar líkur séu leiddar að því að sönnunargögn hafi verið rangt metin þannig að áhrif hafi haft á niðurstöðu málsins. Við það mat verður meðal annars að horfa annars vegar til þeirra gagna sem lágu fyrir Hæstarétti við uppkvaðningu dómsins og hins vegar gagna og upplýsinga sem síðar hafa komið í ljós og gerð hafa verið skil hér að framan í kafla VII.6.1 í umfjöllun um a-lið 1. mgr. 211. gr. laga um meðferð sakamála.

VII.6.2.a Guðmundarmál

2440. Ríkissaksóknari gaf út ákæru 8. desember 1976 vegna hvarfs Guðmundar Einarssonar og annarra mála á hendur endurupptökubeiðanda og fleirum. Var endurupptökubeiðandi og dómfelldu Kristján Viðar og Tryggvi Rúnar ákærðir fyrir manndráp með því að hafa, aðfaranótt 27. janúar 1974, í félagi ráðist á Guðmund Einarsson í kjallaraíbúð að Hamarsbraut 11 og misþyrmt honum svo, þar á meðal með hnífstungum sem dómfelldi Kristján Viðar hafi veitt honum, að hann hafi hlotið bana af og komið líki hans fyrir á ókunnum stað. Var dómfelldi Albert ákærður fyrir eftirfarandi hlutdeild í fyrrgreindum verknaði með því að hafa veitt endurupptökubeiðanda og dómfelldu Kristjáni Viðari og Tryggva Rúnari liðsinni við að fjarlægja og koma líki Guðmundar fyrir á ókunnum stað og þannig leitast við að afmá ummerki brotsins, bæði fyrrgreinda nótt og síðar síðla sumars 1974 þegar líkamsleifar Guðmundar voru fluttar á annan stað. Hafi flutningar þessir farið fram í bifreiðum sem dómfelldi Albert hafi haft til umráða og ekið.⁴⁰²³
2441. Við flutning málsins fyrir sakadómi Reykjavíkur var því lýst yfir af hálfu ákæruvaldsins að fyrsti töluliður í I. kafla ákærunnar væri ekki lengur á því byggður að dómfelldi Kristján Viðar hafi ráðist að Guðmundi með hnífi og stungið hann, heldur að allir ákærðu hafi hver fyrir sig átt jafnan þátt í árásinni á Guðmund og dauða hans. Um væri að ræða óaðskiljanlegan samverknað ákærðu. Af þessum sökum var málið reifað og flutt fyrir Hæstarétti á þann veg að ákæruefni er lutu að dauða Guðmundar og Geirfinns gætu til vara varðað við 218. gr. og 215. gr. almennra hegningarlaga.
2442. Líkt og greinir að framan var endurupptökubeiðandi fundinn sekur um manndráp af gáleysi með dómi Hæstaréttar 22. febrúar 1980 í máli nr. 214/1978. Sekt endurupptökubeiðanda var talin sönnuð fyrst og fremst með játningum hans, framburðum annarra dómfelldu og vitnisburðum sjónarvotta. Sýnilegum

⁴⁰²³ Málsgrein 968.

sönnunargögnum var vart til að dreifa og því ljóst að niðurstaða málsins var fyrst og fremst reist á sönnunargögnum í formi framburða. Við úrlausn beiðni endurupptökubeiðanda um endurupptöku hæstaréttarmálsins á grundvelli c-liðar 1. mgr. 211. gr. laga um meðferð sakamála, að því er varðar dóm fyrir manndráp af gáleysi, verður að meta hvort verulegar líkur séu leiddar að því að sönnunargögn hafi verið rangt metin þannig að áhrif hafi haft á niðurstöðu málsins. Við það mat verður að horfa annars vegar til þeirra gagna sem lágu fyrir Hæstarétti við uppkvaðningu dómsins og hins vegar gagna og upplýsinga sem síðar hafa komið í ljós.

2443. Upphaf Guðmundarmálsins má rekja til handtöku endurupptökubeiðanda 12. desember 1975 vegna gruns um aðild hans að svokölluðu póstsvikamáli. Var endurupptökubeiðandi færður til skýrslutöku vegna málsins á skrifstofu rannsóknarlögreglunnar milli klukkan 16:30 og 17:05 þann dag. Neitaði hann alfarið sök og var í framhaldinu úrskurðaður í 30 daga gæsluvarðhald og fluttur í fangelsið við Síðumúla.⁴⁰²⁴ Degi síðar var dómfellda Erla handtekin vegna sama máls og einnig úrskurðuð í 30 daga gæsluvarðhald eftir að hafa neitað sök við yfirheyrslu. Næstu afskipti lögreglunnar af endurupptökubeiðanda voru þremur dögum síðar þegar farið var með hann til yfirheyrslu í sakadóm í ávana- og fíkniefnamálum milli klukkan 16:30 og 23:40. Daginn eftir, 16. desember 1975 klukkan 14:00, var hann fluttur aftur til yfirheyrslu í sakadóm í ávana- og fíkniefnamálum en komið með hann til baka í varðhaldið klukkan 18:00. Var þess getið í dagbók fangelsisins við Síðumúla að Jón Oddsson, réttargæslumaður endurupptökubeiðanda, hafi komið til viðtals við hann 17. desember 1975.⁴⁰²⁵ Milli klukkan 10:15 og 12:25 sama dag var endurupptökubeiðandi til yfirheyrslu í sakadómi í ávana- og fíkniefnamálum. Var hann fluttur aftur til yfirheyrslu milli klukkan 14:20 og 18:35. Fimmtudaginn 18. desember 1975 var endurupptökubeiðandi enn fluttur til yfirheyrslu í sakadóm í ávana- og fíkniefnamálum klukkan 11:00. Var komið með hann aftur í Síðumúlafangelsið klukkan 17:20.⁴⁰²⁶ Föstudaginn 19. desember 1975 kom réttargæslumaður endurupptökubeiðanda til viðtals við hann í rúma klukkustund. Daginn eftir kom lögreglumaður á vegum sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum til viðtals við hann í Síðumúlafangelsinu milli klukkan 15:15 og 16:20. Var viðtalið að beiðni endurupptökubeiðanda sem vildi ræða við sakadómara í ávana- og fíkniefnamálum, en þess var getið í dagbók fangelsisins að dómari hafi talið nægja að láta endurupptökubeiðanda ljúga í lögreglumanninn.⁴⁰²⁷
2444. Dómfellda Erla hafði játað fyrra tilvik póstsvikamálsins 18. desember 1975 en var áfram til yfirheyrslu fram á kvöld, án þess að um það hafi verið bókað. Sama dag var [SSA] fluttur í Síðumúlafangelsið. Daginn eftir, 19. desember 1975, var dómfellda Erla áfram í yfirheyrslum en engin rannsóknargögn liggja fyrir um hvað þar fór fram. [SSA] var sleppt úr haldi skömmu eftir hádegi þann dag, en dómfellda var yfirheyrð áfram en án þess að nokkuð hafi verið skráð. Um kvöldið játaði hún seinna tilvik

⁴⁰²⁴ Málsgrein 49.

⁴⁰²⁵ Málsgrein 53.

⁴⁰²⁶ Málsgrein 54.

⁴⁰²⁷ Málsgrein 57.

póstsvikamálsins og til stóð að láta hana þá lausa úr gæsluvarðhaldi. Laugardaginn 20. desember 1975 var dómfellda Erla til skýrslutöku hjá lögreglu í samtals sex klukkustundir að teknu tilliti til matarhlés, vegna ábendingar sem lögreglu hafði borist um aðild endurupptökubeiðanda að hvarfi Guðmundar Einarssonar. Greindi hún þar með ítarlegum og myndrænum hætti frá atburðum og öllum aðstæðum aðfaranótt 27. janúar 1974 í kjallaraíbúðinni að Hamarsbraut 11. Bar hún um að hafa séð til endurupptökubeiðanda, dómfellda Kristjáns Viðars og óþekktis þriðja manns bera eitthvað stórt og þungt á milli sín, sem hún hafi verið fullviss um að hafi verið mannslíkami, umvafið ljósu laki, út úr kjallaraíbúðinni.⁴⁰²⁸ Í framhaldinu staðfesti dómfellda Erla framburð sinn fyrir dómi og var þar með sleppt úr gæsluvarðhaldi eftir að hafa setið í varðhaldi í Síðumúlafangelsi í sjö daga í tengslum við rannsókn á framangreindu póstsvikamáli, en hún hafði þá þegar játað aðild sína að fjársvikumum.⁴⁰²⁹

2445. Á framangreindu átta daga tímabili, 12. desember til og með 20. desember 1975, var endurupptökubeiðandi til yfirheyrslu og viðtals hjá lögreglu í samtals 25 klukkustundir vegna tvenns konar sakarefna, annars vegar fjársvika og hins vegar ávana- og fíkniefnabrota. Sunnudaginn 21. desember 1975 ræddu fulltrúi yfirsakadómara og tveir rannsóknarlögreglumenn saman um „viðkomandi mál“, eins og það var bókað í dagbók fangelsisins við Síðumúla. Í kjölfarið var endurupptökubeiðandi færður til viðtals við rannsóknarlögreglumennina klukkan 14:45. Á sama tíma var kunningi endurupptökubeiðanda, [ViG], sem starfaði við leigubifreiðaakstur, látinn laus eftir yfirheyrslur frá því um morguninn.⁴⁰³⁰ Var þess getið með bókun klukkan 16:25 að fulltrúi yfirsakadómara myndi hafa símasamband við yfirheyrsluherbergið af og til. Bókað var að klukkustundarlangt hlé hafi verið gert á yfirheyrslu yfir endurupptökubeiðanda milli klukkan 18:55 og 19:55. Var Jón Oddsson, réttargæslumaður endurupptökubeiðanda, viðstaddur yfirheyrsluna milli klukkan 20:30 og 22:30. Var yfirheyrslunni lokið klukkan 01:55 og hafði þá staðið yfir í rúmar tíu klukkustundir að teknu tilliti til matarhlés.⁴⁰³¹ Af samlestri fyrirbyggjandi málsgagna má ætla að hér sé um að ræða fyrstu yfirheyrslu lögreglu yfir endurupptökubeiðanda um sakarefni vegna hvarfs Guðmundar. Engin rannsóknargögn liggja fyrir um yfirheyrsluna og því óljóst með öllu hvað fór þar fram og hvort gætt hafi verið að 40. gr. laga um meðferð opinberra mála um réttarstöðu sakaðs manns. Ljóst er að yfirheyrslan fór langt umfram lögleg tímamörk, en bann var lagt við því í 3. mgr. 40. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála að yfirheyra mann lengur en í sex klukkustundir samfleytt.
2446. Endurupptökubeiðandi var aftur færður til yfirheyrslu klukkan 11:00 morguninn eftir, en þá hafði hann einungis fengið rúmar níu klukkustundir í hvíld frá því fyrri yfirheyrslu lauk sem fullnægði rétt lágmarksviðmiðum um svefn á sólarhring. Yfirheyrslan stóð yfir til klukkan 13:00 en þá var gert hlé á yfirheyrslunni, eins og það

⁴⁰²⁸ Málsgrein 56.

⁴⁰²⁹ Málsgrein 56.

⁴⁰³⁰ Málsgrein 58.

⁴⁰³¹ Málsgrein 58.

var orðað í dagbók fangelsisins við Síðumúla.⁴⁰³² Engin skýrsla liggur fyrir um þessa tveggja klukkustunda löngu yfirheyrslu yfir endurupptökubeiðanda. Af þeim sökum liggur ekki fyrir hvað fór fram og hvort gætt hafi verið að ákvæðum sem giltu um réttarstöðu hans. Klukkan 14:00 þennan dag, 22. desember 1975, var bókað í fangelsisdagbók að endurupptökubeiðandi hafi enn verið færður til yfirheyrslu.⁴⁰³³ Þess var ekki getið í dagbók fangelsisins hvenær yfirheyrslunni lauk en í fyrirbyggjandi samantektarskýrslu lögreglu um yfirheyrsluna var bókað að henni hafi lokið klukkan 19:00. Fulltrúi yfirsakadómara og réttargæslumaður endurupptökubeiðanda voru viðstaddir milli klukkan 15:30 og 19:00. Bókað var í samantektarskýrsluna að endurupptökubeiðandi hafi verið kynnt að tilefni yfirheyrslunnar væri skýrsla sem dómfellda Erla hafi gefið um afdrif Guðmundar. Af samantektarskýrslunni verður ekki ráðið að endurupptökubeiðandi hafi verið kynnt að lögreglu hafi upphaflega borist ábending um að hann væri viðriðinn hvarf Guðmundar. Var þess getið að gætt hafi verið að 1. mgr. 40. gr. laga um meðferð opinberra mála. Í samantektarskýrslunni kom fram að endurupptökubeiðandi hafi verið „margspurður“ um vitneskju hans um hvarf Guðmundar, en hann hafi neitað allri vitneskju þar um. Þá hafi honum verið bent á að sambýliskona hans hafi skýrt frá vitneskju sinni um málið og að hún segði endurupptökubeiðanda viðriðinn hvarf Guðmundar. Bókað var að endurupptökubeiðandi hafi þá viðurkennt að hafa einhverja vitneskju um afdrif Guðmundar en ekki viljað greina nánar frá henni til að byrja með. Áður en nokkuð var bókað um framburð endurupptökubeiðanda var þess getið í samantektarskýrslunni að upphafið að skýrslu sambýliskonu hans hafi verið lesið fyrir hann í samráði við réttargæslumann hans. Þess var getið að endurupptökubeiðandi hafi fljótlega beðið um að lestrinum yrði hætt og þá fallist á að skýra sjálfur frá hlutdeild sinni. Bókað var í samantektarskýrsluna að skrifleg skýrsla hafi ekki verið tekin af endurupptökubeiðanda en þess getið að hann hafi skýrt frá atburðum mjög á sömu lund og dómfellda Erla. Bókað var að endurupptökubeiðandi hafi í aðalatriðum rakið það að Guðmundur Einarsson og dómfelldu Kristján Viðar og Tryggvi Rúnar hafi allir komið að Hamarsbraut 11 seint í janúar 1974. Átök hefðu átt sér stað sem hafi endað með því að Guðmundur hafi beðið bana. Þá hafi endurupptökubeiðandi greint frá því að hafa hringt í dómfellda Albert og fengið hann á staðinn á bifreið föður hans. Í þeirri bifreið hafi þeir flutt lík Guðmundar og urðað það í Hafnarfjarðarhrauni. Í niðurlagi samantektarskýrslunnar var bókað um ástæður þess að skrifleg skýrsla hafi ekki verið tekin, annars vegar hafi verið mjög liðið á leyfilegan yfirheyrslutíma og hins vegar hafi réttargæslumaður endurupptökubeiðanda óskað eftir þeirri frestun.⁴⁰³⁴ Þegar yfirheyrslunni lauk klukkan 19:00 hafði endurupptökubeiðandi verið til yfirheyrslu vegna málsins þennan dag í samtals sjö klukkustundir, að teknu tilliti til klukkustundarhlés sem gert var milli klukkan 13:00 og 14:00. Tímalengd yfirheyrslunnar braut því gegn banni 3. mgr. 40. gr. laga um meðferð opinberra mála um að yfirheyrslur færu umfram sex klukkustundir.

⁴⁰³² Málsgrein 59.

⁴⁰³³ Málsgrein 59.

⁴⁰³⁴ Málsgrein 59.

2447. Á þessum tímapunkti hafði endurupptökubeiðandi verið í tíu daga einangrunarvist í Síðumúlafangelsi og til yfirheyrslu í samtals 25 klukkustundir vegna rannsóknar lögreglu á tveimur aðskildum sakamálum. Á rúmum sólarhring, eða 28 klukkustundum á framangreindu tímabili, var endurupptökubeiðandi til yfirheyrslu í samtals 17 klukkustundir vegna hvarfs Guðmundar Einarssonar. Þess ber að geta að í dómi sínum lagði sakadómur Reykjavíkur ranglega til grundvallar að endurupptökubeiðandi hafi fyrst verið yfirheyrður um atvik þessa máls 22. desember 1975. Fram kemur í dagbók Síðumúlafangelsisins að endurupptökubeiðandi var til yfirheyrslu 21. desember 1975 þótt ekki hafi verið gerð um það skýrsla.
2448. Ekki er óvarlegt að álykta að endurupptökubeiðandi hafi verið undir álagi á þessum tíma, en mörg spjót beindust að honum samtímis í gæsluvarðhaldinu, þar á meðal sakarefni mjög alvarlegs eðlis. Engar skriflegar skýrslur eru fyrirbyggjandi um yfirheyrslur yfir endurupptökubeiðanda á þessum tíma vegna hvarfs Guðmundar önnur en framangreind samantektarskýrsla um það sem endurupptökubeiðandi bar um síðustu fimm klukkustundirnar af 17 klukkustunda yfirheyrslutörn. Í þeirri skýrslu, sem endurupptökubeiðandi staðfesti ekki með undirritun sinni, kom fram að hann hafi verið „margspurður“ um vitneskju hans um hvarf Guðmundar, en hann hafi neitað allri vitneskju sinni þar um. Af þeirri bókun, saman með þeirri staðreynd að samantektarskýrslan er fyrsta skýrslan um framburð endurupptökubeiðanda vegna málsins, má álykta á þann veg að endurupptökubeiðandi hafi fram að því neitað allri aðild að hvarfi Guðmundar og vitneskju þar um. Þess var ekki getið í samantektarskýrslunni hvenær upplestri á skýrslu um yfirheyrslu yfir dómfelldu Erlu var hætt. Fyrir liggur að sú skýrsla er fimm þéttitaðar síður á lengd, mjög efnismikil og ítarleg. Með öllu er óljóst hvaða efnisatriði höfðu verið kynnt endurupptökubeiðanda áður en hann gaf framburð sem var að mati lögreglu „mjög á sömu lund“, eins og það var orðað. Af samantektarskýrslunni er því ekki unnt að ráða hvort framburður hans hafi verið reistur á skynjan hans sjálfs eða á vitnisburði dómfelldu Erlu. Í samantektarskýrsluna var bókað að endurupptökubeiðandi hafi borið um að hafa hringt til dómfellda Alberts og fengið hann til að koma á staðinn á bifreið. Við framhaldsrannsókn málsins í lok janúar 1977 komu fyrst fram upplýsingar um að síminn að Hamarsbraut 11 var lokaður á umræddum tíma. Það liggur því fyrir staðfest að endurupptökubeiðanda var ómögulegt að hafa símasamband með þessum hætti við dómfellda Albert aðfaranótt 27. janúar 1974.⁴⁰³⁵ Framburður endurupptökubeiðanda um að hafa hringt tilvitnað símtal er því ekki í samræmi við staðreyndir og þar af leiðandi ótrúverðugur. Bókun í samantektarskýrslu lögreglu um að endurupptökubeiðandi hafi borið um að átök hafi átt sér stað í íbúðinni sem hafi lokið með því að Guðmundur hafi beðið bana er of almennt orðuð og óljós til að vera túlkuð sem játning hans um að hafa svipt Guðmund lífi. Auk þess verður við mat á sönnunargildi bókunarinnar að horfa til þess að hún er ekki sett fram í formlegri skýrslu sem endurupptökubeiðandi staðfesti með undirritun sinni heldur í samantektarskýrslu lögreglu. Sönnunargildi slíkrar skýrslu verður ekki lagt að líku við undirritaða framburðarskýrslu. Sama gildir um bókun þess efnis að endurupptökubeiðandi hafi

⁴⁰³⁵ Málsgrein 2349.

sagt þá hafa flutt lík Guðmundar í bifreið sem dómfelldi Albert hafi haft yfir að ráða og urðað það í Hafnarfjarðarhrauni.

2449. Daginn eftir, 23. desember 1975, var endurupptökubeiðandi enn tekinn til yfirheyrslu. Engin skrifleg skýrsla liggur fyrir en þess var getið í fangelsisdagbók að hann hafi neitað að tjá sig án þess að hafa réttargæslumann sinn viðstaddan. Stuttu síðar var endurupptökubeiðandi aftur tekinn til yfirheyrslu þrátt fyrir að ekki hafi náðst í réttargæslumann hans. Ítrekaði hann þá neitun sína um að tjá sig án réttargæslumannsins og var í kjölfarið settur aftur á klefa.⁴⁰³⁶ Um kvöldmatarleytið sama dag var endurupptökubeiðandi aftur tekinn til yfirheyrslu og þá að viðstöddum réttargæslumanni sínum og fulltrúa sakadómara. Skrifleg skýrsla liggur ekki fyrir um hvað fór fram en þess var getið í dagbók Síðumúlafangelsisins „að slitnað hafi upp úr viðræðum skömmu síðar.“ Í framhaldinu var endurupptökubeiðandi færður inn á klefa til viðtals við réttargæslumann sinn í tíu mínútur í áheyrn rannsóknarlögreglumanns.⁴⁰³⁷ Fjórum dögum síðar, 27. desember 1975 milli klukkan 13:00 og 13:50, var endurupptökubeiðandi næst til yfirheyrslu vegna hvarfs Guðmundar. Þess var getið í dagbók Síðumúlafangelsisins að rannsóknarlögreglumenn hafi í kjölfarið farið með endurupptökubeiðanda í ökuferð til leitar. Samkvæmt bókun í fangelsisdagbók var komið með endurupptökubeiðanda til baka í gæsluvarðhaldið klukkan 16:45. Skýrslur liggja ekki fyrir, hvorki um yfirheyrsluna né ökuferðina og því óvíst hvað þar fór fram. Á hádegi næsta dag, 28. desember 1975, var bókað í dagbók Síðumúlafangelsisins að endurupptökubeiðandi hafi ekki borðað í sólarhring.⁴⁰³⁸ Enn á ný var hann til yfirheyrslu 29. desember 1975 milli klukkan 14:50 og 16:00 án þess að gerð hafi verið um hana formleg skýrsla.⁴⁰³⁹ Daginn eftir ræddi endurupptökubeiðandi við réttargæslumann sinn í klukkustund í áheyrn rannsóknarlögreglumanns.⁴⁰⁴⁰ Var hann færður aftur til yfirheyrslu 2. janúar 1976 milli klukkan 16:20 og 17:00.⁴⁰⁴¹ Skýrsla liggur ekki fyrir um yfirheyrsluna. Skömmu fyrir miðnætti var þess getið með bókun í fangelsisdagbók að endurupptökubeiðandi hafi kvartað um hjartverk og síðan fengið blóðnasir. Daginn eftir var hann yfirheyrður í fimm mínútur en síðan færður aftur á klefa.⁴⁰⁴² Skýrsla um yfirheyrsluna liggur ekki fyrir. Sunnudaginn 4. janúar 1975 var endurupptökubeiðandi aftur til yfirheyrslu milli klukkan 13:55 og 14:25 að viðstöddum réttargæslumanni hans.⁴⁰⁴³ Engin skýrsla var rituð um yfirheyrsluna. Var endurupptökubeiðandi aftur tekinn til yfirheyrslu klukkan 16:15 að viðstöddum réttargæslumanni sínum en færður aftur á klefa fjórum mínútum síðar. Rannsóknargögn liggja ekki fyrir um yfirheyrsluna.
2450. Enn á ný var hann tekinn til yfirheyrslu þennan sama dag, 4. janúar 1976, milli klukkan 16:50 og 22:40, með hléi frá 19:00 til 20:00. Formleg skýrsla um

⁴⁰³⁶ Málsgrein 62.

⁴⁰³⁷ Málsgrein 66.

⁴⁰³⁸ Málsgrein 71.

⁴⁰³⁹ Málsgrein 72.

⁴⁰⁴⁰ Málsgrein 73.

⁴⁰⁴¹ Málsgrein 76.

⁴⁰⁴² Málsgrein 77.

⁴⁰⁴³ Málsgrein 79.

yfirheyrsluna liggur fyrir meðal rannsóknargagna. Var honum kynnt tilefni yfirheyrslunnar um að rannsóknarlögreglunni hafi borist vitneskja um hvarf Guðmundar Einarssonar og aðild endurupptökubeiðanda að því. Greindi endurupptökubeiðandi frá því þegar hann hafi komið að Hamarsbraut 11 skömmu eftir áramótin 1973–1974 og þá hafi dómfelldu Kristján Viðar og Tryggvi Rúnar verið þar fyrir utan. Þeir hafi komið með honum inn í íbúðina, en skömmu síðar hafi endurupptökubeiðandi heyrt dynk koma innan úr geymsluherberginu. Lýsti endurupptökubeiðandi því að hann hafi séð dómfelldu Kristján Viðar og Tryggva Rúnar þar inni og mann á gólfinu sem búið hafi verið að breiða rúmlak yfir. Hann hafi þá farið inn á salerni en þegar hann hafi komið fram hafi dómfelldu verið búnir að vefja manninn inn í lakið. Maðurinn hafi verið borinn út og lagður í aftursæti bifreiðar dómfellda Alberts sem var fyrir utan húsið. Lýsti endurupptökubeiðandi akstursleiðinni um Hafnarfjarðarhraun og því hvernig dómfelldu Tryggvi Rúnar og Kristján Viðar hafi tekið manninn í lakinu með sér út í náttmyrkrið.⁴⁰⁴⁴ Líkt og greinir að framan var yfirheyrslunni lokið klukkan 22:40. Klukkan 23:00 fóru tveir rannsóknarlögreglumenn og fulltrúi yfirsakadómara með endurupptökubeiðanda í ökuferð. Komið var með hann aftur í varðhaldið klukkan 00:10. Engin skýrsla liggur fyrir um ökuferðina, en hennar var getið í dagbók Síðumúlafangelsisins.⁴⁰⁴⁵ Fyrir liggur að tæpum tveimur klukkustundum síðar kastaði endurupptökubeiðandi upp, fékk blóðnasir og kvartaði undan hjartverk en um það var bókað í dagbók fangelsisins.⁴⁰⁴⁶ Meðal rannsóknarefna í svonefndri harðræðisrannsókn samanber mál rannsóknarlögreglu ríkisins nr. 2875/79, var ásökun endurupptökubeiðanda, sem hann setti fram skriflega 17. maí 1979, á hendur rannsóknarlögreglumönnum um að hafa farið með hann út í Hafnarfjarðarhraun og gengið þar í skrokk á honum til að knýja hann til játninga.⁴⁰⁴⁷ Misræmi kom fram við harðræðisrannsóknina um það hvaða rannsóknarlögreglumenn hafi verið með í för og hvenær slík ferð hafi verið farin. Enginn meðal rannsóknarlögreglumanna könnuðust við tilvik það sem endurupptökubeiðandi bar um en hann var ekki inntur nánar eftir málsatvikum.

2451. Þegar framangreind yfirheyrsla fór fram yfir endurupptökubeiðanda hafði hann verið í einangrunarvist í Síðumúlafangelsi í 23 daga. Síðustu 14 dagana hafði hann verið tólf sinnum til yfirheyrslu í samtals 20 klukkustundir og 20 mínútur. Af samanburði málsgagna og bókana í dagbók Síðumúlafangelsisins má ráða að yfirheyrslur yfir endurupptökubeiðanda á framangreindu tímabili hafi allar verið í tilefni af rannsókn lögreglu á hvarfi Guðmundar Einarssonar. Skýrslan sem gerð var í tilefni af síðastgreindri yfirheyrslu er fyrsta formlega skýrslan um sakarefnið sem endurupptökubeiðandi staðfesti með undirritun sinni. Í dómi Hæstaréttar er sú forsenda lögð til grundvallar að játning endurupptökubeiðanda hafi komið fram í skýrslum hans í janúar 1976, án þess þó að vísað sé til ákveðinna skýrslna. Á hinn bóginn ber síðastgreind skýrsla það með sér að endurupptökubeiðandi hafi lýst aðkomu sinni sem heyrnar- og sjónarvottur að atburðum sem hafi átt sér stað að Hamarsbraut 11 í janúar 1974 þar

⁴⁰⁴⁴ Málsgreinar 81–82.

⁴⁰⁴⁵ Málsgrein 82.

⁴⁰⁴⁶ Málsgrein 82.

⁴⁰⁴⁷ Málsgrein 1834.

sem maður hafi látið lífið. Hann lýsti aðför meintra gerenda, dómfelldu Kristjáns Viðars og Tryggva Rúnars, og játaði veru sína í íbúðinni og í ökuferð með lík mannsins út í Hafnarfjarðarhraun, en gerði hlut sinn að öðru leyti að engu.

2452. Líkt og rakið hefur verið var endurupptökubeiðandi yfirheyrður um sakarefnið í átta skipti í samtals þrjár klukkustundir og 20 mínútur dagana 23. desember 1975 til 3. janúar 1976 án þess að nokkuð hafi verið bókað eða um það gerð formleg skýrsla. Fyrir liggja skýringar rannsóknarlögreglumanna á þeim vinnubrögðum almennt, en þeir voru yfirheyrðir um þetta atriði undir rekstri málsins fyrir sakadómi 27. september 1977 í tilefni af kröfu verjanda dómfellda Tryggva Rúnars þar um. Fram kom að ekki væri venja að bóka allar yfirheyrslur. Þá væri yfirleitt ekki bókað nema eitthvað nýtt kæmi fram eða sá sem væri til yfirheyrslu vildi bæta einhverju við framburð sinn.⁴⁰⁴⁸ Af fullyrðingu rannsóknarlögreglumannsins fyrir dómi virðist mega draga þá ályktun að ekki hafi verið tilefni til að bóka nokkuð eftir endurupptökubeiðanda í þau átta skipti sem hann var tekinn til yfirheyrslu á framangreindu tímabili þar sem ekkert nýtt hafi komið fram frá því 22. desember 1975. Velta má því upp hvort það að grunaður maður neiti aðild flokkist undir „ekkert nýtt“ í þessum skilningi en miðað við hve takmarkaðar upplýsingar endurupptökubeiðandi hafði borið um á þessum tíma sýnist áhorfsmál hvort ekki sé unnt að draga þá ályktun að hann hafi ekki kannast við sakarefni málsins. Vinnubrögð rannsóknarlögreglumanna valda því í það minnsta að sá möguleiki er fyrir hendi. Hefur það áhrif á trúverðugleika framburðar endurupptökubeiðanda þennan dag, 4. janúar 1976, og gildi skýrslunnar sem sönnunargagns.
2453. Endurupptökubeiðandi var yfirheyrður aftur daginn eftir, 5. janúar 1976, í þrjár klukkustundir, en engin skýrsla liggur fyrir um hvað þar fór fram.⁴⁰⁴⁹ Hann var aftur tekinn til yfirheyrslu næsta dag milli klukkan 13:50 og 16:00 vegna rannsóknar á hvarfi Guðmundar. Í skýrslu um yfirheyrsluna kom fram að endurupptökubeiðandi hafi greint frá því að dómfelldu Kristján Viðar og Tryggvi Rúnar og einhver þriðji maður hafi ruðst inn óboðnir að Hamarsbraut 11. Lýsti endurupptökubeiðandi því ítrekað hvernig dómfelldu hafi haft í hótunum við hann eða gert sig líklega til að ráðast á hann. Endurupptökubeiðandi hafi orðið vitni að því þegar dómfelldi Kristján Viðar hafi ráðist á óþekktan manninn og slegið hann krepptum hnefa í andlitið. Lýsti endurupptökubeiðandi hlutverki sínu sem sjónar- eða heyrnarvotts að atburðum sem hafi lyktað með því að umræddur maður hafi legið meðvitundarlaus á gólfi íbúðarinnar. Bar endurupptökubeiðandi um að dómfelldi Kristján Viðar hafi skipað honum að hringja til dómfellda Alberts sem hann hafi gert því hann hafi ekki þorað öðru. Greindi hann frá því að hafa farið í ökuferð um Hafnarfjörð og að afleggjaranum við Álverið, en þar um kring hafi dómfelldi Albert reykt hassmola sem hann hafi fengið að launum fyrir að koma á bifreiðinni. Síðan hafi þeir ekið aftur að Hamarsbraut 11 og allir farið inn nema dómfelldi Albert og þeir dómfelldu Tryggvi Rúnar og Kristján Viðar farið rakleiðis inn í geymsluherbergið þar sem maðurinn hafi verið en endurupptökubeiðandi farið inn á salernið. Þegar hann hafi síðan komið fram hafi

⁴⁰⁴⁸ Málsgrein 1696.

⁴⁰⁴⁹ Málsgrein 83.

maðurinn verið samanhnipraður og innvafinn í lak. Dómfelldi Tryggvi Rúnar hafi rétt honum annan enda laksins og sagt honum að binda hnút á sem hann gerði. Í framhaldinu hafi dómfelldu Tryggvi Rúnar og Kristján Viðar farið með manninn í lakinu út úr íbúðinni en endurupptökubeiðandi farið að stumra yfir dómfelldu Erlu. Þegar honum hafi verið litið út hafi þeir verið farnir og bifreið dómfellda Alberts sömuleiðis. Nokkru síðar hafi dómfelldi Albert komið aftur og ekið honum að starfsmannahúsinu við Kópavogshæli þar sem hann hafi dvalið um nóttina. Þeir hafi ekkert rætt flutninginn en bókað var í skýrsluna að endurupptökubeiðandi hafi sagt það vel geta verið að hann hafi sagt dómfellda Alberti að flutningurinn hafi verið lík af manni. Greindi endurupptökubeiðandi lögreglu frá því að hann hafi ekki þorað að segja nokkrum manni frá vitneskju sinni vegna hræðslu við hefndaraðgerðir af hálfu dómfelldu Kristjáns Viðars og Tryggva Rúnars.⁴⁰⁵⁰

2454. Á þessum tímamarki hafði endurupptökubeiðandi verið vistaður í einangrun í Síðumúlafangelsi í 25 daga. Á síðustu 16 dögum hafði hann verið tekinn 14 sinnum til yfirheyrslu í samtals 28 klukkustundir og 10 mínútur. Framangreind skýrsla er önnur formlega skýrslan um yfirheyrslu yfir honum um sakarefnið sem hann staðfesti með undirritun sinni. Skýrslan ber sömu merki og síðasta skýrsla endurupptökubeiðanda, að hann hafi verið heyrnar- og sjónarvottur að atburðum sem hafi átt sér stað að Hamarsbraut 11 í janúar 1974 þar sem maður hafi látið lífið. Manninn nefnir endurupptökubeiðandi aldrei á nafn. Í framburði sínum var hann fjarlægur öllum athöfnum og þar með hvers kyns refsiverðum verknaði. Þá lýsti hann dómfelldu Kristjáni Viðari og Tryggva Rúnari sem gerendum og greindi frá ótta sínum við þá og hræðslu við hefndaraðgerðir af þeirra hálfu. Hann játaði veru sína á staðnum í íbúðinni þegar maðurinn beið bana og hvernig hann hafi að fyrirmælum dómfellda Tryggva Rúnars bundið hnút á lak sem gerendurnir hafi vafið manninn inn í. Hann breytti hins vegar framburði sínum varðandi flutning á líki mannsins og kvaðst ekki hafa verið með í för þegar líkið var flutt í burtu líkt og hann hafði greint frá við yfirheyrslu degi fyrr, 4. janúar 1976.
2455. Endurupptökubeiðandi var aftur til yfirheyrslu 9. janúar 1976 milli klukkan 10:30 og 10:45. Skýrsla liggur ekki fyrir um yfirheyrsluna en þess var getið í dagbók fangelsisins við Síðumúla að samtalið hafi verið árangurslaust. Seinnipart sama dags ræddi fulltrúi yfirsakadómara stuttlega við endurupptökubeiðanda inni á klefa hans.⁴⁰⁵¹ Hann var enn færður til yfirheyrslu 10. janúar 1976 milli klukkan 16:40 og 18:05, en engin skýrsla liggur fyrir um yfirheyrsluna.⁴⁰⁵² Fyrir liggur að endurupptökubeiðandi var til yfirheyrslu vegna póstsvikamálsins 11. janúar 1976 í tæplega eina og hálfu klukkustund þar sem hann játaði aðild sína að fjársvikunum.⁴⁰⁵³ Sama dag var þinghald háð í sakadómi Reykjavíkur og tekin fyrir rannsókn á hvarfi Guðmundar Einarssonar. Kom endurupptökubeiðandi fyrir dóm vegna málsins í fyrsta sinn klukkan 16:35. Réttargæslumaður hans var ekki viðstaddur. Í þingbók sakadóms var

⁴⁰⁵⁰ Málsgrein 86.

⁴⁰⁵¹ Málsgrein 93.

⁴⁰⁵² Málsgrein 95.

⁴⁰⁵³ Málsgrein 96.

bókuð játning endurupptökubeiðanda um að hafa sparkað í kjálka manns sem hafi legið rotaður á gólfinu að Hamarsbraut 11. Eftir það hafi maðurinn ekki staðið upp. Seinna í bókuninni var þess getið að endurupptökubeiðandi hafi breytt framburði sínum á þá leið að maðurinn hafi ekki verið liggjandi þegar hann sparkaði í hann heldur á hnjánum. Var endurupptökubeiðandi í kjölfarið úrskurðaður í 60 daga gæsluvarðhald og til að undirgangast geðrannsókn, en sama dag rann út 30 daga gæsluvarðhald sem hann var úrskurðaður í 12. desember 1975 í tengslum við rannsókn póstsvikamálsins. Vék endurupptökubeiðandi frá klukkan 17:05.⁴⁰⁵⁴

2456. Þegar endurupptökubeiðandi kom fyrir dóm þennan dag, 11. janúar 1976, hafði hann verið í einangrunarvist í Síðumúlafangelsi í 30 daga. Á 21 dags tímabili, frá því hann var fyrst yfirheyrður um hvarf Guðmundar, var hann tekinn 17 sinnum til yfirheyrslu í samtals 32 klukkustundir. Þennan dag játaði endurupptökubeiðandi í fyrsta sinn og það fyrir dómi, aðför að ónefndum manni í íbúð að Hamarsbraut 11 og var í kjölfarið úrskurðaður í áframhaldandi gæsluvarðhald. Í þessu samhengi verður að halda til haga að á dómþingi sakadóms Reykjavíkur 29. mars 1977 neitaði ákærði sök samkvæmt I. kafla ákæru frá 8. desember 1976. Við það tilefni var honum kynntur framangreindur framburður hans frá 11. janúar 1976 og lýsti endurupptökubeiðandi því þá yfir að hann væri eftir honum hafður, en væri rangur. Bar hann því við að hafa verið látinn játa á sig sakir og verið beittur líkamlegu ofbeldi af rannsakendum og fangavörðum. Meðal annars af þessu tilefni ritaði fulltrúi yfirsakadómar greinargerð að fyrirlagi sakadóms, dagsetta 22. ágúst 1977. Í greinargerðinni kom fram að endurupptökubeiðandi hafi í framangreindu þinghaldi, 11. janúar 1976, reynt að bera fyrir sig að hafa verið þvingaður til að játa á sig sakir við rannsókn á hvarfi Guðmundar. Greindi fulltrúi yfirsakadómar frá því að hafa ekkert mark tekið á þeim framburði þar sem hann hafi vitað betur enda verið viðstaddur ásamt réttargæslumanni endurupptökubeiðanda þegar hann hafi fyrst skýrt frá aðild sinni að málinu, 22. desember 1975.⁴⁰⁵⁵ Væntanlega af þessum ástæðum bókaði fulltrúi yfirsakadómar ekkert í þingbók sakadóms um viðleitni endurupptökubeiðanda til að draga til baka framburð sinn í málinu í þinghaldi 11. janúar 1976. Þess í stað var bókuð játning hans um að hafa ráðist að manni í umrætt sinn. Játning endurupptökubeiðanda, sem bókuð var í þingbók sakadóms í framangreindu þinghaldi, um að hafa sparkað í kjálka manns að Hamarsbraut 11 virðist því nokkuð sérkennileg í ljósi þessarar afdráttarlausu staðhæfingar fulltrúans um að endurupptökubeiðandi hafi við sama tilefni dregið fyrri framburð sinn til baka. Þessi mótsögn hefur ekki verið skýrð sem hefur ótvíræð áhrif á trúverðugleika játningarinnar. Endurupptökubeiðandi áréttaði framangreindar umkvartanir sínar í bréfi dagsettu 17. maí 1979 sem hann ritaði í tilefni af harðræðisrannsókninni, máli rannsóknarlögreglu ríkisins nr. 2875/1979. Í bréfinu tiltók endurupptökubeiðandi að hann hefði í síðastgreindu þinghaldi 11. janúar 1976 kært rannsóknarlögreglumenn fyrir að hafa þvingað hann til skýrslugjafar en ekkert hafi verið bókað um það í þingbókina. Á hinn bóginn hafi verið bókað að hann hafi sagst hafa lent í átökum við Guðmund Einarsson sem væri helber ósannindi og fæli í

⁴⁰⁵⁴ Málsgrein 100.

⁴⁰⁵⁵ Málsgrein 1657.

sér skjalafals.⁴⁰⁵⁶ Við harðræðisrannsóknina, ítrekaði fulltrúi yfirsakadómara það að hafa ekkert gert með þessa kvörtun endurupptökubeiðanda því hann hafi vitað að hún væri röng.⁴⁰⁵⁷ Áréttað skal í þessu samhengi að í dómi Hæstaréttar var lagt til grundvallar að játning endurupptökubeiðanda hafi komið fram í janúar 1976. Svo virðist sem Hæstiréttur hafi ekki horft til þess sem nú hefur verið rakið um tilraun endurupptökubeiðanda til að taka til baka framburð sinn strax 11. janúar 1976 heldur byggt á því að hann hafi ekki breytt framburði sínum fyrr en í lok mars 1977.

2457. Fulltrúi yfirsakadómara ræddi stuttlega við endurupptökubeiðanda 12. janúar 1976, en engin rannsóknargögn liggja fyrir. Daginn eftir var endurupptökubeiðandi í stuttri yfirheyrslu en þess var getið í dagbók Síðumúlafangelsisins að hann hefði vísað rannsóknarlögreglumönnum og fulltrúa yfirsakadómara á ákveðinn stað sem var athugaður í kjölfarið en án árangurs. Í fangelsisdagbókinni kom fram að farið hafi verið með endurupptökubeiðanda í útsýnisferð, eins og það var orðað, milli klukkan 21:40 og 23:50.⁴⁰⁵⁸ Skýrslur liggja ekki fyrir um framangreindar rannsóknaraðgerðir. Næsta dag, 14. janúar 1976, var endurupptökubeiðandi til yfirheyrslu hjá fulltrúa yfirsakadómara milli klukkan 13:45 og 14:20.⁴⁰⁵⁹ Endurupptökubeiðandi var enn til yfirheyrslu 16. janúar 1976 en var snarlega færður aftur á klefa sinn, eins og það var orðað í fangelsisdagbók. Engar skýrslur liggja fyrir um yfirheyrslurnar. Í kjölfarið óskaði endurupptökubeiðandi eftir viðtali við fulltrúa yfirsakadómara og ræddu þeir saman stutta stund.⁴⁰⁶⁰ Ekkert liggur fyrir um hvað þeim fór á milli. Næst var endurupptökubeiðandi færður til yfirheyrslu 19. janúar 1976 milli klukkan 14:50 og 20:40. Engin skýrsla var gerð um yfirheyrsluna og því er óvíst hvað þar fór fram.⁴⁰⁶¹
2458. Líkt og gerð hefur verið grein fyrir heyrði það til undantekninga að gerðar hafi verið skriflegar skýrslur um framanraktar yfirheyrslur yfir endurupptökubeiðanda. Á tímabilinu sætti hann rannsókn lögreglu vegna þriggja aðskilinna sakarefna; ávana- og fíkniefnalagabrots, fjársvikabrots og svo manndráps. Rannsókn fyrstnefnda sakarefnisins var alfarið í höndum lögreglumanna og dómara á vegum sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum. Unnt er því að ségreina þau tilvik þar sem endurupptökubeiðandi var til yfirheyrslu vegna þess máls. Endurupptökubeiðandi játaði sakargiftir 11. janúar 1976 vegna póstsvikamálsins. Eftir það tímamark er óhætt að fullyrða að endurupptökubeiðandi hafi eingöngu verið í yfirheyrslum í tengslum við rannsókn lögreglu vegna hvarfs Guðmundar Einarssonar. Á hinn bóginn liggja ekki fyrir nákvæmar upplýsingar um hvenær lögregla hóf að yfirheyra hann í tengslum við hvarf Geirfinns. Ekki er við annað að styðjast í þeim efnum en skýrslu rannsóknarlögreglumanns, dagsetta 10. mars 1976, þar sem fram kemur að frá og með 20. janúar 1976 hafi endurupptökubeiðandi og dómfelldu Erla og Kristján Viðar sætt rannsóknaraðgerðum lögreglu í tengslum við hvarf Geirfinns Einarssonar.⁴⁰⁶²

⁴⁰⁵⁶ Málgrein 1834.

⁴⁰⁵⁷ Málgrein 1903.

⁴⁰⁵⁸ Málgrein 104.

⁴⁰⁵⁹ Málgrein 105.

⁴⁰⁶⁰ Málgrein 109.

⁴⁰⁶¹ Málgrein 111.

⁴⁰⁶² Málgrein 257.

2459. Endurupptökubeiðandi var nafngreindur á baksíðu dagblaðs sem einn þriggja banamanna Guðmundar Einarssonar 27. janúar 1976. Í fréttinni var haft eftir nafngreindum rannsóknarlögreglumanni að endurupptökubeiðandi og dómfelldu Kristján Viðar og Tryggvi Rúnar hefðu játað aðild að morðinu en dómfelldi Albert hafi játað að hafa ekið líki Guðmundar út fyrir Hafnarfjörð að þeirra beiðni.⁴⁰⁶³ Næstu daga á eftir birtust fréttir í prentmiðlum um að meginþungi rannsóknar lögreglu hvíldi á Geirfinnsmálinu þar sem morð Guðmundar væri að mestu upplýst.⁴⁰⁶⁴
2460. Fyrir liggur að endurupptökubeiðandi reyndi að strjúka við dyr Síðumúlafangelsisins þegar komið var með hann til baka úr ökuferð 15. febrúar 1976. Bókað var í fangelsisdagbók að fulltrúi yfirsakadómara hafi hlaupið hann uppi. Í refsingarskyni var endurupptökubeiðandi settur í handjárn og fótajárn og sviptur tóbaki.⁴⁰⁶⁵ Var hann hafður í fótajárnum í samtals 23 daga vegna stroktilraunarinnar.
2461. Næst dró til tíðinda í rannsókn á hvarfi Guðmundar 11. mars 1976, að því er endurupptökubeiðanda varðar. Þann dag var dómþing háð í sakadómi Reykjavíkur og tekin fyrir rannsókn á hvarfi Guðmundar. Bókað var í þingbók að endurupptökubeiðandi hafi mætt í dóminn klukkan 12:15 og sagst ekki hafa neitt nýtt fram að færa vegna málsins. Var hann í framhaldinu úrskurðaður í allt að 90 daga áframhaldandi gæsluvarðhald. Vék hann frá klukkan 12:25 og var í framhaldinu fluttur á klefa sinn í Síðumúlafangelsi.⁴⁰⁶⁶
2462. Ástæða er til að geta þess að endurupptökubeiðandi lýsti því yfir í þinghaldi í sakadómi Reykjavíkur 1. apríl 1976 að þær skýrslur sem hann hafi gefið við rannsókn á hvarfi Geirfinns Einarssonar væru ekki byggðar á hans eigin vitneskju heldur því sem Erla hafi skýrt honum frá og sögusögnum annarra manna.⁴⁰⁶⁷ Áréttað skal að á þessum tíma höfðu samprófanir ekki átt sér stað, hvorki af hálfu lögreglu né fyrir dómi þeirra á milli, varðandi hvarf Geirfinns.
2463. Þá ber að geta þess að 7. apríl 1976 greindi dómfelldi Kristján Viðar frá því í yfirheyrslu hjá lögreglu að Guðmundur hafi ekki látist af völdum átaka heldur hafi hann banað honum með hnífstungu.⁴⁰⁶⁸
2464. Bókað var í dagbók fangelsisins við Síðumúla að yfirlæknir á Kleppi, sem hafði með geðrannsókn dómfellda Kristjáns Viðars að gera, hafi komið í fangelsið 20. apríl 1976 til fundar við rannsóknarlögreglumann og forstöðumann fangelsisins. Ræddu þeir saman í 40 mínútur um beiðni dómfellda Kristjáns Viðars um að ræða við endurupptökubeiðanda. Var þess getið með bókun í fangelsisdagbókina að læknirinn hafi ekki sett sig upp á móti því að dómfelldi Kristján Viðar og endurupptökubeiðandi yrðu samprófaðir. Hann hafi þó talið það frekar óæskilegt á þessu stigi málsins vegna hugsanlegs áhrifamáttar endurupptökubeiðanda á dómfellda Kristján Viðar, eins og

⁴⁰⁶³ Málsgrein 132.

⁴⁰⁶⁴ Málsgrein 138.

⁴⁰⁶⁵ Málsgrein 184.

⁴⁰⁶⁶ Málsgrein 259.

⁴⁰⁶⁷ Málsgrein 309.

⁴⁰⁶⁸ Málsgrein 331.

það var orðað.⁴⁰⁶⁹ Óvíst er hvort á fundinum hafi verið til umræðu að samprófa dómfellda Kristján Viðar og endurupptökubeiðanda í tengslum við rannsókn á hvarfi Guðmundar eða Geirfinns, en af lestri málgagna má ráða að á þessu tímabili var nánast öll áhersla lögreglu lögð á rannsókn Geirfinnsmálsins.

2465. Líkt og gerð er ítarlegri grein fyrir í kafla VII.5.2.d.3 þá urðu ákveðin þáttaskil í rannsókn sakamála 25. apríl 1976 og þá sérstaklega hvað endurupptökubeiðanda snerti. Þann dag var fjarlægð forstöðumaður Síðumúlafangelsisins allt úr klefa endurupptökubeiðanda nema smávegis matarkyns. Bókað var í fangelsisdagbókina að forstöðumaðurinn hafi ákveðið að orð yrði ekki talað við endurupptökubeiðanda í náninni framtíð og hann fengi ekkert sér til dægurstyttingar. Aðbúnaður endurupptökubeiðanda ætti að vera með þessum hætti á meðan hann væri að ljúga annan úr og annan í við yfirheyrsluáðila, þar á meðal vararíkissaksóknara, eins og forstöðumaðurinn orðaði það í bókuninni. Framangreindri ákvörðun forstöðumannsins virðist hafa verið hrundið strax í framkvæmd samhliða því að endurupptökubeiðandi var í stöðugum yfirheyrslum næstu daga á eftir án þess að nokkuð hafi verið bókað um framburði hans. Mátti endurupptökubeiðandi sæta því að hafast við í fangaklefa í algerri einangrun og án allrar afþreyingar, ritfanga og tóbaks. Einu mannlegu samskiptin sem hann átti voru við þá sem sinntu fangavörslu og svo rannsakendur. Af bókunum í fangelsisdagbók frá þessum tíma má ráða að neikvæð viðhorf hafi ríkt í garð endurupptökubeiðanda. Var hann ítrekað uppnefndur í dagbókarfærslum með niðrandi hætti, svo sem helvíti, skoffín og dýr. Svo virðist sem endurupptökubeiðandi hafi þannig frá 26. apríl 1976 og í það minnsta fram á haust 1976 sætt skipulögðu harðræði af hendi rannsakenda og starfsmanna Síðumúlafangelsisins og þá í þeim tilgangi að knýja hann til rétttra sagna, það er að játa aðild að hvarfi Guðmundar og Geirfinns.
2466. Föstudaginn 30. apríl 1976 var endurupptökubeiðandi tekinn til viðtals í hálf tíma í tengslum við rannsókn á hvarfi Guðmundar. Viðtalinu var stýrt af rannsóknarlögreglumanni og vararíkissaksóknara og fór það fram að viðstöddum réttargæslumanni dómfellda Alberts. Skýrsla liggur ekki fyrir um viðtalið, en að því loknu fór fram samprófun í eina klukkustund milli endurupptökubeiðanda og dómfellda Alberts. Í skýrslu um samprófunina var þess getið að dómfelldi Albert héldi fast við framburð sinn í málinu. Dómfelldi Albert hafi rætt við endurupptökubeiðanda og rakið fyrir hann ferðina frá því endurupptökubeiðandi hafi hringt í hann 27. janúar 1974. Bókað var í lögregluskýrsluna að endurupptökubeiðandi hafi sagt framburð dómfellda Alberts ósannan. Í framhaldinu greindi dómfelldi Albert frá öðrum líkflutningi frá því í september sama ár sem hann hafi farið í ásamt endurupptökubeiðanda og dómfelldu Tryggva Rúnari og Kristjáni Viðari. Bókað var í lögregluskýrsluna að endurupptökubeiðandi hafi sagt framburð dómfellda Alberts ósannan og tóman uppspuna.⁴⁰⁷⁰ Þess ber að geta að dómfelldi Albert var frjáls ferða sinna og með réttarstöðu vitnis þegar samprófunin fór fram. Fyrir liggur að honum var sleppt úr gæsluvarðhaldi 19. mars

⁴⁰⁶⁹ Málgrein 363.

⁴⁰⁷⁰ Málgrein 381.

1976 að aflokinni 10 daga sefjunarmedferð sem framkvæmd var í tilefni af þrálátu minnisleysi hans um atburði.⁴⁰⁷¹

2467. Á þessum tímapunkti, 30. apríl 1976, var endurupptökubeiðandi búinn að vera einangrunarvist í Síðumúlafangelsi í 140 daga. Eins og að framan greinir var lagt til grundvallar í dómi Hæstaréttar að játning endurupptökubeiðanda hafi komið fram í skýrslum hans í janúar 1976 sem hann hafi síðan endurtekið bæði fyrir rannsóknarlögreglu og á dómþingum. Lagði rétturinn áherslu á að endurupptökubeiðandi hafi ekki breytt þessari játningu fyrr en í lok mars 1977. Líkt og greinir að framan tók rétturinn ekki tillit til þeirra upplýsinga sem fram komu um afturhvarf endurupptökubeiðanda frá framburði sínum 11. janúar 1976, sem fulltrúi yfirsakadómara ákvað að bóka ekki um í þingbók sakadóms. Þá fjallaði Hæstiréttur ekkert um þýðingu framburðar endurupptökubeiðanda frá 30. apríl 1976 þar sem hann lýsti því yfir við framanrakta samprófun að framburður dómfellda Alberts væri ósannur og tómur upp-spuni. Við mat á trúverðugleika framburðar hvors um sig ber að hafa í huga þá staðreynd sem síðar kom í ljós að síminn að Hamarsbraut 11 var lokaður á umræddum tíma, en framburður dómfellda Alberts við samprófunina gekk út frá því að endurupptökubeiðandi hafi kallað hann til með símtali úr íbúðinni. Staðfest er að endurupptökubeiðanda var það ómögulegt.⁴⁰⁷²
2468. Líkt og greinir í kafla VII.5.2.d.2 voru samprófanir einn liður í framkvæmd rannsóknar á málinu og mikið beitt við rannsókn lögreglu á hvarfi Geirfinns Einarssonar í kjölfar þess að fjórum mönnum var sleppt úr gæsluvarðhaldi í tengslum við málið. Fóru samprófanirnar fram í maí, júní og júlí 1976. Þess ber hins vegar að geta í þessu samhengi að við samprófun 5. maí 1976 neitaði endurupptökubeiðandi að tjá sig um aðkomu að hvarfi Geirfinns. Varð sú samprófun sérstakt tilvik í harðræðisrannsókninni. Af gögnum málsins verður ráðið að endurupptökubeiðandi hafi verið órólegur, æstur og ekki með sjálfum sér við samprófunina. Þegar hann hafi virst ætla að færa sig úr stað hafi forstöðumaður fangelsisins gripið í hann og lostið hann kinnhest. Í dómi sínum frá 22. febrúar 1980 taldi Hæstiréttur sannað að við framangreinda samprófun hafi nafngreindur fangavörður lostið endurupptökubeiðanda kinnhest vegna vítaverðrar hegðunar hans. Samprófanir og rannsóknaraðgerðir sem fram fóru á framangreindu tímabili, maí til og með júlí 1976, eiga það sammerkt að engin gögn önnur en bókanir í fangelsisdagbók liggja fyrir þrátt fyrir ákvæði 7. mgr. 40. gr. laga um meðferð opinberra mála. Í raun er ekki annað upplýst en að þær hafi farið fram, þar sem endurrit úr fangelsisdagbókum lágu fyrir við meðferð málsins fyrir dómi vegna dómfelldu Kristjáns Viðars og Tryggva Rúnars en raunar ekki vegna endurupptökubeiðanda. Engar upplýsingar lágu þannig fyrir dóminum um samprófanir hans við dómfelldu Erlu sem áttu sér stað í júlí 1976. Í samræmi við þetta liggur eðli málsins samkvæmt ekki fyrir hvað fram fór og hvort gætt hafi verið að ákvæðum um réttarstöðu sakbornings. Fyrir liggur að réttargæslumaður endurupptökubeiðanda var í engu tilviki nærstaddur og engar upplýsingar um að honum hafi verið gert aðvart um þessar samprófanir.

⁴⁰⁷¹ Málsgreinar 270–271. Sjá einnig kafla VII.5.2.d.1.

⁴⁰⁷² Sjá kafla VII.5.2.f.

2469. Líkt og gerð hefur verið grein fyrir og ítarlega er rakið í kafla VII.5.2.d.3 sýnist endurupptökubeiðandi hafa verið beittur skipulögðu harðræði í Síðumúlafangelsinu frá lokum aprílmánaðar og fram á haustið 1976. Þess var getið sérstaklega með bókun í dagbók fangelsisins við Síðumúla 19. maí 1976 að dómfelldu Kristján Viðar, Tryggvi Rúnar og Erla fengju 15 mínútna útvist í fangelsisgarðinum á dag. Athygli vekur að endurupptökubeiðandi naut ekki sams konar réttinda. Við sama tilefni var þess getið að fangelsispresturinn mætti ræða í eitt skipti við endurupptökubeiðanda, en presturinn yrði að fá heimild frá fulltrúa yfirsakadómara ef hann óskaði eftir að hitta endurupptökubeiðanda oftar.⁴⁰⁷³ Þá liggur fyrir að endurupptökubeiðandi var hafður í fótjárnnum í 11 daga frá og með 24. maí 1976 þegar hann var staðinn að bréfaskiptum og tóbakssendingum við annan gæsluvarðhaldsfanga sem var í fangelsinu vegna ótengdra saka. Við sama tilefni var sæng og rúmföt endurupptökubeiðanda tekin af honum og hann látinn hafa teppi í staðinn. Lesefnisbann endurupptökubeiðanda stóð yfir í tvo mánuði, tóbaksbanni hans var aflétt að hluta eftir tæpa þrjá mánuði. Ritfangabann endurupptökubeiðanda og svipting alls sem unnt var að skrifa á var ekki létt af honum að fullu fyrr en langt var liðið á haust 1976, en að kvöldi 7. september 1976 var bókað í fangelsisdagbókina að endurupptökubeiðandi hafi sagst ekki ætla að neyta fæðu fyrr en hann fengi blekpena, pappír, sæng og lak.⁴⁰⁷⁴ Öllum höftum á tóbaksnotkun endurupptökubeiðanda var aflétt um miðjan septembermánuð 1976.
2470. Í júní 1976 fóru fram samprófanir í tengslum við rannsókn lögreglu á hvarfi Guðmundar. Var þess getið í dagbók Síðumúlafangelsisins 4. júní 1976 að endurupptökubeiðandi og dómfelldu Tryggvi Rúnar og Kristján Viðar hafi verið leiddir saman til viðtals við rannsóknarlögreglumann og fangavörð. Á þessum tímamarki voru gæslufangarnir allir í einangrunarvist vegna rannsóknar málsins og engin breyting verið gerð á tilhögun gæsluvarðhaldsvistarinnar. Samprófunin stóð yfir í tvær klukkustundir en engin skýrsla liggur fyrir um hvað fram fór.⁴⁰⁷⁵ Voru endurupptökubeiðandi og dómfelldi Tryggvi Rúnar aftur til samprófunar daginn eftir og þá í 45 mínútur. Þremur dögum síðar, 7. júní 1976, voru endurupptökubeiðandi og dómfelldi Tryggvi Rúnar samprófaðir í þrjár klukkustundir. Var samprófuninni stýrt af einum rannsóknarlögreglumanni.⁴⁰⁷⁶ Rannsóknargögn liggja ekki fyrir um samprófanirnar, réttargæslumenn þeirra voru ekki viðstaddir og engar upplýsingar fyrir-liggjandi um að þeim hafi verið gert viðvart. Í þessu samhengi er vert að geta þess að réttargæslumaður endurupptökubeiðanda lá á sjúkrahúsi í byrjun maí 1976 og hafði símsamband við fangelsið til að fá fréttir af endurupptökubeiðanda. Óskaði hann þess sérstaklega að vera látinn vita ef eitthvað stæði til.⁴⁰⁷⁷
2471. Endurupptökubeiðandi kom fyrir sakadóm Reykjavíkur ásamt réttargæslumanni sínum 9. júní 1976 vegna rannsóknar á Guðmundarmálinu. Í þinghaldinu var endurupptökubeiðandi úrskurðaður í áframhaldandi 90 daga gæsluvarðhald. Engin skýrsla var tekin af endurupptökubeiðanda í umrætt sinn en athygli vekur að í úrskurðinum var vísað til

⁴⁰⁷³ Málsgrein 430.

⁴⁰⁷⁴ Málsgrein 623.

⁴⁰⁷⁵ Málsgrein 450.

⁴⁰⁷⁶ Málsgrein 451.

⁴⁰⁷⁷ Málsgrein 397.

þess að endurupptökubeiðandi og dómfelldu Kristján Viðar og Tryggvi Rúnar hafi allir viðurkennt að Guðmundur hafi látið lífið í átökum við þá.⁴⁰⁷⁸ Líkt og rakið hefur verið reyndi endurupptökubeiðandi að draga framburð sinn til baka fyrir dómi 11. janúar 1976 en án árangurs. Á dómþingi 11. mars 1976 kvaðst hann ekki hafa neitt nýtt fram að færa. Í skýrslu um samprófun endurupptökubeiðanda og dómfellda Alberts 30. apríl 1976 var loks bókað um afdráttarlausu afstöðu endurupptökubeiðanda til framburðar dómfellda um málsatvik; að hann væri ósannur og uppspuni. Þegar framangreint þinghald fór fram þennan dag, 9. júní 1976, hafði endurupptökubeiðandi sætt ítrekuðum yfirheyrslum og samprófunum, án þess að nokkuð hafi verið bókað um framburð hans. Ályktun sakadóms í framangreindum úrskurði sýnist því orka tvímælis.

2472. Næstu afskipti af endurupptökubeiðanda í tengslum við málið voru 30. júní 1976 en þá var hann færður til samprófunar við dómfellda Tryggva Rúnar, undir stjórn rannsóknarlögreglumans.⁴⁰⁷⁹ Engin rannsóknargögn eru fyrirleggjandi um hvað fór fram.
2473. Að kvöldi 12. júlí 1976 var þess getið með bókun í fangelsisdagbók að endurupptökubeiðandi hafi neitað í tvígang að taka inn lyfin og borið fyrir sig hjartveiki. Bókað var í dagbókina að ekkert væri að hjartanu hans og væri það samkvæmt úrskurði læknis. Færsluritari bókaði um að það væri hans mat og jafnvel annarra að ekkert hjarta væri í endurupptökubeiðanda.⁴⁰⁸⁰
2474. Líkt og fram hefur komið fóru fram ítrekaðar samprófanir milli endurupptökubeiðanda og dómfellda Erlu á tíu daga tímabili upp úr miðjum júlímánuði 1976. Þá voru þau einnig saman í ferðum út í hraun, sem svo voru kallaðar.⁴⁰⁸¹ Umræddum rannsóknar- aðgerðum var oftast stýrt af einum rannsóknarlögreglumanni eða þá rannsóknar- lögreglumanni og fangaverði og undir lok samprófunarhrinunnar átti vararíkis- saksóknari einnig aðkomu þar að. Þess ber að geta að 22. júlí 1976, á meðan umræddar samprófanir stóðu sem hæst, var bókað í dagbók Síðumúlafangelsisins um ákvörðun forstöðumans fangelsisins, sem hann hafði tekið í samráði við rannsóknarlögreglumann þann sem undanfarna daga hafði stýrt samprófunum yfir endurupptökubeiðanda, um að hann fengi að reykja fjórar til fimm sigarettur á dag þar til annað yrði ákveðið. Á þeim tímamarki hafði endurupptökubeiðandi verið sviptur öllu tóbaki síðan 25. apríl 1976, eða í um þrjá mánuði, af þeirri ástæðu að hann væri að ljúga „annan úr og annan í við yfirheyrsluadilana“, eins og rakið var að framan. Rannsóknaraðgerðir lögreglu í formi samprófana héldu áfram næstu daga á eftir. Samanlagt voru endurupptökubeiðandi og dómfellda Erla í samprófunum og saman í hraunferðum á framangreindu tíu daga tímabili í 32 og hálfu klukkustund. Engar skýrslur liggja fyrir um þessar samprófanir eða hraunferðir og því ekki vitað hvað fór þar fram, hvert tilefnið var og hvort gætt hafi verið að ákvæðum um réttarstöðu endurupptökubeiðanda.

⁴⁰⁷⁸ Málsgrein 455.

⁴⁰⁷⁹ Málsgrein 481.

⁴⁰⁸⁰ Málsgrein 503.

⁴⁰⁸¹ Sjá kafla VII.5.2.d.2.

2475. Þar sem rannsóknargögn liggja ekki fyrir um hvað átti sér stað í framangreindum samprófunum er ekki unnt að leggja mat á framburð endurupptökubeiðanda í þeim aðgerðum. Í skýrslu eins þriggja dómara sem fengu málinu úthlutað til dómsmeðferðar eftir útgáfu ákæru sem hann ritaði eftir könnun sína á málsgögnum kom meðal annars fram að rannsókn málsins hafi verið vægast sagt afar sérstæð en ekkert hafi verið gert til að reyna að samræma framburði aðila. Þá vakti hann athygli á því að af framburði endurupptökubeiðanda frá 30. september 1976 virtist sem hann hafi haft samband við meðákærðu.⁴⁰⁸² Af því má ráða að sakadómurinum hafi verið ókunnugt um tilvist þessara rannsóknaraðgerða af hálfu lögreglunnar yfir sumarmánuðina 1976. Einnig liggur fyrir sams konar athugasemdaskýrsla sem rituð var af aðstoðaryfirlögrefluþjóni hjá lögreglunni í Reykjavík í byrjun janúar 1977. Líkt og sakadómurinn velti hann fyrir sér hvort dómfelldu hafi getað með einhverjum hætti látið hvert annað vita um framburði sína.⁴⁰⁸³
2476. Þar sem endurupptökubeiðandi sætti einangrun í gæsluvarðhaldsvist hans í Síðumúlafangelsi sem fól meðal annars í sér algjört samskiptabann verður sú ályktun dregin af framangreindum athugasemdum að umræddum embættismönnum hafi verið með öllu ókunnugt um þær ítrekuðu samprófanir sem fram fóru milli dómfelldu á sumarmánuðum 1976. Þar af leiðandi hafi dómurum málsins ekki á þeim tíma verið ljós þau áhrif sem umræddar samprófunarhrinur höfðu haft á eftirfarandi framburði dómfelldu og þar á meðal endurupptökubeiðanda. En mikil hætta er á að framburðir sem gefnir eru eftir slíkar samprófunaraðgerðir taki mið af því sem þar hafi komið fram af hálfu annarra þannig að mörk sjálfstæðrar frásagnar af eigin upplifun gagnvart frásögnum annarra verði næsta óljós.⁴⁰⁸⁴ Í september og október 1977 voru lagðir fram fyrir sakadómi samantektir úr dagbókum fangelsisins við Síðumúla að því er laut að dómfelldu Kristjáni Viðari og Tryggva Rúnari þar sem fram kom að fyrrnefndar samprófanir hafi farið fram sumarið 1976.⁴⁰⁸⁵ Látið var undir höfuð leggjast að leggja slíka samantekt fram vegna endurupptökubeiðanda eftir því sem fyrir liggur í endurupptökumáli þessu. Í síðasta lagi þegar nefndar samantektir vegna dómfelldu Kristjáns Viðars og Tryggva Rúnars voru lagðar fram mátti dómurum málsins vera ljóst að þeir tveir og endurupptökubeiðandi höfðu verið samprófaðir. Dóminum voru hins vegar ekki tiltæk gögn er lutu að samprófunum endurupptökubeiðanda og dómfelldu Erlu í júlí. Þrátt fyrir að upplýsingar hafi þannig legið fyrir að hluta til um samprófanirnar er engin ályktun dregin í dómum sakadóms og Hæstaréttar um áhrif umræddra samprófana á framburði dómfelldu eftir þennan tíma.
2477. Endurupptökubeiðandi bar um þessar rannsóknaraðgerðir fyrir dómi 29. mars 1977. Sagði hann við það tilefni að hann og dómfellda Erla hafi verið leidd saman svo hún gæti komið fyrir hann vitinu, en hún hafi meðal annars hóttað því að fremja sjálfsmorð. Sú fullyrðing endurupptökubeiðanda á sér að nokkru leyti stoð í því sem rannsóknar-lögreglumaður bókaði í rannsóknardagbók sína 5. ágúst 1976 að lokinni samprófun

⁴⁰⁸² Málsgrein 1093.

⁴⁰⁸³ Málsgrein 1134.

⁴⁰⁸⁴ Málsgrein 2306.

⁴⁰⁸⁵ Málsgreinar 1683 og 1719.

milli þeirra tveggja sem stóð yfir í 15 mínútur. Í bókuninni sagði að dómfellda Erla hafi verið mjög miður sín og grátið á meðan samtalinu hafi staðið. Þá hafi hún hamrað stöðugt á því að endurupptökubeiðandi vissi hvar lík Guðmundar væri. Þá hafi hún einnig sagt endurupptökubeiðanda hafa sparkað í höfuðið á Guðmundi.⁴⁰⁸⁶ Á sama dómþingi 29. mars 1977 bar endurupptökubeiðandi um að samprófunaraðgerðir lögreglu hafi staðið öðru hverju í átta daga og lengst sex klukkustundir í einu, sem á sér stóð í því sem fram kemur í bókunum í fangelsisdagbókinni, en raunin var sú að samprófanirnar stóðu yfir í fleiri daga á tímabilinu.

2478. Réttargæslumaður endurupptökubeiðanda ritaði bréf til fulltrúa yfirsakadómara 22. júlí 1976, þar sem hann ítrekaði margítrekuð tilmæli sín, eins og það var orðað, um að endurupptökubeiðandi yrði yfirheyrdur fyrir dómi að honum viðstöddum eða þá að teknar yrðu af honum lögregluskýrslur vegna framburðar hans. Áréttaði hann hinar ýmsu umkvartanir varðandi vistun endurupptökubeiðanda og varðhald í fangelsinu. Loks óskaði hann eftir því að fá aðstöðu til að kynna sér gögn málsins.⁴⁰⁸⁷ Ekkert liggur fyrir um viðbrögð fulltrúa yfirsakadómara við framangreindu bréfi réttargæslumannsins en á þessum tímavarki hafði ekki verið tekin lögregluskýrsla af endurupptökubeiðanda vegna rannsóknar á hvarfi Guðmundar síðan við framangreinda samprófun við dómfellda Albert 30. apríl 1976. Þá var síðast tekin dómskýrsla af endurupptökubeiðanda 30. mars 1976 þar sem hann kvaðst ekki hafa neitt nýtt fram að færa vegna málsins, en þar á undan 11. janúar 1976, þar sem láðist að bóka um afturhvarf endurupptökubeiðanda frá framburði sínum, en þess í stað bókuð eftir honum játning um að hafa sparkað í kjálka Guðmundar.
2479. Í framangreinda færslu í rannsóknardagbók rannsóknarlögreglumannanna 5. ágúst 1976 var bókað um viðbrögð endurupptökubeiðanda við framburði dómfelldu Erlu. Fram kom að endurupptökubeiðandi hafi sagt átök hafa átt sér stað að Hamarsbraut 11 og að lík Guðmundar hafi verið fjarlægð úr íbúðinni en hann hafi neitað því að hafa sparkað í Guðmund og þátttöku í líkflutningnum.⁴⁰⁸⁸ Af dagbókarfærslunni er ljóst að endurupptökubeiðandi hafði á þessum tímavarki horfið frá þeim framburði sem bókaður var eftir honum í dómskýrslu 11. janúar 1976, um að hafa sparkað í kjálka Guðmundar. Þrátt fyrir þá grundvallarbreytingu á framburði endurupptökubeiðanda var ekki gerð um hana skrifleg lögregluskýrsla, líkt og áskilið var í réttarfarslögum og þvert á þá venju sem rannsóknarlögreglumenn báru síðar um fyrir dómi að hafi gilt um skýrslugerð þegar sá sem rannsóknaraðgerðin beindist að hafði eitthvað nýtt fram að færa eða gerði breytingar á framburði sínum.⁴⁰⁸⁹
2480. Meðal gagna málsins liggur fyrir uppritun forstöðumanns Síðumúlafangelsisins, dagsett 15. ágúst 1976, á frásögn dómfelldu Erlu um Guðmundarmálið. Fram kom að dómfellda hafi sagst hafa séð endurupptökubeiðanda sparka í höfuð manns sem hafi legið hreyfingarlaus á grúfu inni í íbúð hennar að Hamarsbraut 11. Þá lýsti hún ítarlega tilfærslum á mannlíkama í laki og greindi frá ferð í bifreið dómfellda Alberts út í

⁴⁰⁸⁶ Málsgrein 542.

⁴⁰⁸⁷ Málsgrein 519.

⁴⁰⁸⁸ Málsgrein 542.

⁴⁰⁸⁹ Málsgrein 1696.

Hafnarfjarðarhraun þar sem endurupptökubeiðandi og dómfelldu Kristján Viðar og Tryggvi Rúnar hafi borið líkið út í hraunið. Lýsti dómfellda því nákvæmlega hvernig hún hafi vaðið forarpytt, gengið á grasi og síðan hrauni.⁴⁰⁹⁰

2481. Fyrir liggur skýrsla um yfirheyrslu yfir endurupptökubeiðanda frá 19. ágúst 1976 vegna rannsóknar á hvarfi Geirfinns. Þar endurupptökubeiðandi þar um að hann væri ekki rétti maðurinn í málinu og gæti því ekki sagt til um hvaða sendiferðabifreið hafi verið í Dráttarbrautinni í umrætt sinn. Í niðurlagi lögregluskýrslunnar var sérstaklega tekið fram að endurupptökubeiðandi hafi virst óstyrkur á taugum á meðan yfirheyrslan hafi farið fram. Í þessu samhengi er vert að geta þess að endurupptökubeiðandi hafði sætt einangrunarvist í Síðumúlafangelsi í 252 daga, eða rúma átta mánuði, þegar yfirheyrslan fór fram. Óhætt er að fullyrða að eftir svo óvenju langvinna einangrunarvist eru fram komin flest öll þau neikvæðu áhrif sem slík innilokun hefur í för með sér á gæsluvarðhaldsfanga og er taugaóstyrkur ein óhjákvæmilegra afleiðinga.⁴⁰⁹¹
2482. Samkvæmt bókun í dagbók fangelsisins við Síðumúla var endurupptökubeiðandi látinn undirgangast sérstaka prófun til að freista þess hvort hann væri að segja ósatt með því að mæla streitu í rödd hans með sérstöku tæki, lygamæli, sem byggði á raddgreiningu. Var prófunin framkvæmd af Gísla H. Guðjónssyni, þá sálfræðinema, 5. september 1976, og stóð hún yfir í tæpar tvær klukkustundir. Var það orðað þannig í dagbókarfærslunni að Gísli hafi farið með alla mæla slæma á taugum.⁴⁰⁹² Gísli vitjaði endurupptökubeiðanda á klefa í Síðumúlafangelsi seint að kvöldi 9. september 1976 í um 20 mínútur. Rannsóknargögn liggja ekki fyrir um tilefni vitjunarinnar eða hvað þeim fór á milli.⁴⁰⁹³ Önnur prófun á vegum Gísla var gerð á endurupptökubeiðanda 14. september 1976 og stóð hún yfir í rúma klukkustund.⁴⁰⁹⁴ Gögn um prófunina á endurupptökubeiðanda liggja ekki fyrir, en fyrir liggja hins vegar öll gögn er lúta að sams konar prófun sem dómfelldi Guðjón undirgekkst.⁴⁰⁹⁵
2483. Endurupptökubeiðandi kom næst fyrir sakadóm Reykjavíkur vegna rannsóknar á hvarfi Guðmundar 7. september 1976 ásamt réttargæslumanni sínum. Í þinghaldinu var kveðinn upp úrskurður um áframhaldandi 90 daga gæsluvarðhald. Ekkert var bókað um framburð endurupptökubeiðanda. Í úrskurðinum kom fram að rannsókn málsins væri enn ekki lokið þar sem enn væri óljóst hvort að Guðmundur hafi látið lífið vegna átaka eða hvort hann hafi verið stunginn með hnífi. Þá væri geðrannsókn yfir endurupptökubeiðanda enn ólokið.⁴⁰⁹⁶
2484. Samkvæmt bókun í dagbók fangelsisins við Síðumúla var endurupptökubeiðanda neitað um viðtal við réttargæslumann sinn 17. september 1976. Var sú ákvörðun tekin af rannsóknarlögreglumanni á þeim grundvelli að hann hefði rætt við réttargæslu-

⁴⁰⁹⁰ Málsgrein 567.

⁴⁰⁹¹ Sjá umfjöllun í kafla VII.5.2.b.

⁴⁰⁹² Málsgrein 616. Sjá einnig málsgreinar 2336–2337.

⁴⁰⁹³ Málsgrein 625.

⁴⁰⁹⁴ Málsgrein 635.

⁴⁰⁹⁵ Málsgrein 2336–2337.

⁴⁰⁹⁶ Málsgrein 621.

manninn einungis þremur dögum áður og því lægi ekkert á samtali þeirra. Endurupptökubeiðandi hafði setið í einangrun í rúma níu mánuði á þessum tímapunkti. Í ljósi þess að endurupptökubeiðanda var tryggður réttur til viðtals við réttargæslumann sinn í lögum um meðferð opinberra mála, nema dómari teldi hættu á að rannsókn torveldist fyrir það, vekur það athygli að lögreglumaður skuli hafa skilgreint þörf endurupptökubeiðanda á að ræða við réttargæslumann og neitað honum um viðtal á grundvelli eigin huglægs mats á þörf endurupptökubeiðanda.⁴⁰⁹⁷

2485. Umfangsmikil leit að líki Guðmundar fór fram 18. september 1976. Í skýrslu um leitina kom fram að 25 lögreglumenn hafi leitað og var leitarsvæðinu lýst nákvæmlega. Í skýrslu rannsóknarlögreglumanns sem rituð var á sama tíma kom fram að á tímabilinu 6. febrúar til og með 18. september 1976 hafi verið farnar að minnsta kosti 28 ferðir í Hafnarfjarðarhraun til leitar að líki Guðmundar.
2486. Næsta skriflega skýrsla sem fól í sér framburð endurupptökubeiðanda er frá 20. september 1976 og laut að yfirheyrslu þann dag milli klukkan 13:50 og 19:00. Var tilefni yfirheyrslunnar afmarkað við það eina atriði hvort endurupptökubeiðandi myndi hvoru megin lík Guðmundar hafi verið sett inn í bifreiðina þegar það hafi verið flutt frá Hamarsbraut 11. Bókað var eftir endurupptökubeiðanda að hann teldi að líkið hafi verið sett inn í bifreiðina vinstra megin. Þá tók hann fram að dómfelldi Albert hafi komið inn í forstofu íbúðarinnar.⁴⁰⁹⁸ Athygli vekur að umrædd yfirheyrsla stóð yfir í fimm klukkustundir og er afurð hennar einungis hálftrar blaðsíðu lögregluskýrsla, undirrituð af endurupptökubeiðanda og vottuð af tveimur fangavörðum. Framangreindur framburður endurupptökubeiðanda er hafður eftir honum í einni setningu í fyrstu persónu frásögn. Þess er að vænta að í fimm klukkustunda langri lögregluyfirheyrslu hafi meira komið fram en sem nemur einni setningu. Sérkennilegt sýnist að svo langan tíma hafi tekið að fá framburð endurupptökubeiðanda um þessi efni jafnframt því sem athygli veki að efni skýrslunnar er í beinni mótsögn við bókun í rannsóknardagbók frá 5. ágúst 1976, þar sem var bókað að endurupptökubeiðandi hafi neitað aðild að flutningum á líki Guðmundar, eins og áður var rakið. Til samanburðar má geta þess að dómfelldi Kristján Viðar var yfirheyrður daginn eftir af sama tilefni og af sama rannsóknarlögreglumanni. Fyrir liggur skýrsla um framburð dómfellda sem svarar til hálftrar blaðsíðu þar sem framburður hans var hafður eftir honum í einni málsgrein í fyrstu persónu frásögn. Yfirheyrslan yfir dómfellda Kristjáni Viðari stóð yfir milli klukkan 18:00 og 18:10 þann dag, eða í tíu mínútur.⁴⁰⁹⁹
2487. Fimmtudaginn 30. september 1976 var endurupptökubeiðandi enn til yfirheyrslu vegna málsins milli klukkan 14:00 og 21:05. Samkvæmt bókun í fangelsisdagbók var hann færður inn á klefa sinn klukkan 22:45.⁴¹⁰⁰ Framburður endurupptökubeiðanda var bókaður eftir honum í lögregluskýrslu í fyrstu persónu frásögn. Greindi hann þar frá atburðum 26. janúar og aðfaranótt 27. janúar 1974. Framburður hans var mjög ítarlegur og lýsti hann þar ferðum sínum og dómfelldu Kristjáns Viðars og Tryggva

⁴⁰⁹⁷ Málsgrein 643.

⁴⁰⁹⁸ Málsgrein 649.

⁴⁰⁹⁹ Málsgrein 655.

⁴¹⁰⁰ Málsgrein 677.

Rúnars að kvöldi 26. janúar 1974 þar til hann hafi tekið leigubifreið að Hamarsbraut 11 í kringum miðnætti. Dómfelldu Kristján Viðar og Tryggvi Rúnar hafi þá verið fyrir utan íbúðina ásamt einhverjum manni sem hann vissi nú að væri Guðmundur Einarsson. Rakti endurupptökubeiðandi að orðaskipti hafi átt sér stað inni í stofunni og þá hafi Guðmundur búið sig undir að ráðast á hann en endurupptökubeiðandi flúið inn á salerni og lokað að sér. Dómfelldi Kristján Viðar hafi ráðist á Guðmund og þeir slegist. Greindi endurupptökubeiðandi frá því að hafa séð 40–45 sentímetra byssusting á dómfellda Kristjáni Viðari fyrr um kvöldið sem hann hafi keypt í Kaupmannahöfn 1973 og hafi þannig ýjað að því að honum hafi mögulega verið beitt í átökunum. Lýsti hann því þegar hann hafi komið fram í stofu og séð þá Guðmund liggjandi á gólfinu og búið að breiða yfir hann lak. Lýsti endurupptökubeiðandi því að hafa fundið sterka lykt og séð blóð í lakinu. Þeir hafi dregið lík Guðmundar inn í þvottahús og síðan ekið burtu í leigubifreið sem endurupptökubeiðandi hafi hringt á. Þegar þeir hafi komið til baka hafi endurupptökubeiðandi hringt til dómfellda Alberts og beðið hann að koma á bifreið. Í framhaldinu lýsti endurupptökubeiðandi því að hann hafi farið að stumra yfir dómfelldu Erlu en þegar hann hafi komið út úr íbúðinni hafi dómfelldi Albert verið að loka farangursgeymslunni á bifreiðinni og dómfelldu Kristján Viðar og Tryggvi Rúnar farið inn í bifreiðina. Gaf endurupptökubeiðandi lýsingu á akstursleiðinni út í Hafnarfjarðarhraun og greindi frá því að dómfelldu Kristján Viðar og Tryggvi Rúnar hafi tekið lík Guðmundar út úr bifreiðinni og borið það út í hraun. Endurupptökubeiðandi og dómfelldi Albert hafi gengið stuttan spöl á eftir þeim en síðan snúið aftur í bifreiðina og beðið þar. Dómfelldi Albert hafi síðan ekið honum að Hamarsbrautinni og þar hafi hann hent í sorptunnuna lakinu sem lík Guðmundar hafi verið vafið í. Hann hafi rætt stuttlega við dómfelldu Erlu frameftir nóttu en síðan farið að starfsmannabústað Kópavogshælis þar sem hann hafi sofið um nóttina.⁴¹⁰¹ Líkt og rakið er að framan stóð yfirheyrslan yfir í sjö klukkustundir og fimm mínútur miðað við tímabókun í lögregluskýrslunni, en fyrir liggur að endurupptökubeiðandi var ekki færður á klefa sinn fyrr en klukkan 22:45 sem getur skýrst af skýrsluritun. Í lok lögregluskýrslunnar var bókað að endurupptökubeiðanda væri ljóst að yfirheyrslan hafi staðið yfir lengur en sex klukkustundir samfleytt en hann hafi óskað eftir því að halda áfram yfirheyrslu hvað sem tímanum hafi liðið. Fyrir liggur að réttargæslumaður endurupptökubeiðanda var ekki viðstaddur yfirheyrsluna sjálfa, en samkvæmt bókun í fangelsisdagbók var hann kallaður til að beiðni rannsóknarlögreglumannsins klukkan 21:45 og vottaði hann skýrsluna ásamt fangaverði.⁴¹⁰² Tímalengd yfirheyrslunnar braut gegn banni 3. mgr. 40. gr. laga um meðferð opinberra mála við að yfirheyrslur færu umfram sex klukkustundir. Breytir samþykki endurupptökubeiðanda eða vottun réttargæslumanns hans þar engu um.

2488. Þegar endurupptökubeiðandi gaf framangreindan framburð var hann búinn að vera í gæsluvarðhaldi og einangrun í Síðumúlafangelsi í 293 daga, sem samsvarar níu mánuðum og 18 dögum. Sama gildir hér og um fyrri framburði endurupptökubeiðanda að hann lýsir aðkomu sinni að málinu sem heyrnar- og sjónarvottur að atburðum að

⁴¹⁰¹ Málsgrein 678.

⁴¹⁰² Málsgrein 677.

Hamarsbraut 11 þar sem Guðmundur hafi látið lífið. Með framburði sínum játaði endurupptökubeiðandi hlutdeild í flutningi á líki Guðmundar.

2489. Líkt og áður hefur rakið vakti einn sakadómara málsins meðal annars athygli á því með skýrslu sinni um málið í byrjun árs 1977 að af síðastgreindum framburði endurupptökubeiðanda virtist sem hann hafi haft samband við meðákærðu.⁴¹⁰³ Verður ekki annað ráðið af athugasemd dómarans en að hann hafi þar vísað til efasemda sinna um að framburður endurupptökubeiðanda hafi verið reistur á skynjan hans. Nokkur atriði í framburði endurupptökubeiðanda rýra mjög trúverðugleika hans þar sem þau samræmast ekki fyrirliggjandi staðreyndum. Í fyrsta lagi bar endurupptökubeiðandi um að hafa hitt dómfelldu Kristján Viðar og Tryggva Rúnar sem og Guðmund Einarsson fyrir utan Hamarsbraut 11 í kringum miðnætti 26. janúar 1974. Fyrir liggur að í framburðum sjónarvotta frá frumrannsókn lögreglu í janúar 1974 kom fram að Guðmundur hafi setið að drykkju í Garðabæ ásamt félögum sínum fram undir miðnætti umrætt kvöld. Þeir hafi síðan farið saman á dansleik í Alþýðuhúsinu í Hafnarfirði en Guðmundur orðið viðskila við félagu sína og þegar dansleiknum var lokið klukkan 02:00 hafi Guðmundur hvergi verið sjáanlegur.⁴¹⁰⁴ Vitni sáu til Guðmundar á mótum Reykjavíkurvegar og Hverfisgötu í Hafnarfirði milli klukkan 02:00 og 02:30 en þá hafi hann verið einn á gangi og reynt að stöðva bifreiðar.⁴¹⁰⁵ Síðast sást til Guðmundar aðeins ofar á Reykjavíkurveginum, til móts við frystihúsið Frost hf. þar sem Guðmundur hafi baðað út höndum og reynt að stöðva bifreiðar.⁴¹⁰⁶ Hann gat því ekki verið kominn að Hamarsbraut 11 rétt um eða upp úr miðnætti. Í öðru lagi greindi endurupptökubeiðandi frá því að hafa séð byssusting í fórum dómfellda Kristjáns Viðars umrætt kvöld. Fyrir liggur að umfangsmikil rannsókn og leit var gerð að umræddum byssusting en framburður móðursystur og ömmu dómfellda Kristjáns Viðars í lok febrúar 1977 leiddi í ljós að umræddum byssusting hafi verið hent fyrir júl 1973.⁴¹⁰⁷ Því var útilokað að þessi stingur hafi verið handleikinn á Hamarsbraut 11 aðfaranótt 27. janúar 1974. Í þriðja lagi er það framburður endurupptökubeiðanda um að hafa hringt tvö símtöl umrædda nótt, annars vegar í leigubifreið og hins vegar í dómfellda Albert. Líkt og áður hefur komið fram, og leitt var í ljós undir framhaldsrannsókn málsins, þá var síminn að Hamarsbraut 11 lokaður á umræddum tíma vegna vanskila.⁴¹⁰⁸ Úr honum var því ekki hringt þessa nótt í janúar 1974. Í fjórða lagi lýsti endurupptökubeiðandi því að dómfelldi Albert hafi verið að loka farangursgeymslu bifreiðarinnar þegar hann hafi komið út úr íbúðinni. Í framburði sínum gerði endurupptökubeiðandi það líklegt að lík Guðmundar hafi verið sett í farangursgeymsluna. Fyrir liggur að lögregla hafði á þessum tímapunkti staðfest að eigandi bifreiðarinnar, faðir dómfellda Alberts, hafi ekki verið orðinn eigandi að Toyota bifreið á þessum tíma heldur hafi hann átt Volkswagen bifreið, árgerð

⁴¹⁰³ Málsgrein 1093.

⁴¹⁰⁴ Málsgrein 5.

⁴¹⁰⁵ Málsgrein 1517.

⁴¹⁰⁶ Málsgrein 6.

⁴¹⁰⁷ Málsgrein 1352.

⁴¹⁰⁸ Málsgrein 2349.

1957.⁴¹⁰⁹ Sýnist ólíklegt, ef ekki útilokað, að lík Guðmundar hafi rúmast í farangursgeymslu bifreiðar af þeirri tegund. Farangursgeymslan er staðsett í fremri hluta bifreiðarinnar og hefur almennt lítið geymslurými þar sem í henni er jafnframt að finna um 40 lítra bensíntank og alla jafna varadekk.⁴¹¹⁰ Dómfelldi Albert var yfirheyrður í framhaldinu og borinn undir hann framangreindur framburður endurupptökubeiðanda. Bar dómfelldi um að endurupptökubeiðandi hafi beðið hann um að opna lok farangursgeymslunnar sem hann hafi gert. Í þann mund hafi dómfelldu Kristján Viðar og Tryggvi Rúnar komið út úr íbúðinni að Hamarsbraut 11 með eitthvað á milli sín sem þeir hafi sett í farangursgeymsluna. Byrðin hafi hins vegar verið svo fyrirferðamikil að ekki hafi verið með nokkru móti hægt að loka farangursgeymslunni, því hafi byrðin verið sett inn í bifreiðina.⁴¹¹¹

2490. Í októbermánuði var farið með endurupptökubeiðanda í leitarferðir í Hafnarfjarðarhraun og Fossvogskirkjugarð, en hann bar um í einni hraunferðinni að lík Guðmundar hafi í ágúst 1974 verið flutt úr hrauninu á stað nálægt miðju kirkjugarðsins.⁴¹¹² Þess ber að geta að dómfelldi Albert hafði allt frá því í mars 1976, að aflokinni sefjunarmedferð hjá sálfræðingi, borið um að lík Guðmundar hafi verið flutt úr Hafnarfjarðarhrauni á annan stað og þá á Toyota bifreið. Greindi endurupptökubeiðandi frá því við yfirheyrslu 5. október 1976 að hann og dómfelldu Kristján Viðar og Albert hefðu farið á Toyota bifreið föður Alberts og flutt líkið úr Hafnarfjarðarhrauni í svörtum plastpokum í farangursgeymslu bifreiðarinnar. Lýsti endurupptökubeiðandi því með nákvæmum hætti hvaða leið þeir hafi gengið um Fossvogskirkjugarðinn með líkpokana á milli sín. Gaf hann greinargóða lýsingu á ummerkjum í kringum þann stað þar sem líkið hafi verið urðað í garðinum.⁴¹¹³ Í kjölfarið var dómfelldi Albert ítrekað yfirheyrður og greindi hann þá frá því að við seinni líkflutninginn hafi líkið verið urðað í fjöru á Álftanesi. Rámaði hann þó í að líkið hafi verið flutt í kirkjugarð og taldi þá helst Hafnarfjarðarkirkjugarð koma til greina. Í sömu yfirheyrslu lýsti dómfelldi Albert því yfir að honum hafi fundist við síðustu yfirheyrslur líkt og eitthvað væri að honum í höfðinu. Hann vissi að hann hefði tekið þátt í þessu og því ætti hann að geta skýrt frá öllu, en hann ætti erfitt með að greina á milli hugarburðar og veruleika.⁴¹¹⁴ Nokkrum dögum síðar greindi dómfelldi Albert lögreglu frá því að eftir upprifjun væri hann nú alveg viss um að þeir hafi flutt líkið af Guðmundi úr Hafnarfjarðarhrauni og í Fossvogskirkjugarð, en áður hafi það alveg verið þurrkað úr minni hans.⁴¹¹⁵ Var staðarlýsingum endurupptökubeiðanda og dómfellda Alberts fylgt eftir með ítarlegri leit lögreglu að líki Guðmundar en án árangurs.

⁴¹⁰⁹ Málsgrein 548.

⁴¹¹⁰ Málsgögn endurupptökunefndar, bls. 4451–4462.

⁴¹¹¹ Málsgrein 688.

⁴¹¹² Málsgrein 686.

⁴¹¹³ Málsgrein 689.

⁴¹¹⁴ Málsgreinar 688 og 691.

⁴¹¹⁵ Málsgrein 702.

2491. Fulltrúi yfirsakadómara afhenti ríkissaksóknara málgögn vegna rannsóknar á hvarfi Guðmundar Einarssonar 19. október 1976.⁴¹¹⁶ Ríkissaksóknari gaf út ákæru 8. desember 1976, á hendur endurupptökubeiðanda og dómfelldu Kristjáni Viðari og Tryggva Rúnari fyrir manndráp með því að hafa, aðfaranótt 27. janúar 1974, í félagi ráðist á Guðmund að Hamarsbraut 11 og misþyrmt honum svo, þar á meðal með hnífstungum sem Kristján Viðar hafi veitt honum, að hann hafi hlotið bana af og komið líki hans síðan fyrir á ókunnum stað. Var Albert ákærður fyrir eftirfarandi hlutdeild í fyrrgreindum verknaði með því að hafa veitt endurupptökubeiðanda og dómfelldu Kristjáni Viðar og Tryggva Rúnari liðsinni við að fjarlægja og koma líki Guðmundar fyrir á ókunnum stað og þannig leitast við að afmá ummerki brotsins, bæði fyrrgreinda nótt og síðar síðla sumars 1974 þegar líkamsleifar Guðmundar voru fluttar á enn annan stað.⁴¹¹⁷
2492. Fyrir liggur að endurupptökubeiðandi var ítrekað til yfirheyrslu og viðtala fram yfir áramótin 1976–1977 án þess að um það hafi verið gerð skýrsla og því óvíst hvað þar fór fram, en þar sem rannsókn lögreglu á Guðmundarmálinu var þá formlega lokið var aðaláhersla lögreglu lögð á rannsókn Geirfinnsmálsins. Var endurupptökubeiðanda umbunað af rannsakendum fyrir góða frammistöðu í þágu rannsóknar sakamála í lok árs 1976 en í dagbók Síðumúlafangelsisins var bókað um símtal frá fulltrúa yfirsakadómara sem lýsti því yfir að „þá langaði til að umbuna Sævari samvinnu ágæta nú seinnipart hausts og þátt hans í því að rannsókn mála stendur nú í því sem hún er nú [...]“. Fékk endurupptökubeiðandi þá fyrst afhent Morgunblaðið til aflestrar, ritskoðað þó, og í framhaldinu fyrstu heimsóknina frá dóttur sinni í fangelsið og loks flutning í Hegningarhúsið í lok janúar 1977.⁴¹¹⁸
2493. Eins og fram hefur komið tók einn sakadómara málsins saman skýrslu í byrjun janúar 1977 um athugasemdir sínar um stöðu málsins eftir yfirlestur á málgögnum saman með ákæruskjalinu. Gagnrýndi hann skort á rannsókn á ýmsum atriðum málsins og benti á að afla þyrfti gagna úr fíkniefnarannsókn sem endurupptökubeiðandi setti í upphafi árs 1974. Gerði sakadómarinn sérstaka athugasemd við það að hvergi kæmi fram í gögnum málsins hvernig málið hafi komist á rekspöl. Einnig taldi hann nauðsynlegt að gera athugun á tímasetningum í vitnisburðum þeirra sem töldu sig hafa séð Guðmund í síðasta skipti. Þá taldi sakadómarinn þörf á að afla frekari veðurfarsupplýsinga í ljósi þess sem fram hafi komið í frumrannsókn málsins árið 1974. Velti hann því fyrir sér hvort mögulegt væri að dómfelldu Albert og Kristján Viðar hefðu getað haft samband sín á milli og vísaði til þess að fyrstu framburðir þeirra væru mjög keimlíkir um mörg atriði, svo sem um gerð bifreiðar, notkun farangursgeymslu og fleira. Þá kom fram í skýrslunni að framburður dómfelldu Erlu um að linur og blautur mannsaur hafi verið í lakinu sem lík Guðmundar hafi verið vafið í hafi vakið athygli sakadómarans. Taldi hann það ekki úr vegi að „fá viðhlítandi svar við því hvernig „mótanlegur“, „linur“ og „blautur“ mannsaur kemst heill á húfi í gegnum tvennar brækur.“ Þá gerði sakadómarinn athugasemd við það að möguleg

⁴¹¹⁶ Málgrein 722.

⁴¹¹⁷ Málgrein 968.

⁴¹¹⁸ Málgrein 2326.

fjarvistasönnun endurupptökubeiðanda hafi ekki verið könnuð, en hann hafi borið um að hafa verið í Hveragerði á umræddum tíma.⁴¹¹⁹ Í kjölfarið fól dómsformaður þremur lögreglumönnum framhaldsrannsókn málsins á þeim atriðum sem þyrftu frekari rannsóknar við.⁴¹²⁰

2494. Fyrir liggur bréf frá dómsformanni til yfirsakadómara dagsett 10. febrúar 1977. Í bréfinu kom meðal annars fram að við yfirlestur málsgagna Guðmundarmálsins hafi komið í ljós að mjög skorti á að málið hafi verið nægilega rannsakað. Rakti dómsformaðurinn tilfærslur á dómfelldu milli fangelsa sem hafi verið án hans vitneskju eða samráðs. Óskaði hann eftir skýrum svörum frá yfirsakadómara um hvort fela ætti dómurum málsins forræði fanganna á meðan rannsókn málsins stæði, en ætlunin væri að hafa þá í einangrun og leyfa ekki samtöl við þá nema leyfi kæmi sérstaklega hverju sinni.⁴¹²¹
2495. Að fyrirhuguð sakadóms var endurupptökubeiðandi tekinn til yfirheyrslu vegna framhaldsrannsóknar málsins 27. febrúar 1977. Greindi hann þá frá því að atburðarásin að Hamarsbraut 11 þegar Guðmundi var ráðinn bani væri ekki sannleikanum samkvæm. Benti endurupptökubeiðandi á að síminn í íbúðinni hafi verið lokaður og því væri það ekki rétt sem hann hefði áður haldið fram að hringt hafi verið í leigubifreið og síðar í dómfellda Albert. Í framhaldinu staðreyndi dómsformaður það með gagnaöflun að síminn að Hamarsbraut 11 hafi verið lokaður vegna vanskila dagana 26. og 27. janúar 1974.⁴¹²² Þegar þær upplýsingar lágu fyrir, rúnum 14 mánuðum eftir að rannsókn málsins hófst, tóku framburðir endurupptökubeiðanda og dómfellda Alberts og Kristján Viðars um atburðarásina stórfelldum breytingum.
2496. Endurupptökubeiðandi var til yfirheyrslna og viðtala dagana á eftir án þess að um það hafi verið gerð formleg skýrsla. Í samantektarskýrslu lögreglumanns kom fram að í viðræðum hans og endurupptökubeiðanda hafi komið fram veruleg breyting á atburðarásinni. Endurupptökubeiðandi hafi borið um að dómfelldi Albert hafi ekið dómfelldu Kristjáni Viðari, Tryggva Rúnari og einum manni til viðbótar sem kallaður væri Gunni til Hafnarfjarðar í umrætt sinn. Aðspurður hvers vegna hann hafi ekki greint frá mannum fyrr sagði endurupptökubeiðandi að sér hafi yfirleitt aldrei verið trúnað og því hafi hann ekki séð ástæðu til að segja frá þessu fremur en öðru sem einhverja þýðingu gæti haft á gang málsins. Greindi endurupptökubeiðandi frá ferðum sínum frá því snemma kvölds 26. janúar 1974 og dvöl sinni í starfsmannabústað Kópavogshælis. Þaðan hafi hann tekið leigubifreið að Hamarsbraut 11, en þá hafi dómfelldu Albert, Kristján Viðar og Tryggvi Rúnar verið komnir inn í íbúðina. Var endurupptökubeiðandi ekki viss um að framangreindur Gunni hafi þá verið með þeim.
2497. Endurupptökubeiðandi staðfesti síðastgreindan framburð sinn í yfirheyrslu 9. mars 1977. Gaf hann þá skýringu á breyttum framburði að í fyrri rannsókn málsins hafi ekki verið tekið til greina þegar hann hafi viljað tjá sig og segja allan sannleikann í málinu.

⁴¹¹⁹ Málsgrein 1093.

⁴¹²⁰ Málsgrein 1127.

⁴¹²¹ Málsgrein 1300.

⁴¹²² Málsgrein 1354.

Í framhaldinu gaf endurupptökubeiðandi ítarlegan framburð um málsatvik kvöldið 26. janúar og aðfaranótt 27. janúar 1974. Hann hafi verið staddur í íbúðinni að Hamarsbraut 11 ásamt dómfelldu Alberti, Kristjáni Viðari og Tryggva Rúnari. Einnig hafi verið þar staddir [GunJ] og Guðmundur Einarsson. Lýsti endur-upptökubeiðandi því að þeir hafi þrefað um kaup á áfengisflösku og hafi Guðmundur ætlað að þrifa í hann, en hann náð að víkja sér undan. Þá hafi allsherjar slagsmál brotist út sem hafi beinst að Guðmundi. Lýsti endurupptökubeiðandi aðkomu sinni sem sjónar- og heyrnarvottur og kvaðst hafa flúið inn á salerni og þá heyrt dynk. Tók endurupptökubeiðandi sérstaklega fram að dómfelldi Kristján Viðar hafi við samprófun í maí 1976 greint honum frá því að hann hafi orðið Guðmundi að bana með byssusting. Lýsti endurupptökubeiðandi því yfir að framburður dómfellda Kristjáns Viðars væri hreinn uppspuni og kenndi því um hvernig staðið hafi verið að rannsókn málsins. Greindi endurupptökubeiðandi frá því að þeir hafi borið lík Guðmundar beint út í bifreið dómfellda Alberts og gert tilraun til að koma því fyrir í farangursgeymslu bifreiðarinnar en þegar ekki hafi verið hægt að loka henni hafi líkið verið sett inn í bifreiðina. Kvaðst endurupptökubeiðandi ekki hafa séð dómfelldu Erlu á staðnum í umrætt sinn heldur hafa hitt hana á sunnudagskvöldið 27. janúar 1974.⁴¹²³

2498. Framburður endurupptökubeiðanda tók síðan aftur vendingu þegar hann kom fyrir sakadóm Reykjavíkur 29. mars 1977 ásamt skipuðum verjanda sínum. Neitaði hann sök samkvæmt I. kafla ákærunnar frá 8. desember 1976 og óskaði eftir því að bókað yrði að hann hafi ekki verið að Hamarsbraut 11 þessa nótt heldur hjá [HeG] í starfsmannabústað Kópavogshælis. Bar hann um að hafa rætt um það við hana að fara að Gljúfurárholti í Ölfusi. Hann hafi hitt dómfelldu Erlu einhvern tíma á sunnudagskvöldið 27. janúar 1974 en þá hafi [ViG] leigubifreiðastjóri verið með honum. Hann hafi ætlað að fara austur en hætt við vegna Erlu. Greindi endurupptökubeiðandi frá því að hann hafi upphaflega verið látinn játa á sig sakir, beittur líkamlegu ofbeldi af rannsóknarmönnum og fangavörðum og hótad af dómfelldu Tryggva Rúnari og Kristjáni Viðari. Einnig hafi Erla hótad honum að fremja sjálfsmorð í júlímánuði 1976 við samprófun í fangelsinu við Síðumúla. En hún hafi verið höfð þar til að koma vitinu fyrir hann. Bar endurupptökubeiðandi um frekara harðræði í sinn garð í tengslum við rannsókn málsins í umræddri skýrslutöku fyrir dómi. Í þingbók sakadóms var bókað að skýrslur endurupptökubeiðanda frá 22. desember 1975, 4. og 6. janúar, 30. september og 5. október 1976 hafi verið lesnar í heild sinni í heyranda hljóði í dóminum. Bókað var að endurupptökubeiðandi hafi kannast við að hafa gefið þessar skýrslur og undirritað þær, en sagði allt rangt sem kæmi fram í þeim um dauða Guðmundar Einarssonar. Sama ætti við um skýrslu dagsetta 9. mars 1977 sem hann hafi gefið við framhaldsrannsókn málsins. Ítrekað aðspurður neitaði endurupptökubeiðandi því að hafa komið að Hamarsbraut 11 aðfaranótt 27. janúar 1974. Kvaðst hann alltaf hafa haldið fram sakleysi sínu, en hafi ekki getað annað en gefið þessar skýrslur þar sem þess hafi verið krafist af honum.

⁴¹²³ Málsgrein 1400.

Neitaði hann því að vita nokkuð um flutning á líki Guðmundar, hvorki umrædda nótt né síðar.⁴¹²⁴

2499. Daginn eftir kom dómfelldi Tryggvi Rúnar fyrir dóminn og neitaði sök í I. kafla ákærunnar frá 8. desember 1976. Kvaðst hann aldrei hafa komið að Hamarsbraut 11 hvorki aðfaranótt 27. janúar 1974 né fyrir þann tíma.⁴¹²⁵ Dómfelldi ritaði færslu um þinghaldið í dagbók sína sama dag. Ritaði hann um að hafa þurft að skýra það hvers vegna hann hafi játað og það hafi hann reynt að gera eftir bestu getu en hefði auðvitað mátt bæta mörgu við. Þá ritaði hann um að vera alveg viss um að hafa aldrei séð [GunJ], hvorki á Hamarsbrautinni né síðar. Orðrétt ritaði hann: „Það er þessi maður sem kemur inn í myndina í Guðmundarmálinu!“ Ritaði dómfelldi Tryggvi Rúnar um að dómsformaðurinn hafi spurt hvort rétt væri að hann hafi ætlað að berja fyrrum samfanga sinn í samprófun um daginn og hvort hann hafi ætlað að berja endurupptökubeiðanda. Í framhaldinu ritaði hann um viðtal sitt við verjanda sinn sem hafi vitjað hans klukkan 18:15. Hann hafi sagt honum að vera bara rólegum í samprófuninni við dómfelldu Erlu sem fram færi daginn eftir þó svo eitthvað kæmi fram sem ekki væri satt. Orðrétt ritaði dómfelldi Tryggvi Rúnar: „Ég meina ef hún fer að ljúga einhverja vitleysu að ég hafi til dæmis verið á Hamarsbraut þetta kvöld. Í fyrsta lagi þekki ég Erlu ekki neitt svo í öðru lagi þá hef ég aldrei á Hamarsbraut komið!“⁴¹²⁶
2500. Þegar endurupptökubeiðandi greindi fyrst frá aðild [GunJ] að málinu hafði nafn hans aldrei fyrr borið á góma undir lögreglurannsókn málsins sem hafði þá staðið yfir í rúmlega eitt ár. Nafn [GunJ] og framburðir dómfelldu um veru hans í íbúðinni í umrætt sinn komu ekki fram fyrr en leitt hafði verið í ljós að endurupptökubeiðanda hafi verið það ómögulegt að hafa hringt í dómfellda Albert úr íbúðinni til að fá hann á staðinn á bifreiðinni. Að fyrirhugi sakadóms var [GunJ] kvaddur fyrir dóm 20. apríl 1977 en í kvaðningunni sagði orðrétt: „Hér með eruð þér kvaddur til að mæta fyrir sakadómi Reykjavíkur og gefa vitnaskýrslu um átök, er urðu að Hamarsbraut 11 í Hafnarfirði, aðfaranótt 27. janúar 1974, með þeim afleiðingum að Guðmundur Einarsson, Hraunprýði í Blesugróf, Reykjavík beið bana, en komið er fram í málinu, að þér hafið verið þar viðstaddur. Ferðir til og frá Spáni verða greiddar fyrir yður.“⁴¹²⁷ Föstudaginn 29. apríl 1977 var [GunJ] sóttur til Spánar þar sem hann var búsettur. Þinghald í sakadómi Reykjavíkur var háð daginn eftir og kom [GunJ] fyrir dóminn sem vitni.⁴¹²⁸ Líkt og rakið var í kafla VII.5.3 þá voru fyrstu framburðir [GunJ] mjög ómarkvissir og minni hans óglögg um málsatvik þrátt fyrir að hann hafi fengið tilefni skýrslutökunnar efnislega skilgreint fyrirfram í skriflegri kvaðningu, farið í vettvangsferð að Hamarsbraut 11, verið kynnt blaðaumfjöllun um hvarf Guðmundar og lagðar fyrir hann ljósmyndir af dómfelldu og íbúðinni að Hamarsbraut.⁴¹²⁹ Svo virðist sem málsatvik hafi ekki rifjast upp fyrir vitninu fyrr en að aflokinni ítarlegri

⁴¹²⁴ Málsgrein 1450.

⁴¹²⁵ Málsgrein 1455.

⁴¹²⁶ Málsgrein 1456.

⁴¹²⁷ Málsgrein 1504.

⁴¹²⁸ Málsgrein 1523.

⁴¹²⁹ Málsgrein 1525.

samprófun með dómfellda Alberti sem stóð yfir í tæpar fimm klukkustundir 3. maí 1977. Dagana á eftir var [GunJ] aftur til skýrslutöku fyrir dómi og var þá bókað í þingbók sakadóms að honum hafi verið kynntur framburður endurupptökubeiðanda og dómfelldu Kristjáns Viðars og Tryggva Rúnars. Var þess ekki getið hvaða framburður hafi verið kynntur vitninu, en á þessum tímapunkti hafði endurupptökubeiðandi og dómfelldi Tryggvi Rúnar báðir dregið framburð sinn til baka um atburðina að Hamarsbraut 11. Í framhaldinu var vitnið til samprófunar við endurupptökubeiðanda og dómfelldu Kristján Viðar og Tryggva Rúnar. Hélt endurupptökubeiðandi fast við framburð sinn um að hafa ekki verið að Hamarsbraut 11 í umrætt sinn. Var [GunJ] samprófaður við endurupptökubeiðanda 4. maí 1977 sem skilaði ekki samræmi í framburðum þeirra.⁴¹³⁰ Í dómi sínum frá 22. febrúar 1980 lagði Hæstiréttur til grundvallar að rannsóknarlögreglumenn sem gefið hafi skýrslu fyrir dómi 11. janúar sama ár að beiðni ríkissaksóknara hafi verið samsaga um að ekki hafi verið farið með [GunJ] að Hamarsbraut 11 áður en fyrsta skýrsla var tekin af honum. Svo virðist sem réttinum hafi ekki verið kunnugt um bókun í þingbók sakadóms Reykjavíkur frá 2. maí 1977 um að farið hafi verið með vitnið [GunJ] að Hamarsbraut 11 í Hafnarfirði laugardaginn 30. apríl 1977. Fyrir liggur að sú vettvangsferð var farin áður en vitnið gaf efnislegan framburð um málið. Svo virðist sem Hæstiréttur hafi dregið of víðtæka ályktun af framburði þessara tveggja rannsóknarlögreglumanna um að þeir hafi ekki farið með vitnið á vettvang.

2501. Endurupptökubeiðandi var fluttur aftur í Síðumúlafangelsið 5. maí 1977, samkvæmt ákvörðun dómsformanns, eftir að hafa dvalið þar frá 31. janúar 1977.⁴¹³¹ Hafa ber í huga að endurupptökubeiðandi hafði, 29. mars 1977, borið um að hafa verið knúinn til játninga með harðræði af rannsakendum og fangavörðum á meðan hann var vistaður í Síðumúlafangelsinu. Ásakanir endurupptökubeiðanda voru rannsakaðar með því að þeir sem hann nafngreindi í þessu sambandi voru kallaðir fyrir dóm. Báru þeir allir af sér sakir og könnuðust fæstir við umkvartanir endurupptökubeiðanda, en með undantekningum þó.⁴¹³² Endurupptökubeiðandi var þannig fluttur aftur í Síðumúlafangelsið í umsjá þeirra sem hann hafði skömmu áður borið þungum sökum fyrir dómi og var vistaður þar í einangrun fram yfir uppkvaðningu dóms sakadóms Reykjavíkur eða til 22. desember 1977. Að framangreindu sögðu er ekki augljóst hvaða forsendur voru til grundvallar þeirri ákvörðun að flytja endurupptökubeiðanda úr einangrun í Hegningarhúsinu yfir í Síðumúlafangelsið. Líkt og rakið er í kafla VII.5.3.b þá ritaði dómfelldi Guðjón um framangreinda ráðstöfun í dagbók sína og þótti athæfið heldur vafasamt. Skilgreindi hann flutninginn sem hefndarráðstöfun dómsformannsins þar sem endurupptökubeiðandi hafi dregið framburð sinn til baka.⁴¹³³
2502. Endurupptökubeiðandi hafði á þessum tíma sætt óvenju langvinnri einangrunarvist eða í 510 daga, sem samsvarar einu ári og tæpum fimm mánuðum. Þar af hafði endurupptökubeiðandi sætt einangrunarvist í óforsvaranlegum húsakynnum Síðumúla-

⁴¹³⁰ Málsgrein 1529.

⁴¹³¹ Málsgrein 1530.

⁴¹³² Málsgrein 2379.

⁴¹³³ Málsgrein 2379.

fangelsisins í 416 daga. Eftir svo langvarandi einangrunarvist er unnt að fullyrða að endurupptökubeiðandi hafi ekki farið varhluta af þeim neikvæðu áhrifum sem slík vist er almennt talin hafa í för með sér og gerð er grein fyrir í kafla VII.5.2.b. Má þar nefna sem dæmi ruglástand, einkenni óráðs og alvarlegar svefntruflanir sem veikja mótstöðu og viðnámsþrótt við yfirheyrslur. Sjálfur lýsti endurupptökubeiðandi áhrifum vistarinnar og frelsisskerðingarinnar á sig persónulega í bréfi sem hann ritaði í tilefni af harðræðisrannsókninni árið 1979. Í bréfinu sagði endurupptökubeiðandi vistina brengla persónuleika manna svo mjög að sjálfið eyðilegðist þannig að unnt væri að móta þá eins og leir.⁴¹³⁴ Lýsing endurupptökubeiðanda á upplifun sinni á sér samsvörun í úrlausn mannréttindanefndar Evrópu frá 8. júlí 1978 í málum Ensslin, Baader og Raspe gegn Þýskalandi, en athygli vekur að sams konar orðfæri var viðhaft í niðurstöðu nefndarinnar þar sem fram kom að algjör einangrun geti án vafa að lokum eyðilagt persónuleika, það er talist vera ómannleg meðferð í skilningi 3. gr. mannréttindasáttmála Evrópu.⁴¹³⁵

2503. Til viðbótar við þá áþján sem langvarandi einangrunarvist hafði þegar haft á endurupptökubeiðanda bendir margt til þess að flutningurinn aftur í Síðumúlafangelsi á þessum tímapunkti hafi verið honum sérlega þungbær. Leiddi það þó ekki til breytinga á vistunarstað hans, en bókað var í dagbók fangelsisins við Síðumúla 13. júlí 1977 að dómarrar málsins hafi tekið einróma ákvörðun um að endurupptökubeiðandi og dómfelldu Tryggvi Rúnar, Kristján Viðar og Guðjón ættu að vera í Síðumúlafangelsi þar til undirréttardómur myndi falla. Var þess getið í bókuninni að ákvörðunin væri endanleg og vonlaust væri að ræða það frekar.⁴¹³⁶
2504. Endurupptökubeiðandi kom fyrir sakadóm Reykjavíkur 22. júní 1977 ásamt skipuðum verjanda sínum vegna málsins. Þinghaldið stóð yfir í klukkustund, en bókað var í þingbók sakadóms að dómurinn hafi ákveðið að fresta skýrslutöku að sinni.⁴¹³⁷ Engin frekari gögn liggja fyrir um hvað fór fram í þinghaldinu þá klukkustund sem dómþingið stóð yfir. Sama dag var bókað í dagbók fangelsisins við Síðumúla að dómsformaður hafi tilkynnt um að nafngreindum rannsóknarlögreglumanni væri heimilt að ræða við endurupptökubeiðanda að vild og fara með hann í ökuferðir án þess að leita heimildar dómsformannsins þar um.⁴¹³⁸ Þá var endurupptökubeiðandi færður í sakadóm Reykjavíkur 11. júlí 1977 til samprófunar við dómfellda Guðjón í tengslum við Geirfinnsmálið. Reyndist samprófunin árangurslaus.⁴¹³⁹ Í kjölfarið ritaði dómfelldi Guðjón í dagbók sína að endurupptökubeiðandi hafi verið alveg niðurbrotinn við samprófunina og nær ógjörningur hafi verið að ræða við hann. Slegið hafi út í fyrir endurupptökubeiðanda þegar komið hafi verið að því að ræða um hvar líkið af Geirfinni væri og þinghaldið hafi þar með leysts upp.⁴¹⁴⁰

⁴¹³⁴ Málsgrein 1834.

⁴¹³⁵ Málsgrein 2227.

⁴¹³⁶ Málsgrein 1632.

⁴¹³⁷ Málsgrein 1590.

⁴¹³⁸ Málsgrein 1588.

⁴¹³⁹ Málsgrein 1626.

⁴¹⁴⁰ Málsgrein 1627.

2505. Dómfelldi Kristján Viðar bar um það fyrir dómi 27. september 1977 að hafa farið fram á það í Hegningarhúsinu 12. maí og aftur í þinghaldi 6. júlí 1977, að bókað yrði að hann vissi ekkert um hvarf Guðmundar Einarssonar. Bar dómfelldi um að þeirri málaleitan hans hafi verið hafnað.⁴¹⁴¹
2506. Meðan á réttarhléi sakadóms Reykjavíkur stóð var dómþing háð 16. ágúst 1977 og tekið fyrir sakadómsmálið á hendur dómfelldu að því er varðar sakargiftir um hvarf Guðmundar. Athygli vekur að enginn var viðstaddur þinghaldið, hvorki sækjandi né verjendur. Fyrir dóminn kom [HJP] sem vitni og greindi frá kynnum sínum af endurupptökubeiðanda og dómfelldu Erlu, Kristjáni Viðar og Alberti. Greindi vitnið meðal annars frá því að hafa búið með dómfelldu Erlu að Hamarsbraut 11 í um hálfsmánaðarlangt skeið í kjölfar handtöku endurupptökubeiðanda í byrjun febrúar 1974. Lýsti hann því að óreiða hafi verið í íbúðinni og blóðblettir í svefnherbergi inn af stofu. Þá hafi verið tveir blóðblettir í gólfteppi, annar nokkuð stór í herberginu en hinn nokkru minni nálægt dyrum fram í stofu. Greindi vitnið frá því að hafa einnig séð blóð víðs vegar um herbergið og á dívani. Að sögn vitnisins hafi dómfellda Erla sagt blettina vera blóð en neitað því aðspurð hvort átök hafi orðið inni í íbúðinni. Hafi dómfellda Erla sagt blóðið hafa komið úr nautakjöti sem endurupptökubeiðandi hafi steikt sér. Bókað var í þingbókina eftir vitninu að því hafi fundist blettirnir svo stórir að skýring dómfelldu Erlu hafi að hans mati ekki gengið upp. Taldi vitnið að átök hafi átt sér stað í íbúðinni. Í framhaldinu greindi hann frá því að hafa soðið umbúðir utan af hassi sem hann hafi fundið í ísskápnum, í þeim tilgangi að drekka undan þeim seyðið. Dökkir blettir hafi verið á umbúðunum og taldi vitnið að um blóðbletti hafi verið að ræða. Dómfellda Erla hafi aðspurð sagt blettina vera nausblóð. Kvaðst vitnið hafa drukkið seyðið ásamt [HeG], en dómfellda Erla hafi ekki viljað drekka það en síðan spurt hvernig þeim hafi fundist að drekka mannsblóð. Greindi vitnið frá því að dómfellda Erla hafi ekki upplýst úr hverjum blóðið hafi verið en eftir að Guðmundarmálið hafi komist upp hafi hún sagt vitninu og fleirum að blóðið hafi verið úr Guðmundi. Bókað var í þingbókina að vitnið hafi unnið drengskaparheit að framburði sínum.⁴¹⁴² Í framhaldinu óskaði dómsformaður eftir því við rannsóknarlögreglu ríkisins með bréfi að fram færi rækileg rannsókn á nánar tilgreindum atriðum í framburði vitnisins [HJP] og reynt yrði að staðreyna þau eftir föngum.⁴¹⁴³ Í framhaldinu voru lögregluskýrslur teknar af vitninu [HeG] og dómfelldu Alberti og Erlu og borinn undir þau framburður vitnisins [HJP]. Dómfellda Erla var yfirheyrð tveimur dögum síðar í tilefni af framburði vitnisins. Sagði hún það alrangt að hann hafi búið heima hjá henni að Hamarsbraut 11 heldur hafi hann gist nótt og nótt. Kvaðst hún ekki muna eftir blóðblettum sem vitnið hafi sagst hafa séð í gólfteppi í svefnherberginu og sagðist nokkuð viss um að engir blóðblettir hafi verið á dívanim. Tók Erla það fram að hún myndi ekki til þess að hafa sagt við vitnið eða

⁴¹⁴¹ Málsgrein 1696.

⁴¹⁴² Málsgrein 1644.

⁴¹⁴³ Málsgrein 1646.

nokkurn annan að blettirnir hafi verið blóðblettir og hvað þá blóð úr Guðmundi Einarssyni.⁴¹⁴⁴

2507. Áréttað skal að enginn var viðstaddur framangreint þinghald aðrir en sakadómarar málsins. Þá liggja ekki fyrir neinar upplýsingar um að verjandi endurupptökubeiðanda eða annarra dómfelldu hafi verið boðaðir til þinghaldsins og þeim þannig gefinn kostur á að gagnspyrja vitnið. Samkvæmt 1. mgr. 75. gr. laga um meðferð opinberra mála hvíldi sú skylda á dómi að rannsaka af sjálfsdáðum og sjálfstætt öll sakaratriði. Hins vegar vekur athygli að verjandi endurupptökubeiðanda og annarra dómfelldu voru hvorki upplýstir fyrirfram né gefinn kostur á að vera viðstaddir skýrslutöku af hugsanlegu lykilvitni um aðkomu á vettvang þann þar sem Guðmundur Einarsson beið bana. Ekki verður séð að endurupptökubeiðanda hafi verið tryggð raunveruleg aðstaða til að halda uppi vörnum í því máli sem höfðað hafði verið gegn honum. Vekur það athygli að engin gögn liggja fyrir um aðdraganda þess að vitnið [HJP] var kallað fyrir dóminn. Hins vegar lágu fyrir dómnum upplýsingar um aðkomuna að Hamarsbraut 11 nokkrum dögum eftir umrædda atburði. Undir framhaldsrannsókn málsins í lok janúar 1977 var fulltrúi hjá Tollgæslunni á Keflavíkurflugvelli yfirheyrður hjá lögreglu. Stóð fulltrúinn að handtöku endurupptökubeiðanda 4. febrúar 1974 að Hamarsbraut 11 vegna gruns um fíkniefnabrot. Bar fulltrúinn um að hafa gengið inn í eldhús og stofu kjallaraíbúðarinnar og beðið innandyra á meðan endurupptökubeiðandi hafi klætt sig í föt. Mundi hann eftir því að honum hafi fundist allt á rúi og stúi, en kvaðst ekki muna eftir neinu sérstöku sem varpað gæti ljósi á þá atburði sem væru til rannsóknar.⁴¹⁴⁵ Þá var Einar Bollason, bróðir dómfelldu Erlu, yfirheyrður af sama tilefni fyrir dómi 27. júní 1977. Greindi hann frá því að íbúðin að Hamarsbraut 11 hafi verið seld í mars 1974 og dómfellda Erla hafi flutt út skömmu fyrir afhendingu. Kvaðst Einar hafa séð um þrif á íbúðinni og ekki hafa orðið var við neitt sem bent hafi til þess að átök hafi átt sér stað í íbúðinni. Aðspurður mundi hann hvorki eftir að hafa séð blóðbletti né ljósleitt lak.⁴¹⁴⁶ Í kjölfarið var dómfellda Erla yfirheyrð hjá lögreglu um framburð vitnisins. Sagði hún framangreind atriði vera röng. Fyrir liggur að vitnið [HJP] dró framburð sinn til baka með bréfi dagsettu 18. júní 1979. Greindi hann frá því að hafa verið spurður villandi spurninga fyrir dómi og ekki hafi verið bókað rétt eftir honum.⁴¹⁴⁷ Í dómi Hæstaréttar er ekki vikið að þessari yfirlýsingu vitnisins.
2508. Bókað var í dagbók Síðumúlafangelsisins 18. ágúst 1977 að þrír nafngreindir lögreglumenn hefðu leyfi frá dómurum málsins til að tala við endurupptökubeiðanda. Um var að ræða fyrrum fangavörð í fangelsinu og tvo rannsóknarlögreglumenn sem höfðu farið með rannsókn málanna í upphafi. Skráð var á sama stað að endurupptökubeiðandi hafi óskað eftir að bókað yrði að hann neitaði að ræða við mennina. Um kvöldið tók fyrrum fangavörðurinn endurupptökubeiðanda til viðtals í

⁴¹⁴⁴ Málgrein 1651.

⁴¹⁴⁵ Málgrein 1230.

⁴¹⁴⁶ Málgrein 1596.

⁴¹⁴⁷ Málgrein 1831.

35 mínútur, sem hann var áður búinn að neita að tala við, eins og það var orðað.⁴¹⁴⁸ Rannsóknargögn liggja ekki fyrir um viðtalið.

2509. Meðal rannsóknargagna liggur fyrir greinargerð fulltrúa yfirsakadómara til dómsformanns, dagsett 22. ágúst 1977, um ásakanir endurupptökubeiðanda og dómfellda Kristjáns Viðars á hendur honum, lögreglumönnum og fangavörðum. Um framburð dómfellda um hljóð líkt og gengið væri eftir þaki fangelsisins ritaði fulltrúinn að eina skýringin hafi verið vindur, en töluvert rok hafi verið úti í umrætt sinn. Orðrétt ritaði fulltrúinn: „Sævar Marinó reyndi í þinghaldi hinn 11. janúar að bera fyrir sig að hann hefði verið þvingaður til þess að játa á sig sakir í „Guðmundarmálinu“. Ég tók ekkert mark á framburði hans þar sem ég vissi betur, en ég var viðstaddur þegar hann skýrði fyrst frá og svo var einnig hans réttargæslumaður Jón Oddsson hrl. og á honum að vera manna best kunnugt um að framburður Sævars er rangur.“ Hann bæri fullt traust til lögreglumannanna og hefði enga ástæðu til að ætla að þeir hefðu ekki gætt settra reglna við yfirheyrslur. Þótti honum lögreglumennirnir hafa dekrað um of við dómfelldu þar sem þeir hafi verið hlaupandi í fangelsið jafnt á nóttu sem degi því mjög mikið hafi verið um að dómfelldu hafi látið hringja í þá. Orðrétt ritaði fulltrúinn: „Það er fjarstæða að Kristján hafi fengið nöfn fjórmenn-inganna uppgefin hjá lögreglumönnum. Reynslan af tilburðum Sævars í „Guðmundarmálinu“ var lexía sem hefði komið í veg fyrir alla slíka óvarfærni.“ Ritaði fulltrúinn í lokin um að framburðir endurupptökubeiðanda og dómfellda Kristjáns Viðars væru rangir og kynnu að skýrast af illvilja þeirra í garð lögreglumanna og fangavarða.⁴¹⁴⁹
2510. Fyrir liggur að verjandi endurupptökubeiðanda kom til viðtals við hann 25. ágúst 1977, í áheyrn varðstjóra í Síðumúlafangelsinu og aftur dagana 30. og 31. sama mánaðar og 1. september 1977.⁴¹⁵⁰ Á sama tíma ritaði endurupptökubeiðandi tíu blaðsíðna bréf til dómsformanns með yfirliti yfir ferðir sínar og gerðir dagana 15. til og með 21. nóvember 1974 sem hann afhenti 5. september 1977.⁴¹⁵¹ Daginn eftir kom geðlæknir til viðtals við endurupptökubeiðanda að beiðni fangelsislæknisins. Bókað var í fangelsisdagbók að geðlæknirinn teldi endurupptökubeiðanda vera við sæmilega andlega heilsu.⁴¹⁵²
2511. Endurupptökubeiðandi kom fyrir dóm 13. september 1977 og lýsti því yfir að allur framburður hans í Geirfinnsmálinu væri rangur og byggður á sögusögnum rannsóknarlögreglumanna sem þróast hafi með rannsókn málsins. Kvaðst hann aldrei hafa farið til Keflavíkur að kvöldi 19. nóvember 1974 og kannaðist ekki við að hafa átt þátt í hvarfi Geirfinns.⁴¹⁵³ Þar með var endurupptökubeiðandi búinn að draga til baka framburði sína í báðum málum, Guðmundar- og Geirfinnsmálum.

⁴¹⁴⁸ Málsgrein 1650.

⁴¹⁴⁹ Málsgrein 1657.

⁴¹⁵⁰ Málsgreinar 1661, 1663, 1665 og 1668.

⁴¹⁵¹ Málsgrein 1670.

⁴¹⁵² Málsgrein 1671.

⁴¹⁵³ Málsgrein 1678.

2512. Daginn eftir gerði verjandi dómfellda Kristjáns Viðars meðal annars þá kröfu fyrir sakadómi að tekin yrði skýrsla af nafngreindum fangaverði fyrir dómi um ákveðin atriði vegna framburðar dómfellda. Sama dag kom umræddur fangavörður fyrir dóm og greindi frá því dómfelldi hefði verið í klefa númer 17, en endurupptökubeiðandi í klefa númer 15 og því auður klefi á milli þeirra. Kannaðist hann ekki við að fangaverðir eða aðrir hafi vísitandi verið með hávaða, en tók fram að hljóðbært væri í fangelsinu. Kvaðst hann aldrei hafa heyrt um að fangaverðir eða aðrir hafi farið upp á þak til að framkalla hávaða til að hræða dómfelldu. Skýrði hann frá því að fangaverðir hefðu meðferðis kylfu, en hann hefði alltaf haft sína í vasanum. Mundi hann ekki til þess að fangaverðir hafi veifað kylfu framan í dómfellda Kristján Viðar. Orðrétt var bókað í lok skýrslunnar: „Vitnið kveðst ekki hafa orðið vart við að lögreglumenn ræddu við fangana einslega nema eftir ósk fanganna sjálfra.“⁴¹⁵⁴ Þennan dag gerði verjandi dómfellda Tryggva Rúnars þá kröfu að dómsformaður viki sæti vegna tiltekinnna ummæla sem verjandinn taldi benda til að dómsformaðurinn hafi tekið afstöðu í málinu sem gerði hann óhæfan til meðferðar þess.⁴¹⁵⁵ Fyrir liggur að endurupptökubeiðandi fékk að hitta systur sína í fangelsinu að boði dómsformanns í áheyrn þriggja rannsóknarlögreglumanna.⁴¹⁵⁶
2513. Dómþing sakadóms Reykjavíkur var sett 16. september 1977. Bókaðir voru mættir verjendur dómfelldu og sækjandi málsins. Kveðinn var upp úrskurður um kröfu verjanda dómfellda Tryggva Rúnars um að dómsformaðurinn viki sæti. Í úrskurðinum sagði orðrétt: „Samkvæmt 86. gr. laga nr. 74, 1974 um meðferð opinberra mála er verjanda heimilt að tala við sökunaut einslega, þegar hann er í gæzlu, nema dómari telji hættu á að rannsókn torveldist fyrir það. Hætta þessi var fyrir hendi að álitni dómara málsins hinn 3. marz s.l., enda höfðu þeir ekki hafið yfirheyrslur vegna ákærunnar út af hvarfi Guðmundar Einarssonar og ákærðu höfðu reynst reikulir í framburðum sínum hjá lögreglu um það mál. Gilti bann við samtölum við gæzlufanga einslega um alla verjendur þeirra á þessum tíma. Dómarar hafa samkvæmt framangreindu lagaákvæði ótvíræðan rétt til að ákveða um slík viðtöl. Er því ekki hægt að fallast á þá skoðun verjandans, að skjólstæðingur hans hafi átt skýlausan rétt á þessu.“ Vék dómsformaður ekki sæti í málinu.⁴¹⁵⁷ Hinn 22. september 1977 var í Hæstarétti Íslands í máli nr. 158/1977 kveðinn upp dómur þar sem hinn kærði úrskurður var staðfestur. Þar sagði að engin frambærileg rök væru komin fram fyrir því að ákvörðun dómsformanns um að synja verjanda varnaraðila um að ræða við hann einslega að svo stöddu, eða aðrar aðgerðir hans sem kæran laut að, hafi borið vott um að hann myndi ekki líta óvilhallt á málavöxtu.⁴¹⁵⁸
2514. Dómþing sakadóms Reykjavíkur var sett 27. september 1977 og teknar skýrslur af tveimur rannsóknarlögreglumönnum sem fóru með rannsókn Guðmundarmálsins. Aðspurðir hvers vegna dómfelldi Tryggvi Rúnar hafi verið tekinn til yfirheyrslu í ein 30 skipti án þess að nokkuð hafi verið um það bókað skýrðu

⁴¹⁵⁴ Málsgrein 1682.

⁴¹⁵⁵ Málsgrein 1683.

⁴¹⁵⁶ Málsgrein 1685.

⁴¹⁵⁷ Málsgrein 1688.

⁴¹⁵⁸ Málsgrein 1691.

rannsóknarlögreglumennirnir báðir svo frá að ekki hafi verið um yfirheyrslur að ræða heldur viðtöl að beiðni dómfellda. Um slík samtöl hafi ekki verið gerð skýrsla. Þá lýstu þeir því báðir að starfsvenja hafi ekki staðið til þess að vottar væru viðstaddir skýrslutökur heldur hafi vottur verið fenginn eftir á. Að síðustu voru þeir spurðir um tilganginn að baki ferðum lögreglumanna inn í klefa dómfellda Tryggva Rúnars og hvað hafi farið fram í slíkum vitjunum. Annar rannsóknarlögreglumaðurinn kvaðst ekki muna eftir því að hafa farið inn í klefa hans, en hinn sagði dómfellda Tryggva Rúnar oft hafa haft samband við fangaverði og óskað eftir því að fá að tala við hann, bæði um málið og persónuleg mál.

2515. Í sama þinghaldi dró dómfelldi Kristján Viðar framburð sinn til baka um aðild sína að Guðmundarmálinu. Aðspurður kvaðst hann hafa gefið framburðarskýrslurnar vegna þess að lögreglumenn hafi farið fram á það. Orðrétt var bókað eftir honum í þingbók: „Ég og meðákærðu vorum yfirheyrðir saman, án þess að skýrsla væri tekin og við látnir hjálpast að við að muna atburði, sem ekki hefðu skeð, en lögreglumenn töldu að átt hefðu sér stað. Ég var ekki staddur í Hafnarfirði aðfaranótt 27. janúar 1974 ásamt meðákærðu og Guðmundi Einarssyni og [GunJ].“ Lýstu viðstaddir verjendur því yfir að þeir gerðu ekki frekari kröfu um rannsókn á sakarefni ákærunnar frá 8. desember 1976 í Guðmundarmáli.⁴¹⁵⁹
2516. Sama dag, 27. september 1977, ritaði fulltrúi yfirsakadómara bréf til dómsformanns sem framhald af bréfi hans dagsettu 22. september 1977. Gat hann ekki upplýst hvers vegna dómfelldi Tryggvi Rúnar hafi verið tekinn í yfirheyrslu í ein 30 skipti án þess að gerðar hafi verið skýrslur. Hann hafi sjálfur ekki yfirheyrt hann án þess að það hafi verið bókað og kvaðst alltaf hafa haft votta viðstadda. Staðfesti hann framangreinda framburði rannsóknarlögreglumanna og ritaði um að ekki tíðkaðist að hafa votta viðstadda lögreglu yfirheyrslur en þeir væru alltaf kallaðir til við undirritun skýrslu. Áfram ritaði hann orðrétt: „Hvaða erindi lögreglumenn hafa átt við Tryggva Rúnar fram í yfirheyrsluherbergi í ein 30 skipti get ég ekki sagt til um en erindin geta verið mýmörg án þess að um yfirheyrslu hafi verið að ræða þó ekki væri nema til þess að spyrja hann hvort hann hafi eitthvað nýtt fram að færa sem svo hafi ekki reynst vera neitt.“ Taldi hann rétt að geta þess að dómfelldi Tryggvi Rúnar hafi oft beðið lögreglumenn um viðtal og verið gæti að þau hafi farið fram í yfirheyrsluherberginu, en þau viðtöl hafi oft verið óviðkomandi málsrannsókninni.⁴¹⁶⁰
2517. Hinn 29. september 1977 kom endurupptökubeiðandi fyrir sakadóm Reykjavíkur ásamt verjanda sínum. Bókað var að sækjandi hafi gert þá kröfu að endurupptökubeiðandi sætti áfram gæsluvarðhaldi. Mótmælti endurupptökubeiðandi kröfunni. Var í framhaldinu kveðinn upp einn úrskurður yfir endurupptökubeiðanda og dómfelldu Kristjáni Viðari og Guðjóni um áframhaldandi 120 daga gæsluvarðhald. Í úrskurðinum kom fram að málið yrði flutt 3. október 1977 en ljóst væri að gæsluvarðhald þeirra myndi renna út áður en unnt væri að kveða upp dóm í málinu. Lýsti endurupptökubeiðandi því yfir að hann myndi kæra úrskurðinn til

⁴¹⁵⁹ Málsgrein 1696.

⁴¹⁶⁰ Málsgrein 1701.

Hæstaréttar.⁴¹⁶¹ Var þinghaldinu fram haldið og kom dómfelldi Kristján Viðar fyrir dóminn og lýsti því yfir að hann hafi verið á fimmsýningu á kvikmyndinni Superstar í Laugarásbíói laugardagskvöldið 26. janúar 1974. Greindi hann frá því að hafa komið við hjá nafngreindum kunningja sínum á heimleiðinni sem hafi búið að Miðtúni 19. Aðspurður kvaðst hann hafa verið kominn heim um klukkan 21:00 umrætt kvöld og verið þar um nóttina. Sagði hann framburði sína í samprófunum í Guðmundarmálinu vera tóman þvætting.⁴¹⁶²

2518. Fyrir liggur bréf verjanda endurupptökubeiðanda til dómsformanns, dagsett 30. september 1977, þar sem hann gerði þá kröfu að tekin yrði skýrsla af rannsóknarlögreglumanni sem farið hefði með framhaldsrannsókn málsins. Var tilefnið skýrsla lögreglumannsins um samtali hans við endurupptökubeiðanda um mögulega fjarvistarsönnun hans aðfaranótt 27. janúar 1974. Dómfellda Erla hafi verið yfirheyrð í kjölfarið og staðfest frásögn endurupptökubeiðanda. Þessu til viðbótar lægi fyrir skýrsla af dómfelldu frá 7. febrúar 1974 þar sem hún hafi borið á sömu leið. Í bréfi verjandans kom fram að lögreglumanninum hafi þótt framburður dómfelldu Erlu það mikilvægur að hann hafi tilkynnt dómurum málsins þegar í stað um þetta og látið dómfellda bíða á meðan. Viðbrögð dómara hafi hins vegar ekki verið í samræmi við það.⁴¹⁶³ Í tilefni af framangreindu bréfi kallaði dómsformaður eftir skýrslu rannsóknarlögreglumannsins. Í henni fjallaði hann um tilvitnað samtali sitt við endurupptökubeiðanda 13. apríl 1977. Endurupptökubeiðandi hafi sagst hafa fjarvistarsönnun umrædda nótt og greint frá því að hann hafi komið til dómfelldu Erlu að Hamarsbraut 11 að kvöldi 27. janúar 1974 ásamt [ViG] sem hafi ætlað að aka honum austur að Gljúfurárholti seinna um kvöldið. Ekkert hafi orðið af ferðinni þar sem dómfellda Erla hafi farið að rífast við hann. Endurupptökubeiðandi hafi þá gripið til þess ráðs að reyna að sannfæra dómfelldu um að hann hefði verið að koma beint af flugvellingnum. Dómfellda hafi ekki trúað því og sagt vinkonu hennar hafa séð til hans í Hafnarstræti fyrir um daginn. Í skýrslunni kom fram að endurupptökubeiðandi hafi bent á að þetta atriði sýndi fram á að dómfellda Erla hafi ekki verið að segja sannleikann þegar hún gaf fyrstu skýrslu sína um Guðmundarmálið. Greindi rannsóknarlögreglumannaðurinn frá því í skýrslunni að dómfellda Erla hefði staðfest það sem endurupptökubeiðandi hafi sagt og nafngreint umrædda vinkonu sína sem hafi séð til endurupptökubeiðanda í Hafnarstræti. Í skýrslunni kom fram að dómara málsins hefðu ekki talið þörf á að skoða þetta frekar að svo stöddu.⁴¹⁶⁴
2519. Fyrir liggur bréf verjanda dómfellda Tryggva Rúnars til dómsformanns, dagsett 3. október 1977. Óskaði hann upplýsinga um hvers vegna verjendur hafi ekki verið boðaðir til þinghalds 30. apríl, 2. maí og 3. maí 1977 þegar [GunJ] hafi verið til yfirheyrslu fyrir dómnum. Þá innti hann svara við því hvort farið hafi verið með [GunJ] að Hamarsbraut 11 fyrir eða eftir þinghaldið 30. apríl 1977 og hverjir hafi þá farið með honum. Loks óskaði hann upplýsinga um hvernig málið hafi verið reifað

⁴¹⁶¹ Málsgrein 1710.

⁴¹⁶² Málsgrein 1711.

⁴¹⁶³ Málsgrein 1713.

⁴¹⁶⁴ Málsgrein 1717.

fyrir vitninu í sama þinghaldi og hvaða þætti málsins [GunJ] hafi rakið sjálfstætt í þinghaldinu. Óskaði verjandinn eftir því að kvaðningin til [GunJ] yrði lögð fram í málinu.⁴¹⁶⁵

2520. Munnlegur málflutningur fór fram í sakadómi Reykjavíkur sama dag. Bókað var að endurupptökubeiðandi hafi verið viðstaddur ásamt dómfelldu Kristjáni Viðari og Tryggva Rúnari. Krafðist sækjandinn þess að endurupptökubeiðandi yrði dæmdur til þyngstu refsingar að lögum. Þá lýsti sækjandinn því yfir að ákæran í 1. tölulið I. kafla ákærunnar væri ekki lengur byggð á því að dómfelldi Kristján Viðar hafi ráðist að Guðmundi Einarssyni með hnífi og stungið hann, heldur að allir dómfelldu hafi hver fyrir sig átt jafnan þátt í árásinni á Guðmund og dauða hans. Um væri að ræða óaðskiljanlegan samverknað þeirra. Í framhaldinu var bókað af hálfu dómara málsins að við þingfestingu hafi verjendum verið tilkynnt um að málsmeðferð héldi áfram næstu daga og vikur og þeim væri frjáls aðgangur að öllum þinghöldum. Minntust dómamarar málsins þess ekki að verjendur hafi látið í ljós ósk um að vera viðstaddir önnur þinghöld en þau er skjólstæðingar þeirra væru mættir til. Var þeim því ávallt tilkynnt um slík þinghöld en ekki önnur að jafnaði. Vísuðu dómaramir til þingbókar varðandi öll þau atriði er lutu að vitninu [GunJ].⁴¹⁶⁶
2521. Sama dag birtist heilsíðugrein í Morgunblaðinu um sóknarræðu vararíkissaksóknara, en þar sagði orðrétt: „Bragi Steinarsson sagði í sóknarræðu sinni í gær að sakborningarnir hefðu ítrekað játað á sig öll þau brot í málinu sem ákæran væri byggð á og fyrri framburður þeirra væri studdur svo mörgum rökum að telja yrði að lögfullar sannanir lægju fyrir sekt þeirra, þótt þeir nú á síðari stigum málsins neituðu öllum sakargiftum. Væri því sem áður krafizt þyngstu refsingar af hálfu ákæruvaldsins.“⁴¹⁶⁷
2522. Verjandi endurupptökubeiðanda flutti varnarræðu fyrir hans hönd á dómþingi sakadóms Reykjavíkur 6. og 7. október 1977. Gerði hann þær kröfur meðal annars að endurupptökubeiðandi yrði sýknaður af I. kafla ákæru frá 8. desember 1976.⁴¹⁶⁸ Hinn 7. október 1977 birtist frétt í dagblaði um varnarræðuna. Fram kom að verjandinn hafi sagt hugsanlega ástæðu þess að endurupptökubeiðandi hafi játað á sig sakir vera þá að honum hafi verið haldið í einangrun í tæpa 700 sólarhringa. Enginn vafi væri á því að slík meðferð hefði áhrif á hegðun og líðan endurupptökubeiðanda. Auk þess hafi hann sætt lesefnis- og reykingabanni. Þá hafi endurupptökubeiðandi verið yfirheyrður oft á dag og þá jafnvel verið brotið gegn skýrum lagaákvæðum um að ekki mætti yfirheyra sakborning lengur en sex klukkustundir í einu. Mjög hafi verið þjarmað að sakborningunum við yfirheyrslur en erfitt væri fyrir hann sem lögmann að meta aðstæður þar sem hann hefði ekki alltaf verið kallaður til. Þá vakti verjandinn máls á því hvort rannsakendur hafi farið offari en ósjaldan hafi móðir endurupptökubeiðanda fengið fót hans sundurrifin send heim til þvotta. Þá spurði verjandinn hvaðan sá orðrómur hefði komið um að dómfelldu væru við málið riðnir. Fullyrti verjandinn að fjarvistarsönnun endurupptökubeiðanda hafi legið fyrir frá upphafi í Guðmundar-

⁴¹⁶⁵ Málsgrein 1720.

⁴¹⁶⁶ Málsgrein 1719.

⁴¹⁶⁷ Málsgrein 1725.

⁴¹⁶⁸ Málsgreinar 1730 og 1733.

málinu, en hún hefði ekki komið fram fyrr en nú. Allar tilraunir endurupptöku-beiðanda til að koma á framfæri sakleysi sínu hafi verið kæfðar með harðræði og ógnunum af hálfu rannsóknarlögreglu og dómarafulltrúa.⁴¹⁶⁹

2523. Mánudaginn 19. desember 1977 var dómur í málinu kveðinn upp.
2524. Hinn 11. janúar 1980 var tekin skýrsla af dómfelldu Erlu fyrir dómi að beiðni ríkissaksóknara vegna hæstaréttarmáls nr. 214/1978. Lýsti dómfellda því yfir að framburðir hennar um för sína til Keflavíkur 19. nóvember 1974 væru rangir. Ástæðu fyrir breyttum framburði sagði hún vera breytt lífsviðhorf. Gæsluvarðhaldið hafi haft þvingandi áhrif á hana og því hafi hún borið með þeim hætti sem hún hafi gert. Þá sagði hún framburð sinn um flutning á líki Geirfinns einnig rangan. Bókað var í þingbók að verjandi dómfellda Tryggva Rúnars hafi spurt hvernig á því stæði að framburðir hennar og annarra dómfellda væru í samræmi. Var orðrétt bókað eftir dómfelldu af því tilefni: „Mætta kveður að ástæðan sé sú að rannsóknarmenn hafi átt hlut að því að samræma framburðina með því að gefa sér punkta um framburði hinna.“⁴¹⁷⁰
2525. Dómur í máli nr. 214/1978 var kveðinn upp í Hæstarétti Íslands 22. febrúar 1980.
2526. Hér að framan hafa verið raktar ástæður að baki því að grunur beindist að dómfelldu um aðild að hvarfi Guðmundar, á hvaða upplýsingum rannsakendur byggðu þann grun, hvað dómfelldu báru í upphafi og hvernig framburður þeirra þróaðist. Í kaflanum gefur að líta greiningu endurupptökunefndar á því hvenær og við hvaða aðstæður dómfelldu gáfu þá framburði sem taldir voru fela í sér játningu um aðild að refsiverðri háttsemi og hvaða þættir hafa áhrif á sönnunargildi þessara framburða. Líkt og gerð hefur verið ítarleg grein fyrir í kafla VII.5.2 hafa ýmsir samverkandi þættir áhrif á sönnunargildi framburða dómfelldu í málinu, svo sem langvarandi gæsluvarðhald og einangrunarvist, beiting harðræðis undir rannsókn málsins og þær rannsóknar- og yfirheyrsluáðferðir sem voru viðhafðar. Við úrlausn um beiðni endurupptökubeiðanda um endurupptöku dóms Hæstaréttar er til skoðunar hvort skilyrðum c-liðar 1. mgr. 211. gr. laga um meðferð sakamála sé fullnægt, að verulegar líkur hafi verið leiddar að því að sönnunargögn sem færð voru fram í málinu hafi verið rangt metin svo að áhrif hafi haft á niðurstöðu þess. Dómstólar höfðu svipaðan lagagrundvöll að styðjast við á sínum tíma og nú við mat á sönnunargildi og trúverðugleika framburða. Gildandi meginreglur um sönnun í sakamálum voru þær sömu og svipaðar réttarreglur í gildi um sönnun, sönnunarbyrði og sönnunarmat. Eins og rakið hefur verið í úrskurði þessum er nánast engum sýnilegum sönnunargögnum til að dreifa og vægi þeirra því lítið við sönnunarmatið. Úrslitum ræður því hvort fyrirbyggjandi gögn og upplýsingar varpi nýju ljósi á mat á sönnunargildi framburða dómfelldu og vitna fyrir lögreglu og fyrir dómi, þar á meðal játningar og afturhvarf frá játningum. Að mati endurupptökunefndar vega þau atriði sem ítarlega hafa verið rakin í kafla VII.6.2.a þungt í heildarmati á því hvort rétt sé að fallast á endurupptöku málsins á grundvelli heimildar í c-lið 1. mgr. 211. gr. laga um meðferð sakamála.

⁴¹⁶⁹ Málsgrein 1734.

⁴¹⁷⁰ Málsgrein 1922.

VII.6.2.b Geirfinnsmál

2527. Lögreglan í Keflavík hóf rannsókn á hvarfi Geirfinns Einarssonar strax í kjölfar þess að tilkynnt var um hvarf hans, 21. nóvember 1974, en þá hafði ekkert til hans spurst síðan að kvöldi 19. nóvember 1974. Miklar kviksögur urðu til í kringum rannsóknina meðal annars sú að Magnús Leópoldsson og Sigurbjörn Eiríksson hafi verið viðriðir eða valdir að hvarfi Geirfinns. Gáfu sögusagnirnar tilefni til bréfaskrifa lögmanns Magnúsar og Sigurbjörns til dómsmálaráðuneytisins þar sem hann fór þess á leit að ráðuneytið hlutaðist til um opinbera rannsókn á uppruna sögusagnanna. Engin gögn eru fyrirbyggjandi um viðbrögð ráðuneytisins af því tilefni. Rannsókn á hvarfi Geirfinns stóð yfir hjá lögreglunni í Keflavík fram til 4. júní 1975 en þann dag var rannsóknarlögreglumaður, sem hafði helgað sig rannsókninni, látinn hætta þeim störfum þar sem fyrirbyggjandi rannsóknargögn gáfu ekki tilefni til áframhaldandi vinnu við málið. Á þeim tímapunkti hafði rannsókn málsins staðið yfir í rúma sex mánuði án þess að nokkur hafi verið handtekinn grunaður um aðild að hvarfi Geirfinns.
2528. Næst dró til tíðinda í rannsókn á hvarfi Geirfinns í október 1975, en þá gáfu aðstandendur [GuA] sig fram og tilkynntu lögreglunni í Reykjavík um frásögn hans um aðild að hvarfi Geirfinns. Hafði [GuA] greint fjölskyldu sinni frá því að Sigurbjörn Eiríksson hafi boðið honum starf við stjórn vélbáts sem sækja átti smyglvarning í sjóinn við Keflavík. Hann hafi síðan farið út á bátum ásamt Geirfinni sem hafi kafað eftir smyglinu. Kvöld eitt í nóvember hafi verið farið út til að sækja stórsmygl. Þá hafi [GuA] farið til Keflavíkur á hvítu sendiferðabifreið en komið of seint til stefnumóts við Geirfinn. Magnús Leópoldsson hafi þá farið inn í Hafnarbúðina til að hringja í Geirfinn sem hafi þá komið. Á staðnum hafi einnig verið Sigurbjörn Eiríksson og annar maður með honum. Geirfinnur hafi farið út á bátum og kafað eftir smyglvarningi í tvígang en í þriðja skiptið hafi hann ekki komið aftur upp úr kafi. [GuA] hafi lýst því yfir við fjölskyldu sína að um slys hafi verið að ræða, en honum hafi skort kjark til að greina frá vegna pressu frá Sigurbirni Eiríkssyni og félögum hans.⁴¹⁷¹ Í framhaldinu var [GuA] handtekinn og yfirheyrður af lögreglu. Við yfirheyrslu lýsti hann því yfir að frásögnin væri hugarburður sinn sem hann hafi mótað með sér í ölaði og ætti ekki við nein rök að styðjast. Var honum sleppt í kjölfarið.⁴¹⁷²
2529. Ekki liggja fyrir nákvæmar samtímaupplýsingar um hvenær rannsókn lögreglu á hvarfi Geirfinns Einarssonar hófst aftur í Reykjavík. Ekki er við annað að styðjast í þeim efnum en skýrslu rannsóknarlögreglumanns, dagsetta 10. mars 1976, þar sem fram kemur að frá og með 20. janúar 1976 hafi endurupptökubeiðandi sætt rannsóknaraðgerðum í tengslum við hvarf Geirfinns.⁴¹⁷³ Á hinn bóginn liggja fyrir sterkar vísbendingar um að rannsókn málsins hafi hafist mun fyrr. Frá því var greint í dagblaði 18. nóvember 1976 að sakadómur hafi fengið öll gögn Geirfinnsmálsins um áramótin 1975–1976. Haft var eftir fulltrúa yfirsakadómara að sakadómur hafi þá búið yfir ýmsum upplýsingum sem hafi orðið til þess að óskað var eftir öllum gögnum. Í

⁴¹⁷¹ Málsgrein 43.

⁴¹⁷² Málsgreinar 44–45.

⁴¹⁷³ Málsgrein 257.

sama blaði birtist viðtal við rannsóknarlögreglumann frá Keflavík sem fór upphaflega með rannsókn málsins þar sem fram kom að rétt fyrir þessi áramót hafi komið beiðni frá ríkissaksóknara um að fá öll skjöl málsins til yfirlestrar. Frá ríkissaksóknara hafi þau farið í sakadóm Reykjavíkur sem hafi stjórnað rannsókninni síðan. Sami rannsóknarlögreglumaður ritaði grein sem birtist í dagblaði 15. janúar 1977 þar sem hann staðhæfði að beiðni þessi hafi verið sett fram símleiðis af hálfu ríkissaksóknara 31. desember 1975 og í kjölfarið hafi skjölin verið send rakleiðis til sakadóms.⁴¹⁷⁴ Fyrir liggur bréf fulltrúa bæjarfógetans í Keflavík til ríkissaksóknara, dagsett 8. janúar 1976, þar sem fjallað var um að í framhaldi af samtali þeirra hafi rannsóknargögn varðandi hvarf Geirfinns Einarssonar verið afhent ríkissaksóknara mánudaginn 5. janúar 1976.⁴¹⁷⁵ Loks birtist grein í dagblaði 9. janúar 1976 þar sem í fyrsta skipti voru opinberlega hafðar uppi getgátur um hvort mál Guðmundar og Geirfinns væru tengd.⁴¹⁷⁶ Þá liggur einnig fyrir umfjöllun fjölmiðla um efni blaðamannafundar lögreglu sem haldinn var 27. mars 1976 þar sem meðal annars var fjallað um upphaf málsins. Í fréttum kom fram að dómfellda Erla hafi leitað til lögreglunnar vegna ónæðis sem hún hafi orðið fyrir. Henni hafi bæði verið hótáð og ógnað með símhringingum. Að hennar sögn hafi það verið vegna vitneskju hennar um hvarf Geirfinns.⁴¹⁷⁷ Þá hafði endurupptökubeiðandi sætt gæsluvarðhaldi vegna rannsóknar Guðmundarmálsins í 28 daga.

2530. Af framangreindu sýnist mega ráða að lögreglan í Reykjavík hafi verið komin með öll gögn svonefndrar Keflavíkurannsóknar Geirfinnsmálsins eftir 5. janúar 1976. Jafnframt er þess að vænta að lögreglan hafi haft aðgang að lögregluskýrslum frá október 1975 um frásögn [GuA]. Í framangreindri upplýsingaskýrslu frá 10. mars 1976 kom fram að um miðjan janúar 1976 hafi dómfellda Erla tjáð rannsóknarlögreglumönnum og fulltrúa yfirsakadómar, sem önnuðust rannsókn á hvarfi Guðmundar Einarssonar, að hún hafi orðið fyrir ónæði af símhringingum og væri hrædd. Hún hafi mætt til viðtals við rannsakendur í Síðumúlafangelsið að kvöldi 21. janúar 1976 og þá skýrt frá eðli þessara símhringinga. Í skýrslunni kom fram að dómfellda hafi ítrekað verið spurð við hvern eða hverja hún væri hrædd. Þá hafi hún nefnt nöfn Einars Bollasonar, Sigurbjörns Eiríkssonar og [JR]. Hafi dómfellda Erla sett hræðslu sína við þessa menn í samband við Geirfinnsmálið. Í upplýsingaskýrslunni kom fram að dómfellda Erla hafi greint frá vitneskju sinni um málið sem gerð hafi verið skrifleg skýrsla um 23. janúar 1976. Rakið var að á sama tíma hafi endurupptökubeiðandi nafngreint sömu menn aðspurður við hverja dómfellda Erla væri hrædd. Í skýrslum dómfelldu hafi komið fram að dómfelldi Kristján Viðar væri viðriðinn málið og því hafi einnig verið tekin skýrsla af honum sama dag, 23. janúar 1976, þar sem hann nafngreindi dómfelldu Erlu og endurupptökubeiðanda sem og Einar Bollason. Þess var sérstaklega getið í upplýsingaskýrslunni að dómfelldu Kristján Viðar, Erla og endurupptökubeiðandi hafi öll verið látin lýsa sjálfstætt staðháttum á þeim stað sem þau hafi sagst hafa farið á og

⁴¹⁷⁴ Málsgrein 1142.

⁴¹⁷⁵ Málsgrein 91.

⁴¹⁷⁶ Málsgrein 94.

⁴¹⁷⁷ Málsgrein 293.

talið vera í Keflavík. Lýsingar þeirra hafi allar komið heim og saman við staðhætti í og við Dráttarbrautina í Keflavík. Tekið var fram að það hafi að sjálfsögðu verið gert áður en farið hafi verið með hvert og eitt þeirra til Keflavíkur og án þess að einhverju þeirra hafi verið sagt fyrirfram hvernig lýsing annars hafi verið. Loks var þess getið að endurupptökubeiðanda, sem og dómfelldu Erlu og Kristjáni Viðari, hafi verið sýndar ljósmyndir af nokkrum mönnum sem hugsanlega kæmu málinu við, þar á meðal ljósmynd af Geirfinni Einarssyni.⁴¹⁷⁸

2531. Dómfelldi Kristján Viðar bar um slæma andlega líðan sína á þessum tíma fyrir dómi 13. maí 1977. Orðrétt var bókað eftir honum: „Ég var orðinn alveg ruglaður. Ég fór marg sinnis fram á að fá að tala við sálfræðing eða geðlækni, en því var ekki sinnt, fyrr en Hallvarður Einvarðsson krafðist þess við dómsyfirheyrslu. Ég margneitaði að gefa skýrslur á þessa menn og að ég hafi farið í sjóferð, en það var gengið svo fast á mig og Örn Höskuldsson sagði að ég fengi frest til kl. 8 um kvöldið 27. janúar til þess að gefa skýrslu. Hvað átti að gerast vissi ég ekki, en fangaverðir voru farnir að ganga á klefana og dingluðu kylfum framan í mann. Ég vissi ekki hvað mundi gerast og var orðinn hræddur. Ég lét því undan og gaf skýrsluna, bæði til að kaupa mér frið til að geta hugsað um Guðmundarmálið og einnig vegna þess, að ég var farinn að trúa því, sem mér var sagt um málið. Eftir að ég gaf skýrsluna 27. janúar var ég látinn í friði. Stuttu eftir að ég gaf skýrsluna fór ég fram á að fá að taka hana til baka og sagði Sigurbirni Víði og Magnúsi Magnússyni það, en því var ekki sinnt fyrr en 2. mars.“⁴¹⁷⁹
2532. Dagana 20. til 25. janúar 1976 voru endurupptökubeiðandi og dómfelldu Kristján Viðar og Erla til yfirheyrslna vegna málsins sem meðal annars leiddu til handtöku Einars Bollasonar, Magnúsar Leópolðssonar, Valdimars Olsen og síðar Sigurbjörns Eiríkssonar. Voru þeir allir úrskurðaðir í gæsluvarðhald og vistaðir í einangrun í Síðumúlafangelsinu. Upp frá handtöku fjórmenninganna lagði lögreglan aðaláherslu á rannsókn Geirfinnsmálsins. Dró lögreglan samhliða úr rannsókn á hvarfi Guðmundar Einarssonar, enda taldi hún málið að mestu upplýst með játningum endurupptökubeiðanda og dómfelldu Alberts, Kristjáns Viðars og Tryggva Rúnars. Fjórmenningarnir Einar, Magnús, Valdimar og Sigurbjörn neituðu staðfastlega allri vitneskju eða aðild að hvarfi Geirfinns allt þar til þeim var sleppt úr haldi að rúmum þremur mánuðum liðnum. Á sama tíma, eða allt fram til 9. maí 1976, voru endurupptökubeiðandi og dómfelldu til ítrekaðra yfirheyrslna og vettvangsferða vegna málsins.
2533. Upphaflega frásögnin sem leiddi meðal annars til handtöku fjórmenninganna byggði í grunninn á því að Sigurbjörn og Magnús ættu von á stórri áfengissendingu sem ætti að koma að landi í Keflavík. Farið hafi verið til Keflavíkur á tveimur fólksbifreiðum og einni sendiferðabifreið til stefnumóts við Geirfinn Einarsson sem hafi átt að nálgast áfengið úti á sjó. Með í för hafi verið endurupptökubeiðandi og dómfelldu Kristján Viðar og Erla. Ekið hafi verið að athafnasvæði Dráttarbrautarinnar í Keflavík og niður að bryggju þar sem bátar hafi staðið á þurru landi. Alls hafi ellefu manns verið á

⁴¹⁷⁸ Málsgrein 257.

⁴¹⁷⁹ Málsgrein 1547.

staðnum. Sex manns, þar á meðal Geirfinnur, hafi farið um borð í bát til að sækja smyglið en fimm orðið eftir í landi. Áfengið hafi verið dregið um borð en Geirfinnur hafi fallið útbyrðis og drukknað.⁴¹⁸⁰ Þróaðist frásögnin síðan yfir í það að átök hafi orðið um borð í bátum og dómfelldi Kristján Viðar hafi slegið Geirfinn á þilfarinu en við það hafi hann misst fótanna og fallið útbyrðis. Geirfinnur hafi verið dreginn um borð en ekki sýnt lífsmörk. Komið hafi verið með lík Geirfinns í land, innpakkað í plast, og það sett inn í sendiferðabifreiðina. Ekið hafi verið áleiðis að samkomustaðnum Klúbbnum í Reykjavík með viðkomu í húsi í Hafnarfirði. Lýstu endurupptökubeiðandi og dómfelldi Kristján Viðar aðkomu sinni sem sjónarvottum að öllum atburðum. Dómfellda Erla bar um í yfirheyrslum að hafa verið hrædd um að svipta hafi átt hana lífi svo hún hafi tekið til fótanna, falið sig í skemmu yfir nóttina en fengið far til Reykjavíkur daginn eftir á gömlum Moskvitch og olúbifreið.⁴¹⁸¹ Viðurkenndi dómfelldi Kristján Viðar að hafa skipt sér af átökunum en sagði það eingöngu hafa verið í þeim tilgangi að leysa upp átökin sem hafi verið milli Geirfinns annars vegar og Einars Bollasonar og Sigurbjörns Eiríkssonar hins vegar.⁴¹⁸² Hinn 10. febrúar 1976 var endurupptökubeiðanda og dómfelldu Kristjáni Viðari og Erlu sýndar ljósmyndir af 16 mönnum sem rannsóknarlögreglan taldi hugsanlegt að hafi verið við Dráttarbrautina eða í framangreindri bátsferð að kvöldi 19. nóvember 1974. Fyrir liggja skýrslur um að endurupptökubeiðandi hafi þekkt þrjá menn, Einar, Valdimar og Sigurbjörn en dómfelldi Kristján Viðar hafi þekkt til viðbótar [ÁHE] og Geirfinn, en hann hafi þó ekki þekkt hann með nafni. Bókað var að dómfelldi hafi jafnframt kannast við fjóra menn, þar á meðal Magnús Leópoldsson, en ekki treyst sér til að fullyrða hvar hann hafi hitt þá eða séð. Þá hafi dómfellda Erla sagst þekkja eða kannast við níu menn en þar af fjóra sem hafi örugglega verið í Dráttarbrautinni í umrætt sinn, Magnús, Einar, Geirfinn og Sigurbjörn.⁴¹⁸³ Sama dag var Sigurbjörn Eiríksson handtekinn og úrskurðaður í gæsluvarðhald í kjölfarið.⁴¹⁸⁴

2534. Endurupptökubeiðandi gerði tilraun til að strjúka í eitt skipti þegar verið var að flytja hann í fangelsið við Síðumúla 15. febrúar 1976. Sú tilraun var árangurslaus þar sem hann var handsamaður strax. Í kjölfarið var honum neitað um að reykja og hafður í fótajárnum í refsingarskyni í 23 daga.⁴¹⁸⁵
2535. Fyrir liggur að lögreglan yfirheyrði [GuA] öðru sinni vegna málsins 17. febrúar 1976. Kvaðst hann ekki hafa neinu að bæta við framburð sinn frá október 1975. Tilurð sögutílbúningsins hafi verið reiði hans út í fyrrum sambýliskonu Sigurbjörns Eiríkssonar. Kvaðst hann hafa byggt frásögn sína alfarið á þeim sögusögnum sem á þeim tíma höfðu áður gengið manna á milli um hvarf Geirfinns.⁴¹⁸⁶
2536. Meðal rannsóknargagna liggur fyrir yfirlit um rannsóknarstörf á vegum sakadóms Reykjavíkur á tímabilinu 28. janúar til og með 20. febrúar 1976. Í fyrsta lagi var gerð

⁴¹⁸⁰ Sjá til dæmis málgrein 123.

⁴¹⁸¹ Málgrein 115.

⁴¹⁸² Málgreinar 129–130.

⁴¹⁸³ Málgreinar 163–164.

⁴¹⁸⁴ Málgrein 166.

⁴¹⁸⁵ Málgrein 184.

⁴¹⁸⁶ Málgrein 189.

athugun á flutningi dómfelldu Erlu með Moskvitch bifreið að Grindavíkurafleggjara, en hún var án árangurs. Þá voru gerðar fjölmargar árangurslausar athuganir í tengslum við framburð dómfelldu Erlu um að hafa fengið far með stórum grjótflutningatrukki frá Grindavíkurafleggjara að Hvaleyrarholti í Hafnarfirði. Í öðru lagi var gerð skrá yfir báta á Suðurnesjasvæðinu sem samræmdust lýsingum endurupptökubeiðanda og dómfelldu. Í þriðja lagi voru upplýsingar um tékkaviðskipti Geirfinns til athugunar. Í fjórða lagi var til athugunar frásögn dómfelldu Erlu um að hafa dvalist næturlangt í rauðu húsi í Keflavík aðfaranótt 20. nóvember 1974 á meðan félagar hennar hafi farið til sjós. Í yfirlitinu kom fram að líklega væri um að ræða húsið „Rauðu mylluna“ að Duusgötu 5 í Keflavík.⁴¹⁸⁷

2537. Í yfirheyrslu hjá lögreglu 2. mars 1976 dró dómfelldi Kristján Viðar framburð sinn vegna málsins til baka. Í skýrslu um yfirheyrsluna lýsti dómfelldi því yfir að fram til þessa hafi hann algjörlega farið með rangt mál. Kvaðst hann hvorki hafa farið í umrædda Keflavíkurferð né í bátsferð þaðan. Þá sagðist hann aldrei hafa verið sjónarvottur að nokkrum átökum sem hugsanlega gætu hafa verið tengd hvarfi Geirfinns. Kvaðst hann enga hugmynd hafa um hvernig hvarf Geirfinns hafi borið að höndum og sér vitanlega hafi hann aldrei litið þann mann augum. Fullyrti dómfelldi Kristján Viðar að vitneskja sín um hvarf hans hafi eingöngu verið fengin úr fjölmiðlum og kjaftasögum. Kvaðst dómfelldi hafa verið töluvert miður sín og slappur á taugum eftir allt umtalið um atburðinn í Hafnarfirði varðandi Guðmund Einarsson, en það hafi fengið töluvert á hann. Kvaðst hann hreinlega hafa búið til í huga sér söguna um það hvernig hann hafi farið til Keflavíkur og lýsingar á staðháttum þar. Hafi hann gert það algjörlega upp á eigin spýtur, en gæti ekki gert grein fyrir því hvers vegna. Bókað var í skýrsluna að dómfelldi Kristján Viðar hafi sagst hafa verið spurður í upphafi um vitneskju sína varðandi Geirfinnsmálið og ferð til Keflavíkur. Ferðinni og staðháttum hafi hann lýst sjálfstætt. Lýsti dómfelldi því svo að næst þegar skrifleg skýrsla hafi verið tekin af honum þá hafi hann skýrt nánar frá atburðum og nefnt ýmis mannanöfn. Þá hafi honum verið sagt að fleiri hefðu skýrt frá umræddri Keflavíkurferð og hann hafi heyrt ýmis nöfn án þess þó að þau hefðu verið sett í samband við þessa ferð í hans eyru. Kvaðst dómfelldi Kristján Viðar halda að það hafi verið orsök þess að hann hafi komið með þessi mannanöfn og sagðist reyndar þekkja alla eða flesta þá aðila í sjón. Kvaðst hann ekki frekar geta gert grein fyrir því hvaða hvatir hafi legið að baki því að gefa þessar röngu upplýsingar. Lýsti dómfelldi því yfir að þegar honum verið sýndar ljósmyndir af nokkrum mönnum hafi hann þekkt þar myndir af fjórum mönnum með nafni en talið sig þekkja þann fimmta án þess að hafa vitað nafn hans. Við það tilefni hafi hann greint rétt frá. Lýsti dómfelldi Kristján Viðar því yfir að hann gerði sér fulla grein fyrir því alvarlega athæfi sem hann hafi nú gerst sekur um en ítrekaði að nú hafi hann skýrt algjörlega rétt frá atburðum. Í lok skýrslunnar var bókað eftir dómfellda að honum hafi nú verið tjáð að endurupptökubeiðandi og dómfellda Erla hafi borið um í yfirheyrslum að hann og þau

⁴¹⁸⁷ Málsgrein 203.

hafi verið í umræddri Keflavíkurfærð. Kvaðst dómfelldi Kristján Viðar enga skýringu kunna á þeim framburðum aðra en þá að þar færu þau með rangt mál.⁴¹⁸⁸

2538. Dómfelldi Kristján Viðar var yfirheyrður í þrígang, 5., 7. og 8. mars 1976, í samtals þrjár klukkustundir og 50 mínútur, en engin rannsóknargögn liggja fyrir um hvað fram fór.⁴¹⁸⁹ Þá var farið með hann í ökuferð til Keflavíkur 8. mars 1976 til þess að sýna honum öðru sinni staðhætti í Dráttarbrautinni. Bókað var í rannsóknardagbók rannsóknarlögreglumanna að ökuferðin hafi verið farin að beiðni dómfellda Kristjáns Viðars.⁴¹⁹⁰ Daginn eftir, 9. mars 1976, var dómfelldi enn til yfirheyrslu vegna málsins í tæpar tvær klukkustundir. Fyrir liggur skýrsla um yfirheyrsluna þar sem bókað var að dómfelldi Kristján Viðar hafi hugsað málið síðan 2. mars 1976 þegar síðast hafi verið tekin af honum skrifleg skýrsla og komist að þeirri niðurstöðu að framburður hans þá væri ekki með öllu réttur. Lýsti dómfelldi því yfir að þegar honum hafi verið bent á framburð dómfelldu Erlu vegna málsins hafi rifjast ýmislegt upp fyrir honum. Í framhaldinu greindi dómfelldi Kristján Viðar frá því hvar hann hafi stigið upp í fólksbifreið við Vatnsstíg í Reykjavík sem ekið hafi verið út úr borginni og stöðvað í eða við Dráttarbrautina í Keflavík. Kvaðst dómfelldi þó muna mjög óljóst eftir atvikum og gat ekki munað eftir því að hafa farið í bátsferð eða hafa séð bát þarna við bryggju. Hann gæti ekki gert sér grein fyrir hvað hafi verið aðhafst í Dráttarbrautinni en sagðist viss um að það hafi varðað við lög. Honum fyndist sem þetta ferðalag til Keflavíkur hafi staðið í einhverju sambandi við spíritus, en þó myndi hann það ekki. Bókað var eftir dómfellda Kristjáni Viðari að í nóvember 1974 hafi hann neytt lyfja í miklu óhófi og væri minni hans því mjög slæmt á köflum, líkt og eftir mikla áfengisdrykkju. Kvaðst hann best muna eftir atvikum ef hann hugsaði sérstaklega um þau og ef honum væri bent á einhver atriði þá væri líkt og minnið yrði skýrara. Dómfelldi Kristján Viðar treysti sér ekki til þess að segja til um hverjir hafi verið staddir í Dráttarbrautinni þessa nótt auk hans og endurupptökubeiðanda. Fullyrti dómfelldi að nafnið Geirfinnur segði sér ekkert í þessu sambandi, í það minnsta ekki fram að þessu. Kvaðst hann ekki muna eftir að hafa heyrt neinar sögur um á hvern hátt Geirfinnur hafi horfið, nema það sem hann hafi lesið í blöðunum.⁴¹⁹¹ Á þessum tímamarki hafði dómfelldi Kristján Viðar verið í einangrunarvist í Síðumúlafangelsinu í 77 daga, eða samtals tvo mánuði og 15 daga.
2539. Í febrúar og mars 1976 kannaði lögreglan ábendingar um hvar fjórmenningarnir hafi verið á þeim tíma sem Geirfinnur hvarf,⁴¹⁹² en þeir neituðu staðfastlega aðkomu að málinu.⁴¹⁹³ Þá voru hinir ýmsu aðilar yfirheyrðir í tengslum við málið.⁴¹⁹⁴
2540. Framburður endurupptökubeiðanda og dómfelldu hverfðist um bílferð frá Reykjavík til Keflavíkur, bát við bryggju, smygl á áfengi og átök annars vegar um borð í bát eða við Dráttarbrautina. Í frásögnum þeirra var nokkur fjöldi manna í eða við

⁴¹⁸⁸ Málsgrein 231.

⁴¹⁸⁹ Málsgreinar 242, 247 og 249.

⁴¹⁹⁰ Málsgrein 252.

⁴¹⁹¹ Málsgrein 253.

⁴¹⁹² Málsgreinar 220, 222, 228, 234, 251 og 254–255.

⁴¹⁹³ Málsgreinar 314, 317, 318, 322 og 324.

⁴¹⁹⁴ Málsgreinar 289, 292 og 296.

Dráttarbrautina umrætt kvöld en samræmi náðist þó aldrei um hverjir voru þar á ferð eða hversu margir. Dómfellda Erla gaf skýrslu sem vitni vegna málsins fyrir sakadómi Reykjavíkur 30. mars 1976. Greindi hún frá ferð til Keflavíkur ásamt endurupptökubeiðanda, dómfellda Kristjáni Viðari og Magnúsi Leópoldssyni sem hafi ekið bifreiðinni. Ekið hafi verið rakleiðis til Keflavíkur og niður í fjöru. Þar hafi þeir farið úr bifreiðinni en hún læðst í burtu og falið sig í mannláusu húsi til morguns. Greindi dómfellda Erla frá því að á leiðinni til Keflavíkur hafi Magnús og endurupptökubeiðandi rætt um erfiðleika í sambandi við einhvern mann sem hafi ekki látið segjast og væri ónothæfur. Hafi Magnús og Einar Bollason báðir verið búnir að tala við hann. Kvaðst hún hafa skynjað það á tali þeirra tveggja að eitthvað alvarlegt stæði til. Bar hún um að hafa séð bróður sinn, Einar Bollason, í fjörunni. Þá hafi Magnús og endurupptökubeiðandi verið á tali við mann sem henni fannst hafa verið Geirfinnur. Þá kvaðst hún hafa séð tvo aðra menn og taldi annan þeirra geta hafa verið Sigurbjörn Eiríksson. Þá mundi hún eftir einum manni enn sem hafi verið með ljóst, hrokkið hár. Einhverjir fleiri hafi verið þarna staddir en dómfellda Erla kvaðst ekki muna eftir að hafa séð Valdimar Olsen á vettvangi. Sagðist hún hafa gert sér fljótlega grein fyrir því hvað hafi verið um að vera þegar lýst hafi verið eftir Geirfinni í kjölfarið. Mundi dómfellda Erla eftir bát sem hafi legið við trébryggju, en var ekki örugg um hvort hún hafi farið á sjó í umrætt sinn. Bókað var að hún myndi þó nokkra punkta sem gætu bent til að svo hafi verið. Mundi dómfellda Erla eftir að hafa séð klett sem væri þarna rétt af sjó. Þá kvaðst hún muna eftir yfirborði sjávar, að hafa heyrt skvamp og hafa séð gárur eftir að einhverju hafi verið hent í sjóinn.⁴¹⁹⁵ Í fjörunni hafi hún séð að minnsta kosti tvær bifreiðar, annars vegar rauða bifreið sem hún gæti ekki lýst nánar og hins vegar stóra sendiferðabifreið með stórum framrúðum og engri vélarhlíf, en í þeirri bifreið hafi setið maður. Greindi dómfellda Erla frá rysjóttu sambandi sínu við bróður sinn, Einar Bollason. Sagðist hún ekki hafa verið hissa að sjá Einar á vettvangi í Keflavík umrætt kvöld. Morguninn eftir hafi hún fengið far með Moskvitch bifreið úr Keflavík að Grindavíkurfleggjara.⁴¹⁹⁶

2541. Dómfelldi Kristján Viðar lýsti því yfir í þinghaldi daginn eftir, 31. mars 1976, að skýrslur hans hjá lögreglu frá 23. og 27. janúar annars vegar og 10. febrúar 1976 hins vegar væru ekki sannleikanum samkvæmar en í þeim bar hann fyrst og fremst um aðild annarra að atvikum er lutu að hvarfi Geirfinns. Hann hafi skáldað skýrslurnar upp til að fá frið fyrir fangavörðum og lögreglumönnum. Kvaðst dómfelldi hafa verið orðinn mjög slæmur á taugum á þessum tíma vegna stöðugra yfirheyrslna og vegna Guðmundarmálsins. Bókað var í þingbókina í umrætt sinn að ítrekað aðspurður hafi dómfelldi Kristján Viðar sagst muna örugglega eftir því að í Dráttarbrautinni hafi verið Valdimar Olsen, Einar Bollason og Sigurbjörn Eiríksson auk endurupptökubeiðanda og dómfelldu Erlu. Vildi hann þó ekki fullyrða að dómfellda Erla hafi verið á staðnum.⁴¹⁹⁷

⁴¹⁹⁵ Málsgrein 298.

⁴¹⁹⁶ Málsgrein 300.

⁴¹⁹⁷ Málsgrein 305.

2542. Endurupptökubeiðandi dró framburð sinn í málinu til baka fyrir sakadómi Reykjavíkur 1. apríl 1976. Í þinghaldinu lýsti hann því yfir að þær skýrslur sem hann hafi gefið í málinu væru ekki byggðar á hans eigin vitneskju eða reynslu, heldur hafi dómfellda Erla skýrt honum frá öllum atvikum. Greindi endurupptökubeiðandi frá því að dómfellda Erla hafi farið til Kaupmannahafnar í byrjun desember 1974 þar sem hún hafi verið hrædd við fjóra menn, Magnús, Valdimar, Einar og [JR]. Hann hafi síðan heyrt [EÓ] og [SP] ræða um málið í Kaupmannahöfn þegar hann hafi verið þar snemma árs 1975. Lýsti endurupptökubeiðandi því yfir að hann hafi gefið skýrslur í málinu til þess að lögreglu væri unnt að rannsaka málið, en honum hafi verið sagt að dómfellda Erla hafi orðið fyrir ónæði og óttast um líf sitt.⁴¹⁹⁸
2543. Dómsrannsókn vegna hvarfs Geirfinns var fram haldið í aprílmánuði, sem hófst 30. mars 1976, og sættu endurupptökubeiðandi og dómfelldu ítrekuðum rannsóknar- aðgerðum, svo sem viðtölum, yfirheyrslum, samprófunum og sakkendingum. Rannsókn á hugsanlegum tengslum fjórmanninganna við hvarf Geirfinns Einarssonar leiddi hins vegar ekkert saknæmt í ljós. Þvert á móti tókst þeim flestum að færa sterkar líkur að því að þeir hefðu ekki verið staddir í Keflavík 19. nóvember 1974 með beinum eða óbeinum fjarvistarsönnunum.
2544. Dómfellda Erla var frjáls ferða sinna frá 20. desember 1975, líkt og áður hefur verið rakið, en þann dag var henni sleppt úr gæsluvarðhaldi vegna svokallaðs póstsvikamáls. Gögn málsins bera það með sér að hún hafi verið í nokkru sambandi við lögregluna að eigin frumkvæði frá þeim tíma.⁴¹⁹⁹ Fyrir liggur í það minnsta að hún kom upplýsingum á framfæri er luttu að hvarfi Geirfinns en einnig kom hún með ábendingu um það hvar í Hafnarfjarðarhrauni lík Guðmundar væri að finna í marsbyrjun 1976.⁴²⁰⁰ Réttarstaða dómfelldu Erlu var hins vegar breytt 3. maí 1976, en þann dag bar hún um það við yfirheyrslu hjá lögreglu að hafa skotið Geirfinn Einarsson.⁴²⁰¹ Var hún úrskurðuð í gæsluvarðhald daginn eftir og tekin til yfirheyrslu hjá lögreglu. Þá bar hún enn um ferð til Keflavíkur í för með endurupptökubeiðanda og dómfellda Kristjáni Viðari sem og Magnúsi Leópoldssyni. Þar hafi þau hitt fyrir Einar og Geirfinn auk tveggja ónafngreindra manna sem dómfellda Erla lýsti útlitslega. Hún bar svo um málsatvik með svipuðum hætti og áður, en bætti við að hún hafi hleypt af riffli að boði endurupptökubeiðanda sem hafi liðsinnt henni við það verk.⁴²⁰² Dómfellda Erla var ekki yfirheyrð aftur með formlegum hætti um hvarf Geirfinns Einarssonar fyrr en fyrir dómi 1. september 1976, en við það tilefni tók hún til baka framburð sinn um að hafa skotið hann.⁴²⁰³ Þess ber þó að geta að frá 4. maí til og með 1. september 1976 var margoft rætt við dómfelldu Erlu án þess að gerðar hafi verið formlegar lögregluskýrslur. Í kjölfar framburðar dómfelldu Erlu um að hafa banað Geirfinni með riffilskoti var dómþing háð í sakadómi Reykjavíkur 9. maí 1976 og framburður hennar borinn undir Einar Bollason, Magnús Leópoldsson, Sigurbjörn Eiríksson og Valdimar

⁴¹⁹⁸ Málsgrein 309.

⁴¹⁹⁹ Málsgreinar 71, 84, 124, 133, 237, 239 og 273.

⁴²⁰⁰ Málsgrein 245.

⁴²⁰¹ Málsgrein 387.

⁴²⁰² Málsgrein 389.

⁴²⁰³ Málsgrein 608.

Olsen sem sætt höfðu gæsluvarðhaldi vegna málsins allt frá 26. janúar 1976. Lýstu þeir því allir yfir að þeir könnuðust ekki við atburðinn og hefðu aldrei í Dráttarbraut Keflavíkur komið. Var þeim öllum sleppt lausum úr varðhaldi en gert að sæta farbanni og eftirliti lögreglu í ótiltekinn tíma.⁴²⁰⁴ Rannsakendur Geirfinnsmálsins stóðu þá frammi fyrir þeirri staðreynd að sú tilgáta sem þeir höfðu þá unnið eftir í tæpa fjóra mánuði um aðild fjögurra manna að hvarfi Geirfinns var hrúin.

2545. Vegna framangreindrar þróunar á rannsókn málsins, þar sem svo virtist sem upphaflegar frásagnir af málsatvikum ættu ekki við nein rök að styðjast, og vegna þess hversu hvarflandi framburðir dómfelldu voru, virðist afstaða rannsóknaraðila og fangavarða gagnvart endurupptökubeiðanda sérstaklega hafa orðið mjög neikvæð. Líkt og rakið er að framan í kafla VII.5.2.d.3 liggja fyrir sterkar vísbendingar um að endurupptökubeiðandi hafi sætt skipulögðu harðræði frá lokum aprílmánaðar 1976 og fram á haust og þá í þeim tilgangi að knýja hann til réttra sagna, sem sýnast hafa miðað að játningu hans um aðild að hvarfi Guðmundar og þá sérstaklega Geirfinns. Var allt fjarlæggt úr klefa endurupptökubeiðanda og gefin út þau fyrirmæli að tala ekki orð við hann í náinni framtíð „á meðan hann lýgur annan úr og annan í við yfirheyrsluaðilana“, eins og bókað var í dagbók Síðumúlafangelsisins.⁴²⁰⁵ Ákvörðun forstöðumannsins gagnvart endurupptökubeiðanda virðist hafa verið hrundið í framkvæmd samhliða því að hann sætti stífum yfirheyrslum næstu daga. Viðtöl, yfirheyrslur og samprófanir héldu áfram en eiga það sameiginlegt að ekkert var bókað um framburði endurupptökubeiðanda og dómfelldu. Hafa má þó upplýsingar um afstöðu endurupptökubeiðanda á þessum tíma til Geirfinnsmálsins af því sem fram kom við samprófun við dómfelldu Kristján Viðar og Erlu 5. maí 1976. Engin skrifleg gögn eru fyrirbyggjandi um samprófunina sem slíka önnur en bókun í dagbók Síðumúlafangelsisins og það sem ráða má af skýrslutökum í harðræðisrannsókninni sem fram fór árið 1979. Af þeim lögregluskýrslum sýnist mega ráða að markmiðið hafi verið að ná samræmi milli framburða endurupptökubeiðanda og dómfellda Erlu annars vegar og dómfellda Kristjáns Viðars hins vegar en dómfellda Erla hafði borið um aðild þeirra tveggja að láti Geirfinns. Samræmi náðist ekki en prófunin endaði í upplausn þar sem forstöðumaður Síðumúlafangelsisins laust endurupptökubeiðanda kinnhest.⁴²⁰⁶ Fréttatilkynning sakadóms Reykjavíkur 10. maí 1976 styrkir ályktun í þessa veru. Þar var gerð grein fyrir stöðu rannsóknar Guðmundar- og Geirfinnsmálanna og þess sérstaklega getið að treglega hafi gengið að fá fram hjá endurupptökubeiðanda hvað hafi gerst. Fram kom að hann hafi orðið margsaga í þeim efnum.⁴²⁰⁷
2546. Rannsóknaraðilum virðist hafa orðið ljóst að rannsókn málsins hafði lent á villigötum er hún beindist að fjórmeningunum. Virðist rannsóknin af þeim sökum hafa farið að beinast með ákveðnari hætti að dómfelldu. Rannsaka þyrfti hvort hlutur þeirra kynni að vera meiri en virtist hafa verið lagt til grundvallar á meðan kapp var lagt á rannsókn

⁴²⁰⁴ Málgrein 405.

⁴²⁰⁵ Málgrein 369.

⁴²⁰⁶ Málgrein 2301.

⁴²⁰⁷ Málgrein 407.

á hugsanlegri aðild Einars, Magnúsar, Sigurbjörns og Valdimars. Rannsóknin beindist jafnframt að því hvort fleiri kynnu að hafa átt hlut að máli.

2547. Greina má þessa stefnubreytingu í því meðal annars að dómfelldi Guðjón var kallaður til skýrslutöku 14. maí 1976 sem vitni. Í þeirri yfirheyrslu var hann inntur eftir tengslum sínum við endurupptökubeiðanda og viðkynningu af honum auk þess sem dómfelldi var inntur eftir því hvort hann hefði verið í eða við sendiferðabifreið á Vatnsstíg, 19. nóvember 1974, sem hann kannaðist alls ekki við.⁴²⁰⁸ Tækifærið var jafnframt notað til að kanna hvort dómfelldi Kristján Viðar bæri kennsl á hann. Það var þó ekki gert með sakbendingu eða öðrum tíðkanlegum aðferðum heldur því komið svo fyrir að dómfelldu voru hvor í sínu herberginu og hurð á milli þeirra opnuð þannig að dómfelldi Kristján Viðar gæti virt dómfellda Guðjón vel fyrir sér.⁴²⁰⁹ Í kjölfar bókonar um að dómfelldi Kristján Viðar hafi borið kennsl á dómfellda Guðjón var bókaður framburður um að hann væri þess fullviss að dómfelldi Guðjón hafi verið staddur á Vatnsstíg við hvíta sendiferðabifreið. Dómfelldi Kristján Viðar rakti auk þess orðrétt samtál við dómfellda Guðjón. Eins hafi hann verið staddur í Dráttarbrautinni í Keflavík þar sem dómfelldi Guðjón hefði skipst á orðum við bátsverja þess báts sem dómfelldi Kristján Viðar bar um að hafi verið að leggja þar frá landi. Dómfelldi Guðjón hafi jafnframt sagt dómfellda Kristjáni Viðari fyrir um framgöngu þar.⁴²¹⁰
2548. Dómfelldi Guðjón var einnig til umfjöllunar í ítarlegri skýrslu sem bókuð var eftir dómfelldu Erlu 28. maí 1976 þar sem rakin voru af hennar hálfu samskipti við dómfellda allt frá því þau kynntust á árinu 1974 fram á vor 1976 en í þeirri frásögn fólust hins vegar fáar vísbendingar um að dómfelldi tengdist hvarfi Geirfinns.⁴²¹¹
2549. Dómfelldi Kristján Viðar virðist á þessum tíma í maí 1976 hafa nefnt nöfn ýmissa manna sem aðild hefðu átt að ferð til Keflavíkur og hvarfi Geirfinns. Má í því sambandi til dæmis nefna [ÓSi], þjóðþekktan afreksíþróttamann í kraftlyftingum sem kom til óformlegs viðtals við rannsóknarlögreglumann 14. maí 1976 vegna framburðar dómfellda Kristjáns Viðars um að hafa hitt hann á Vatnsstígnum í sendiferðabifreið 19. nóvember 1974 en dómfelldi hafði einnig bent á mynd af honum.⁴²¹² [ÓSi] bar um að kannast við dómfellda auk endurupptökubeiðanda og dómfellda Tryggva Rúnar en neitaði því alfarið að hafa nokkru sinni farið til Keflavíkur í sendiferðabifreið. Dómfelldi Kristján Viðar var leiddur saman með [ÓSi] að viðstöddum rannsóknarlögreglumanni og vararíkissaksóknara og munu þeir hafa kannast hvor við annan og dómfelldi borið það á [ÓSi] að hafa verið í sendiferðabifreiðinni við Vatnsstíg. Engin formleg yfirheyrsla fór fram og [ÓSi] leyft að fara að þessum samskiptum loknum. Þrátt fyrir að [ÓSi] hafi þvertekið fyrir að hafa átt nokkra aðild að ferð til Keflavíkur eða þátt í hvarfi Geirfinns fullyrti dómfelldi Kristján Viðar afdráttarlaust í lögregluskýrslu sem bókuð var sunnudaginn 16. maí 1976 að [ÓSi]

⁴²⁰⁸ Málsgrein 418.

⁴²⁰⁹ Málsgrein 421.

⁴²¹⁰ Málsgrein 421.

⁴²¹¹ Málsgrein 442.

⁴²¹² Málsgrein 416.

hefði átt aðild að ferðinni og hafði eftir honum ummæli sem hann hefði átt að hafa látið falla við það tækifæri.⁴²¹³

2550. Dómfelldi Kristján Viðar nefndi tvo aðra menn til sögunnar á þessum vikum og bar um þátt þeirra í ferð til Keflavíkur 19. nóvember 1974, [GuBi]⁴²¹⁴ og [SJGu]⁴²¹⁵ sem báðir máttu sæta yfirheyrslum og frelsissviptingu í rúman sólarhring hvor. Virðist dómfelldi hafa gengið langt í að láta sannfærandi framburði í té. Í því sambandi má til dæmis geta þess að í lok skýrslu sem tekin var af honum 18. maí 1976 var bókað eftir honum að hann vildi ítreka það að hann væri þess alveg fullviss að [GuBi] hafi verið í sendibifreiðinni og kvaðst tilbúinn að leggja eið að framburðinum.⁴²¹⁶
2551. Dómfelldi Kristján Viðar dró til baka framburði sína er lutu að þætti þessara tilgreindu manna, og raunar dómfellda Guðjóns líka, í einu lagi í skýrslu sem tekin var af honum 14. janúar 1977 og bar því við að um rangminni sitt hefði verið að ræða.⁴²¹⁷
2552. Á þessum dögum gaf vitni sig fram og kom á framfæri upplýsingum um ferðir endurupptökubeiðanda 19. nóvember 1974. Kvikmyndagerðarmaðurinn [VK] gaf skýrslu 15. maí 1976 og bar um að hafa hitt endurupptökubeiðanda ásamt móður hans og dómfelldu Erlu á Kjarvalsstöðum klukkan 20:40 og rætt þar við hann til um klukkan 21:00. Bar hann jafnframt um að endurupptökubeiðandi hefði haft orð á Keflavíkurferð en gat ekki munað hvort það hefði verið í þetta skiptið sem þeir hittust eða hvort endurupptökubeiðandi hafi sagst hafa verið þar deginum áður.⁴²¹⁸ Ekkert var bókað um samskipti vitnisins við endurupptökubeiðanda að öðru leyti eða af hvaða toga kunningskapur þeirra væri en vitnið afhenti lögreglu dagbók sína frá þessum tíma. Um tengsl sín við endurupptökubeiðanda bar [VK] fyrst er hann var tekinn til yfirheyrslu 10. nóvember 1976 er hann greindi frá samskiptum þeirra vegna kvikmyndagerðar og tækjalána til endurupptökubeiðanda.⁴²¹⁹
2553. Frá byrjun maímánaðar 1976 og fram á haust fóru ítrekað fram óformlegar samprófanir, yfirheyrslur og vettvangsferðir, í þágu rannsóknar lögreglu á hvarfi Guðmundar og Geirfinns. Rannsóknin virðist einkum hafa beinst að hvarfi Guðmundar þótt því verði ekki slegið föstu þar sem fáar framburðarskýrslur eða aðrar heimildir voru ritaðar af hálfu lögreglu. Líkt og ítarlega er greint frá í kafla VII.5.2.d.2 var samprófunum mikið beitt í tengslum við rannsókn Geirfinnsmálsins í kjölfar játningar dómfelldu Erlu um að hafa banað Geirfinni og þess að fjórmeningarnir voru leystir úr haldi. Af bókunum í dagbók Síðumúlafangelsisins má ráða að endurupptökubeiðandi og dómfelldu voru til samprófana klukkutímunum saman, ýmist tvö í einu eða fleiri. Voru samprófanirnar oftast haldnar af einum rannsóknarlögreglumanni en einnig áttu vararíkissaksóknari og fangaverðir þar aðild. Í engu tilviki voru gerðar skriflegar skýrslur um það sem fram fór og því liggja ekki

⁴²¹³ Málsgrein 423.

⁴²¹⁴ Málsgrein 426.

⁴²¹⁵ Málsgrein 402.

⁴²¹⁶ Málsgrein 426.

⁴²¹⁷ Málsgrein 1131.

⁴²¹⁸ Málsgrein 420.

⁴²¹⁹ Málsgrein 817.

fyrir nein rannsóknargögn önnur en bókanir í fangelsisdagbók, sem í raun eru eina skriflega heimildin um að samprófanirnar hafi farið fram. Sýnist blasa við að mikil hætta skapist á að framburðir sem gefnir eru eftir slíka samprófunarhrinu, sem til dæmis stóðu samtals í ríflega 30 klukkustundir milli endurupptökubeiðanda og dómfelldu Erlu í júlímánuði 1976, taki mið af því sem þar hafi komið fram af hálfu annarra þannig að mörk sjálfstæðrar frásagnar af eigin upplifun gagnvart frásögnum annarra verði næsta óljós. Sönnunargildi slíkra framburða hlýtur að vera takmarkað.

2554. Karl Schütz kom til landsins í júlí 1976 á vegum dómsmálaráðherra og var ætlað það hlutverk að leggja rannsakendum Geirfinnsmálsins lið.⁴²²⁰ Ítarlega er fjallað um aðkomu Karls Schütz að rannsókn málsins og áhrifum hans á framvindu hennar í kafla VII.5.2.d.6. Þegar skýrslur Karls Schütz eru gaumgæfðar, svo sem vikuskýrslur hans til dómsmálaráðherra, virðist sem lagt hafi verið til grundvallar að endurupptökubeiðandi og dómfelldu væru sek en leiða þyrfti í ljós sönnun þess að svo væri. Þetta viðhorf endurspegladist meðal annars í ítarlegum rannsóknarfyrirmælum sem hann gaf undir heitinu: „Atriði sem styrkja játningar.“ Rannsóknarfyrirmælin beindust mörg hver að leit rannsakenda að sýnilegum sönnunargögnum til að byggja undir fyrirliggjandi framburði endurupptökubeiðanda, dómfelldu og vitna. Vert er að geta þess að þrátt fyrir yfirlýstan tilgang þessara rannsókna, að styrkja játningar, leiddu þær engin sýnileg sönnunargögn í ljós. Að auki kom í raun lítt eða ekkert út úr yfirheyrslum yfir vitnum sem rannsókninni var beint að í þessum tilgangi.
2555. Eins og rakið var að framan þá var ekki tekin formleg skýrsla um málsatvik af dómfelldu Erlu frá því hún játaði að hafa banað Geirfinni með riffilskoti fyrr en 1. september 1976. Í millitíðinni sætti hún þó ítrekað rannsóknaraðgerðum, líkt og gerð hefur verið grein fyrir, sem engin rannsóknargögn liggja fyrir um. Á hinn bóginn liggja fyrir gögn um hversu reikull framburður dómfelldu Erlu var þegar draga fór að hausti. Karl Schütz yfirheyrði dómfelldu Erlu í Síðumúlafangelsinu 11. ágúst 1976. Hann gerði svonefnda athugasemdaskýrslu um yfirheyrsluna þar sem fram kom að dómfelldu Erlu hafi verið álasað fyrir að hafa gefið fjölmarga framburði sem hún hafi síðan breytt eða tekið til baka. Ekki væri unnt að vita hvenær og hvort hún segði satt eða hvort hún kæmi af ásettu ráði með rangan framburð. Gaf dómfellda Erla þær skýringar að hún hefði haldið að þar með myndi allt ganga mun fljótar fyrir sig og hún gæti þá farið heim. Lagði hún áherslu á að það væri vilji hennar nú að segja einungis sannleikann. Bókað var að Schütz hafi þá lagt hart að henni að nefna sönnunargögn um Keflavíkurferðina. Hafi dómfellda Erla þá skyndilega greint frá því að hún hafi týnt rauðri kápu í Keflavík. Rétt er að geta þess að síðar báru dómfellda Erla og endurupptökubeiðandi um að kápan hafi verið blá. Í athugasemdaskýrslunni kom fram að hafi hún sagt [BPP] hafa ekið bifreiðinni í umrætt sinn og að hún, endurupptökubeiðandi og dómfelldi Kristján Viðar hafi öll verið farþegar í bifreiðinni. Endurupptökubeiðandi og [BPP] hafi rætt um það á leiðinni til Keflavíkur að fjarlægja

⁴²²⁰ Málsgrein 505.

þyrfti einhvern mann. Greindi dómfellda Erla frá því að endurupptökubeiðandi hafi fundið kápuna hennar í Keflavík og látið [BPP] fá hana.⁴²²¹

2556. Næstu daga á eftir ritaði dómfellda Erla tvö bréf til fulltrúa yfirsakadómara. Fyrri bréfið var dagsett 14. ágúst 1976, en í því kom fram að hún hefði vakið athygli á Geirfinnsmálinu í byrjun til þess að vekja athygli á henni sjálfri. Í framhaldinu ritaði hún orðrétt: „Síðan sá ég, eða gerði, í hugskotsjónum mínum mynd af atburðinum og lifði mig inn í hana. Sagði ykkur frá því aftur og aftur svo hún mótaðist æ fastar í höfði mínu. Tilvist mín, eða nærvera, þessa umræddu nótt er tilbúningurinn einn. Uppspuni. Byrjaði þegar þú spurðir mig hvort ég hefði verið þarna.“ Sagði hún Einar Bollason hafa verið tengiliðinn í ímyndun sinni milli endurupptökubeiðanda og málsins. Þá lýsti hún því yfir að játning hennar um að hafa skotið Geirfinn hafi verið uppspuni.⁴²²² Sama dag gaf dómfellda undirritaða yfirlýsingu um málsatvik Geirfinnsmálsins. Greindi hún þá frá ferð til Keflavíkur með dómfellda Kristjáni Viðari og endurupptökubeiðanda frá Vatnsstíg og [BPP] hafi verið ökumaður. Sagði hún dómfellda Guðjón hafa farið á annarri bifreið. Í yfirlýsingunni tiltók hún þá sem staddir voru í Dráttarbrautinni í umrætt sinn og nefndi meðal annars þrjá þjóðþekktu kaupsýslumenn á nafn. Þá lýsti hún atlögu Einars Bollasonar, Magnúsar Leópoldssonar og Sigurbjörns Eiríkssonar að Geirfinni og hvernig endurupptökubeiðandi hafi barið Geirfinn í höfuðið með spýtu.⁴²²³
2557. Þennan dag, 14. ágúst 1976, spurðist fulltrúi yfirsakadómara fyrir um hvort framkvæmd einangrunar væri ekki strangari en áður. Fékk hann jákvæð svör þar um frá starfsmanni Síðumúlafangelsisins. Fyrirskipaði hann að herða enn frekar á einangrunarvistinni.⁴²²⁴ Strax daginn eftir ritaði dómfellda Erla annað bréf til fulltrúa yfirsakadómara þar sem hún tók fyrri bréfið til baka og lýsti því sem yfirsjón af hennar hálfu.⁴²²⁵ Var þess getið með bókun í dagbók Síðumúlafangelsisins að í kjölfarið hafi klefa dómfelldu Erlu verið læst með lykli líkt og annarra fanga.⁴²²⁶ Allt frá því hún var úrskurðuð í gæsluvarðhald 4. maí 1976 hafði dómfellda fengið að hafa klefa sinn opinn með því skilyrði að hafa ekki samskipti við aðra fanga.
2558. Þá liggur fyrir endurrit fangavarðar í Síðumúlafangelsi á handriti dómfelldu Erlu frá 16. ágúst 1976. Greindi hún frá atburðum 19. nóvember 1974 allt frá því að hún og endurupptökubeiðandi hafi ekið um Reykjavíkurborg á leigubifreiðum með viðkomu í Klúbbnum. Þaðan hafi þau farið heim til [BPP] og stigið upp í bifreið sem hann hafði til umráða. Þau hafi ekið heim til dómfellda Guðjóns og síðan niður að Vatnsstíg þar sem dómfelldi Kristján Viðar hafi komið æðandi inn í bifreiðina. Nokkru neðar á Vatnsstíg hafi dómfelldi Guðjón beðið þeirra og endurupptökubeiðandi og dómfelldi Kristján Viðar hafi rætt þar við hann. Síðan hafi verið ekið af stað til Keflavíkur. Lýsti dómfellda Erla því hvernig endurupptökubeiðandi hafi haldið í hönd hennar alla

⁴²²¹ Málsgrein 557.

⁴²²² Málsgrein 564.

⁴²²³ Málsgrein 568.

⁴²²⁴ Málsgrein 565.

⁴²²⁵ Málsgrein 566.

⁴²²⁶ Málsgrein 569.

leiðina og ekki viljað sleppa henni. Þá hafi Magnús Leópoldsson komið að og lýst endurupptökubeiðanda ábyrgan fyrir henni. Í frásögninni nafngreindi dómfellda Erla alls ellefu manns sem hafi verið staddir í Dráttarbrautinni í umrætt sinn, þar með talda þá fjóra menn sem sætt höfðu gæsluvarðhaldi vegna málsins. Ósætti hafi komið upp milli endurupptökubeiðanda, Magnúsar og Geirfinns og lýsti hún því hvernig sá síðastnefndi hafi verið laminn. Að átökunum loknum hafi endurupptökubeiðandi komið til hennar og sagt henni að koma sér í burtu á puttanum. Lýsti dómfellda Erla því hvernig hún hafi þá kiknað í hnjúnum og því hafi endurupptökubeiðandi stutt hana þar til hún hafi jafnað sig. Endurupptökubeiðandi hafi virst hræddur um hana og gefið það í skyn að Geirfinnur hafi farið í sjóinn.⁴²²⁷ Sama dag endurritaði sami fangavörður frásögn dómfelldu Erlu af atburðunum í Dráttarbrautinni. Reyndi dómfellda Erla að rifja upp því sem næst orðrétt samtal hennar og endurupptökubeiðanda í fjörunni í Keflavík eftir lát Geirfinns. Gaf dómfellda Erla lýsingar á tveimur fólksbifreiðum og einni sendiferðabifreið sem og bátnum sem hafi verið í Dráttarbrautinni umrætt kvöld.⁴²²⁸

2559. Áréttað skal að framangreind bréf dómfelldu Erlu sem og endurrit fangavárðarins á frásögnum hennar í ágúst 1976 voru ekki meðal dómsskjala á þeim tíma sem málin voru til meðferðar fyrir dómstólum.
2560. Þremur dögum síðar, 19. ágúst 1976, voru dómfelldu Erlu sýndar ljósmyndir af ýmsum tegundum sendiferðabifreiða. Benti hún þá á ljósmynd af Mercedes Benz bifreið og tiltekinn lit á litaspjaldi og sagði bifreiðina vera mjög líka þeirri sem hafi verið í Dráttarbrautinni umrætt kvöld.⁴²²⁹ Sama dag voru endurupptökubeiðanda sýndar sams konar ljósmyndir og bókað eftir honum að hann væri rangi maðurinn í þessu máli og gæti ekki sagt til um hvaða bifreið hafi verið í Dráttarbrautinni umrætt kvöld þar sem hann hafi ekki verið þar staddur. Bókað var í niðurlagi skýrslunnar að tekið skyldi fram að endurupptökubeiðandi hafi virst mjög óstyrkur á taugum. Þess ber að geta að á þessum tímapunkti hafði endurupptökubeiðandi sætt einangrunarvist í Síðumúlafangelsinu í rúma átta mánuði auk þess sem hann hafði mátt þola harðræði og verið sviptur hefðbundnum réttindum gæslufanga frá lokum aprílmánaðar. Dómfelldi Kristján Viðar var í kjölfarið tekinn til yfirheyrslu og sýndar sömu ljósmyndir. Fyrir liggur skýrsla þar sem fram kemur að hann hafi sagt að engin af bifreiðunum á myndunum væru líkar þeirri sem hafi verið í Dráttarbrautinni umrætt kvöld. Gaf hann í framhaldinu lýsingu á umræddri sendiferðabifreið og sagðist viss um að hún hafi verið blá á litinn.⁴²³⁰
2561. Meðal gagna málsins er bréf frá réttargæslumanni dómfellda Kristjáns Viðars sem hann ritaði yfirsakadómara í sakadómi Reykjavíkur 23. ágúst 1976. Greindi réttargæslumaðurinn frá því að hann hafi margsinnis gert kröfu um að fá afhent gögn og honum hafi gengið mjög erfiðlega að fá upplýsingar um stöðu rannsóknarinnar. Strax í upphafi rannsóknar málanna hafi það komið ítrekað fyrir að dómfelldi hafi ekki

⁴²²⁷ Málsgrein 570.

⁴²²⁸ Málsgrein 571.

⁴²²⁹ Málsgrein 581.

⁴²³⁰ Málsgrein 581.

fengið að ræða við hann þrátt fyrir brýna beiðni hans þar um. Þá hafi beiðni dómfellda um að réttargæslumaðurinn yrði viðstaddur yfirheyrslur verið vísað á bug. Steininn hafi tekið úr þegar réttargæslumaðurinn hafi lesið um það í dagblöðum að dómsrannsókn á hvarfi Geirfinns væri að hefjast. Kvaðst hann af því tilefni hafa haft samband við fulltrúa yfirsakadómara og óskað eftir því að vera kallaður til þegar dómfelldi Kristján Viðar yrði yfirheyrður. Orðrétt ritaði réttargæslumaðurinn: „Fulltrúinn kvað það óþarfa að ég yrði viðstaddur þar sem skjólstaðingur minn væri vitni í málinu, en hann skyldi samt láta mig vita um þinghöld. Síðar komst ég að því að Kristján hafði verið tekinn til yfirheyrslu fyrir sakadómi Reykjavíkur án þess að reynt væri að ná í mig. Þó gerði Kristján Viðar kröfu um að ég yrði viðstaddur.“ Í kjölfarið hafi hann haft samband við fulltrúa yfirsakadómara og gert þá kröfu að hann fengi að vera viðstaddur dómsrannsókn. Hann hafi verið viðstaddur 28. apríl 1976 þegar dómfelldi hafi verið yfirheyrður. Ritaði réttargæslumaðurinn orðrétt: „Mér varð ljóst í þessari yfirheyrslu að Kristján var spurður sem sakaður maður en ekki sem vitni.“ Lýsti hann yfir óánægju sinni með meðferðina á dómfellda Kristjáni Viðari og sagði hana bera keim af ómenguðu rannsóknarréttarfari.⁴²³¹ Hann sendi ríkissaksóknara afrit af bréfinu tveimur dögum síðar. Spurðist hann fyrir um hvort ekki væri tímabært að halda áfram dómsrannsókn á Geirfinnsmálinu þar sem honum hafi skilist að dómfellda væri haldið í einangrun vegna þess að málið væri enn óupplýst.⁴²³² Ekkert liggur fyrir um að brugðist hafi verið við bréfum réttargæslumannsins auk þess sem sami framgangsmáti var áfram hafður á rannsókninni, að yfirheyrslur yfir dómfellda Kristjáni Viðari fóru fram án aðkomu réttargæslumanns.

2562. Dómfelldi Kristján Viðar var yfirheyrður af rannsóknarlögreglunni 30. ágúst 1976 vegna málsins. Greindi hann frá því að hafa farið á blárri sendiferðabifreið 19. nóvember 1974 til Keflavíkur. Lýsti hann bifreiðinni nokkuð ítarlega og voru þá í kjölfarið sýndar ljósmyndir af sendiferðabifreiðum.⁴²³³ Var þess ekki getið í skýrslunni hvort um sama ljósmyndasafn hafi verið að ræða og borið var undir hann í yfirheyrslu ellefu dögum fyrr.⁴²³⁴ Benti dómfelldi Kristján Viðar við þetta tilefni á GMC sendiferðabifreið og sagði hana sams konar þeirri sem hann hafi verið í umrætt kvöld. Í skýrslu um yfirheyrsluna var bókað að tvær slíkar bifreiðar væru til á landinu og annar eigandinn hafi eitt sinn átt heima að Grettisgötu 82, sama húsi og dómfelldi. Sá hafi selt bifreiðina í júlí 1975.⁴²³⁵ Ekkert dómfelldu lýsti sendiferðabifreiðinni á þennan hátt nema dómfelldi Kristján Viðar.
2563. Tekin var skýrsla af dómfelldu Erlu fyrir sakadómi Reykjavíkur 1. september 1976 í tilefni af framlengingu gæsluvarðhalds hennar. Bókað var að hún hafi dregið til baka framburð sinn um að hafa skotið Geirfinn. Hún hafi borið svo um vegna þess að hún hafi haldið að þar með væri málið leyst og hún fengi sinn dóm. Kvaðst hún ekki hafa þorað að segja sannleikann.⁴²³⁶ Var rannsóknarlögreglumanni falið að taka af henni

⁴²³¹ Málsgrein 589.

⁴²³² Málsgrein 597.

⁴²³³ Málsgrein 604.

⁴²³⁴ Málsgrein 581.

⁴²³⁵ Málsgrein 604.

⁴²³⁶ Málsgrein 607.

nánari skýrslu um málsatvik.⁴²³⁷ Í skýrslutökunni greindi hún með enn ítarlegri hætti frá ferð til Keflavíkur, hvar hún hafi setið í bifreið [BPP], sem hafi setið undir stýri, og hvar hefði verið komið við á leið út úr bænum. Lýsti hún þeim bifreiðum sem hafi verið staddar í Dráttarbrautinni þegar þangað hafi verið komið, önnur hafi verið rauð fólksbifreið en hin drapplituð sendiferðabifreið. Þá tilgreindi hún tvo kunningja þeirra endurupptökubeiðanda sem bættust við þá sem fóru til Keflavíkur. Dómfelldi Guðjón var annar þeirra en þá báða hafði hún nefnt í yfirlýsingu sem hún undirritaði 15. ágúst 1976.⁴²³⁸ Að öðru leyti bar dómfellda Erla um að endurupptökubeiðandi og dómfelldi hafi báðir verið með í för. Þegar til Keflavíkur var komið hafi þau hitt Einar, Magnús, Sigurbjörn og Valdimar auk þriggja þjóðþekktra kaupsýslumanna sem hún nafngreindi en það hafði hún einnig gert í áður nefndri yfirlýsingu.⁴²³⁹

2564. Sérstök tilraun var gerð á endurupptökubeiðanda samkvæmt því sem bókað var í dagbók Síðumúlafangelsisins en hann var látinn undirgangast sérstaka prófun til að freista þess að leiða í ljós hvort hann væri að segja satt með því að mæla streitu í rödd hans með sérstöku tæki, lygamæli, sem byggði á raddgreiningu. Var prófunin framkvæmd af Gísla H. Guðjónssyni, þá sálfræðinema, 5. september 1976, og stóð hún yfir í tæpar tvær klukkustundir. Var það orðað þannig í dagbókarfærslunni að Gísli hafi farið með alla mæla slæma á taugum.⁴²⁴⁰ Gögn þessarar rannsóknar eru ekki meðal gagna málsins. Gísli vitjaði endurupptökubeiðanda síðar á klefa í Síðumúlafangelsinu seint að kvöldi 9. september 1976 í um 20 mínútur.⁴²⁴¹ Rannsóknargögn liggja ekki fyrir um tilefni vitjunarinnar eða hvað þeim fór á milli. Önnur prófun á vegum Gísla var gerð á dómfellda 14. september 1976 og stóð hún yfir í rúma klukkustund.⁴²⁴²
2565. Fyrir liggur að farið var með dómfellda Kristján Viðar í ökuferð 6. september 1976. Með í för voru Karl Schütz, túlkur og rannsóknarlögreglumaður. Í skýrslu um ökuferðina, sem Schütz ritaði, kom fram að farið hafi verið með dómfellda að Vatnsstíg til að skýra þar frá vitneskju sinni um undirbúning Keflavíkurferðarinnar. Greindi dómfelldi í framhaldinu frá símtali frá endurupptökubeiðanda með boð um þátttöku í áfengismáli sem gæfi af sér heilmikla peninga. Seinna sama kvöld hafi endurupptökubeiðandi hringt aftur og þá hafi dómfelldi þekkt boðið og hitt endurupptökubeiðanda sem hafi beðið hans í bifreið á Vatnsstíg. Hinum megin götunnar hafi staðið sendiferðabifreið sem hann hafi gefið lýsingu á 4. september 1976, en inni í henni hafi verið nokkrir menn sem dómfelldi Kristján Viðar hafi ekki þekkt. Kvaðst hann hafa farið í rauðri bifreið ásamt endurupptökubeiðanda og dómfelldu Erlu og ókunnugum öikumanni sem hafi litið út eins og útlendingur. Kvaðst dómfelldi muna nú vel eftir því, eftir að hafa hugsað um það vel síðastliðna nótt, að endurupptökubeiðandi hafi stöðvað bifreiðina fyrir framan veitingastofu í Keflavík og beðið hann um að hringja í ókunnugan mann, en nafn hans hafi verið óvenjulegt og

⁴²³⁷ Málsgrein 608.

⁴²³⁸ Málsgrein 570.

⁴²³⁹ Málsgrein 608.

⁴²⁴⁰ Málsgrein 616.

⁴²⁴¹ Málsgrein 625.

⁴²⁴² Málsgrein 635.

því eftirminnilegt. Endurupptökubeiðandi hafi skrifað símanúmerið á miða og rétt honum. Orðrétt sagði í skýrslunni: „Þegar hann hugsar sig betur um, þá gæti verið, að nafnið hafi verið Geirfinnur.“ Mundi dómfelldi að öðru leyti ekki eftir símtalinu. Greindi dómfelldi Kristján Viðar nánar frá atburðum í Dráttarbrautinni og sagði þar trillu hafa verið smáspöl frá hafnarbakkanum. Útlendingslegur maður hafi spurt hvort hann og endurupptökubeiðandi væru sjómenn og kvaðst dómfelldi hafa skilið spurninguna sem svo að hann ætti að fara á trilluna. Lýsti hann öðrum manni sem hafi sagt nóg komið af sjómönnum. Kvaðst dómfelldi Kristján Viðar ekki hafa orðið vitni að neinum átökum í Dráttarbrautinni en taldi mögulegt að þau hafi átt sér stað bak við skip sem hann hafi staðið upp við. Hann hafi síðan séð mann liggja á jörðinni. Þrír menn, klæddir eins og sjómenn, hafi staðið bognir hjá en síðan hafi þrír aðrir komið hlaupandi upp frá hafnarbakkanum. Kvaðst dómfelldi hafa spurt hvað væri um að vera og hafi þá einn svarað því til að honum kæmi það ekki við. Dómfelldi Kristján Viðar nefndi þannig í það minnsta níu manns sem hefðu átt að eiga hlut að þessum atburðum, þar með talin endurupptökubeiðandi og dómfellda Erla sem voru þau einu sem hann kunni deili á. Sérstaklega aðspurður gat dómfelldi ekki svarað því hvert hafi verið farið með manninn. Bókað var í skýrsluna að á þeim tímapunkti í yfirheyrslunni hafi dómfelldi Kristján Viðar ekki einungis verið taugaóstyrkur heldur líka dálítið árásargjarn og gripinn undarlegum æsingi, eins og það var orðað. Áfram var bókað að dómfelldi hafi verið minntur á fyrri framburð sinn um að maður í plastumbúðum hafi verið lagður í sendiferðabifreiðina. Kvaðst dómfelldi hafa sagt það í kjölfar þess að fangaverðir með barefli hafi komið inn í klefann til sín. Greindi hann í framhaldinu frá því að hafa farið aftur með sömu fólksbifreið til Reykjavíkur, en dómfellda Erla hafi ekki verið með. Í niðurlagi skýrslunnar var bókað að framburður dómfellda Kristjáns Viðars hafi verið árangur mjög langs og tregs samtals, eins og það var orðað. Hann hafi svarað mörgum spurningum, sem ekki var getið í skýrslunni, þannig að hann myndi ekki meira. Dómfelldi hafi sagst hafa gert sér far um að segja sannleikann, en á mörgum sviðum vissi hann hreinlega engin smáatriði lengur.⁴²⁴³ Fyrir liggur að farið var með dómfellda Kristján Viðar í ökuferð til Keflavíkur daginn eftir þar sem hann taldi að Hafnarbúðin í Keflavík hafi verið sá staður þar sem hann hafi hringt í ókunnuga manninn.⁴²⁴⁴

2566. Líkt og gerð hefur verið grein fyrir fór andlegri heilsu dómfellda Kristjáns Viðars hrakandi þegar líða tók á haustið 1976. Mikill ólíkindablær var á framburði dómfellda á þeim tíma. Hinn 19. september 1976, greindi dómfelldi Kristján Viðar rannsóknarlögreglumanni frá því að hann hefði fyrir slysi slegið járnteini í höfuð manns sem hafi verið staddur á heimili dómfellda að Grettisgötu 82 ásamt endurupptökubeiðanda og dómfellda Tryggva Rúnari. Framburður dómfellda Kristjáns Viðars um afdrif mannsins sýnist með miklum ólíkindum.⁴²⁴⁵

2567. Líkt og greinir að framan ritaði Karl Schütz svokallaðar vikuskýrslur til dómsmálaráðherra til að halda honum upplýstum um framgang starfa

⁴²⁴³ Málsgrein 617.

⁴²⁴⁴ Málsgrein 622.

⁴²⁴⁵ Málsgreinar 648 og 650.

rannsóknarnefndar Reykjavíkur.⁴²⁴⁶ Fyrsta vikuskýrslan var dagsett 20. september 1976 en þar greindi Schütz frá stöðu rannsóknar Geirfinnsmálsins í sérstökum kafla. Fram kom að í málinu væru sjö sakborningar auk þess sem fjölmargir aðrir væru grunaðir, þar á meðal dómfelldi Guðjón. Mögulegt væri að dómfelldi Guðjón væri útlendingslegi maðurinn sem hafi skipulagt sjóferð á fiskibáti sem farin hafi verið út frá Dráttarbrautinni í Keflavík til að sækja smyglað áfengi. Einnig gæti hann hafa farið fyrir þeim hópi manna sem hafi farið í sendiferðabifreið frá Reykjavík til Keflavíkur og tekið þátt í atburðarásinni. Vísaði Schütz þannig óbeint til framburðar dómfella Kristjáns Viðars sem hafður var eftir honum í upplýsingaskýrslu frá 6. september 1976 og gerð var grein fyrir hér að framan. Í vikuskýrslunni kom fram að dómfelldi Kristján Viðar hafi borið kennsl á dómfellda Guðjón sem útlendingslega manninn þegar þeir hafi verið leiddir saman. Þessu til viðbótar væri dómfelldi Guðjón eiturlyfjainnflytjandi og vinur endurupptökubeiðanda. Í niðurlagi skýrslunnar sagði að leit að áreiðanlegu vitni um morðið á Geirfinni hafi enn sem komið er engan árangur borið. Unnið væri að leit að bifreið sem endurupptökubeiðandi og dómfelldu Kristján Viðar og Erla ásamt óþekktum öikumanni hafi farið í til Keflavíkur umrætt kvöld. Auk þess væri enn leitað að sendiferðabifreið og bát sem einnig hafi komið við sögu.⁴²⁴⁷

2568. Í októbermánuði var dómfelldi Kristján Viðar til ítrekaðra vitjana og yfirheyrslna án þess að um þær hafi verið bókað en auk þess liggja fyrir skýrslur um yfirheyrslur í tengslum við rannsókn Guðmundarmálsins, sem var á lokametrunum á þeim tíma. Líkt og rakið var að framan⁴²⁴⁸ voru dómfelldu Kristján Viðar, Erla og Tryggvi Rúnar sprautuð með einhvers konar lyfi í þeim tilgangi að aðstoða þau við að muna betur eftir atburðum.⁴²⁴⁹ Nokkru síðar birtist frétt í dagblaði um aðferðina en þar var greint frá því að sprautan hafi ekki borið árangur.⁴²⁵⁰ Engin rannsóknargögn liggja fyrir um meðferðina en í lögum nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála var ekki að finna heimild til handa lögreglu til að beita þess konar óhefðbundnum aðferðum við framkvæmd rannsókna og dómsúrskurðar var ekki leitað.
2569. Eftir miðjan októbermánuð 1976 dró dómfellda Erla framburð sinn um Keflavíkurferðina til baka. Ritaði hún annað bréf af því tilefni, meðal annars um atvik í byrjun árs 1975 þegar hún og endurupptökubeiðandi voru stödd í Kaupmannahöfn, en þar hafi Geirfinnsmálið verið til umræðu meðal Íslendinga sem þar voru búsettir.⁴²⁵¹ Daginn eftir var dómfellda Erla til yfirheyrslu vegna málsins þar sem hún afhenti Karli Schütz framangreint bréf sem hún hafi skrifað honum til útskýringar á því hvernig hún teldi sig hafa haft margt, af því sem hún hafi sagt í málinu, eftir endurupptökubeiðanda. Í skýrslu um yfirheyrsluna var bókað að Schütz hafi bent henni á að margt í framburði hennar væri í samræmi við það sem aðrir hafi sagt. Að hans áliti kæmi ekki annað til greina en að annaðhvort hafi hún farið til Keflavíkur eða einhver hafi sagt henni mjög nákvæmlega frá þessari ferð og þá skyldi hún segja hver

⁴²⁴⁶ Málsgrein 2340.

⁴²⁴⁷ Málsgrein 653.

⁴²⁴⁸ Málsgrein 2335.

⁴²⁴⁹ Málsgreinar 707 og 710.

⁴²⁵⁰ Málsgrein 763.

⁴²⁵¹ Málsgrein 714.

það hafi verið. Ítrekaði Schütz við Erlu að segja allan sannleikann og hafi hún þá svarað orðrétt: „Þá hef ég farið til Keflavíkur.“ Kvað hún það sem haft væri eftir henni í málskjöllum hafa verið hugarburð hjá sér, en þó vissi hún ekki hvort sumt af því væri raunveruleiki.⁴²⁵² Meðal gagna málsins liggur jafnframt fyrir athugasemdaskýrsla rituð af Schütz dagsett 15. október 1976. Ritaði hann um að dómfellda Erla hafi enn lýst því yfir að hafa ekki verið í Keflavík og að hún héldi fast við það. Hún hafi sagt að enginn tryði henni og að hún vissi varla lengur hvað hún ætti að segja. Í skýrslunni kom fram að dómfellda Erla hafi verið hvött til að segja loks frá því hvaða aðilar hefðu sagt henni í einstökum smáatriðum frá því sem hafi gerst en þá hafi hún sagt orðrétt: „Ég hef búið það allt til.“ Þá var dómfelldu Erlu sagt að hún gæti ekki hafa fundið upp þessi einstöku atriði sem síðan hafi borið saman við framburð annarra en við það hafi hún farið í mikla geðshræringu, lamið ítrekað í borðið og æpt grátandi: „Enginn trúir mér hérna.“ Á leiðinni til baka í Hegningarhúsið hafi dómfellda Erla hóttað sjálfsmorði.⁴²⁵³ Stuttu eftir komuna í fangelsið ritaði dómfellda tvö bréf til Schütz þar sem hún lýsti því yfir að það eina sem hún hefði fyrir sér í Geirfinnsmálinu væri það sem endurupptökubeiðandi hafi sagt henni. Mundi hún ekki eftir því að endurupptökubeiðandi hafi sagt henni söguna í smærri atriðum og því væri annað það sem hún hefði sagt tilbúningur af hennar hálfu.⁴²⁵⁴ Þá rakti hún það hvernig sögusagnir um spírasmygl og tengsl Geirfinns við slík viðskipti hafi borist henni til eyrna. Þá lýsti hún því yfir að hún hefði giskað á Dráttarbrautina þegar henni hafi verið sýndir nokkrir staðir, en Dráttarbrautin hafi passað best við þá lýsingu sem hún hafði gefið á staðháttum.⁴²⁵⁵

2570. Sama dag rissaði dómfellda Erla upp sætaskipun í Land Rover bifreið í Keflavík og gaf í skyn að dómfelldi Guðjón hafi verið ökumaðurinn. Ritaði hún inn á teikninguna að dómfelldi Kristján Viðar hafi stigið út úr bifreiðinni við Hafnarbúðina en komið aftur inn í hana við annan mann sem hún taldi hafa verið Geirfinn Einarsson.⁴²⁵⁶ Daginn eftir var dómfellda Erla enn til yfirheyrslu vegna málsins og bar þá um að eftir Keflavíkurferðina hafi endurupptökubeiðandi sagt henni að ef málið bæri á góma ætti hún að segja að sex nafngreindir menn hefðu átt þar hlut að máli. Stóð hún fast á því að hún hefði ekki tekið þátt í þessari ferð, en vissi til þess að endurupptökubeiðandi hefði farið. Aðspurð sagði hún dómfellda Kristján Viðar ljúga því að hún hefði verið í bifreiðinni á leiðinni suður eftir.⁴²⁵⁷ Þremur dögum síðar, 19. október 1976, lýsti hún því yfir að hún vildi skýra frá Geirfinnsmálinu svo hún gæti orðið laus. Játtaði hún þá að hafa farið til Keflavíkur í umrætt sinn ásamt endurupptökubeiðanda, dómfellda Kristjáni Viðari og ökumanninum [BPP], en þó gæti hún ekki fullyrt um veru hans. Rakti hún ítarlega viðkomustaðina áður en til Keflavíkur var komið en meðal annars hafi verið komið við heima hjá dómfellda Guðjóni. Þá nefndi hún að bátur hafi staðið við bryggju í Dráttarbrautinni, fimm menn hafi verið í fjörunni, þar á meðal

⁴²⁵² Málsgrein 715.

⁴²⁵³ Málsgrein 717.

⁴²⁵⁴ Málsgrein 718.

⁴²⁵⁵ Málsgrein 719.

⁴²⁵⁶ Málsgrein 720.

⁴²⁵⁷ Málsgrein 724.

Geirfinnur. Endurupptökubeiðandi hafi sagt henni að fara heim á puttanum en hún hafi orðið hrædd og falið sig í rauðu húsi skammt frá þar sem hún hafi kastað upp og liðið mjög illa. Kvaðst hún hafa ástæðu til að ætla að endurupptökubeiðandi hafi byrjað henni deyfilyf.⁴²⁵⁸

2571. Af framangreindu verður ekki annað ráðið en að dómfellda Erla hafi verið afar óstöðug í framburði sínum á þessum tíma. Svo virðist sem hún hafa slegið í og úr með afturhvarf frá framburði um ferðina til Keflavíkur og atburði í Dráttarbrautinni og það jafnvel á sama sólarhring.
2572. Dómfelldi Kristján Viðar var á sama tíma yfirheyrður vegna málsins þar sem hann að eigin ósk greindi lögreglu nánar frá símtalinu við Geirfinn úr Hafnarbúðinni í Keflavík. Kvaðst hann hafa það á tilfinningunni að einhver hafi komið upp í bifreiðina hjá þeim við Hafnarbúðina.⁴²⁵⁹
2573. Á þessum tíma var ein megináhersla rannsakenda að upplýsa um hverjir hafi verið staddir í Dráttarbrautinni 19. nóvember 1974 og hver hafi verið ökumaður bifreiðarinnar sem dómfelldu hafi fengið far með til Keflavíkur. Nefndi dómfellda Erla ítrekað [BPP], kunningja hennar og endurupptökubeiðanda, sem ökumanninn. Meðal rannsóknargagna liggur fyrir skjal með persónuupplýsingum um hann sem og yfirlit yfir framburði dómfelldu Erlu og endurupptökubeiðanda þar sem þau hafi borið um að hann hafi farið til Keflavíkur í umrætt sinn.⁴²⁶⁰ Var [BPP] yfirheyrður í fimm skipti vegna málsins⁴²⁶¹ en einnig var farið með hann til Keflavíkur og honum sýnd Hafnarbúðin, Dráttarbrautin og hús Geirfinns. Neitaði hann alfarið að hafa farið með dómfelldu til Keflavíkur.⁴²⁶² Þá var [SSH] yfirheyrður með réttarstöðu sakbornings, en dómfellda Erla hafði þá ítrekað nefnt hann á nafn sem einn þeirra sem staddir hafi verið í Dráttarbrautinni umrætt kvöld. Kvað hann það með öllu ósatt að hann hafi farið til Keflavíkur á umræddum tíma.⁴²⁶³
2574. Í yfirheyrslu hjá lögreglu 20. október 1976 greindi dómfelldi Kristján Viðar orðrétt frá samtölum sínum við Geirfinn Einarsson uppi á hæð við Dráttarbrautina í Keflavík 19. nóvember 1974. Þá lýsti hann því hvernig Geirfinnur hafi fallið aftur fyrir sig af slysförum niður hæðina og legið meðvitundarlaus við sjóinn. Sagði hann að [BPP] hafi ekki verið með í umrætt sinn, en síðan var orðrétt haft eftir honum: „En kannski að hann hafi verið með. Ég man það ekki vel. Ég held að Sævar segi kannski rétt frá ef ég tala við hann og segi honum að Geirfinnur hafi dottið niður af sjálfu sér.“ Í kjölfarið var farið með dómfellda á vettvang þar sem hann vísaði á bratta brekku við Dráttarbrautina sem hann sagði geta hafa verið staðinn þar sem Geirfinnur féll. Bókað var að hugsanlegt væri að maður sem félli niður af þessum stað gæti hafa hlotið alvarleg meiðsli. Var vettvangsskoðuninni lokið að því búnu. Í lok skýrslunnar var bókað um að dómfelldi Kristján Viðar hafi margsinnis verið spurður hvert Geirfinnur

⁴²⁵⁸ Málsgrein 731. Sjá einnig málsgrein 758.

⁴²⁵⁹ Málsgrein 716.

⁴²⁶⁰ Málsgrein 726.

⁴²⁶¹ Málsgreinar 735, 742, 761, 765 og 794.

⁴²⁶² Málsgrein 757.

⁴²⁶³ Málsgrein 760.

hafi verið fluttur eftir atburðinn. Endurtók hann í sífellu að hann gæti ekki munað það.⁴²⁶⁴ Daginn eftir var hann enn til yfirheyrslu vegna málsins og bar þá um afdrif Geirfinns með sama hætti. Lýsti hann veru fjögurra eða fimm sjóklæddra manna í Dráttarbrautinni, auk endurupptökubeiðanda og manns sem hafi verið útlendingslegur.⁴²⁶⁵ Var framburði dómfellda Kristjáns Viðars gerð sérstök skil í vikuskýrslu Karls Schütz til dómsmálaráðherra dagsettri 22. október 1976. Þar sagði að lýsingar dómfellda á atvikum, gott ástand hans og það að framburður hans væri í samræmi við staðreyndir í málinu gerði það að verkum að ákveðin atriði í framburði hans væru trúverðug. Með staðreyndum í málinu var vísað til framburðar dómfellda Kristjáns Viðars um kall á „pabba“ í símtali til Geirfinns og að starfsstúlkur í Hafnarbúðinni hafi verið í bláum vinnusloppum.⁴²⁶⁶

2575. Þremur dögum síðar, 25. október 1976, var framkvæmd sakbending í tæknideild rannsóknarlögreglunnar í tilefni af framburði dómfellda Kristjáns Viðars um að hafa hringt í Geirfinn úr Hafnarbúðinni að kvöldi 19. nóvember 1974. Þrír sjónarvottar voru kvaddir til yfirheyrslunnar og voru sex nemar úr Lögregluskóla ríkisins fengnir til aðstoðar. Voru þeir valdir þannig að hæð þeirra, aldur og klæðaburður hafi verið í nokkru samræmi við dómfellda. Réttargæslumaður dómfellda Kristjáns Viðars var viðstaddur sakbendinguna.⁴²⁶⁷ Að henni lokinni voru sjónarvottarnir yfirheyrðir og bar þeim þremur saman um að þekkja ekki neinn af mönnunum sem þann sem hafi hringt úr Hafnarbúðinni umrætt kvöld.⁴²⁶⁸ Frétt birtist í dagblaði 27. október 1976 um það að sjónarvottarnir þrír hafi staðfest það við blaðamann að dómfelldi Kristján Viðar hafi ekki verið sá maður sem hafi hringt úr Hafnarbúðinni í umrætt sinn. Vísað var til fréttar frá deginum áður um að dómfelldi hafi borið um að hafa hringt í Geirfinn úr Hafnarbúðinni. Í niðurlagi umfjöllunarinnar kom fram að framburður gæsluvarðhaldsfanganna væri mjög á reiki og þeir hafi oftast en einu sinni dregið framburð sinn til baka.⁴²⁶⁹
2576. Eins og rakið hefur verið var framburður endurupptökubeiðanda í upphafi rannsóknar málsins á þá leið að hann hafi verið heyrnar- og sjónarvottur að atburðum í Dráttarbrautinni í Keflavík. Hinn 1. apríl 1976 dró hann þann framburð sinn til baka fyrir dómi. Upp frá því sýnist sem endurupptökubeiðandi hafi neitað allri aðkomu og vitneskju um hvarf Geirfinns, en í yfirheyrslu 19. ágúst var bókað eftir honum að hann væri rangi maðurinn í þessu máli og 22. október 1976 neitaði hann því að hafa verið í Keflavík 19. nóvember 1974 og að vita nokkuð um hvarf Geirfinns.⁴²⁷⁰ Athygli vekur að þá hafði ekki verið tekin formleg skýrsla af endurupptökubeiðanda vegna málsins síðan 8. maí 1976,⁴²⁷¹ að undanskildum dómskýrslum í tengslum við framlengingu gæsluvarðhalds og lögregluskýrslu frá 19. ágúst sama ár þar sem bornar voru undir

⁴²⁶⁴ Málsgrein 733.

⁴²⁶⁵ Málsgrein 738.

⁴²⁶⁶ Málsgrein 747.

⁴²⁶⁷ Málsgrein 750.

⁴²⁶⁸ Málsgrein 751.

⁴²⁶⁹ Málsgrein 768.

⁴²⁷⁰ Málsgrein 743.

⁴²⁷¹ Málsgrein 400.

hann ljósmyndir af bifreiðum sem hann kannaðist ekki við þar sem hann hafi ekki verið á staðnum.⁴²⁷² Á hinn bóginn hafði endurupptökubeiðandi verið tekinn til margítrekaðra viðtala, yfirheyrslna og vettvangsferða á tímabilinu án þess að um þær hafi verið bókað.

2577. Framangreindum skerðingum á aðbúnaði endurupptökubeiðanda í Síðumúlafangelsi var ekki aflétt að fullu fyrr en langt var liðið á haustið 1976.⁴²⁷³ Alger viðsnúningur varð í framburði endurupptökubeiðanda 27. október 1976 en þann dag var hann fluttur um hádegisbilið niður í sakadóm Reykjavíkur til yfirheyrslu hjá Karli Schütz.⁴²⁷⁴ Var komið til baka með endurupptökubeiðanda í fangelsið klukkan 18:00 og hann þá færður strax til yfirheyrslu. Engin rannsóknargögn liggja fyrir um yfirheyrslu í sakadómi þennan dag, eingöngu skýrsla um yfirheyrslu yfir honum milli klukkan 18:00 og 22:00. Í skýrslunni kom fram að endurupptökubeiðandi hafi lýst því yfir að hann vildi nú skýra sjálfstætt frá vitneskju sinni um hvarf Geirfinns. Greindi hann ítarlega frá atvikum allt frá því dómfelldi Kristján Viðar hafi hringt til hans og spurt hvort hann væri til í að taka þátt í áfengissmygli í Keflavík þar til hann hafi verið vitni að átökum í Dráttarbrautinni í Keflavík milli dómfella Kristjáns Viðars, Geirfinns, ökumannsins og óþekkts fjórða manns. Lýsti endurupptökubeiðandi allri aðkomu sinni sem sjónarvottur. Kvaðst hann hafa séð Geirfynn liggja hreyfingarlausan á jörðinni að átökunum loknum. Síðan hafi hann séð hvar tveir menn hafi sett Geirfynn aftur í sendiferðabifreið sem hafi verið á staðnum. Þá hafi tveir plastbrúsar af áfengi verið settir í fólksbifreiðina. Greindi endurupptökubeiðandi frá því að hann, dómfelldi Kristján Viðar og ökumaðurinn hafi ekið um og leitað að dómfelldu Erlu án árangurs. Bókað var eftir endurupptökubeiðanda að Geirfynnur og dómfelldi Kristján Viðar hafi gert með sér samkomulag í Klúbbnum 17. nóvember 1974 í tengslum við áfengissmyglið og við það tilefni hafi Geirfynnur gefið upp símanúmerið sitt. Í lok skýrslunnar var bókað að endurupptökubeiðanda væri ljóst að skýrslutakan hafi staðið yfir lengur en sex klukkustundir. Tekið var fram að endurupptökubeiðandi hafi verið til yfirheyrslu í sakadómi Reykjavíkur milli klukkan 13:00 og 18:00, en þá hafi hann verið fluttur í Síðumúlafangelsið til þessarar skýrslutöku sem hafi lokið klukkan 22:00. Bókað var að endurupptökubeiðandi hafi gefið samþykki sitt til þess að haldið yrði áfram.⁴²⁷⁵ Þess ber að geta að réttargæslumaður endurupptökubeiðanda var í það minnsta ekki viðstaddur seinni yfirheyrsluna, en líkt og fram hefur komið liggja ekki fyrir rannsóknargögn um yfirheyrslu yfir endurupptökubeiðanda fyrr um daginn. Endurupptökubeiðandi var aftur tekinn til yfirheyrslu milli klukkan 23:40 og 01:34 að viðstöddum Karli Schütz, túlki og rannsóknarlögreglumanni, en engin rannsóknargögn liggja fyrir um þá yfirheyrslu.⁴²⁷⁶
2578. Daginn eftir, 28. október 1976, var endurupptökubeiðandi enn yfirheyrður vegna málsins. Gaf hann ítarlegan framburð um fyrirhuguð spíraviðskipti Geirfinns og dómfella Guðjóns. Lýsti hann því hvar dómfelldi Guðjón hafi sótt hann og dómfelldu

⁴²⁷² Málsgrein 581.

⁴²⁷³ Málsgrein 2313.

⁴²⁷⁴ Málsgrein 765.

⁴²⁷⁵ Málsgrein 766.

⁴²⁷⁶ Málsgrein 767.

Erlu á brúnni Citroen bifreið. Stöðvað hafi verið við Vatnsstíg þar sem dómfelldi Kristján Viðar hafi verið sóttur. Lýsti endurupptökubeiðandi ökuleiðinni til Keflavíkur með nákvæmum hætti. Hann og dómfelldi Guðjón hafi rætt um það á leiðinni að sýna þyrfti Geirfinni fulla hörku ef hann yrði ekki eins og maður. Dómfelldi Guðjón hafi greint honum frá því að smyglið yrði sótt á báti. Kvaðst endurupptökubeiðandi hafa séð þegar dómfelldi Guðjón hafi skrifað nafn Geirfinns og símanúmer hans á miða og tölurnar 31 hafi komið þar fyrir. Þegar komið hafi verið í Dráttarbrautina hafi verið þar fyrir sendiferðabifreið. Í yfirheyrslunni greindi endurupptökubeiðandi orðrétt frá samtölum milli manna í Dráttarbrautinni. Þá lýsti hann því nákvæmlega hvar hver og einn hafi staðið í Dráttarbrautinni og afstöðu hvers og eins. Í framhaldinu gaf hann nákvæma lýsingu á átökum sínum, dómfelldu Kristjáns Viðars og Guðjóns og óþekktis þybbins manns við Geirfinn og greindi hann ítarlega frá hlut hvers og eins í slagsmálunum. Þegar ljóst var að Geirfinnur var meðvitundarlaus hafi dómfelldi Kristján Viðar og þybbni maðurinn sett hann inn í sendiferðabifreiðina. Dómfelldi Kristján hafi tilkynnt að ákveðið hafi verið að fara heim til hans að Grettisgötu 82 og sendiferðabifreiðin myndi koma þangað. Þegar þangað hafi verið komið hafi dómfelldi og þybbni maðurinn borið fimm spírabrúsa og lík Geirfinns inn í geymsluna í kjallara hússins. Líkið hafi verið vafið inn í gólfteppi svo aðeins höfuðið hafi staðið upp úr. Greindi endurupptökubeiðandi frá öllum þeim greftrunarstöðum sem rætt hafi verið um að flytja líkið á. Að endingu hafi orðið ofan á að flytja líkið austur í Grafning og lýsti endurupptökubeiðandi leiðinni þangað og staðnum þar sem líkið hafi verið dysjað. Fimmtudaginn 21. nóvember 1974 hafi dómfelldi Kristján Viðar og þybbni maðurinn sett lík Geirfinns í svarta plastpoka og bundið fyrir með hvítu nælonbandi. Líkið hafi síðan verið flutt í Grafning tveimur dögum síðar. Bókað var að endurupptökubeiðandi hafi sagst ekki hafa séð ökumann sendiferðabifreiðarinnar og því gæti hann ekki fullyrt hver hafi ekið henni. Í lok yfirheyrslunnar var bókað að endurupptökubeiðanda hafi verið kynnt að yfirheyrslan hafi verið lengur en sex klukkustundir, en hann hafi gefið leyfi sitt til þess að halda áfram. Í blálokin gerði endurupptökubeiðandi breytingu á framburði sínum og greindi frá því að farið hafi verið á Land Rover bifreið hans til Keflavíkur og dómfelldi Guðjón hafi ekið.⁴²⁷⁷ Í framhaldinu voru farnar leitarferðir austur í Grafning en þær báru engan árangur.⁴²⁷⁸

2579. Tveimur dögum síðar, 30. október 1976, var dómfellda Erla til yfirheyrslu þar sem hún skýrði svo frá að hún hafi ekki tekið þátt í ferðinni til Keflavíkur 19. nóvember 1974. Kvaðst hún geta sannað það þar sem hún hafi verið stödd heima hjá [K]-fjölskyldunni umrætt kvöld ásamt endurupptökubeiðanda. Bókað var í skýrslu um yfirheyrsluna að Karl Schütz hafi þá bent henni á fyrri framburð hennar og þá hafi hún loks viðurkennt aftur að hafa verið með í ferðinni ásamt endurupptökubeiðanda, dómfellda Kristjáni Viðari og óþekktum manni. Ítrekað aðspurð hver fjórði maðurinn væri nefndi hún fyrst stjúpföður endurupptökubeiðanda en nefndi síðar dómfellda Guðjón. Loks sagði hún að hvorugur þeirra hafi verið með í för. Lýsti hún því yfir grátandi að hún væri hrædd við viðkomandi. Orðrétt var bókað eftir dómfelldu Erlu:

⁴²⁷⁷ Málsgrein 769.

⁴²⁷⁸ Málsgreinar 774–775.

„Ef ég segi ekkert meira, hvenær verður þá rannsókn lokið? Allt er þetta spursmál um eitt orð.“ Fram kom í skýrslunni að Erlu hafi verið sagt að rannsóknin væri í fullum gangi og að betra væri fyrir hana að segja sannleikann. Gaf dómfellda Erla lýsingar á útliti mannsins og kvaðst fús til að skrifa niður frekari upplýsingar og ef til vill nafn umrædds manns.⁴²⁷⁹ Var dómfellda aftur til yfirheyrslu 2. nóvember 1976 og gat hún þá ekki munað hver fjórði maðurinn í bifreiðinni til Keflavíkur hafi verið. Greindi hún frá því að endurupptökubeiðandi hafi notast við barefli í átökum við Geirfinn en dómfelldi Kristján Viðar og fjórði maðurinn hafi notast við hnefana.⁴²⁸⁰

2580. Dómfelldi Kristján Viðar var yfirheyrður vegna málsins 1. nóvember 1976, en þá voru borin undir hann ýmis atriði sem fram höfðu komið í skýrslum endurupptökubeiðanda frá 27. og 28. október 1976 og skýrslu dómfelldu Erlu frá 22. október 1976.⁴²⁸¹ Ekkert liggur fyrir um að dómfellda Kristjáni Viðari hafi verið kunnugt um að endurupptökubeiðandi hafi fram til þess tíma neitað allri aðild og dómfellda Erla slegið úr og í eins og að framan er rakið. Tveimur dögum síðar skýrði hann frá því að þeir hafi hitt dómfellda Guðjón í Dráttarbrautinni sem hafi spurt hann og endurupptökubeiðanda hvort þeir hefðu verið til sjós. Greindi dómfelldi Kristján Viðar frá því að átök hafi brotist út milli endurupptökubeiðanda og Geirfinns um borð í bát, en endurupptökubeiðandi hafi beitt löngum planka. Hann hafi blandað sér í átökin en gæti ekki gert sér grein fyrir hvort hann hafi slegið til Geirfinns eða ekki, en Geirfinnur hafi legið á jörðinni eftir átökin. Orðrétt var bókað eftir dómfellda Kristjáni Viðari: „Varðandi það, hvort lík Geirfinns hafi verið geymt í vaskahúsi heima hjá mér, að Grettisgötu 82, þá tel ég það vera, þar sem Sævar sýndi mér þar, fáeinum dögum síðar, stóran böggul í svörtum plastumbúðum og sagði hann, að þetta væri lík Geirfinns. Sævar sagði, að flytja ætti líkið, en ég sagðist ekki vilja koma nálægt þessu. Ég veit, að þá beið bifreið eftir Sævari á Grettisgötunni, gegnt húsinu, og fékk Sævar þaðan hjálp til að flytja líkið út úr húsinu. Ekki veit ég hver eða hverjir voru í bifreiðinni, en mér finnst þetta hafi verið blá og hvít sendibifreið. Ég veit ekki hvað varð um lík Geirfinns, eftir þetta.“⁴²⁸²
2581. Endurupptökubeiðandi bætti enn í framburð sinn 4. nóvember 1976 í yfirheyrslu hjá Karli Schütz. Greindi hann frá því að Sigurbjörn Eiríksson hafi verið í Keflavík í umrætt sinn. Sagði hann dómfellda Guðjón hafa ekið Citroen bifreið suður til Keflavíkur. Bókað var í samantektarskýrslu um yfirheyrsluna að endurupptökubeiðandi hafi kvartað yfir því að honum væri ekki trúnað. Lýsti hann því yfir að allt það sem hann hefði borið um í „löngu skýrslunni“ sem hann hafi gefið síðast væri sannleikur og hann hefði ekki meira um málið að segja. Var endurupptökubeiðandi þá bent á að hann yrði að benda á eitthvað áþreifanlegt svo unnt væri að leggja trúnað á framburð hans. Bar hann um að Geirfinnur hafi verið grafinn í Grafningnum en hann væri ekki viss hvar.⁴²⁸³ Aðfaranótt næsta dags var dómfelldi Kristján Viðar

⁴²⁷⁹ Málsgrein 776.

⁴²⁸⁰ Málsgrein 789.

⁴²⁸¹ Málsgrein 781.

⁴²⁸² Málsgrein 793.

⁴²⁸³ Málsgrein 798.

yfirheyrður að eigin ósk og bar um að hafa rætt spíraviðskipti við Geirfynn, að beiðni endurupptökubeiðanda, í Klúbbnum 17. nóvember 1974.⁴²⁸⁴

2582. Í athugasemdaskýrslu ritaðri af Karli Schütz 4. nóvember 1976 var bókað eftir dómfelldu Erlu að hún þyrfti að setta sig við þrjá mánuði til viðbótar í gæsluvarðhaldi vegna þess að rannsakendur væru ekki ánægðir með framburð hennar. Óskaði hún eftir því að fá að biðja Magnús Leópolðsson og Einar Bollason afsökunar. Var henni þá bent á að segja sannleikann, en þannig myndi hún hjálpa þeim mest.⁴²⁸⁵
2583. Daginn eftir, 5. nóvember 1976, ritaði Karl Schütz athugasemdaskýrslu um að grunur hafi fallið á dómfellda Guðjón um að hafa tekið þátt í átökum við Geirfynn í Dráttarbrautinni í Keflavík. Þá hefði hann falið lík Geirfinns í Grafningi eða Þingvallavatni. Fram kom að afla þyrfti tiltekinna gagna áður en hann yrði handtekinn vegna málsins.⁴²⁸⁶ Fyrir liggur að í framhaldinu unnu rannsakendur markvisst að gagna- og upplýsingaöflun um dómfellda Guðjón.⁴²⁸⁷ Daginn eftir óskaði endurupptökubeiðandi eftir að koma að frekari upplýsingum og vísaði rannsakendum á upplýsingar um spíraflutningabát í Keflavík auk þess sem hann greindi frá ýmsu varðandi dómfellda Guðjón, svo sem hegningarlagabroti og misferli í starfi. Bókað var í skýrsluna að endurupptökubeiðandi hafi kvartað undan því að einangrunarvistin í Síðumúlafangelsi færi illa með hann. Bar endurupptökubeiðandi um að megnið af skýrslu sinni frá 28. október 1976 væri rétt, dómfelldi Guðjón hafi ekið suður eftir og eins væri það rétt sem hann hafi borið um atvik í Keflavík. Í framhaldinu greindi hann nánar frá atvikum málsins allt frá 17. nóvember 1974. Þau hafi ekið til Keflavíkur á Land Rover bifreið og dómfelldi Guðjón hafi stýrt. Lík Geirfinns hafi verið sett inn í bifreiðina og flutt til Reykjavíkur. Greindi hann frá því að Geirfynnur hafi verið fluttur suður í hraun en ekki í Grafning eða Þingvallavatn. Lýsti endurupptökubeiðandi því ítarlega hvert hann og dómfelldu Kristján Viðar og Guðjón hafi ekið með líkið og hvar þeir hafi sett hann ofan í djúpa kvos og sett mikið grjót yfir hann.⁴²⁸⁸ Fyrir liggur að endurupptökubeiðandi fékk að hitta dóttur sína í fyrsta skipti í klukkustund 8. nóvember 1976, í viðurvist tveggja rannsóknarlögreglumanna. Í kjölfarið var endurupptökubeiðandi tekinn til viðtals í rúma hálfu klukkustund en rannsóknargögn liggja ekki fyrir. Þá óskaði endurupptökubeiðandi eftir viðtali við Schütz um kvöldið og greindi honum þá frá því að lík Geirfinns væri grafið á Álftanesi. Lýsti hann því yfir að hann gæti örugglega vísað lögreglunni á líkið og teiknaði uppdrátt af staðnum.⁴²⁸⁹ Daginn eftir var farið með endurupptökubeiðanda á vettvang til leitar en hún bar engan árangur.⁴²⁹⁰
2584. Sama dag, 9. nóvember 1976, gaf dómfelldi Kristján Viðar ítarlegan framburð um atburðina dagana fyrir og eftir atvikin í Dráttarbrautinni 19. nóvember 1974. Greindi hann frá því að dómfelldi Guðjón hafi ekið sendiferðabifreiðinni til Keflavíkur í

⁴²⁸⁴ Málsgrein 799.

⁴²⁸⁵ Málsgrein 800.

⁴²⁸⁶ Málsgrein 805.

⁴²⁸⁷ Málsgreinar 811, 812 og 816.

⁴²⁸⁸ Málsgrein 808.

⁴²⁸⁹ Málsgrein 810.

⁴²⁹⁰ Málsgrein 812.

umrætt sinn, en ekki fólksbifreiðinni. Sagðist hann næstum fullviss um að Sigurbjörn Eiríksson hafi verið í Dráttarbrautinni umrætt kvöld. Lýsti hann átökum við Geirfinn í Dráttarbrautinni sem hann, Sigurbjörn Eiríksson og dómfelldu Kristján Viðar og Guðjón hafi allir tekið þátt í.⁴²⁹¹ Daginn eftir bætti dómfelldi Kristján Viðar enn við framburð sinn í málinu og greindi frá atburðum eftir átökin í Dráttarbrautinni. Sagði hann að sendiferðabifreiðin hafi verið af gerðinni Chevrolet en fólksbifreiðin sem þau hafi komið í hafi verið rauð á litinn en hann myndi ekki tegundina. Honum hafi verið skipað að fara úr fólksbifreiðinni þegar komið hafi verið að Laugarásvegi í Reykjavík og hann beðinn um að fara inn í sendiferðabifreiðina. Lýsti dómfelldi því hvað þar bar fyrir sjónir. Geirfinnur hafi legið á gólfinu, látinn eða meðvitundarlaus, og þrekinn maður með skammbyssu hafi verið staddur inni í sendibifreiðinni og sagst ætla að skjóta Geirfinn. Dómfelldi Kristján Viðar hafi þá farið út úr bifreiðinni en komið inn í hana aftur eftir stutta stund og þá fundið púðurlykt. Fannst dómfellda líkt og Geirfinnur hafi verið skotinn, en þrekni maðurinn hafi neitað því aðspurður að hafa hleypt af byssunni. Því næst hafi Geirfinnur verið fluttur inn í geymslu í kjallara hússins að Grettisgötu 82. Minnti dómfellda að svart plast hafi verið sett utan um líkið. Auk þess hafi nokkrir bláir plastbrúsar með spíra verið settir inn í vaskahús. Dómfelldi, endurupptökubeiðandi og dómfelldi Guðjón, þrekni maðurinn og ökumaður fólksbifreiðarinnar hafi ákveðið að geyma líkið í geymslunni þar til annað yrði ákveðið. Lík Geirfinns hafi verið flutt úr geymslunni yfir í vaskahúsið fjórum dögum síðar, 23. nóvember 1974. Sagði dómfelldi Kristján Viðar það síðustu afskipti sín af líkinu og hann vissi ekki hvað hafi orðið um það síðar. Taldi dómfelldi ástæðu þess að endurupptökubeiðandi vildi ekki að lík Geirfinns myndi finnast vera þá að á líkinu kynni að vera skotáverki.⁴²⁹²

2585. Sama dag, 10. nóvember 1976, var vitnið [VK] kvikmyndagerðarmaður yfirheyrður hjá lögreglu í þeim tilgangi að tímasetja sem nákvæmast hvenær hann hafi hitt endurupptökubeiðanda að Kjarvalsstöðum í nóvember 1974 og hvenær endurupptökubeiðandi hafi komið heim til hans að kvöldi til. Bar [VK] um að vera alveg viss um að hafa hitt endurupptökubeiðanda að kvöldi 19. nóvember 1974 þegar kvikmynd eftir hann og föður hans hafi verið sýnd að Kjarvalsstöðum. Þeir hafi rætt saman milli klukkan 20:40 og 21:00 í umrætt sinn. Mundi hann ekki hvað þeir ræddu, en fannst sem endurupptökubeiðandi hafi haft orð á því að hann væri á leiðinni eða væri að fara til Keflavíkur. Treysti hann sér þó engan veginn til þess að staðfesta þetta atriði. Greindi hann frá tíðum samskiptum sínum og endurupptökubeiðanda í október til og með desember 1974, en endurupptökubeiðandi hafi verið með tæki til kvikmyndagerðar í láni hjá honum. Taldi hann það hafa verið 22. nóvember 1974 sem endurupptökubeiðandi og dómfellda Erla hafi komið seint að kvöldi í heimsókn til sín. Umrætt kvöld hafi verið síðasta sýning á kvikmynd hans að Kjarvalsstöðum samkvæmt dagbókinni hans og tengdi hann tímasetninguna við það. Vildi hann þó ekki útiloka að þau hafi komið til hans að kvöldi 19. nóvember 1974.⁴²⁹³

⁴²⁹¹ Málsgrein 812.

⁴²⁹² Málsgrein 815.

⁴²⁹³ Málsgrein 817.

2586. Greint var frá því að framan í kafla VII.5.2.d.5 að fangaverðir höfðu sig ítrekað frammi varðandi upplýsingaöflun frá dómfelldu. Bókað var í dagbók Síðumúlafangelsisins 11. nóvember 1976 að Karl Schütz hafi eindregið óskað þess að fangaverðir ræddu ekki við endurupptökubeiðanda um sakamálin að forstöðumanni Síðumúlafangelsisins einum undanteknum. Var þess getið að beiðnin væri sett fram þar sem Karli Schütz þætti nóg komið af lyginni aftur á bak og áfram.⁴²⁹⁴
2587. Að morgni 12. nóvember 1976 var dómfelldi Guðjón handtekinn vegna gruns um hegningarlagabrot og færður í Síðumúlafangelsið. Var húsleit framkvæmd á heimili hans og haldlögð minnisbók þar sem rituð höfðu verið á tvær blaðsíður ýmis atriði tengd fréttum af Geirfinnsmálinu og atburðum þar í kring.⁴²⁹⁵ Var dómfelldi Guðjón færður strax til yfirheyrslu þar sem honum var kynnt að hann lægi undir grun vegna hvarfs Geirfinns. Af skýrslum um yfirheyrsluna má ráða að dómfelldi Guðjón hafi verið spurður efnismikilla og leiðandi spurninga um aðkomu hans að málinu byggðum á framburðum endurupptökubeiðanda og dómfelldu.⁴²⁹⁶ Kvaðst dómfelldi Guðjón enga vitneskju hafa um hvarfið umfram það sem hann hafi lesið í dagblöðum. Hann þekkti endurupptökubeiðanda og dómfelldu Erlu en ekki dómfellda Kristján Viðar. Neitaði hann alfarið allri aðkomu eða vitneskju um málið og sagði framburð um annað vera lygi. Benti hann á að það hafi áður gerst í málinu að rangar sakir hafi verið bornar á menn. Taldi hann líklegt að hann hafi verið bendlaður við málið af því að útlendingur hafi átt að vera með, en hann liti útlendingslega út.⁴²⁹⁷ Kvaðst hann ekki eiga gott með að færa sönnur á fjarvist sína, en taldi sig hafa verið að vinna í íbúð á umræddum tíma sem hann hafði keypt í nóvember 1974. Greindi hann svo frá að þegar hann hafi verið yfirheyrður sem vitni í maí 1976 hafi honum verið ljóst að farið hafi verið að bendla hann við málið. Af þeim sökum hafi hann reynt að finna út hvar hann hafi verið staddur umrætt kvöld. Kvaðst dómfelldi Guðjón hafa farið á Landsbókasafnið og skoðað blöð frá þessum tíma til upprifjunar og ritað hjá sér helstu atriði varðandi málið og um atburði sem hafi gerst á þessum tíma. Loks skýrði hann frá því að endurupptökubeiðandi hafi komið heim til hans í nóvember 1974 á Land Rover bifreið sem hann og dómfellda Erla hafi þá nýverið fest kaup á. Þau hafi boðið honum að prufuaka bifreiðinni. Hann hafi síðan ekki heyrt í þeim aftur fyrir en endurupptökubeiðandi hafi hringt til hans frá Kaupmannahöfn síðar um veturinn.⁴²⁹⁸ Síðar sama dag var dómfelldi Guðjón aftur til yfirheyrslu vegna málsins og ítrekaði hann þá sakleysi sitt og áréttaði það sem hann hafði áður sagt. Greindi hann frá samskiptum sínum við endurupptökubeiðanda, veiðiferð þeirra um sumarið 1974 og ferðum að Gljúfurárholti það ár og árið 1975.⁴²⁹⁹
2588. Skömmu fyrir miðnætti sama dag var dómfelldi Guðjón færður fyrir sakadóm Reykjavíkur þar sem hann greindi enn ítarlegar frá tengslum sínum við endurupptökubeiðanda. Var hann í kjölfarið úrskurðaður í 20 daga gæsluvarðhald. Í

⁴²⁹⁴ Málsgrein 818.

⁴²⁹⁵ Málsgrein 819.

⁴²⁹⁶ Málsgreinar 820–821.

⁴²⁹⁷ Málsgreinar 820–821.

⁴²⁹⁸ Málsgrein 820.

⁴²⁹⁹ Málsgrein 822.

úrskurðinum kom fram að verulegs ósamræmis gætti í framburði endurupptökubeiðanda og dómfelldu Erlu og Kristjáns Viðars um ætlaðan þátt dómfellda Guðjóns í hvarfi Geirfinns. Þá hafi framburðir þeirra um önnur atriði Geirfinnsmálsins verið tor tryggilegir og á reiki. Á hinn bóginn væru sakargiftirnar á hendur dómfellda Guðjóni mjög alvarlegar og samband hans við endurupptökubeiðanda þess eðlis að tilefni gæfi til ítarlegrar rannsóknar.⁴³⁰⁰ Var dómfelldi Guðjón færður aftur til yfirheyrslu daginn eftir, 13. nóvember 1976, þar sem hann neitaði enn allri aðkomu og vitneskju um hvarf Geirfinns.⁴³⁰¹ Kom skipaður réttargæslumaður hans tvívegis til viðtals við hann þann dag í áheyrn fulltrúa yfirsakadómara og forstöðumanns Síðumúlafangelsisins. Því var lýst yfir að gæsluvarðhaldsúrskurðurinn yrði kærður til Hæstaréttar.⁴³⁰²

2589. Endurupptökubeiðandi var yfirheyrður 15. nóvember 1976 um tengsl sín við dómfellda Guðjón. Greindi hann þar aðspurður frá samskiptum sínum við dómfellda Guðjón daginn sem hann hafi verið handtekinn, 12. desember 1975. Sagðist endurupptökubeiðandi hafa hringt í dómfellda Guðjón þegar lögreglan hafi komið á heimili hans til að handtaka hann. Hafi dómfelldi Guðjón þá sagt honum að þegja um það sem hann vissi og kvaðst endurupptökubeiðandi viss um að hann hafi í lok símtalsins sagt: „Gefðu ekki neitt upp sem þú veist um Geirfinnsmálið.“⁴³⁰³ Var dómfelldi Guðjón yfirheyrður í framhaldinu og framburður endurupptökubeiðanda borinn undir hann. Lýsti hann því yfir að endurupptökubeiðandi væri að ljúga því ef hann héldi þessu fram. Greindi dómfelldi Guðjón frá því að dómfellda Erla hafi komið heim til hans eftir að hún hafi verið búin að segja lögreglunni frá Geirfinnsmálinu síðastliðinn vetur. Dómfellda hafi sagt honum og konu hans frá öllu sem hún hafi þá verið búin að segja lögreglunni. Haft var orðrétt eftir dómfellda Guðjóni: „Þetta er allt uppspuni, lygi.“ „Þegar Erla kom til mín í janúar 1976, spurði ég hana auðvitað, hvað gerst hafi í Geirfinnsmálinu. Allir hafa áhuga á því.“⁴³⁰⁴
2590. Dómfellda Erla var einnig yfirheyrð þennan dag. Kvaðst hún muna eftir því að hafa bakkað Land Rover bifreið inn í húsasund við Grettisgötu 82. Endurupptökubeiðandi og dómfelldu Kristján Viðar og Guðjón hafi komið út úr kjallara hússins með tvo poka, einhvers konar hveitipoka og sett þá inn í bifreiðina. Þá hafi hún ekið af stað með þá í bifreiðinni út á Álftanes þar sem pokarnir hafi verið grafnir ofan í hraunsprungu. Sagði hún þau hafa farið í þessa ferð skömmu eftir Keflavíkurförðina. Greindi dómfellda Erla frá samskiptum sínum og endurupptökubeiðanda við dómfellda Guðjón. Þá skýrði hún frá heimsókn sinni á heimili dómfellda Guðjóns og konu hans í janúarmánuði 1976 en þá hafi hún sagt dómfellda frá Guðmundarmálinu. Hún hafi heimsótt hann aftur í febrúar og sagt honum þá frá Geirfinnsmálinu.

⁴³⁰⁰ Málsgrein 824.

⁴³⁰¹ Málsgrein 830.

⁴³⁰² Málsgrein 831.

⁴³⁰³ Málsgrein 834.

⁴³⁰⁴ Málsgrein 836.

Dómfelldi Guðjón hafi spurt mjög um það hverjir hafi verið í Keflavík í umrætt sinn og virtist henni sem hann hafi haft mikinn áhuga á því atriði.⁴³⁰⁵

2591. Endurupptökubeiðandi og dómfelldi Guðjón voru enn til yfirheyrslu vegna rannsóknar málsins 16. og 17. nóvember 1976.⁴³⁰⁶ Á sama tíma hóf dómfelldi Guðjón að halda dagbók í gæsluvarðhaldsvistinni. Fremst í fyrstu færsluna ritaði hann um að hafa byrjað að halda dagbókina þar sem hann væri grunaður um að vera að leyna vitneskju um hvarf Geirfinns Einarssonar.⁴³⁰⁷ Ritaði hann í dagbókina 17. nóvember 1976 um að geta ekki munað nein tengsl milli hans og Geirfinnsmálsins.⁴³⁰⁸
2592. Daginn eftir var dómfelldi Guðjón enn á ný færður til yfirheyrslu vegna málsins þar sem framburður dómfelldu um aðkomu hans að málinu var borinn undir hann. Í samantektarskýrslu var bókað orðrétt: „Guðjón segir að þarna sé um algjöran hugarburð hjá þessu fólki að ræða. Hann tekur það fram að hann hafi sérstaklega gott minni.“⁴³⁰⁹ Ritaði hann í dagbók sína sama dag um að hafa fengið örvæntingarkast um nóttina. Honum fyndist hann stundum vera sekur en hann gæti ekki munað hvað hafi gerst.⁴³¹⁰ Á þessum tímapunkti hafði dómfelldi Guðjón sætt einangrunarvist í Síðumúlafangelsinu í sex daga og beindust að honum sakir um alvarlegt brot byggðar á ítarlegum framburðum þeirra þriggja, endurupptökubeiðanda og dómfelldu Erlu og Kristjáns Viðars. Bókað var í dagbók Síðumúlafangelsisins að rannsóknarlögreglu- maður og sýslumaður hafi tekið dómfellda Guðjón til viðtals í Síðumúlafangelsinu 19. nóvember 1976.⁴³¹¹ Engin rannsóknargögn liggja fyrir um viðtalið en dómfelldi Guðjón tjáði sig um samtalið í viðtali við starfshóp innanríkisráðherra um Guðmundar- og Geirfinnsmál. Greindi dómfelldi Guðjón frá því í viðtalinu að samtalið hafi haft mikil áhrif á hann en viðkomandi sýslumaður hafi verið í nánnum fjölskyldutengslum við hann. Sýslumaðurinn hafi tekið hann alvarlega tali um Geirfinnsmálið og sagt það höfuðnaðsyn fyrir þjóð og þing að málið upplýstist.⁴³¹² Sama dag gaf dómfelldi Guðjón skýrslu fyrir dómi þar sem hann skýrði ítarlega frá öllu því sem dómfellda Erla hafi greint honum frá um Geirfinnsmálið.⁴³¹³
2593. Fyrir liggur skýrsla um yfirheyrslu yfir dómfelldu Erlu þennan sama dag, 19. nóvember 1976, þar sem hún greindi ítarlega frá samskiptum sínum og endurupptökubeiðanda við dómfellda Guðjón. Í lok skýrslunnar var haft eftir henni orðrétt: „Ég er nú alveg fullkomlega viss um það að Guðjón var með í ferðinni til Keflavíkur svo og ferðinni með líkið út á Álftanes.“⁴³¹⁴
2594. Dómfelldi Guðjón ritaði færslu í dagbók sína 22. nóvember 1976 um hræðslu og slæma andlega líðan og tók sterkt til orða í þeim efnum. Hann hafi lifað í þeirri trú í

⁴³⁰⁵ Málsgrein 839.

⁴³⁰⁶ Málsgreinar 845, 846, 852 og 853.

⁴³⁰⁷ Málsgrein 850.

⁴³⁰⁸ Málsgrein 857.

⁴³⁰⁹ Málsgrein 858.

⁴³¹⁰ Málsgrein 864.

⁴³¹¹ Málsgrein 866.

⁴³¹² Málsgrein 2330.

⁴³¹³ Málsgrein 866.

⁴³¹⁴ Málsgrein 869.

tvö ár að hann vissi ekkert um málið, nú ætti hann heldur betur að vera viðriðinn það, en fæst af því væri komið í ljós enn.⁴³¹⁵ Lýsir dagbókarfærslan mikilli örvæntingu dómfellða. Í bréfi til eiginkonu sinnar sama dag ritaði hann orðrétt: „Ég lifi í þeirri von að ég sé saklaus og enn hef ég ekki getað rifjað upp neitt.“⁴³¹⁶ Daginn eftir var dómfelldi Guðjón ítarlega yfirheyrður í tengslum við málið en fyrir liggur skýrsla þar sem bókað var orðrétt um spurningar sem beint var að honum og svör dómfellða Guðjóns við þeim. Ýjað var að því að færslur hans í minnisbók þeirri sem haldlögð var á heimili hans væru til marks um tilraunir hans til að útbúa fjarvistarsönnun á umræddum tíma. Hélt dómfelldi fast við fyrri framburð sinn um að hafa enga vitneskju um hvarf Geirfinns. Lýsti hann framburði um annað sem bölvaðri vitleysu.⁴³¹⁷ Ritaði dómfelldi Guðjón í dagbók sína í kjölfarið um að hann hafi verið ákaft hvattur til að gefa játningu sem hann gæti ekki gert því hann myndi enn ekkert til að segja. Þá skynjaði hann óþolinmæði þeirra sem færu með rannsókn málsins til þess að ljúka henni.⁴³¹⁸ Daginn eftir, 23. nóvember 1976, ritaði hann orðrétt á sama stað: „Ef ég bara vissi hvort ég hefði tekið þátt í þessu eða ekki.“⁴³¹⁹ Næstu daga virðist dómfelldi ekki hafa verið yfirheyrður en hann bókaði daglega um slæma líðan sína og örvæntingafullar hugleiðingar tengdar þeim ásökunum sem bornar voru á hann.⁴³²⁰

2595. Fyrir liggur níu blaðsíðna greinargerð dómfellða Guðjóns sem hann ritaði að beiðni rannsakenda um samskipti sín við endurupptökubeiðanda. Greinargerðin er ódagsett en líklega rituð 24. nóvember 1976. Í greinargerðinni rakti hann atburði 19. nóvember 1974. Ritaði dómfelldi Guðjón um ferð til Keflavíkur á ljósblárrí Volkswagen bifreið. Tók hann fram að hann myndi atburðarásina mjög óljóst. Þá myndi hann ekki eftir orðaskiptum í bifreiðinni en ritaði um að endurupptökubeiðandi hafi talað um að sýna þyrfti manni, sem ætti að ná tali af í Keflavík, fulla hörku og komast að góðum skilmálum. Við komuna til Keflavíkur hafi annaðhvort verið hlé í bíó eða sýningu að ljúka því endurupptökubeiðandi hafi sagt þeim að beygja sig. Þá hafi hann ekið áleiðis að Pípugerð og Áhaldahúsi en þar hafi allir farið úr bifreiðinni nema hann. Endurupptökubeiðandi hafi komið aftur eftir að eitthvað hafi farið úrskeiðis. Ekið hafi verið um til að komast í síma og einhver úr aftursætinu hafi farið að hringja og sagt manninn koma. Síðan hafi verið ekið aftur í Dráttarbrautina. Í framhaldinu ritaði dómfelldi Guðjón ýmiss konar spurningar um málsatvik sem hann hefði ekki svör við. Velti hann því fyrir sér hvort hann hefði verið sleginn í rot því hann hefði engin svör. Í framhaldinu ritaði hann um vangaveltur sínar í tengslum við málið út frá atriðum sem höfðu komið fram í framburðum dómfellðu. Í lok greinargerðarinnar ritaði dómfelldi um að geta ekki komið því fyrir sig hvar líkið hafi verið grafið.⁴³²¹ Fyrir liggur að

⁴³¹⁵ Málsgrein 883.

⁴³¹⁶ Málsgrein 884.

⁴³¹⁷ Málsgrein 886.

⁴³¹⁸ Málsgrein 887.

⁴³¹⁹ Málsgrein 890.

⁴³²⁰ Málsgreinar 890 og 896.

⁴³²¹ Málsgrein 897.

daginn eftir, 25. nóvember 1976, óskaði dómfelldi Guðjón eftir því að ekið yrði með hann til Keflavíkur ef það mætti verða til þess að eitthvað rifjaðist upp fyrir honum.⁴³²²

2596. Á þessum tímapunkti, 24. nóvember 1976, hafði dómfelldi Guðjón sætt einangrunarvist í Síðumúlafangelsinu í tólf daga. Af framanrituðu er ljóst að þá var dómfelldi Guðjón farinn að taka að hluta til undir framburði annarra dómfelldu um málsatvik en setti þann fyrirvara við framburð sinn að hann myndi atburðarásina mjög óljóst. Af greinargerðinni að dæma hvíldi það þungt á dómfellda Guðjóni að muna ekki betur atburði. Athygli vekur þó að dómfelldi ritaði færslu í dagbók sína sama dag um að rannsóknarlögreglumaður hafi sagt honum að venjast þeirri tilhugsun að vera jafnvel morðingi. Ritaði hann orðrétt í framhaldinu: „Ef þessir halda að ég ætli að játa sögur S. og Erlu þá er það misskilningur.“⁴³²³ Tveimur dögum síðar, 26. nóvember 1976, kvaðst hann, í viðtali við rannsóknarlögreglumann, ekkert geta rifjað neitt upp um Keflavíkurferð og telja að hann hafi ekki farið þangað.⁴³²⁴ Svo virðist sem dómfelldi Guðjón hafi því ekki snúið framburði sínum við að öllu leyti, en fyrirbyggjandi gögn benda til þess að hann hafi brotnað smám saman niður á þessum dögum og farið að sjá sig sem hluta af atburðarásinni. Daginn eftir ritaði hann í dagbók sína um að verða að koma þessu á hreint hvað sem það kostaði. Biðlaði hann til Guðs um að gefa sér styrk til að viðurkenna sekt sína og ábyrgð.⁴³²⁵ Rannsakendur fóru með dómfellda Guðjón í ökuferð til Keflavíkur 28. nóvember 1976. Fyrst var ekið eftir Vatnsstíg og lýsti dómfelldi Guðjón því yfir að hann myndi ekki eftir neinu. Bar hann um að hafa einu sinni farið til Keflavíkur með Volkswagen bifreið sem hann hafi ekið sjálfur en neitaði því aðspurður hvort hann hafi farið aðra ferð til Keflavíkur. Sagði hann það geta verið að endurupptökubeiðandi hafi verið með og gæti ekki útilokað það að dómfellda Erla hafi einnig verið með í för. Þá kvaðst hann ekki þekkja dómfellda Kristján Viðar og því gæti hann ekki sagt til um hvort hann hafi farið með. Var ekið um Keflavík eftir leiðsögn dómfellda Guðjóns. Á leiðinni til baka í fangelsið hafi verið komið við að Grettisgötu 82. Lýsti dómfelldi Guðjón því yfir að hann hefði aldrei komið inn í það hús.⁴³²⁶ Í kjölfarið ritaði dómfelldi í dagbók sína um að hafa lítið grætt á ökuferðinni til Keflavíkur. Ritaði hann um að vilja upplýsa málið strax og fá langa og þunga refsingu. Hann væri uppgefinn, andlega og líkamlega.⁴³²⁷
2597. Daginn eftir, 29. nóvember 1976, var dómfelldi Guðjón til yfirheyrslu í tengslum við ökuferðina. Kvaðst hann hafa lagt upp í ferð til Keflavíkur á ljósblárri Volkswagen bifreið ásamt þremur farþegum sem hann sagði hafa verið endurupptökubeiðanda og hinir tveir gætu hafa verið dómfelldu Erla og Kristján Viðar. Vissi hann ekki hver hafi verið eigandi bifreiðarinnar og sagði hann það geta verið að bifreiðin hafi verið frá bílaleigu. Lýsti hann því að endurupptökubeiðandi hafi sagt öllum í bifreiðinni að beygja sig niður þegar hann hafi ekið eftir aðalgötunni inn í Keflavík. Þá hafi hann ekki kannast við sig hjá Hafnarbúðinni en orðrétt var bókað eftir honum: „Þó gæti

⁴³²² Málsgrein 898.

⁴³²³ Málsgrein 901.

⁴³²⁴ Málsgrein 902.

⁴³²⁵ Málsgrein 909.

⁴³²⁶ Málsgrein 911.

⁴³²⁷ Málsgrein 914.

verið að ég hafi stöðvað við götuhorn ekki langt frá Hafnarbúðinni og einn maður hafi farið úr bifreiðinni. Ekki man ég til að ég hafi skrifað þarna á neinn miða til að láta manninn hafa.“ Honum hafi verið sagt að stöðva við hús merkt „Pípugerð Áhaldahús“ en hann gæti ekki rifjað upp það sem hafi gerst næst þar sem hann myndi það ekki. Fannst honum sem ekið hafi verið að sjoppu og endurupptökubeiðandi hafi farið inn að hringja. Frekari atburði í Keflavík gat dómfelldi Guðjón ekki rifjað upp. Taldi hann að þeir hafi bara verið tveir í bifreiðinni á leiðinni til Reykjavíkur, hann og endurupptökubeiðandi. Orðrétt var bókað í skýrsluna: „Mig minnir að við höfum verið staddir fyrir ofan Hafnarfjörð er sló kumpánlega í öxlina á mér og sagði við mig eitthvað á þá leið, að ég væri orðinn samsekur um morð. Ég man svo næst eftir mér, er ég hneig niður í stól heima hjá mér, þar sem mér hafði orðið svo mikið um það sem gerst hafði.“ Í lok skýrslunnar kom fram að dómfelldi Guðjón hafi oft heimsótt kunningja í Garðinum og því þekkti hann leiðina í gegnum Keflavík.⁴³²⁸ Ritaði dómfelldi Guðjón færslu í dagbók sína í kjölfarið um að hann vildi óska að hann myndi atburðina betur en rannsóknarlögreglumaðurinn hafi sagt hann skorta kjark.⁴³²⁹ Vert er að geta þess að dómfelldi Guðjón nefndi fyrstur dómfelldu að farið hafi verið til Keflavíkur umrætt kvöld á ljósblárrí Volkswagen bifreið sem mögulega hafi verið frá bílaleigu.

2598. Ber skýrslan um yfirheyrsluna það með sér að dómfelldi Guðjón virðist ekki hafa sterka minningu um atburði í Keflavík í umrætt sinn. Bókaðar voru eftir honum skýringar á atburðum sem að hans mati voru rökréttar og hafði uppi getgátur um hvað kynni að hafa gerst. Þá virðist hann hafa tekið undir ýmislegt sem hann var spurður um meðal annars út frá framburðum annarra dómfelldu. Mörg svara hans voru með fyrirvara um óljóst minni um atburði.
2599. Á sama tíma greindi endurupptökubeiðandi frá því að hann hefði greint rangt frá þegar hann hafi sagt dómfellda Guðjón hafa ekið bifreiðinni til Keflavíkur 19. nóvember 1974. Fullyrti hann þó að dómfelldi Guðjón hefði verið í Keflavík umrætt kvöld og tekið þátt í atburðum.⁴³³⁰ Hann hafi verið í sendiferðabifreiðinni ásamt tveimur öðrum mönnum.⁴³³¹ Taldi endurupptökubeiðandi að farið hafi verið til Keflavíkur á dökkrauðblárrí Volvo bifreið en nokkrum dögum síðar bar hann um að bifreiðin hafi verið gömul og dökkrauð af gerðinni Mercedes Benz. Þá bar endurupptökubeiðandi um að þeir menn sem hafi farið í Keflavíkurferðina hafi verið ósáttir með urðunarstaðinn í hrauninu á Álftanesi og því hafi hann og dómfelldi Kristján Viðar flutt líkið í fjöruna á Álftanesi á bifreið föður dómfellda Alberts. Aðspurður hverjir hafi viljað láta flytja líkið nefndi hann tvo nýja menn til sögunnar.⁴³³²
2600. Fyrir liggur að dómfelldi Guðjón var færður til sakbendingar 30. nóvember 1976 í þeim tilgangi að kanna hvort dómfelldi Kristján Viðar myndi þekkja hann. Fengnir voru átta nemar við Lögregluskóla ríkisins af svipaðri hæð, aldri og útliti og dómfelldi

⁴³²⁸ Málsgrein 916.

⁴³²⁹ Málsgrein 919.

⁴³³⁰ Málsgrein 900.

⁴³³¹ Málsgrein 915.

⁴³³² Málsgrein 900.

Guðjón. Fram kom að dómfelldi Guðjón hafi borið númerið þrír. Var dómfelldi Kristján Viðar yfirheyrður í framhaldinu og kvaðst hann þá hafa þekkt mann númer þrjú sem útlendingslega manninn sem hann hafi tilgreint í framburðarskýrslum. Voru dómfelldu Guðjón og Kristján Viðar samprófaðir í framhaldinu. Héldu þeir báðir fast við framburði sína, en dómfelldi Guðjón kvaðst ekki þekkja dómfellda Kristján Viðar en féllst á að mögulegt væri að hann hafi talað við hann í Dráttarbrautinni í Keflavík án þess að þekkja hann.⁴³³³ Sama dag var tekin skýrsla af dómfelldu Erlu fyrir sakadómi Reykjavíkur þar sem hún sagði síðasta framburð sinn vera sannleikann. Endurupptökubeiðandi hafi sagt henni að bera sakir á fjórmeningana og fleiri menn til að draga athyglina frá þeim sem raunverulega væru við málið riðnir. Kvaðst hún viss um að dómfelldi Guðjón hafi verið í Dráttarbrautinni en sagði hann hafa komið á annarri bifreið. Í þinghaldinu var kveðinn upp úrskurður um áframhaldandi 30 daga gæsluvarðhald yfir henni. Í úrskurðinum kom fram að hún, endurupptökubeiðandi og dómfelldi Kristján Viðar væru öll margsaga um atburðina og því hafi enn ekki náðst nægjanlegt samræmi til að ætla að framburðirnir væru réttir.⁴³³⁴ Sama dag var dómfelldi Kristján Viðar til viðtals hjá rannsóknarlögreglumanni. Aðspurður hvaða sendiferðabifreiðar hann þekkti til eða hafði afnot af árið 1974 nefndi hann í fyrsta lagi GMC bifreið í eigu nafngreinds manns, í öðru lagi gula Mercedes Benz bifreið sem notuð hafi verið til að flytja dót dómfelldu Erlu og í þriðja lagi Mercedes Benz bifreið sem [SÓH], frændi dómfellda, hafi ekið.⁴³³⁵

2601. Sama dag var dómfelldi Guðjón yfirheyrður í Síðumúlafangelsinu. Var hann inntur nánar eftir atvikum í tengslum við miða með símanúmeri sem endurupptökubeiðandi hafi skrifað og afhent honum. Taldi dómfelldi Guðjón sig geta fullyrt að það hafi verið 18. nóvember 1974. Við sama tækifæri hafi endurupptökubeiðandi beðið hann um að koma með sér til Keflavíkur daginn eftir til stefnumóts við mann. Þeir hafi hist að Lambhóli við Starhaga daginn eftir þaðan sem þeir lögðu upp í ferðina til Keflavíkur. Ekki hafi verið ekið á Land Rover bifreiðinni heldur taldi dómfelldi Guðjón það hafa verið Volkswagen bifreið eða stór, gömul amerísk bifreið. Dómfellda Erla hafi einnig verið í bifreiðinni og síðan fjórði maður sem hann hafi ekki þekkt. Þekkti hann ekki dómfellda Kristján Viðar sem fjórða manninn en sagði það þó mögulegt. Líkt og áður var minni dómfellda Guðjóns óglöggum um atvik, en hann tók undir atriði úr framburðum annarra dómfellda með því að lýsa þeim sem mögulegum eða líklegum. Sagði hann það geta verið að hann hafi verið nærstaddur átök í Dráttarbrautinni án þess að sjá þau, en hann væri mjög nærsýnn og sæi illa frá sér. Hann hefði þó ekki minningu um að hafa séð lík eða að hafa tekið þátt í átökum. Bar dómfelldi Guðjón um að á bakaleiðinni hafi endurupptökubeiðandi sagt hann samsekan um morð og spurt hvort hann hafi ekki séð þegar þeir hafi drepið manninn. Kvaðst dómfelldi Guðjón þó viss um að hafa ekki tekið þátt í að grafa lík.⁴³³⁶ Meðal rannsóknargagna liggja fyrir handritaðir punktar um yfirheyrsluna þar sem fram kom að aðspurður um miðann og hvað hafi staðið á honum hafi dómfelldi Guðjón sagst ekkert vita um það

⁴³³³ Málgreinar 920–921.

⁴³³⁴ Málgrein 923.

⁴³³⁵ Málgrein 924.

⁴³³⁶ Málgrein 926.

atriði. Orðrétt var ritað í framhaldinu: „Hins vegar hefði hann hugleitt þetta í vor eftir yfirheyrsluna. Þá séð að ekki var skráð símanr. hjá Geirfinni 1974. Sér þá dottið í hug að í umrætt sinn hafi Sævar verið að hringja í vinnuveitanda Geirfinns til að fá uppgefið símanr. hans – Vitað er að hringt var þessara erinda í [EBSk] nokkrum vikum áður. Á sínum tíma var eitthvað skrifað um þetta í blöðum. Hugmynd mín er að þarna sé Guðjón að kombinera.“⁴³³⁷

2602. Sama dag, 30. nóvember 1976, ritaði dómfelldi Guðjón orðrétt í dagbók sína: „Á líka bágð með að muna hvað gerðist og hvernig en reyni að halda mig við það sem [ég] veit sannast en oft er það svo óljóst hvað er rétt [...] við þessa ferð eða er dulin ímynd þess sem gerðist fyrir eða síðar. En málinu miðar og ég vona að Guð gefi mér kraft, kjark og minni til að geta sagt satt og rétt frá og fá þannig fram lausn og málalok hið fyrsta.“ Ritaði dómfelldi um að þurfa að reyna að rifja upp hvaða bifreiðar hafi verið með í för, sem honum hafi gengið illa að muna. Hann væri ákaflega óviss en þetta færi nú að koma fram. Vonaðist hann til að verða ekki dæmdur ósakhæfur sem myndi leiða til þess að hann yrði lokaður inni ævilangt. Orðrétt ritaði hann: „Hvað sem verður þá er ég nú rólegur og finnst allt betra en áður var, þegar eirðarleysið ætlaði mig lifandi að drepa, milli þess að sinnuleysið lamaði mig.“⁴³³⁸
2603. Í lok nóvembermánaðar 1976 voru rannsakendur enn að leita að öikumönnum fólksbifreiðar og sendiferðabifreiðar til Keflavíkur 19. nóvember 1974. Í tilefni af framburði endurupptökubeiðanda um að hann teldi að ökumaður fólksbifreiðarinnar hafi eitthvað stundað leiguakstur⁴³³⁹ gerði lögregla könnun á því hvort nafngreindur leigubifreiðastjóri, kunningi dómfelldu, hafi verið í leiguakstri á umræddum tíma.⁴³⁴⁰
2604. Líkt og fram hefur komið var dómfelldi Kristján Viðar fluttur úr Síðumúlafangelsinu í Hegningarhúsið við Skólavörðustíg 1. desember 1976 að fyrirmælum fulltrúa yfirsakadómarara.⁴³⁴¹ Á þeim tímapunkti hafði hann sætt einangrunarvist í Síðumúlafangelsinu í rúma ellefu mánuði og andlegt ástand hans þá orðið bágborið en skýrslur um yfirheyrslur yfir honum á þessum tíma bera þess glögg merki. Dómfelldi Kristján Viðar bar um í yfirheyrslu 3. desember 1976 að dómfelldi Guðjón hafi ekki verið í Dráttarbrautinni umrætt kvöld heldur nafngreindur leigubifreiðastjóri auk þess sem nafngreindur fangavörður í Hegningarhúsinu hafi verið þar staddur. Sá síðarnefndi hafi verið íklæddur appelsínugulum sjóstakk og ekki hulið andlit sitt fyrir dómfellda Kristjáni Viðari. Bar dómfelldi um að leigubifreiðastjórinn hafi neitað honum um far til Reykjavíkur vegna þess að fangavörðurinn hafi legið í aftursæti bifreiðarinnar og ekki viljað láta dómfellda sjá sig.⁴³⁴² Þá liggur fyrir upplýsingaskýrsla, dagsett 8. desember 1976, um að dómfelldi Kristján Viðar hafi

⁴³³⁷ Málsgrein 927.

⁴³³⁸ Málsgrein 931.

⁴³³⁹ Málsgrein 915.

⁴³⁴⁰ Málsgrein 930.

⁴³⁴¹ Málsgrein 934.

⁴³⁴² Málsgrein 946.

greint frá því að móðuramma hans hafi átt þátt í að hluta sundur og fela lík nafngreinds Færeyings sem saknað hafi verið síðan í september 1974.⁴³⁴³

2605. Dómfelldi Guðjón gaf skýrslu fyrir sakadómi 2. desember 1976 og bar um á sama veg og í skýrslum hjá lögreglu.⁴³⁴⁴ Aðspurður hvort þriðji farþeginn í bifreiðinni til Keflavíkur hafi verið dómfelldi Kristján Viðar sagði dómfelldi Guðjón svo ekki hafa verið. Taldi dómfelldi að hann hafi verið hræddur við þennan mann og af þeim sökum ekki þorað að skorast undan því að fara til Keflavíkur. Minnti dómfellda Guðjóni að hann hafi ekið endurupptökubeiðanda, manninum og dómfelldu Erlu til Keflavíkur en mundi nú ekki á hvernig bifreið. Taldi hann hugsanlegt að hún hafi verið amerísk af eldri gerð. Kvaðst hann ekki geta munað eftir einni einustu setningu sem farið hafi þeim á milli í bifreiðinni. Kvaðst hann ekki muna eftir viðkomu á Vatnsstíg en vildi ekki þvertaka fyrir það þar sem hann myndi mjög óljóst eftir allri atburðarásinni. Aðspurður hvort sendiferðabifreið hafi komið við sögu í málinu rámaði hann í að á leiðinni hafi verið spurt hvort einhver sæi sendiferðabifreiðina. Treysti hann sér ekki til að svara því hvort hann hafi séð sendiferðabifreið í Keflavík í tengslum við málið. Rakti hann í framhaldinu atburðarásina þannig að hann hafi stöðvað bifreiðina við bragga sem á hafi staðið „Pípugerð Áhaldahús“, en þar hafi farþegarnir farið út en komið aftur eftir um 20 mínútur. Þá hafi hann ekið að sjoppu við olústöð í Keflavík og minnti hann að endurupptökubeiðandi hafi hringt þaðan. Kvaðst hann hafa ekið aftur að bragganum og farþegarnir stigið þar út. Mundi dómfelldi Guðjón ekki eftir að hafa farið út úr bifreiðinni og sagði minni sitt förlast um það sem kynni að hafa gerst í framhaldinu. Minntist hann þess ekki að hafa tekið þátt í átökum eða verið vitni að slíku. Á leiðinni til Reykjavíkur hafi hann hins vegar haft það á tilfinningunni að eitthvað hræðilegt hafi gerst. Bætti dómfelldi Guðjón enn í framburð sinn varðandi orðrétt samtalið sitt á bakaleiðinni við endurupptökubeiðanda. Kvaðst hann muna að endurupptökubeiðandi hafi sagt: „Sástu ekki að við drápum manninn. Þú ert orðinn samsekur um morð.“ Kvaðst dómfelldi Guðjón þá hafa sagt ekki hafa séð neitt, en orð endurupptökubeiðanda hafi sett að honum ólýsanlega skelfingu, blandaða því að hann hafi ekki viljað trúa því sem endurupptökubeiðandi hafi sagt. Kvaðst dómfelldi Guðjón ekki hafa sett hvarf Geirfinns í samband við Keflavíkurferðina, enda hafi hann hvorki kannast við Geirfinn né heldur lýsingu á þeim manni sem var talinn hafa hringt úr Hafnarbúðinni. Sagði hann að sér hafi fyrst komið til hugar tengsl þarna á milli þegar hann hafi verið yfirheyrður vorið 1976. Aðspurður hvers vegna hann hafi ekki innt endurupptökubeiðanda nánar eftir atburðum kvöldsins kvaðst dómfelldi Guðjón sennilega ekki hafa séð hann eftir 20. nóvember 1974 þegar þeir hafi hist á kaffihúsinu Mokka. Greindi dómfelldi Guðjón frá minningu um hafa setið á kaffihúsinu þann dag að lesa frétt um jarðarför Þórbergs Þórðarsonar þegar endurupptökubeiðandi hafi litið inn og sagt: „Nú er bara að segja ekki neitt.“ Kvaðst dómfelldi Guðjón ekki vita til þess að hafa búið yfir vitneskju um að lík hafi verið dysjað eftir þessa ferð. Mundi

⁴³⁴³ Málsgrein 967.

⁴³⁴⁴ Málsgrein 936.

hann að skófla sem staðið hafi við heimili hans hafi ekki verið þar daginn eftir. Vildi hann ekki útiloka að endurupptökubeiðandi hafi notað hana.⁴³⁴⁵

2606. Að kvöldi sama dags, 2. desember 1976, var dómfelldi Guðjón úrskurðaður í áframhaldandi 60 daga gæsluvarðhald. Í úrskurðinum kom fram að dómfelldi Guðjón hafi þennan dag viðurkennt að hafa, að áeggjan endurupptökubeiðanda, ekið bifreið til Keflavíkur 19. nóvember 1974. Orðrétt sagði í úrskurðinum: „Kærði neitaði því alfarið í fyrstu, að hann hefði nokkra vitneskju um hvarf Geirfinns Einarssonar. Hann hefur nú síðustu daga smátt og smátt skýrt nánar frá samskiptum sínum við Sævar, þar á meðal ferðinni til Keflavíkur. Mjög miklar eyður eru enn í frásögn hans. Ekki kemur til álita að hann hljóti frelsi og öðlist þannig möguleika á að spilla sakargögnum og hafa áhrif á hugsanleg vitni og samseka.“⁴³⁴⁶
2607. Daginn eftir, 3. desember 1976, var dómfellda Erla til yfirheyrslu vegna málsins. Hvarf hún frá framburði sínum um að ekið hafi verið suður til Keflavíkur á Land Rover bifreið. Bar hún um að jeppabifreiðinni hafi verið lagt við Ásvallagötu en þaðan hafi hún og endurupptökubeiðandi tekið almenningsvagn að bifreiðaleigunni Geysi við Laugaveg. Þar hafi þau tekið ljósbláa Volkswagen bifreið á leigu. Var framburður hennar þannig orðinn samhljóða framburði dómfellda Guðjóns í þessum efnunum. Hún hafi ekið að Vatnsstíg þar sem dómfelldi Kristján Viðar hafi komið inn í bifreiðina. Lýsti dómfellda Erla nákvæmlega sendiferðabifreið sem hafi staðið þar og fannst henni sem bifreiðin hafi verið drapplit. Kvaðst dómfellda litblind á gráa og bláa liti og því gæti henni skjátlást. Greindi hún frá því að dómfelldi Guðjón hafi tekið við stjórn bifreiðarinnar og ekið henni til Keflavíkur. Lýsti dómfellda Erla samtali dómfellda Guðjóns og endurupptökubeiðanda á leiðinni suður eftir um mann sem væri erfiður og tæki ekki sönum og því yrði að fara eins og ákveðið hafi verið. Kvaðst hún fullkomlega viss um að dómfelldi Kristján Viðar hafi farið úr bifreiðinni við Hafnarbúðina og eftir það hafi annar maður komið inn í bifreiðina en þá hafi verið ekið í Dráttarbrautina. Lýsti dómfellda staðháttum og staðsetningu bifreiðanna og báts sem hafi verið við bryggju. Fannst henni einnig eins og rauð fólksbifreið hafi verið þarna. Hafi allir farið út úr bifreiðinni nema hún sjálf. Kvaðst dómfellda Erla hafa séð endurupptökubeiðanda og dómfellda Guðjón ræða við Geirfinn sem hún sagðist fullkomlega viss um að hafi komið inn í bifreiðina við Hafnarbúðina. Átök hafi byrjað og þá hafi endurupptökubeiðandi sagt henni að fara heim á puttanum sem hún hafi þá gert. Kvaðst hún ekki hafa séð barefli notað í átökunum.⁴³⁴⁷ Tók hún þar með til baka fyrri framburð sinn um það atriði frá 2. nóvember 1976.⁴³⁴⁸
2608. Fyrir liggur að Karl Schütz ræddi við dómfellda Guðjón um geðheilsu hans og hugsanlegt ósakhæfi 5. desember 1976. Schütz hafi bent honum á kenningar fræðimanna um hvenær menn væru ekki sjálfráðir gerða sinna.⁴³⁴⁹

⁴³⁴⁵ Málsgrein 936.

⁴³⁴⁶ Málsgrein 938.

⁴³⁴⁷ Málsgrein 944.

⁴³⁴⁸ Málsgrein 789.

⁴³⁴⁹ Málsgrein 954.

2609. Daginn eftir dró til tíðinda, en þá var endurupptökubeiðandi færður fyrir sakadóm Reykjavíkur þar sem gæsluvarðhald hans var að renna út. Kom endurupptökubeiðandi fyrir dóminn ásamt réttargæslumanni sínum og lýsti því yfir að hann hefði ekki farið til Keflavíkur 19. nóvember 1974. Bar hann um að dómfelldi Guðjón hafi greitt honum 500.000 krónur fyrir að nefna nöfn þeirra Magnúsar, Sigurbjörns, Einars og Valdimars í tengslum við málið og nöfn fleiri manna. Þá ætti hann að fá 500.000 krónur til viðbótar þegar málinu væri lokið. Í framhaldinu var endurupptökubeiðandi úrskurðaður í áframhaldandi gæsluvarðhald í allt að 150 daga.⁴³⁵⁰ Sama dag var dómfelldi Guðjón tekinn til viðtals þar sem hann kvaðst fullviss um að hafa farið til Keflavíkur á ljósblárrí Volkswagen bifreið sem hafi sennilega verið frá bifreiðaleigu. Orðrétt var ritað um efni viðtalsins: „Man að lík Geirfinns var í aftursæti á bakaleið, þorði ekki að líta við. Var hræddur við það sem gerst hafði. Hvað á fjölskyldumaður að gera sem er skyndilega farinn að aka líki um nótt.“ Fannst honum sem ekið hafi verið beint inn á Álftanesveg en taldi líklegt að líkið hafi verið fært og þá á stað þar sem það myndi rotna fljótt. Nefndi hann hitaveitustokk eða húsgrunn í byggingu sem líklega staði. Athygli vekur að í viðtalinu bar dómfelldi Guðjón um veru dómfellda Kristjáns Viðars í Dráttarbrautinni. Mundi hann ekki hvernig maðurinn dó en lýsti því yfir að ef hinir segðu að hann hafi átt þátt í því þá væri það rétt.⁴³⁵¹ Farið var með dómfellda Guðjón í ökuferð 7. desember 1976 en engin rannsóknargögn liggja fyrir um hvert eða af hvaða tilefni.⁴³⁵²
2610. Í tengslum við framburð dómfellda Guðjóns gerði lögreglan annars vegar könnun á því hjá öllum bifreiðaleigum borgarinnar hvort aðilar tengdir Geirfinns málinu hafi verið með bifreið á leigu á umræddum tíma. Í ljós kom að í leigusamningum frá umræddum tíma væri ekki að finna nöfn þeirra.⁴³⁵³ Þá aflaði lögregla upplýsinga um að umrætt kvöld hafi staðið yfir kvikmyndasýning í Nýja-Bíói í Keflavík og hlé hafi verið gert um klukkan 22:00 í tíu mínútur. Í upplýsingaskýrslu um könnunina kom fram að ekið væri fram hjá kvikmyndahúsinu þegar ekið væri frá Hafnarbúðinni stystu leið í Dráttarbrautina.⁴³⁵⁴
2611. Endurupptökubeiðandi var tekinn til viðtals 7. desember 1976. Fyrir liggja handritaðir punktar um framburð hans í það skiptið þar sem fram kom að lík Geirfinns hafi verið flutt frá Keflavík til Reykjavíkur liggjandi aftur í Volkswagen bifreið. Hann hafi sent dómfelldu Erlu heim á puttanum þar sem ekki hafi verið pláss fyrir hana í bifreiðinni. Ritað var innan sviga við þann framburð dómfellda: „(Ath. þá hefur Geirfinnur verið látinn eða vitað hefur verið að það átti að drepa hann.)“ Bar endurupptökubeiðandi um að tveimur dögum síðar hafi hann og dómfelldi Guðjón farið til dómfellda Kristjáns Viðars á Land Rover bifreið.⁴³⁵⁵ Í framangreindum punktum kom ekkert fram um yfirlýsingu hans fyrir dómi frá deginum áður þar sem hann dró til baka fyrri framburð sinn og kvaðst ekki hafa farið til Keflavíkur 19. nóvember 1974.

⁴³⁵⁰ Málsgrein 957.

⁴³⁵¹ Málsgrein 958.

⁴³⁵² Málsgrein 962.

⁴³⁵³ Málsgrein 959.

⁴³⁵⁴ Málsgrein 960.

⁴³⁵⁵ Málsgrein 962.

2612. Dómfellda Erla var til yfirheyrslu sama dag þar sem hún gaf nákvæman og greinargóðan framburð um málsatvik að kvöldi 19. nóvember 1974. Bar hún aftur um að farið hafi verið á ljósblárri Volkswagen bifreið til Keflavíkur. Kvaðst hún ekki viss hvort að um bílaleigubifreið hafi verið að ræða en hún hafi oft tekið bifreiðar á leigu hjá bílaleigunni Geysi á umræddum tíma. Greindi hún svo frá að leigusamningur hafi alltaf verið gerður. Í framhaldinu greindi hún frá því að hafa farið 19. nóvember 1974 um klukkan 20:00 til 21:00 með endurupptökubeiðanda á ljósblárra Volkswagen bifreið frá Grýtubakka 10 að Lambhóli við Starhaga þar sem dómfelldi Guðjón hafi verið sóttur. Þaðan hafi verið ekið að Ásvallagötu og endurupptökubeiðandi og dómfelldi Guðjón farið þar inn. Eftir um 20 mínútur hafi endurupptökubeiðandi komið aftur inn í bifreiðina og þau þá ekið um borgina þar til hún hafi stöðvað við Vatnsstíg. Endurupptökubeiðandi hafi farið þar út og sótt dómfellda Kristján Viðar. Þá hafi sendiferðabifreið komið að og í sama mund hafi hún séð dómfellda Guðjón koma gangandi. Hún hafi þá fært sig í aftursæti bifreiðarinnar að fyrirmælum endurupptökubeiðanda sem hafi sagt dómfellda Guðjóni taka við stýrinu. Ekið var af stað og minnti dómfelldu Erlu að bensín hafi verið tekið í Hafnarfirði. Á leiðinni hafi endurupptökubeiðandi og dómfelldi Guðjón rætt um mann sem væri erfiður og tæki ekki sönsum og því yrði að grípa til aðgerða. Minnti hana að þegar komið hafi verið til Keflavíkur hafi endurupptökubeiðandi sagt þeim að beygja sig niður. Því næst hafi verið ekið í Dráttarbrautina líkt og til að kanna aðstæður. Þau hafi ekið aftur af stað og komið við í sjoppu með afgreiðslulúgu. Endurupptökubeiðandi hafi farið inn en komið út skömmu síðar og þá hafi verið ekið að Hafnarbúðinni þar sem dómfelldi Kristján Viðar hafi farið inn. Eftir um 15 til 20 mínútur hafi hann komið til baka og þá annar maður með honum sem hún hafi ekki þekkt þá en vissi nú að hafi verið Geirfinnur Einarsson. Þá hafi verið ekið aftur í Dráttarbrautina og bifreiðin stöðvuð til hliðar við bryggju þar sem bátur hafi verið bundinn, en sendiferðabifreið hafi staðið á bryggjunni. Lýsti hún næst átökum endurupptökubeiðanda og dómfellda Guðjóns við Geirfinn. Dómfelldi Kristján Viðar hafi þá komið þeim til aðstoðar en endurupptökubeiðandi hafi sagt henni að fara til Reykjavíkur á puttanum sem hún hafi síðan gert. Næst bar dómfellda Erlu um að einum eða tveimur dögum síðar hafi hún ekið endurupptökubeiðanda og dómfellda Guðjóni á Land Rover bifreiðinni að heimili dómfellda Kristjáns Viðars. Skýrði hún frá því að þeir þrír hafi síðan komið út með tvo svarta plastpoka og sett inn í bifreiðina. Þá hafi hún ekið þeim út á Álftanes þar sem þeir hafi grafið pokana í jörðu. Í skýrsluna var orðrétt bókað: „Það er möguleiki að ég og Sævar höfum farið fyrir frá Grýtubakka, þann 19. nóv. 1974, heldur en ég hef hér sagt og er hugsanlegt að við höfum farið upp úr kl. 19:00, en ég man að við borðuðum kvöldmat áður en við fórum.“⁴³⁵⁶
2613. Sama dag ritaði dómfelldi Guðjón í dagbók sína um slæma andlega líðan og örvinglun. Velti hann því fyrir sér hvar líkið væri. Orðrétt ritaði hann: „Mér líður svo illa þessa stundina, ég er svo þreyttur, man ekkert, á bággt með að tala, get ekki hugsað. Kvíði fyrir morgund. veit að þá situr allt við það sama hjá mér, man ekki, veit ekki, get

⁴³⁵⁶ Málsgrein 963.

ekki, svo verð ég sviptur vitinu. Ég er alveg uppgefinn. Hvað skal nú til varnar verða vorri sál í stórrí neyð.⁴³⁵⁷

2614. Pennan dag, 7. desember 1976, var dómfelldi Guðjón tekinn til yfirheyrslu í tvígang í samtals tíu klukkustundir, en gert var þriggja klukkustunda hlé á milli yfirheyrslna. Var dómfelldi færður á klefa sinn klukkan 04:10 um nóttina. Fyrir liggur skýrsla um yfirheyrsluna um nákvæman framburð dómfellda Guðjóns. Bar hann um aðdraganda Keflavíkurferðarinnar með sama hætti og áður. Endurupptökubeiðandi og dómfellda Erla hafi komið að Lambhóli við Starhaga að kvöldi 19. nóvember 1974 þar sem hann hafi verið staddur. Með þeim hafi verið maður sem dómfelldi Guðjón sagðist ekki hafa kannast við. Eitthvað hafi verið snúist um borgina og rámaði dómfellda Guðjón í sendiferðabifreið í þessu samhengi. Síðan hafi hann tekið við akstri á ljósblárrí Volkswagen bifreið. Kvaðst dómfelldi Guðjón muna eftir að rætt hafi verið um það á leiðinni að sýna manninum, sem þau ættu stefnumót við, fulla hörku ef hann vildi ekki ganga til samninga. Mikill fjöldi fólks hafi verið í kringum bíóið í Keflavík og hafi endurupptökubeiðandi sagt farþegum að beygja sig niður. Því næst greindi hann frá atburðum líkt og áður, ekið hafi verið að húsi merktu „Pípugerð Áhaldahús“, síðan hafi verið ekið að bensínstöð þar sem endurupptökubeiðandi hafi ætlað að hringja en ekki getað vegna þess að sjoppa hafi verið full af fólki. Þá hafi verið ekið að Hafnarbúðinni og farþegi úr aftursæti bifreiðarinnar hafi farið út til að hringja. Hann hafi komið til baka og sagt manninn munu koma. Kvaðst dómfelldi Guðjón hafa ekið af stað þegar maðurinn hafi komið inn í bifreiðina. Hann hafi ekki heyrt nafn hans nefnt, en orðið það ljóst síðar að maðurinn hafi verið Geirfinnur Einarsson. Endurupptökubeiðandi hafi boðið Geirfinni peninga gegn því að fá spíra eða upplýsingar um spíra. Þegar komið hafi verið í Dráttarbrautina hafi enn ekki verið komið á samkomulag með þeim. Allir hafi farið út úr bifreiðinni og átök brotist út sem hafi leitt til dauða Geirfinns. Rámaði dómfellda Guðjón í að hafa tekið Geirfinn hálstaki. Gat hann hvorki sagt til um þátt hinna í átökunum né hvað það hafi verið sem leiddi til dauða Geirfinns. Mundi hann ekki eftir því að líkið hafi verið sett inn í bifreiðina en mundi eftir orðum endurupptökubeiðanda á leiðinni til Reykjavíkur sem hafi sagt hann samsekan um morð. Kvaðst dómfelldi Guðjón hafa orðið mjög óttasleginn og ekki hafa þorað að líta aftur í bifreiðina en um það væri ekki að efast að líkið hafi verið í bifreiðinni. Mundi hann ekki hvernig það hafi komið til að dómfellda Erla hafi farið úr bifreiðinni í Dráttarbrautinni. Orðrétt var bókað í skýrsluna: „Hún mun hafa gleymt kápunni sinni í bifreiðinni. Ekki man ég þó sérstaklega eftir því, en í vor las ég framburð ökumanns, sem hún hafði fengið far með á leið til Reykjavíkur. Hann talaði um að hún hefði verið illa klædd og dró ég þá ályktun af því að hún hefði gleymt kápunni.“ Greindi dómfelldi Guðjón frá því að hann, endurupptökubeiðandi og farþeginn hafi rætt um hvað ætti að gera við líkið en ekki komist að samkomulagi. Minnti hann að þeir hafi ekið út á Álftanes en hætt við að setja líkið þar. Þá minnti hann einnig að ekið hafi verið upp að hitaveitustokk. Mundi hann ekki eftir því að hafa átt þátt í því að taka líkið úr bifreiðinni eða að hafa ekið inn bakgarðinn við Grettisgötu 82. Í lok skýrslunnar var orðrétt bókað: „Sá sem ég hef hér talað um sem

⁴³⁵⁷ Málsgrein 965.

fjórða manninn í bifreiðinni á leiðinni suður í Keflavík mun vera Kristján Viðar Viðarsson, en ég þekkti hann ekki fyrir þennan tíma og tók lítið eftir honum í þessari ferð. Við samprófun hefur Kristján Viðar sagt, að hann hafi verið í Dráttarbrautinni umrætt sinn og get ég ekki dregið það í efa, enda þótt ég komi honum ekki fyrir mig.⁴³⁵⁸

2615. Degi síðar, 8. desember 1976, ritaði dómfelldi Guðjón dagbókarfærslu um framangreinda yfirheyrslu. Orðrétt ritaði hann: „Þá hafði ég játað aðild að bana G. Einarssonar og gefið þriðju skýrslu lútandi að Keflavíkurför þeirri sem ógæfusamlegust hefur verið þeirra ferða er ég hef um mína tíð farið. Nú finnst vonandi lík mannsins næstu daga og þjóðin getur þá dregið andann léttar, þótt ekki verði ég í þeim hópi, nema samviska, viska, vizka mín ætti að vera betri nú en verið hefur.“ Í framhaldinu ritaði hann um slæm áhrif einangrunarvistarinnar á andlega líðan sína en á þessum tímamarki hafði dómfelldi Guðjón sætt gæsluvarðhaldi og einangrun í 26 daga. Orðrétt ritaði hann: „Ég er eins og vél. Ómennskur finnst mér. Það gerir einangrunin. Hér er ekkert sem hefur áhrif á mig lengur, ég hef lokað mig af tilfinningalega. Eiginlega er ég dauður.“ Áfram ritaði hann: „Þessi skírni væntanlega dugir til að rétta mig af. Byrði mín er þung en að bera eitthvað þungt, það er að vera. Orð á orð ofan. Það er auðvelt að missa trú á gildi þeirra og merkingu en þegar þú hefur játað þig sekan um morð þá veistu aftur að þau merkja eitthvað. Svo sannarlega. Nú er ég ekki fullur örvæntingar, vil ekki deyja, en erfitt verður þetta.“⁴³⁵⁹
2616. Sama dag gaf ríkissaksóknari út ákæru vegna Guðmundarmálsins og fleiri mála á hendur endurupptökubeiðanda og dómfelldu Kristjáni Viðari, Tryggva Rúnari, Alberti Klahn, Erlu, [ÁEP] og Guðjóni.⁴³⁶⁰
2617. Endurupptökubeiðandi var til yfirheyrslu 9. desember 1976. Skýrði hann þá mjög ítarlega og með nákvæmum hætti frá öllum atvikum. Greindi hann frá því að hafa heyrt nafnið „Geiri í Keflavík“ í tengslum við spíra og þess háttar í byrjun nóvember 1974. Rakti hann málsatvik allt frá ferð í Klúbbinn 17. nóvember 1974 þar sem hann og dómfelldi Kristján Viðar hafi hitt á Geirfinn fyrir tilviljun en þá hafi honum strax dottið í hug að þarna væri um að ræða „Geira úr Keflavík“. Geirfinnur hafi játað því aðspurður hvort hann væri til í að koma í spíraviðskipti. Kvaðst endurupptökubeiðandi hafa lýst yfir vilja til að komast í samband við þann aðila sem Geirfinnur væri að skipta við. Ákveðið hafi verið að fara til Keflavíkur 19. nóvember 1974. Hann og dómfellda Erla hafi tekið ljósbláa Volkswagen bifreið á leigu hjá Bílaleigunni Geysi. Kvaðst endurupptökubeiðandi hafa greitt afgreiðslumanninum 5.000 krónur og sagt honum að sleppa því að gera skriflegan samning en hann hafi áður fengið leigðar bifreiðar með þessum hætti. Greindi endurupptökubeiðandi frá því að hafa komið á stefnumóti við Geirfinn við Hafnarbúðina í Keflavík. Kvaðst hann hafa notast við dulnefnið Sæmundur Pálsson í Klúbbnum, en það hafi hann oft gert. Skýrði endurupptökubeiðandi svo frá að um klukkan 20:00 hafi hann farið ásamt dómfelldu Erlu og móður sinni á Land Rover bifreið á kvikmyndasýningu að Kjarvalsstöðum.

⁴³⁵⁸ Málsgrein 966.

⁴³⁵⁹ Málsgrein 969.

⁴³⁶⁰ Málsgrein 968.

Þau hafi síðan ekið móður hans beint heim og skipt um bifreið. Þau hafi hitt dómfellda Guðjón að Lambhóli en þar hafi endurupptökubeiðandi farið yfir í Fiat bifreið dómfellda Guðjóns. Ekið hafi verið að Vatnsstíg og dómfellda Erla fylgt þeim á Volkswagen bifreiðinni. Kvaðst endurupptökubeiðandi hafa sótt dómfellda Kristján Viðar upp á Laugaveg. Þeir hafi sest upp í Volkswagen bifreiðina, en dómfelldi Guðjón hafi þá verið búinn að taka við stýrinu. Orðrétt var bókað eftir endurupptökubeiðanda: „Það var örugglega engin sendiferðabifreið þarna á Vatnsstígnum, eins og við erum áður búin að segja.“ Því næst hafi verið ekið til Keflavíkur án þess að stoppa enda hafi þau verið orðin nokkuð sein. Greindi endurupptökubeiðandi frá samtali hans og dómfellda Guðjóns um að sýna Geirfinni hörku ef hann yrði með stæla. Hann hafi haft 70.000 krónur meðferðis til að greiða Geirfinni fyrir upplýsingar. Klukkan hafi verið nálægt 22:00 þegar þau hafi komið til Keflavíkur. Með sama hætti og dómfelldi Guðjón bar endurupptökubeiðandi um að hafa fyrirskipað öllum að beygja sig þegar þau hafi ekið eftir aðalgötunni þar sem lögreglan hafi mögulega verið í eftirliti. Hann og dómfelldi Kristján Viðar hafi farið inn í Hafnarbúðina, en ekki séð Geirfinn. Þá hafi þau ekið af stað og séð margt fólk á aðalgötunni. Kvaðst endurupptökubeiðandi ekki tengja það sérstaklega við bíóið í Keflavík. Næst hafi verið ekið að Dráttarbrautinni til að finna hentugan stað til að ræða við Geirfinn. Kvaðst endurupptökubeiðandi hafa farið inn í sjoppu til að hringja en hætt við vegna mannfjölda þar inni. Þá hafi verið ekið að Hafnarbúðinni og kvaðst endurupptökubeiðandi hafa látið dómfellda Kristján Viðar fá miða með nafni og símanúmeri Geirfinns og lagt fyrir hann hvað hann ætti að segja í símann. Bókað var orðrétt í skýrsluna: „Sannleikurinn er sá að ég hafði sagt Geirfinni að ég hétu Magnús Leóoldsson, en ekki Sæmundur Pálsson og hann mun hafa haldið að ég væri Magnús í Klúbbnum. Þegar Kristján kom út hafði hann orð á því að Geirfinnur hefði spurt hvort Maggi væri þarna og síðan sagt að hann mundi koma.“ Geirfinnur hafi síðan komið inn í bifreiðina og fyrirhuguð viðskipti rædd á leiðinni í Dráttarbrautina. Kvaðst endurupptökubeiðandi hafa sýnt Geirfinni peningana og beðið hann um að segja sér hvar spírinn væri geymdur. Lýsti endurupptökubeiðandi áfram samskiptum þeirra í bifreiðinni sem hafi lyktað með því að Geirfinnur hafi byrjað með hávaða og hent peningunum í gólfíð og viljað komast út. Þá hafi þeir farið út úr bifreiðinni. Dómfelldi Guðjón hafi tekið í öxlina á Geirfinni og spurt hvort þeir ættu ekki að ræða málin frekar. Hafi Geirfinnur þá sagt eitthvað á þá leið: „Ég þekki Sigurbjörn og ykkur hina í Klúbbnum.“ Þá hafi brotist út átök og lýsti endurupptökubeiðandi nákvæmlega þætti hvers og eins í þeim og kvaðst sjálfur hafa slegið Geirfinn með barefli í fæturna. Þá hafi dómfelldi Kristján Viðar tekið Geirfinn hálstaki á meðan dómfelldi Guðjón hafi tekið sér barefli í hönd og slegið Geirfinn nokkrum höggum. Kvaðst endurupptökubeiðandi hafa rétt dómfelldu Erlu 5.000 krónur og sagt henni að taka leigubifreið til baka því maðurinn væri alveg óður. Þegar hann hafi komið til baka hafi Geirfinnur legið á jörðinni og dómfelldi Kristján Viðar sagt hann dauðan. Lýsti endurupptökubeiðandi orðréttu samtali þeirra þriggja í Dráttarbrautinni. Þeir hafi rætt um að skilja líkið eftir en endurupptökubeiðandi talið hættu á að fingraför myndu finnast. Þá hafi þeir ákveðið að setja hann inn í bifreiðina en skildu bareflið eftir á staðnum. Geirfinni hafi verið komið fyrir í sitjandi stellingu í aftursæti Volkswagen bifreiðarinnar. Þeir

hafi leitað dómfelldu Erlu án árangurs í nokkra stund þar sem hún hafði gleymt kápunni sinni. Á leiðinni til Reykjavíkur ræddu þeir hvað ætti að gera við líkið og ofan á varð að setja það inn í geymslu á heimili dómfellda Kristjáns Viðars. Daginn eftir hafi hann hitt dómfellda Guðjón á kaffihúsinu Mokka sem hafi nefnt nokkra möguleika í tengslum við hvað ætti að gera við líkið. Um kvöldið hafi hann og dómfellda Erla skilað Volkswagen bifreiðinni með því að skilja hana eftir við bílaleiguna. Daginn eftir hafi þau farið heim til [BPP] sem hafi gert við Land Rover bifreiðina. Kvaðst endurupptökubeiðandi hafa verið í kápu dómfelldu Erlu sem hún hafi gleymt. Blóð hafi verið á kápunni en þeir hafi lagt hana yfir lík Geirfinns á leiðinni til Reykjavíkur. Kvaðst endurupptökubeiðandi hafa gleymt kápunni hjá [BPP], en sótt hana nokkrum dögum síðar og hent henni í ruslið. Bar hann næst um flutning á líki Geirfinns. Líkið hafi verið vafið inn í tau og borið út í Land Rover bifreiðina. Dómfelldi Guðjón hafi útvegað þeim tvær skóflur en ekki komið nálægt flutningnum að öðru leyti. Í yfirheyrslunni greindi endurupptökubeiðandi frá því í fyrsta sinn að ekið hafi verið upp í Rauðhóla með viðkomu á bensínstöð þar sem fimm lítra plastbrúsi hafi verið fylltur. Hann og dómfelldi Kristján Viðar hafi grafið djúpa holu, lagt líkið þar ofan í, hellt bensíni yfir, lagt eld að og mokað yfir. Greindi endurupptökubeiðandi frá því að fyrir Keflavíkurferðina hafi dómfelldi Kristján Viðar fallist á að útvega sendiferðabifreið og reyna að fá [SÓH] frænda sinn til að aka sendiferðabifreiðinni. Í framhaldinu breytti endurupptökubeiðandi framburði sínum og greindi frá því að [SÓH] hafi komið á gulri Mercedes Benz sendiferðabifreið á Vatnsstíginn. Kvaðst endurupptökubeiðandi hafa vísað honum veginn að Dráttarbrautinni en dómfelldi Kristján Viðar hafi rætt við [SÓH] þar og sagt honum að bíða. Kvaðst endurupptökubeiðandi ekki geta sagt til um hvort [SÓH] hafi séð átökin, en sagði það kunna vera. Dómfelldi Kristján Viðar hafi farið til [SÓH] þegar Geirfinnur var látinn og sagt honum að fara til baka og þegja yfir ferðinni. Í lok skýrslunnar var bókað orðrétt: „Það skal tekið fram að missögnin sem kemur fram í skýrslunni varðandi sendiferðabílinn er vegna þess að Sævar Marínó ætlaði að halda honum og öikumanni hans utan við mál þetta.“⁴³⁶¹ Fyrir liggur að endurupptökubeiðandi kom fyrir sakadóm Reykjavíkur 22. desember 1976 og skýrði frá málsatvikum í samræmi við framangreinda skýrslu.⁴³⁶²

2618. Karl Schütz tók fram í vikuskýrslu sinni til dómsmálaráðherra, dagsettri 13. desember 1976, að framangreindur framburður endurupptökubeiðanda væri víðtækari og sennilega nær sannleikanum en fyrri framburðir en honum bæri oft saman við framburð hinna sem væru grunuð í málinu.⁴³⁶³
2619. Dómfelldi Guðjón var yfirheyrður 10. desember 1976 og tók undir mörg þau atriði sem þá höfðu komið fram í síðustu yfirheyrslu yfir endurupptökubeiðanda, svo sem Fiat bifreið að Lambhóli, samtal við endurupptökubeiðanda á leiðinni í bifreiðinni til Keflavíkur og að Geirfinnur hafi tekið við peningum frá dómfellda en síðan fleygt þeim á gólfið í bifreiðinni. Kvaðst dómfelldi Guðjón ekki hafa vitað hver var í

⁴³⁶¹ Málsgrein 970.

⁴³⁶² Málsgrein 1032.

⁴³⁶³ Málsgrein 991.

sendiferðabifreiðinni. Mundi hann hvorki eftir að hafa séð sendiferðabifreiðina í Reykjavík né heldur í Keflavík, en talað hafi verið um sendiferðabifreiðina á leiðinni suður eftir. Sagði hann öruggt að um hafi verið að ræða gula Mercedes Benz sendibifreið, þá sömu og hafi ekið dóti fyrir dómfelldu Erlu frá Lambhóli þegar hún hafi komið til landsins 1975. Aðrir aðilar í málinu hafi lagt áherslu á að hann kæmist ekki að því hvaða sendibifreið og ökumann þarna var um að ræða. Orðrétt var bókað: „Guðjón sagði að hann hefði ótrúlega gott minni, en hann þyrfti að fá að hugsa um málið í rólegheitum. Þegar hann væri yfirheyrður ætti hann erfitt með að ákveða hvað væri rétt og satt og hvað ekki. Hann kvaðst mundu setjast við og skrifa niður gang málsins, en þannig ætti hann auðveldast með að rifja upp.“

2620. Fyrir liggur að farið var með endurupptökubeiðanda og dómfelldu Erlu upp í Rauðhóla dagana 10. og 11. desember 1976 til að benda á þann stað þar sem lík Geirfinns hafi verið grafið. Benti dómfellda Erla á stað 50 metrum frá þeim sem endurupptökubeiðandi hafði þá bent á. Grafið var á svæðinu með vélgröfu en án árangurs.⁴³⁶⁴
2621. Dómfellda Erla bar þó ekki formlega um greftrun á líki Geirfinns að Rauðhólum fyrr en í yfirheyrslu hjá lögreglu 13. desember 1976. Með sama hætti og endurupptökubeiðandi bar hún um viðgerð [BPP] á Land Rover bifreiðinni og kvaðst muna eftir því að endurupptökubeiðandi hafi verið í kápunni hennar. Þá bar hún einnig um atburði að Grettisgötu til samræmis við framburð endurupptökubeiðanda. Lýsti hún því svo að þegar hún hafi komið inn í Land Rover bifreiðina hafi hún fundið mjög vonda lykt líkt og af úldnu kjöti. Hún hafi séð eitthvað innpakkað í tau liggja á gólfi bifreiðarinnar sem hafi líkst mannlíkama. Þá greindi hún jafnframt frá viðkomu á bensínstöð þar sem fimm lítra brúsi hafi verið fylltur af bensíni. Kvaðst hún hafa ekið upp í Rauðhóla að fyrirsögn endurupptökubeiðanda. Bar hún um með sama hætti og hann um atburði. Líkflutningurinn hafi átt sér stað eftir kvöldmat 21. nóvember 1974. Endurupptökubeiðandi hafi lagt fast að henni að greina ekki frá því sem gerst hafði. Hann hafi talað um að þeir hafi tekið rangan mann. Mundi hún eftir því að endurupptökubeiðandi hafi talað um einhvern Geira áður en Keflavíkurferðin hafi verið farin sem hafi verið annar maður en Geirfinnur. Í lok yfirheyrslunnar vildi hún geta þess að sendiferðabifreiðin hafi verið mjög svipuð þeirri sem [SÓH], frændi dómfellda Kristjáns Viðars, hafi verið á þegar hann hafi flutt fyrir hana húsgögn. Hún hafi ekki borið kennsl á ökumanninn í ferðinni og því gæti hún ekki sagt til um hvort þetta hafi verið hann en gat þess að hann hafi mikið verið með endurupptökubeiðanda og dómfellda Kristjáni Viðari á þessu tímabili. Lýsti hún því yfir að um sannleikann væri að ræða og með þessari skýrslu og annari frá 12. desember 1976 væri hún búin að greina frá öllu.⁴³⁶⁵ Dómfellda Erla kom fyrir sakadóm Reykjavíkur 22. desember 1976 og skýrði frá málsatvikum til samræmis við skýrslur sem teknar voru af henni 12. og 13. desember 1976. Sagði hún lík Geirfinns örugglega hafa verið grafið í

⁴³⁶⁴ Málsgreinar 977, 982, 986 og 988.

⁴³⁶⁵ Málsgrein 989.

Rauðhólum. Var dómfelldu sleppt úr gæsluvarðhaldi en gert að sæta farbanni og lögreglu eftirliti.⁴³⁶⁶

2622. Dómfelldi Guðjón ritaði í dagbók sína 13. desember 1976 um sjálfsmorðshugsanir og að ekki mætti mikið út af bera svo hann gripi til þess. Hann væri svo þreyttur og gæti ekki hugsað, hvorki um málið né þennan sendiferðabílstjóra.⁴³⁶⁷ Dómfelldi Guðjón var á þessum tíma búinn að sitja í einangrun í gæsluvarðhaldi í einn mánuð.
2623. Dómfelldi Guðjón ritaði tólf blaðsíðna frásögn til fyllingar á fyrri skýrslu sinni 14. desember 1976. Rakti hann þar málsatvik og greindi frá gulri sendiferðabifreið sem staðið hafi við Vatnsstíg en gat ekki komið öikumanninum fyrir sig. Ritaði hann um að eiga erfitt með að gera sér grein fyrir ferðalokum í Reykjavík. Þá viðurkenndi hann sekt sína en ritaði um að geta ekki lýst aðkomu sinni frekar enda yrði það þá tilbúningur og skáldskapur fremur en lýsing staðreynda. Mundi hann ekki eftir aðkomu að líkflutningi.⁴³⁶⁸ Þá ritaði hann færslu í dagbók sína þremur dögum síðar, 17. desember 1976, um geðslag sitt. Hann fyndi ekki lengur til angistar, iðrunar og söknuðar heldur væri hann bara þreyttur, dapur og vænti einskis.⁴³⁶⁹ Sama dag var dómfelldi Kristján Viðar úrskurðaður í 150 daga áframhaldandi gæsluvarðhald.⁴³⁷⁰
2624. Daginn eftir ritaði dómfelldi Guðjón um slæmt andlegt ástand og vanlíðan í einangrunarvistinni. Hann væri alltaf að hugleiða sjálfsmorð og vissi alveg hvernig hann ætlaði sér að framkvæma það. Furðaði hann sig á því að heyra hvorki né sjá nafngreindan rannsóknarlögreglumann. Síðar ritaði hann: „Ég sit í gildrunni alveg merkilegt fífl sem ég get verið raunar alveg óvenjulegt og sjaldgæft fífl. Mér er til efs að annað eins hafi áður þekkt.“ Áfram ritaði Guðjón: „Það væri verðugt verkefni að gera grein fyrir því hvernig farið er í hundana svona hratt og auðveldlega.“⁴³⁷¹
2625. Enn ritaði dómfelldi Guðjón í dagbók sína, 22. desember 1976, um heimsókn frá fulltrúa yfirsakadómara og Gísla H. Guðjónssyni sem vildi gera á honum lygamælipróf. Ritaði dómfelldi um að hafa gefið samþykki sitt fyrir prófuninni en vildi þó ræða þetta við réttargæslumann sinn. Orðrétt ritaði hann: „Um er að ræða að lögr. vill ekki fallast á minnisleysi mitt, heldur sé þar um yfirhýlmingu að ræða. Ég hef ekkert á móti því að þetta sé athugað með nýjustu tækni.“ Ritaði Guðjón um að skilja sjónarmið lögreglumannanna afar vel. Hann gæti ekki búist við því að þeir tækju minnisleysi hans trúanlegt. Orðrétt ritaði hann: „Ekki væri nú amalegt að muna þetta allt og vita hvar líkið er og allt.“⁴³⁷² Um er að ræða sams konar prófun og endurupptökubeiðandi undirgekkst sem gekk út á að freista þess að leiða í ljós hvort hann væri að segja satt með því að mæla streitu í rödd hans með lygamæli sem byggði á raddgreiningu. Fyrir liggur að prófunin á dómfellda Guðjóni fór fram 31. desember

⁴³⁶⁶ Málsgrein 1033.

⁴³⁶⁷ Málsgrein 992.

⁴³⁶⁸ Málsgrein 1002.

⁴³⁶⁹ Málsgrein 1016.

⁴³⁷⁰ Málsgrein 1014.

⁴³⁷¹ Málsgrein 1020.

⁴³⁷² Málsgrein 1035.

- 1976.⁴³⁷³ Ritaði dómfelldi um að finnast sem hann hafi gert vitleysu þar en yfirheyrslurnar undanfarið hafi tekið á taugarnar.⁴³⁷⁴
2626. Hinn 23. desember 1976 ritaði dómfelldi Guðjón í dagbók sína um að hafa rætt við rannsóknarlögreglumann um lík, fundarstaði og viðskilnað dómfellda við félag hans í Reykjavík. Orðrétt ritaði hann: „Spurning hvort það er ég einn sem veit hvar líkið er? Um það þarf ég mikið að hugsa.“⁴³⁷⁵ Daginn eftir var bókað í dagbók Síðumúlafangelsisins að dómfelldi Guðjón hafi fengið að hitta fjölskyldu sína í húsakynnum sakadóms Reykjavíkur.⁴³⁷⁶ Ritaði dómfelldi í dagbók sína í kjölfarið um að eiginkona hans hafi hvatt hann til að segja allt af léttu en hann hafi sagt henni eins og væri að málið hefði þurrkast úr sínu heilabúi.⁴³⁷⁷ Var dómfelldi enn til yfirheyrslu vegna málsins 27. desember 1976 en í samantektarskýrslu var bókað að honum myndist sem hann hafi ekið austur Miklabraut í þeim tilgangi að koma líkinu fyrir. Bókað var að dómfelldi hafi nefnt ýmsa staði í þessu sambandi; Ártúnshöfða, hitaveitustokk og opinn skurð við Dalbraut en þær uppástungur hafi allar verið taldar ónothæfar. Hann hafi því skilið við þá þrjá í bifreiðinni, þar af einn látinn, fyrir utan heimili sitt og minnti að endurupptökubeiðandi hafi þá sagt þá munu sjá um rest. Hann myndi ekki eftir atburðum að Grettisgötu. Kvaðst hann halda að endurupptökubeiðandi hafi fengið hjá sér skóflu að láni.⁴³⁷⁸
2627. Líkt og rakið var í kafla VII.5.2.d.4 sýnist sem endurupptökubeiðanda hafi verið gefin ákveðin fyrirheit eða loforð vegna frammistöðu hans og þátttöku í að stuðla að framgangi rannsóknarinnar síðla árs 1976. Engin skrifleg gögn liggja fyrir um slíkt en á Þorláksmessu 1976 var bókað í dagbók Síðumúlafangelsisins um vilja rannsakenda til að umbuna endurupptökubeiðanda fyrir góða samvinnu. Fékk hann Morgunblaðið til lestrar og dóttur sína í heimsókn í fangelsið en þess var beinlínis getið í fangelsisdagbók að sú ráðstöfun væri alfarið á vegum rannsóknarnefndar Reykjavíkur sem færi með rannsókn Guðmundar- og Geirfinnsmálanna. Þá var endurupptökubeiðanda lofaður flutningur í Hegningarhúsið og var hann fluttur úr Síðumúlafangelsinu 31. janúar 1977 eftir 416 daga samfellda einangrunarvist.⁴³⁷⁹
2628. Meðal rannsóknargagna er handritað bréf dómfellda Guðjóns, líklega ritað 27. desember 1976, þar sem hann svaraði því meðal annars hvort endurupptökubeiðandi hafi sagt honum hvað hann hafi gert við líkið. Ritaði hann um að endurupptökubeiðandi hafi því miður ekki gert hann að trúnaðarmanni sínum í þessum efnum. Hann hafi komið málum þannig fyrir að sem fæstir vissu hvar margumrædd lík væru. Orðrétt ritaði dómfelldi Guðjón: „Herra vararíkissaksóknari og herra Schütz hafa í minni áheyrn slegið því föstu að fólk segi ekki ósatt eftir tólf mánaða gæsluvarðhald. Ef þetta er rétt og herra Sævar hefur gert sitt besta til að benda á þann stað þar sem hann kom margumræddu líki fyrir, en það samt ekki fundist, er aðeins hægt að draga

⁴³⁷³ Málsgreinar 1058–1059.

⁴³⁷⁴ Málsgrein 1059.

⁴³⁷⁵ Málsgrein 1037.

⁴³⁷⁶ Málsgrein 1038.

⁴³⁷⁷ Málsgrein 1039.

⁴³⁷⁸ Málsgrein 1042.

⁴³⁷⁹ Málsgrein 2326.

af því þær ályktanir að: a) aldrei hafi verið um neitt lík að ræða. b) líkinu hafi verið stolið af Sævari og hann hafi ekki hugmynd um hvar það sé.⁴³⁸⁰ Daginn eftir, 28. desember 1976, var dómfelldi Guðjón til yfirheyrslu. Aðspurður hvaða maður hafi komið að Lambhóli ásamt dómfelldu Erlu og endurupptökubeiðanda kvaðst hann halda að það hafi verið [IJ].⁴³⁸¹ Næsta dag dró dómfelldi Guðjón úr þeim framburði sínum. Greindi hann frá kynnum sínum af [IJ] og sagðist telja að hann hafi farið á eigin bifreið til Keflavíkur hafi hann farið þangað á annað borð. Taldi hann það með ólíkindum að farið hafi verið með líkið að Grettisgötu, en það væri þó hugsanlegt.⁴³⁸²

2629. Dómfelldi Guðjón var enn á ný til yfirheyrslu 29. desember 1976. Í samantektarskýrslu kom fram að hann hafi rakið málsatvik allt frá því endurupptökubeiðandi og dómfellda Erla hafi komið á Volkswagen bifreið að Lambhóli. Kvaðst hann nú muna eftir að hafa séð gulu sendiferðabifreiðina á leiðinni til Keflavíkur. Sagði hann það geta verið að hann hafi ekið milli húsa þannig að sést hafi í báta og því hafi hann sagt við þá tvo sem hafi farið út úr bifreiðinni: „Eruð þið sjómenn?“ Sagði hann það líkt sínu orðalagi en hann myndi ekki eftir að hafa sagt það. Greindi dómfelldi Guðjón frá því að sá sem hafi farið út úr bifreiðinni til að hringja hafi örugglega ekki verið klæddur líkt og vitni hafi gefið lýsingu um og fram hafi komið í blöðum. Því næst rakti dómfelldi Guðjón aðdraganda átakanna í Dráttarbrautinni. Minnti hann að dómfelldi Kristján Viðar hafi ekki komið aftur upp í bifreiðina eftir að hafa hringt úr Hafnarbúðinni og því hafi hann ekki verið viðstaddur þegar átökin hafi hafist. Kvaðst dómfelldi Guðjón muna eftir að hafa tekið Geirfinn hálstaki og taldi hann það geta hafa verið dánarorsök. Mundi hann ekki eftir barefli eða spýtu. Greindi hann frá því að daginn eftir hafi hann séð að Fiat bifreið sem hann hafði til afnota hafi verið óhreinni en vanalega og mold á gólfi fyrir framan aftursæti. Var dómfelldi Guðjón ítarlega spurður hvort hann gæti hafa tekið þátt í að koma líkinu fyrir og sagði hann það geta verið. Kvaðst hann viss um að ekki hafi verið kveikt í líkinu, hann hefði munað eftir því enda fáránlegt.⁴³⁸³ Fyrir liggur upplýsingaskýrsla dagsett sama dag þar sem fram kom að dómfelldi Guðjón hafi lagt það til að líki Geirfinns yrði komið fyrir í opnum skurði við Dalbraut sem hafi verið tilkominn vegna lagningu rafmagnskapals. Í skýrsluna var bókað um upplýsingar lögreglu þess efnis að jarðkapall hafi verið lagður um Dalbraut sumarið 1973.⁴³⁸⁴ Ritaði hann bréf til eiginkonu sinnar þennan sama dag um að hann sæti í rjúkandi rústum og vissi hvorki upp né niður í Geirfinnsmálinu.⁴³⁸⁵ Í kjölfarið ritaði dómfelldi Guðjón í dagbók sína um að fulltrúi yfirsakadómara hafi bent honum sérstaklega á að setja í sig hörku, brjóta niður stoltið og segja frá öllu. Þá ritaði hann um framangreinda yfirheyrslu og sagði enn skorta á sómasamlegar niðurstöður þrátt fyrir geysileg heilabrot.⁴³⁸⁶

⁴³⁸⁰ Málsgrein 1043.

⁴³⁸¹ Málsgrein 1047.

⁴³⁸² Málsgrein 1049.

⁴³⁸³ Málsgrein 1050.

⁴³⁸⁴ Málsgrein 1051.

⁴³⁸⁵ Málsgrein 1052.

⁴³⁸⁶ Málsgrein 1053.

2630. Daginn eftir, 30. desember 1976, var dómfelldi Guðjón yfirheyrður og farið með hann í vettvangsferð án þess að gerð hafi verið um það skýrsla.⁴³⁸⁷ Ritaði hann í dagbók sína um að rætt hafi verið látaust um hvar lík Geirfinns væri niðurkomið. Orðrétt ritaði hann: „Ýmislegt bendir til að ég sé að nálgast lausn málsins og m.a. það að ég skalf svo voðalega að ég ætlaði ekki að geta borðað.“ Yfirheyrslan hafi síðan endað með ferð á knattspyrnuvöll Kópavogs þar sem hann hafi talið lík Geirfinns þar falið.⁴³⁸⁸ Daginn eftir lýsti dómfelldi því í dagbókarfærslu hvernig hann væri að brotna niður, hann vissi varla hvað hann hétu lengur. Orðrétt ritaði hann í lok færslunnar: „Mikið vildi ég að Guð tæki mig til sín, ég er alveg að gefast upp. Amnesia. Hvar eru þessi lík? Hvernig á ég að vita það. Ég er með höfuðverk. Líður hræðilega.“⁴³⁸⁹
2631. Þrátt fyrir að rannsókn lögreglunnar í Reykjavík hafi staðið yfir í um ellefu mánuði hafði henni enn ekki tekist að hafa uppi á þeim fjölda bifreiða, sem öll dómfelldu báru um að hafi verið ekið til Keflavíkur 19. nóvember 1974 og notaðar í tengslum við atburði í Dráttarbrautinni. Líkt og fram hefur komið nefndi endurupptökubeiðandi að sendiferðabifreið af gerðinni Mercedes Benz, sem [SÓH] frændi dómfellda Kristjáns Viðars hafi ekið, væri ein þeirra þriggja sendiferðabifreiða sem hann þekkti til eða hefði haft afnot af árið 1974.⁴³⁹⁰
2632. Í tilefni af framburði endurupptökubeiðanda og Erlu, 9. og 13. desember 1976, var [SÓH] yfirheyrður sem vitni 13. desember 1976. Greindi hann frá tengslum sínum við dómfellda Kristján Viðar og kynnum af endurupptökubeiðanda. Kvaðst hann alveg viss um að hafa ekki farið til Keflavíkur 19. nóvember 1974. Sagðist hann aldrei hafa komið í Dráttarbrautina enda ekki átt þangað erindi. Rámaði hann í að hafa flutt eitthvað dót fyrir dómfelldu Erlu í hús við Hjallaveg en taldi sig hafa verið á Ford Mustang bifreið, enda hafi búslóðin ekki verið mikil. Mundi hann ekki eftir að hafa notað sendibifreið í þágu þessa fólks. Framburður endurupptökubeiðanda var borinn undir hann um aðkomu hans að málinu og lýsti [SÓH] því yfir að hann væri helber ósannindi.⁴³⁹¹ Var [SÓH] vistaður í Síðumúlafangelsinu um nóttina.⁴³⁹² Daginn eftir var hann færður til yfirheyrslu þar sem hann lýsti því yfir að eftir langar samræður ætlaði hann að segja sannleikann. Greindi hann frá því að dómfelldi Kristján Viðar hafi talið hann á að aka sendiferðabifreið til Keflavíkur til að sækja eitthvað. Sagði hann það geta hafa verið í kringum 19. nóvember 1974. Þennan umrædda dag hafi hann gert við gula Mercedes Benz sendiferðabifreið í eigu [JPW] og ekið henni svo að Vatnsstíg um klukkan 21:00. Bókað var að hann hafi svarið að engir aðrir menn hafi verið í sendiferðabifreiðinni og ekki heldur [GuV], fangavörður í Hegningarhúsinu. Dómfelldi Kristján Viðar hafi komið að og sagt honum að aka til Keflavíkur og bíða þar fyrir utan bæinn. Þegar þangað hafi verið komið hafi hann fengið fyrirmæli frá dómfellda Kristjáni Viðari um að aka inn í Dráttarbrautina. Kvaðst [SÓH] hafa lagt rétt hjá bryggju en að hálf tíma liðnum hafi endurupptökubeiðandi sagt honum að fara

⁴³⁸⁷ Málsgrein 1055.

⁴³⁸⁸ Málsgrein 1056.

⁴³⁸⁹ Málsgrein 1059.

⁴³⁹⁰ Málsgrein 924.

⁴³⁹¹ Málsgrein 990.

⁴³⁹² Málsgrein 988.

þar sem ekkert yrði úr neinu. Hann hafi heyrt mannamál í gegnum rifu á glugga bifreiðarinnar en ekki tekið eftir átökum. Hann hafi ekið heim að Grettisgötu 82 og dómfelldi Kristján komið þangað um nóttina, en þeir hafi oftast sofnað í sama herbergi. Kvaðst [SÓH] ekki hafa orðið var við flutninga inn í kjallarann. Orðrétt var haft eftir honum: „Að þetta kvöld hefðu átt sér stað atburðir í sambandi við Geirfinn hugsaði ég ekki fyrr en síðar þegar búið var að taka Kristján fastan og blöðin skrifuðu um málið.“⁴³⁹³ Í handritaðri frásögn [SÓH] sem líklega var gerð á sama tíma ritaði hann um að hafa fengið sendiferðabifreiðina að láni og sótt hana á horni Grettisgötu og Skólavörðustígs en hann hafi notað lykil sem hann hafi haft sjálfur.⁴³⁹⁴ Var [SÓH] færður fyrir sakadóm Reykjavíkur síðar sama dag, 14. desember 1976, með réttarstöðu sakbornings. Bókað var um framburð hans þann dag og tók dómariinn frest til ákvörðunar um gæsluvarðhald.⁴³⁹⁵ Í kjölfarið var hann færður aftur í klefa í Síðumúlafangelsið.⁴³⁹⁶

2633. Dómfelldi Kristján Viðar var yfirheyrður vegna málsins sama dag, 14. desember 1976. Bar hann um að endurupptökubeiðandi hafi beðið hann um að útvega sendiferðabifreið og hann hafi því hringt í [SÓH] sem hafi síðan komið á Mercedes Benz sendiferðabifreið á Vatnsstíg umrætt kvöld. Greindi dómfelldi Kristján Viðar frá því að önnur sendiferðabifreið, blá að lit, hafi staðið neðar í götunni. Kvaðst dómfelldi ekki hafa vitað af [SÓH] í Dráttarbrautinni fyrr en atburðirnir þar hafi verið yfirstaðnir. Taldi dómfelldi það útilokað að hann hafi orðið vitni að einhverju, en einhver strákur hafi verið með honum í sendiferðabifreiðinni sem hann kannaðist við en vissi ekki nafnið á.⁴³⁹⁷
2634. Líkt og rakið var að framan bar dómfelldi Kristján Viðar um það í skýrslu 3. desember 1976 að [GuV], fangavörður í Hegningarhúsinu, hafi verið staddur í Dráttarbrautinni umrætt kvöld íklæddur appelsínugulum sjóstakk.⁴³⁹⁸ Var [GuV] yfirheyrður af lögreglu þennan sama dag, vegna gruns um að gul Mercedes Benz sendiferðabifreið sem hann ók á árinu 1974 hafi verið í Keflavík kvöldið sem Geirfinnur hvarf. Greindi hann frá því að bifreiðin hafi verið í eigu [JPW]. Mundi hann ekki eftir því að nokkur hafi fengið sendiferðabifreiðina lánaða, en mögulegt væri að henni hafi verið stolið án þess að hann hafi tekið eftir því. Taldi hann það afar ólíklegt að bifreiðin hafi verið tekin í heimildarleysi umrætt kvöld. Aðspurður kvaðst hann ekkert kannast við [SÓH].⁴³⁹⁹ Eigandi sendiferðabifreiðarinnar, [JPW], var yfirheyrður í kjölfarið og staðfesti hann að [SÓH] hafi ekið bifreiðinni um sumarið 1974. Auk þess sem [SÓH] hafi oft fengið hana lánaða eftir að hann hætti akstri enda hafi hann sinnt viðgerðum á bifreiðinni. Sagði [JPW] það allt eins geta hafa verið 19. nóvember 1974 eins og á öðrum tíma. Hægt hafi verið að gangsetja bifreiðina með ýmsu öðru en lykli. Í skýrslu um yfirheyrsluna var bókuð sú ályktun lögreglu að [SÓH] hafi getað tekið

⁴³⁹³ Málsgrein 993.

⁴³⁹⁴ Málsgrein 994.

⁴³⁹⁵ Málsgrein 1000.

⁴³⁹⁶ Málsgrein 1001.

⁴³⁹⁷ Málsgrein 996.

⁴³⁹⁸ Málsgrein 2604.

⁴³⁹⁹ Málsgrein 997.

sendibifreiðina og skilað henni aftur á sama stað án þess að sá sem hafi verið umráðamaður hennar á þeim tíma hafi orðið þess var.⁴⁴⁰⁰

2635. Að kvöldi 14. desember 1976 var [SÓH] enn yfirheyrður vegna málsins. Kvaðst hann vilja bæta við framburð sinn og breyta nokkru. Sagði hann eiganda bifreiðarinnar hafa lánað sér hana svo framarlega sem hún væri ekki í notkun. Kvaðst [SÓH] hafa haft lykil að bifreiðinni og því ekki haft samband við umráðamann hennar. Hann hafi ekki séð mannaferðir í Dráttarbrautinni en heyrt óljóst mannamál. Á leiðinni heim að Grettisgötu 82 hafi hann komið við á Umferðarmiðstöðinni og tekið hráolíu. Síðan hafi hann lagt bifreiðinni fyrir utan heimili sitt um nóttina en farið með hana á sama stað og hann tók hana rétt fyrir klukkan 08:00 morguninn eftir. Var [SÓH] síðan sleppt úr haldi skömmu fyrir miðnætti.⁴⁴⁰¹
2636. Líkt og að framan greinir ritaði dómfelldi Guðjón, í skriflegri greinargerð til rannsakenda 24. nóvember 1976, um ferð til Keflavíkur á ljósblárrí Volkswagen bifreið.⁴⁴⁰² Þá bar hann á sama hátt í yfirheyrslu hjá lögreglu, 29. nóvember 1976, en kvaðst ekki hafa vitað hver hafi verið eigandi bifreiðarinnar og sagði það mögulegt að hún hafi komið af bifreiðaleigu.⁴⁴⁰³ Fram að því höfðu aðrir dómfelldu hvorki nefnt slíka bifreið í framburðum sínum í tengslum við málið né borið um að tekin hafi verið bifreið á leigu. Í kjölfarið gerði lögregla athugun á því hjá öllum bifreiðaleigum borgarinnar hvort aðilar tengdir Geirfinnsmálinu hafi verið með bifreið á leigu á umræddum tíma. Leiddi athugunin í ljós að í leigusamningum frá umræddum tíma væri ekki að finna nöfn þeirra.⁴⁴⁰⁴ Fjórum dögum eftir framangreindan framburð dómfellda Guðjóns, 3. desember 1976, var dómfellda Erla yfirheyrð og bar þá í fyrsta sinn um að hafa tekið ljósbláa Volkswagen bifreið á leigu hjá bifreiðaleigunni Geysi.⁴⁴⁰⁵ Hinn 7. desember 1976 var endurupptökubeiðandi síðan farinn að bera um akstur í Volkswagen bifreið á leið til Keflavíkur.⁴⁴⁰⁶ Tveimur dögum síðar, 9. desember 1976, bætti endurupptökubeiðandi enn við framburð sinn í þessum efnum og bar um að ljósblá Volkswagen bifreið hafi verið tekin á leigu hjá bifreiðaleigunni Geysi.⁴⁴⁰⁷ Hinn 14. janúar 1977 bar dómfelldi Kristján Viðar, síðastur dómfelldu, um að ekið hafi verið til Keflavíkur á ljósblárrí Volkswagen bifreið.⁴⁴⁰⁸
2637. Hinn 21. desember 1976 var [GM], fyrrum starfsmaður bílaleigunnar Geysis, yfirheyrður af lögreglu sem vitni. Kvaðst hann aðspurður þekkja lítilla endurupptökubeiðanda og dómfelldu. Greindi hann frá því að hafa starfað á bílaleigunni þar til hann hafi verið rekinn í janúar 1976 en þá hafi komist upp að hann hafi leigt bifreiðar án samnings og dregið sér fjármuni bílaleigunnar. Bílaleigan hafi haft yfir að ráða 48 fólksbifreiðum af gerðinni Volkswagen, ljósbláum að lit.

⁴⁴⁰⁰ Málsgrein 998.

⁴⁴⁰¹ Málsgrein 1001.

⁴⁴⁰² Málsgrein 2595.

⁴⁴⁰³ Málsgrein 916.

⁴⁴⁰⁴ Málsgrein 959.

⁴⁴⁰⁵ Málsgrein 944.

⁴⁴⁰⁶ Málsgrein 962.

⁴⁴⁰⁷ Málsgrein 970.

⁴⁴⁰⁸ Málsgrein 1131.

Bifreiðarnar hafi allar verið kaskótryggðar fram til vorsins 1975 en upp frá því hafi það komið alloft fyrir að hann hafi leigt þær út án samnings og stungið leigutekjum í vasann. Mundi hann eftir því að hafa leigt endurupptökubeiðanda og dómfellda Guðjóni bifreið sumarið 1974. Síðar hafi endurupptökubeiðandi og dómfellda Erla komið en vitnið mundi ekki hvenær. Sumarið 1975 hafi dómfellda Erla leigt af honum nokkrar bifreiðar og tók vitnið ekki fyrir þann möguleika að hann hafi lánað dómfelldu bifreið í skiptum fyrir þrif á íbúð hans. Kvaðst hann ekki geta útilokað að dómfellda Erla hafi þrifið íbúð hans í nóvember 1974. Kvaðst hann örugglega ekki hafa lánað dómfelldu Erlu og endurupptökubeiðanda bifreið án samnings fyrr en eftir að bifreiðarnar hafi verið teknar úr kaskótryggingu vorið 1975. Hann hafi aldrei lánað bifreið án samnings fyrr en eftir það tímamark. Var framburður endurupptökubeiðanda um að hafa leigt bifreið án samnings borinn undir vitnið og sagði hann það vel geta passað en þó alls ekki á árinu 1974 heldur mögulega eftir mitt ár 1975.⁴⁴⁰⁹

2638. Beint í kjölfar yfirheyrslunnar var dómfelldi Guðjón yfirheyrður. Í samantektarskýrslu var bókað að dómfelldi Guðjón hafi sagst ekki vita fyrir víst hvar Volkswagen bifreiðin hafi verið fengin en talið sennilegt að hún hafi verið frá bílaleigunni Geysi. Þá greindi hann frá því að hafa séð mann á Lambhóli sem hafi líkst lýsingu vitna á þeim sem hafi hringt úr Hafnarbúðinni. Sá hafi verið í ljósum leðurjakka, 20 til 30 ára gamall, meðalmaður að vexti og ljósskolhærður. Sagði dómfelldi það geta verið að maðurinn hafi verið farþegi í bifreiðinni til Keflavíkur. Bókað var að dómfellda Guðjóni fyndist sem einn mann vantaði enn í málið.⁴⁴¹⁰
2639. Dómfelldi Guðjón ritaði færslu í dagbók sína, 1. janúar 1977, um mikla vanlíðan. Hann hafi borið ákveðið mál undir fangelsisprestinn sem vörðuðu meðal annarra tvo fulltrúa yfirsakadómara. Fangelsispresturinn hafi sagt: „Enga samninga.“ Hann ætti að bera allt undir lögfræðing. Ritaði dómfelldi Guðjón um að vera að missa vitið. Orðrétt ritaði hann í dagbókina: „Það er verið að reyna að semja við mig undir borðið. Reyna að blekkja uppúr mér upplýsingar sem ég jafnvel hef ekki. Hvað ætlar Örn sér? Af hverju steypist hann hér inn allt í einu?“ Hann þyrfti að ræða við rannsóknar-lögreglumann um efasemdir sínar um staðinn og útkomuna úr yfirheyrslum síðustu daga.⁴⁴¹¹ Daginn eftir ritaði hann færslu í dagbók sína um andvökunætur og slæma andlega líðan. Orðrétt ritaði hann: „Mér finnst ég flæktur í einhvern ótrúlegan lygavef þar sem varla rofar til, sér aldrei heiðan himinn. Success is harder to swallow than failure. Gaman verður þegar búið er að upplýsa þetta Geirfinnsmál. Það er eitthvað bogið við það mál, sérstaklega þykir mér minnisleysi einkennilegt, þetta hefur aldrei hent mig ódrukkinn að muna ekki neitt. Hvað var þarna um að vera, fór ég aldrei 19/11 74 til Keflavíkur heldur eitthvert annað kvöld?“ Ritaði dómfelldi um vangaveltur sínar tengdar því að rannsóknaraðilar virtust ekki trúa framburðum endurupptökubeiðanda og dómfellda Kristjáns Viðars um líkflutninga úr Keflavík og fleira. Þarna væri gott gat fyrir hann. Þeir hafi viljað trúu honum og

⁴⁴⁰⁹ Málsgrein 1029.

⁴⁴¹⁰ Málsgrein 1030.

⁴⁴¹¹ Málsgrein 1062.

íþróttavellinum.⁴⁴¹² Næsta dag ritaði dómfelldi um að hafa óskað eftir því við fulltrúa yfirsakadómara að fá að lesa framburð sinn yfir aftur þar sem honum fyndist sem búið væri að rugla hann í málinu.⁴⁴¹³

2640. Líkt og rakið hefur verið var dómfelldi Kristján Viðar vistaður í Hegningarhúsinu á þessum tíma. Fyrir liggur að andlegri líðan hans fór mjög hrakandi og reyndi hann tvívegis að svipta sig lífi í varðhaldinu. Áréttað skal að á þeim tíma hafði dómfelldi Kristján Viðar sætt óvenju langvinnri einangrunarvist eða í rúmt ár.
2641. Endurupptökubeiðandi var yfirheyrður 7. janúar 1977 vegna málsins um þau fyrirmæli sem hann hafi gefið Geirfinni í síma fyrir fundinn í Hafnarbúðinni. Sérstaklega aðspurður kvað endurupptökubeiðandi það öruggt að hann hafi sagt Geirfinni að koma einsamall og fótgangandi. Greindi hann frá því hvernig hann hafi komist yfir símanúmer Geirfinns og ritað það á miða. Þá bar hann aftur og ítarlegar um afdrif blárrar kápu sem dómfellda Erla hafi gleymt í Keflavík og notuð var til að hylja lík Geirfinns á leiðinni til Reykjavíkur.⁴⁴¹⁴
2642. Sama dag var kunningi Geirfinns, sem fór með honum í Klúbbinn 17. nóvember 1974, yfirheyrður vegna málsins. Greindi hann frá því að Geirfinnur hafi rætt við mann í stiganum milli 2. og 3. hæðar Klúbbsins. Virtist vitninu sem þeir hafi þekkt og fannst honum sem hann hafi séð manninn áður, en gat þó ekki komið honum fyrir sig. Lýsti hann manningnum með eftirfarandi hætti: „Þessi maður kom mér þannig fyrir sjónir, að hann væri um 25–30 ára að aldri, grannvaxinn og mér fannst hann vera hávaxinn þar sem hann sat, en ég veitti honum ekki nána athygli í fyrstu. Ég man að hann var frekar ljóshærður, eða skolhærður, en ekki man ég eftir klæðnaði hans.“⁴⁴¹⁵
2643. Meðal rannsóknargagna er sjöunda vikuskýrsla Karls Schütz til dómsmálaráðherra, dagsett 7. janúar 1977. Fjallað er um skýrsluna í kafla VII.5.2.d.6. Fullyrt var að framburður [SÓH] bæri í meginatriðum saman við framburði endurupptökubeiðanda og dómfellda Kristjáns Viðars og félli þannig að öllu leyti inn í heildarmynd verknaðarins. Í skýrslunni kom jafnframt fram að sá möguleiki væri fyrir hendi að starfsmaður bílaleigunnar Geysis hafi lánað endurupptökubeiðanda eða dómfelldu Erlu bifreið þann 19. nóvember 1974 en starfsmaðurinn hafi í yfirheyrslu hjá lögreglu ekki þóst muna það. Þá hafi dómfelldi Guðjón valdið rannsakendum erfiðleikum við að upplýsa málið frekar eftir áramótin 1976–1977 þar sem hann hafi lýst yfir efasemdum um að hafa verið með í Keflavík. Tengdi Schütz vafa dómfellda beint við lygamæliprófið sem Gísli H. Guðjónsson sálfræðinemi lagði fyrir hann 31. desember 1976. Rannsakendur hafi skynjað algjöra breytingu á dómfellda í kjölfarið en hann hafi sagt eitthvað á þá leið: „Ætti ég kannski að taka til baka allt sem ég hef sagt?“ Taldi Schütz augljóst að Gísli hafi lofað dómfellda að niðurstöður myndu liggja fyrir 12. janúar 1977 um það hvort hann hefði verið með í Keflavík. Sálfræðiprófið hafi verið í algjörri mótsögn við þær aðferðir sem rannsóknarnefndin hafi beitt með góðum

⁴⁴¹² Málsgrein 1064.

⁴⁴¹³ Málsgrein 1066.

⁴⁴¹⁴ Málsgrein 1077.

⁴⁴¹⁵ Málsgrein 1079.

árangri, að sannfæra dómfellda um að best væri að segja sannleikann og að minnisglompur hans væru ekki trúverðugar. Ritaði Schütz upp dæmi um spurningar sem lagðar höfðu verið fyrir dómfellda í prófuninni. Dæmin áttu það öll sameiginlegt að vera lokaðar spurningar sem gáfu fáa svarmöguleika, svo sem „já“, „nei“ eða „veit ekki“. Ritaði Schütz um að þess hafi verið að vænta að dómfelldi Guðjón myndi upplýsa um síðustu vafaatriðin, en nú væri búið að stefna því í hættu.⁴⁴¹⁶

2644. Endurupptökubeiðandi var yfirheyrður í tvígang, 10. janúar 1977, annars vegar um símtal til Geirfinns úr íbúð Guðjóns 18. nóvember 1974 og hins vegar um klæðnað Geirfinns.⁴⁴¹⁷ Þá var hann jafnframt beðinn um að gera grein fyrir ferðum sínum aðfaranótt 20. nóvember 1974 og greindi endurupptökubeiðandi frá á sama veg en kvaðst nú ekki geta munað fyrir víst hvort hann hafi gist á heimili dómfellda Kristjáns Viðars. Þá sagðist hann ekki muna eftir að hafa séð [SÓH] á Grettisgötunni umrædda nótt.⁴⁴¹⁸ Dómfelldi Guðjón var yfirheyrður í þrígang sama dag, í fyrsta lagi um símtal sem endurupptökubeiðandi hafi átt á heimili hans 18. nóvember 1974, í öðru lagi um sjoppu í Keflavík þar sem endurupptökubeiðandi hafi farið inn en horfið frá vegna mannfjölda og í þriðja lagi um klæðnað Geirfinns. Meðal rannsóknargagna eru þrjár skýrslur um framangreindar yfirheyrslur, en dómfelldi Guðjón neitaði að undirrita þær þar sem hann hafi greint frá þessum atriðum áður. Í síðastgreindu yfirheyrslunni kvaðst dómfelldi Guðjón draga það í efa að hann gæti tjáð sig um þetta atriði, hann gæti ekki sagt til um hvort sá maður sem komið hafi inn í bifreiðina í Keflavík hafi verið Geirfinnur. Hann hafi ekki þekkt Geirfinn. Eina lýsingin sem hann hefði á fatnaði væri sú sem hann hafi lesið í dagblaði þegar greint hafi verið frá hvarfi Geirfinns. Mundi hann eftir að rætt hafi verið um að Geirfinnur hafi verið í kuldaúlpu, gráblárri. Þorði hann ekki að slá því föstu hvort sú lýsing væri úr dagblaðinu eða á manninum sem hafi komið inn í bifreiðina í umrætt sinn.⁴⁴¹⁹
2645. Daginn eftir, 11. janúar 1977, var dómfellda Erla yfirheyrð í tvígang vegna málsins í fyrsta sinn eftir að henni var sleppt úr gæsluvarðhaldi 22. desember 1976. Aðspurð kvaðst hún muna það örugglega að Geirfinnur hafi verið í dökkri kuldaúlpu. Þá gaf hún upplýsingar um sjoppu þar sem endurupptökubeiðandi hafi gert tilraun til að hringja í Geirfinn en þurft frá að hverfa vegna mannfjölda.⁴⁴²⁰ Aðspurð hvort hún hafi fengið leigða bifreið hjá bifreiðaleigu Karnabæjar gegn því að taka til á heimili starfsmanns leigunnar kvaðst dómfellda Erla hafa gert það einhvern tímann í nóvember 1974 og sagði það geta hafa verið 19. nóvember 1974.⁴⁴²¹
2646. Hinn 11. janúar 1977 leitaði lögregla upplýsinga hjá starfsmönnum Dráttarbrautarinnar í Keflavík um hvort bátur eða trilla hafi verið þar við bryggju 19. nóvember 1974. Fram kom að útilokað væri að bátar eða trillur hafi verið geymdar þar næturlangt vegna sjávarfalla. Samkvæmt bókhaldi fyrirtækisins hafi enginn bátur verið

⁴⁴¹⁶ Málsgrein 1082.

⁴⁴¹⁷ Málsgreinar 1095–1096.

⁴⁴¹⁸ Málsgrein 1097.

⁴⁴¹⁹ Málsgrein 1099.

⁴⁴²⁰ Málsgrein 1107.

⁴⁴²¹ Málsgrein 1108.

tekinn upp í Dráttarbrautina í nóvember 1974. Þá var upplýst að flesta daga væri eitthvað af spýtum í Dráttarbrautinni þar sem þar færi fram viðgerð á trébátum.⁴⁴²²

2647. Meðal rannsóknargagna er skýrsla unnin af tveimur rannsóknarlögreglumönnum, dagsett 11. janúar 1977, um akstursmælingar milli staða sem höfðu þá komið fram við rannsókn málsins. Í skýrslunni kom fram að þeir hafi ekið leiðina á Volvo fólksbifreið og notast við tvær skeiðklukkur og stillanlegan vegmæli bifreiðarinnar til að mæla vegalengdir milli staða. Í skýrslunni kom fram að rannsóknarlögreglumennirnir hafi sjálfir valið akstursleiðir þar sem upplýsingar um hvaða leiðir hafi verið eknar lægju ekki fyrir. Í tímamælingunni var ekki gert ráð fyrir þeim tíma sem fór í stans á hverjum stað. Inn í mælingarnar var reiknaður sá tími sem það tók rannsóknarlögreglumennina að ganga frá Pípugerðinni og niður að Dráttarbrautinni og aftur til baka. Þá liggur fyrir önnur skýrsla, rituð af einum rannsóknarlögreglumanni, með áætluðum komu- og brottfarartíma þar sem reiknað var með biðtíma í samræmi við framburð dómfelldu. Tekið var fram í skýrslunni að dómfelldu hafi borið um að hafa verið orðin of sein á stefnumótið í Keflavík og því hafi verið reiknað með stuttum biðtíma á hverjum stað. Í skýrslunni sagði að fram hafi komið í málinu að áætlaður brottfarartími frá Kjarvalsstöðum hafi verið um klukkan 20:40 og upphaf ferðarinnar því miðað við það. Komutími að Hafnarbúðinni í Keflavík var samkvæmt niðurstöðum mælinga klukkan 22:08 og var reiknað með þriggja mínútna biðtíma þar. Þá var reiknaður sá tími sem það tók dómfelldu að aka frá Hafnarbúðinni að pípugerðinni og aftur til baka að Hafnarbúðinni, með viðkomu á Aðalstöðinni, allt að meðtöldum einnar til þriggja mínútna biðtíma á hverjum stað. Var niðurstaða lögreglu sú að með þessu hafi dómfelldu verið komin aftur að Hafnarbúðinni klukkan 22:20.⁴⁴²³
2648. Endurupptökubeiðandi var yfirheyrður 12. janúar 1977. Sérstaklega aðspurður hvort hann hafi séð bát við bryggjuna í Dráttarbrautinni kvaðst hann engan bát hafa séð þar og sagði sögur um bátinn uppspuna.⁴⁴²⁴ Daginn eftir var dómfelldi Kristján Viðar yfirheyrður í tvö skipti vegna málsins. Aðspurður um klæðnað Geirfinns sagði hann Geirfinn hafa verið í dökkri kuldaúlpu og dökkum buxum. Greindi dómfelldi ítarlega frá því hvernig þeir hafi borið sig að við flutning á líki Geirfinns inn í kjallara hússins við Grettisgötu 82. Bar hann í fyrsta sinn um að líkið hafi verið lagt ofan á rimlabekk í þvottahúsinu og teppi breitt yfir það. Síðan hafi líkið verið flutt inn í geymslu sem hægt hafi verið að læsa. Þá viðurkenndi dómfelldi Kristján Viðar að hafa tekið seðlaveski og penna af líki Geirfinns. Hann hafi skolað veskinu niður í salerni eftir að hafa tekið úr því 5.000 krónur, en sagðist þegar hafa afhent rannsakendum pennann. Aðspurður um sjoppuna sem endurupptökubeiðandi hafi farið í til að hringja, greindi dómfelldi Kristján Viðar frá því að dómfelldi Guðjón hafi ekið að einhverri sjoppu í þeim tilgangi. Hann gæti ekki staðsett sjoppuna nánar þar sem hann væri ókunnugur í Keflavík.⁴⁴²⁵

⁴⁴²² Málsgrein 1112.

⁴⁴²³ Málsgrein 1116.

⁴⁴²⁴ Málsgrein 1120.

⁴⁴²⁵ Málsgrein 1126.

2649. Dómfelldi Kristján Viðar var enn til yfirheyrslu næsta dag, 14. janúar 1977, í rúmar átta klukkustundir. Fyrir liggur bókun í dagbók Hegningarhússins að dómfelldi hafi verið úr húsi milli klukkan 14:40 og 05:35. Í samantektarskýrslu um yfirheyrsluna greindi dómfelldi ítarlega frá atvikum allt frá því að hann tók mann tali í stiganum á 2. hæð Klúbbsins. Sagði hann hugsanlegt að þetta hafi verið 17. nóvember 1974 og að maðurinn hafi verið Geirfinnur Einarsson. Greindi dómfelldi Kristján Viðar frá því að endurupptökubeiðandi hafi hringt daginn eftir, 18. nóvember 1974, og beðið hann um að koma í spíraleiðangur. Að beiðni endurupptökubeiðanda kvaðst dómfelldi hafa haft samband við [SÓH] og beðið hann um að koma á sendiferðabifreið að Vatnsstíg milli klukkan 20:00 og 20:30 umrætt kvöld. Þangað hafi hann komið á gulri Mercedes Benz sendiferðabifreið. Kvaðst dómfelldi Kristján Viðar hafa, að beiðni endurupptökubeiðanda, sagt [SÓH] að aka til Keflavíkur. Endurupptökubeiðandi hafi vísað [SÓH] leiðina því dómfelldi Kristján Viðar kvaðst hafa verið undir miklum lyfjaáhrifum og því átt erfitt með að fylgja leiðbeiningum endurupptökubeiðanda. Því næst bar dómfelldi í fyrsta sinn um að hafa farið á ljósblárri Volkswagen bifreið ásamt endurupptökubeiðanda, dómfelldu Erlu og Guðjóni. Því næst rakti hann ferðina til Keflavíkur, samtal dómfellda Guðjóns og endurupptökubeiðanda á leiðinni suður eftir og bensínstopp mögulega í Hafnarfirði. Þá greindi hann frá því að hafa sagt [SÓH] að aka inn í Dráttarbrautina og lýsti því hvar hann og endurupptökubeiðandi hafi keypt sígarettur og súkkulaði í Hafnarbúðinni um klukkan 22:00. Því næst hafi verið ekið að Dráttarbrautinni þar sem [SÓH] hafi verið tjáð að bíða rólegum. Síðan hafi verið ekið að sjoppu þar sem endurupptökubeiðandi hafi farið inn til að hringja en of margt fólk hafi verið þar. Því næst hafi verið ekið að Hafnarbúðinni þar sem dómfelldi Kristján Viðar hafi fengið miða með nafni og símanúmeri Geirfinns frá dómfellda Guðjóni ásamt fyrirmælum um hvað hann hafi átt að segja. Bókuð var orðrétt lýsing dómfellda Kristjáns Viðars á símtalínu, meðal annars um að Geirfinnur hafi spurt hvort Maggi væri þarna, hvar dómfelldi væri og hver hann væri. Geirfinnur hafi síðan komið inn í bifreiðina og lýsti dómfelldi Kristján Viðar því þegar hann hafi kastað bunti af 5.000 króna seðlum í gólf bifreiðarinnar. Bókaðar voru orðréttar lýsingar dómfellda Kristjáns Viðars á viðbrögðum hans við því athæfi. Þegar í Dráttarbrautina var komið hafi rifrildi þeirra breyst í átök og lýsti dómfelldi þætti hvers og eins í þeim. Greindi hann frá því að hafa, ásamt endurupptökubeiðanda, beitt 80 sentímetra langri spýtu í átökunum. Endurupptökubeiðandi hafi sagt dómfelldu Erlu að koma sér í burtu svo hún lenti ekki í vandræðum ef lögreglan kæmi. Þá hafi þeim verið það ljóst að Geirfinnur væri látinn. Endurupptökubeiðandi hafi viljað flytja líkið í Volkswagen bifreiðinni og lýsti dómfelldi Kristján Viðar því hvernig líkinu var komið fyrir í sitjandi stellingu í aftursæti bifreiðarinnar. Minnti dómfellda að kápa Erlu hafi verið breidd yfir hann. Greindi hann frá því að hafa sagt [SÓH] að fara þar sem ekkert yrði úr flutningnum. Sendibifreiðin hafi hvorki verið í sjónmáli við Volkswagen bifreiðina né vettvang atakanna og því hafi verið útilokað fyrir hann að sjá nokkuð. Þar að auki hafi [SÓH] legið út af í sætinu. Á leiðinni hafi verið ræddir mögulegir felustaðir, svo sem Álftanes og hitaveitustokkur, en ákveðið að fara með líkið að Grettisgötu 82. Lýsti dómfelldi Kristján Viðar því með sama hætti og í yfirheyrslu daginn áður hvernig þeir hafi borið sig að við líkflutninginn í geymsluna. Kvaðst hann hafa

sparkað geymsluhurðinni upp þar sem hann hafi ekki haft lykla. Greindi dómfelldi frá því að [SÓH] hafi komið um nóttina og spurt hvað hafi gerst í Dráttarbrautinni en hann hafi ekkert viljað segja honum. Næst greindi dómfelldi Kristján Viðar frá atvikum 21. nóvember 1976 þegar endurupptökubeiðandi og dómfellda Erla hafi komið á Land Rover bifreið og lík Geirfinns hafi verið flutt í Rauðhóla. Komið hafi verið við á bensínafgreiðslustöð við Ártúnshöfða þar sem dómfellda Erla eða endurupptökubeiðandi hafi keypt bensín á plastbrúsa. Lýsti hann í framhaldinu atburðum í Rauðhólum þar sem lagður hafi verið eldur að líkinu og það grafið. Tók dómfelldi Kristján Viðar það fram að í júní 1976 hafi hann fullyrt um aðild fjögurra manna að málinu. Sagði hann það rangminni sitt að þrír þeirra hafi tekið þátt í atburðunum en nú hafi honum verið tjáð að fjórði maðurinn, dómfelldi Guðjón, hafi játað aðild. Lýsti hann því yfir að atriði í fyrri framburðum sem ekki væru í samræmi við þessa skýrslu væru ekki rétt. Í lok skýrslunnar var orðrétt bókað: „Kristjáni Viðari er ljóst, að skýrslutaka þessi hefur farið fram úr 6 klst. en var lokið að eigin ósk.“⁴⁴²⁶ Þess skal getið að réttargæslumaður dómfellda var ekki viðstaddur yfirheyrsluna og engar upplýsingar liggja fyrir um að honum hafi verið gert aðvart. Fyrir liggur að dómfelldi kom fyrir sakadóm Reykjavíkur 18. janúar 1977 ásamt réttargæslumanni sínum og skýrði frá málsatvikum til samræmis við framangreinda skýrslu. Vildi hann þó koma að þeirri leiðréttingu á framburðinum að þeir hafi ekki notað nema um einn líter af bensíni þegar þeir kveiktu í líkinu. Þá kvaðst hann hafa verið undir lyfjaáhrifum í Dráttarbrautinni og ekki getað fundið út úr því sjálfur hvort Geirfinnur væri látinn.⁴⁴²⁷

2650. Fyrir liggur að lögreglan rannsakaði sérstaklega penna sem dómfelldi Kristján Viðar afhenti í gæsluvarðhaldinu og sagðist hafa tekið af líki Geirfinns. Voru aðstandendur, vinnuveitandi og fleiri aðilar yfirheyrðir um pennann án þess að það hafi leitt neitt frekar í ljós.⁴⁴²⁸
2651. Endurupptökubeiðandi var til yfirheyrslu vegna málsins 19. janúar 1977 þar sem lagðar voru fyrir hann spurningar um misræmi í skýrslu hans frá 9. desember 1976 annars vegar og skýrslu dómfellda Kristjáns Viðars frá 14. janúar 1977 hins vegar. Náðist samræmi í framburði þeirra um ferðir Mercedes Benz sendiferðabifreiðarinnar og samtöl við [SÓH]. Aðspurður um bensínstopp á leiðinni til Keflavíkur kvaðst endurupptökubeiðandi alls ekki muna eftir slíku. Þá var framburður dómfellda Kristjáns Viðars um samtal endurupptökubeiðanda og dómfellda Guðjóns á leiðinni suður eftir borinn undir endurupptökubeiðanda. Kvaðst endurupptökubeiðandi ekki muna orðalagið en rétt hafi verið um að pressa á manninn til að gefa upplýsingar. Aðspurður kvaðst hann ekki geta lýst nánar aðdraganda þess að Geirfinnur hafi látist en hann hafi gert 9. desember 1976.⁴⁴²⁹ Sama dag var dómfelldi Guðjón yfirheyrður í þrjúgang. Í fyrsta lagi um tvær skóflur sem hann taldi endurupptökubeiðanda hafa vitað að hann hefði umráð yfir, í öðru lagi um símtal á heimili vinnuveitanda Geirfinns í

⁴⁴²⁶ Málsgrein 1131.

⁴⁴²⁷ Málsgrein 1151.

⁴⁴²⁸ Málsgrein 1132.

⁴⁴²⁹ Málsgrein 1158.

kringum 19. nóvember 1974 þar sem spurt hafi verið um símanúmer Geirfinns. Kvaðst dómfelldi Guðjón ekkert kannast við það. Í þriðja lagi var dómfelldi yfirheyrður um það hvort endurupptökubeiðandi hafi beðið hann um að leggja fram peninga í sambandi við Keflavíkurferðina. Sagði dómfelldi Guðjón það geta hafa verið en hann myndi ekki eftir því.⁴⁴³⁰ Dómfelldi Guðjón ritaði færslu í dagbók sína í kjölfarið um að vera í vanda staddur í málinu. Ritaði hann um að sannleiksmælingavélin væri biluð, sem væri slæmt. Sýnist sem hann hafi með þeim orðum vísað til þess að seinkun hafði orðið á úrvinnslu á prófunum sem gerðar voru á honum 31. desember 1976, en úrvinnslan fór fram í Bretlandi. Fyrir liggur að niðurstöður lygamæliprófunar á dómfellda bárust Gísla H. Guðjónssyni í lok febrúar 1977. Orðrétt ritaði hann: „Hvað skal nú til varnar verða. Verst af öllu er að muna þetta ekki og vita uppá hár. Fyrir vikið er þetta eins og fúafen. Alveg sama hvað ég brýst um, uppúr kemst ég ekki. Aldrei verið jafnfastur og nú, því ég er búinn að gleyma öllum fyrri framburði. Fæ líklega að líta yfir hann í dag.“ Þá ritaði hann um að tveir rannsóknarlögreglumenn hafi reynt að fá staðfest smáatriði. Orðrétt ritaði hann í því sambandi: „Reyndi in vain að útskýra fyrir þeim. Hvað er hægt að útskýra fyrir venjul. karlmönnum.“⁴⁴³¹

2652. Daginn eftir, 20. janúar 1977, gerði lögreglan enn atlögu að því að samræma framburði endurupptökubeiðanda og dómfellda Kristjáns Viðars. Endurupptökubeiðandi var til yfirheyrslu þann dag og benti á framburð dómfellda Kristjáns Viðars frá 14. janúar 1977 og það misræmi sem kæmi fram þar og í framburði hans frá 9. desember 1976. Kvað endurupptökubeiðandi framburð dómfellda Kristjáns Viðars geta verið efnislega réttan, en þeir hafi notað svona aðferðir þegar þeir hafi verið að ræna menn. Kvaðst endurupptökubeiðandi hafa sjálfur rætt við Geirfinn og kynnt sig sem Magnús Leóoldsson og spurt hvort þeir gætu ekki átt viðskipti um áfengi. Í lok yfirheyrslunnar var endurupptökubeiðandi ítrekað spurður hvort ekki væri mögulegt að hann hafi komið við á bensínstöð á leiðinni til Keflavíkur 19. nóvember 1974. Fram kom að endurupptökubeiðandi hafi sagst vera búinn að svara og ekki getað svarað á annan máta.⁴⁴³² Þennan sama dag ritaði dómfelldi Guðjón um að hafa setið lengi með rannsóknarlögreglumanni við athugun á Geirfinnsmáli og ögn væri að rofa til hjá sér. Þá ritaði hann um að fyrirhuguð væri ferð að Grettisgötu morguninn eftir til upprifjunar.⁴⁴³³ Þess ber að geta að bókun í dagbók Síðumúlafangelsisins liggur fyrir um yfirheyrslur yfir dómfellda Guðjóni þennan dag, en engin önnur rannsóknargögn.
2653. Bókað var í dagbók Síðumúlafangelsisins 21. janúar 1977 að farið hafi verið með dómfellda Guðjón út úr fangelsinu í 40 mínútur. Dómfelldi Guðjón ritaði færslu í dagbók sína í kjölfarið að ferðalagið hafi verið heldur vandræðalegt þar sem hann hafi ekkert kannast við sig þarna en minni hans um atburðina væri þokukennt. Síðan hafi hann hugsað um Grettisgötumál og ritað bréf til rannsóknarlögreglumanns, smáatriði sem gætu hjálpað.⁴⁴³⁴ Engin rannsóknargögn liggja fyrir um ferðir hans þennan dag önnur en framangreint bréf dómfellda til rannsóknarlögreglumannsins. Orðrétt ritaði

⁴⁴³⁰ Málsgrein 1159.

⁴⁴³¹ Málsgrein 1168.

⁴⁴³² Málsgrein 1169.

⁴⁴³³ Málsgrein 1174.

⁴⁴³⁴ Málsgrein 1179.

hann: „Eftir á að hyggja, þetta er að vísu með formerkjum „creative thinking“. [...]“
Ritaði hann í framhaldinu um að sér hafi fundist hann hafa farið inn að Grettisgötu 82, tröppurnar í húsinu hafi verið honum minnisstæðar. Greindi hann síðan frá því að hafa ekið bifreiðinni út úr húsasundinu og hvar hann hafi mögulega lagt bifreiðinni.⁴⁴³⁵

2654. Sama dag var dómfellda Erla yfirheyrð um nokkur atriði tengd Geirfinnsmálinu. Kvaðst hún ekkert hafa vitað um undirbúning Keflavíkurferðarinnar fyrr en hún hafi heyrt endurupptökubeiðanda og dómfellda Guðjón ræða saman í bifreiðinni á leiðinni suður eftir um mann sem þyrfti að beita fullri hörku. Hún vissi ekkert um hvernig Geirfinnur hafi látið lífið en endurupptökubeiðandi hafi sagt hann hafa látist í átökum við þá þrjá.⁴⁴³⁶
2655. Hinn 23. janúar 1977 var gerð tilraun með öllum dómfelldu og vitninu [SÓH] til að sviðsetja atburðina í Dráttarbrautinni í Keflavík 19. nóvember 1974. Fyrir liggur skýrsla um vettvangsferð með endurupptökubeiðanda þar sem fram kom að hann hafi greint frá atburðarásinni í Dráttarbrautinni, bent á þá staði þar sem sendiferðabifreiðin hafi staðið og þar sem hann hafi sagt farþegum Volkswagen bifreiðarinnar að beygja sig niður. Bókað var að endurupptökubeiðandi hafi verið spurður enn einu sinni hvort hann væri öruggur um að ekki hafi verið tekið bensín í umræddri ferð. Rámaði hann þá óljóst í að tekið hafi verið bensín í Keflavík og dómfelldi Guðjón hafi séð um það.⁴⁴³⁷ Rannsóknargögn liggja ekki fyrir um vettvangsferð annarra dómfelldu önnur en athugasemdaskýrsla rituð af Karli Schütz. Í skýrslu hans kom fram að tilgangurinn með sviðsetningunni hafi verið að meta gildi framburða og ná frekara samræmi. Ósamræmi hafi aftur komið í ljós varðandi framburði dómfelldu um atburði, einkum átök við Geirfinn. Af þeirri ástæðu hafi eingöngu verið sviðsettar staðsetningar á bifreiðum og afstaða Geirfinns og dómfelldu í Dráttarbrautinni. Í skýrslunni kom fram að dómfellda Erla hafi lýst afstöðu Volkswagen bifreiðarinnar, hún hafi ekkert munað um hálstak og vissi ekki hvernig andlát Geirfinns hafi borið að en sagði hann hafa legið á maganum. Hún hafi þá staðið við Volkswagen bifreiðina en endurupptökubeiðandi og dómfelldu Kristján Viðar og Guðjón hafi staðið yfir líkinu. Fram kom að endurupptökubeiðandi hafi staðsett bifreiðina á öðrum stað og lýst hálstaki sem dómfelldi Kristján Viðar hafi tekið Geirfinn. Þegar hann hafi komið til baka frá því að ræða við dómfelldu Erlu hafi Geirfinnur legið á maganum og dómfelldi tilkynnt að hann væri dáinn. Taldi endurupptökubeiðandi að [SÓH] hafi ef til vill séð eitthvað. Fram kom að dómfelldi Kristján Viðar hafi staðsett Volkswagen bifreiðina á enn öðrum stað. Sýndi hann hálstakið og var þess getið að samkvæmt skeiðklukku hafi hann haldið taki í um tíu sekúndur. Bókað var að dómfelldi hafi sagt líkið hafa legið á vinstri hlið og að [SÓH] hafi ekkert séð. Dómfelldi Guðjón hafi staðsett bifreiðina á svipuðum stað og dómfellda Erla. Lýsti hann því yfir að hann gæti ekki greint frá upphafi átakanna og stöðu hvers og eins. Gat hann ekki lýst legu Geirfinns og gat aðspurður ekki munað hvort líkið var borið að fólksbifreiðinni eða hvort henni hafi verið ekið að líkinu. Bókað var í skýrsluna að dómfelldi Guðjón hafi

⁴⁴³⁵ Málsgrein 1175.

⁴⁴³⁶ Málsgrein 1177.

⁴⁴³⁷ Málsgrein 1188.

lýst því yfir að hann kynni ekki við rauðan stuðara á sendiferðabifreiðinni auk þess sem hann hafi sagt númer bifreiðarinnar ekki rétt. Þá kom fram að [SÓH] hafi sagst viss um að hafa ekki ekið sendiferðabifreiðinni að bryggjunni. Dómfelldi Kristján Viðar hafi komið að og sagt honum að bíða lengur. Hann hafi verið inni í bifreiðinni allan tímann og heyrt mannamál. Bókað var í skýrsluna að [SÓH] hafi verið kynntur framburður annarra dómfelldu en þrátt fyrir það hafi hann haldið fast við framburð sinn. Aðspurður um litinn á sendiferðabifreiðinni sagði hann stuðara og hliðarrákir bifreiðarinnar hafa verið svartar á umræddum tíma en þegar hún hafi verið seld hafi litnum verið breytt. Í skýrslunni kom fram, undir yfirheitinu: „Í rauða húsinu“ að húsið væri veiðarfærageymsla. Á jarðhæð hússins hafi fundist fimm sígarettustubbar, en engin spýja. Dómfellda Erla hafi borið um að hafa haldið sig í litlu herbergi en þar hafi ekkert fundist sem sannaði framburð hennar, hvorki sígarettustubbar né spýja.⁴⁴³⁸

2656. Endurupptökubeiðandi var til viðtals hjá lögreglu, 24. janúar 1977, að viðstöddum réttargæslumanni sínum. Í samantektarskýrslu kom fram að dómfelldi hafi verið beðinn um að greina frá atburðum þegar lík Geirfinns var borið inn í kjallarann á Grettisgötu 82. Bókað var að endurupptökubeiðandi hafi sagst munu reyna að gera sitt besta, en þar sem svo langt væri liðið væri hann ekki viss um smáatriði. Þá hafi hann í framhaldinu lýst aðkomu sinni sem sjónarvottur að atburðum þegar félagar hans hafi vafið líkið inn í dökkleitt efni inni í þvottahúsinu. Greindi endurupptökubeiðandi frá því að dómfelldi Kristján Viðar hafi sparkað eða spennt upp geymsluhurðina. Bar hann þannig á sama veg og dómfelldi Kristján Viðar gerði í yfirheyrslu 14. janúar 1977.⁴⁴³⁹ Fram kom að endurupptökubeiðandi minntist þess að hafa tekið þátt í að bera líkið inn í geymsluna. Þá lýsti hann áverkum á líkinu.⁴⁴⁴⁰
2657. Sama dag var [SÓH] yfirheyrður sem vitni. Lýsti hann því ítarlega hvernig hann kom höndum yfir sendiferðabifreið sem hann hafi ekið til Keflavíkur. Hann hafi fengið sendiferðabifreið að láni með því skilyrði að umráðamaður hennar væri ekki að nota hana. Greindi [SÓH] síðan frá því hvar hann hafi tekið bifreiðina fyrir utan Hegningarhúsið, án þess að láta umráðamann hennar vita. Sendiferðabifreiðin hafi verið gul á litinn, af gerðinni Mercedes Benz, árgerð 1970, með svarta stuðara og númerið R-40045. Hann hafi stöðvað bifreiðina við Vatnsstíg milli klukkan 21:00 og 21:30 og ekið síðan til Keflavíkur samkvæmt fyrirmælum endurupptökubeiðanda. Kvaðst [SÓH] hafa lagt sendiferðabifreiðinni við sjó, opnað rifu á glugga og slökkt ljósin. Þá hafi hann heyrt mannamál en ekki greint orðaskil en æsingur hafi verið í röddum. Kvaðst hann ekkert hafa séð og ekki hafa orðið var við aðra bifreið í Dráttarbrautinni. Dómfelldi Kristján Viðar hafi síðan komið og sagt honum að fara. Kvaðst hann hafa tekið eldsneyti á bifreiðina á Umferðarmiðstöðinni á leiðinni heim. Þá hafi hann lagt bifreiðinni að Grettisgötu 82 og farið að sofa í herbergi dómfellda Kristjáns Viðars. Hann hafi vaknað við dómfellda undir morgun sem hafi aðspurður ekkert vilja ræða málið. Kvaðst vitnið ekki hafa orðið var við neinn annan en dómfellda Kristján Viðar í ferðinni, en hafa það á tilfinningunni að fleiri hafi verið

⁴⁴³⁸ Málsgrein 1191.

⁴⁴³⁹ Málsgrein 1131.

⁴⁴⁴⁰ Málsgrein 1198.

með í för. Kvaðst hann hafa skilað sendiferðabifreiðinni á sama stað og hann hafi tekið hana og því ólíklegt að umráðamaður hennar hafi orðið þess var að henni hafi verið ekið um nóttina.⁴⁴⁴¹

2658. Daginn eftir var dómfelldi Guðjón enn til yfirheyrslu. Kvaðst hann ekki lengur viss hvort maður hafi verið með dómfelldu Erlu og endurupptökubeiðanda þegar þau hafi komið að Lambhóli 19. nóvember 1974. Þá kvaðst hann ekki treysta sér til að fullyrða að það hafi verið dómfelldi Kristján Viðar sem hafi setið í aftursæti bifreiðarinnar. Hann hafi séð hann við sampröfun en væri ekki viss. Honum hafi verið sagt að játning dómfellda Kristjáns Viðars lægi fyrir og kvaðst dómfelldi Guðjón ekki geta dregið hana í efa. Kvaðst dómfelldi Guðjón hafa séð hliðarsvip ökumanns sendiferðabifreiðarinnar, en maðurinn hafi verið grannleitur með hrokkið, skollitað hár. Þá sagðist dómfelldi Guðjón ekki muna betur en að hafa tekið bensín á bifreiðina í Keflavík.⁴⁴⁴² Kvaðst hann ekki lengur draga það í efa að Geirfinnur hafi verið sá sem hafi komið inn í bifreiðina. Lýsti hann atburðum í bifreiðinni á leiðinni í Dráttarbrautina og greindi frá þrasi um peninga. Þegar í Dráttarbrautina var komið hafi Geirfinnur veist að honum í orðum svo hann hafi reiðst ofsalega. Mundi hann þó ekki hvað Geirfinnur hefði sagt en þeir hafi þá lent í „tuski“. Lýsti dómfelldi Guðjón því í framhaldinu hvernig hann hafi náð hálstaki á Geirfinni og minnti að hann hafi dasast við það. Lýsti dómfelldi Guðjón því að framhaldið væri svo óljóst í minni hans að það yrði nánast skáldskapur að lýsa því. Geirfinnur hafi látist í átökum við þá þrjá en dánarorsök vissi hann ekki. Bókað var í skýrsluna að dómfelldi Guðjón hafi þekkt sendiferðabifreiðina í Dráttarbrautinni aftur í vettvangsferðinni en þá hafi verið búið að mála rauðar rendur á hliðar bifreiðarinnar sem ekki hafi verið áður sem og stuðarann. Þá kvaðst hann muna að bifreiðin hafi verið á R-númeri en svo hafi ekki verið í vettvangsferðinni. Gat dómfelldi ekki borið frekar um atvik í Dráttarbrautinni. Greindi hann frá uppástungum sínum að greftrunarstöðum en kvaðst ekki muna hver hafi ákveðið að fara með líkið að Grettisgötu. Þegar lögregla hafi farið með hann að Grettisgötu hafi rifjast upp fyrir honum að hafa komið þangað aðfaranótt 20. nóvember 1974. Í framhaldinu greindi hann frá minningu sinni um að hafa komið inn í húsið og rekið sig utan í miðstöðvarkatla sem hafi verið í kjallaranum. Lýsti hann allri aðkomu sinni í framhaldinu sem sjónarvottur að atburðum. Kvaðst hann öruggur um að hafa ekki tekið þátt í að koma líkinu fyrir. Þá greindi hann frá því að hafa hitt endurupptökubeiðanda daginn eftir á Mokka. Bókað var í skýrsluna að dómfellda Guðjóni hafi verið gerð grein fyrir ósamræmi í framburði hans samanborið við fyrri lögregluskýrslur. Lýsti dómfelldi því yfir að hann teldi þessa skýrslu réttari og að mögulegt væri að honum tækist að rifja síðar upp fleiri atriði.⁴⁴⁴³
2659. Meðal rannsóknargagna er upplýsingaskýrsla, dagsett 25. janúar 1977, um tæknilega rannsókn á sendiferðabifreiðinni Í-840. Fram kom að í nóvember 1974 hafi sendiferðabifreiðin verið með númerið R-40025.⁴⁴⁴⁴

⁴⁴⁴¹ Málgrein 1200.

⁴⁴⁴² Málgrein 1207.

⁴⁴⁴³ Málgrein 1208.

⁴⁴⁴⁴ Málgrein 1213.

2660. Fyrir liggur samantektarskýrsla, dagsett 27. janúar 1977, um yfirheyrslu yfir dómfellda Kristjáni Viðari þar sem fram kom að hann væri í mjög slæmu andlegu ástandi. Greindi hann rannsóknarlögreglumanni frá því að hann teldi sig hafa myrt nafngreindan háskólastúdent af gáleysi með því að kasta járnteini í höfuðið á honum.⁴⁴⁴⁵
2661. Líkt og gerð hefur verið grein fyrir var endurupptökubeiðandi fluttur úr Síðumúlafangelsinu í Hegningarhúsið 31. janúar 1977. Sama dag kom dómfelldi Guðjón fyrir sakadóm Reykjavíkur ásamt réttargæslumanni sínum. Bókað var í þingbók að hann hafi skýrt sjálfstætt frá málsatvikum til samræmis við lögregluskýrslu frá 25. janúar 1977 sem hann staðfesti. Var dómfelldi úrskurðaður í áframhaldandi gæsluvarðhald í allt að 100 daga.⁴⁴⁴⁶
2662. Sama dag var dómfellda Erla yfirheyrð. Sagðist hún ekki geta svarað því hvers vegna endurupptökubeiðandi hafi viljað hafa hana með til Keflavíkur umrætt kvöld, hann yrði að svara því. Þá kvaðst hún heldur ekki vita hvers vegna hann hafi viljað dómfellda Kristján Viðar með í för eða hvort það hafi tengst því að til hafi staðið að drepa Geirfinn. Endurupptökubeiðandi hafi heimtað að hún keyrði líkið í Rauðhóla og sagði að ef hún hefði neitað hefði hann mögulega barið hana. Kvaðst hún ekki geta sagt neitt meira um málið.⁴⁴⁴⁷
2663. Dómfelldi Guðjón sagðist aðspurður, í yfirheyrslu 1. febrúar 1977, muna eftir því að endurupptökubeiðandi hafi talað um hvarf einhvers á leiðinni til Keflavíkur. Hugsanlegt væri að dauði Geirfinns hafi verið fyrirfram ákveðinn án þess þó að hann hafi vitað það. Aðspurður um hagsmuni sína af málinu sagði dómfelldi Guðjón þá aðallega hafa verið forvitni. Vilji hans hafi ekki staðið til þess að átökin myndu leiða til dauða Geirfinns. Aðspurður hvort hann hefði getað stöðvað atlöguna kvaðst dómfelldi hafa metið það sem svo að þá hefðu endurupptökubeiðandi og dómfelldi Kristján Viðar getað misþyrmt honum. Lagði hann áherslu á að endurupptökubeiðandi hafi fengið hann til ferðarinnar því hann hafi þurft á betri öikumanni að halda en dómfelldu Erlu. Aðspurður sagði hann sér hafa verið það ókunnugt hversu hættulegir endurupptökubeiðandi og dómfelldi Kristján Viðar væru en hann hefði ekki komist að því fyrr en ári síðar í blöðunum. Kvaðst hann alls ekki hafa gefið samþykki sitt fyrir því að endurupptökubeiðandi tæki skóflurnar enda hafi þá atvik verið honum um margt óljós.⁴⁴⁴⁸ Í kjölfar yfirheyrslunnar ritaði dómfelldi Guðjón færslu í dagbók sína um að hafa verið í erfiðri og þreytandi yfirheyrslu með Schütz og rætt hafi verið um að hann myndi tala við endurupptökubeiðanda til að komast að því hvar lík Geirfinns væri að finna. Þá ritaði hann um spjall sitt við varðstjóra í Síðumúlafangelsinu um Geirfinnsmál og að hafa stungið að honum kenningu um málið sem hann hafi haldið út af fyrir sig. Orðrétt ritaði hann: „Braut þar mitt boðorð um að segja sem fæst. Það er

⁴⁴⁴⁵ Málsgrein 1240.

⁴⁴⁴⁶ Málsgrein 1259.

⁴⁴⁴⁷ Málsgrein 1260.

⁴⁴⁴⁸ Málsgrein 1265.

bara svo margt sem mér finnst of dularfullt í þessu máli enn til þess að geta fallist á núverandi niðurstöður. Hvað er þar á bakvið.⁴⁴⁴⁹

2664. Sama dag var dómfelldi Kristján Viðar yfirheyrður þar sem hann greindi frá því að hafa verið í stanslausri neyslu í nokkra mánuði fyrir atburðina. Umrætt kvöld hafi hann tekið inn blöndu örvandi og róandi lyfja. Kvaðst hann enga hugmynd hafa um hvers vegna dómfelldi Guðjón hafi farið með til Keflavíkur. Þá sagði hann það ekki hafa verið ákveðið fyrirfram að drepa Geirfinn. Lýsti hann enn á ný átökunum við Geirfinn, hálstaki og beitingu lurks og spýtu.⁴⁴⁵⁰ Endurupptökubeiðandi var jafnframt yfirheyrður um málið þennan dag. Kvaðst hann ekki geta svarað því hvers vegna dómfellda Erla hafi komið með. Hann hafi tekið dómfellda Kristján Viðar með vegna þess að þeir væru æskuvinir og hann hefði ef til vill getað selt áfengi. Neitaði hann því aðspurður hvort hann hafi lýst því yfir á leiðinni að Geirfinnur ætti að hverfa. Þá neitaði hann því aðspurður að dómfelldi Guðjón hafi farið með af forvitni og sagði hann hafa átt að fá greitt fyrir. Þá bar endurupptökubeiðandi enn á ný um átökin við Geirfinn, játaði að hafa slegið hann með spýtu en taldi hann hafa látið lífið strax eftir hálstakið. Lagði hann áherslu á að ásetningur hafi ekki staðið til þess af hans hálfu að drepa Geirfinn. Aðspurður kvaðst endurupptökubeiðandi ekki hafa haft vól á öðrum bílstjóra og því þurft að taka dómfelldu Erlu með í líkflutninga í Rauðhóla en hvorki hann né dómfelldi Kristján Viðar hafi haft ökuþróf.⁴⁴⁵¹
2665. Karl Schütz, rannsakendur, yfirsakadómari og fulltrúi hans héldu blaðamannafund 2. febrúar 1977 þar sem því var lýst yfir að rannsókn Geirfinnsmálsins væri að lokum komin og málið yrði væntanlega sent ríkissaksóknara fyrir lok næstu viku. Sú atvikalýsing sem gefin var upp á blaðamannafundinum var birt daginn eftir í flestum dagblöðum landsins ásamt andlitsmyndum af öllum dómfelldu.⁴⁴⁵² Lýsti yfirsakadómari því yfir að engir lausir endar væru lengur í málinu, aðeins ætti eftir að búa það undir afhendingu til ríkissaksóknara.⁴⁴⁵³
2666. Fimm dögum síðar, 7. febrúar 1977, ritaði dómfelldi Guðjón í dagbók sína um að vera alltaf að hugsa um Geirfinnsmálið sem hann botnaði ekkert í. Ritaði hann um að hafa tekið ákvörðun um að segja ekki meira um málið fyrr en lík væri fundið.⁴⁴⁵⁴
2667. Athygli vekur að á forsíðu dagblaðs birtist frétt 12. febrúar 1977 þar sem haft var eftir vararíkissaksóknara að honum þætti einsýnt að Guðmundar- og Geirfinnsmálin kæmu saman til dóms, enda væru tveir sakborningar viðriðnir bæði málin, endurupptökubeiðandi og dómfelldi Kristján Viðar.⁴⁴⁵⁵ Dómfelldi Guðjón ritaði í dagbók sína tveimur dögum síðar að rannsókn væri hætt og verið væri að senda málskjölin. Hafði hann þær upplýsingar frá fulltrúa yfirsakadómara.⁴⁴⁵⁶ Sýnist sem gögn málsins hafi

⁴⁴⁴⁹ Málsgrein 1272.

⁴⁴⁵⁰ Málsgrein 1267.

⁴⁴⁵¹ Málsgrein 1268.

⁴⁴⁵² Málsgrein 1279.

⁴⁴⁵³ Málsgrein 1282.

⁴⁴⁵⁴ Málsgrein 1289.

⁴⁴⁵⁵ Málsgrein 1309.

⁴⁴⁵⁶ Málsgrein 1312.

verið send saksóknara 25. febrúar 1977 til ákvörðunar um útgáfu ákæru.⁴⁴⁵⁷ Framangreind yfirlýsing vararíkissaksóknara var þannig gefin áður en ríkissaksóknari var kominn með gögn málsins í hendur og engin ákvörðun hafði verið tekin um saksókn.

2668. Hinn 16. febrúar 1977 var bókað í dagbók Hegningarhússins að bréf hafi borist frá dómsformanni þess efnis að öllum, þar með töldum fulltrúa yfirsakadómara og rannsóknarlögreglumönnum, væru bönnuð viðtöl við endurupptökubeiðanda og dómfellda Kristján Viðar nema með sérstöku leyfi dómarans.⁴⁴⁵⁸ Ritaði dómfelldi Guðjón um sams konar samskiptabann í dagbók sína 24. febrúar 1977. Hann saknaði rannsóknarlögreglumannsins sem hefði haft með hans mál að gera.⁴⁴⁵⁹
2669. Réttargæslumaður endurupptökubeiðanda ritaði bréf 21. febrúar 1977 til ríkissaksóknara um frásögn móður dómfellda um ferð að Kjarvalsstöðum að kvöldi 19. nóvember ásamt honum og dómfelldu Erlu. Þau hafi lagt af stað um klukkan 20:00 með viðkomu að Hjallavegi þar sem dómfellda Erla hafi hlaupið inn. Langur tími hafi farið í að finna bifreiðastæði og loks hafi þau lagt hjá Smjörlíkisgerðinni. Hleypt hafi verið inn í hollum á Kjarvalsstaði og biðin töluverð af þeim sökum. Þau hafi skoðað þrjár sýningar, Reykjavíkursýninguna, kvikmyndasýninguna og ljósmyndasýninguna. Kvikmyndin hafi tekið um hálf klukkustund en að henni lokinni hafi þau tekið [VK] tali sem hafi verið þarna staddur ásamt konu sinni og föður. Endurupptökubeiðandi hafi viljað bjóða þeim í kaffi. Ritaði réttargæslumaðurinn um að móðir endurupptökubeiðanda hafi sagst þurfa að flýta sér og því hafi hann og dómfellda Erla ekið henni heim um klukkan 22:00. Í bréfinu kom fram að móðir endurupptökubeiðanda væri sykursjúk og þyrfti sjúkdómsins vegna alltaf að borða klukkan 22:00. Væri henni það minnisstætt að hafa verið orðin of sein fyrir kvöldnæringuna í umrætt sinn. Endurupptökubeiðandi og dómfellda Erla hafi þá ekið heim til sín að Hjallavegi. Í lok bréfsins ritaði réttargæslumaðurinn að svo virtist sem tímasetningar í málinu stæðust ekki.⁴⁴⁶⁰
2670. Líkt og gerð er ítarleg grein fyrir í kafla VII.5.2.d.6 ritaði Karl Schütz svokallaða lokaskýrslu um rannsókn Geirfinnsmálsins þar sem hann greindi nákvæmlega frá mati sínu á sönnunarstöðu málsins og skýrði út ósamræmi og eyður í framburðum dómfelldu.⁴⁴⁶¹ Þá liggur einnig fyrir skýrsla með heitinu: „Huglægar málsástæður“ sem líklega var einnig rituð af Karli Schütz og síðan snarað yfir á íslensku. Fjallar skýrslan að stórum hluta um mat Schütz á ásetningi dómfelldu til verknaðarins og persónubundna þætti í fari þeirra sem gerði þeim kleift að fremja slíkan verknað.⁴⁴⁶² Síðastnefndu skýrslunni er jafnframt gerð ítarleg skil í kafla VII.5.2.d.6. Áréttað skal að umræddar skýrslur voru ekki lagðar fram fyrir dómi og því ekki unnt að slá því föstu hvort réttargæslumönnum dómfelldu hafi verið kunnugt um efni þeirra.

⁴⁴⁵⁷ Málsgrein 1351.

⁴⁴⁵⁸ Málsgrein 1316.

⁴⁴⁵⁹ Málsgrein 1345.

⁴⁴⁶⁰ Málsgrein 1334.

⁴⁴⁶¹ Málsgreinar 1415–1416.

⁴⁴⁶² Málsgrein 1417.

2671. Ákæra vegna Geirfinnsmálsins var gefin út af ríkissaksóknara 16. mars 1977, á hendur endurupptökubeiðanda og dómfelldu Erlu, Guðjóni og Kristjáni Viðari. Voru endurupptökubeiðandi og dómfelldu Kristján Viðari og Guðjón ákærðir fyrir manndráp með því að hafa ráðist á Geirfinn í Dráttarbrautinni í Keflavík og misþyrmt honum svo að hann hafi hlotið bana af. Flutt lík hans svo að heimili endurupptökubeiðanda að Grettisgötu 82 í Reykjavík. Síðan hafi endurupptökubeiðandi og dómfelldu Erla og Kristján Viðar flutt lík hans að Rauðhólum og greftrað líkamsleifar Geirfinns eftir að hafa hellt bensíni á líkama hans og lagt eld að.⁴⁴⁶³
2672. Sama dag hófst dómsmeðferð Guðmundar- og Geirfinnsmálsins fyrir sakadómi. Gerð var grein fyrir framhaldsrannsókn Guðmundarmálsins sem dómarnir höfðu staðið fyrir og aðstæður sakborninga raktar, hverjir voru í gæsluvarðhaldi og tilhögun þess og hverjir sættu ekki gæsluvarðhaldi. Áréttað skal í þessu sambandi að frá og með febrúarmánuði 1977 var tilhögun gæsluvarðhaldsvistar endurupptökubeiðanda og annarra dómfelldu sem sættu slíku varðhaldi á forræði dómara málsins.⁴⁴⁶⁴ Þá var bókuð ákvörðun dómsins um að meðferð málsins færi fram fyrir luktum dyrum þar sem mikið vantaði á að yfirheyrslum í málinu væri lokið og ósamræmi væri í framburðum ákærðu.⁴⁴⁶⁵
2673. Meðferð þess þáttar málsins er laut að hvarfi Geirfinns hófst þó ekki strax þar sem að sakadómur hagaði málsmeðferðinni þannig að fyrst var sá hluti ákærunnar er laut að hvarfi Guðmundar tekinn til umfjöllunar og dómfelldu og vitni yfirheyrð um þann þátt málsins.
2674. Vikið var að sakarefnum er lutu að hvarfi Geirfinns fyrst með óbeinum hætti þegar endurupptökubeiðandi kom fyrir dóm 29. mars 1977 og var yfirheyrður um ákæruatriði er lutu að hvarfi Guðmundar. Endurupptökubeiðandi neitaði sök og bar því við að hann hafi verið knúinn til sagna með harðræði og hótunum um ófarnað sem hann gerði grein fyrir í hverju hefði falist. Í þeirri frásögn endurupptökubeiðanda kom fram að harðræði þetta og hótanir hefðu einnig beinst að því að knýja hann til sagna um hvarf Geirfinns. Endurupptökubeiðandi tók þó ekki afstöðu til þess ákæruatriðis enda ekki inntur eftir því.⁴⁴⁶⁶
2675. Næstu vikur var Geirfinnsmálið hvorki til meðferðar fyrir dómi né rannsóknaraðgerðir yfirstandandi. Leyst var úr daglegum álitafnum er lutu að gæsluvarðhaldsvist af dómsformanni sem meðal annars annaðist stranga ritskoðun orðsendinga gæsluvarðhaldsfanganna til aðstandenda þar sem því var meðal annars hótad að dómfelldi Guðjón yrði sviptur heimild til slíkra sendinga ef hann gagnrýndi starfsmenn sakadóms og störf þeirra í slíkum bréfum.⁴⁴⁶⁷
2676. Einhverju sinni á þessum fyrstu vikum ritaði Guðjón bréf til dómsformanns. Bréf þetta fól samkvæmt efni sínu í sér skýrslu sem dómfelldi kvaðst gefa dómaranum

⁴⁴⁶³ Málsgrein 1418.

⁴⁴⁶⁴ Málsgrein 1300.

⁴⁴⁶⁵ Málsgrein 1426.

⁴⁴⁶⁶ Málsgrein 1450.

⁴⁴⁶⁷ Til dæmis málsgreinar 1471, 1476 og 1480.

að hans ósk með þeim fyrirvara að bréfið yrði ekki gert að opinberu réttarskjali, en dómfelldi myndi hins vegar staðfesta fyrir dómi þau atriði sem dómari myndi óska.⁴⁴⁶⁸ Bréf þetta var ekki meðal dómskjala þegar málið var til meðferðar fyrir dómi. Rakti dómfelldi kynni sín af endurupptökubeiðanda og samskipti þeirra frá árinu 1970. Þar á meðal fjallaði hann um að þeir hafi farið saman í veiðiferð sumarið 1974 en svo ekki hist fyrr en í nóvember, er endurupptökubeiðandi og dómfellda Erla hafi komið að heimili hans til að sýna honum nýja bifreið. Mundi hann ekki eftir því að endurupptökubeiðandi hafi komið inn á heimili hans nema í þetta eina sinn og raunar ekki hitt hann eftir það nema ef til vill nokkrum sinnum á kaffihúsi. Endurupptökubeiðandi kvaðst yfirleitt hafa verið heima á kvöldin og þætti einkennilegt ef ferðalag til Keflavíkur og alvarlegir atburðir sem þar hafi átt að eiga sér stað væru honum gjörsamlega úr minni liðnir. Í framhaldinu rakti hann samskipti þeirra á árinu 1975 og lauk bréfinu svo á orðum um að trúnaður endurupptökubeiðanda gagnvart honum hafi einungis náð því marki sem endurupptökubeiðandi hefði talið sig hafa gagn af. Gat hann þess svo sérstaklega að hvorki hefði hann grunað endurupptökubeiðanda um aðild að Geirfinnsmáli né Guðmundarmáli.

2677. Fimmtudaginn 12. maí 1977 hófst meðferð Geirfinnsmálsins fyrir sakadómi. Þann dag var dómfelldi Kristján Viðar leiddur fyrir dóminn klukkan 10:00 og stóð þinghaldið allt til klukkan 17:40 með matarhléi í eina og hálf klukkustund. Þar var bókuð orðrétt játning dómfellda á sakargiftum er lutu að hvarfi Geirfinns Einarssonar. Síðasta dómskýrsla dómfellda Kristjáns Viðars er laut að Geirfinnsmálinu frá 17. janúar 1977 var lesin í heyranda hljóði.⁴⁴⁶⁹ Þá skýrslu kvað hann rétta í meginatriðum en vildi koma að nokkrum athugasemdum og greindi við svo búið í smáatriðum frá atvikum allt frá því þegar hann og endurupptökubeiðandi hafi hitt mann á stigapalli 2. hæðar í Klúbbnum 17. nóvember 1974 og tildrögum þess að afráðið var að halda til Keflavíkur. Síðan sagði hann frá því að endurupptökubeiðandi hefði komið til hans að Laugavegi 32, þar sem dómfelldi hélt til, um klukkan 20:00 og þeir svo farið niður á Vatnsstíg þar sem dómfelldi Guðjón hafi verið fyrir á ljósblárrí Volkswagen bifreið og skömmu síðar hafi borið þar að [SÓH] á gulri sendiferðabifreið. Síðan hafi verið haldið til Keflavíkur en dómfelldi Kristján Viðar kvaðst hafa sofið meirihluta leiðarinnar en minnti þó að bensín hafi verið tekið á leiðinni þó ekki myndi hann hvar. Þegar til Keflavíkur hafi verið komið hafi verið stöðvað við Hafnarbúðina og þeir endurupptökubeiðandi farið inn. Endurupptökubeiðandi hafi keypt súkkulaði og vindlinga en dómfelldi Kristján Viðar kók. Þaðan hafi síðan verið haldið niður í Dráttarbraut þar sem hann hafi hlaupið um til að finna sendiferðabifreiðina og rætt þar við [SÓH]. Því næst hafi þau ekið að einhverjum söluturni þar sem endurupptökubeiðandi hafi farið inn til að hringja en ekki getað það þar sem svo margt fólk hafi verið inni í söluturninum. Þá hafi verið ekið aftur að Hafnarbúðinni og dómfellda Kristjáni Viðari afhentur miði með símanúmeri og endurupptökubeiðandi beðið hann fyrir að fara inn og hringja í Geirfinn til að láta vita að þau væru komin. Rakti hann síðan samtal sitt við Geirfinn með sama hætti og fyrir lögreglu, þar með

⁴⁴⁶⁸ Málsgrein 1512.

⁴⁴⁶⁹ Málsgrein 1544.

talið orðrétt samtal þeirra er Geirfinnur hafi spurt hvort Maggi væri þarna og neitun hans við þeirri spurningu. Geirfinnur hafi svo komið og þá hafi á ný verið ekið niður í Dráttarbrautina. Lýsti dómfelldi Kristján Viðar samskiptum við Geirfinn og svo átökum við hann sem leitt hafi til þess að hann hafi beðið bana. Bar hann síðan um flutning á líkinu til Reykjavíkur og rakti málsatvik allt þar til þeir hafi verið búnir að grafa lík Geirfinns í Rauðhólum 21. nóvember 1974.⁴⁴⁷⁰

2678. Næsta dag var dómfelldi Kristján Viðar einnig allan daginn fyrir dómi til skýrslugjafar. Þar neitaði hann sök hvað varðaði ákæru fyrir rangar sakargiftir.⁴⁴⁷¹ Samkvæmt bókun í þingbók var efni fjögurra lögregluskýrslna sem gerðar voru á tímabilinu 23. janúar til og með 20. apríl 1976 rakið sem og þriggja framburða fyrir dómi á sama tímabili. Við þá yfirferð sýnist hafa verið sleppt að fjalla um skýrslu dómfellda frá 2. mars 1976. Fyrir dóminum kannaðist dómfelldi Kristján Viðar við undirskrift sína á nefndar skýrslur, en sagði þær efnislega rangar og efni þeirra aðallega komið frá lögreglumönnum. Honum hafi verið meinað um að hafa réttargæslumann sinn viðstaddan í þinghöldum þrátt fyrir ítrekaðar óskir. Framburður dómfellda var í þessum efnum í samræmi við athugasemdir sem áður hafði verið komið á framfæri fyrir hans hönd af hálfu verjanda hans.⁴⁴⁷² Bar hann um það fyrir dóminum að tveir rannsóknarlögreglumenn hefðu rætt við hann um Geirfinnsmálið í kjölfar þess að fulltrúi yfirsakadómara hefði vitjað hans á klefa og hvatt hann til að segja allt sem hann vissi um málið. Rannsóknarlögreglumennirnir hafi sagt honum að hann hafi farið til Keflavíkur þegar Geirfinnur hafi horfið auk þess sem forstöðumaður fangelsisins við Síðumúla hafi sagt honum að hann hafi farið í bifreið til Keflavíkur ásamt endurupptökubeiðanda, dómfelldu Erlu og þriðja manni sem hann nafngreindi ekki. Þá hafi fulltrúi yfirsakadómara spurt sig út í Einar Bollason áður en hann hafi gefið skýrsluna 23. janúar 1976. Fulltrúinn hafi spurt hann hvort hann þekkti Einar og hvernig maður hann væri. Rannsóknarlögreglumaður hafi síðan farið að spyrja hann um Klúbbinn og hvort hann hefði farið þar upp í bifreiðina til Keflavíkur. Dómfelldi Kristján Viðar bar um að hafa ekki minnst þess að hafa farið til Keflavíkur, en talið alveg skaðlaust að segja það. Lögreglumennirnir hafi viljað láta hann segja sjálfan til um með hvernig bifreið hann hefði farið og hann sagst hafa farið í rútu eða sendiferðabifreið. Honum hafi verið sagt að dómfellda Erla hafi sagt að Einar Bollason hefði verið bílstjórinn. Bar hann um að staðháttum hafi verið lýst fyrir honum en hann hafi neitað að bera um sjóferð enda ekki munað eftir slíkri ferð. Bókað var eftir dómfellda Kristjáni Viðari að hann hafi gefið skýrsluna til að fá að vera í friði til að rifja upp Guðmundarmálið. Þá bar hann um að rannsóknarlögreglumaður hefði sagt honum næstu daga, fram að því að hann gaf næstu skýrslu 27. janúar, að fleiri manns hefðu sagt að hann hefði verið í Keflavík með þeim mönnum sem tilgreindir væru í þeirri skýrslu sem dagsett væri þann dag; Einari Bollasyni, Magnúsi Leópoldssyni, Sigurbirni Eiríkssyni, Valdimar Olsen og [JR] auk dómfelldu Erlu og endurupptökubeiðanda. Greindi dómfelldi Kristján Viðar frá því að fulltrúi

⁴⁴⁷⁰ Málsgrein 1544.

⁴⁴⁷¹ Málsgrein 1547.

⁴⁴⁷² Málsgrein 1547.

yfirsakadómara hafi verið fyrstur til að nefna við hann Einar Bollason, [JR] og Valdimar Olsen. Fangavörður hafi nefnt við hann Magnús Leópoldsson, sem hann hafi fullyrt að dómfelldi hafi þekkt. Rannsóknarlögreglumaður hafi nefnt Sigurbjörn Eiríksson. Dómfelldi Kristján Viðar bar um að kannast af afspurn við Einar Bollason, Valdimar Olsen og Sigurbjörn Eiríksson, en þekkt Valdimar einan í sjón. Hann kvaðst hafa séð myndir af Einari Bollasyni og Sigurbirni Eiríkssyni. Honum hafi verið sýndar nokkrar myndir og þar á meðal af Einari en hann hafi bent á mynd af öðrum manni. Honum hafi þá verið greint frá því hvaða mynd væri af Einari. Bókað var orðrétt um fleiri málsatvik sem dómfelldi bar um að rannsóknaraðilar hafi greint honum frá og þannig lagt þeirra frásögn til grundvallar við bókun í lögregluskýrslur. Þá bar dómfelldi um aðfarir fangavarða sem hafi staðið fyrir aðgerðum til að koma í veg fyrir að honum og endurupptökubeiðandi yrði svefnamt. Þá hafi fangaverðir verið að krefja hann sagna um viðkyningu af Magnúsi Leópoldssyni og tengsl dómfellda við veitingahúsið Klúbbinn. Bar dómfelldi Kristján Viðar um bágt andlegt ástand sitt á þessum tíma. Kvaðst hann hafa margneitað að bera um aðild þessara manna að Geirfinnsmálinu og að hafa farið í sjóferð. Svo fast hafi verið gengið á hann og ógnandi látæði haft í frammi að hann hafi orðið óttasleginn og því látið undan og gefið skýrsluna 27. janúar 1976. Það hafi hann gert bæði til að kaupa sér frið til að geta hugsað um Guðmundarmálið og eins þar sem hann hafi verið farinn að trúa því sem honum hafi verið sagt um málið. Í þessu sambandi var jafnframt bókað eftir dómfellda Kristjáni Viðari að hann myndi eftir því, að eitt sinn á tímabilinu 23. til 27. janúar 1976 er hann var staddur í yfirheyrsluherbergi með rannsóknarlögreglumanni í fangelsinu við Síðumúla, hafi rannsóknarlögreglumaðurinn verið að tala við einhvern mann í síma. Rannsóknarlögreglumaðurinn hafi sagt við dómfellda Kristján Viðar að mannlíf væri í veði og í símann hafi hann sagt að tveir nafngreindir rannsóknarlögreglumenn væru komnir vopnaðir á staðinn. Dómfelldi bar um að hafa ekki spurt nánar út í þetta, en þetta hafi átt að vera tengt Keflavíkurför hans.

2679. Í kjölfar skýrslugjafar 27. janúar 1976 hafi hann verið látinn í friði en óskað þess stuttu síðar að fá að taka framburð sinn til baka og sagt rannsóknarlögreglumönnum það, en því hafi ekki verið sinnt fyrr en 2. mars 1976. Dómfelldi Kristján Viðar kannaðist ekki við að það hafi verið samantekin ráð hjá honum, endurupptökubeiðanda og dómfelldu Erlu og Guðjóni að blanda framangreindum mönnum í Geirfinnsmálið. Sagði hann að slíkt hafi aldrei verið orðað við hann og kannaðist ekki við það sem bókað hefði verið eftir dómfelldu Erlu og endurupptökubeiðanda í þessum efnum fyrir sakadómi 22. desember 1976.⁴⁴⁷³ Þá gat dómfelldi Kristján Viðar þess sérstaklega aðspurður að hann minnstist ekki að hafa sagt það sem bókað var eftir honum í dómskýrslu 31. mars 1976 um Einar Bollason, Sigurbjörn Eiríksson og Valdimar Olsen, en sagði það þó geta verið þar sem hann hafi verið farinn að trúa þessu. Hann hafi sagt í upphafi þess þinghalds að þetta væri allt vitleysa, en ekkert hafi verið hlustað á hann.⁴⁴⁷⁴ Dómfelldi bar um að hann teldi að sagan um tengsl framangreindra manna við mál þetta sé komin frá dómfelldu Erlu og hafi lögreglumennirnir trúað henni. Hann hafi jafnframt ekki

⁴⁴⁷³ Málsgreinar 1032–1033.

⁴⁴⁷⁴ Málsgrein 1547.

þekkt dómfellda Guðjón sem hann bar síðar um að hafi ekið þeim til Keflavíkur. Þegar honum hafi verið sagt að Einar Bollason hafi verið bílstjórinn hafi hann litið svo á að svo væri meðal annars sökum þess að það var haft eftir dómfelldu Erlu.⁴⁴⁷⁵

2680. Loks skýrði dómfelldi Kristján Viðar frá lyfjaneyslu sinni í dómskýrslunni. Kvaðst hann hafa verið meira og minna undir lyfjaáhrifum frá því í september 1974 fram yfir áramótin 1974–1975. Um hafi verið að ræða Amfetamin, Dexamfetamin, Dobesin, Valium Dextitrin og Mebumalnatrium. Hann hafi tekið eitthvað magn alla daga og stundum stóra skammta. Þessi lyfjaneysla hafi leitt til þess að minni hans um atburði á þessu tímabili væri mjög skert. En sérstaklega sé honum erfitt að muna atburði í samhangandi röð.
2681. Mánudaginn 16. maí 1977 var úrskurðað um framlengingu gæsluvarðhalds dómfellda Kristjáns Viðars. Jafnframt var bókað að aðspurður hafi hann óskað þess að sitja í gæsluvarðhaldi að Vinnuhælinu Litla-Hrauni. Kvaðst hann sætta sig við að sæta sömu kjörum og aðrir fangar þar. Bókað var að dómurinn hafi ákveðið að dómfelldi sæti í gæsluvarðhaldi að Litla-Hrauni.⁴⁴⁷⁶ Gekk það eftir degi síðar og bókað í dagbók Litla-Hrauns að hann hafi verið fluttur þangað. Þess var sérstaklega getið að dómfelldi Kristján Viðar fengi ekki heimsóknargesti inn á klefa til sín, heldur aðeins í herbergi inn af varðstofu í viðurvist fangavarðar og allur póstur yrði yfirfarinn af forstjóra fangelsisins.⁴⁴⁷⁷
2682. Vert er að geta þess að meðal rannsóknargagna liggur fyrir bréf, dagsett 16. maí 1977, frá verjanda endurupptökubeiðanda til dómsformanns. Fram kom að verjandanum hafi borist bréf frá [ABC], systur endurupptökubeiðanda, sem hún hafði ritað að beiðni móður sinnar um atburði kvöldsins 19. nóvember 1974. Var bréf [ABC] orðrétt tekið upp en þar kom meðal annars fram að hún myndi eftir því að endurupptökubeiðandi og dómfellda Erla hafi borðað kvöldmat heima áður en þau hafi farið á Kjarvalsstaði með móður þeirra. Mundi hún ekki hvenær móðir þeirra hafi komið aftur heim, en það hafi verið seint þar sem hún hafi verið of sein að borða kvöldnæringuna sína sem hún væri vön að borða um klukkan 21:30.⁴⁴⁷⁸ Bréf þetta leiddi ekki til viðbragða af hálfu dómsins.
2683. Að afloknum framangreindum skýrslutökum af dómfellda Kristjáni Viðari hófst dómurinn handa við að taka skýrslur af vitnum í Geirfinnsmálinu en tók ekki skýrslur af öðrum dómfelldu fyrr en síðla í júní og byrjun júlí. Teknar voru skýrslur af níu vitnum frá 16. maí fram til 20. júní 1977 er endurupptökubeiðandi mætti til skýrslutöku.
2684. Meðal þessara vitna var [SÓH] sem borið hafði um það að hafa ekið að beiðni dómfellda Kristjáns Viðars til Keflavíkur 19. nóvember 1974 á sendiferðabifreið og að hafa átt í samskiptum við endurupptökubeiðanda og dómfella Kristján Viðar á Vatnsstíg í Reykjavík og Dráttarbrautinni í Keflavík. Þá gáfu skýrslu fyrir dómi meðal

⁴⁴⁷⁵ Málsgrein 1547.

⁴⁴⁷⁶ Málsgrein 1549.

⁴⁴⁷⁷ Málsgrein 1551.

⁴⁴⁷⁸ Málsgrein 1550.

annars sjónarvottar úr Hafnarbúðinni í Keflavík, þar á meðal [GKJ], maður sem tekið hafði stúlku upp í bifreið á Reykjanesbrautinni sem talin var hafa verið dómfellda Erla og [GM] fyrrum starfsmaður bílaleigunnar Geysis.

2685. Skýrslu sína lét [SÓH] í té 25. maí 1977.⁴⁴⁷⁹ Bar hann um viðkyningu af endurupptökubeiðanda og dómfelldu sem og að hafa búið sjálfur að Grettisgötu 82 ásamt dómfellda Kristjáni Viðari. Bar hann um að hafa kynnst [GM] starfsmanni á bílaleigunni Geysi á Spáni í lok september 1974 og hafa hafið störf á bílaleigunni þegar hann kom til landsins síðla í október og starfað þar fram undir áramót. Bar hann um að minnst þess að dómfelldu Kristján Viðar, Erla og endurupptökubeiðandi hefðu komið á bílaleiguna í eitt eða tvö skipti en hann hefði ekki orðið var við að þau fengju bifreið lánaða en bókað var í þingbókina að það hefði þó getað verið. Þá bar hann um að dómfelldi Kristján Viðar hafi beiðst þess að hann flytti eitthvað fyrir sig á sendiferðabifreið. Það hafi verið fyrri part vetrar og gæti hafa verið 19. nóvember 1974. Rakti hann síðan að afráðið hefði verið að hann kæmi á sendiferðabifreiðinni að Laugavegi 32 milli klukkan 20:00 og 21:00. Bifreiðina kvaðst hann hafa sótt þar sem hún hafi verið á horni Vegamótastígs, milli Hegningarhússins og Sparisjóðs Reykjavíkur við Skólavörðustíg án þess að hafa samband við umráðamann bifreiðarinnar, [GuV]. Dómfellda Kristján Viðar hafi hann hitt á Vatnsstíg og hann sagt honum að aka til Keflavíkur. Mundi hann ekki til þess að hafa rætt við endurupptökubeiðanda en kvað það þó geta vel verið. Í Keflavík hafi dómfelldi Kristján Viðar síðan sagt honum að aka niður í Dráttarbrautina og vísað honum leiðina þangað. Ekki mundi hann eftir neinu sérstöku í Dráttarbrautinni þar á meðal hvort þar hefði verið bátur. Hvorki minntist hann samskipta við endurupptökubeiðanda né að hafa hitt dómfelldu við sjoppu eða bensínstöð. Bókað var þó að hann treysti sér ekki til að fullyrða um þetta vegna þess hve langt væri um liðið. Í Dráttarbrautinni hefði hann legið aftur í sæti sendibifreiðarinnar og ekki séð neitt vegna myrkurs og afstöðu bifreiðarinnar en hann hafi heyrt mannamál, líkt og rifrildi sem hafi komið í átt frá sjónum. Taldi [SÓH] sig hafa þekkt málrósm endurupptökubeiðanda og dómfellda Kristjáns Viðars en ekki getað greint orðaskil. Kvaðst hann ekki hafa orðið var við átök en einhvern óróa og taldi mennina hafa verið um tíu til tuttugu metra frá sér. Orðrétt var bókað: „Á meðan þessu orðaskvaldri stóð kom Kristján Viðar hlaupandi til vitnisins og sagði við það eitthvað á þessa leið: „Það verður ekkert úr þessu, þú getur bara farið, þú veist ekkert um málið.“ Kristján Viðar var móður og virtist í æstu skapi.“ Við svo búið hafi hann ekið á brott raleiðis til Reykjavíkur. Hann hafi komið þangað um miðnætti og tekið bensín á Umferðarmiðstöðinni en ekið síðan að Grettisgötu 82 og farið að sofa. Seint um nóttina hafi hann vaknað við að dómfelldi Kristján Viðar hafi komið inn í sameiginlegt herbergi þeirra og hann þá spurt um ferðina og hvers vegna ekkert hafi orðið af flutningnum. Dómfelldi Kristján Viðar hafi sagt það ekki skipta máli og það væri hans mál. Ferðin hafi síðan ekki verið rædd frekar og hann hafi aldrei verið beðinn um að þegja yfir henni en hann hafi hvorki sett ferðina í samband við hvarf Geirfinns Einarssonar né smygl. Sendiferðabifreiðinni kvaðst hann hafa skilað á sama stað klukkan 08:00 morguninn eftir. Hann hafi

⁴⁴⁷⁹ Málsgrein 1561.

jafnframt aldrei orðið var við að nokkuð hafi verið falið í kjallaranum að Grettisgötu 82 á umræddum tíma. Bókað var að hann staðfesti skýrslur sínar hjá rannsóknarlögreglu með áorðnum breytingum. Þá staðfesti hann staðsetningu sendibifreiðarinnar í Dráttarbrautinni líkt og ljósmyndir frá sviðsetningu báru með sér. Bókað var að [SÓH] hafi unnið eið að framburði sínum.

2686. Vegna orða [SÓH] um að hafa ekki orðið var við að eitthvað væri falið í kjallaranum er þess að geta að amma hans og dómfellda Kristjáns Viðars var ekki leidd fyrir dóm um annað en hugsanlega eign dómfellda Kristjáns Viðars að byssusting sem hann var ákærður fyrir að stinga Guðmund með. Hvorki hún né aðrir íbúar hússins að Grettisgötu 82, en um fjölbýlishús er að ræða, voru innt eftir því hvort það hafi getað hent að lík væri geymt eða meðhöndlað í geymslu og vaskahúsi hússins. Samkvæmt framburðum endurupptökubeiðanda og annarra dómfelldu átti lík Geirfinns að hafa verið geymt þar í nærri tvo sólarhringa.
2687. Vegna framburðar [SÓH], um að hafa hagnýtt sendiferðabifreið var umráðamaður bifreiðarinnar, [GuV], yfirheyrður af lögreglu 14. desember 1976 en þá var [SÓH] fyrst yfirheyrður um hugsanlega aðild að ferð til Keflavíkur. Raunar kemur fram í upplýsingaskýrslu lögreglu, sem rituð var 3. desember 1976, að dómfelldi Kristján Viðar hafi borið um að umráðamaðurinn, sem einnig starfaði sem fangavörður í Hegningarhúsinu, hafi sjálfur verið staddur í Dráttarbrautinni í Keflavík 19. nóvember 1974.⁴⁴⁸⁰ Lítil trúnaður virðist hafa verið lagður á þann framburð enda voru framburðir dómfellda Kristjáns Viðars með miklum ólíkindablæ á þeim tíma.⁴⁴⁸¹ Að auki bar [SÓH] á móti því að [GuV] hefði verið með honum í för. Í yfirheyrslu yfir [GuV] kom fram að hann hefði ekki lánað bifreiðina og enginn falast eftir því að fá hana lánaða á þeim tíma sem hann hefði haft hana til afnota. Vissi hann ekki til þess að aðrir hefðu notað bifreiðina á þessum tíma. Kvaðst hann alltaf hafa lagt henni fyrir framan hús sitt að Skólavörðustíg, eða gegnt því, ekki milli Skólavörðustígs 11 og 9. Sagði hann það þó mögulegt að bifreiðinni hafi verið stolið án þess að hann hafi tekið eftir því en taldi það afar ólíklegt að bifreiðin hafi verið tekin í heimildarleysi umrætt kvöld. Aðspurður kannaðist hann ekkert við [SÓH]. Þá neitaði hann því afdráttarlaust að hafa verið í Keflavík 19. nóvember 1974.⁴⁴⁸²
2688. Næstu daga eftir að [SÓH] var yfirheyrður fyrir dómi gáfu meðal annarra sjónarvottar úr Hafnarbúðinni skýrslu. Enginn þeirra bar um að endurupptökubeiðandi eða aðrir dómfelldu hefðu komið inn í Hafnarbúðina þetta kvöld. [GKJ] var sérstaklega afdráttarlaus í framburði sínum en það var hún sem upphaflega kom ábendingu á framfæri við lögregluna í Keflavík um að maður hafi fengið að nota símann í Hafnarbúðinni á þeim tíma sem hringt var heim til Geirfinns að kvöldi 19. nóvember 1974. Fram kom í vitnisburði [GKJ] að hún hefði þekkt endurupptökubeiðanda og dómfellda Kristján Viðar fyrir þennan tíma og gæti því staðhæft að það hefðu ekki verið þeir sem hefðu hringt í þetta skiptið. Bókað var síðan í þingbók sakadóms eftir henni að hins vegar kunnir dómfelldi Kristján Viðar að hafa komið þarna og hringt

⁴⁴⁸⁰ Málsgrein 946.

⁴⁴⁸¹ Málsgrein 967.

⁴⁴⁸² Málsgrein 997.

umrætt kvöld án þess að hún veitti því athygli, enda margir fengið að hringja þarna þetta kvöld. Þessi bókaða athugasemd sem höfð er eftir [GKJ] er þó þeim annmarka háð að hún hafði strax frá öndverðu lýst útliti þess manns ítarlega sem hefði hringt á þeim tíma sem Geirfinnur fékk símtalið.⁴⁴⁸³ Hefði fjöldi manna fengið að hringja úr Hafnarbúðinni á þessum tíma má ætla að [GKJ] hefði ekki tengt umrætt símtal við tiltekinn mann og getað lýst útliti hans. Rétt er í þessu sambandi að halda því til haga að [GKJ] og aðrir sjónarvottar í Hafnarbúðinni báru um það strax í kjölfar hvarfs Geirfinns að lítið hafi verið að gera þetta kvöld.⁴⁴⁸⁴

2689. Tekin var skýrsla fyrir dómi af [GSJ] sem hafði í sakbendingu talið dómfelldu Erlu líkasta þeirri stúlku sem hann hefði tekið upp í bifreið sína á Reykjanesbraut, að því er hann hélt 19. nóvember 1974, en fyrir dómi sló hann því ekki föstu að svo hafi verið. Annar maður, [ÁR], sem gefið hafði sig fram og borið kennsl á dómfelldu við sakbendingu lést áður en til aðalmeðferðarinnar kom. Sá maður hafði fært sterk rök fyrir því að hann hafi verið á ferðinni á þeim tíma sem dómfellda Erla hafði borið um að hafa haldið til baka til Reykjavíkur og tekið hana upp í bifreið sína.⁴⁴⁸⁵
2690. Fyrrum starfsmaður bílaleigunnar Geysis, [GM], mætti sem vitni fyrir dóm 20. júní 1977.⁴⁴⁸⁶ Framburður hans fyrir dómi var í aðalatriðum í samræmi við fyrirliggjandi framburð hjá lögreglu. Bókað var að honum þætti ólíklegt að framburðir endurupptökubeiðanda og dómfelldu Erlu væru réttir, að þau hafi fengið bifreiðar leigðar hjá bílaleigunni Geysi án þess að um það hafi verið gerður samningur. Bókað var að hann gæti ekkert staðhæft um þetta en tók það sérstaklega fram að það hafi ekki verið fyrr en 1975 sem dómfellda Erla hafi fengið bifreiðar hjá bílaleigunni til afnota án samnings. Minntist hann þess ekki að endurupptökubeiðandi hafi borgað honum fyrir að fá bifreið leigða án samnings. Orðrétt var bókað í þingbókina: „Vitnið minnst þess ekki að hafa þekkt Erlu Bolladóttur í nóvember 1974, og gæti því ekki verið að hún hafi verið farin að taka til hjá því á þeim tíma.“ Kvaðst hann fyrst muna eftir dómfelldu Erlu þegar hún hafi komið í fylgd endurupptökubeiðanda á bílaleiguna um vorið 1975. Staðfesti hann í öllum atriðum skýrslu sem hann gaf hjá rannsóknarlögreglunni 21. desember 1976, þar á meðal um málefnalega hlutræna tímasetningu þess hvenær hann sjálfur hóf að draga sér fé frá fyrirtækinu sem hann hafi ekki gert fyrr en eftir að hætt var að kaskótryggja bifreiðarnar í marsmánuði 1975. Enn vildi hann þó ekki fullyrða við nánari spurningar dómsins um þessi efni hvort hann hafi lánað þeim bifreið í nóvember 1974, svo sem þau hefðu haldið fram. Bar hann um að hann gæti ímyndað sér að þau hefðu stolið bifreið á bílaleigunni sem hafi verið mjög auðvelt. Á slíku hafi nokkuð borið á meðan hann starfaði á bílaleigunni, einkum þó úti á landi og svo að vetrarlagi en þá stóðu oft bifreiðar að næturlagi við bílaleiguna.
2691. Athygli vekur þegar framburðir er lúta að farartækjum þeim sem eiga að hafa verið hagnýttar til Keflavíkurferðar eru gaumgæfdir að vörslumenn bifreiðanna, sendiferða-

⁴⁴⁸³ Málsgrein 20.

⁴⁴⁸⁴ Málsgrein 627.

⁴⁴⁸⁵ Málsgrein 1563.

⁴⁴⁸⁶ Málsgrein 1584.

bifreiðarinnar og Volkswagen bílaleigubifreiðarinnar, bera báðir með afdráttarlausum hætti um að hverfandi líkur séu á að framburðir dómfelldu í þessum efnunum eigi við rök að styðjast. Báðir færa sannfærandi og sterk rök fyrir því að það hafi ekki getað átt sér stað að þessar bifreiðar hafi verið hagnýttar. Hvorugur hefur þó sérstaka hagsmuni af því að andmæla dómfelldu og hefði því átt að láta sér í léttu rúmi liggja að þau hefðu borið á þessa vegu. Sýnist þessum mönnum varla hafa getað gengið annað til en að segja sannleikann. Hvorugur síðan er tilbúinn til að útiloka það að dómfelldu segi satt frá þegar sérstaklega er gengið á þá fyrir dómi. Tilgátur beggja um hvernig framburðir dómfelldu gætu staðist í þessum efnunum eru hins vegar verulega langsóttar. Hvað sendiferðabifreiðina varðar má ráða af framburði umráðamannsins að hann hefði þurft að vera farinn að sofa upp úr kvöldmat og verða síðan einskis var fram yfir klukkan 08:00 morguninn eftir. Varðandi bílaleigubifreiðina hefðu endurupptökubeiðandi og dómfellda Erla þurft að brjótast inn í bifreiðina og tengja fram hjá kveikjúlásnum og síðan taka bifreiðina traustataki og það um miðjan dag samkvæmt framburðum dómfelldu. Með þessar tilgátur í huga virðist dómurinn byggja á næsta fjarstæðukenndri forsendu um það hvernig dómfelldu væru þess umkomin að fara til Keflavíkur á þessum tveimur bifreiðum.

2692. Endurupptökubeiðandi kom í fyrsta sinn fyrir dóm vegna Geirfinnsmálsins 20. júní 1977 og var framburður hans bókaður í þingbók undir yfirheitinu „I. Manndráp“. Rakti hann málsatvik nákvæmlega og ítarlega allt frá því að hann hafi verið staddur í Klúbbnum sunnudagskvöldið 17. nóvember 1974 með dómfellda Kristjáni Viðari og kunningja þeirra [PKKP] og hitt þar Geirfinn Einarsson þar til að átökum loknum í Dráttarbrautinni er Geirfinnur hafi legið lífvana á jörðinni.⁴⁴⁸⁷
2693. Degi síðar 21. júní 1977 hélt yfirheyrsla áfram fyrir dómi af endurupptökubeiðanda.⁴⁴⁸⁸ Greindi endurupptökubeiðandi nánar frá átökum og samskiptum við Geirfinn og hvernig staðið var að eftirmálum þess að hann beið bana. Þeir hafi einnig svipast um eftir dómfelldu Erlu en ekki haft erindi sem erfiði en endurupptökubeiðandi hafði eftir dómfelldu að hún hafi haldið til í auðu húsi aðfaranótt 20. nóvember 1974. Hann taldi þó líklegra að hún hefði dvalið hjá einhverju fólki en hann hafði fyrir nefnt í framburði sínum að hún hefði sagt sér frá nafngreindum kunningjum sem hún hefði átt í Keflavík. Greindi hann síðan frá ferð til Reykjavíkur með lík Geirfinns í aftursæti Volkswagen bifreiðarinnar og að það hafi verið flutt í geymslu í kjallaranum á Grettisgötu 82. Þeir þrír hafi síðan farið upp í herbergi dómfellda Kristjáns Viðars til skrafs og ráðagerða en endurupptökubeiðandi bar um að hafa ekki orðið var við [SÓH] sem deildi herbergi með dómfellda. Að kvöldi annars dags eftir ferðina, fimmtudaginn 21. nóvember 1974, hafi þau fjögur farið með lík Geirfinns upp í Rauðhóla, lagt líkið í gróf sem þeir hefðu grafið, kveikt í líkinu og svo mokað yfir. Kvaðst endurupptökubeiðandi margoft hafa bent á þann stað þar sem þau hefðu grafið líkið en það ekki fundist enda hafi dómfellda Erla síðar farið með dómfellda Kristjáni Viðari og ónafngreindum manni, grafið líkið upp og flutt það á einhvern stað við vatn í Heiðmörk. Aðspurður vissi endurupptökubeiðandi ekki

⁴⁴⁸⁷ Málsgrein 1584.

⁴⁴⁸⁸ Málsgrein 1587.

hvort [SÓH] hafi séð átökin við Geirfinn en kvaðst ásamt dómfellda Kristjáni Viðari hafa lagt að [SÓH] að þegja yfir ferðinni en endurupptökubeiðandi taldi [SÓH] bæði hafa vitað um átökin við Geirfinn og að lík Geirfinns hafi verið flutt að Grettisgötu 82.

2694. Bókaður var framburður endurupptökubeiðanda undir yfirheitinu „II. Rangar sakargiftir“. Skýrði hann frá því að hafa ekki átt hugmyndina að því að blanda Klúbbmönnum inn í málið, en það hafi komið af sjálfu sér þar sem endurupptökubeiðandi áleit að Geirfinnur hafi átt í viðskiptum við Klúbbmenn og hafi þeim því dottið í hug að blanda Klúbbmönnum í málið, ef dómfelldu yrðu handteknir. Bar hann dómfellda Guðjón fyrir því að þetta væri heppileg ráðagerð þar sem hugsanlegt væri að Geirfinnur hafi átt viðskipti við Sigurbjörn. Dómfellda Erla hafi svo farið að tala um að Einar bróðir hennar hefði átt í einhverjum óheiðarlegum viðskiptum, þar á meðal með alkóhól, og hefði hún viljað blanda honum í málið. Að sama skapi hafi hún stungið upp á að blanda Valdimari Olsen einnig í málið. Dómfellda Erla hafi nefnt fleiri nöfn í þessu samhengi sem hann rak ekki minni til. Bókað var eftir endurupptökubeiðanda að frásögn um að Geirfinnur hafi beðið bana úti á sjó við að sækja spíritus hafi verið frá [EÓ] komin sem þau hafi hitt í Kaupmannahöfn. Hann hafi farið að ræða við þau um Geirfinnsmálið og sagst vita um það og sagt sögu af þessari sjóferð til að sækja smygl sem hann hafi talið að Klúbbmennirnir stæðu að baki. Hugmyndin um bátsferðina væri þannig komin frá [EÓ]. Sjálfur kvaðst endurupptökubeiðandi hafa heyrt af smygli á spíritus um Dráttarbrautina í Keflavík og geymslu á smyglinu þar. Aðspurður hvort þessi sakaraburður hafi verið ákveðinn, er þau hafi hist að Grettisgötu 82 í júlí 1975, færi svo að þau yrðu handtekin, sagðist endurupptökubeiðandi muna að þetta hafi verið rætt, en ekki hvenær. Staðfesti hann við svo búið skýrslu sína frá 9. desember 1976 með áorðnum breytingum.⁴⁴⁸⁹
2695. Næsta dag 22. júní 1977 var enn haldið áfram að yfirheyra endurupptökubeiðanda um ákæruefni er lutu að röngum sakargiftum um hvarf Geirfinns. Bókað var að endurupptökubeiðandi hafi staðhæft að dómfelldi Kristján Viðar hafi verið viðstaddur þegar þau hafi rætt það sín á milli að blanda Sigurbirni, Magnúsi, Valdimar og Einari í málið. Sagði endurupptökubeiðandi að dómfelldi Kristján Viðar hafi fallist á það og engar athugasemdir gert. Bókað var að endurupptökubeiðandi kannaðist við skýrslu sína hjá rannsóknarlögreglu 22. janúar 1976. Bókað var um að endurupptökubeiðandi hafi dagana fyrir þessa skýrslutöku verið í yfirheyrslum og þá spurður um vitneskju hans um hvarf Geirfinns. Endurupptökubeiðanda rak minni til að fulltrúi yfirsakadómarar hafi spurt hann hvar hann hafi verið 19. nóvember 1974 og rannsóknarlögreglumaður staðhæft að rannsóknarlögreglan hefði vitneskju um, að hann hefði farið með Einari Bollasyni til Keflavíkur þann dag. Rannsóknarlögreglumaðurinn hafi ekki nefnt hvaðan hann hefði upplýsingarnar, en endurupptökubeiðandi talið víst að þær væru frá dómfelldu Erlu. Fullyrt hafi verið við hann að dómfelldu Erlu hefði verið hótad morði og að vopnaðir lögreglumenn gættu hennar. Honum hafi hins vegar verið sagt að ekki væri hægt að halda þessari gæslu

⁴⁴⁸⁹ Málsgrein 1587.

áfram og ef endurupptökubeiðandi skýrði ekki frá gæti svo farið að dómfellda Erla yrði myrt. Kvaðst endurupptökubeiðandi hafa sagst vita að hún óttaðist Einar bróður sinn og hann hefði einnig sagt lögreglumönnum að hún væri hrædd við Valdimar Olsen. Greindi endurupptökubeiðandi frá því að hann hafi verið spurður um ýmsa menn sem talið var að gætu verið viðriðnir Geirfinnsmálið, þar á meðal Einar, Magnús og Valdimar. Þá var bókað að lögreglumennirnir hafi spurt endurupptökubeiðanda nánar að því hvort verið gæti að dómfellda Erla væri hrædd við einhverja menn. Taldi endurupptökubeiðandi að þar gætu komið til greina Einar bróðir hennar, Valdimar Olsen, Magnús Leóoldsson og [JR]. Nafn Sigurbjörns Eiríkssonar hafi ekki komið fyrir en síðar. Kvaðst endurupptökubeiðandi hafa svo breytt og bætt söguna í næstu yfirheyrslum 25. og 27. janúar 1976. Þá hafi bátsferðin komið til sögunnar en það hafi einnig haft áhrif þegar hann gaf skýrslurnar að hann var hræddur um dómfelldu Erlu. Bornar voru undir hann skýrslur frá 10. febrúar og 8. maí 1976 hjá rannsóknarlögreglu og kannaðist hann við undirritun sína. Tók endurupptökubeiðandi fram að hann hafi verið illa fyrirhallaður og orðinn ruglaður þegar hann gaf skýrsluna vegna framburðar dómfelldu Erlu um að hún hafi skotið Geirfinn og eins vegna framburðar dómfellda Kristjáns Viðars um að hafa stungið Guðmund Einarsson með hnífi. Þess hafi verið krafist af rannsóknaraðilum að hann kæmi móts við dómfelldu Erlu og Kristján Viðar í framburðum þeirra. Kvaðst endurupptökubeiðandi hafa tekið skýrsluna til baka morguninn eftir í viðurvist vararíkissaksóknara. Bar endurupptökubeiðandi um að allar skýrslur sem fjölluðu um Klúbbmennina svonefndu ættu það sameiginlegt að vera rangar að því er varðaði þátt Einars, Magnúsar, Sigurbjörns og Valdimars í málinu. Bókað var að hann viðurkenndi sök í II. kafla ákæru varðandi rangar sakargiftir, með framangreindum athugasemdum.

2696. Dómfelldi Guðjón kom fyrir sakadóm til skýrslugjafar 29. júní 1977. Í tilefni af því að honum var kynnt sakarefnið var bókað að hann vildi ekki viðurkenna það að svo stöddu.⁴⁴⁹⁰ Greindi hann frá kynnum sínum af endurupptökubeiðanda og dómfelldu Erlu en bar um að hafa ekki séð dómfellda Kristján Viðar áður en mál þetta kom til sögunnar. Greindi dómfelldi frá því að hafa hitt endurupptökubeiðanda af og til 1974 en fór svo að bera um einstök málsatvik er lutu að Keflavíkurferð en setti mikla fyrirvara við öll málsatvik. Svo hikandi og óljós var framburður dómfellda Guðjóns að dómsformaður ákvað að hann yrði spurður beinna spurninga um hvert einstakt atriði á grundvelli lögregluskýrslna sem dómfelldi hafði fyrir ritað undir. Í framhaldinu var skýrslutakan endurtekin með beinum spurningum og svör dómfellda Guðjóns orðrétt bókuð. Var framburður hans í aðalatriðum í samræmi við það sem hafði verið bókað eftir honum í lögregluskýrslum. Hægt og bítandi var rakin atburðarás í kringum Keflavíkurferð 19. nóvember 1974 en með þessari aðferð, að spyrja dómfellda afmarkaðra spurninga um einstök atriði, lét hann framburð í té um alla málavöxtu en hikandi þó auk þess sem ljóst sýnist að sumt var alls ekki eftir hans eigin upplifun. Þegar hann var inntur eftir veðrinu þetta kvöld, þá endurómaði hann orðfæri veðurfræðinga og gat heimildar; „Norð-vestlæg átt, svalt og gekk á með skúrum. Ég byggi upplýsingarnar um veðrið á því, sem Grétar Sæmundsson sagði mér.“ Var rakin

⁴⁴⁹⁰ Málsgrein 1601.

atburðarás allt til þess tíma að Geirfinnur hefði sest í aftursæti Volkswagen bifreiðarinnar fyrir utan Hafnarbúðina. Er þar var komið sögu lauk skýrslutöku þann dag.

2697. Skýrslutöku fyrir dómi var haldið áfram yfir dómfellda Guðjóni 30. júní 1977. Sami taktur var á skýrslutökunni sem fyrr, dómfelldi var mjög hikandi í allri frásögn. Til dæmis treysti hann sér ekki til að segja til um hvort myndir sem honum voru sýndar væru af manni þeim sem hafi komið upp í bifreiðina við Hafnarbúðina og eins kvaðst hann ekki hafa tekið eftir hvernig hann var klæddur og lýsing hans á klæðnaði mannsins hafi verið eftir frétt í Morgunblaðinu. Gat hann þess að vera ókleift að fullyrða um hvort maðurinn hafi verið Geirfinnur, en kvaðst að svo stöddu ekki hafa ástæðu til að efa það. Rakti hann málavöxtu svo áfram með sama hikandi hættinum og fullyrti lítt og þá sérstaklega ekki um eigin átök við Geirfinn. Rak hann ekki minni til þess að hafa lent í „tuski“ við Geirfinn og tekið hann hálstaki. Gat hann þess að Karl Schütz hafi sagt honum þetta og haft eftir dómfellda Kristjáni Viðari. Dómfelldi hafði ummæli Schütz eftir orðrétt: „Der Kristján hat mir gesagt das er hat von ihnen einen Halsgriff übernommen.“ Bókað var eftir honum að hann gæti ekki lýst þessum atburðum svo nokkurt lag né vit væri í og hafi haldið sig við það. Hann gat þess að í síðustu viðræðum sínum við Karl Schütz hafi Schütz sagt honum frá ákveðnum þáttum í átökum sem þarna hefðu átt sér stað, en hann hefði ekki séð. Taldi dómfelldi sig eftir á að hyggja muna augnablikið er Geirfinnur féll til jarðar, en ekki vita með hvaða hætti það hafi gerst. Honum hafi verið ljóst að Geirfinnur hafi verið látinn. Fyrir dóminum var lesið upp úr skýrslum dómfellda hjá rannsóknarlögreglu og fyrir dómi auk þess sem lesið var upp úr handriti hans, dagsettu 14. desember 1976, um átökin. Bókað var eftir dómfellda að honum hafi verið það ljóst frá upphafi að hann væri í þeirri hættulegu aðstöðu að geta játað öllu eða neitað öllu um þessa atburði. Hann hafi ekki munað neitt sjálfstætt og ekki getað gert sér grein fyrir því sjálfur hvað gerst hafði. Þegar hann var spurður hvort það væri rangt eða rétt sem fram kæmi í skýrslunum var svar hans bókað á eftirfarandi máta: „Ákærði treystir því að rannsóknarlögreglumenn og herra Karl Schütz hafi ekki vísitandi farið með rangt mál við ákærða í ýmsum þeim lýsingum, sem þeir gáfu honum, sem áttu að hafa gerst á umræddum stað og á umræddum tíma.“ Fyrrnefnt handrit hans frá 14. desember 1977 kvað hann einungis hafa verið umræðugrundvöll en ekki ætlað til notkunar sem dómskjal. Kvaðst dómfelldi hafa afhent rannsóknarlögreglumanni mörg sams konar plögg. Dómfelldi vakti athygli dómsins á því að þetta væri í fyrsta sinn sem hann kæmi fyrir dóm þar sem farið væri ofan í hvert einstakt smáatriði og þau rakin lið fyrir lið. Hélt hann uppteknum hætti að setja fyrirvara við einstök málsatvik sem hann kvaðst ekki minnast og dró oftár en ekki í efa að framburður hans í lögregluskýrslum sem lesinn var upp væri réttur en sló líka úr og í. Til dæmis minntist hans þess ekki hvað hefði orðið um lík Geirfinns og dró það stórlega í efa að það hafi verið sett inn í Volkswagen bifreiðina. Þegar framburður hans í þá veru var lesinn fyrir hann kvaðst dómfelldi ekki vilja breyta þessu en sagði mikinn vafa leika á því frá sínu sjónarmiði að líkið hafi verið í bifreiðinni. Uppástungur um mögulega geymslustaði líksins kvað hann vera frá sér komnar en tók fram að hann gerði sér ekki grein fyrir hvort þessir

staðir hafi nokkurn tíma komið til umræðu 19. nóvember 1974. Hvað varðaði akstur með líkið að Grettisgötu 82 gæti hann lítt tjáð sig og þegar lesið var fyrir hann úr lögregluskýrslu kvaðst hann ekki geta borið um það af eigin raun að ekið hafi verið þangað. Kvaðst hann hafa fellt framburð sinn að því sem lýst hafi verið fyrir honum 12. nóvember 1976. Bar hann að mestu fyrir sig minnisleysi um allt er laut að tilfæringum með lík Geirfinns og mundi mjög óljóst allt er laut að staðháttum að Grettisgötu 82. Þess er að geta að þangað hafði hann þó komið með lögreglunni í vettvangsskoðun. Dómfelldi neitaði því afdráttarlaust að hafa átt nokkurn þátt í að flytja lík Geirfinns frá Grettisgötu 82 og grafa það. Ekki hafi verið nefnt við hann hvar líkið hafi verið grafið og kvaðst hann ekkert um það vita.

2698. Dómfelldi Guðjón ritaði í dagbók sína um upplifun sína af yfirheyrslunni fyrir dóminum að aflokinni þessari törn 1. júlí 1977.⁴⁴⁹¹ Ritaði hann um að málið stæði illa fyrir sig. „In solidum dómur blasir við.“ Ritaði hann um þá upplifun að dómsformaður hafi ákveðna stefnu í málinu og vilji sveigja framburði til samræmis, án tillits til sannleikans. Ekki vildi dómfelldi fullyrða þetta þar sem hann hefði ekki nægilega miklar upplýsingar. Áréttá má að skýrslutökur fóru fram fyrir luktum dyrum og dómfelldi í einangrun með takmarkað aðgengi að verjanda sínum, sem þar að auki var einungis viðstaddur skýrslutökur yfir dómfellda sjálfum.
2699. Meðferð málsins var fram haldið 4. júlí 1977 er dómfellda Erla kom fyrir dóminn ásamt skipuðum verjanda sínum.⁴⁴⁹² Skýrði dómfellda frá málsatvikum eins og þau horfðu við henni allt frá því að hafa farið með endurupptökubeiðanda á Mokka mánudaginn 18. nóvember 1974 og hitt dómfellda Guðjón. Þá gat hún þess að hafa farið degi síðar með endurupptökubeiðanda á bílaleiguna Geysi og leigt þar bifreið sem [GM], sem hafi veitt bílaleigunni forstöðu, hafi látið hana fá. Dómfellda minntist þess ekki að gerður hafi verið skriflegur samningur en taldi að endurupptökubeiðandi hafi látið [GM] fá einhverja peninga, en fjárhæðina vissi hún ekki. Dómfellda kvaðst hafa ekið að Hjallavegi 31. Þar hafi þau skilið Volkswagen bifreiðina eftir og haldið rakleiðis á Land Rover bifreið þeirra að Grýtubakka til móður endurupptökubeiðanda þar sem þau hafi borðað kvöldmat. Um klukkan 20:00 hafi þau farið ásamt móður endurupptökubeiðanda að Kjarvalsstöðum á kvikmyndasýningu sem hún taldi hafa tekið um klukkustund. Að henni lokinni hafi þau ekið móður dómfellda strax að Grýtubakka og haldið síðan rakleitt heim á Hjallaveg þar sem þau hafi skipt um bifreið. Þaðan hafi þau ekið heim til dómfellda Guðjóns að Ásvallagötu þar sem endurupptökubeiðandi hafi farið inn. Dómfelldi Guðjón hafi ekki verið heima og þau þá haldið að Lambhóli við Starhaga. Þar hafi endurupptökubeiðandi farið inn í húsið, en hún hafi beðið í bifreiðinni á meðan. Að skammri stund liðinni hafi dómfelldi Guðjón og endurupptökubeiðandi komið út. Þau hafi ekið heim til dómfellda Guðjóns hvort á sinni bifreiðinni og er þangað var komið hafi þeir tveir farið inn. Er þeir komu út aftur hafi endurupptökubeiðandi komið inn í Volkswagen bifreiðina og sagt henni að aka niður á Vatnsstíg. Kvaðst dómfellda hafa stöðvað á móts við hús númer þrjú við Vatnsstíg. Endurupptökubeiðandi hafi farið úr bifreiðinni og sagst ætla að hringja.

⁴⁴⁹¹ Málsgrein 1610.

⁴⁴⁹² Málsgrein 1612.

Hann hafi komið til baka eftir stutta stund og dómfelldi Kristján Viðar rétt á eftir honum. Við svo búið kvaðst dómfellda hafa ekið áfram niður Vatnsstíg og stöðvað skammt frá Skúlagötu. Þar hafi hún séð sendiferðabifreið sem hún bar kennsl á sem sömu bifreið og [SÓH] hafi notað við akstur á búslóð hennar og endurupptökubeiðanda. Hún kvaðst ekki hafa séð ökumann sendibifreiðarinnar en séð dómfellda Guðjón koma gangandi frá sendiferðabifreiðinni. Hún hafi stöðvað bifreiðina á móts við hann og endurupptökubeiðandi og dómfelldi Kristján Viðar hafi ræðst við og að því loknu hafi endurupptökubeiðandi sagt henni að dómfelldi Guðjón ætti að aka. Var svo ekið áleiðis til Keflavíkur en stöðvað á Bifreiðastöð Hafnarfjarðar við Reykjavíkurveg og tekið bensín, þó ekki myndi hún þetta örugglega. Þegar komið hafi verið til Keflavíkur hafi verið stöðvað við bensínstöð og taldi dómfellda að það hafi verið Aðalstöðin. Endurupptökubeiðandi hafi farið þar inn til að hringja en komið brátt aftur og sagst ekki hafa fengið aðgang að síma. Þá hafi verið ekið að Hafnarbúðinni. Mundi hún ekki eftir því hvort endurupptökubeiðandi hafi sagst hafa hringt þegar hann kom til baka. Þá hafi verið ekið í Dráttarbrautina. Þar hafi þau dómfellda, endurupptökubeiðandi og dómfelldi Kristján Viðar farið úr bifreiðinni, en dómfelldi Guðjón orðið eftir. Þau hafi gengið niður í Dráttarbrautina og skoðað sig um. Þau hafi farið aftur í bifreiðina og ekið að sjoppu. Endurupptökubeiðandi hafi farið þangað inn og kvaðst dómfellda hafa séð hann tala í símann við afgreiðsluborðið. Vissi hún ekki við hvern hann var að tala. Ekið var aftur að Hafnarbúðinni og dómfelldi hafi beðið dómfellda Kristján Viðar um að fara inn til að hringja, látið hann fá miða með símanúmeri, en hún ekki heyrt endurupptökubeiðanda nefna neitt mannsnafn. Er dómfelldi Kristján Viðar kom aftur í bifreiðina hafi þau beðið um stund. Eftir nokkurn tíma hafi maður komið að bifreiðinni og var honum hleypt inn og er dómfelldu voru sýndar ljósmyndir af Geirfinni hafi hún staðfest að það hafi verið hann sem hafi komið inn í bifreiðina. Lýsti hún síðan samskiptum endurupptökubeiðanda og að einhverju leyti dómfellda Guðjóns við Geirfinn en þeir hafi æskt þess að hann seldi þeim upplýsingar um hvar smyglaður spíritus væri geymdur og endurupptökubeiðandi boðið honum peninga í því samhengi. Geirfinnur hafi sagst ekkert geta hjálpað þeim og ekki vita um neinn geymslustað. Geirfinnur hafi reynt að komast út úr bifreiðinni en verið hindraður í því og ekið í Dráttarbrautina en dómfellda kunni ekki skil á því hver hefði haft frumkvæði að því. Þar hefði endurupptökubeiðandi opnað skjalatösku og tekið fram búnt af fimm þúsund króna seðlum en er hann hafi rétt Geirfinni búntið hafi hann í fyrstu tekið við því en síðan hent því á gólfid frammi í bifreiðinni þar sem endurupptökubeiðandi sat. Greindi dómfellda frá því að aðrir sem í bifreiðinni voru hafi farið út úr henni en hún hafi setið eftir inni í bifreiðinni. Áfram hafi verið þjarkað við Geirfinn en síðan hafi átök hafist en dómfellda sagðist ekki geta greint frá þeim í einstökum atriðum. Skýrði dómfellda frá því að hún hafi staðið fyrir utan bifreiðina þegar átökin hófust og séð þegar dómfelldu og endurupptökubeiðandi hafi barið Geirfinn en átökin hafi verkað þannig á hana að svipta ætti manninn lífi, en ekki að pynta hann til sagna. Geirfinnur hafi verið barinn þar til hann hafi fallið til jarðar og legið hreyfingarlaus. Þá hafi endurupptökubeiðandi komið til hennar og sagt henni að fara heim. Endurupptökubeiðandi hafi látið hana fá peninga, taldi hún það hafa verið 5.000

krónur. Kvaðst dómfellda hafa haldið strax á brott. Hún hafi séð sendiferðabifreiðina í Dráttarbrautinni en ekki ökumann hennar. Kvaðst dómfellda alveg örugg um að fleiri menn hafi ekki verið þar. Hún hafi haldið að rauðu húsi sem hafi staðið skammt frá Dráttarbrautinni, óttaslegin og hrædd um líf sitt. Húsið hafi verið opið og mannlaust og þar hafi hún dvalið til morguns og reykt marga vindlinga. Hún hafi gleymt dökkblárrí kápu í bifreiðinni og því verið yfirhafnarlaus og kalt. Dómfellda hafi haldið af stað gangandi til Reykjavíkur en eftir nokkrar mínútur hafi komið bifreið sem hún hafi gefið bendingu um að stöðva. Bifreiðin hafi verið annaðhvort af gerðinni Moskvitch eða Skoda. Kvaðst dómfellda hafa sagst vera á leið til Grindavíkur og beðið ökumanninn um far. Minnti dómfelldu að maðurinn hafi sagst vera á leiðinni til Reykjavíkur. Bókað var að dómfellda hafi séð [GSJ] hjá rannsóknarlögreglu sem hafi talið sig hafa tekið hana upp í bifreiðina. Ökumaðurinn hafi spurt hana um starf hennar í Grindavík og sagðist dómfellda Erla vera að vinna þar í fiski en dómfellda mundi að maðurinn hafi sagst vera frá Vestmannaeyjum. Að hennar ósk hafi maðurinn hleypt henni úr bifreiðinni á Reykjanesbraut við afleggjarann til Grindavíkur. Bókað var að dómfelldu hafi verið kynntur framburður [GSJ] og svo bókað að hún rengdi ekki þann framburð en myndi ekki betur eftir þessu. Hún hafi svo fengið far með manni á trukki til Hafnarfjarðar. Kvaðst dómfellda hafa farið úr bifreiðinni við strætisvagnabiðstöð við Strandgötu. Þaðan hafi hún farið með strætisvagni til Reykjavíkur og endað för að Hjallavegi 31, en þangað hafi hún verið komin klukkan 12:00. Stuttu seinna hafi endurupptökubeiðandi komið þangað. Seinnipartinn hafi þau farið að sækja Volkswagen bifreiðina heim til dómfellda Guðjóns að Ásvallagötu. Greindi dómfellda Erla frá því að þau hafi þrifið bifreiðina áður en þau skiluðu henni á bílaleiguna. Kvaðst hún hafa afhent [GM] lyklana. Kvaðst dómfellda Erla ekki hafa séð neitt markvert í bifreiðinni sem hafi bent til átaka og hún hafi ekki séð neina blóðbletti. Lýsti dómfellda því síðan nákvæmlega hvernig staðið hefði verið að því að fjarlægja lík Geirfinns úr kjallara Grettisgötu 82 en ekki mundi hún hvert líkið var síðan flutt. Í framburðarskýrslu hennar var bókað að rætt hafi verið um ýmsa greftrunarstaði, svo sem Hafnarfjarðarhraun, Vífilstaðahraun og úti á Álftanesi. Ákveðið hafi svo verið að flytja líkið upp í Rauðhóla og grafa það þar. Rakti hún við svo búið aðdraganda og framkvæmd þess að líkið var flutt þangað og greftrun þess í hólunum.

2700. Næsta dag var haldið áfram að yfirheyra dómfelldu fyrir dómi.⁴⁴⁹³ Fyrst var nánar vikið að málsatvikum dagana eftir að Keflavíkurferðin hafði verið farin, þar á meðal um greftrun á líki Geirfinns, en dómfellda bar um að dimmt hafi verið orðið þegar lagt hafi verið af stað upp í Rauðhóla 21. nóvember 1974 og að komið hafi verið til baka einhvern tímann um nóttina en henni hafi ekki verið kleift að tímasetja það nánar. Rætt hafi verið um það meðal dómfelldu að nefna hina og þessa staði til að villa um fyrir lögreglu ef málið kæmist upp en líkið væri eina sönnunargagnið. Hún hafi ekki hreyft neinum andmælum við því að flytja lík Geirfinns upp í Rauðhóla þar sem hún hafi talið að það þýddi ekkert og hún hefði getað átt von á hverju sem væri ef hún hefði neitað. Í sama þinghaldi var bókað að ákæra um rangar sakargiftir hafi verið lesin upp. Orðrétt var síðan bókað: „Ákærða kveðst viðurkenna að það sé rétt, sem henni er gefið

⁴⁴⁹³ Málsgrein 1614.

að sök í framangreindum kafla ákærunnar.“ Bar hún um að þau fjögur dómfelldu hefðu hist heima hjá dómfellda Kristjáni Viðari eftir Keflavíkurferðina að frumkvæði endurupptökubeiðanda til að ræða hvað þau ættu að gera ef upp kæmist um þátt þeirra í dauða Geirfinns. Þar hafi verið ákveðið að blanda Klúbbmönnum, það er Magnúsi og Sigurbirni í málið sem og Einari bróður hennar og Valdimar Olsen. Gat dómfellda ekki borið um hver hafi átt hugmyndina að því að blanda Sigurbirni og Magnúsi í málið en talað hafi verið um að þetta væru glæpamenn. Annaðhvort hún eða endurupptökubeiðandi hafi átt hugmyndina að því að blanda Einari og Valdimar í málið. Þeim hafi báðum verið illa við Einar af tilgreindum ástæðum en hún kvaðst ekkert hafa átt sökótt við Valdimar og hann hafi aldrei gert neitt á hennar hlut. Taldi hún að Valdimar hafi verið blandað í málið til að gera það eitthvað trúlegra. Mundi dómfellda að dómfelldu Kristján Viðar og Guðjón hafi eitthvað lagt til málanna og taldi að þeir hafi verið þessu alveg sammála. Þá bar hún um að dómfelldi Guðjón hefði verið áhugasamur um málið og spurt út í það þegar þau hafi verið í sambandi eftir að henni var sleppt úr gæsluvarðhaldi 20. desember 1975. Hann hafi hins vegar ekkert minnst á sinn þátt í því. Að lokinni skýrslutökunni var dómfellda tekin til samprófunar með endurupptökubeiðanda um nokkur atriði. Þar á meðal var bókað að þau væru sammála um að hafa leigt Volkswagen bifreið hjá starfsmanni bílaleigunnar Geysis, án þess að gerður hafi verið skriflegur samningur. Bókað var að endurupptökubeiðanda og dómfelldu Erlu hafi verið kynntur framburður [GM] en þau hafi haldið fast við framburði sína. Bókað var einnig að þau neituðu því að hafa hreyft við líki Geirfinns eftir 21. nóvember 1974 og hvort um sig neitaði áburði hins um að hafa staðið að slíkum flutningum. Loks var bókað að þau væru sammála um að dómfelldu Guðjón og Kristján Viðar hafi tekið þátt í samræðum um að bera það að Magnús, Sigurbjörn, Einar og Valdimar væru viðriðnir Geirfinnsmálið.

2701. Dómfellda mætti til samprófunar með dómfellda Kristjáni Viðari 6. júlí 1977 en bæði voru mætt þar með verjendum sínum.⁴⁴⁹⁴ Dómfelldi Kristján Viðar var inntur eftir því hvar á Vatnsstíg hann hefði farið inn í Volkswagen bifreiðina. Svar hans var bókað orðrétt: „Ég var aldrei staddur á Vatnsstíg ásamt Erlu, Sævari og Guðjóni og fór aldrei inn í neina Volkswagen bifreið á Vatnsstíg. Ég veit ekkert um þetta mál, ég er saklaus af því að hafa átt þátt í dauða Geirfinns Einarssonar og hættur að taka þátt í þessum skrípalátum.“ Bókað var á hinn bóginn að dómfellda Erla hafi sagst halda fast við framburð sinn í málinu. Sagði hún dómfellda Kristján Viðar hafa verið með í ferðinni til Keflavíkur 19. nóvember 1974 og átt þátt í átökunum við Geirfinn. Bókað var að framburður dómfelldu um átökin hafi verið lesinn í heyranda hljóði. Sagði dómfelldi Kristján Viðar að framburðurinn væri rangur, hann hafi ekki verið staddur í Dráttarbrautinni í Keflavík 19. nóvember 1974. Bókað var að frekara samræmi hafi ekki náðst og hvort um sig hafi haldið fast við framburð sinn.
2702. Sama dag komu rannsóknarlögreglumenn og fangaverðir fyrir dóminn vegna ákæruefna er lutu að röngum sakargiftum en dómfelldi Kristján Viðar hafði neitað sök í þeim þætti málsins.⁴⁴⁹⁵ Fyrst gaf sá rannsóknarlögreglumaður skýrslu sem yfirheyr

⁴⁴⁹⁴ Málsgrein 1618.

⁴⁴⁹⁵ Málsgrein 1618.

hafði dómfellda, 23. og 27. janúar, 10. febrúar og 18. mars 1976, þar sem hann hafði borið sakir á Einar, Magnús, Sigurbjörn og Valdimar. Rannsóknarlögreglumaðurinn bar um að dómfelldi Kristján Viðar hafi skýrt sjálfstætt frá málsatvikum og nefnt nöfn framangreindra manna og borið þá þessum sökum. Rak hann minni til þess að það hafi verið eftir ábendingu endurupptökubeiðanda sem farið hafi verið að spyrja dómfellda Kristján Viðar út í Keflavíkurförðina 19. nóvember 1974. Þá greindi hann frá því að dómfellda hafi verið sýndar myndir af ýmsum mönnum og þar á meðal af framangreindum mönnum og Geirfinni Einarssyni. Dómfelldi hafi bent á myndirnar af Einari, Valdimar og Sigurbirni og sagt þá vera tengda Geirfinnsmálinu en rannsóknarlögreglumaðurinn mundi ekki hvort dómfelldi hafi bent á mynd af Magnúsi. Hann hafi bent á mynd af Geirfinni og sagst kannast við hann en ekki vita nafn hans.

2703. Dómfelldi Kristján Viðar var leiddur fyrir dóm til samprófunar við framangreindan rannsóknarlögreglumann. Bókað var orðrétt í þingbók sakadóms við þetta tækifæri: „Verjandi ákærða var tilkynnt um þinghaldið, en hann er ekki mættur. Ákærði lýsir því yfir að hann vilji engum spurningum svara, nema verjandi hans sé viðstaddur.“ Ekki virðist hafa verið gert hlé á þinghaldinu. Bókað var að lesið hafi verið úr framburði dómfellda Kristjáns Viðars fyrir dómi 13. maí 1977 þar sem hann greindi frá símtali nefnds rannsóknarlögreglumanns sem hafi átt sér stað meðan á yfirheyrslu stóð og laut að hótunum í garð dómfelldu Erlu. Skýrði rannsóknarlögreglumaðurinn frá því að símtalið hafi verið við fulltrúa yfirsakadómarar og dómfellda Kristjáni Viðari óviðkomandi. Dómfellda Erla hafi sagt lögreglumönnum að hún óttaðist um sig og hafi orðið fyrir símaónæði. Því hafi tveir menn verið settir á vakt heima hjá henni. Kvaðst rannsóknarlögreglumaðurinn ekki kannast við að hafa hótað dómfellda einu eða neinu í þessu símtali og honum ekki heldur lögð orð í munn í yfirheyrslunni um hvað hann ætti að segja um þátt þessara manna heldur hafi hann skýrt frá aðkomu þeirra sjálfstætt. Kvaðst dómfelldi Kristján Viðar halda fast við skýrslu sína í dómi frá 13. maí 1977 um framangreind atriði. Bókað var að frekari samprófun hafi reynst árangurslaus en að verjandi dómfellda hafi mætt rétt áður en bókun í þingbók hafi verið lesin upp. Annar rannsóknarlögreglumaður kom fyrir dóm sama dag af sama tilefni. Greindi hann frá aðkomu sinni að skýrslutökum yfir dómfellda Kristjáni Viðari er fólu í sér rangar sakargiftir. Greindi rannsóknarlögreglumaðurinn frá því með sama hætti að dómfelldi hafi greint sjálfstætt frá málsatvikum og ekki fengið neinar ábendingar frá lögreglumönnum þegar hann hafi skýrt frá því að fjórmeningarnir væru viðriðnir Geirfinnsmálið. Hann hafi ýmist nefnt nöfn mannanna eða bent á myndir af þeim sem hafi verið meðal fleiri mynda. Dómfelldi Kristján Viðar hafi nafngreint alla mennina og borið þær sakir á þá að þeir hafi verið í ferðinni til Keflavíkur 19. nóvember 1974. Orðrétt var bókað: „Mætti veit ekki til þess að Kristján hafi nokkurn tíma heyrt nöfn framangreindra manna, hvorki hjá lögreglumönnum né fangavörðum.“ Dómfelldi var leiddur fyrir dóminn til samprófunar og lesið upp úr framburði hans frá 13. maí 1977 þar sem rannsóknarlögreglumannsins var getið en sá kannaðist ekki við að dómfelldi hafi verið leiddur áfram við yfirheyrslur þegar hann hafi verið spurður um málsatvik. Voru ýmis ummæli dómfellda Kristjáns Viðars um

einstök málsatvik eða einstök samskipti þeirra borin undir rannsóknarlögreglumanninn sem kvað þau annaðhvort ekki vera rétt eða kannaðist ekki við að þau hefðu átt sér stað, þar á meðal að rannsóknarlögreglumaður hafi lagt hendur á dómfellda. Þá kannaðist rannsóknarlögreglumaðurinn hvorki við að fangaverðir hafi haft afskipti af dómfellda Kristjáni Viðari til dæmis í þeim tilgangi að halda fyrir honum vöku eða hrella hann né að fangavörðum hafi verið ætlað hlutverk við að fara inn í klefa ákærðu að beiðni lögreglumanna og spyrja þá um málið. Rannsóknarlögreglumennirnir voru yfirheyrdir að gættu ákvæðis 2. mgr. 77. gr. laga um meðferð opinberra mála. Forstöðumaður fangelsisins við Síðumúla kom næstur fyrir dóminn sem vitni. Minntist hann þess ekki að dómfellda Kristjáni Viðari hafi verið gert ónæði í fangelsinu og kannaðist ekki heldur við viðtöl fangavarða við hann. Ekki kannaðist forstöðumaðurinn við að lögreglumenn hafi nokkurn tímann beið fangaverði um að aðstoða við yfirheyrslur í málinu. Kvaðst hann oft hafa þurft að vera fram yfir miðnætti þrátt fyrir að vinnudegi lyki klukkan 20:00, aðallega vegna ástands endurupptökubeiðanda eða dómfellda Kristjáns Viðars. Dómfelldi hafi ýmist verið þunglyndur eða æstur og hann hafi því oft þurft að vera hjá honum. Samprófun milli forstöðumannsins og dómfellda reyndist árangurslaus. Annar fyrrum fangavörður mætti fyrir dóm í kjölfarið og bar á sama veg og forstöðumaðurinn um samskipti við dómfellda Kristján Viðar og kannaðist hvorki við ónæði né að fangaverðir hafi haft veg og vanda af yfirheyrslum yfir föngum. Samprófun milli hans og dómfellda var einnig árangurslaus.

2704. Gögn liggja fyrir um að dómarrar málsins hafi ákveðið að hafa samprófun fyrir dómi milli dómfellda Guðjóns og endurupptökubeiðanda á fyrstu dögum júlímánaðar. Mikil áhersla virðist hafa verið lögð á að þeim gæfist ekkert svigrúm til að hafa samráð sín á milli eða undirbúa sig undir slíka samprófun. Dómfelldi Guðjón minntist fyrst á væntanlega samprófun 5. júlí 1977 er hann ritaði um það í dagbók sína að forstöðumaður fangelsisins hafi innt hann eftir því, hvort hann væri tilbúinn til að mæta til samprófunar án verjanda eða með fulltrúa verjandans í hans stað. Því neitaði dómfelldi.⁴⁴⁹⁶ Degi síðar, 6. júlí 1977, hringdi dómsformaður og tjáði fangavörðum að enginn mætti hafa samband við endurupptökubeiðanda eða dómfellda Guðjón fram á mánudagskvöld, þar með taldir lögfræðingar og prestar. Bókað var eftir dómsformanninum í fangelsisdagbók að ástæða þessa hafi verið væntanleg samprófun og jafnframt að endurupptökubeiðandi og dómfelldi Guðjón mættu ekki vita um þessa ákvörðun. Þessum fyrirmælum var hrundið samstundis í framkvæmd þannig að verjanda endurupptökubeiðanda sem kom til viðtals við hann var vísað frá.⁴⁴⁹⁷ Dómfelldi Guðjón ritaði aftur um þetta málefni sama dag⁴⁴⁹⁸ og gat þess að forstöðumaður Síðumúlafangelsisins hafi innt hann eftir því að mæta fyrir dóm án verjanda síns að undirlagi dómsformanns og vararíkissaksóknara þar sem fyrir hafi legið að verjandi hans kæmi ekki fyrr en eftir helgi. Dómfelldi hafi andmælt því þar sem fulltrúi verjandans væri ekki hans verjandi. Tilkynnti forstöðumaðurinn honum þá skömmu

⁴⁴⁹⁶ Málsgrein 1616.

⁴⁴⁹⁷ Málsgrein 1617.

⁴⁴⁹⁸ Málsgrein 1620.

síðar að hann ætti að mæta til samprófunar fyrir dóm næsta mánudag og engar heimsóknir væru leyfðar þangað til. Dómfellda líkaði þessi ákvörðun illa og óskaði þess að fá að tala við fulltrúa verjanda síns en var þá neitað um það. Óskaði dómfelldi þess þá að fangelsispresturinn kæmi til hans næsta laugardag. Forstöðumaðurinn kvaðst myndi koma því á framfæri en fangelsispresturinn yrði að lúta ákvörðun dómara. Næstu daga ritaði dómfelldi Guðjón í dagbók sína um samskipti sín við fangaverði þar sem hann leitaði upplýsinga um hvers vegna samskiptabanni þessu hafi verið komið á. Hélt hann í fyrstu að lík Geirfinns væri fundið en komst að því í samtölum við fangaverði að svo væri ekki.

2705. Mánudaginn 11. júlí 1977 var haldin samprófun fyrir dómi með dómfellda Guðjóni og endurupptökubeiðanda. Bókað var að skipaður verjandi dómfellda Guðjóns væri ekki mættur þrátt fyrir boðun og af þeirri ástæðu væri dómþinginu frestað. Klukkan 13:00 var þinghaldinu fram haldið að viðstöddum vararíkissaksóknara og verjendum auk dómfellda Guðjóns og endurupptökubeiðanda. Voru síðan ýmis atriði úr framburðum hvors um sig borin undir hinn til samprófunar. Var meðal annars lesið úr framburði endurupptökubeiðanda um líkflutninga frá Grettisgötu upp í Rauðhóla 21. nóvember 1974. Kvaðst hann ekki þora að fullyrða að dómfelldi Guðjón hefði verið með en að öðru leyti væri framburðurinn réttur. Bókað var að frekari samprófun hafi reynst árangurslaus.⁴⁴⁹⁹
2706. Vísbendingar eru um að gæsluvarðhaldsvistin hafi orðið endurupptökubeiðanda æ þungbærari eftir því sem leið á vor og sumar 1977. Þannig vék dómfelldi Guðjón að honum í bókun í dagbók sinni 12. apríl 1977 eftir samveru með fangelsisprestinum sem virðist hafa sagt honum tíðindi af endurupptökubeiðanda og stöðu mála í Guðmundarmálinu sem dómfelldi bókaði að væri allt í flækju. Um endurupptökubeiðanda orðaði hann það svo að hann væri hræddur um sálina, að hún verði deydd. Hann heyrði flaut bíla, hróp unglunga og söng fugla niður frá í Hegningarhúsinu.⁴⁵⁰⁰ Endurupptökubeiðandi var svo fluttur í Síðumúlafangelsið á nýjan leik 5. maí 1977 í kjölfar uppkvaðningar úrskurðar um framlengingu gæsluvarðhalds.⁴⁵⁰¹ Engin skýring liggur fyrir í gögnum málsins hvers vegna sá flutningur kom til önnur en sú sem dómfelldi Guðjón ályktaði um í dagbók sinni í færslu sem hann ritaði 17. maí 1977. Þar fjallaði hann um heimsókn frá fangelsisprestinum þar sem meðal annars málefni endurupptökubeiðanda virðast hafa á ný borið á góma. Um þau ritaði hann orðrétt: „S.M. fluttur hingað, þ.e. hefndarráðstöfun G. Br. því S.M. hefur dregið framburð sinn til baka í báðum málum. Vafasamt athæfi dómara.“⁴⁵⁰² Verjandi endurupptökubeiðanda ritaði dómsformanni bréf 11. maí 1977 þar sem hann fór fram á það meðal annars að endurupptökubeiðandi yrði fluttur úr Síðumúlafangelsi þar sem hann taldi dvöl hans þar hafa mjög óheppileg áhrif á hann.⁴⁵⁰³ Að afstaðinni samprófun þeirra 11. júlí 1977 ritaði dómfelldi Guðjón um samprófunina í dagbók sína orðrétt: „Sakad. sampr. við S.M. til 15:30. Hann er alveg niðurbrotinn og nærri ógjörningur að hafa

⁴⁴⁹⁹ Málsgrein 1626.

⁴⁵⁰⁰ Málsgrein 1486.

⁴⁵⁰¹ Málsgrein 1531.

⁴⁵⁰² Málsgrein 1552.

⁴⁵⁰³ Málsgrein 1541.

sampr. með honum. Fátt kom fram markvert. Farið var yfir helstu atriði framb. uns kom að því hvar líkið er. Þá sló úti fyrir S.M. og allt fór á flot.⁴⁵⁰⁴ Endurupptökubeiðandi sendi dómsformanni bréf dagsett 12. júlí 1977.⁴⁵⁰⁵ Þar greindi hann frá því að líki Geirfinns hafi verið komið fyrir á öskuhaugum Hafnarfjarðar. Lýsti endurupptökubeiðandi ökuleiðinni að haugunum og hvernig líkinu hefði verið komið fyrir þar. Orðrétt ritaði endurupptökubeiðandi: „Framburður varðandi Rauðhóla er rangur svo og geymsla á Grettisgötu. Erla nefnir Rauðhólana fyrst í sampröfun fyrir ári síðan og gaf mér merki um að tala um stað þar sem við ókum um sumarið 1975.“ Ritaði hann um að líkinu hafi verið komið fyrir á stað sem endurupptökubeiðandi kvaðst hafa bent rannsóknarlögreglumanni nýverið á. Endurupptökubeiðandi hafði verið í ferðum með rannsóknarlögreglumanninum að fyrirlagi dómsformanns í þrjú skipti á tímabilinu 22. júní til og með 7. júlí 1977 samkvæmt bókunum í fangelsisdagbók.⁴⁵⁰⁶ Síðan ritaði hann orðrétt: „Erla var búin að segja mér að skýra frá Rauðhólunum bæði með miðum sem ég fékk frá henni í Síðumúla og í sampröfun í júlí í fyrra. Taldi ég þetta vera samráð hennar og Guðjóns, en ég ímyndaði mér, að þau hefðu mikið samráð meðan Erla var laus og mér gefið það í skyn.“ Ritaði endurupptökubeiðandi um að vilja koma þessu á framfæri og veita alla hugsanlega aðstoð við að finna lík Geirfinns.

2707. Þriðjudaginn 12. júlí 1977 hringdi dómsformaður í Síðumúlafangelsið og bað um pláss fyrir dómfellda Kristján Viðar sem fluttur var þangað samdægurs.⁴⁵⁰⁷
2708. Sama dag var efnt til sampröfunar milli dómfelldu Erlu og dómfellda Guðjóni fyrir dómi. Bókað var að verjandi dómfelldu Erlu væri utanbæjar en hún væri allt að einu tilbúin til sampröfunar með dómfellda Guðjóni. Ýmis atriði úr framburðum hvors um sig voru reifuð. Þar á meðal var reifað að dómfellda Guðjóni ræki ekki minni til þess að stöðvað hafi verið á bensínstöð á leiðinni til Keflavíkur en treysti sér ekki til að rengja dómfelldu í þeim efnum. Um átökin í Dráttarbrautinni var bókað orðrétt eftir dómfellda Guðjóni: „Ákærði kveður það rétt hjá ákærðu, að hann hafi tekið í upphandlegg Geirfinns, en telur það misskilning að Geirfinnur hafi þá verið að fara á brott. Ákærði kveðst hafa ætlað að fá Geirfinn á brott með sér. Ákærði kveður sér hafa verið ljóst að einhver hafði logið að Geirfinni og eitthvað væri bogið við þetta allt saman. Var ætlun ákærða að Geirfinnur færi óáreittur á brott og ekkert yrði meira úr þessu.“ Taldi dómfelldi Guðjón að Geirfinnur hafi ekki brugðist illa við en dómfellda Kristjáni Viðari og endurupptökubeiðanda hafi verið of lausar hendur eins og neista væri hleypt í púður, eins og það var bókað. Þorði dómfelldi ekki að fullyrða um nákvæman gang mála eftir þetta. Minntist hann þess ekki að hafa beitt hnefunum, að minnsta kosti hafi ekkert séð á honum á eftir. Persónulega hafi ekki vakað fyrir honum að lenda í átökum við Geirfinn. Dómfellda Erla kvaðst halda fast við framburð sinn um átökin. Þá var bókað um að lesið hafi verið úr framburði dómfelldu um flutning á líki Geirfinns og greftrun þess í Rauðhólum. Kvaðst dómfellda ekki vera örugg um

⁴⁵⁰⁴ Málsgrein 1627.

⁴⁵⁰⁵ Málsgrein 1630.

⁴⁵⁰⁶ Málsgreinar 1588, 1600 og 1621.

⁴⁵⁰⁷ Málsgrein 1628.

hvort dómfelldi hafi verið með í ferðinni, en hélt fast við framburð sinn að öðru leyti. Neitaði dómfelldi Guðjón því með öllu að hafa átt nokkurn þátt í flutningi á líki Geirfinns. Þá neitaði hann með öllu að hafa lagt á ráðin um að bendla fjórmenningana við hvarf Geirfinns ef upp kæmist.⁴⁵⁰⁸ Dómfelldi ritaði samdægurs um samprófunina í dagbók sína og taldi hana hafa gengið vel og að dómfellda, sem hafi verið ein, hafi haldið sig nokkurn veginn við sannleikann.⁴⁵⁰⁹

2709. Næsta dag 13. júlí 1977 tilkynnti dómsformaður til fangelsisins við Síðumúla þá ákvörðun dómara að dómfelldu skyldu vera þar í gæsluvarðhaldi þar til niðurstaða sakadóms lægi fyrir. Sérstök fyrirmæli voru svo gefin af hálfu dómsformanns að nafngreindur prestur mætti vitja dómfellda Guðjóns að því tilskildu að hann ræddi sakamálið ekki við hann. Þá tilkynnti dómsformaður að verjandi dómfellda Guðjóns mætti vitja dómfellda en bókað var með sérstakri áherslu að hann mætti alls ekki sýna dómfellda skjöl málsins. Gat hann þess jafnframt að fangelsispresti væri heimilt, eins og þessum mönnum, að hitta þá dómfelldu sem í fangelsinu voru einslega. Aðrar heimsóknir væru ekki leyfðar. Þá var þess getið að vegna sumarleyfa yrði ekkert rætt við dómfelldu fyrr en í september nema ef einhver annar en endurupptökubeiðandi myndi vilja benda á hvar líkin séu grafin.⁴⁵¹⁰
2710. Mánudaginn 18. júlí 1977 ritaði dómfelldi Guðjón í dagbók sína um heimsókn fangelsisprestsins sem hafi fært honum litlar fréttir aðrar en af málinu því dómfelldi bókaði orðrétt í dagbók sína: „Segir málið hafa farið allt upp í loft við sampr. hjá Kristjáni Viðari. Hann þá dregið allt til baka áður sagt og nú er allt í hnút.“⁴⁵¹¹ Þá ritaði hann 8. ágúst 1977 um samtali við varðstjóra í Síðumúlafangelsinu sem hafi greint honum frá ákvörðun dómsformanns frá 13. júlí 1977 um að verjandi hans mætti ekki koma í fangelsið með málskjöl. Ritaði dómfelldi um að þessar fréttir hafi komið honum á óvart. Orðrétt ritaði Guðjón: „Málsskjöl sagði hann að ákærðu fengju aldrei að sjá. Sp. hvort ég veit hvar G.f. er? Sv. Á Puerto Rico.“⁴⁵¹²
2711. Fyrir liggur bréf frá dómsformanni til fyrrum fulltrúa yfirsakadómar, dagsett sama dag, 16. ágúst 1977, ásamt endurriti af framburði endurupptökubeiðanda frá 29. mars 1977 og framburði dómfellda Kristjáns Viðars frá 13. maí 1977. Óskaði dómsformaður þess að fulltrúinn fyrrverandi léti í té greinargerð um þær ásakanir sem fram komu í framburðum á hendur honum, rannsóknarlögreglumönnum og fangavörðum.⁴⁵¹³
2712. Meðal rannsóknargagna liggur fyrir greinargerð fyrrum fulltrúa yfirsakadómar til dómsformanns um ásakanir endurupptökubeiðanda og dómfellda Kristjáns Viðars á

⁴⁵⁰⁸ Málsgrein 1629.

⁴⁵⁰⁹ Málsgrein 1631.

⁴⁵¹⁰ Málsgrein 1632.

⁴⁵¹¹ Málsgrein 1637.

⁴⁵¹² Málsgrein 1667.

⁴⁵¹³ Málsgrein 1645.

hendur honum, lögreglumönnum og fangavörðum, dagsett 22. ágúst 1977.⁴⁵¹⁴ Efni greinargerðarinnar er rakið í kafla VII.6.2.a.⁴⁵¹⁵

2713. Endurupptökubeiðandi ritaði bréf til dómsformanns sem honum var afhent 5. september 1977.⁴⁵¹⁶ Yfirskrift bréfsins var „Síðumúlafangelsi. Sævar Marinó Ciesielski. 15. nóvember til 21. 1974.“ Bréfið er tíu blaðsíður og í því rakti endurupptökubeiðandi ferðir sínar og gerðir dagana 15. til og með 21. nóvember 1974 með ítarlegum hætti. Í yfirliti yfir föstudaginn 15. nóvember 1974 rakti endurupptökubeiðandi að hann hafi farið að Kirkjuteigi til [VK] og verið einkum við kvikmyndastörf frá hádegi fram eftir degi er hann hafi haldið að Gljúfurárholti með [MPJ]. Sunnudaginn 17. nóvember 1974 kvaðst endurupptökubeiðandi einkum hafa verið við kvikmyndastörf og svo haldið til móður sinnar til kvöldverðar en tilgreindi jafnframt að lögreglan hafi verið að snuðra í kringum bifreiðina. Mánudaginn 18. nóvember 1974 hafi hann síðdegis ekið um borgina ásamt dómfelldu Erlu og þremur nafngreindum kunningjum en um klukkan 18:30 hafi hann farið til [VK] og skilað skrá af upptökutæki sem hann hafi fengið lánað. Ritaði hann um að hafa rætt það lengi við [VK] að dómfellda og strákarnir hafi orðið leið á biðinni og farið í sjöppu. Þá lýsti hann efni sænskrar kvikmyndar sem hann hafi horft á í Háskólabíó um klukkan 21:00 sama kvöld. Þriðjudeginum 19. nóvember 1974 lýsti endurupptökubeiðandi með sambærilegum hætti. Ritaði hann um að hafa farið að Kirkjuteigi og spjallað við [VK] um filmusendingu og tæknileg atriði. [VK] hafi greint honum frá því að síðasta sýning á kvikmyndinni „Eldur í Heimaey“ væri um kvöldið. Ritaði endurupptökubeiðandi um að hafa farið í Karnabæ og bílaleiguna Geysi um klukkan 15:15 þennan dag þar sem þau hafi skoðað plötur og hitt forsvarsmann bílaleigunnar. Um klukkan 15:40 hafi þau farið í búðir á Laugaveginum og hann keypt leðurstígvél á dómfelldu. Ritaði endurupptökubeiðandi um að hafa ekið móður sinni heim úr vinnu frá Laugavegi um klukkan 18:00. Þau hafi borðað kvöldmat um klukkan 18:30 að Grýtubakka. Orðrétt ritaði endurupptökubeiðandi: „Ég vildi gleðja móður mína með því að bjóða henni á Kjarvalsstaði því hún fer aldrei neitt og það var seinasta sýning á Heimaeyjamyndinni.“ Um klukkan 19:15 hafi hann og dómfellda farið með matvæli heim á Hjallaveg og klukkan 19:45 hafi þau farið með móður hans að Kjarvalsstöðum og komið þangað um klukkan 20:00. Orðrétt ritaði endurupptökubeiðandi: „Það var mikil aðsókn og öll bílastæði full við Kjarvalsstaði svo við lögðum bílnum á bílastæði hjá Smjörlikisgerð og Ofnasmiðju, efst á plani Ölgerðar. Þegar við komum að anddyri er mikil biðröð. Þegar við komum inn er sýning hafin, sýning var í suðursal sem var skipt til helminga og sýnt var í SSV hluta, ég giska á 60 sæti. Við á skuggamyndasýningu í litlu herbergi í SA, þar var þétt setið, það voru landslags myndir á slides. Ég hitti [VK] fyrir framan sýningasal en sýning fór fram fyrir luktum dyrum. Ég kynnti móður mína [VK] og konu hans og [ÓK] heitinn. Fyrir aftan [VK] sá ég Kristján Pétursson. [VK] var ánægður með aðsóknina sem mér skildist að hann hafi ekki beinlínis búist við. Gengið út og inn um sömu dyr sýningasals. Við vorum

⁴⁵¹⁴ Málsgrein 1657.

⁴⁵¹⁵ Málsgrein 2509.

⁴⁵¹⁶ Málsgrein 1670.

nálægt sýningarvélinni. Að lokinni sýningu bauð ég mömmu á kaffiteríuna þar sem lá ekkert á. En mamma sagði að hún væri orðin sein í kvöldskammtinn út af sykursýkinni.“ Endurupptökubeiðandi áætlaði dvölinu að Kjarvalsstöðum í tíma. Orðrétt ritaði hann: „1. Sýning hefst klukkan 20:05. 2. Fyrstu sýningu lokið klukkan 20:40. 3. Út og inn. Tími sirka 15 mínútur. Klukkan 20:55. 4. Annari sýningu lokið klukkan 21:30. 5. Út úr sal. Spá í kaffi 15 mín. Klukkan 21:45. 6. Sest upp í jeppann klukkan 22:00. Það voru þrjár eða fjórar sýningar um kvöldið frá klukkan 20:55. Skuggamyndir voru fyrir þá sem voru að bíða.“ Í framhaldinu lýsti endurupptökubeiðandi því sem eftir lifði af kvöldinu. Þau hafi verið komin að Grýtubakka 10 um klukkan 22:10. Ritaði hann um að hann og móðir hans hafi rætt saman um kvikmyndina og drukkið kaffi. Dómfellda hafi verið í fúlu skapi þar sem henni hafi ekki fundist hann bera nægilega mikla virðingu fyrir henni. Ritaði endurupptökubeiðandi um að hafa horft á sjónvarpið klukkan 22:40 og fengið sér í glas. Lýsti hann efni fréttamyndar um erlend málefni í umsjón [SD]. Um klukkan 23:05 hafi hann og dómfellda farið heim að Hjallavegi. Þau hafi rifist og hann því farið með leigubifreið upp í Breiðholt til móður sinnar þar sem hann hafi dvalið um nóttina. Orðrétt ritaði endurupptökubeiðandi: „Fékk mér te og ristað brauð í morgunmat og fór til Ásgeirs Friðjónssonar.“ Endurupptökubeiðandi lýsti jafnframt miðvikudeginum 20. nóvember 1974 og setti fram yfirlit í tímaröð yfir atburði dagsins. Hann hafi farið um klukkan 10:00 að lögreglustöðinni þar sem ávana- og fíkniefnadómstóllinn hafi verið til húsa til að ræða við dómara þess dómstóls hvort þeir hafi hringt í [VK] og verið að spyrja um hann. Því næst hafi hann farið heim að Hjallavegi, fengið sér að borða, hlustað á hljómplötur og sæst við dómfellda. Klukkan 17:00 hafi hann farið á kvikmyndasýningu í Háskólabíói og síðan heimsótt kunningja í stutta stund en dómfellda Erla hafi beðið í bifreiðinni á meðan. Miðvikudagskvöldið hafi verið heimilislegt, eins og hann orðaði það. Fimmtudeginum 21. nóvember 1974 lýsti endurupptökubeiðandi líka í tímaröð. Um klukkan 14:00 hafi hann farið að Kirkjuteigi þar sem [VK] hafi unnið að klippingu á kvikmynd. Kvaðst endurupptökubeiðandi hafa stoppað stutt við en spurt um filmusendingu sem hann hafi átt von á. Þaðan hafi hann farið upp í Sjónvarpshúsið við Laugaveg þar sem dómfellda Erla hafi sótt 200 fet af filmu úr framköllun. Þau hafi síðan farið á Mokka kaffi að Skólavörðustíg og hitt þar [HJÞ] sem hafi viljað fá þau í bío með sér og sagt þeim að [PKKÞ] og dómfelldi Kristján Viðar hafi pín ofan í hann tvo pakka af blómsturdufti að Laugavegi 32. Um klukkan 21:00 hafi þau horft á hryllingsmynd í Hafnarbíói sem hann lýsti lítilega. Þau hafi síðan ekið [HJÞ] niður í bæ um klukkan 22:40. Að því loknu um klukkan 23:00 hafi þau farið að Kirkjuteigi og rabbað um kvikmyndir við [VK]. Þau hafi farið þaðan heim að sofa milli klukkan 01:00 og 02:00.

2714. Miðvikudaginn 7. september 1977 kom út bókin „Sakamál 1081“ eftir Karl Schütz og Jürgen Neven-du Mont í íslenskri þýðingu.⁴⁵¹⁷ Í formálsorðum vék Karl Schütz að Geirfinnsmálinu og gat þess að honum væri ekki tækt að fjalla um sönnunargögn málsins á meðan það væri enn til meðferðar fyrir dómstólum en bar dómfellda saman við þýska menn sem framið höfðu morð að yfirlögðu ráði. Þeir þýsku hefðu játað

⁴⁵¹⁷ Málsgrein 1673.

greiðlega strax þegar fyrstu sönnunargögnin lágu fyrir. Þeir sem taldir væru eiga hlut að máli í Keflavík hafi hins vegar lagst á eitt við að tefja rannsókn málsins og villa um fyrir lögreglunni. Einna helst hafi virst sem um samtök hafi verið að ræða. Ritaði hann um að margar vinnustundir hafi farið til ónýtis og það hafi einnig valdið miklum glundroða að sakborningarnir voru alltaf að benda á nýja og nýja staði þar sem lík Geirfinns væri falið. Að lokum hafi þrautseigja allra rannsóknarmanna leitt til þess að rannsóknin miðaði nær marki. Ritaði Karl Schütz um að nútímatækni hafi verið beitt við allar rannsóknir og yfirheyrslur en eins og vænta mátti kom í ljós að svo langur tími var liðinn frá því afbrotið var framið, að flest vitnin – og sakborningarnir reyndar líka – höfðu hreinlega gleymt mörgu sem máli skipti. Margir þeir, sem sakborningar höfðu viljandi bendlað við málið, höfðu hvergi komið nærri þeim atburðum sem þeir voru spurðir um, en sögðu samt: „Það getur vel verið að ég hafi séð þetta, ég man bara ekki lengur eftir því.“ Síðan ritaði Schütz: „Sjálfur átti ég aðallega í erfiðleikum með að dæma um skapgerð þeirra sem hlut áttu að máli. Í Þýskalandi tekst mér tiltölulega fljótt og vel að greina hvort fólk er að ljúga eða segja sannleikann, en á Íslandi varð ég þess var, að fólk sagði lögreglunni ósatt, af ástæðum sem mér voru áður ókunnar. Sum vitnin sögðu rangt frá og virtust mjög grunsamleg þótt þau væru í rauninni á engan hátt flækt í málið. Mér þótti þessi tilhneiging til að halda sakleysislegustu hlutum leyndum mjög nýstárleg og um leið forvitnileg.“ Í lok formálans þakkaði hann dómsmálaráðherra og yfirsakadómarara fyrir að gera sér kleift að starfa á eigin ábyrgð á Íslandi án nokkurra truflana eða íhlutunar.

2715. Endurupptökubeiðandi kom fyrir dóm 13. september 1977 ásamt verjanda sínum.⁴⁵¹⁸ Þar var framangreint bréf hans frá 5. september 1977 lagt fram og þess getið að það fæli í sér skýrslu um nokkra viðburði dagana 15. til 21. nóvember 1974. Jafnframt var bókað að endurupptökubeiðandi staðfesti skýrsluna rétta. Bókað var að samkvæmt skýrslunni segðist endurupptökubeiðandi hafa farið frá Kjarvalsstöðum um klukkan 22:00 að kvöldi 19. nóvember 1974 og að hann hafi verið nánar spurður um þetta og hafi hann haldið fast við þetta. Endurupptökubeiðanda var bent á að þetta væri ekki í samræmi við framburð hans fyrir dómi svo og bréf er hann ritaði dóminum 12. júlí 1977.⁴⁵¹⁹ Bókað var að endurupptökubeiðandi héldi því nú fram að allur framburður hans í málinu væri rangur og byggður á sögusögnum rannsóknarlögreglumanna og þróast með rannsókn málsins. Hann kveðst aldrei hafa farið til Keflavíkur að kvöldi 19. nóvember 1974 og kannist ekki við að eiga þátt í hvarfi Geirfinns Einarssonar og hann hafi aldrei séð hann. Í kjölfarið var bókað að móðir endurupptökubeiðanda hafi komið að eigin ósk í dóminn sem vitni, en verjandi endurupptökubeiðanda hafði raunar óskað eftir því að tekin yrði af henni skýrsla og systur hans sem og [VK].⁴⁵²⁰ Greindi hún frá því að verjandi endurupptökubeiðanda hafi minnst á það við hana í október 1976 að hún hafi verið að Kjarvalsstöðum 19. nóvember 1974 með endurupptökubeiðanda og dómfelldu Erlu. Kvaðst hún hafa farið að rifja þetta upp og sagði kvöldið hafa verið sér minnisstætt þar sem hún færi mjög sjaldan út á kvöldin.

⁴⁵¹⁸ Málsgrein 1678.

⁴⁵¹⁹ Málsgrein 1678.

⁴⁵²⁰ Málsgrein 1678.

Rakti hún svo málsatvik með keimlíkum hætti og endurupptökubeiðandi, þar á meðal að klukkan hafi verið farin að ganga níu þegar þau hafi komið inn á Kjarvalsstaði og þá hafi fyrsta sýning kvikmyndarinnar verið byrjuð. Þau hafi því skoðað um stund sýningu sem hafi verið í gangi á Kjarvalsstöðum. Þau hafi ekki farið fyrr en á síðari sýningu kvikmyndarinnar en sýningin hafi tekið hálfa klukkustund. Að sýningunni lokinni hafi þau hitt [VK], konu hans og föður. Að því búnu hafi þau skoðað ljósmyndasýningu og staldrað við um stund á kaffistofunni. Kvaðst hún hafa afþakkað boð endurupptökubeiðanda um kaffi þar sem hún hafi ekki mátt vera að því. Skömmu síðar hafi henni verið ekið heim og verið komin þangað klukkan 22:10 og skilið þar við endurupptökubeiðanda og dómfelldu Erlu. Þau hafi ekki verið að flýta sér, en hún hafi hins vegar verið á hraðferð þar sem hún væri sykursýkissjúklingur og yrði því að halda ákveðnu mataræði. Systir dómfellda kom í kjölfarið fyrir dóminn. Mundi hún eftir því þegar móðir hennar fór með endurupptökubeiðanda og Erlu á kvikmyndasýningu á Kjarvalsstöðum en kvaðst ekki geta tilgreint daginn. Hún mundi eftir að þau hafi borðað kvöldmat heima hjá móður þeirra fyrir sýninguna og farið um klukkan 20:00 og komið til baka um klukkan 22:00. Byggði hún tímasetninguna á því að móðir hennar hafi ekki borðað kvöldskammt á réttum tíma vegna sykursýki sem hún væri haldin.

2716. Degi síðar 14. september 1977 var [VK] kvikmyndagerðarmaður leiddur fyrir dóminn sem vitni.⁴⁵²¹ Bar hann um að hafa kynnst endurupptökubeiðanda vorið 1974. Endurupptökubeiðandi hafi haft áhuga á kvikmyndagerð og þannig tekist kynni með þeim. Þeir hafi hist nokkrum sinnum og endurupptökubeiðandi verið með honum þegar hann hafi verið að kvikmynda. Kvaðst hann hafa skrifað hjá sér ýmis minnisatriði í dagbók það árið, einkum vinnutíma. Bókað var að [VK] hafi látið rannsóknarlögreglunni í té dagbókina og hún lægi frammi. Um 19. nóvember 1974 skrifaði hann að hafa lokið störfum um klukkan 19:30 og hafa farið á Kjarvalsstaði um kvöldið þar sem mynd hans hafi verið sýnd fjórum sinnum. Greindi vitnið frá því að kvöldið hafa verið sérstaklega minnisstætt. Kvaðst hann hafa rifjað þetta upp þegar blöð hafi farið að skýra frá Geirfinnsmálinu og endurupptökubeiðandi og meðákærðu í málinu hafi verið handtekin. Hann hafi gáð í dagbókina af þessu tilefni og strax haft samband við nafngreindan rannsóknarlögreglumann. Í kjölfar þess hafi hann gefið skýrslu hjá rannsóknarlögreglunni. Taldi [VK] að sýningar á kvikmyndinni hafi hafist um klukkan 20:00 og myndin hafi verið sýnd fjórum sinnum og hver sýning hafi tekið um hálf tíma og um 15 mínútna hlé hafi verið á milli sýninga á meðan fólk hafi gengið inn og út. Hann hafi ekki farið á fyrstu sýninguna heldur á aðra og séð hluta af henni. Hann hafi hitt endurupptökubeiðanda og móður hans á Kjarvalsstöðum um klukkan 21:00. Skildist honum á endurupptökubeiðanda að hann hafi þá ekki verið búinn að sjá sýninguna en móðir hans hafi verið búin að sjá hana. Kvaðst hann ekki hafa merkt það að endurupptökubeiðandi hafi verið að flýta sér en honum hafi fundist sem hann væri að fara eitthvað. Orðrétt var bókað: „Vitninu finnst einhvern veginn að ákærði hafi látið þau orð falla þarna að hann væri að fara til Keflavíkur a.m.k. sagði hann það einhvern tíma við vitnið um þessar mundir. Vitnið kvaðst hafa furðað sig á því hvaða

⁴⁵²¹ Málsgrein 1682.

erindi hann gæti átt til Keflavíkur.“ Tók [VK] það fram að hann hafi þekkt endurupptökubeiðanda lítið persónulega en hann hafi oft og iðulega verið með tæki frá honum. Tók hann fram að þetta hafi verið eina kvöldið sem hann hafi farið á framangreinda sýningu. Bókað var að lögregluskýrsla vitnisins frá 15. maí 1976 hafi verið lesin í heyranda hljóði. Staðfesti hann efni skýrslunnar með áorðnum breytingum. Bókað var að [VK] hafi staðfest að skýrsla frá 10. nóvember 1976 væri rétt í öllum atriðum og eins nákvæm og honum væri unnt að skýra frá, þar á meðal hvenær hann hafi hitt endurupptökubeiðanda að Kjarvalsstöðum og skilið við hann. Vann hann eið að framburði sínum og vék við svo búii frá.

2717. Athygli vekur að ekki er að sjá að dómstólar hafi fjallað um sönnunargildi framburðar þessa vitnis, [VK], en hann var staðfastur í öllum sínum framburðum, tvisvar hjá lögreglu og svo fyrir dómi, að hann hafi átt í samskiptum við endurupptökubeiðanda á Kjarvalsstöðum um klukkan 21:00. Tímamæling lögreglunnar miðaði við að lagt hafi verið af stað frá Kjarvalsstöðum klukkan 20:40.⁴⁵²²
2718. Að sama skapi vekur athygli að sakadómur virðist ekki bregðast við þeim upplýsingum sem fram komu í samantekt endurupptökubeiðanda. Ekki er hlutast til um rannsókn á þeim upplýsingum sem endurupptökubeiðandi rakti sem unnt hefði verið að staðfesta, svo sem framkvæmd sýningarhalds kvikmyndar vitnisins [VK] að Kjarvalsstöðum, nánar um tímasetningu einstakra sýninga og hvort rétt væri að margmenni hefði verið á sýningunum og eins hvort rétt væri greint frá fyrirkomulagi á öðru sýningarhaldi í húsinu. Þá nefnir endurupptökubeiðandi jafnframt fleiri vitni máli sínu til stuðnings sem vænta má að unnt hefði verið að leita upplýsinga hjá, svo sem deildarstjóra hjá Tollgæslunni á Keflavíkurflugvelli sem endurupptökubeiðandi bar um að hafa séð á Kjarvalsstöðum og dómara í ávana- og fíkniefnadómstólnum sem hann bar um að hafa farið og hitt á lögreglustöðinni klukkan 10:00 miðvikudaginn 20. nóvember 1974. Vert er að geta þess í þessu samhengi að í lok ágúst og fyrri hluta september 1977 fór fram mjög ítarleg rannsókn í samræmi við beiðnir dómsformanns, annars vegar 18. ágúst⁴⁵²³ og hins vegar 27. september 1977.⁴⁵²⁴ Þar var meðal annars mælt fyrir um að rannsakað yrði hvort mögulegt væri að armbandsúr, sem vitnið [HJP] bar um fyrir dómi 16. ágúst 1977⁴⁵²⁵ að endurupptökubeiðandi hefði verið með hafi verið í eigu Guðmundar Einarssonar eða Geirfinns Einarssonar. Fjöldi vitna voru yfirheyrð um þetta atriði, gerð ítarleg rannsókn á bókhaldsgögnum úraverslana og aflað ljósmynda af Geirfinni þar sem úr hans sást. Endurupptökubeiðandi gaf allt aðra skýringu á því hvernig hann hefði komið höndum yfir úrið og ekkert varð til þess að staðfesta framburð vitnisins. Ef þessi tvö tilvik eru borin saman sýnist áhorfsmál hvort 2. mgr. 75. gr. laga um meðferð opinberra mála hafi verið fullnægt þannig að dómara hafi rannsakað öll atriði er varði sekt sökunauts eða sýknu.

⁴⁵²² Málsgrein 1116.

⁴⁵²³ Málsgrein 1652.

⁴⁵²⁴ Málsgrein 1708.

⁴⁵²⁵ Málsgrein 1644.

2719. Hinn 14. september 1977 kom fyrrverandi fangavörður í Síðumúlafangelsi fyrir dóminn vegna framburðar dómfellda Kristjáns Viðars frá 13. maí 1977.⁴⁵²⁶ Greindi hann frá því að hafa oft rætt við dómfellda, enda hafi hann haft mikla þörf fyrir að ræða við einhvern, bæði um sakamálin og svo andlega og líkamlega heilsu. Kvaðst hann ekki muna eftir ummælum þeim sem dómfelldi hafði eftir honum en vel megi vera að hann hafi sagt þetta, en ummælin væru þá slitin úr samhengi og ekki sett fram sem hótun. Staðfesti hann að auður klefi hafi verið á milli klefa númer 17 sem dómfelldi Kristján Viðar var í og klefa númer 15 sem endurupptökubeiðandi var í. Kannaðist hann ekki við að fangaverðir eða aðrir hafi vísvitandi verið með hávaða en tók fram að hljóðbært væri í húsinu. Kvaðst hann aldrei hafa heyrt um að fangaverðir eða aðrir hafi farið upp á þak til að framkalla hávaða til að hræða dómfelldu. Þá mundi hann ekki til þess að fangaverðir hafi veifað kylfu framan í dómfellda Kristján Viðar. Að lokum var bókað að hann hefði ekki orðið var við að lögreglumenn ræddu við fangana einslega nema eftir ósk fanganna sjálfra. Vert er að geta þess að forstöðumaður fangelsisins staðfesti skriflega 27. september 1977 að hafður hafi verið fangavörður inni í auða klefanum, númer 16, þann tíma sem endurupptökubeiðandi og dómfelldi Kristján Viðar voru í klefum 15 og 17.⁴⁵²⁷
2720. Dómfelldi Guðjón ritaði um Geirfinnsmálið og framvindu þess sem og um samskipti við verjanda og fangaverði í byrjun september.⁴⁵²⁸ Fyrst fjallaði hann um samskipti sín við verjanda sinn 2. september 1977 og svo samtalið sitt við varðstjóra í Síðumúlafangelsinu þá um kvöldið þar sem meðal annars hafi borið á góma „coup“ sem væntanlegt væri frá endurupptökubeiðanda, en með þeim orðum sýnist vitnað til skýrslunnar sem endurupptökubeiðandi lét afhenda dómsformanni 5. september 1977.⁴⁵²⁹ Þriðjudaginn 13. september 1977 ritaði dómfelldi Guðjón upp níu spurningar til forstöðumanns Síðumúlafangelsisins og svör forstöðumannsins. Orðrétt ritaði dómfelldi: „Ræddum G.f.mál og alltaf best að tala við hann. Segist sannfærður um að ég viti hvar líkið er. Það er nú svo. Væri þá betur ég myndi það. Sannleikurinn sagna bestur. Rétt. Hvað skal gera? „Það verður hver og einn að treysta á sjálfan sig“ segir G. Guðm.“ Þá ritaði dómfelldi um að hafa átt spjall við fangavörð um Geirfinnsmálið til klukkan 04:13 en um það ritaði dómfelldi í dagbókina: „Finum ekkert út úr neinu.“ Miðvikudaginn 14. september 1977 ritaði dómfelldi Guðjón um þinghald í sakadómi. Hann hafi spjallað við verjanda sinn og fengið að lokinni sampröfun öll skjöl afhent sem hann vildi lesa, en fengi ekki að vera viðstaddur vitnaleyðslur. Ritaði dómfelldi um að hafa borið á móti því en verjandinn hafi glott. Sampröfun hafi verið frestað. Verjandi hans hafi síðan borið honum þær fréttir að verjandi dómfellda Tryggva Rúnars hafi lagt fram kröfu um að dómsformaður viki sæti. Mikið uppþot hafi orðið af þeim sökum. Ritaði dómfelldi Guðjón um að hafa fengið afhent málskjöl en víða vantaði blaðsíður. Hann hafi lesið þetta yfir í belg og biðu og svo lánað forstöðumanni og fangavörðum til aflestrar að þeirra ósk.

⁴⁵²⁶ Málsgrein 1682.

⁴⁵²⁷ Málsgrein 1699.

⁴⁵²⁸ Málsgrein 1686.

⁴⁵²⁹ Málsgrein 1670.

2721. Dómþing sakadóms Reykjavíkur var sett 27. september 1977 og þar lögð fram gögn meðal annars frá verjanda dómfellda Guðjóns.⁴⁵³⁰ Síðan var rannsóknarlögreglumaður leiddur fyrir dóminn og spurningar lagðar fyrir hann að beiðni verjandans. Skýrsla hans og annars rannsóknarlögreglumanns um tímamælingar milli Kjarvalsstaða og Keflavíkur var borin undir hann. Var hann spurður hvernig færð og veður hafi verið daginn sem mælingarnar hafi farið fram 11. janúar 1977. Bar hann um að það hafi verið dimmt og gola eða strekkingsvindur en þurrt. Snjór hafi ekki verið á jörðu en aðspurður sagðist hann ekki hafa fylgst með hraðamæli bifreiðarinnar á leiðinni til Keflavíkur. Sagði hann að ekið hafi verið með meiri hraða en löglegum þar sem haft hafi verið í huga það sem fram hafi komið í málinu um að tíminn hafi verið naumur í ferðinni til Keflavíkur 19. nóvember 1974. Orðrétt var bókað í þingbók sakadóms: „Telur vitnið að unnt hafi verið að fara þessa sömu leið og greinir í skýrslunni á Volkswagenbifreið þeirri, sem fjögur hinna ákærðu eru talin hafa farið á til Keflavíkur á jafn skömmum tíma og vitnið fór hana í Volvobifreið rannsóknarlögreglunnar við annan mann? Svar: Já, ég held að það sé möguleiki.“ Í kjölfarið hafi farið fram samprófun milli dómfelldu Guðjóns og Kristjáns Viðars. Óskaði dómfelldi Kristján Viðar fyrst eftir því að bókuð yrði leiðrétting á framburði hans frá 6. júlí 1977, þar sem standi að hann væri saklaus af því að hafa átt þátt í dauða Geirfinns en ætti að standa að hann væri saklaus af því að hafa átt þátt í hvarfi hans. Bókað var að lesið hafi verið upp úr framburði dómfellda Guðjóns um átökin við Geirfinn Einarsson í þinghaldi 12. júlí 1977. Kvaðst dómfelldi Kristján Viðar ekki kannast við þetta, enda hafi hann ekki verið viðstaddur. Var frekari samprófun árangurslaus. Bókað var að framburður dómfellda Guðjóns frá 30. júní 1977 hafi verið lesinn upp í dóminum að beiðni dómfellda Kristjáns Viðars. Orðrétt var bókað í sakadómsbókina: „Í því sambandi óskar ákærði Kristján Viðar bókað að Karl Schütz hafi látið lesa fyrir sér framburði meðákærðu og sagt sér að þeir væru réttir uns ákærði hefði fallist á þá.“ Í þinghaldi 29. september 1977 árétaði dómfelldi Kristján Viðar að Karl Schütz hefði lesið tilvitnaða framburði á þýsku og þeir síðan túlkaðir fyrir honum. Árétaði hann líka að framburðir sínir fyrir dómi að undanskildum samprófunum með dómfelldu Erlu og Guðjóni væru þvættingur, eins og það var orðað. Lýsti hann svo athöfnum sínum 19. nóvember 1974. Þetta kvöld hafi hann farið á tiltekna kvikmyndasýningu í Laugarásbíói og á leiðinni heim hafi hann komið við hjá nafngreindum kunningja sínum sem búsettur var í Miðtúni 19.⁴⁵³¹ Vert er að geta þess að þessar síðbúnu upplýsingar dómfellda Kristjáns Viðars voru ekki rannsakaðar.
2722. Munnlegur málflutningur í málinu hófst 3. október 1977 en að lokinni ræðu vararíkissaksóknara um Guðmundarmálið var bókað í þingbók sakadóms af gefnu tilefni að verjendum hafi verið tilkynnt við þingfestingu málsins 21. mars 1977 að málsmeðferð héldi áfram næstu daga og vikur og væri þeim frjáls aðgangur að öllum þinghöldunum. Bókað var jafnframt að dómarrar málsins minntust þess ekki að

⁴⁵³⁰ Málsgrein 1697.

⁴⁵³¹ Málsgrein 1711.

verjendur hafi látið í ljós ósk um að vera viðstaddir önnur þinghöld en þau, er skjólstæðingar þeirra væru mættir.⁴⁵³²

2723. Í umfjöllun vararíkissaksóknara um refsikröfu ákærvaldsins kom fram, samkvæmt fréttáflutningi fjölmiðla,⁴⁵³³ að hann hafi fjallað um að afdráttarlausar játningar sakborninga gætu haft áhrif til refsilækkunar en furðaði sig á því að sumir ákærðu hefðu slegið því vopni úr höndum verjenda sinna með því að draga játningar til baka. Í framhaldinu var haft eftir vararíkissaksóknara að dómfellda Erla hefði haldið fast við játningar sínar og rétt væri að meta það til refsilækkunar og sömuleiðis það að hún skyldi hafa opnað þá litlu glufu sem þurfti til þess að koma þessum málum á það skrið að þau upplýstust og þar með létt því oki af þjóðinni sem ríkti vegna þess að málin voru óupplýst. Síðar í fréttinni var jafnframt haft eftir vararíkissaksóknara að ákærvaldið teldi það engu breyta þótt lík Geirfinns fyndist ekki. Samhljóða framburður hinna ákærðu hvers fyrir sig og í algjörri einangrun hvert frá öðru væri grundvöllur ákærunnar og fundur líks Geirfinns yrði aðeins ein sönnunin til viðbótar í málinu. Svo virtist, sem sakborningar teldu sér hag í því að líkin fyndust ekki en þvert á móti ætti þetta framferði að leiða til refsingarauka. Gerð var grein fyrir málsvörn af hálfu endurupptökubeiðanda í umfjöllun hér framan er lýtur að sakargiftum í Guðmundarmálinu.⁴⁵³⁴ Verjandi endurupptökubeiðanda byggði á því að hann hefði einn dómfelldu fjarvistarsönnun í báðum málunum. Hann dró mjög í efa tímamælingar lögreglu um ferðina til Keflavíkur og taldi útilokað að ákærðu hafi náð til Keflavíkur á kraftlítili Volkswagen bifreið á þeim tíma sem lögreglan hafi tiltekið.⁴⁵³⁵
2724. Föstudaginn 7. október 1977 lauk munnlegum málflutningi og málið tekið til dóms.⁴⁵³⁶
2725. Miðvikudaginn 12. október 1977 var vitnið [SÓH] fært til geymslu í Síðumúlafangelsið, eins og það var orðað í fangelsisdagbók.⁴⁵³⁷ Þar var jafnframt bókað að rannsóknarlögreglustjóri hafi hringt og beðið um að þess yrði sérstaklega gætt að dómfelldu fengju ekki vitneskju um fangelsun vitnisins.
2726. Tilefni þess var að vararíkissaksóknari kærði [SÓH] þann dag fyrir að hafa unnið eið að röngum framburði fyrir dómi 25. maí 1977 er hann bar um aðild sína að ferð til Keflavíkur 19. nóvember 1977.⁴⁵³⁸ Ástæða þess var að verjandi endurupptökubeiðanda hafði komið á framfæri við einn dómara málsins að [SÓH] hefði lýst því yfir í hans viðurvist og fleiri að hann hafi aldrei farið til Keflavíkur og hafa gefið framburð sinn í málinu vegna hótana um gæsluvarðhald og annarra ógnana. Í kæru vararíkissaksóknara kom fram að afturköllun [SÓH] hafi þegar legið fyrir í bréfi sem ritað hafi verið í desember 1976 af lögmanni hans en því hafi ekki verið komið á framfæri þar sem [SÓH] hafi ekki viljað skrifa undir bréfið.

⁴⁵³² Málsgrein 1719.

⁴⁵³³ Málsgrein 1731.

⁴⁵³⁴ Málsgrein 2522.

⁴⁵³⁵ Málsgrein 1736.

⁴⁵³⁶ Málsgrein 1733.

⁴⁵³⁷ Málsgrein 1739.

⁴⁵³⁸ Málsgrein 1740.

2727. Að morgni 13. október 1977 var bókað í dagbók fangelsisins við Síðumúla að dómsformaður hafi hringt og sagt það samhljóða ákvörðun dómara í Guðmundar- og Geirfinnsmáli að verjendur endurupptökubeiðanda og dómfellda Kristjáns Viðars mættu ekki tala við þá. Áréttað var sérstaklega að þessir lögfræðingar mættu ekki undir neinum kringumstæðum tala við skjólstæðinga sína. Bannið ætti að gilda þar til dómsformaður afturkalli það en hann búist ekki við að bannið verði nema í nokkra daga. Bókað var sérstaklega af forstöðumanni fangelsisins að hann hafi innt dómsformann eftir því hvort ekki væri hægt að slaka á einangrun dómfelldu og setja þá í lausagæslu en bókaði svo að svar dómsformanns hafi verið þvert nei og hann sagt að slíkt kæmi ekki til greina í náinni framtíð. Forstöðumaðurinn hafi innt dómsformanninn eftir ástæðu og fengið það svar að dómfelldu væru í gæsluvarðhaldi. Síðar sama dag hafi dómsformaðurinn hringt og tilkynnt að verjandi dómfellda Guðjóns mætti ekki undir neinum kringumstæðum tala við skjólstæðing sinn. Tekið var fram að verjandi Tryggva Rúnars mætti tala við hann að vild hvors um sig.
2728. Sama dag var þinghald haldið í Guðmundar- og Geirfinnsmálum en það hafði verið dómtekið 7. október 1977 og ákveðið að fallast á kröfu vararíkissaksóknara um framhaldsrannsókn og jafnframt afráðið að þinghaldið skyldi lokað.⁴⁵³⁹ Verjendur dómfelldu voru viðstaddir sem og verjandi með [SÓH] sem einnig var mættur. Bókað var að [SÓH] hafi verið alvarlega áminntur um sannsögli og athygli hans vakin sérstaklega á vitnaskyldu og ábyrgð sem og þýðingu eiðvinnningar og þess getið að hann hafi komið fyrir dóm 25. maí 1977 og unnið eið að framburði sínum. Framburður hans frá þeim degi var lesinn í heyranda hljóði og svo bókað í þingbók yfirlýsing hans um að framburðurinn væri ekki réttur. Hann hafi ekki farið þessa ferð. Saga hans hafi spunnist við yfirheyrslur hjá lögreglunni og skýrslutökur og framburðinn hafi hann eingöngu gefið af ótta við lögregluna. Rakti hann síðan samskipti við rannsóknarlögreglumenn og fulltrúa yfirsakadómara sem hafi verið með þeim hætti að hann hafi látið undan þrýstingi og borið 14. desember 1976 um ferð til Keflavíkur, sem hafi svo leitt til dómsframburðarins 25. maí 1977.
2729. Næsta dag, 14. október 1977, var dómþing sakadóms Reykjavíkur haldið og vararíkissaksóknari, [SÓH] og verjandi hans bókaðir mættir. Tílefni fyrirtökunnar var krafa vararíkissaksóknara um að [SÓH] sætti gæsluvarðhaldi vegna gruns um að hafa unnið eið að röngum framburði. Aðspurður kvaðst [SÓH] ekki hvika frá framburði sínum frá deginum áður, það sem hafi verið haft eftir honum þar væri satt og rétt. Aðspurður kvaðst hann ekki sjá að efni stæðu til þess að úrskurða hann í gæsluvarðhald enda sæi hann ekki ástæðu til þess að hann fengi ekki nú sem áður að vera frjáls ferða sinna. Enn fremur myndi gæsluvarðhald raska námi hans. Aðspurður kvaðst hann ekki muna sérstaklega hvar hann hafi verið staddur að kvöldi 19. nóvember 1974. Kveðinn var upp úrskurður þar sem fram kom að [SÓH] haldi því fram að hann hafi ekki farið til Keflavíkur 19. nóvember 1974 og framburður hans fyrir dómi 25. maí 1977, sem hann hafi unnið eið að, þannig að meginefni rangur. Þá haldi hann því enn fremur fram að hann hafi verið beittur hótunum og ólögmatum

⁴⁵³⁹ Málsgrein 1744.

aðferðum af hálfu rannsakenda. Í úrskurðinum sagði að hann væri þannig sakaður um rangan framburð og rangar sakargiftir, samanber 142. gr. og 148. gr. almennra hegningarlaga. Talin var ástæða til að ætla að [SÓH] kynni að spilla, rangfæra eða koma undan sönnunargögnum ef hann yrði látinn laus frjáls ferða sinna. Var hann því úrskurðaður til að sæta gæsluvarðhaldi til 9. nóvember 1977.⁴⁵⁴⁰

2730. Í kjölfar þessa úrskurðar sætti [SÓH] ítarlegum yfirheyrslum er miðuðu fyrst og fremst að því að hann gerði grein fyrir því hvar hann hafi verið 19. nóvember 1974 og með hverjum. Nefndi hann til þónokkurn fjölda fólks sem hann taldi sig hugsanlega hafa verið í samneyti við þann dag eða dagana þar í kring. Voru viðkomandi yfirheyrðir af lögreglu. Virðist rannsóknin hafa þannig hnigið að því að [SÓH] hafi verið ætlað að færa fram fjarvistasönnun um að hafa ekki verið í Keflavík á þeim tíma og þannig sanna á sig sjálfan sakargiftir þær sem hann var grunaður um, að sverja eið að röngum framburði. Þrátt fyrir ítarlega rannsókn var ekkert leitt í ljós sem upplýsti hvar [SÓH] hafi verið þennan dag.
2731. Sem lið í rannsókn á því hvort [SÓH] hafi unnið eið að röngum framburði var tekin skýrsla af umráðamanni sendiferðabifreiðarinnar, [GuV].⁴⁵⁴¹ Greindi hann frá því í upphafi að eftir síðustu yfirheyrslu hjá lögreglu 14. desember 1976 hafi rifjast upp fyrir honum að eitt sinn haustið 1974 hafi honum fundist sem olía hafi verið tekin af bifreiðinni. Sagði hann enga fasta reglu á því hvernig hann hafi sett olíu á bifreiðina. Hann hafi sjaldnast fyllt tankinn, tekið olíu á ýmsum stöðum og miðað við að hún dygði næstu tvo daga. Taldi hann vafalaust að hann hefði tekið eftir því ef bifreiðinni hefði verið ekið til Keflavíkur og til baka án þess að sett hafi verið olía á bifreiðina. Þá fullyrti hann að hann hafi aldrei skilið bifreiðina eftir í sundinu milli Hegningarhússins og Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis, á Vegamótastíg, enda væri það afleitir staður vegna þrengsla. Bókað var eftir honum sérstaklega að honum þætti afar ólíklegt að bifreiðin hafi verið tekin í umrætt sinn fyrir utan heimili hans án þess að hann tæki eftir því, en gæti þó ekki fullyrt neitt um þetta, þar sem fyrir kom, að hann sofnaði stundum fljótlega eftir kvöldmat og svæfi að mestu framúr.
2732. [SÓH] var látinn laus þegar gæsluvarðhaldið rann út 9. nóvember 1977 án þess að tækist að upplýsa málið frekar.⁴⁵⁴²
2733. Fyrir liggja upplýsingar um að ekki hafi verið gerður frekari reki að málsókn á hendur [SÓH] vegna kæru um rangan framburð. Var málið endanlega lagt upp hjá embætti ríkissaksóknara 2. október 1980, án þess að til formlegrar tilkynningar hafi komið um þá niðurstöðu.⁴⁵⁴³
2734. Gera má ráð fyrir að það sé fátítt að gæsluvarðhaldi vegna rannsóknarhagsmuna sé beitt gagnvart manni sem játar rangan framburð fyrir dómi algerlega af sjálfsdáðum. Er enda vandséð hvaða sönnunargögnum honum hefði verið unnt að spilla, rangfæra eða koma undan sem var sú forsenda sem úrskurður um gæsluvarðhald byggðist á. Ein

⁴⁵⁴⁰ Málsgrein 1747.

⁴⁵⁴¹ Málsgrein 1763.

⁴⁵⁴² Málsgrein 1771.

⁴⁵⁴³ Málsgrein 1933.

meginrök [SÓH] fyrir því að hafa borið ranglega í upphafi hjá lögreglunni voru þau að hann óttaðist að vera settur í gæsluvarðhald ef hann bæri ekki um að eiga þátt í Keflavíkurför í samræmi við það sem dómfelldu voru búin að bera um. [SÓH] var þannig kærður og úrskurðaður í gæsluvarðhald vegna eiðfests framburðar, sem var í samræmi við ákæru dagsetta 16. mars 1977 og þá atburðarás sem síðar var lögð til grundvallar sakfellingu dómfelldu, en ekki fyrir afturköllun á þeim framburði þótt það virðist hafa verið hin raunverulega ástæða gæsluvarðhaldsins.

2735. Eins og að framan er getið varð breyttur framburður [SÓH] til þess að dómarrar sakadóms bönnuðu samskipti milli verjenda og endurupptökubeiðanda og dómfelldu Guðjóns og Kristjáns Viðars. Auk þessa banns virðist hafa verið lögð áhersla á að fangarnir kæmust ekki að því sem var á seyði í Geirfinnsmálinu þar sem dagblöðum var haldið frá þeim þessa daga eftir því sem ráða má af bókun í dagbók fangelsisins við Síðumúla 14. október 1977.⁴⁵⁴⁴ Sama dag birtist einmitt fyrirsögn í dagblaði sem hljómaði svo: „Geirfinnsmálið sprungið í loft upp? „Stjörnuvitnið“ í fangelsi – og telur að framburður sinn hafi verið þvingaður fram.“⁴⁵⁴⁵
2736. Samkvæmt dagbók dómfellda Guðjóns varð hann strax var við að eitthvað var á seyði þar sem baksíðan hafi verið klippt úr dagblaði sem hann fékk til aflestrar 14. október 1977.⁴⁵⁴⁶ Þegar hann hafi leitað skýringa varð fát um svör. Fangavörður hafi sagt þetta skipun æðri máttarvalda og ekki viljað ræða ástæðuna. Annar fangavörður hafi haft eftir forstöðumanni fangelsisins að verjendur fengju ekki að koma til dómfelldu um hríð. Ritaði hann um að hafa vefengt slíka ráðstöfun og krafið fangavörðinn um lagagrundvöll fyrir þessari ákvörðun sem hann kunni ekki að tilgreina. Lagðist dómfelldi við svo búin sjálfur yfir lög um meðferð opinberra mála og leitaði án árangurs að lögfræðilegum grundvelli undir slíka ákvörðun. Þá freistaði hann þess enn að fá svör við því hvað hefði verið í blaðinu sem klippt hafði verið úr en án árangurs.
2737. Verjendum virðist ekki hafa verið tilkynnt um þessa ákvörðun. Í það minnsta virtist verjandi dómfellda Kristjáns Viðars ekki hafa heyrt af þessu banni þegar fangaverðir höfðu samband við hann 16. október 1977 til að koma á framfæri ósk dómfellda um að fá að hitta verjandann en að það gæti ekki átt sér stað þar sem dómurinn hefði bannað slík samskipti. Verjandi dómfellda Kristjáns Viðars hafi haft á orði að hafa í hyggju að ræða við dómsformann.⁴⁵⁴⁷ Það virðist hann hafa gert en með þeim árangri að verjandinn bað fangaverði að tilkynna dómfellda að ef hann vanhagaði um eitthvað ætti hann að rita sér bréf og láta það fara í ritskoðun hjá dómsformanni.⁴⁵⁴⁸
2738. Dómarrar málsins slökuðu á algeru samskiptabanni milli dómfellda Guðjóns og verjanda hans er þeir heimiluðu þeim að hittast 19. október 1977 að viðstöddum starfsmanni sakadóms.⁴⁵⁴⁹ Gekk það eftir að verjandinn kom til fundar ásamt boðunarmanni frá sakadómi. Sama dag hafði verjandi endurupptökubeiðanda hins

⁴⁵⁴⁴ Málsgrein 1746.

⁴⁵⁴⁵ Málsgrein 1748.

⁴⁵⁴⁶ Málsgrein 1751.

⁴⁵⁴⁷ Málsgrein 1752.

⁴⁵⁴⁸ Málsgrein 1753.

⁴⁵⁴⁹ Málsgrein 1756.

vegar samband og bað fyrir sams konar skilaboð og verjandi dómfellda Kristjáns Viðars, ef dómfellda vanhagaði um eitthvað ætti hann að rita sér bréf og láta það fara í ritskoðun hjá dómsformanni.

2739. Tilsökun gagnvart dómfellda Guðjóni kom í kjölfar þess að hann hafði uppi andmæli við þessu banni.⁴⁵⁵⁰ Ritaði dómfelldi meðal annars í dagbók sína um að hafa sagt fangaverði að hann felldi sig ekki við geðþóttaákvarðanir dómsformanns. Skrifaði dómfelldi bréf til varðstjóra í Síðumúlafangelsinu um heimsóknarbann verjanda. Í því rakti hann að varðstjórinn gæti með því að fletta upp í dagbók fangelsisins komist að raun um að skollið væri á heimsóknarbann verjanda í Geirfinnsmálinu að boði dómsformanns. Þetta ætti ekki að tilkynna sakborningum en segja þeim af ef sakborningar spyrðu. Dómfellda var ekki ljóst hvort dómsformaður hefði tilkynnt verjendum þessa ákvörðun. Þar sem hann undi ákvörðuninni illa og taldi hana vafasama bað hann varðstjórann að hafa samband við verjanda sinn og leggja fyrir hann nokkrar spurningar og fá svör við þeim. Virðist það hafa gengið eftir því spurningar og svör eru árituð á baksíðu bréfsins af dómfellda. Fyrstu spurningunni var svarað neitandi, hvort dómsformaður hafi tilkynnt verjanda hans að hann fái ekki að heimsækja eða tala einslega við skjólstæðing sinn. Þá var bókað það svar að óljóst væri við hvaða lög og eða lagagreinar ákvörðun sem þessi styddist. Ritað var að málefnið sem síðasta spurningin lyti að yrði skoðað degi síðar en hún laut að því hvort verjandinn myndi ekki kynna sér þetta annarlega tiltæki og koma í heimsókn. Hafði dómfelldi eftir verjandanum að það væri víst erfitt að segja honum frá þessu og verjandinn áleit jafnvel rétt að þeir hefðu ekki formlegt samband. Að afstaðinni heimsókn verjanda hans í fylgd boðunarmanns ritaði dómfelldi um að hafa fengið óljós svör og að verjandinn teldi þetta ástand þeim fyrir bestu og það myndi ekki standa lengi og dómari hafi talið sig hafa þetta vald. Þá fjallaði dómfelldi Guðjón um að hafa sagt við fangelsisprestinn að hann vildi vita um lögmæti þessa heimsóknarbanns dómara. Fimmtudaginn 20. október 1977 hafi verjandinn komið aftur til viðtals við hann í áheyrn boðunarmanns frá sakadómi. Ritaði dómfelldi í dagbók sína um að hann hefði talið að það stæðist ekki að boðunarmaðurinn væri áheyrandi að samtali þeirra og krafist upplýsinga um réttmæti þessarar ákvörðunar dómara og lagabókstaf. Fátt hafi orðið um svör en þess þó getið að talið væri að þetta skýrðist í næstu viku. Verjandi dómfellda taldi fyrir bestu að fara ekki út í þessa sálma. Næsta dag, 21. október 1977, ritaði dómfelldi Guðjón að hann kysi að láta kyrrt liggja gagnvart dómstólnum. Fimmtudaginn 27. október 1977 ritaði dómfelldi síðan um hafa farið til tannlæknis og gat þess að annar fylgdarmanna hans hafi leyft honum að líta í dagblað og séð þá frétt um gæsluvarðhald [SÓH].
2740. Verjandi endurupptökubeiðanda ritaði dómsmálaráðherra bréf 7. nóvember 1977 og fjallaði um að í dagblaði hefði birst fréttatilkynning frá bókaútgáfu um útgáfu bókar eftir Karl Schütz. Ritaði verjandinn að Schütz hafi unnið nokkuð við rannsókn sakadómsmálanna en í fréttatilkynningunni kæmi fram að í bókinni bæri hann saman dæmda þýska afbrotamenn og skjólstæðing hans, endurupptökubeiðanda. Það væri

⁴⁵⁵⁰ Málsgrein 1768.

líklegast gert á grundvelli upplýsinga og vitneskju sem hann hafi aflað sér í samstarfi við embættismenn á Íslandi. Fór verjandinn þess á leit að gripið yrði inn í með lögbanni og opinberri rannsókn meðal annars með hliðsjón af 136. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.⁴⁵⁵¹

2741. Samskiptabann verjenda og dómfelldu stóð áfram og næst um það bókað í dagbók Síðumúlafangelsisins 14. nóvember 1977 þegar dómsformaður hafði samband og boðaði komu verjanda dómfellda Kristjáns Viðars til viðtals við hann. Þess var sérstaklega getið að verjandinn mætti ekki tala við hann einslega og ekki tala um sakamálin. Tilskilið var að rannsóknarlögreglumaður væri viðstaddur.⁴⁵⁵² Gekk það eftir.
2742. Tveimur dögum síðar, 16. nóvember 1977, tilkynnti dómsformaður að verjandi dómfellda Guðjóns mætti ræða við hann einslega.⁴⁵⁵³ Bannið gagnvart verjanda endurupptökubeiðanda og dómfellda Kristjáns Viðars gildi áfram eins og áréttað var í bókun í fangelsisdagbók 25. nóvember 1977 að gefnu tilefni.⁴⁵⁵⁴
2743. Fyrir liggur handskrifað bréf frá endurupptökubeiðanda til dómsmálaráðherra dagsett 23. nóvember 1977. Lýsti hann þar aðstæðum sínum í Síðumúlafangelsinu þar sem hann hefði dvalið samfleytt í tvö ár sem einangrunarfangi sem væri heilsuspillandi fyrir sál og líkama. Biðlaði endurupptökubeiðandi til ráðherrans að beita sér fyrir því að hann yrði fluttur á Litla-Hraun eða í lausagæslu í Hegningarhúsið.⁴⁵⁵⁵
2744. Föstudaginn 18. nóvember 1977 ritaði dómfelldi Guðjón í dagbók sína um að hafa rætt um Geirfinnsmálið við séra Ragnar Fjalar og frétt í blaði um framhaldsrannsókn vegna breytts framburðar sendibílstjóra. Ritaði dómfelldi um að verjendabann stæði enn, að því er hann vissi best.⁴⁵⁵⁶ Þriðjudaginn 22. nóvember 1977 ritaði dómfelldi svo að í ljós hafi komið að verjandi hans mætti heimsækja hann og tala við hann einslega, honum hafi hins vegar ekki verið sagt það. Ritaði dómfelldi að vera sá eini af sakborningum Geirfinnsmálsins sem mætti tala einslega við verjanda. Kvað hann varðstjóra í fangelsinu kalla hann forréttindafanga. Raunar breytti þessi vitneskja engu fyrir dómfellda þar sem verjandi hans svaraði ekki boðum um að koma og hitta hann. Ályktaði dómfelldi í dagbók sinni að annaðhvort hefði hann ekki í hyggju að koma fyrir en eftir framhaldsmálflutning, sem ráðgerður var 12. desember 1977, eða þegar hinir verjendurnir mættu koma líka.
2745. Framhaldsmálflutningur fór fram 12. desember 1977. Við það tækifæri voru meðal annars lögð fram rannsóknargögn frá rannsóknarlögreglu ríkisins vegna gruns um að [SÓH] hafi lagt eið að röngum framburði fyrir dómi. Að afstöðnum málflutningnum tilkynnti dómsformaðurinn um að samskiptabanni væri aflétt.

⁴⁵⁵¹ Málsgrein 1770.

⁴⁵⁵² Málsgrein 1774.

⁴⁵⁵³ Málsgrein 1776.

⁴⁵⁵⁴ Málsgrein 1779.

⁴⁵⁵⁵ Málsgrein 1778.

⁴⁵⁵⁶ Málsgrein 1782.

2746. Mánudaginn 19. desember 1977 var dómur í málinu kveðinn upp. Hinn 22. febrúar 1980 var í Hæstarétti Íslands kveðinn upp dómur í máli nr. 214/1978.
2747. Hér að framan hafa verið raktar ástæður að baki því að grunur beindist að dómfelldu um aðild að hvarfi Geirfinns, á hvaða upplýsingum rannsakendur byggðu þann grun, hvað dómfelldu báru í upphafi og hvernig framburður þeirra þróaðist. Í kaflanum gefur að líta greiningu endurupptökunefndar á því hvenær og við hvaða aðstæður dómfelldu gáfu þá framburði sem taldir voru fela í sér játningu um aðild að refsiverðri háttsemi og hvaða þættir hafa áhrif á sönnunargildi þessara framburða. Líkt og gerð hefur verið ítarleg grein fyrir í kafla VII.5.2 hafa ýmsir samverkandi þættir áhrif á sönnunargildi framburða dómfelldu í málinu, svo sem langvarandi gæsluvarðhald og einangrunarvist, beiting harðræðis undir rannsókn málsins og þær rannsóknar- og yfirheyrsluáðferðir sem voru viðhafðar. Við úrlausn um beiðni endurupptökubeiðanda um endurupptöku dóms Hæstaréttar er til skoðunar hvort skilyrðum c-liðar 1. mgr. 211. gr. laga um meðferð sakamála sé fullnægt, að verulegar líkur hafi verið leiddar að því að sönnunargögn sem færð voru fram í málinu hafi verið rangt metin svo að áhrif hafi haft á niðurstöðu þess. Dómstólar höfðu svipaðan lagagrundvöll að styðjast við á sínum tíma og nú við mat á sönnunargildi og trúverðugleika framburða. Gildandi meginreglur um sönnun í sakamálum voru þær sömu og svipaðar réttarreglur í gildi um sönnun, sönnunarbyrði og sönnunarmat. Eins og rakið hefur verið í úrskurði þessum er nánast engum sýnilegum sönnunargögnum til að dreifa og vægi þeirra því lítið við sönnunarmatið. Úrslitum ræður því hvort fyrirbyggjandi gögn og upplýsingar varpi nýju ljósi á mat á sönnunargildi framburða dómfelldu og vitna fyrir lögreglu og fyrir dómi, þar á meðal játningar og afturhvarf frá játningum. Að mati endurupptökunefndar vega þau atriði sem ítarlega hafa verið rakin í kafla VII.6.2.b þungt í heildarmati á því hvort rétt sé að fallast á endurupptöku málsins á grundvelli heimildar í c-lið 1. mgr. 211. gr. laga um meðferð sakamála.

VII.6.2.c Sakarefni er lúta að röngum sakargiftum

2748. Með dómi Hæstaréttar 22. febrúar 1980 var staðfest sakfelling dómfelldu Erlu Bolladóttur, Kristjáns Viðars Viðarssonar og endurupptökubeiðanda, sem dæmd höfðu verið með dómi sakadóms Reykjavíkur fyrir að hafa með háttsemi sinni gerst sek um brot á 1. mgr. 148. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, samanber 15. gr. laga nr. 101/1976, sem talin var eiga við, samanber 2. gr. almennra hegningarlaga. Um var að ræða ákæruatriði samkvæmt II. kafla ákæru 16. mars 1977 sem fólst í að hafa borið fjóra menn röngum sökum gegn betri vitund. Sakadómur taldi, í samræmi við játningar dómfelldu Erlu og endurupptökubeiðanda, að um samantekin ráð væri að ræða hjá þeim til að torvelda rannsókn málsins. Í dómi Hæstaréttar var vikið að því að dómfelldi Kristján Viðar hefði ekki gengist við brotinu en fullljóst væri að hann hefði eins og þau borið þá röngum sökum, sem hann bæri refsíabyrgð á. Hæstiréttur leit til þess við ákvörðun refsingar að brot þeirra hafi haft þær afdrifaríku afleiðingar að fjórmenningarnir hafi sætt alllangri gæsluvarðhaldsvist.
2749. Tilvitnuð 1. mgr. 148. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 var orðuð svo á þessum tíma: „Hver, sem með rangri kæru, röngum framburði, rangfærslu eða undanskoti

gagna, öflun falsgagna eða á annan hátt leitast við að koma því til leiðar, að saklaus maður verði sakaður um eða dæmdur fyrir refsiverðan verknað, skal sæta varðhaldi eða fangelsi allt að 10 árum. Við ákvörðun refsingar skal hafa hliðsjón af því, hversu þung hegning er lögð við broti því, sem sagt er eða gefið til kynna, að viðkomandi hafi drýgt. [...] Hafi brot haft eða verið ætlað að hafa í för með sér velferðarmissi fyrir nokkurn mann, þá skal refsað með fangelsi ekki skemur en 2 ár og allt að 16 árum.“

2750. Í ákæru frá 16. mars 1977 kom fram að dómfelldu hefðu árið 1976 gerst sek um rangar sakargiftir í skýrslum er þau gáfu rannsóknarlögreglunni í Reykjavík og á dómþingi sakadóms Reykjavíkur. Það hafi verið samantekin ráð þeirra að bera í skýrslum þessum þær röngu sakir á Einar Bollason, Magnús Leópoldsson, Sigurbjörn Eiríksson og Valdimar Olsen, að þeir hefðu átt hlut að dauða Geirfinns og smyglbrotum. Þessar sakargiftir hafi leitt til þess, að þeim hafi verið gert að sæta langvinnu gæsluvarðhaldi í þágu rannsóknar þessara sakarefna. Einar, Magnús og Valdimar hafi verið í gæsluvarðhaldi af þessum sökum frá 26. janúar til 9. maí 1976, en Sigurbjörn frá 11. febrúar til 9. maí 1976.
2751. Í ákæru var sundurliðað við hvaða tækifæri hvert og eitt dómfelldu báru sakir á hvern þessara manna fyrir sig. Endurupptökubeiðanda var gefið að sök að hafa borið þessar sakir á framangreinda menn sem hér segir: Á Einar Bollason fyrir rannsóknarlögreglu 22., 25. og 27. janúar, 10. febrúar og 8. maí og á dómþingi sakadóms 1. apríl. Á Magnús Leópoldsson fyrir rannsóknarlögreglu 22., 25. og 27. janúar og 8. maí og á dómþingi sakadóms 1. apríl. Á Sigurbjörn Eiríksson fyrir rannsóknarlögreglu 27. janúar, 10. febrúar og 8. maí. Á Valdimar Olsen fyrir rannsóknarlögreglu 22., 25. og 27. janúar, 10. febrúar og 8. maí og á dómþingi sakadóms 1. apríl.
2752. Af hálfu dómfelldu allra hefur verið óskað endurupptöku á dómi Hæstaréttar er varðar framangreindar sakargiftir. Settur ríkissaksóknari stendur að beiðni um endurupptöku hvað varðar dómfellda Kristján Viðar og hefur mælt með endurupptöku varðandi dómfelldu Erlu og endurupptökubeiðanda.
2753. Meðal fyrirleggjandi gagna er upplýsingaskýrsla, dagsett 10. mars 1976,⁴⁵⁵⁷ rituð af rannsóknarlögreglumanni um aðdraganda þess að fyrstu skýrslurnar sem til var vitnað í ákærinni voru teknar.
2754. Þar sagði að um miðjan janúar 1976 hafi dómfellda Erla tjáð rannsóknarlögreglumönnum og fulltrúa yfirsakadómarara sem önnuðust rannsókn hvarfs Guðmundar Einarssonar að hún hafi orðið fyrir ónæði af símhringingum og væri hrædd. Hún hafi mætt til viðtals við fulltrúa yfirsakadómarara og rannsóknarlögreglumann í fangelsið við Síðumúla að kvöldi 21. janúar 1976. Þar hafi hún skýrt frá því að nokkrum sinnum undanfarna daga og nætur hafi verið hringt í síma móður hennar þar sem hún hafi dvalið. Oftast hafi enginn talað í símann þegar hún svaraði utan einu sinni en þá hafi karlmaður óbeinlínis haft í hótunum við hana. Hún hafi verið spurð hvort henni fyndist hún ekki vera búin að gera nóg. Henni væri þó óhætt fram að ákveðnum mánaðardegi en nefndan dag var ráðgert að systir dómfelldu Erlu, sem

⁴⁵⁵⁷ Málsgrein 257.

búsett var erlendis og hafði dvalið hjá móður þeirra ásamt dómfelldu á þessum tíma, myndi halda af landi brott. Hefði dómfellda Erla ályktað að viðkomandi væri kunnugur fjölskyldunni fyrst vísað væri til þessa dags. Frá því var greint í skýrslunni að dómfellda Erla hafi verið margspurð við hvern eða hverja hún væri hrædd. Hafi hún þá nefnt nöfn Einars Bollasonar, Sigurbjörns Eiríkssonar og [JR]. Hræðslu hennar við þessa menn hafi hún sett í samband við hið svokallaða Geirfinnsmál.

2755. Í upplýsingaskýrslunni var svo rakið að á sama tíma og dómfellda Erla hafi skýrt frá framangreindu hafi annar rannsóknarlögreglumaður talað við endurupptökubeiðanda. Rannsóknarlögreglumaðurinn hafi tjáð endurupptökubeiðanda að dómfellda Erla væri hrædd við einhverja menn án þess að gefa honum til kynna hverjir það væru. Endurupptökubeiðandi hafi þá nafngreint sömu menn og dómfellda Erla. Í framhaldi af þessu hafi verið tekin skrifleg skýrsla af endurupptökubeiðanda 22. janúar 1976 sem er fyrsta skýrsla hans sem fól í sér samkvæmt ákæru rangar sakargiftir af hans hálfu.
2756. Í skýrslum endurupptökubeiðanda og dómfelldu Erlu hafi komið fram að dómfelldi Kristján Viðar væri viðriðinn málið og því hafi einnig verið tekin skýrsla af honum síðar sama dag og af dómfelldu Erlu, 23. janúar 1976. Á sama hátt og í tilviki dómfelldu Erlu og endurupptökubeiðanda var þar um fyrstu skýrslu dómfellda Kristjáns Viðars að ræða sem fól í sér samkvæmt ákæru rangar sakargiftir af hans hálfu.
2757. Þess var sérstaklega getið að endurupptökubeiðandi og dómfelldu Erla og Kristján Viðar hafi öll verið látin lýsa sjálfstætt staðháttum á þeim stað sem þau hafi sagst hafa farið á og talið vera í Keflavík. Lýsingar þeirra hafi allar komið heim og saman við staðhætti í og við Dráttarbrautina í Keflavík. Tekið var fram að það hafi að sjálfsögðu verið gert áður en farið hafi verið með hvert og eitt þeirra til Keflavíkur og án þess að einhverju þeirra hafi verið sagt fyrirfram hvernig lýsing annars hafi verið. Loks var þess getið að endurupptökubeiðanda og dómfelldu Erlu og Kristjáni Viðari hafi verið sýndar ljósmyndir af nokkrum mönnum sem hugsanlega kæmu málinu við, þar á meðal ljósmynd af Geirfinni.
2758. Bókað var í dagbók fangelsisins við Síðumúla að klukkan 09:05, 20. janúar 1976, hafi endurupptökubeiðandi verið tekinn til yfirheyrslu sem hafi staðið til klukkan 14:55. Rannsóknargögn liggja ekki fyrir um yfirheyrsluna sem stóð yfir í tæpar sex klukkustundir. Síðar þennan sama dag klukkan 20:10 var bókað að endurupptökubeiðandi hafi verið færður á klefa að lokinni yfirheyrslu en ekki kom fram í dagbók fangelsisins hvenær seinni yfirheyrslan yfir endurupptökubeiðanda hófst þennan dag. Rannsóknargögn liggja ekki heldur fyrir um þessa síðari yfirheyrslu.
2759. Í tilefni af svonefndri harðræðisrannsókn sem fram fór frá mars til og með október 1979⁴⁵⁵⁸ ritaði endurupptökubeiðandi bréf til verjanda síns sem innlegg í rannsóknina og var það afhent honum 25. júní 1979.⁴⁵⁵⁹ Vék hann í bréfi sínu að upphafi Geirfinnsmálsins. Hann hafi, eftir að hafa verið í hörðum og ströngum yfirheyrslum vegna Guðmundarmálsins, verið tekinn í yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglumanni 19. eða

⁴⁵⁵⁸ Málgreinar 1810, 1833–1845 og 1848–1852.

⁴⁵⁵⁹ Málgrein 1838.

20. janúar 1976. Þar hafi hann verið spurður hvort hann þekkti bræður dómfelldu Erlu. Greindi endurupptökubeiðandi frá því að hafa borið um að hafa verið með bróður dómfelldu, sem hann nafngreindi ekki, í sveit hjá ömmu sinni og afa á Stóra-Hofi í Gnúpverjahreppi. Rannsóknarlögreglumaðurinn hafi þá sagst hafa sannanir fyrir því að endurupptökubeiðandi hefði farið með Einari Bollasyni til Keflavíkur 19. nóvember 1974. Endurupptökubeiðandi ritaði að hafa ekki fengið neina skýringu á þessari staðhæfingu frekar en nokkru öðru sem fram hafi farið í yfirheyrslum hjá rannsóknarlögreglumönnum. Hafi rannsóknarlögreglumaðurinn rætt um einhver samskipti sem endurupptökubeiðandi hafi átt að hafa við þá Sigurbjörn Eiríksson, Magnús Leópoldsson, Einar Bollason og Valdimar Olsen. Kvaðst endurupptökubeiðandi hafa sagt að hann vissi ekki hvað rannsóknarlögreglumaðurinn væri að tala um en sá talið sig vita betur og sagt endurupptökubeiðanda að hugsa málið til morguns.

2760. Í dagbók fangelsisins við Síðumúla var bókað 21. janúar 1976 klukkan 08:15 að forstöðumaður fangelsisins hafi hringt í fulltrúa yfirsakadómara og beðið hann um að sjá til þess að rannsóknarlögreglumenn kæmu strax því nú hefði skipast veður í lofti, eins og það var orðað í bókuninni. Klukkan 10:35 hafi rannsóknarlögreglumennirnir tekið endurupptökubeiðanda til yfirheyrslu, fulltrúi yfirsakadómara hafi komið og tekið þátt í yfirheyrslunni klukkan 10:50 en farið aftur klukkan 11:12. Fram kom að endurupptökubeiðandi hafi verið færður aftur á klefa sinn klukkan 13:45. Klukkan 16:00 var bókað að fulltrúi yfirsakadómara hafi mætt á ný og klukkan 16:25 var bókað að endurupptökubeiðandi hafi verið færður aftur til yfirheyrslu en að lokinni þeirri yfirheyrslu var hann færður á klefa klukkan 18:45. Rannsóknargögn um yfirheyrslurnar liggja ekki fyrir. Klukkan 19:30 mætti fulltrúi yfirsakadómara enn og var bókað klukkan 19:50 að rannsóknarlögreglumaður hafi sótt dómfelldu Erlu fyrir fulltrúann og komið með hana tíu mínútum síðar. Þeir tveir hafi strax tekið hana til yfirheyrslu en klukkan 20:15 hafi endurupptökubeiðandi verið færður til yfirheyrslu í þriðja sinn þennan dag. Bókað var í dagbókina að yfirheyrslu yfir dómfelldu Erlu hafi lokið klukkan 23:55 og hafi rannsóknarlögreglumaður farið með hana. Hafi hann komið til baka klukkan 00:40. Bókað var að fulltrúi yfirsakadómara hafi farið klukkan 01:00 og skýrslutöku yfir endurupptökubeiðanda hafi lokið klukkan 02:00, hann færður inn á klefa og rannsóknarlögreglumennirnir farið. Á tímabilinu frá klukkan 10:35 um morguninn þar til yfir lauk klukkan 02:00 um nóttina var endurupptökubeiðandi samtals í 11 klukkstundir og 25 mínútur í yfirheyrslu.
2761. Í áðurnefndu bréfi sem endurupptökubeiðandi ritaði í júní 1979 til verjanda síns sem komið var á framfæri við rannsóknarlögregluna fjallaði endurupptökubeiðandi um atvik þessa dags.⁴⁵⁶⁰ Bar hann um að hafa verið tekinn til yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglumanni sem hafi sagt að vitað væri að menn væru að sækjast eftir lífi hans og ef hann greindi ekki frá ástæðu þess hlyti hann að vera meira en lítið sekur. Rannsóknarlögreglumaðurinn hafi sagt að verið væri að setja skothelt gler í fangelsið af þessum sökum, en smiðir voru við störf á þeim tíma í fangelsinu eftir því sem fram kemur í dagbók fangelsisins.⁴⁵⁶¹ Þá hafi rannsóknarlögreglumaðurinn tjáð honum að

⁴⁵⁶⁰ Málsgrein 1838.

⁴⁵⁶¹ Dagbók Síðumúlafangelsisins nr. 4, til dæmis bls. 24 og 26.

vegna morðhótana við dómfelldu Erlu væru nú vopnaðir lögreglumenn að gæta hennar. Ástæðu þessara hótana ætti endurupptökubeiðandi að vita og ef hann myndi ekki greina frá kynnu dagar dómfelldu Erlu að vera taldir. Endurupptökubeiðandi kvaðst ekkert vita sem þessu tengdist. Að kvöldi sama dags hafi rannsóknarlögreglumaður yfirheyrt hann og spurt um Einar Bollason. Sagðist endurupptökubeiðandi hafa haft það á orði að dómfellda Erla væri hrædd við Einar enda hefði hún verið búin að ræða það við sig. Innt var eftir ástæðu þess að dómfellda Erla væri hrædd við Einar en rannsóknarlögreglumaðurinn gat þess líka að hafa verið að koma frá dómfelldu Erlu og elt þaðan bifreið sem hafi verið að snuðra í kringum húsið. Hann hafi ekki betur séð en það hafi verið Einar á Fiat bifreið, en endurupptökubeiðandi vissi að faðir Einars, sem bjó hjá honum á þeim tíma, hafi átt slíka bifreið. Endurupptökubeiðandi kvaðst hafa verið altekinn af kvíða og spennu, hann hafi hvorki getað hugsað rökrétt né dreift huganum. Lögreglumennirnir hafi tjáð honum að Einar hefði haft uppi líflátshótanir við dómfelldu Erlu vegna hvarfs Geirfinns og endurupptökubeiðandi ætti að vita allt um það. Ef hann myndi ekki bera um að hafa farið með Einari til Keflavíkur myndi dómfellda Erla verða myrt. Til að forða henni frá þeim örlögum hafi endurupptökubeiðandi tekið undir að hafa farið með Einari til Keflavíkur en við svo búin hafi verið rætt samhengislaust um Klúbbmennina sem lögreglumennirnir hafi tjáð endurupptökubeiðanda að hafi staðið á bak við þessar hótanir.

2762. Engar skriflegar skýrslur eru til vegna yfirheyrslna þennan dag. Aftur á móti liggja fyrir handritaðir punktar sem dagsettir eru 21. janúar 1976, sem virðast bera það með sér að eiga rót að rekja til yfirheyrslna yfir dómfelldu Erlu annars vegar og endurupptökubeiðanda hins vegar.⁴⁵⁶²
2763. Í punktunum, sem virðast hafa verið unnir upp úr yfirheyrslu endurupptökubeiðanda,⁴⁵⁶³ koma fram ýmis atriði sem sýnast bera það með sér að endurupptökubeiðandi sé að greina frá almannarómi í tengslum við ýmis brot. Nefnir hann heimildarmann sinn fyrir því að Magnús Leópoldsson tengist hvarfi Geirfinns og að sennilega séu það þeir Einar Bollason og Magnús Leópoldsson ásamt þriðja manni sem dómfellda Erla sé hrædd við í sambandi við Geirfinn. Síðan er vikið að tvennum ótengdum sakarefnum sem lúta að allt öðrum ætluðum sökum annarra manna. Í lok skjalsins er svo ritað að Valdimar (Valtýsson), Framnesvegi 71 sem hafi verið hótelsstjóri í Valhöll og unnið í Klúbbnum, hafi ef til vill verið með í ferðinni til Keflavíkur. Það hafi endurupptökubeiðandi heyrt og finnst hann líkjast Leirfinni.
2764. Í punktum, sem ritaðir eru sem frásögn dómfelldu Erlu í fyrstu persónu,⁴⁵⁶⁴ kvaðst dómfellda hafa farið með bifreið til Keflavíkur ásamt endurupptökubeiðanda og M.P. og hafa heyrt á leiðinni eða eftir að komið hafi verið til Keflavíkur að eina ráðið væri að hann sykki þá alveg niður á botn. Þau hafi verið í dýrri fólksbifreið, með mjúku sætum með mælaborði eins og í Mercedes Benz. Bifreiðin hafi verið stöðvuð niður við sjó. Menirnir hafi farið út úr bifreiðinni en fyrir hafi verið að minnsta kosti tveir aðrir

⁴⁵⁶² Málsgrein 114, 115 og 116.

⁴⁵⁶³ Málsgrein 114.

⁴⁵⁶⁴ Málsgrein 115.

menn. Þeir hafi talað saman og þá allir snúið baki í dómfelldu Erlu nema einn, sem hafi verið viðmælandi hinna. Þeir hafi ætlað að fá manninn með sér til að sækja spíra eða fara út í eitthvað skip, að því er þeir hafi sagt honum. Kvaðst dómfellda Erla hafa haldið að hún ætti að fara sömu leið, hún hafi orðið hrædd og farið út úr bifreiðinni. Fleiri bifreiðar hafi jafnframt verið þarna og fannst dómfelldu Erlu eins og dómfelldi Kristján Viðar hafi verið þarna. Er hún hafi farið út úr bifreiðinni hafi þeir farið að litlum bát og endurupptökubeiðandi farið um borð ásamt einhverjum öðrum og G.E., en með þeim hætti mun vera vísað til Geirfinns Einarssonar. Kvaðst dómfellda Erla hafa gengið fyrst aftur á bak en þar sem enginn hafi verið að horfa á hana hafi hún hlaupist á brott. Hafði dómfellda Erla eftir endurupptökubeiðanda að hann hafi ekki viljað að henni yrði stytur aldur og sagst geta séð um hana. Hún hafi beðið eftir að það yrði hjart og svo fengið far með gömlum manni á gömlum Moskvitch með V-númeri. Í kjölfar þessa kvað dómfellda Erla þau hafa talað um að hún yrði að komast til Kaupmannahafnar, hún gæti ekki unað sér lengur heima þar sem hennar væri leitað fyrir póstsvikamálið. Þetta hafi verið í byrjun desember. Dómfellda Erla kvaðst hafa heyrt að það hafi verið eitthvað vandamál með það að G.E. gæti hugsanlega fundist og yrði að flytja hann á betri stað. Undir lok samantektarinnar var dregið saman að Einar Bollason hafi verið þarna, Magnús Leópoldsson og einn sem hún þekkti ekki. Á bátnum hafi farið saman endurupptökubeiðandi, Einar og sá þriðji sem ekki kom til baka. Gat dómfellda Erla sér þess til að sá sem hún þekkti gæti hafa verið [JR]. Kvað dómfellda jakka bifreiðastjórans hafa verið með kraga og úr einhverju gervileðri og sagði hún að hann hefði haft á orði þegar hann fór út úr bifreiðinni við endurupptökubeiðanda að hann skyldi passa Erlu. Loks sagði orðrétt í lok samantektarinnar: „Ég held að Sigurbjörn í Klúbbnum hafi verið þarna.“

2765. Handrituð samantekt á framburði endurupptökubeiðanda er dagsett 21. janúar 1976 og hefur væntanlega verið unnin samhliða yfirheyrslu endurupptökubeiðanda þá um kvöldið.⁴⁵⁶⁵ Þar kom fram að Einar, Magnús og Geirfinnur hafi hitt endurupptökubeiðanda á Laugaveginum og að þeir hafi svo ekið um borgina. Þeir hafi rætt um dreifingu áfengis og hvort endurupptökubeiðandi gæti dreift en þeim hafi verið kunnugt um að hann hafi verið í hassdreifingu. Þeir hafi verið við Klúbbinn um miðnætti og haldið síðan til Keflavíkur á lítilli, evrópskri og rauðleitri bifreið til að sækja áfengi. Þetta hafi gerst nokkrum dögum áður en Geirfinnur hafi horfið. Eftir hvarf Geirfinns hafi endurupptökubeiðanda verið gert skiljanlegt af Magnúsi Leópoldssyni að það væri betra að þegja. Í samantektinni kemur fram að endurupptökubeiðandi hafi verið í Keflavík kvöldið sem Geirfinnur hafi horfið. Hafi endurupptökubeiðandi verið með Einari Bollasyni, í rauðum Fiat sem hafi verið í eigu föður Einars. Einar hafi ekið og hafi Magnús Leópoldsson og Valdimar Valtýsson einnig verið í bifreiðinni.⁴⁵⁶⁶ Þeir hafi skilið Magnús og Valdimar eftir einhvers staðar í Keflavík nálægt höfninni en þeir ekið sjálfir inn í Njarðvík. Dómfellda Erla hafi ekki verið með í bifreiðinni. Fleiri aðilar hafi farið um leið til Keflavíkur í einni bifreið. Hafi endurupptökubeiðandi ekki vitað hverjir þeir voru. Að umsömdum tíma liðnum

⁴⁵⁶⁵ Málsgrein 257.

⁴⁵⁶⁶ Málsgrein 116.

hafi endurupptökubeiðandi og Einar komið aftur inn í Keflavík og tekið Magnús upp í bifreiðina. Endurupptökubeiðandi kvaðst ekki hafa séð Geirfinn en Magnús og Valdimar höfðu sagst ætla að hitta hann. Magnús hafi síðan sagt frá því að Geirfinnur hafi fallið útbyrðis við að sækja áfengið. Valdimar hafi farið með hinni bifreiðinni. Næst hafi verið ekið til borgarinnar og endurupptökubeiðanda heim í Breiðholt.

2766. Fimmtudaginn 22. janúar 1976 var fært í dagbók Síðumúlafangelsisins að endurupptökubeiðandi hafi verið tekinn til yfirheyrslu af rannsóknarlögreglumanni klukkan 10:05 og færður aftur á klefa sinn klukkan 11:50. Rannsóknargögn liggja ekki fyrir um yfirheyrsluna. Klukkan 13:30 var dómfelldi Kristján Viðar tekinn til yfirheyrslu af rannsóknarlögreglumanni og fulltrúa yfirsakadómarara og færður á klefa sinn að nýju klukkan 14:00. Hafi hann verið færður aftur á klefa sinn hálf tíma síðar. Rannsóknargögn liggja ekki fyrir um yfirheyrsluna. Klukkan 14:45 var endurupptökubeiðandi á ný tekinn til skýrslutöku af rannsóknarlögreglumanni sem lauk klukkan 19:15. Dómfelldi Kristján Viðar bað rannsóknarlögreglumann að eiga við sig orð klukkan 16:00 og hálf tíma síðar fór sá rannsóknarlögreglumaður ásamt fangaverði heim til dómfellda Kristjáns Viðars að Grettisgötu 82 til að ná í minnisbók hans Um kvöldið var komið með dómfelldu Erlu til yfirheyrslu auk þess sem rætt var ítrekað við dómfellda Kristján Viðar og endurupptökubeiðanda allt fram til klukkan 01:05 um nóttina.
2767. Fyrir liggur skýrsla um yfirheyrsluna sem endurupptökubeiðandi gekkst undir klukkan 14:15 þennan dag, 22. janúar 1976.⁴⁵⁶⁷ Meðal rannsóknargagna er skýrsla um yfirheyrsluna. Tilefni skýrslutökunnar var bókað grunur um vitneskju endurupptökubeiðanda um hvarf Geirfinns Einarssonar. Endurupptökubeiðandi sagði að sér hefði verið kunnugt um hvarf Geirfinns og hann hefði fylgst með rannsókn málsins eins og hún hafi komið fram í fjölmiðlum. Nokkrum dögum fyrir hvarf Geirfinns hafi hann verið einn á gangi niður Laugaveg kvöldi til. Hjá honum hafi stöðvað Mercedes Benz bifreið og Einar Bollason kallað í hann með nafni. Hafi Einar setið í aftursæti bifreiðarinnar og kvaðst endurupptökubeiðandi hafa sest við hliðina á honum. Hafi Magnús Leópolðsson setið undir stýri og við hlið hans maður sem endurupptökubeiðandi kvað þá Einar og Magnús hafa kallað Geirfinn. Síðar hafi endurupptökubeiðandi séð myndir í fjölmiðlum af Geirfinni og þá þekkt hann. Magnús hafi hann ekki þekkt fyrir, en komist að því síðar að hann væri starfsmaður Klúbbsins. Sagði endurupptökubeiðandi að Einar og Magnús hafi farið að tala um það við hann í bifreiðinni hvort hann gæti ekki tekið að sér dreifingu á áfengi sem væri verið að smygla til landsins. Ástæða þess að þeir hafi leitað til hans hafi verið sú að þeim hafi verið kunnugt um að endurupptökubeiðandi hafi staðið í ólöglegum innflutningi og dreifingu á fíkniefnum. Endurupptökubeiðandi kvað þá hafa ekið um borgina og rætt saman um ólöglegan innflutning á áfengi og dreifingu þess og sagðist endurupptökubeiðandi hafa tekið vel í að taka þátt í því. Endurupptökubeiðandi kvað það hafa komið fram í samræðum þeirra að þeir félagar ættu von á áfengissendingu, töluverðu magni, og hafi þeir nefnt 75% vodka og spíritus. Endurupptökubeiðandi

⁴⁵⁶⁷ Málgrein 117.

kvaðst ekki muna eftir því að þeir hafi nefnt hvar áfengið ætti að koma í land, en kvaðst vita að það kæmi í brúsum. Kvað endurupptökubeiðandi það aðallega hafa verið Magnús og Einar sem hafi rætt þessi mál við hann í bifreiðinni. Rætt hafi verið um verðlagningu til endurupptökubeiðanda en hann réði því sjálfur á hvað hann myndi selja áfengið aftur. Endurupptökubeiðandi kvað Einar hafa hringt í sig nokkrum dögum síðar heim til móður sinnar að dómfelldu Erlu viðstaddri. Skömmu síðar hafi Einar komið og þá verið á rauðri Fiat fólksbifreið sem endurupptökubeiðandi hélt að hafi verið í eigu [BoG], föður Einars og dómfelldu Erlu. Með Einari í bifreiðinni hafi verið Magnús og Valdimar Olsen. Kvað endurupptökubeiðandi Valdimar eiga heima að Framnesvegi 61 í Reykjavík og eftir því sem hann best vissi þá hafi hann starfað sem hótelsstjóri á Hótel Valhöll á Þingvöllum. Endurupptökubeiðandi kvað Einar hafa ekið bílnum og kvaðst hafa sest í framsætið við hlið hans. Magnús og Valdimar hafi setið í aftursætinu.⁴⁵⁶⁸ Hafi þeir spurt endurupptökubeiðanda hvort hann hafi kannað eitthvað markaðinn fyrir áfengið. Kvaðst endurupptökubeiðandi hafa sagt þeim sem var, að það hefði hann enn ekki gert. Hafi þeir þá sagt honum að þeir væru að leggja af stað til Keflavíkur til að sækja áfengissendingu sem þeir hafi átt von á. Hafi þeir spurt endurupptökubeiðanda hvort hann vildi ekki fara með þeim. Kvaðst endurupptökubeiðandi hafa játað því og hafi þá verið ekið áleiðis til Keflavíkur og farin leiðin um Vatnsendahæð og hjá Vífilsstöðum á Reykjanesbraut. Hvergi hafi verið numið staðar fyrir en komið hafi verið til Keflavíkur. Þeir hafi talað um að hugmyndin væri að hitta fleiri aðila þegar komið væri til Keflavíkur. Kvað endurupptökubeiðandi þá hafa nefnt [JR], forstjóra Hafnarbíós, á nafn sem einn þeirra. Áður en bifreiðin hafi verið stöðvuð í Keflavík hafi þeir félagar talað um að hitta Geirfinn og skildist endurupptökubeiðanda að Geirfinnur ætti að taka þátt í því að nálgast áfengi sem þyrfti að sækja út á sjó. Kvaðst endurupptökubeiðandi vera mjög ókunnugur í Keflavík en gera ráð fyrir að hann myndi þekkja aftur þann stað þar sem bifreiðin var stöðvuð. Hafi þeir Valdimar og Magnús farið út úr bifreiðinni og hafi verið talað um að taka þá tvo aftur upp í bifreiðina eftir ákveðinn tíma. Kvað endurupptökubeiðandi þá hafa verið búna að ákveða staðinn við Einar. Kvaðst endurupptökubeiðandi hafa séð á eftir Magnúsi og Valdimar þar sem þeir hafi gengið niður einhverja hliðargötu sem hafi virst liggja niður að höfninni, en hann og Einar hafi ekið á brott. Endurupptökubeiðandi kvaðst ekki hafa séð neina menn þarna í Keflavík sem hann hafi getað sett í samband við ferðalag þeirra en honum hafi skilst á öllu að í það minnsta ein önnur bifreið hafi farið til Keflavíkur. Að lokum hafi þeir ekið inn í Keflavík og hitt Magnús, en Valdimar hafi ekki verið með honum. Magnús hafi sest upp í bifreiðina og haft á orði við Einar að þetta hafi reddast og hafi hann þá átt við að nálgast áfengið, en slys hafi orðið. Kvað endurupptökubeiðandi Magnús hafa sagt að Geirfinnur hafi fallið útbyrðis úr bátnum og drukknað. Ekki hafi Magnús talað neitt nánar um hvernig það slys hefði borið að höndum, eða hvort þeir hefðu náð Geirfinni aftur inn í bátinn. Aftur á móti hafi Magnús sagt við sig að honum væri hollara að nefna slysið ekki við nokkurn mann, það væri honum fyrir bestu. Þá hafi verið ekið áleiðis til borgarinnar. Kvaðst hann ekki muna eftir því að hafa rætt eitthvað sérstakt

⁴⁵⁶⁸ Málsgrein 117.

við Einar og Magnús á heimleiðinni. Þeir hafi eitthvað rætt sín á milli en kvaðst endurupptökubeiðandi ekkert hafa heyrt nema að þeir hafi rætt um að fara í Klúbbinn. Þegar þeir hafi komið til Reykjavíkur hafi honum verið ekið rակleidis heim til móður sinnar. Áður hafi þeir Einar og Magnús talað um að hafa bráðlega samband við endurupptökubeiðanda til þess að ræða nánar áfengisdreifinguna. Nokkrum dögum síðar hafi Einar hringt í sig og spurt hvernig honum gengi að koma út áfenginu. Kvaðst endurupptökubeiðandi ekki hafa verið búinn að athuga það endanlega, en þá hafi verið búið að lýsa eftir Geirfinni í fjölmiðlum og hafi endurupptökubeiðanda ekki litist á að eiga viðskipti við þá félag. Kvaðst endurupptökubeiðandi hafa sagst ætla að hafa samband við Einar, en aldrei gert það. Skömmu eftir þessa ferð til Keflavíkur hafi dómfellda Erla farið til Kaupmannahafnar og hann nokkru síðar. Kvaðst endurupptökubeiðandi ekki hafa látið neinn vita um vitneskju sína varðandi hvarf Geirfinns.

2768. Föstudaginn 23. janúar 1976 var bókað í dagbók fangelsisins að rannsóknarlögreglu- maður hafi farið að sækja dómfellda Erlu og klukkan 10:30 hafi hún verið tekin til yfirheyrslu. Þá var bókað í dagbókina um ítrekuð viðtöl rannsóknarlögreglumanna og fulltrúa yfirsakadómara við endurupptökubeiðanda og dómfellda Kristján Viðar um daginn allt til klukkan 20:40 er dómfelldi var tekinn til yfirheyrslu sem lauk klukkan 01:20.
2769. Tvær yfirheyrsluskýrslur voru gerðar vegna yfirheyrslna þennan dag. Annars vegar vegna yfirheyrslu yfir dómfellda Erlu og hins vegar vegna yfirheyrslu yfir dómfellda Kristjáni Viðari sem fram fór um kvöldið.
2770. Samkvæmt skýrslu dómfellda Erlu var henni samkvæmt skýrslunni kynnt vitnaskylda og réttur til að neita að bera vitni vandamönnum hennar í óhag. Kvaðst dómfellda Erla þrátt fyrir það ætla að skýra frá því sem hún teldi sig vita um hvarf Geirfinns. Greindi dómfellda síðan ítarlega frá aðdraganda ferðar og ferðinni sjálfri til Keflavíkur.
2771. Gat dómfellda þess að hafa fljótlega fengið það á tilfinninguna að það ætti að stytta henni aldur og væri tilgangur ferðalagsins meðal annars sá. Einnig hafi þeir talað um að drepa ætti mann með því að fara með hann út á sjó, undir því yfirskini að sækja eitthvað. Greindi hún frá því að hafa heyrt að ökumaður bifreiðarinnar, Magnús Leópoldsson og bróðir dómfellda Erlu, Einar Bollason, hafi reynt að koma vitinu fyrir manninn með því að bjóða honum peningagreiðslur. Það hafi ekki borið árangur, maðurinn hafi bara verið með stæla og því þyrfti að láta hann hverfa. Stöðvað hafi verið í flæðarmáli í Keflavík þar sem fyrir hafi verið önnur fólksbifreið og stór sendiferðabifreið. Í flæðarmálinu og rétt ofan við það kvaðst dómfellda hafa séð alls sjö menn, það er eftir að Magnús og endurupptökubeiðandi hafi báðir verið komnir út úr bifreiðinni. Í framburði sínum staðsetti dómfellda mennina sem voru í fjörunni, þar á meðal Magnús og Einar sem og dómfellda Kristján Viðar og endurupptökubeiðanda. Bar hún um, með hliðsjón af samræðunum í bifreiðinni á leiðinni, að hafa haft það á tilfinningunni að dómfelldi Kristján Viðar hafi átt að sjá um hana. Maðurinn sem hafi verið á tali við þá Magnús og endurupptökubeiðanda hafi verið sá sem hafði verið með stæla og ætti að hverfa. Hún hafi þá verið orðin mjög hrædd og tekist að laumast á

brott.⁴⁵⁶⁹ Kvaðst hún ekki geta gert sér grein fyrir því hvert hún hafi hlaupið enda hafi hún hugsað um það eitt að komast sem lengst í burtu og fela sig sem hún gerði í einhverju húsi allt til næsta dags. Hún hafi svo komist á puttanum til borgarinnar í kjölfarið.

2772. Kvaðst dómfellda muna eftir því að næsta dag, eða þarnaæsta, hafi verið lýst eftir Geirfinni. Fyrst í stað hafi hún ekki sett hvarf hans í samband við ferð sína til Keflavíkur en þegar hún hafi farið að hugsa málið betur hafi hún komist að þeirri niðurstöðu að Geirfinnur hafi verið maðurinn sem hafi átt að láta hverfa. Um hálfum mánuði eftir ferðina til Keflavíkur hafi hún farið til Kaupmannahafnar og þangað hafi svo endurupptökubeiðandi komið um tíu dögum síðar. Kvaðst hún hreinlega hafa verið orðin hrædd og haft það einhvern veginn á tilfinningunni að einhver vildi ryðja sér úr vegi. Ekki hafi henni þó verið hótað neinu.
2773. Sama dag var tekin skrifleg skýrsla af dómfellda Kristjáni Viðari.⁴⁵⁷⁰ Tilefni yfirheyrslunnar var að grunur væri um að hann kynni að hafa verið viðriðinn hvarf Geirfinns eða vita um það. Í upphafi lýsti dómfelldi Kristján Viðar því yfir að hann teldi sig hvorki viðriðinn hvarf Geirfinns né vita neitt um það. Hitt væri annað að hann eins og fleiri hafi fylgst með því í fjölmiðlum þegar lýst hafi verið eftir Geirfinni og hvarf hans rannsakað. Kvaðst dómfelldi ekki hafa komið til Keflavíkur nema tvisvar um ævina. Fyrri skiptið hafi verið þegar hann hafi verið um 13 ára gamall en hitt skiptið gæti hafa verið einhvern tímann um það leyti sem Geirfinnur hafi horfið. Kvaðst dómfelldi Kristján Viðar hafa að öllu jöfnu verið mikið undir áhrifum ýmiss konar lyfja á þessum tíma, bæði örvandi og róandi, en aðallega róandi og minni hans frá síðari hluta árs 1974 mjög óljóst á köflum af þessum sökum. Kvaðst dómfelldi muna eftir því einhvern tímann að kvöldlagi að hafa farið upp í stóra sendibifreið af þeirri gerð sem ýmist hafi verið notuð til vöru- eða fólksflutninga baka til við samkomuhúsið Klúbbinn. Ekki kunni hann skýringu á því hvers vegna hann hafi farið inn í þessa bifreið. Þá gat hann ekki sagt hverjir hafi verið í bifreiðinni auk hans, en fleiri menn hafi verið í henni. Kvað dómfelldi það vel geta verið að bifreiðin hafi verið af Mercedes Benz gerð með gluggum eftir hliðunum fremur dökk á lit. Bifreiðinni hafi verið ekið út úr borginni, að því er dómfelldi taldi, til Keflavíkur og stöðvuð rétt við sjó til hliðar við stórt hús eða skemmu. Dómfelldi bar um að hafa séð aftan á nokkuð stóran stálbát en gerði sér ekki fyllilega grein fyrir hvort hann hafi verið í sjó eða staðið í landi. Við bryggjuna hafi verið í það minnsta einn annar bátur og hafi sá verið mjög lítill og hélt dómfelldi að hann hafi ekki verið með neina yfirbyggingu. Lýsti dómfelldi Kristján Viðar því að sér fyndist sem það hafi verið einhver hreyfing á þeim báti, eins og hann væri um það bil að koma að bryggjunni eða fara frá henni. Í það minnsta tvær aðrar bifreiðar hafi verið þarna á staðnum og hafi báðar verið fólksbifreiðar. Kvaðst dómfelldi ekki vera viss um tegundir eða lit þessara bifreiða. Fólk hafi verið við bifreiðarnar og minnti dómfellda að þar hafi verið nokkrir karlmenn og einn kvenmaður. Kvað hann suma mennina hafa verið eldri en hann. Kvaðst hann telja sig hafa séð þarna tvo menn að minnsta kosti sem hann hafi borið

⁴⁵⁶⁹ Málsgrein 119.

⁴⁵⁷⁰ Málsgrein 120.

kennsl á. Annar þeirra hafi verið endurupptökubeiðandi en hinn Einar Bollason. Dómfelldi Kristján Viðar bar um þekkja endurupptökubeiðanda vel, en Einar hafi hann oft séð á myndum en sagðist ekki þekkja hann persónulega. Þá taldi dómfelldi Kristján Viðar sig hafa séð systur Einars, dómfelldu Erlu. Karlmenirnir hafi vírst vera að ræða eitthvað saman. Kvaðst dómfelldi Kristján Viðar ekki muna eftir því að hafa farið út úr bifreiðinni. Kvaðst hann ekki muna frekar eftir atvikum þarna á staðnum eða ferðinni til borgarinnar aftur. Hvort þessi atburður eða ferðalag hans var um það leyti sem farið var að lýsa eftir Geirfinni kvaðst dómfelldi Kristján Viðar ekki geta fullyrt en taldi það þó vel hugsanlegt.

2774. Laugardaginn 24. janúar 1976, klukkan 11:45, var bókað í dagbók Síðumúlafangelsisins um ítrekuð viðtöl rannsóknaraðila við endurupptökubeiðanda og almennt mikið annríki þeirra allt fram á rauða nótt en síðasta bókunin laut að yfirheyrslu yfir honum að hans ósk klukkan 02:40 um nóttina. Þeirri yfirheyrslu lauk klukkan 04:20 en í kjölfarið fékk dómfelldi Kristján Viðar viðtal við rannsóknarlögreglumanninn sem yfirgaf síðan fangelsið klukkan 05:20.⁴⁵⁷¹ Rannsóknargögn liggja hvorki fyrir um yfirheyrsluna yfir endurupptökubeiðanda né viðtalið við dómfellda Kristján Viðar.
2775. Sunnudaginn 25. janúar 1976 var bókað í dagbók fangelsisins um ítrekuð viðtöl rannsóknaraðila við dómfellda Kristján Viðar og endurupptökubeiðanda auk þess sem bókað um að farið hafi verið með þá báða hvorn í sínu lagi í bíltúr án þess að getið hafi verið hvert farið hafi verið.
2776. Klukkan 14:00 þennan dag var bókað að endurupptökubeiðandi hafi verið tekinn til skýrslutöku. Meðal rannsóknargagna er skýrsla um yfirheyrsluna. Í upphafi skýrslunnar er bókað að endurupptökubeiðandi hafi viljað breyta fyrri skýrslu sinni frá 22. janúar 1976 að nokkru og bæta við hana. Kvað endurupptökubeiðandi að þar sem hann hafi talað um að hafa verið í bifreið með Magnúsi Leópoldssyni, Einari Bollasyni og Geirfinni Einarssyni, þá hafi hann sagst hafa farið úr bifreiðinni við Hótel Borg. Það kvað endurupptökubeiðandi ekki rétt því hann hafi farið úr henni við Klúbbinn. Eins hafi Einar ekki hringt heim til móður endurupptökubeiðanda heldur hafi dómfellda Erla hringt heiman frá Einari bróður sínum. Endurupptökubeiðandi kvað dómfelldu Erlu hafa spurt fyrir hönd Einars um það hvort hann væri búinn að kanna möguleika á dreifingu áfengis. Einar hafi ekki gert það sjálfur. Þegar endurupptökubeiðandi hafi verið sóttur heim til móður sinnar skömmu síðar, hafi dómfellda Erla verið í þeirri bifreið ásamt Einari og Magnúsi en ekki Valdimar Olsen eins og hann hafi áður sagt. Dómfelldi Kristján Viðar hafi verið í stað Valdimars í bifreiðinni. Endurupptökubeiðandi kvað Einar hafa sagt sér að verið væri að leggja af stað til þess að sækja áfengissendingu sem koma ætti í land í Keflavík og hafi boðið sér að koma með. Kvaðst endurupptökubeiðandi hafa þekkst boðið. Hafi Einar ekið bifreiðinni en endurupptökubeiðandi kvaðst hafa setið við hlið hans. Í aftursætinu hafi setið þau Magnús og dómfelldu Erla og Kristján Viðar. Kvaðst endurupptökubeiðandi hafa sagt í fyrri skýrslu sinni að bifreiðin hafi verið af Fiat gerð en við nánari

⁴⁵⁷¹ Málsgrein 121.

umhugsun kvaðst endurupptökubeiðandi ekki telja það víst og sagði bifreiðina geta hafa verið af annarri gerð. Þegar komið hafi verið til Keflavíkur hafi verið ekið í gegnum bæinn og síðan niður með nokkuð stórru byggingu sem hafi staðið nokkuð út úr eða í útjaðri bæjarins. Þetta hafi sennilega verið slippur þar sem endurupptökubeiðandi kvaðst muna eftir bátum á þurru landi milli byggingarinnar og flæðarmálsins. Kvað endurupptökubeiðandi að þarna niður af hafi verið bryggja og við hana lítil trilla, í kringum 10 smálesta. Lítið stýrishús hafi verið á trillunni og niðurgangur í lúkar hafi verið fremst. Slæm lýsing hafi verið á staðnum og kvaðst endurupptökubeiðandi halda að birtan sem hafi verið þarna hafi komið frá ljósum sem hafi verið á fyrrnefndri byggingu. Minnti hann að einhver ljós hafi einnig verið á bátnum. Þegar þau hafi komið þarna að þá hafi verið þar fyrir tvær bifreiðar. Önnur hafi verið fólksbifreið sem endurupptökubeiðandi minnti að hafi staðið aðeins úti á bryggjunni og svo stór sendibifreið sem hafi staðið efst á bryggjunni, eða þar sem land og bryggja hafi mæst. Kvað endurupptökubeiðandi að beggja vegna bryggjunnar hafi verið sandfjara. Þarna við eða í bifreiðunum hafi verið nokkrir menn sem hann hafi ekki borið kennsl á, enda hafi verið dimmt. Kvað endurupptökubeiðandi að dómfellda Erla hafi sagt sér síðar að þarna hafi verið Geirfinnur Einarsson og Valdimar Olsen. Kvaðst endurupptökubeiðandi ekki hafa séð þá þarna svo hann myndi. Kvaðst hann halda að Magnús og dómfelldi Kristján Viðar hafi farið fyrst út úr bifreiðinni og hafi Magnús sagt eitthvað á þá leið við dómfellda Kristján Viðar að hann kæmi með sér. Dómfellda Erla hafi farið um svipað leyti út úr bifreiðinni og hafi þau þrjú farið út á bryggjuna, enda hafi dómfellda spurt Magnús hvort ekki væri í lagi að hún færi með í sjóferðina. Kvað endurupptökubeiðandi að ekkert hafi verið því til fyrirstöðu og hafi þau öll farið um borð í bátinn. Hafi hann og Einar farið út úr bifreiðinni rétt á eftir hinum en ekki farið út á bryggjuna. Þarna hafi verið fleiri menn sem hafi virst hafa verið úr sendibifreiðinni og hinni fólksbifreiðinni. Auk þeirra þriggja, sem endurupptökubeiðandi kvaðst þegar hafa sagt að hafi farið um borð í bátinn, kvað hann þrjá aðra karlmenn hafa farið sem hann hafi ekki borið kennsl á vegna myrkurs. Einn þeirra hafi verið Geirfinnur eftir því sem dómfellda Erla hafi sagt honum síðar. Þrír menn hafi orðið eftir í landi, auk hans og Einars. Kvaðst endurupptökubeiðandi muna að einn þessara manna hafi verið nokkuð eldri en hinir. Síðar hafi dómfellda Erla talað eitthvað um þann mann. Það hafi ekki liðið löng stund frá því að þeir hafi komið þarna á staðinn þar til báturinn hafi siglt frá bryggjunni. Kvað endurupptökubeiðandi að hann og Einar hafi rétt á eftir farið aftur inn í bifreiðina og ekið á brott. Kvaðst endurupptökubeiðandi hafa greint frá því í fyrri skýrslu sinni hvert þeir hafi ekið. Kvaðst endurupptökubeiðandi ekki getað sagt til um hvað hafi orðið um hinar bifreiðarnar. Sagði hann að sér hafi skilist á Einari að þeir hafi átt að vera komnir á staðinn aftur eftir ákveðinn tíma. Þegar þeir hafi komið aftur þá hafi báturinn verið kominn að bryggjunni og verið að skipa upp úr honum. Kvaðst endurupptökubeiðandi hafa séð að eitthvað hafi verið tekið úr bátnum og sett í sendibifreiðina, en sagðist ekki muna eftir að hafa séð hvað það hafi verið. Endurupptökubeiðandi sagði að síðar hafi dómfellda Erla sagt sér að náð hafi verið í töluvert mikið magn af 75% vodka og spíritus í brúsum. Einnig hafi einhverjar netadræsur verið settar í bifreiðina. Kvað endurupptökubeiðandi að hann og Einar hafi gengið aftur í átt að bifreiðinni og hafi þá

Magnús komið til þeirra. Hafi Magnús þá sagt að þetta hafi reddast, en slys hafi orðið því Geirfinnur hefði fallið útbyrðis og drukknað. Kvað endurupptökubeiðandi þá þrjá hafa þá sest inn í bifreiðina og ekið áleiðis til Reykjavíkur. Dómfellda Erla hafi ekki komið aftur í bifreiðina og kvaðst endurupptökubeiðandi ekki muna betur en að Magnús hafi talað um að hún kæmi með annarri bifreið. Kvað hann að sér hafi verið ekið heim til móður sinnar en kvaðst ekki vita hvert þeir Einar og Magnús hafi farið. Þá hafi dómfellda Erla ekki verið komin þangað og hafi ekki komið um nóttina. Kvaðst endurupptökubeiðandi ekki hafa hitt hana fyrr en daginn eftir þegar hann hafi farið í íbúðina sem hún hafi leigt við Hjallaveg. Þar hafi dómfellda Erla verið fyrir og þegar hann hafi spurt hana hvernig hún hafi komist til borgarinnar hafi hún sagst hafa komið með Valdimar.

2777. Endurupptökubeiðandi bar um að dómfellda Erla hafi sagt sér þegar þau hittust hverjir hefðu farið út með bátnum auk hennar og hafi hún nefnt nöfn einhverra manna sem endurupptökubeiðandi kvaðst ekki muna lengur nema nafn Geirfinns. Kvað endurupptökubeiðandi að dómfellda Erla hafi eitthvað talað um að hún hafi ekki vitað hvað hafi orðið af honum. Kvaðst endurupptökubeiðandi ekki hafa séð þegar báturinn hafi komið að landi og vissi því ekki hversu margir bátsverjar hafi komið til baka. Í lok skýrslunnar lýsti endurupptökubeiðandi því yfir að honum hafi verið ekið til Keflavíkur og sýndir þeir tveir staðir sem gætu komið til greina. Hafi það verið sjálf höfnin og svo athafnasvæði Dráttarbrautar Keflavíkur og bryggjan þar niður af. Kvaðst endurupptökubeiðandi telja sig þess fullvissan að þeir atburðir sem hann hafi nú lýst hafi átt sér stað við Dráttarbrautina. Kvaðst hann þekkja þann stað með vissu aftur en sagði sjálfa höfnina alls ekki koma til greina.
2778. Í áður nefndu bréfi sem endurupptökubeiðandi ritaði í júní 1979 til verjanda síns, sem komið var á framfæri við rannsóknarlögregluna, fjallar hann um atvik þessa dags. Segir þar að rannsóknarlögreglumennirnir hafi ekið með hann til Keflavíkur, niður í Dráttarbrautina og tjáð honum að þar hafi átt sér stað refsiverður verknaður. Síðar sama dag hafi yfirheyrslu verið haldið áfram og hafi lögreglumennirnir rætt mikið um spírasmygl og þá Magnús Leóoldsson og Sigurbjörn Eiríksson í Klúbbnum. Endurupptökubeiðandi sagðist hafa borið um að þekkja þá menn ekki en nefnt það að kannast við Valdimar Olsen sem dómfellda Erla hafi tjáð honum að væri góðvinur Magnúsar Leóoldssonar en Valdimar sé bróðir vinkonu dómfelldu Erlu. Endurupptökubeiðandi kveðst svo hafa undirritað skýrslu eins og til hafi verið ætlast. Síðan þegar hann hafi ætlað að draga skýrsluna til baka þar sem þetta hafi verið fjandans vitleysa, eins og hann orðaði það, hafi það ekki verið möguleiki. Eftir að á hann hafi verið borið að hafa farið út á sjó á báti með fyrrgreindum mönnum og lögreglumenn og fangaverðir hafi verið búnir að ganga í skrokk á honum hafi hann verið tilneyddur til að undirrita skýrslu þá sem dagsett er 25. janúar 1976.
2779. Í dagbók fangelsisins við Síðumúla þennan dag, 25. janúar 1976, var bókað að dómfellda Erla hafi hringt klukkan 14:40 og viljað fá samband við einhvern þeirra þriggja sem væru frá sakadómi. Hafi rannsóknarlögreglumaður sem var á staðnum svarað henni. Þá var bókað í dagbókina klukkan 15:20 að Örn og Sigurbjörn Víðir hafi komið með dómfellda Kristján Viðar úr ökuferðinni og fært hann á klefa.

Rannsóknargögn liggja ekki fyrir um bíltúrinn. Klukkan 15:40 var skráð í dagbók fangelsisins að endurupptökubeiðandi hafi verið færður á klefa sinn og ráðstefna þeirra fjögurra rannsóknarlögreglumanna sem staddir væru í húsinu hafi hafist í horninu.⁴⁵⁷² Fært var til bókar klukkan 16:10 að dómfelldi Kristján Viðar hafi verið sóttur til viðtals í hornið og færður aftur á klefa klukkan 16:45. Rannsóknargögn um viðtalið liggja ekki fyrir.

2780. Fyrir liggur frásögn rannsóknarlögreglumanns, er mætti til viðtals við starfshóp innanríkisráðherra 11. desember 2012, þess efnis að honum hafi ásamt öðrum lögreglumanni verið falið að dvelja heima hjá dómfelldu Erlu henni til verndar frá kvöldi þessa sunnudags og fram eftir degi mánudaginn 26. janúar 1976. Þeir hafi verið vopnaðir en vegna kunnáttu hans á vopnaburði hafi hann oft valist til slíkra verka þá sjaldan sem þörf krafði. Tilfnið taldi hann vera hugsanlegar hefndaraðgerðir vegna handtöku þriggja manna.⁴⁵⁷³ Þess er einnig að geta að dómfelldi Kristján Viðar gat einnig um vopnaburð fyrir dómi 13. maí 1977.⁴⁵⁷⁴ Rak hann minni til þess að eitt sinn á tímabilinu 23. til 27. janúar, er hann var staddur í yfirheyrsluherberginu í fangelsinu við Síðumúla með rannsóknarlögreglumanni hafi hann hlýtt á rannsóknarlögreglumanninn tala við einhvern í síma. Rætt hafi verið um að mannlíf væri í veði og að tveir nafngreindir rannsóknarlögreglumenn væru komnir vopnaðir á staðinn. Dómfellda skildist að þetta hafi átt að vera tengt Keflavíkurför hans. Endurupptökubeiðandi bar einnig á sömu lundu fyrir dómi 22. júní 1977.
2781. Að morgni 26. janúar 1976 er bókað í dagbók fangelsisins við Síðumúla að rannsóknarlögreglumenn⁴⁵⁷⁵ hafi komið með Valdimar Olsen, Magnús Leópoldsson og Einar Bollason.
2782. Bókað var í dagbók fangelsisins við Síðumúla að endurupptökubeiðandi hafi verið í þrígang tekin til viðtals við rannsóknarlögreglumann þennan sama dag. Fyrst að frumkvæði rannsóknarlögreglumannsins en endurupptökubeiðandi síðan í tvígang gert boð eftir honum. Í síðara skiptið hafi rannsóknarlögreglumaðurinn komið klukkan 00:25 og tekið endurupptökubeiðanda til yfirheyrslu sem hafi staðið fram til klukkan 02:10. Endurupptökubeiðandi var ákærður fyrir meðal annarra ákærður vegna þessarar skýrslu sem dagsett var 27. janúar 1976. Meðal rannsóknargagna er skýrsla um yfirheyrsluna. Bókað var að endurupptökubeiðandi skýri frá að eigin ósk og vilji nú skýra rétt frá öllum atvikum varðandi ferðina til Keflavíkur. Vísaði endurupptökubeiðandi til síðustu skýrslu hvað varðar aðdragandann að ferðalaginu og hverjir hafi verið í bifreiðinni og hvaða bifreið um hafi verið að ræða en var óviss um ökumann bifreiðarinnar. Tilgreindi hann að bryggjunni í Keflavík hafi verið tvær bifreiðar, önnur fólksbifreið en hin sendibifreið. Endurupptökubeiðandi bar um að bátur hafa legið við bryggjuna og hann ásamt Magnúsi, dómfellda Kristjáni Viðari og þremur öðrum mönnum farið um borð í bátinn. Einn þeirra hafi stjórnað bátnum og hafi það verið nokkuð fullorðinn maður, 50 til 60 ára gamall. Annar fullorðinn maður

⁴⁵⁷² Málsgrein 124.

⁴⁵⁷³ Málsgögn endurupptökunefndar, bls. 4228.

⁴⁵⁷⁴ Málsgrein 1547.

⁴⁵⁷⁵ Málsgrein 125.

hafi farið um borð í bátinn sem endurupptökubeiðandi bar um að dómfellda Erla hafi sagt sér síðar að hafi verið Sigurbjörn Eiríksson, en hann hafi endurupptökubeiðandi ekki þekkt. Þriðji maðurinn sem endurupptökubeiðandi hafi ekki þekkt hafi verið yngri og hafi einhver talað um að það hafi verið [JR]. Endurupptökubeiðandi kvaðst ekki hafa þekkt Geirfinn en um sama mann var um að ræða og hafi verið í bifreiðinni með þeim Magnúsi og Einari örfáum dögum áður. Kvaðst endurupptökubeiðandi hafa verið þess fullviss um að Geirfinnur hafi verið þessi sjöundi maður um borð í bátinum þegar hann hafi séð myndir af honum í fjölmiðlum þegar lýst hafi verið eftir honum. Endurupptökubeiðandi bar um að dómfellda Erla og Valdimar Olsen hafa orðið eftir í landi. Endurupptökubeiðandi kvaðst þekkja Valdimar í sjón eftir að hafa komið heim til hans en endurupptökubeiðandi hafi kynnst dómfelldu Erlu þar fyrst. Endurupptökubeiðandi greindi frá því að til átaka hafi komið á þilfari bátsins en kvaðst þá hafa verið niðri í lúkarnum frammí. Kvaðst hann hafa heyrt læti uppi á þilfarinu og þá farið að gá hvað gengi á. Kvaðst hann þá hafa séð dómfellda Kristján Viðar slá Geirfinn. Hafi Geirfinnur orðið eitthvað óstöðugur á fótunum við þetta, reikað að borðstokknum og fallið útbyrðis. Bátinum hafi þá verið snúið við og hann stöðvaður. Kvaðst endurupptökubeiðandi aldrei hafa farið lengra upp úr lúkarnum meðan á þessu hafi gengið, nema rétt í lúkaropið og hafi því ekki séð hvað hafi farið fram utanborðs. Eftir nokkuð vafstur kvaðst endurupptökubeiðandi hafa séð dómfellda Kristján Viðar og Sigurbjörn drösla Geirfinni inn fyrir borðstokkinn og leggja hann á þilfarið. Hafi mennirnir á þilfarinu stumrað eitthvað yfir Geirfinni og velt honum til en endurupptökubeiðandi kvaðst ekki hafa séð að hann hafi hreyft sig nokkuð af sjálfsdáðum. Hafi siglingunni verið haldið áfram en báturinn stöðvaður aftur eftir nokkra stund. Kvaðst endurupptökubeiðandi þá hafa farið upp á þilfarið en gæti ekki gert sér grein fyrir hvort Geirfinnur hafi þá enn verið um borð í bátinum. Þá hafi verið hafist handa við að ná áfenginu um borð. Hafi það verið vafið inn í segl, utan um það neti og svo áfast við belg. Netadræsan og seglið hafi verið losað utan af áður en áfengið hafi verið tekið um borð í bátinn. Nokkuð af áfenginu hafi verið í stórum plastbrúsum, um 50 lítrar hver, annað hafi verið í flöskum sem hafi verið í svörtum plastpokum. Síðast hafi seglið, netadræsan og belgurinn verið tekin um borð í bátinn. Því næst hafi verið haldið í land og bátinum lagt við sömu bryggju. Hafi bifreiðarnar þá enn verið þar. Allt dótið, nema belgurinn hafi verið sett upp á bryggjuna og í sendibifreiðina. Kvaðst endurupptökubeiðandi ekki geta gert sér grein fyrir hvort Geirfinnur hafi enn verið um borð í bátinum þegar varningurinn hafi verið tekinn um borð. Kvaðst hann því ekki geta fullyrt hvort lík Geirfinns hafi einnig verið sett í sendibifreiðina. Sagði endurupptökubeiðandi að hafi svo verið hafi líkinu verið vafið inn í seglið og netið. Kvaðst endurupptökubeiðandi þess alveg viss að Geirfinnur hafi verið látinn þegar hann lá á þilfari bátsins. Kvaðst hann hafa heyrt hina tala um það en ekki hafa athugað það sjálfur. Strax og búíð hafi verið að ferma sendibifreiðina hafi hann lagt af stað til borgarinnar í sömu bifreið og hann hafi komið en hvorki dómfellda Erla né dómfelldi Kristján Viðar hafi verið í bifreiðinni. Endurupptökubeiðandi taldi að Valdimar eða [JR] hafi ekið sendibifreiðinni en

Sigurbjörn hinni fólksbifreiðinni.⁴⁵⁷⁶ Kvaðst endurupptökubeiðandi ekki vera viss um hvert hinar bifreiðirnar hafi farið. Hafi honum skilist sem sendibifreiðin hafi átt að fara að Klúbbnum með farminn. Endurupptökubeiðandi vildi svo bæta því sérstaklega við að það hafi verið fleiri en einn belgur sem varningurinn hafi verið festur við. Eftir þetta hafi hann ekki hitt neinn þessara manna fyrr en hann og Erla hafi komið heim frá Danmörku síðari hluta vetrar.

2783. Í áðurnefndu bréfi sem endurupptökubeiðandi ritaði í júní 1979 til verjanda síns⁴⁵⁷⁷ sem komið var á framfæri við rannsóknarlögregluna fjallar hann um atvik þessa dags. Hann bar um að hafa verið tekinn til yfirheyrslu 26. janúar 1976 þar sem fram hafi komið að morðhótanir gagnvart dómfelldu Erlu væru að baki og búið væri að handtaka svonefnda Klúbbmenn. Kvaðst endurupptökubeiðandi þá hafa óskað eftir að tekin yrði af honum skýrsla um tilurð skýrslanna sem hann gaf í tilefni af þessum hótunum. Viðbrögð fulltrúa sakadómara við þeirri ósk hafi verið orðrétt: „Farðu inn í klefa og hengdu þig.“ auk þess sem hann hafi sagt við varðstjóra í fangelsinu: „Lánaðu honum reipi svo hann geti hengt sig.“ Síðan hafi fangavörður rokið inn í klefa hans og slegið hann í magann með kylfu, hent honum upp að vegg og borið á hann að hafa farið út á sjó á báti. Þar sem honum hafi ekki verið líft í fangelsinu vegna slæms andlegs ástands og meðferðar fangavarða á honum sagðist endurupptökubeiðandi hafa óskað eftir því að hringt yrði í rannsóknarlögreglumann og endursagt framburð lögreglumanna og fangavarða í skýrslu og ritað undir. Endurupptökubeiðandi hafði áður vikið að ummælum höfðum eftir fulltrúa yfirsakadómara og því að geta ekki staðið á framburði um aðild fjórmeninganna að Geirfinnsmálinu fyrir dómi undir aðalmeðferð málsins.⁴⁵⁷⁸
2784. Þess er að geta að ásökun þessi var rannsökuð í harðræðisrannsókninni sem fram fór 1979. Tilgreind ummæli voru borin undir þá sem bornir voru fyrir þeim sem og frásögn endurupptökubeiðanda af framgöngu þeirra í þessum efnum. Enginn nefndra kannaðist við hafa slík ummæli hafi verið viðhöfð eða málsatvik að öðru leyti, hvorki við harðræðisrannsóknina né fyrir dómi við aðalmeðferð málsins í héraði.⁴⁵⁷⁹
2785. Þriðjudaginn 10. febrúar 1976 var bókað í fangelsisdagbókina að endurupptökubeiðandi hafi verið tekinn til skýrslutöku. Meðal rannsóknargagna er skýrsla um yfirheyrsluna. Í upphafi skýrslunnar er bókað að endurupptökubeiðanda hafi verið sýndar ljósmyndir af 16 mönnum sem rannsóknarlögreglan telji hugsanlegt að hafi verið við Dráttarbraut Keflavíkur eða í bátsferð þaðan að kvöldi 19. nóvember 1974. Hafi endurupptökubeiðandi þekkt myndir af í það minnsta þremur mönnum sem hafi verið í Keflavík á fyrrgreindum tíma, Einari Bollasyni, Valdimar Olsen og Sigurbirni Eiríkssyni. Hafi hann sagst þekkja þá Einar og Valdimar í sjón en ekkert þekkja Sigurbjörn. Þá var bókað að endurupptökubeiðandi hafi fullyrt að Sigurbjörn hafi verið í bátsferðinni, en ekki Einar og Valdimar.⁴⁵⁸⁰

⁴⁵⁷⁶ Málgögn endurupptökunefndar, bls. 346.

⁴⁵⁷⁷ Málgrein 1838.

⁴⁵⁷⁸ Málgrein 1450.

⁴⁵⁷⁹ Málgrein 1874.

⁴⁵⁸⁰ Málgrein 163.

2786. Í rannsóknardagbók sem rannsóknarlögreglumenn héldu á þessum tíma var bókað þennan dag, 10. febrúar 1976, um skýrslutökurnar yfir dómfelldu Kristjáni Viðari og Erlu og endurupptökubeiðanda. Kom þar fram að þau hafi þekkt mismunandi marga menn á myndunum, en öll hafi þau þekkt mynd af Sigurbirni Eiríkssyni. Endurupptökubeiðandi og dómfelldi Kristján Viðar hafi báðir talið að hann hafi verið um borð í bátnum en dómfellda Erla hafi talið sig hafa séð hann í Keflavík. Í framhaldinu hafi því verið gefinn út úrskurður í sakadómi um handtöku á Sigurbirni.⁴⁵⁸¹
2787. Endurupptökubeiðandi greindi frá því í áður nefndu bréfi sínu sem afhent var verjanda hans 25. júní 1979, að hafa verið sýndar myndir af mönnum í yfirheyrslu, sem samkvæmt lögregluskýrslu fór fram 10. febrúar 1976. Hann hafi hann vitað tilefnið en bent á þrjá menn sem hann hafi þekkt á myndunum en ítrekað jafnframt að hann vissi ekkert um Geirfinnsmálið. Í fyrirliggjandi lögregluskýrsla vegna þessarar yfirheyrslu var áréttning þessi ekki bókuð heldur þvert á móti framburður endurupptökubeiðanda um að Valdimar Olsen, Einar Bollason og Sigurbjörn Eiríksson hafi allir verið í Keflavík. Skýrslu þessa staðfesti endurupptökubeiðandi þegar hún var lesin fyrir hann er dómskýrsla var tekin af honum 22. júní 1977.⁴⁵⁸²
2788. Fimmtudaginn 1. apríl 1976 var endurupptökubeiðandi færður fyrir sakadóm Reykjavíkur⁴⁵⁸³ vegna dómsrannsóknar á hvarfi Geirfinns. Endurupptökubeiðandi var beðinn um að skýra sjálfstætt frá málsatvikum. Kvaðst endurupptökubeiðandi þá vilja taka það fram í upphafi að þær skýrslur sem hann hafi gefið í málinu væru ekki byggðar á hans eigin vitneskju eða reynslu. Dómfellda Erla hafi skýrt sér frá öllum atvikum sem hann hafi sagt frá hjá rannsóknarlögreglum. Kvaðst endurupptökubeiðandi hafa heyrt einhvern [EÓ] hafa rætt um málið í Kaupmannahöfn þegar hann hafi verið þar snemma árs 1975. Hafi dómfellda Erla farið á undan sér til Kaupmannahafnar snemma í desember 1974 þar sem hún hafi verið hrædd við fjóra menn þá Magnús Leópoldsson, Valdimar Olsen, Einar Bollason og [JR]. Lýsti endurupptökubeiðandi því yfir að hafa gefið skýrslur þessar til að hægt væri að rannsaka málið, en honum hafi verið sagt að dómfellda Erla hafi orðið fyrir ónæði og óttast um líf sitt. Kvaðst endurupptökubeiðandi einnig hafa upplýsingar frá [SP] sem búsettur væri í Kaupmannahöfn. Hafi [SP] og [EÓ] sagt sér að [JA] hafi fjármagnað og staðið að baki spírasmugli til landsins síðastliðin tíu ár og væri hann tengdur Geirfinnsmálinu.
2789. Í kjölfar ítrekaðra óformlegra viðtala sem og samprófana með dómfelldu Erlu og Kristjáni Viðari 7. maí 1976 hvort í sínu lagi, samtals í fimm og hálf klukkustund var endurupptökubeiðandi tekinn til yfirheyrslu aðfararnótt 8. maí 1976. Bókað var klukkan 00:20 að endurupptökubeiðandi hafi verið færður fram til yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglumanni að eigin ósk til að skýra frá sannleikanum í málinu eftir því sem bókað var. Skýrsla um yfirheyrsluna er meðal rannsóknargagna. Greindi endurupptöku frá aðdraganda Keflavíkur á svipaða lund um að hafa hitt Einar

⁴⁵⁸¹ Málsgögn endurupptökunefndar, bls. 934.

⁴⁵⁸² Málsgrein 1589.

⁴⁵⁸³ Málsgrein 309.

Bollason og Magnús Leópoldsson á förnum vegi í miðborginni en með þeim hafi auk þess verið [ÁHE]. Í Klúbbinum, þangað sem haldið var, hafi þeir hitt Sigurbjörn Eiríksson og ræddu um dreifingu smyglaðs áfengis. Hafi [ÁHE] og Sigurbjörn falast eftir því hvort hann gæti komið með þeim til Keflavíkur til að ná í varninginn og dreift spíranum jafnframt sem þess hafi verið óskað að hann hefði með sér aðstoðarmann. Taldi hann þessi samskipti hafa átt sér stað á föstudegi, en rætt um að af þessu gæti orðið næsta þriðjudag. Þann dag hafi Einar hringt til hans og hann í kjölfarið hringt til Kristjáns Viðars og beðið hann að koma með sér. Lýsti hann svo ferðum um borgina ásamt Einari og Valdimar við að sækja dómfellda Kristján Viðar niður á Laugaveg og dómfelldu Erlu við Klúbbinn.⁴⁵⁸⁴ Síðan hafi verið ekið að Vatnsstíg og þar stöðvað fyrir aftan bláa sendiferðabifreið. Þar hafi endurupptökubeiðandi og dómfelldi Kristján Viðar rætt við [ÁHE] sem hafi setið undir stýri og nokkra menn sem hafi verið í farangursgeymslu bifreiðarinnar meðal annars lyftingamaður en frá Vatnsstíg hafi verið komið við á heimili Valdimars á Framnesvegi þar sem sóttur hafi verið ríffil. Þegar komið hafi verið í Dráttarbrautina hafi [SJGu] staðið þar við ljósa fólksbifreið. Bar endurupptökubeiðandi svo um samskipti manna í Dráttarbrautinni og gat þess að þegar þau hafi komið að Dráttarbrautinni hafi bátur verið að fara frá bryggju en hann hafi ekki vitað hverjir hafi verið um borð. Þegar báturinn hafi komið að landi á ný hafi Sigurbjörn Eiríksson komið frá borði og tveir aðrir menn sem endurupptökubeiðandi þekkti ekki en annar þeirra hafi síðar látið lífið á staðnum. Til átaka hafi komið milli manna þannig að einn hafi legið eftir í jörðinni. Valdimar hafi þá verið kominn með ríffilinn í hendur en Sigurbjörn hafi tekið hann úr höndum Valdimars og hleypti af á manninn. Hafi endurupptökubeiðandi þá fengið dómfellda Kristján Viðar og Einar til að koma með sér í burtu, en dómfellda Erla hafi þá verið horfin. Leituðu þeir að dómfelldu á bifreiðinni en án árangurs. Í lok skýrslunnar greindi endurupptökubeiðandi frá því að Valdimar hafi sagt honum að um borð hafi verið Sigurbjörn, Magnús og [JR] auk tveggja manna frá Keflavík. Þá kvaðst endurupptökubeiðandi ekki vita hvað hafi verið gert við manninn sem varð fyrir árásinni, þar sem þeir hafi farið skömmu eftir atburðinn.⁴⁵⁸⁵

2790. Áður en kom til framangreindra yfirheyrslna, sem leiddu til handtöku Einars, Magnúsar og Valdimars 26. janúar 1976, hafði endurupptökubeiðandi sætt rannsókn vegna fjársvika frá Pósti og síma og vegna hvarfs Guðmundar Einarssonar. Hann hafði sætt gæsluvarðhaldi í þágu rannsóknar á þessum málum frá þeim tíma og var þannig búinn að vera í gæsluvarðhaldi í 41 dag þegar fyrsti framburður um Geirfinnsmálið var bókaður eftir honum. Atburðarás dagana 13. desember til og með 20. desember 1975 er rakin hér að framan í kafla VII.6.1. Þegar endurupptökubeiðandi gaf síðasta framburðinn, aðfararnótt 8. maí 1976, sem hann var ákærður fyrir vegna rangra sakargifta, hafði hann setið samfleytt í einangrun í gæsluvarðhaldi í 139 daga og síðustu þrettán dagana sætt skipulögðu harðræði til að knýja hann til að hætta að ljúga einn í og annan úr eins og bókun í fangelsisdagbók Síðumúlafangelsisins var orðuð. Þá var einnig byrjað að samprófa endurupptökubeiðanda með dómfelldu Erlu og

⁴⁵⁸⁴ Málsgrein 400.

⁴⁵⁸⁵ Málsgrein 400.

Kristjání Viðari án þess að bókað væri hvað fram færi við þær samprófanir en leiða má líkum að því af síðastnefndu skýrslunni að endurupptökubeiðanda hafi verið kunnugt um að fram væri komið að Geirfinnur hafi verið skotinn, sem dómfellda Erla hafði borið um 3. maí 1976 að hafa gert.

2791. Endurupptökubeiðandi bar oftast sakir á suma fjórmeningunum, án þess að hafa verið ákærður fyrir það, í kjölfar þess að hann játaði eigin aðild að Geirfinnsmálinu 27. október 1976. Við það tækifæri nafngreindi hann dómfelldu Erlu og Kristján Viðar auk kunningja sem rannsókn lögreglu virðist hafa útilokað en aðra ekki. Dómfellda Erla bar hins vegar um það að það hefði verið að undirlagi endurupptökubeiðanda sem hún hefði borið um aðild fjórmeninganna, fyrst í viðtali hjá Karli Schütz um miðjan október 1976⁴⁵⁸⁶ og svo fyrir dómi við uppkvaðningu gæsluvarðhaldsúrskurðar.⁴⁵⁸⁷ Í yfirheyrslu 9. desember 1976 játaði endurupptökubeiðandi að hafa stungið upp á því að Klúbbmönnum yrði blandað í málið ef dómfelldu yrðu handtekin.⁴⁵⁸⁸ Bar hann um að hafa rætt þetta við dómfelldu öll, Erlu, Guðjón og Kristján Viðar er þau hittust í júlímánuði 1975. Þau hafi orðið sammála um að ef þau yrðu handtekin að flækja málið með því að bera að Klúbbmenn og sprúttisalar í Reykjavík hafi verið að verki. Hafi dómfellda Erla stungið upp á Einari bróður sínum, Valdimar Olsen og [JR] þar sem hún hafi vitað að þeir hafi allir tengst Klúbbmönnum og því myndi þetta falla saman þegar farið yrði að rannsaka feril manna.
2792. Er endurupptökubeiðandi var yfirheyrður fyrir dómi 21. júní 1977 eftir útgáfu ákæru bar hann á keimlíkan hátt um hvernig það hefði komið til að rangar sakir voru bornar á fjórmeningana og játaði þar með þessar sakir.⁴⁵⁸⁹
2793. Endurupptökubeiðandi kom í síðasta sinn til skýrslutöku fyrir sakadómi 13. september 1977.⁴⁵⁹⁰ Þar var meðal annars fjallað um samantekt sem hann hafði komið á framfæri við dóminn fáum dögum fyrr er fól í sér frásögn á því sem hann hafði aðhafst dagana 15. nóvember 1974 til 21. nóvember 1974. Bókað var að endurupptökubeiðandi hafi staðfest skýrsluna rétta. Í kjölfar þess bar hann um að hafa ekki farið Keflavíkur að kvöldi 19. nóvember 1974 og kannast ekki við að eiga þátt í hvarfi Geirfinns. Samkvæmt endurriti þingbókar virðist ekkert hafa verið vikið að ákæru fyrir rangar sakargiftir í þinghaldinu.
2794. Við málflutning málsins 6. október 1977 var þess krafist að endurupptökubeiðandi yrði sýknaður af öllum kröfum samkvæmt ákæru sem dagsett er 16. mars 1977, þar með talið ákæru fyrir rangar sakargiftir.⁴⁵⁹¹ Mánudaginn 19. desember 1977 var dómur í málinu kveðinn upp. Með dómi Hæstaréttar 22. febrúar 1980 var endurupptökubeiðandi sakfelldur fyrir brot gegn 148. gr. almennra hegningarlaga með því að hafa borið títtnefnda fjóra menn sökum.

⁴⁵⁸⁶ Málgrein 710.

⁴⁵⁸⁷ Málgrein 923.

⁴⁵⁸⁸ Málgögn endurupptökunefndar, bls. 1755.

⁴⁵⁸⁹ Málgrein 1587.

⁴⁵⁹⁰ Málgrein 1678.

⁴⁵⁹¹ Málgrein 1730.

2795. Hér að framan hefur verið rakinn aðdragandi þess að að endurupptökubeiðandi var yfirheyrður hjá lögreglu í tengslum við hvarf Geirfinns, hvað endurupptökubeiðandi og dómfelldu Erla og Kristján Viðar báru í upphafi og hvernig framburðir þeirra þróuðust. Í kaflanum gefur að líta greiningu endurupptökunefndar á því hvenær og við hvaða aðstæður endurupptökubeiðandi gaf þá framburði sem taldir voru fela í sér rangar sakargiftir. Líkt og gerð hefur verið ítarleg grein fyrir í kafla VII.5.2 hafa ýmsir samverkandi þættir áhrif á sönnunargildi framburða dómfelldu í málinu, svo sem langvarandi gæsluvarðhald og einangrunarvist og þær rannsóknar- og yfirheyrslu-aðferðir sem voru viðhafðar. Við úrlausn um beiðni endurupptökubeiðanda um endurupptöku dóms Hæstaréttar er til skoðunar hvort skilyrðum c-liðar 1. mgr. 211. gr. laga um meðferð sakamála sé fullnægt, að verulegar líkur hafi verið leiddar að því að sönnunargögn sem færð voru fram í málinu hafi verið rangt metin svo að áhrif hafi haft á niðurstöðu þess. Dómstólar höfðu svipaðan lagagrundvöll að styðjast við á sínum tíma og nú við mat á sönnunargildi og trúverðugleika framburða. Gildandi meginreglur um sönnun í sakamálum voru þær sömu og svipaðar réttarreglur í gildi um sönnun, sönnunarbyrði og sönnunarmat. Úrslitum ræður hvort fyrirbyggjandi gögn og upplýsingar varpi nýju ljósi á mat á sönnunargildi framburða endurupptökubeiðanda, fyrir lögreglu og fyrir dómi, sem taldir voru fela í sér rangar sakargiftir.

VII.6.3 Greining á því hvort verulegir gallar hafi verið á meðferð máls

2796. Endurupptökunefnd getur orðið við beiðni um endurupptöku meðal annars á þeim grunni að verulegir gallar hafi verið á meðferð máls þannig að áhrif hafi haft á niðurstöðu þess, samanber d-lið 1. mgr. 211. gr. laga um meðferð sakamála. Eftirfarandi tilvik eru helstu tilvik sem þykja geta bent til þess að á þennan staflíð geti reynt í máli þessu.

VII.6.3.a Fyrirkomulag dómsmeðferðar eftir útgáfu ákæru

2797. Fyrir liggur að bókað var í þingbók sakadóms af hálfu dómsins 3. október 1977 um fyrirkomulag málsmeðferðar. Bókun þessi var gerð eftir á, af gefnu tilefni, í lok sex mánaða meðferðar málsins fyrir dómi þegar komið var að málflutningi. Á þeim tímapunkti var búið að taka skýrslur af öllum dómfelldu og öllum vitnum og málflutningsræður einar eftir. Bókun dómsins laut að því að tilkynnt hafi verið við þingfestingu málsins, 21. mars 1977, að málsmeðferð héldi áfram næstu daga og vikur og væri verjendum frjáls aðgangur að öllum þinghöldum. Fram kom í bókuninni að dómáramur málsins minntust þess ekki að verjendur hefðu látið í ljós ósk um að vera viðstaddir önnur þinghöld en þau sem skjólstaðingar þeirra væru boðaðir til. Þeim hafi því ávallt verið tilkynnt um slík þinghöld en ekki önnur að jafnaði.

2798. Ákveðið hafði verið við þingfestingu málsins 21. mars 1977 að málsmeðferðin færi fram fyrir luktum dyrum og munu dómfelldu ekki hafa haft heimild til að fylgjast með skýrslutökum og ekki fengið aðgang að skjölum málsins, þar með talið framburðarskýrslum, fyrr en að skýrslutökum afstöðnum. Samkvæmt þágildandi lögum fengu verjendur aðgang að gögnum máls en var ekki heimilt að kynna skjólstaðingum þau nema með samþykki dómsins. Munnlegur málflutningur var í opnu þinghaldi.

2799. Þetta fyrirkomulag á málsmeðferðinni hafði þær afleiðingar að aðrir dómfelldu og vitni voru ekki gagnspurð af verjendum nema hugsanlega í samprófunum með skjólstæðingum þeirra.
2800. Í þessu sambandi má sem dæmi nefna úr Geirfinnsmálinu framburð manns sem gefið hafði sig fram og bar um að hafa ekið ungri stúlku frá Keflavík að Grindarvíkurafleggjara að morgni 20. nóvember 1974. Við sakbendingu fannst honum dómfellda Erla koma til greina sem sú sem hann hefði ekið. Fyrir lögreglu bar hann um að hafa verið handlama og af þeim sökum ekki í vinnu á þessum tíma og að hann hafi verið að koma frá dóttur sinni þar sem hann hafði verið í heimsókn. Hann hafi verið á rauðri Skoda bifreið með G skráningarnúmeri. Dómfellda Erla hafði borið um það hjá lögreglu að hafa fengið far með eldri manni á gamalli Moskvitch bifreið með V skráningarnúmeri og hafi hann sagst vera frá Vestmannaeyjum. Fyrir dómi kom ekkert fram um að vitnið væri frá Vestmannaeyjum, hefði verið handlama og óvinnufær á þessum tíma eða að hann hefði fyrr borið um að hafa verið á Skoda bifreið sinni. Á hinn bóginn var bókað að hann hefði mögulega getað verið á lánsbifreið af Moskvitch gerð frá samstarfsmanni sínum og að hann hafi rætt við þann mann strax í kjölfarið um að hafa tekið stúlku upp í bifreiðina. Samstarfsmaðurinn kannaðist við að hafa lánað vitninu bifreiðina einu sinni einhvern tímann um haustið 1974. Þegar dómfellda Erla var innt eftir þessum atvikum treysti hún sér ekki til að bera um hvort sá sem gefið hefði henni far hefði verið á Moskvitch eða Skoda bifreið og gat hún ekkert fullyrt um lit bifreiðarinnar og vildi ekki andmæla framburði vitnisins. Ekkert virðist hafa verið spurt út í meiðsli vitnisins sem héldu honum frá vinnu, til dæmis hvort þau hefðu háð honum við akstur og hvort meiðslin hefðu verið þannig að dómfelldu hefði ekki átt að dyljast þau. Mjög brýnt sýnist að verjendum allra dómfelldu í Geirfinnsmálinu, þar með talið dómfelldu Erlu sem ákærð var fyrir hlutdeild í málinu, hefði gefist tækifæri á að spyrja þetta vitni ítarlega fyrir dómi enda eina vitnið sem tengdi eitthvert af þeim dómfelldu við Keflavík 20. nóvember 1974. Um lykilverni var þannig að ræða.
2801. Að sama bruni ber hvað Guðmundarmálið áhrærir um framburð [GunJ], þess eina sem var viðstaddur átök að Hamarsbraut 11 sem var ekki ákærður. Vitnið gaf fyrst skýrslu fyrir dómi rúmum þremur árum eftir hvarf Guðmundar án þess að verjendum dómfelldu hafi verið gert aðvart um að vitnið væri komið til landsins. Þá gafst verjendum hvorki tækifæri til að vera viðstaddir fyrirtöku laugardaginn 30. apríl 1977 né gera athugasemd við að farið væri með vitnið í vettvangsferð að Hamarsbraut 11 þann dag, áður en tekin var skýrsla af vitninu. Á laugardegi hefði verjendum væntanlega verið ókleift að komast að því að dómþing var háð þann dag. Mjög brýnt sýnist að verjendum allra dómfelldu hefði gefist tækifæri á að spyrja þetta vitni ítarlega fyrir dómi samhliða því að ákærvaldið og dómara spurðu vitnið. Sýnist enda mörgum spurningum ósvarað um framburð þessa lykilvernis.
2802. Með þessu fyrirkomulagi, að yfirheyra hugsanleg vitni án aðildar verjenda dómfelldu og meina dómfelldu um aðgang að yfirheyrslunum, voru dómfelldu í raun svipt möguleikanum á að halda uppi raunhæfum vörnum að þessu leyti. Dómfelldu höfðu enga raunhæfa möguleika á að hlutast til um að vitni og önnur dómfelldu yrðu

gagnspurð, hvorki með hliðsjón af þeim framburði sem viðkomandi hafði látið í té né eftir atvikum nánar um málsatvik.

VII.6.3.b Bann við samskiptum við verjendur

2803. Á þeim tíma sem málin voru til meðferðar fyrir sakadómi tók dómurinn í tvígang ákvörðun um að banna dómfellda í Geirfinnsmálinu, sem sættu gæsluvarðhaldi, að hitta verjendur sína. Fyrst var slík ákvörðun tekin í byrjun júlí 1977 þegar dómurinn einangraði dómfellda Guðjón og endurupptökubeiðanda algerlega í tæpa viku. Fangavörðum í Síðumúlafangelsi var tilkynnt að þeir tveir mættu hvorki hitta verjendur sína né nokkra aðra á þessum tíma og var fangelsispresturinn ekki undanþeginn þessu banni. Bann þetta var sett með vísan til þess að samprófun milli þeirra tveggja stæði fyrir dyrum. Einu gildi þótt dómfelldi Guðjón mótmælti banninu og vildi fá rökstuðning fyrir lögmæti þess. Banninu varð ekki haggð og stóð frá 6. til 11. júlí 1977. Á þeim tíma var dómfellda Guðjóni neitað um að hitta fangelsisprestinn og verjanda endurupptökubeiðanda sem kom til að vitja hans var vísað frá.
2804. Í tilefni af afturhvarfi vitnisins [SÓH] frá framburði sínum var bókað í fangelsisdagbók 12. október 1977 að rannsóknarlögreglustjóri hafi haft samband við Síðumúlafangelsið og lagt áherslu á að dómfelldu fengju ekki að vita að vitnið hefði verið fangelsað þar. Degi síðar hafði dómsformaður síðan samband og kynnti, sem samhljóða ákvörðun dómara, að verjendur endurupptökubeiðanda og dómfellda Guðjóns og Kristjáns Viðars mættu ekki undir neinum kringumstæðum tala við skjólstæðinga sína. Þess var getið að bannið stæði þar til dómsformaður afturkallaði það. Bókað var að dómsformaður byggist við því að bannið yrði ekki nema í nokkra daga. Svo fór að banninu var aflétt af dómfellda Guðjóni 16. nóvember 1977 en það stóð gagnvart dómfellda Kristjáni Viðari og endurupptökubeiðanda allt til 12. desember 1977 fram yfir framhaldsmálflutning sem haldinn var þann dag. Á þessu tímabili hitti dómfelldi Guðjón verjanda sinn einu sinni í viðurvist starfsmanns sakadóms og dómfelldi Kristján Viðar sinn verjanda einnig. Heimsóknir þessar voru leyfðar með því skilyrði að verjendurnir ræddu ekki dómsmálið við skjólstæðinga sína. Verjandi endurupptökubeiðanda hitti hann ekki á þessu tveggja mánaða tímabili. Fyrir liggur að ástæðu þessa banns, sem var breyttur framburður vitnisins [SÓH], var haldið frá dómfelldu. Ekki liggur fyrir hvort dómfelldi Kristján Viðar og endurupptökubeiðandi hafi komist að ástæðunni eða almennt vitað af breyttum framburði vitnisins. Svo virðist sem fangavörðum hafi ekki hugnast bann þetta eftir því sem ráða má af skrifum dómfellda Guðjóns í dagbók hans því einn þeirra laumaðist til að láta hann sjá dagblað á tannlæknastofu þar sem fjallað var um breyttan framburð vitnisins, auk þess sem varðstjóri í fangelsinu hafði milligöngu um að koma skilaboðum milli dómfellda Guðjóns og verjanda hans.
2805. Engum dómfelldu gafst ráðrúm til að ræða við verjanda sinn um mögulega þýðingu þessa breytta framburðar vitnisins fyrir varnir þeirra. Sýnast dómfelldu sem sátu í gæsluvarðhaldi hafa verið svipt möguleikanum á að halda uppi raunhæfum vörnum í þessum efnum í kjölfar afturköllunar framburðar þessa lykilvernis.

VII.6.3.c Áhrif harðræðis

2806. Eins og rakið er, meðal annars í kafla VII.5.2.d.3, hefur að mati endurupptökunefndar verið upplýst að endurupptökubeiðandi sætti harðræði frá lokum apríl 1976 fram í september sama ár. Þetta harðræði fólst meðal annars í skerðingu á aðbúnaði hans og möguleikum á dægradvöl í einangrun í Síðumúlafangelsinu. Hann var sviptur sæng, honum neitað um tóbak í nærri þrjá mánuði, lesefni í tvo mánuði og um skriffæri og pappír í rúma fjóra mánuði. Að auki sætti hann hörðum agaviðurlögum í tvígang á gæsluvarðhaldstímanum, sem fólust í að vera í fótajárnum, fyrst 23 daga fyrir stroktilraun og svo ellefu daga fyrir að hafa átt í samskiptum milli klefa við annan gæslufanga sem jafnframt útvegaði honum tóbak. Í málinu eru einnig sterkar vísbendingar um að lagðar hafi verið hendur á hann í fleiri skipti en þegar hann var lostinn kinnhesti 5. maí 1976 sem fjallað er um í dómi Hæstaréttar. Að sama skapi liggja fyrir sterkar vísbendingar um að endurupptökubeiðandi og dómfelldu Kristján Viðar og Tryggvi Rúnar hafi sætt harðræði á fyrstu vikum og mánuðum gæsluvarðhaldsvistar í árslok 1975 og byrjun árs 1976. Endurupptökubeiðandi og dómfelldi Kristján Viðar báru báðir með mjög keimlíkum hætti um þetta í dómskýrslum eftir útgáfu ákæru. Endurupptökubeiðandi þegar hann dró játningu sína til baka í Guðmundarmálinu 29. mars 1977 og dómfelldi Kristján Viðar þegar hann neitaði sök vegna ákæru fyrir rangar sakargiftir 13. maí 1977. Vert er að hafa í huga að dómfelldu sættu einangrun þannig að þeir áttu þess ekki kost að samræma framburði sína í þessum efnum. Þótt þeir hafi báðir verið í Hegningarhúsinu fyrstu mánuði ársins 1977 var dómfelldi Kristján Viðar undir sérstakri sólarhringsvakt fangavarða vegna sjálfsvígshættu þannig að samráð þeirra á milli er ólíklegt. Dómfelldi Tryggvi Rúnar bar ekki um beint harðræði en vék ítrekað að því að vistin í Síðumúlafangelsinu hafi verið mjög slæm þessa fyrstu mánuði. Vísbendingar um harðræði í hans garð og endurupptökubeiðanda er einnig að finna í framburðum tveggja fangavarða sem gáfu skýrslu þegar svonefnd harðræðisrannsókn stóð yfir árið 1979, þess þriðja sem lýsti harðræði í tilefni af fyrstu endurupptökubeiðni endurupptökubeiðanda árið 1997 og þess fjórða sem ræddi um slíkt í viðtali við starfshóp innanríkisráðherra árið 2012.

VII.6.3.d Framkvæmd einangrunar í gæsluvarðhaldi undir dómsmeðferð

2807. Úr því var leyst í fjórum dómum Hæstaréttar sem kveðnir voru upp 3. mars 1983 í málum nr. 124/1983, 125/1983, 126/1983 og 127/1983 að einangrunarvist þeirra fjórmenna, Einars Bollasonar, Magnúsar Leópoldssonar, Sigurbjörns Eiríkssonar og Valdimars Olsen, sem sætt höfðu gæsluvarðhaldi að ósekju í 90 til 105 daga í Síðumúla-fangelsinu hafi verið óvenju langvinn og falið í sér fáheyrða andlega og líkamlega raun. Í dómi Hæstaréttar í máli nr. 214/1978 var gæsluvarðhald þessara manna skilgreint sem alllangt. Dómfelldu í Guðmundar- og Geirfinnsmálanum voru, allir nema dómfelldi Albert, miklu lengur en fjórmeningarnir í einangrun, aðallega í Síðumúlafangelsinu. Dómfelldi Albert var í einangrun í 88 daga, dómfellda Erla í 241 dag, dómfelldi Guðjón í 412 daga, dómfelldi Kristján Viðar í 682 daga, endurupptökubeiðandi í 741 dag og dómfelldi Tryggvi Rúnar 627 daga. Um miðjan febrúar 1977 var sakadómurum, sem fengið höfðu Guðmundarmálið til dómsmeðferðar, falin yfirumsjón með gæsluvarðhaldi dómfelldu sem höfðu þá verið

ákærðir. Það var gert í samræmi við ráðagerð þeirra um að hafa dómfelldu í einangrun meðan á dómsmeðferðinni stæði og leyfa ekki viðtöl við þá nema með sérstakri heimild hverju sinni. Dómfelldu fengu í takmörkuðum mæli að eiga einslega í samskiptum við verjendur sína allt þar til þeir höfðu allir gefið skýrslu fyrir dómi um ákæruatriðin.

2808. Þá sýnist einnig hafa verið samhengi milli þess á hvern veg dómfelldu báru um einstök sakarefni og þess hversu ströng einangrun var og í hvaða fangelsi dómfelldu voru vistaðir. Dómfelldu sóttust allir eftir því að komast úr Síðumúlafangelsinu, aðrir en dómfelldi Guðjón. Ritaði verjandi endurupptökubeiðanda til að mynda sakadómi ítrekað bréf þar sem þess var farið á leit að hann yrði fluttur úr Síðumúlafangelsinu eftir að hafa verið fluttur þangað aftur 9. maí 1977. Dómfelldi ritaði jafnframt sjálfur dómsmálaráðuneytinu bréf þar að lútandi í nóvember 1977. Dómfelldi Tryggvi Rúnar hafði verið á Litla-Hrauni lengst af síðari hluta árs 1976 en var fluttur í Síðumúlafangelsið í janúar 1977. Þar var hann svo vistaður í einangrun fram yfir dómsuppsögu þrátt fyrir að skýrslutökum af honum hafi lokið í byrjun maí 1977 en hann hafði notað fyrsta tækifæri fyrir dómnum til að afturkalla játningu sína. Ítrekuðum óskum hans um að vera fluttur annaðhvort í Hegningarhúsið eða austur að Litla-Hrauni var synjað. Dómfelldi Kristján Viðar var vistaður fyrri hluta árs 1977 í Hegningarhúsinu undir stöðugri sjálfsvígsvakt vegna andlegrar vanlíðunar en eftir að hann hafði játað fyrir dómi að hafa átt þátt í dauða Guðmundar og Geirfinns var hann fluttur í fangelsið að Litla-Hrauni. Þar var hann allt til 5. júlí 1977 er hann var fluttur til Reykjavíkur til samprófunar við dómfelldu Erlu. Við þá samprófun dró hann játningu sína til baka og var í kjölfarið vistaður aftur í Síðumúlafangelsi. Í dómi sakadóms var dvöl dómfellda á Litla-Hrauni við venjulegt fangaviðurværi, eins og það var orðað, sett í beint samhengi við afturköllun hans á játningu.
2809. Endurupptökubeiðandi var fluttur í janúar 1977 í Hegningarhúsið og var þar til 9. maí er hann var fluttur aftur í Síðumúlafangelsið en þá hafði hann dregið játningu sína í Guðmundarmálinu til baka. Virðist sem ástæða flutningsins hafi blasað við öðrum þar sem dómfelldi Guðjón ritaði um flutninginn í dagbók sína eftir að hafa heyrt af honum frá fangelsisprestinum. Skilgreindi hann flutninginn sem hefndarráðstöfun dómsins þar sem endurupptökubeiðandi hefði dregið framburð sinn til baka og nefndi þetta vafasamt athæfi af hálfu dómsins.
2810. Í aðdraganda þess að dómáttar sakadóms fóru í sumarleyfi var bókað eftir dómsformanni í dagbók fangelsisins við Síðumúla að dómfelldu Guðjón, Kristján Viðar, endurupptökubeiðandi og Tryggvi Rúnar ættu að vera í Síðumúlafangelsinu þar til undirréttardómur myndi falla og þess getið sérstaklega að vonlaust væri að ræða það frekar við dómáttara þar sem um einróma ákvörðun væri að ræða af þeirra hálfu. Gekk það síðan eftir að þessir dómfelldu sátu í einangrun í Síðumúlafangelsinu fram yfir uppkvaðningu dóms sakadóms 19. desember 1977. Virðist dómurinn hafa lagt gæsluvarðhaldsvist og einangrun algerlega að jöfnu í þessum eignum eftir því sem forstöðumaður Síðumúlafangelsisins ritaði í dagbók fangelsisins 14. október 1977 um samskipti sín við dómsformann. Þá leitaði forstöðumaðurinn hófanna um að einangrun

yrði létt af dómfelldu. Samkvæmt færslu í fangelsisdagbókinni hafnaði dómsformaður því með þeim rökum að þeir væru í gæsluvarðhaldi.

2811. Þessi háttur á framkvæmd gæsluvarðhalds sýnist vart hafa verið í samræmi við þær kröfur um framkvæmd slíkrar vistunar sem mannréttindanefnd Evrópu hafði sett fram á grundvelli túlkunar ákvæða mannréttindasáttmálans á þessum tíma. Samkvæmt þeim var lögð áhersla á að gætt væri meðalhófs við einangrun fanga og að allar slíkar skerðingar þyrftu að vera til stöðugar endurskoðunar.

VII.6.3.e Skortur á að kynna sakborningum réttarstöðu

2812. Í dómi Hæstaréttar segir að „í fáein skipti verði eigi séð“ að þess hafi verið gætt að benda sakborningum sem yfirheyrðir voru hjá lögreglu á ákvæði 1. mgr. 40. gr. laga um meðferð opinberra mála um að þeim væri óskýlt að svara spurningum um sakarefni. Greining endurupptökunefndar á fyrirliggjandi gögnum hefur leitt í ljós að tilvik þessi hafi verið miklu fleiri en lagt var til grundvallar í dómnum. Vísa má til umfjöllunar í kafla VII.5.2.d.5 og VII.6.2 hér að framan í þessum efnunum.
2813. Í tilvitnuðum köflum er fjallað um ýmsar yfirheyrsluáðferðir og aðferðir við upplýsingaöflun sem vekja efasemdir um að þessara grundvallarréttinda hafi verið gætt. Upplýsingar liggja fyrir um mörg tilvik þar sem yfirheyrslur, viðtöl og vettvangsferðir hafi farið fram sem ekkert var bókað efnislega um. Þá er jafnframt mikill fjöldi rannsóknaraðgerða sem sagt er frá í upplýsingaskýrslum sem fela í sér frásagnir dómfelldu án þess að nokkuð sé bókað um að gætt hafi verið að réttarstöðu sakbornings. Sérstaklega var slíkt algengt í samantektarskýrslum um yfirheyrslur sem Karl Schütz stjórnaði. Sagt er frá efni viðkomandi skýrslutöku og tiltekinn texti jafnvel bókaður sem orðréttur framburður dómfelldu innan gæsalappa án þess að viðkomandi staðfesti með undirritun sinni að rétt hafi verið haft eftir. Þá liggur jafnframt fyrir að dómfelldu undirgengust rannsóknaraðgerðir annarra en lögreglumanna sem höfðu þann tilgang að leiða málsatvik í ljós án þess að nokkuð komi fram um að sakborningi hafi verið kynnt réttarstaða. Í þeim efnunum má nefna sefjunarmeðferð dómfellda Alberts og lygamælingapróf endurupptökubeiðanda og dómfellda Guðjóns. Fyrir sakadómi virðist hafa verið spurt út í efni slíkra skriflegra gagna án þess að því væri gefinn sérstakur gaumur hvort viðkomandi hafi verið kynnt réttarstaða sín þegar skýrslunnar var aflað. Sem dæmi má nefna að fyrir dómi var dómfelldi Tryggvi Rúnar meðal annars spurður út í ummæli um málsatvik sem geðlæknir hafði eftir honum í skýrslu um geðrannsókn.
2814. Þá vekur athygli þegar rýnt er í framburð dómfellda Alberts að allt frá handtöku hans 23. desember 1975 til 21. september 1976 er framburður hans einungis skráður þrisvar sinnum efnislega, 23. desember 1975, 19. mars 1976 og 7. ágúst 1976. Þegar dómfelldi mætti fyrir dóm við rannsókn málsins var bókað að hann hafi borið um málsatvik en að öðru leyti látið við það sitja að vísa til fyrsta framburðar hans fyrir lögreglu 23. desember 1975. Í þessi þrjú skipti í yfirheyrslu hjá lögreglu var annað hvort bókað að hann nyti réttarstöðu vitnis eða honum beinlínis sagt að hann væri ekki

beinlínis afbrotamaður, eins og haft var eftir Karli Schütz.⁴⁵⁹² Lagður var þannig grundvöllur að framburði dómfellda sem vitnisburði þrátt fyrir að allt frá öndverðu hafi leikið grunur á að hann hafi tekið þátt í refsiverðri háttsemi, að raska ummerkjum refsiverðrar háttsemi í andstöðu við 2. mgr. 112. gr. almennra hegningarlaga, en dómfelldi Albert var síðan sakfelldur fyrir þá háttsemi.

2815. Þau atriði sem rakin eru í þessum kafla eru hvert um sig slíkt grundvallaratriði réttlátrar málsmeðferðar að mati endurupptökunefndar að horfa verður til þess við úrlausn endurupptökumáls þessa hvort skilyrði d-liðar 1. mgr. 211. gr. laga um meðferð sakamála séu uppfyllt.

VIII. Niðurstaða

VIII.1 Grunnforsendur endurupptökunefndar

2816. Sú endurupptökubeiðni sem endurupptökunefnd fjallar um í þessum úrskurði er að hluta til reist á endurupptökuheimildum sem ekki höfðu verið lögfestar þegar fyrri endurupptökubeiðnir vegna dóms í hæstaréttarmálinu nr. 214/1978 komu til afgreiðslu Hæstaréttar. Þá er endurupptökubeiðnin studd ýmsum nýjum gögnum sem ekki lágu fyrir við fyrri úrlausnir Hæstaréttar, þar sem endurupptöku dómsins var hafnað. Má þar nefna sérfræðilega álitagerð tveggja sálfræðinga um áreiðanleika framburða dómfelldu en í úrlausn Hæstaréttar frá 18. mars 1999 var þess sérstaklega getið að endurupptökubeiðandi hefði ekki óskað eftir því að sérstök rannsókn yrði gerð á áreiðanleika skýrslna sem hann gaf fyrir lögreglu og dómi við rannsókn og meðferð málsins.

2817. Þess ber að geta að settur ríkissaksóknari hefur ekki lagst gegn beiðni endurupptökubeiðanda um endurupptöku á dómnum.

2818. Ákvæði sakamálalaga um endurupptöku dóma eru byggð á réttaröryggis- og réttlætissjónarmiðum. Endurupptökuheimildirnar fela í sér þrönga undantekningu frá grundvallarreglunni um endanleika dóma og verður að beita af mikilli varfærni.

2819. Við mat á því hvort uppfyllt séu skilyrði a–d-liða 1. mgr. 211. gr. laga um meðferð sakamála til endurupptöku Guðmundar- og Geirfinnsmálanna ber að leggja til grundvallar þær réttarfarsreglur, meginreglur opinbers réttarfars og mannréttindaákvæði sem lögreglu, ákærvaldi og dómstólum bar að vinna eftir við rannsókn, saksókn og dómsmeðferð á þeim tíma sem málin voru til meðferðar. Endurupptökunefnd hefur gert sér far um að forðast að leggja mælistiku þeirra viðhorfa sem nú ríkja í sakamálaréttarfari á fjörutíu ára gamla rannsókn og dómsmeðferð. Óhjákvæmilegt er þó að beita að nokkru leyti nýrri þekkingu á áreiðanleika munnlegra framburða við mat á því hvort skilyrði framangreindra endurupptökuheimilda teljast uppfyllt.

2820. Í kafla VII.3.2 hér að framan er fjallað almennt um skilyrði endurupptökuheimildarinnar í b-lið 1. mgr. 211. gr. Endurupptökunefnd hefur komist að þeirri niðurstöðu að gögn málsins gefi ekki tilefni til að ætla að lögregla, ákærandi,

⁴⁵⁹² Málsgrein 548.

dómari eða aðrir hafi haft í frammi refsiverða háttsemi í því skyni að fá fram þau málalok sem málið fékk. Endurupptöku á grundvelli b-liðar er því hafnað.

2821. Fyrir liggur að endanlegur sakfellingardómur Hæstaréttar í málinu byggðist fyrst og fremst á mati á sönnunargildi munnlegra framburða og trúverðugleika fráhrarfs þriggja dómfelldu frá játningum, þótt ýmis önnur atriði væru talin styðja sakfellingu. Þau nýju gögn sem liggja fyrir endurupptökunefnd, hvort sem þau varða atvik málsins, meðferð dómfelldu í gæsluvarðhaldi, yfirheyrslur, aðrar rannsóknaraðferðir eða meðferð málsins fyrir dómi, eru fyrst og fremst til þess fallin að varpa nýju ljósi á áreiðanleika munnlegra framburða og þar með sönnunargildi þeirra. Það er mat endurupptökunefndar að ekkert þessara gagna sé eitt og sér til þess fallið að uppfylla skilyrði a-liðar 1. mgr. 211. gr. fyrir endurupptöku. Endurupptökunefnd telur hins vegar að nákvæm greining á hinum nýju gögnum sem nú liggja fyrir og samanburður við þau gögn sem lágu fyrir Hæstarétti við meðferð málsins varpi nýju ljósi á sönnunargildi munnlegra framburða í málinu og sönnunarmat Hæstaréttar.
2822. Fyrir endurupptökunefnd liggur því að meta heildstætt hvort ætla megi að hefðu öll hin nýju gögn verið komin fram í málinu áður en dómur gekk hefðu þau skipt verulega miklu máli við heildarmat á sönnun og þar með fyrir niðurstöðu málsins, samanber a-lið 1. mgr. 211. gr. Jafnframt þarf endurupptökunefnd að meta hvort verulegar líkur séu á að sönnunargögn sem færð voru fram í málinu hafi verið rangt metin svo að áhrif hafi haft á niðurstöðu þess, samanber c-lið 1. mgr. 211. gr. Loks þarf endurupptökunefnd að leggja mat á hvort verulegir gallar hafi verið á meðferð máls þannig að áhrif hafi haft á niðurstöðu málsins, samanber d-lið 1. mgr. 211. gr. Mat á því hvort skilyrði endurupptökuheimildanna í a-, c- og d-liðum 1. mgr. 211. gr. teljist uppfyllt í þessu máli er mjög samtvinnnað þótt ný gögn eða upplýsingar þurfi ekki nauðsynlega til að koma svo skilyrði c- og d-liða teljist uppfyllt. Matið snýst í raun að stærstum hluta um hvort ný gögn og upplýsingar, þar með talið um málsmeðferð, varpi nýju ljósi á þau sönnunargögn sem dómur Hæstaréttar var grundvallaður á með þeim hætti að verulegar líkur teljist á að sönnunargildi framburða dómfelldu og vitna, þar með talið sönnunargildi játninga dómfelldu og afturhvarf þriggja þeirra á játningum, hafi verið rangt metið þannig að áhrif hafi haft á niðurstöðu málsins. Óhjákvæmilega er því um að ræða heildarmat á nýjum gögnum og þeim gögnum sem lágu fyrir Hæstarétti. Því þykir rétt að fjalla í samfelldu máli um helstu atriði sem máli geta skipt við mat á því hvort skilyrði a-, c- og d-liða teljist uppfyllt.

VIII.2 Sérkenni Guðmundar- og Geirfinnsmálanna

2823. Rannsókn lögreglu, hvað dómfelldu varðaði, beindist að því að þau hefðu með saknæmum hætti átt aðild að hvarfi tveggja manna og þau voru síðar ákærð fyrir að hafa orðið þessum mönnum að bana og borið aðra menn röngum sökum. Dómfelldu voru þannig sökuð um mjög alvarlega glæpi sem þung viðurlög liggja við.
2824. Sú óvenjulega staða var uppi við sönnunarmat í þessum tveimur málum að lík hinna horfnu manna fundust aldrei, engin ummerki um manndráp eða átök fundust á meintum brotavettvangi og engar áþreifanlegar staðreyndir lágu yfirleitt fyrir um að

þeim hafi verið ráðinn bani. Þar af leiðandi lá ekkert áþreifanlegt fyrir um mögulega áverka, meintar dánarorsakir, mögulegar verknaðaraðferðir eða mögulega gerendur.

2825. Rannsókn málsins byggðist þannig frá upphafi á því að yfirheyra sakborninga og vitni og freista þess þannig að afla upplýsinga sem unnt væri að staðreyna með samanburði við áþreifanlegar staðreyndir eða framburði annarra. Það gerði rannsóknina erfiðari en ella að hún beindist ekki að dómfelldu fyrir en rúmt ár var liðið frá hvarfi Geirfinns og tæp tvö ár frá hvarfi Guðmundar og óhjákvæmilegt að minni dómfelldu og vitna væri farið að dofna um hvað þau höfðust að á þeim tíma sem Guðmundi og Geirfinni átti að hafa verið ráðinn bani.
2826. Dómfelldu sættu gæsluvarðhaldi og einangrun um mjög langan tíma meðan á rannsókninni stóð og sættu hvert um sig tugum formlegra og óformlegra yfirheyrslna og viðtala af hálfu lögreglumanna, annarra rannsakenda, fangavarða og sérfræðinga. Þá sættu þau löngum samprófunum, tvö eða fleiri saman, og ýmsum öðrum rannsóknaraðgerðum. Undir hælinn var lagt hvað skráð var af því sem fram fór um þessar rannsóknaraðgerðir.
2827. Vegna þeirrar sérstöku stöðu sem uppi var við rannsókn þessara alvarlegu sakamála var sérstaklega brýnt að lögregla, ákærvald og dómstólar gættu fyllstu varfærni, nákvæmni og fagmennsku við rannsókn, saksókn og dómsmeðferð og tryggðu að dómfelldu nytu allra þeirra réttinda sem þeim skyldu tryggð samkvæmt þágildandi réttarfarslögum og meginreglum opinbers réttarfars.

VIII.3 Almenn atriði sem varða öll dómfelldu í Guðmundar- og Geirfinnsmálunum

VIII.3.1 Ný gögn sem liggja fyrir endurupptökunefnd

2828. Endurupptökunefnd hefur undir höndum frumrit dagbóka Síðumúlafangelsisins frá þeim tíma sem dómfelldu sátu þar í gæsluvarðhaldi. Endurritaður útdráttur úr dagbókunum var meðal gagna málsins fyrir Hæstarétti en eingöngu hvað varðaði skýrslutökur og vitjanir rannsóknaraðila til dómfelldu. Heldur nákvæmari uppskrift var lögð fyrir Hæstarétt vegna endurupptökubeiðanda í tilefni af fyrstu endurupptökubeiðni hans en í þá uppskrift vantaði hins vegar ýmsar mikilvægar færslur, til dæmis um rannsóknaraðgerðir sem engar aðrar opinberar heimildir eru til um. Endurupptökunefnd telur því að dagbækurnar í heild sinni teljist ný gögn í málinu. Um er að ræða samtímaheimild sem opinberir starfsmenn rituðu um ýmis samskipti sín og annarra við dómfelldu. Um er að ræða stuttar og hnitmiðaðar færslur og er engin ástæða til annars en að ætla að þær hafi í meginatriðum verið sannleikanum samkvæmar og trúverðugar svo langt sem færslurnar ná. Þessar dagbókarfærslur eru mikilsverð viðbót við þær upplýsingar sem liggja fyrir um gæsluvarðhaldsvist dómfelldu og eru jafnframt eina opinbera heimildin um ýmsar rannsóknaraðgerðir, auk þess sem þær varpa skýrara ljósi á þær rannsóknaraðgerðir sem aðrar heimildir eru til um.
2829. Fyrir endurupptökunefnd hafa einnig verið lagðar dagbækur dómfelldu Tryggva Rúnars og Guðjóns. Endurupptökunefnd þykir hafið yfir vafa að dagbækurnar hafi í raun verið ritaðar meðan þeir sátu í gæsluvarðhaldi. Ekkert er upplýst um hvaða

aðgengi fangaverðir eða rannsóknaraðilar höfðu að efni þessara dagbóka á sínum tíma. Efni dagbókanna er fyrst og fremst frásagnir dómfelldu af daglegum athöfnum þeirra og hugleiðingar og vangaveltur þeirra um stöðu sína og líðan. Efni dagbókanna varpar þannig nýju ljósi á þann aðbúnað sem þeir máttu sæta, hugarástand þeirra, tengsl þeirra og samskipti við fangaverði og rannsóknaraðila. Þótt ekkert verði fullyrt um sannleiksgildi þess sem ritað er í dagbækur dómfelldu og um þær hvatir sem lágu að baki dagbókarskrifunum er afar margt í þeim sem samrýmist og styður það sem fram kemur í dagbókum Síðumúlafangelsisins, lögregluskýrslum sem og öðrum fyrirliggjandi gögnum. Saman virðast þessar heimildir varpa upp nokkuð trúverðugri mynd. Endurupptökunefnd telur ótvírætt að um ný gögn teljist vera að ræða í skilningi a-liðar.

2830. Um skýrslu starfshóps innanríkisráðherra um Guðmundar- og Geirfinnsmál hefur áður verið fjallað. Með þeim fyrirvörum sem þar eru gerðir lítur endurupptökunefnd svo á að skýrslan hafi að geyma greiningu á nýjum og eldri gögnum og feli þannig í sér upplýsingar sem teljist til nýrra gagna í skilningi a-liðar. Þetta á einnig við um sérfræðiálit sálfræðinganna Gísla H. Guðjónssonar og Jóns Friðriks Sigurðssonar um áreiðanleika framburða dómfelldu í Guðmundar- og Geirfinnsmálunum, sem er hluti af skýrslunni.
2831. Til nýrra gagna teljast einnig ýmis gögn sem starfshópur innanríkisráðherra dró fram í dagsljósið og urðu til við rannsókn Guðmundar- og Geirfinnsmálanna en voru ekki meðal málsgagna fyrir sakadómi Reykjavíkur eða Hæstarétti. Gerð er grein fyrir þessum gögnum í kafla VII.6.1. Eins og nánar verður gerð grein fyrir hér síðar varpa ýmis þessara gagna nýju ljósi á sönnunargildi munnlegra framburða í Guðmundar- og Geirfinnsmálunum.
2832. Í kafla VII.6.1 hér að framan hefur verið fjallað um ný gögn sem aflað hefur verið af hálfu endurupptökubeiðenda og setts ríkissaksóknara og lögð fyrir endurupptökunefnd. Fæst þessara gagna vega ein og sér mikið við ákvörðun um hvort skilyrði endurupptöku séu fyrir hendi en geta haft þýðingu við heildarmat á öllum þeim gögnum sem nú liggja fyrir.

VIII.3.2 Áhrif framkvæmdar gæsluvarðhalds og einangrunar

2833. Eins og áður hefur verið fjallað um var sakamálaréttarfar hér á landi að þróast úr rannsóknarréttarfarum yfir í ákæruréttarfar á áttunda áratug síðustu aldar. Aðferðir og tækni sem lögregla notaði til að upplýsa mál voru um margt frumstæðar, jafnt yfirheyrslutækni sem tæknirannsóknir. Mikil áhersla var lögð á að ná fram játningu sakbornings og í mörgum tilvikum var löngu gæsluvarðhaldi beitt til að knýja fram játningu.
2834. Áður hefur verið rakið hvaða áhrif Mannréttindadómstóll Evrópu og áður mannréttindanefndin hefur talið að einangrunarvist hafi á þá sem henni sæta. Í ákvörðun mannréttindanefndarinnar frá 8. júlí 1978 í máli Ensslin, Baader og Raspe gegn Þýskalandi var vikið að áhrifum algjörRAR einangrunar, hvað varðar skynjun og félagsskap, og talið að slíkt gæti án vafa að lokum eyðilagt persónuleika og þar með

- talist vera ómannleg meðferð í skilningi 3. gr. mannréttindasáttmála Evrópu. Jafnframt hafa verið raktar athugasemdir í greinargerð með frumvarpi sem varð að lögum nr. 53/1979 þar sem gagnrýnd er sú áhersla sem dómstólar leggja á notkun langrar gæsluvarðhaldsvistar sem áhrifaríks tækis til að knýja fram játningu sökunautar.
2835. Í dómum Hæstaréttar frá 3. mars 1983 í málum nr. 124/1983, 125/1983, 126/1983 og 127/1983 var fjallað um bótakröfur þeirra fjögurra manna sem sátu í gæsluvarðhaldi í Síðumúlafangelsinu í 90 til 105 daga vegna framburðar dómfelldu í máli þessu. Í forsendum Hæstaréttar sagði orðrét: „Húsakynni þau sem hann var vistaður í, voru ekki forsvaranleg til svo langrar vistunar.“ Við ákvörðun miskabóta þeim til handa leit Hæstiréttur til þess að einangrunarvistin hafi verið „óvenju langvinn“ auk þess sem horft var til þeirrar „fáheyrðu og andlegu og líkamlegu raunar, sem henni var samfara“.
2836. Með vísan til framangreinds má ráða að nokkur vitneskja hafi verið til staðar hér á landi í kringum 1980 um skaðleg áhrif einangrunar og mögulegar afleiðingar hennar á áreiðanleika og þar með sönnunargildi framburða.
2837. Fræðimenn nú á dögum virðast almennt á einu máli um að einangrun geti valdið svefntruflunum og þannig veikt mótstöðu sakborninga við yfirheyrslur og aukið sefnæmi þeirra og undanlátssemi. Jafnframt að löng einangrunarvist sé til þess fallin að ýkja veikleika sakborninga við yfirheyrslur. Almennt sé meiri hætta á óáreiðanlegum framburðum eftir því sem gæsluvarðhald sé lengra og sakborningur einangraðri. Áhrif einangrunar á áreiðanleika framburða ráðist þó jafnframt af fleiri þáttum, þar á meðal persónulegum eiginleikum sakborninga.
2838. Hér að framan hefur verið gerð nákvæm greining á því hversu lengi hvert dómfelldu sætti einangrun í gæsluvarðhaldi vegna rannsóknar Guðmundar- og Geirfinnsmálanna. Einangrunarvist dómfellda Alberts var styst eða 88 dagar en endurupptökubeiðandi var lengst í einangrun eða samtals 741 dag.
2839. Gögn málsins bera með sér að dómfelldu sættu nær algeru heimsóknarbanni, fengu lengst af ekki að ræða við réttargæslumenn sína í einrúmi og um tæpra tveggja mánaða skeið áður en málið var endanlega dómtekið í héraði sættu þeir dómfelldu Guðjón, Kristján Viðar og endurupptökubeiðandi algeru banni við að ræða við verjendur sína. Þá fengu dómfelldu mjög takmarkaða útivist og fékk endurupptökubeiðandi til að mynda ekki heimild til útivistar í fangelsisgarði fyrr en í október 1976 þegar hann var farinn að bera um aðild sína að dauða Geirfinns. Fullyrða má að sú einangrunarvist sem aðrir dómfelldu en Albert sættu, og þá sérstaklega endurupptökubeiðandi, hafi verið sérstaklega löng og harðneskjuleg og á hún sér enga hliðstæðu hér á landi á síðustu áratugum.
2840. Af nákvæmri skoðun á nýjum gögnum og þeim sem lágu fyrir dómi verður ráðið að ákvarðanir þeirra sem stjórnðu rannsókninni um fyrirkomulag einangrunarinnar hafi í mörgum tilvikum ráðist af því hversu samvinnuþýð dómfelldu voru við að gefa nýjar upplýsingar sem samræmdust þeim rannsóknartilgátum sem lögregla vann eftir á hverjum tíma. Hvort sem það var beinlínis sagt af hálfu rannsóknaraðila eða gefið í

skyn með einum eða öðrum hætti mátti dómfelldu löngu vera orðið ljóst þegar leið á einangrunina að framburður þeirra gæti haft mikil áhrif á fyrirkomulag gæsluvarðhaldsins.

VIII.3.3 Persónulegar aðstæður dómfelldu í gæsluvarðhaldi

2841. Fyrir liggur að dómfelldu voru ung að árum eða um tvítugt þegar þau voru hneppt í gæsluvarðhald nema dómfelldi Guðjón sem var um þrítugt. Ráðið verður af niðurstöðum geðrannsóknna sem dómfelldu sættu að þau voru sum með fremur slaka greind og haldin ýmsum geðrænum vandamálum, höfðu flest hlotið mjög takmarkaða menntun, höfðu neytt fíkniefna í talsverðum mæli og mörg hver með brotaferil að baki. Ekki verður séð að sakadómur Reykjavíkur eða Hæstiréttur hafi tekið sérstakt tillit til þessara persónulegu þátta við mat á sönnunargildi framburða þeirra. Ætla verður að margir þessara einstaklingsbundnu þátta hafi magnað skaðleg áhrif langvarandi einangrunarvistar á framburði þeirra. Að mati endurupptökunefndar er tvímælalaust að taka hefði þurft tillit til slíkra þátta við sönnunarmatið.
2842. Í þeim gögnum sem liggja fyrir endurupptökunefnd eru fjölmargar vísbendingar um að andleg heilsa dómfelldu í einangrunarvistinni hafi nánast frá upphafi verið afar bágborin og þurftu þau á ýmsum lyfjum að halda til að þrauka frá degi til dags. Sjálfsvígstilraunir dómfellda Kristjáns Viðars, þrálátt minnisleysi dómfelldu Alberts, Guðjóns og Tryggva Rúnars og ruglástand endurupptökubeiðanda og dómfellda Kristjáns Viðars sem getið er um í lögregluskýrslum bera ásamt fleiru vott um þetta. Þeir höfðu ekkert samneyti við aðra fanga og heimsóknir ættingja voru ýmist bannaðar eða mjög takmarkaðar. Félagslegt samneyti þeirra við annað fólk takmarkaðist því langtímum saman við fangaverði og rannsóknaraðila.
2843. Meðan á einangrunarvistinni stóð sættu þau fjölmörgum og oft löngum yfirheyrslum og viðtölum sem nánari grein er gerð fyrir hér að framan. Athygli vekur að ekkert er vikið að mögulegum áhrifum einangrunarinnar á trúverðugleika framburða dómfelldu í dómum sakadóms Reykjavíkur eða Hæstaréttar. Endurupptökunefnd telur verulegar líkur á að þessi langvinna einangrun við þær aðstæður sem voru í Síðumúlafangelsinu og tíðar og langar yfirheyrslur hafi verið til þess fallnar að brjóta niður allt viðnám dómfelldu gagnvart rannsóknarmönnum þannig að þau hafi smám saman verið tilbúin að segja það sem þeim þótti helst geta orðið til þess að binda endi á einangrunarvistina jafnvel þótt það hefði í för með sér langan fangelsisdóm. Dómfelldi Kristján Viðar reyndi að binda endi á einangrunarvistina með sjálfsvígstilraunum. Augljóst dæmi um hvernig einangrunarvistin og vonin um að losna úr einangrun virðist hafa haft áhrif á framburði dómfelldu eru þær breytingar sem urðu á framburði endurupptökubeiðanda þegar líða tók á haustið 1976, en þá virðist hann hafa séð möguleika á að komast í lausagæslu í Hegningarhúsinu við Skólavörðustíg ef hann gæfi framburði sem samræmdust sem mest framburðum annarra dómfelldu. Þá má benda á dæmi um breytingu á framburðum í gagnstæða átt eftir að dómfelldu losnuðu úr einangrunarvist. Svo virðist sem sambengi sé á milli þess að dómfelldi Kristján Viðar var fluttur í lausagæslu á Litla-Hraun eftir að hafa játað að hafa átt aðild að atlogum að Guðmundi og Geirfinni og þess að hann var aftur færður í einangrun í Síðumúlafangelsið eftir að

hann hafði dregið játningu sína í Geirfinnsmálinu til baka. Sama má segja um endurupptökubeiðanda sem færður hafði verið í Hegningarhúsið í lok janúar 1977 en var fluttur aftur í einangrun í Síðumúlafangelsið í maí sama ár eftir að hafa dregið játningu sína í Guðmundarmálinu til baka. Útilokað er annað en að álykta sem svo að það hafi gefið dómfelldu aukinn viðnámsþrótt að vera laus úr einangrun í Síðumúlafangelsinu þótt þau sættu áfram frelsisskerðingu og jafnvel einangrun í öðru fangelsi. Samkvæmt framansögðu verður að ætla að það hafi verið dómfelldu ljóst að ef þau héldu sig ekki við þá framburði sem þau voru búin að gefa yrði hlutskipti þeirra að sitja áfram í einangrun.

2844. Ákvarðanir rannsóknaraðila og dómara um fyrirkomulag gæsluvarðhaldsvistarinnar virðast í sumum tilvikum hafa þjónað þeim tilgangi að ná fram játningum og síðar að tryggja að dómfelldu héldu sig við þá framburði sem þau höfðu gefið.
2845. Skráðar lögregluskýrslur af dómfelldu og vitnum bera það með sér að rannsóknarmenn hafi í talsverðum mæli notað þá yfirheyrslutækni að bera á milli dómfelldu valdar upplýsingar sem aðrir dómfelldu og vitni höfðu gefið. Þótt slíkar yfirheyrsluaðferðir geti átt rétt á sér er nauðsynlegt að þeim sé beitt af sanngirni og blekkingum sé ekki beitt. Jafnframt sættu dómfelldu oft og ítrekað samprófunum. Engu að síður virðast dómarar hafa staðið í þeirri trú að dómfelldu hefði sjálfum tekist að samræma framburði sína og því væri þörf á strangri einangrun þeirra. Í sumum tilvikum virðast ályktanir dómara hafa byggst á hreinum misskilningi eins og til dæmis þegar það var ranglega bókað í þingbók, og tekið upp í dóm sakadóms, að endurupptökubeiðandi hafi verið í klefa við hlið dómfellda Tryggva Rúnars í Hegningarhúsinu, þar sem hann var aldrei vistaður í gæsluvarðhaldi. Virðist sú ályktun hafa verið dregin af þessu að endurupptökubeiðandi hafi haft áhrif á það að dómfelldi Tryggvi Rúnar dró framburð sinn til baka fyrir dómi 31. mars 1977.
2846. Fyrir liggja sterkar vísbendingar um að endurupptökubeiðandi og dómfelldu Kristján Viðar og Tryggvi Rúnar hafi allir mátt sæta umtalsverðu harðræði á fyrstu vikum gæsluvarðhalds. Báðir dómfelldi Kristján Viðar og endurupptökubeiðandi báru um það fyrir dómi, endurupptökubeiðandi þegar hann neitaði sök í Guðmundarmáli 29. mars 1977 og dómfelldi Kristján Viðar þegar hann neitaði sök varðandi ákæru um rangar sakargiftir 13. maí 1977. Dómfelldi Tryggvi Rúnar bar ekki um harðræði fyrir dómi en vék ítrekað orðum að því í dagbók sinni að vistin í Síðumúlafangelsi í upphafi gæsluvarðhalds hafi verið mjög erfið. Hann sætti á þeim tíma stífum yfirheyrslum og þurfti að sprauta hann niður þar sem hann svaf ekki og virðist hafa verið nánast með óráði. Upplýsingar um harðræði á fyrstu vikum gæsluvarðhalds dómfelldu, þar á meðal gagnvart dómfellda Tryggva Rúnari, komu jafnframt fram af hálfu tveggja fangavarda í harðræðisrannsókninni sem framkvæmd var haustið 1979, sem og í framburði þriðja fangavardarins sem lét yfirlýsingar í té í tilefni af fyrstu endurupptökubeiðni endurupptökubeiðanda. Þær lýsingar sem fram komu af hálfu dómfelldu og fangavardanna um framkvæmd harðræðis eru keimlíkar, lúta að því að dómfelldu hafi verið sviptir svefni og hrelldir með ýmsum hætti þannig að þeir hafi verið mjög óttaslegnir og í tilfinningalegu uppnámi.

2847. Eins og fjallað hefur verið um bera upplýsingar í fangelsisdagbók með sér að endurupptökubeiðandi hafi sætt harðræði allt frá 25. apríl 1976 fram á haust það ár er fólst í því að hann var um lengri eða skemmri tíma sviptur tóbaki, lesefni, skriffærum, pappír og sæng. Að auki var endurupptökubeiðandi í fótajárnum í ellefu daga á tímabilinu í refsingarskyni fyrir að skiptast á orðsendingum við annan fanga. Þess má geta að hann var hafður í fótajárnum í febrúar 1976 í 23 daga vegna flóttatilraunar sem fólst í því að hann tók á sprett fyrir utan fangelsið þegar hann var í fylgd rannsóknaraðila en náðist strax.
2848. Dómfelldu, aðrir en Albert, sættu margfalt lengri og harðneskjulegri einangrun en þeir fjórmenningar sem dæmdar voru bætur í framangreindum dómum Hæstaréttar árið 1983 og má fullyrða að áhrifin hafi verið talsvert skaðlegri. Ætla verður að áhrif einangrunarvistarinnar á dómfelldu hafi orðið því alvarlegri þeim mun lengur sem einangrunarvistin stóð og sönnunargildi framburða þeirra minna sem því nemur. Endurupptökunefnd þykir ljóst að einstaklingsbundnir þættir höfðu talsverð áhrif á hversu fljótt einangrunarvistin fór að hafa áhrif á framburði dómfelldu. Þannig virðist jafnvel yfirvofandi einangrunarvist hafa haft áhrif á að dómfelldi Albert og vitnið [SÓH] báru á þann veg sem þeir gerðu. Þá þykja dagbækur dómfellda Guðjóns og ýmislegt í skýrslum um framburði hans benda sterklega til þess að einangrunarvistin hafi mjög fljótt bugað hann og þannig haft veruleg áhrif á áreiðanleika framburðar hans.
2849. Sú rannsókn á meintu harðræði í Síðumúlafangelsinu, sem rannsóknarlögregla ríkisins framkvæmdi haustið 1979, eftir að héraðsdómur gekk í málinu, var tiltölulega þröngt afmörkuð. Rannsóknin tók eingöngu til hluta þeirra tilvika sem endurupptökubeiðandi hafði bent á og tók þannig ekki til annarra dómfelldu eða aðstæðna almennt í fangelsinu. Rannsóknin gat því ekki gefið heildstæða mynd af meðferð dómfelldu í fangelsinu heldur eingöngu varpað ljósi á einstök atvik, svo sem um kinnhest sem endurupptökubeiðanda var lostinn við samprófun. Hæstiréttur var því ekki í aðstöðu til að gera sér grein fyrir aðstæðum sem nú liggur fyrir að dómfelldu sættu í Síðumúlafangelsinu og því síður að draga ályktanir um áhrif þessara aðstæðna á sönnunargildi framburða þeirra. Endurupptökunefnd telur að þýðing umrædds kinnhests hafi verið hverfandi í samanburði við heildaráhrif einangrunarinnar og þess harðræðis sem endurupptökubeiðandi og dómfelldu Kristján Viðar og Tryggvi Rúnar voru beittir.
2850. Í ákvörðun Hæstaréttar frá 15. júlí 1997 um fyrstu endurupptökubeiðni endurupptökubeiðanda var fjallað um ýmis agaviðurlög sem dómfelldi var beittur í Síðumúlafangelsinu, svo sem notkun fótajárna, tóbaksbann og sviptingu lesefnis og ritfanga auk þess sem ýmis ótilhlýðileg ummæli hafi verið höfð um hann í færslum í dagbók fangelsisins. Komist var að þeirri niðurstöðu að dómfelldi hefði sætt ólögmati meðferð í gæsluvarðhaldsvistinni einkum í apríl og maí 1976 í nokkrum meira mæli en kunnugt hafi verið um við úrlausn málsins. Þess var getið að ekki hefðu komið fram nýjar upplýsingar sem líklegar væru til þess að hafa breytt niðurstöðu dóms Hæstaréttar 22. febrúar 1980. Þótt þess sé ekki getið berum orðum má ráða af rökstuðningi Hæstaréttar að harðræðið hafi ekki verið talið hafa áhrif á sönnunargildi

framburða endurupptökubeiðanda vegna þess að þau atvik sem rétturinn vísaði til hafi átt sér stað á tímabili í gæsluvarðhaldsvist dómfellda sem hafi verið „annars vegar nokkrum mánuðum eftir að hann gaf skýrslur, þar sem hann játaði að eiga þátt í hvarfi Guðmundar Einarssonar og þar einnig sakir á fjóra nafngreinda menn um aðild þeirra að hvarfi Geirfinns Einarssonar, og hins vegar mörgum mánuðum áður en hann gekkst við aðild sinni að hvarfi hins síðarnefnda“.

2851. Af nákvæmri skoðun endurupptökunefndar á dagbókum Síðumúlafangelsisins, dagbókum þeim sem dómfelldu Tryggvi Rúnar og Guðjón rituðu, svo og af öðrum nýjum gögnum og upplýsingum og samanburði við þau gögn sem lágu fyrir við meðferð málsins í Hæstarétti, má ráða að einangrun dómfelldu, aðstæður í Síðumúlafangelsinu og sú meðferð sem þeir sættu þar hafi haft mikil áhrif á andlega og líkamlega heilsu þeirra með þeim hætti að rétt hefði verið að taka verulegt tillit til þessara þátta við mat á sönnunargildi framburða þeirra. Endurupptökunefnd telur í ljós leitt að það harðræði sem dómfelldu voru beittir hafi ekki verið bundið við tiltekin tímabil líkt og virðist hafa verið lagt til grundvallar við afgreiðslu fyrstu endurupptökubeiðni endurupptökubeiðanda.
2852. Þar sem sakfelling bæði í Guðmundar- og Geirfinnsmálinu byggði á því að um samverknað þriggja dómfelldu hefði verið að ræða höfðu framburður hvers dómfellda mikil áhrif á mat á sök hinna. Þá löguðu dómfelldu í mörgum tilvikum framburði sína að framburðum hinna þannig að framburðirnir þróuðust í takt. Af því má draga þá ályktun að hafi harðræði haft áhrif á framburð eins dómfellda hafi það haft áhrif á sönnunarmat hvað alla dómfelldu varðaði.
2853. Það er mat endurupptökunefndar að vegna takmarkaðri upplýsinga um harðræði en nú liggja fyrir hafi Hæstiréttur vanmetið þessi áhrif við sönnunarmat bæði í Guðmundar- og Geirfinnsmálinu með þeim hætti að verulegar líkur séu á að það hafi haft áhrif á niðurstöðu málanna.

VIII.3.4 Yfirheyrslur, viðtöl og samprófanir svo og skráning þeirra

2854. Fyrir liggur að dómfelldu sættu fjölda yfirheyrslna af hálfu lögreglu og fyrir dómi á rannsóknarstigi svo sem nánar hefur verið rakið hér að framan. Í allmörgum tilvikum braut lögregla gegn brýnu banni 40. gr. þágildandi laga um meðferð opinberra mála með því að láta yfirheyrslur standa lengur yfir en sex klukkustundir. Um þessar yfirheyrslur voru ýmist ritaðar framburðarskýrslur sem dómfelldu undirrituðu að jafnaði, óundirritaðar samantektarskýrslur lögreglumanna eða alls ekkert skráð. Í dómi Hæstaréttar kemur fram að í fáein skipti verði eigi séð að þess hafi verið gætt að benda sökuðum manni sem yfirheyrður var fyrir rannsóknarlögreglu á ákvæði 1. mgr. 40. gr. laga um meðferð opinberra mála og við hafi borið að yfirheyrsla hafi staðið samfellt lengur en sex klukkustundir, samanber 3. mgr. 40. gr. sömu laga. Í inngangsorðum þessara athugasemda Hæstaréttar við málsmeðferðina segir orðrétt: „Rannsókn sakamáls þessa er hin umfangsmesta á landi hér á síðari árum. Rangir og reikulir framburðir ýmissa þeirra sem rannsóknin beindist gegn, ollu þeim, sem með rannsóknina fóru, miklum örðugleikum.“ Af dómi Hæstaréttar má þannig ráða að þessi brot gegn málsmeðferðarreglum hafi verið talin afsakanleg enda leiddu þau hvorki til

frávísunar, ómerkingar héraðsdóms eða sýknu og virðast engin áhrif hafa haft á mat á sönnunargildi framburða dómfelldu.

2855. Dómfelldu sættu jafnframt ítrekað löngum samprófunum, tvö eða þrjú saman, ásamt einum eða fleiri rannsóknarmönnum en að jafnaði var ekkert skráð um þessar samprófanir. Að auki voru þau oft tekin til viðtals af lögreglumönnum og fulltrúa yfirsakadómara auk þess sem fangaverðir virðast hafa tekið við þau viðtöl. Að jafnaði var ekkert skráð um slík viðtöl fyrir utan færslur í dagbók Síðumúlafangelsisins um að þau hafi átt sér stað og í sumum tilvikum skýringar á þeim.
2856. Samkvæmt skýrslu starfshóps innanríkisráðherra var heildarfjöldi yfirheyrslna, bókaðra og óbókaðra, viðtala við dómfelldu á klefa, samprófana og vettvangsferða 641 fram að dómtöku málsins í sakadómi Reykjavíkur, þar af beindust 180 aðgerðir að endurupptökubeiðanda en 160 að dómfellda Kristjáni Viðari. Þessar aðgerðir stóðu yfir í samtals 976 klukkustundir. Þeir tveir voru samtals í 555 klukkustundir í samskiptum sem þessum.
2857. Hvernig sem á er litið má vera ljóst að fjöldi yfirheyrslna og annarra samskipta sem höfðu það að markmiði að afla upplýsinga frá dómfelldu voru, hvort sem til þeirra var stofnað að frumkvæði rannsakenda, fangavarða eða jafnvel dómfelldu sjálfra, yfirgengilega margar og umfangsmiklar. Þar sem almennt er viðurkennt að áreiðanleiki framburða minnkar með síendurteknum upprifjunum er ljóst að rannsóknaraðferðir í Guðmundar- og Geirfinns-málunum voru ekki vel til þess fallnar að leiða sannleikann í ljós.
2858. Í þeim tilvikum sem ekki kemur fram í skýrslum um yfirheyrslur að gætt hafi verið að þeim mikilvægu réttindum sem fólust í 1. mgr. 40. gr. laga um meðferð opinberra mála, um að sakborningi væri óskýlt að svara spurningum sem felldu á hann sök, er óhjákvæmilegt annað en að líta svo á að það hafi ekki verið gert. Í þeim skýrslum sem aðeins hafa að geyma samantektir lögreglumanna er þess ekki getið að gætt hafi verið að þessum réttindum sakbornings og verður á sama hátt að líta svo á að svo hafi ekki verið gert. Sama má segja um þær yfirheyrslur sem ekkert var skráð um, samprófanir og viðtöl rannsóknarmanna, fangavarða, lækna og annarra við dómfelldu en dæmi eru um að upplýsingar sem komu fram í slíkum viðtölum hafi verið notaðar í rannsókninni og þeirra getið í dómi sakadóms Reykjavíkur. Ekki verður séð að horft hafi verið til slíkra brota gegn réttindum dómfelldu við sönnunarmat Hæstaréttar en að mati endurupptökunefndar er ótvírætt um að ræða annmarka sem bar að líta til við mat á sönnunargildi þeirra framburða sem um ræðir.
2859. Af skoðun á hinum formlegu skýrslum verður lítið sem ekkert ráðið um þær spurningar sem lagðar voru fyrir dómfelldu, hvaða upplýsingar rannsóknarmenn gáfu dómfelldu um framburði annarra og það sem skráð var eftir dómfelldu og vitnum aðeins endursögn lögreglumanna á framburðum þeirra. Í mörgum tilvikum er ekkert samræmi milli tímans sem yfirheyrsla tók og lengdar skýrslu. Sem dæmi má nefna skýrslu um yfirheyrslu yfir endurupptökubeiðanda frá 20. september 1976. Tilefni yfirheyrslunnar var afmarkað við það eina atriði hvort dómfellda ræki minni til hvorum megin lík Guðmundar hafi verið sett inn í bifreið þegar það var flutt frá

Hamarsbraut 11. Yfirheyrslan stóð yfir í fimm klukkustundir en afurð hennar var einungis hálfra blaðsíðu lögregluskýrsla.

2860. Margar sterkar vísbendingar liggja fyrir um að rannsóknarmenn hafi valið úr framburðum dómfelldu tilteknar upplýsingar og borið undir aðra dómfelldu ásamt eigin rannsóknartilgátum. Í kafla VII.5.2.d voru nefnd dæmi um svör dómfelldu sem gefa til kynna að þau hafi verið spurð mjög leiðandi spurninga. Virðist þannig talsvert hæft í svokölluðum áburði dómfelldu, líkt og það er nefnt í dómi Hæstaréttar, um að rannsóknarmenn hafi leitt þau áfram í yfirheyrslum. Enn minna er að sjálfsgöðu vitað um hvað dómfelldu voru spurð og um framburði þeirra í hinum fjölmörgu yfirheyrslum og viðtölum sem ekkert var skráð um. Tekið skal fram að skráning framburða í yfirheyrslum yfir dómfelldu tók nokkrum breytingum til batnaðar eftir að Karl Schütz kom að rannsókn málanna í júlí 1976. Jafnframt kom þá betur í ljós hversu leiðandi spurningum rannsóknarmenn beittu oft og tíðum í yfirheyrslum.
2861. Svo sem áður hefur verið vikið að voru skýr fyrirmæli um það í niðurlagi 39. gr. þágildandi laga um meðferð opinberra mála að þess skyldi jafnan gætt vandlega að svör manna við spurningum væru skilmerkilega og rétt færð í letur og sem orðréttust, einkum ef um svör grunaðra manna væri að tefla. Ljóst er að brotið var alvarlega gegn þessum lagafyrirmælum, jafnt þegar formlegar skýrslur voru gerðar og með enn alvarlegri hætti í þeim fjölda formlegra og óformlegra yfirheyrslna, viðtala og samprófana sem ekkert var skráð um.
2862. Sönnunargildi framburða sakaðra manna og vitna ræðst mjög af því hvaða spurninga þeir eru spurðir og hvernig er vísað í gögn málsins og framburði annarra sakborninga og vitna. Mikilvægt er að rannsóknarmenn beiti ekki blekkingum eða ósannindum í yfirheyrslum þar sem slíkt getur haft veruleg áhrif á framburð og jafnvel orðið til þess að sakborningur játi á sig verknað sem hann hefur ekki framið. Ef skráning yfirheyrslna er ófullkomin er nánast ómögulegt fyrir dómara að átta sig á hvernig frásögn sakbornings eða vitnis er til komin og hvernig hún var í reynd. Endurupptökunefnd telur að við rannsókn svo alvarlegra brota hafi það mikla þýðingu að skrá allt nákvæmlega sem fram kemur í yfirheyrslum og viðtölum við sakborninga, jafnt spurningar og svör.
2863. Í tilefni af athugasemdum verjanda dómfellda Tryggva Rúnars um skýrslutökur sem ekkert hafi verið skráð um var bókað orðrétt eftir einum rannsóknarlögreglumannanna: „Það er ekki venja í yfirheyrslum að bóka allar yfirheyrslur og yfirleitt ekki bókað í yfirheyrslu nema eitthvað nýtt komi fram eða sá sem er yfirheyrður vilji bæta einhverju við framburð sinn.“ Fyrir liggur að skortur á skráningu um það sem fram fór í þessum formlegu og óformlegu yfirheyrslum og ófullkomnar skráningar að öðru leyti var ekki í samræmi við 39. gr. laga um meðferð opinberra mála, um skráningu svara við yfirheyrslur. Þessi vanræksla gerði það jafnframt að verkum að útilokað var að leggja mat á hvort fyrirmælum 1. mgr. 40. gr. laganna hefði verið fullnægt en þar sagði meðal annars að spurningar lögreglumanna skyldu vera skýrar, stuttar og ótvíræðar og að þeir mættu ekki reyna með nokkrum hætti að rugla menn með

ósannindum eða á annan hátt þannig að verða kynni til þess að hann vissi miður en ella hverju hann svaraði eða til þess að hann svaraði röngu.

2864. Ákveðinnar mótsagnar gætir í framburði rannsóknarlögreglumanna fyrir dómi. Fyrir liggja upplýsingar um viðleitni dómfelldu til að draga framburði sína til baka, mun fyrir heldur en dómstólar lögðu til grundvallar, án þess að um það hafi verið gerð skýrsla. Ekki verður annað ráðið af fullyrðingu rannsóknarlögreglumanna en að í þeim tilvikum hafi ekki verið talið tilefni til að bóka nokkuð eftir dómfelldu þar sem ekki hafi verið um að ræða viðbót við framburð eða nýjar upplýsingar. Endurupptökunefnd telur að Hæstiréttur hafi ranglega tekið skýringar rannsóknarmanna um skort á skráningu yfirheyrslna og viðtala góðar og gildar.
2865. Í dómi Hæstaréttar er í nokkrum tilvikum greint frá því að dómfelldu hafi greint sjálfstætt frá atburðum í yfirheyrslum hjá lögreglu en sú ályktun sýnist byggja á framburðum rannsóknarlögreglumanna fyrir dómi sem fullyrtu í þessa veru. Vegna vanrækslu rannsakenda á að skrá það sem fram kom í yfirheyrslum verður á hinn bóginn afar takmarkað ráðið um hvað dómfelldu hafa borið um sjálfstætt og að hvaða marki dómfelldu hafa staðfest þau atriði sem undir þau voru borin. Jafnframt er á löngum köflum í rannsókninni útilokað að meta hvernig framburðir dómfelldu þróuðust en sterkar vísbendingar liggja fyrir um að þau hafi miklu oft en fram kemur í lögregluskýrslum neitað sök, ekki kannast við það sem þau voru spurð um og jafnframt dregið játningar sínar til baka. Þá virðist sem dómfelldu hafi komið fram með miklu fleiri útgáfur af meintri atburðarás í málinu en skráð var. Dagbækur þeirra dómfelldu Tryggva Rúnars og Guðjóns, ýmsar athugasemdir í skráðum lögregluskýrslum og samanburður á þróun framburða dómfelldu benda meðal annars til þessa. Þá styðja framburðir rannsóknarmanna þessa ályktun.
2866. Í dómi Hæstaréttar er fjallað um þann áburð dómfelldu að játningar þeirra hafi verið fengnar með því að rannsóknarmenn og fangaverðir hefðu beitt þau ólögmati harðneskju, leitt þau til ákveðinna frásagna, samræmt sögur þeirra og viðhaft óhæfilegar og ólögmatar rannsóknaraðferðir. Meðal forsendna Hæstaréttar fyrir þeirri mikilvægu niðurstöðu að afturkallanir endurupptökubeiðanda og dómfellda Kristjáns Viðars á játningum þeirra hafi ekki verið marktækar var sú að réttilega megji ráða „af gögnum málsins að hinir ákærðu hafa mjög leitað að fyrri bragði eftir viðtölum við rannsóknarmenn og að skýrslur yrðu af þeim teknar“. Þótt þau gögn sem liggja fyrir endurupptökunefnd beri með sér að dómfelldu hafi í einhverjum mæli leitað til rannsóknarmanna virðist Hæstiréttur ekki setja þessa háttsemi dómfelldu í samhengi við að þau voru í einangruninni svipt nær öllu sambandi við umheiminn og rannsóknarmennirnir einu mannlegu samskiptin sem þau áttu kost á. Varpa dagbækur fangelsisins við Síðumúla og þær dagbækur sem dómfelldu Guðjón og Tryggvi Rúnar rituðu skýru ljósi á þessar aðstæður. Vel er þekkt að óheilbrigð og óviðeigandi tengsl af þessu tagi geta myndast milli fanga og þeirra sem halda þeim fönngnum. Samkvæmt frásögn rannsóknarlögreglumanns og fangavarðar hvöttu þeir sem stýrðu rannsókninni rannsóknarmenn og fangaverði til að mynda slík tengsl í því skyni að afla upplýsinga frá dómfelldu í þágu rannsóknarinnar. Hæstiréttur virðist því hafa dregið rangar ályktanir af frumkvæði dómfelldu að samskiptum við rannsóknarmenn.

2867. Í ljósi þeirra nýju gagna og upplýsinga sem liggja fyrir endurupptökunefnd verður að telja að Hæstarétti hafi ekki verið fullkunnugt um hversu mikið var um óskráðar yfirheyrslur, viðtöl og samprófanir. Þá virðist rétturinn ekki hafa lagt mat á þýðingu ófullkominna skráninga fyrir sönnunargildi skýrslna um framburð dómfelldu og vitna. Þar við bætist að Hæstiréttur virðist ekki hafa haft yfirsýn yfir alla þá upplýsingaöflun frá dómfelldu sem fangaverðir, lækna og aðrir önnuðust í þágu rannsóknar málsins. Endurupptökunefnd telur að ónákvæm skráning og skortur á skráningu fjölmargra yfirheyrslna, viðtala og annarra samskipta rannsóknarmanna og annarra við dómfelldu á löngum tímabilum varpi mikilli rýrð á trúverðugleika rannsóknarinnar í heild. Endurupptökunefnd telur að við sönnunarmat í málinu hefðu dómfelldu átt að njóta vafans um það sem fram fór í þessum óskráðu samskiptum og að þetta sé eitt þeirra atriða sem skipti miklu máli við mat á því hvort sönnunargögn í málinu hafi verið rangt metin svo áhrif hafi haft á niðurstöðu málsins.
2868. Hin langa einangrunarvist dómfelldu sem beitt var að mestu leyti samfelld allt fram að dómsuppsögu í héraði, í tilvikum dómfelldu Guðjóns, Kristjáns Viðars og endurupptökubeiðanda, virðist hafa verið réttlætt með því að mikilvægt væri að dómfelldu gætu ekki spillt rannsókn málsins og þá einkum með því að samræma framburði sína. Jafnvel eftir að meðferð málsins hófst fyrir dómi var hert á einangrun dómfelldu í þessu skyni.
2869. Margar skráðar skýrslur um framburði dómfelldu og vitna bera það glögglega með sér að dómfelldu hafa með einhverjum hætti fengið vitneskju um tiltekin atriði í framburði annarra dómfelldu eða vitna. Vegna þeirrar einangrunar sem dómfelldu sættu er nærtækast að álykta að rannsóknarmenn hafi borið á milli dómfelldu valda framburði í þeim tilgangi að fá þau til að leysa frá skjóðunni. Virðist í mörgum tilvikum hafa tekist að samræma framburði dómfelldu að einhverju leyti með þessum hætti. Vegna þess hversu skýrslur um spurningar og svör eru ónákvæmar verður að líta svo á að þessar yfirheyrsluáðferðir hafi valdið talsverðum spilliáhrifum. Afar erfitt er þannig að meta hvort lýsingar dómfelldu séu byggðar á eigin upplifun og minni, komnar frá öðrum dómfelldu í gegnum rannsóknarmenn eða hvort þau hafi einvörðungu tekið undir leiðandi spurningar rannsóknarmanna um rannsóknartilgátur. Meta verður sönnunargildi framburða dómfelldu í því ljósi.
2870. Sem fyrr segir voru dómfelldu jafnframt ítrekað samprófuð, ýmist tvö eða fleiri saman. Slíkar samprófanir voru sérstaklega margar og langar sumarið 1976 og var þá yfirleitt aðeins einn rannsóknarlögreglumaður viðstaddur. Ekkert var skráð um það sem fram fór í þessum löngu samprófunum. Ætla verður að í þessum samprófunum hafi verið bornir saman framburðir dómfelldu um meint málsatvik og þau þannig fengið miklar upplýsingar um hvað önnur dómfelldu höfðu borið.
2871. Endurupptökunefnd telur að þessar viðamiklu samprófanir dómfelldu sumarið 1976, sem ekkert var skráð um, hafi haft svo mikil spilliáhrif á minni dómfelldu og þar með framburði þeirra að ekki hafi verið unnt að líta á framburði þeirra eftir það sem sjálfstæða upprifjun á raunverulegum atvikum. Í dómi Hæstaréttar er jafnvel fjallað um framburði dómfelldu, sem þau gáfu eftir þessar samprófanir, sem sjálfstæða og

heildstæða. Jafnframt er þar að finna ályktun um að ýmislegt hafi verið í frásögn endurupptökubeiðanda og dómfellda Kristjáns Viðars „sem ekki gat verið frá öðrum komið en þeim sjálfum“.

2872. Í ljósi framangreinds og umfjöllunar um rannsóknaraðferðir lögreglu í kafla VII.5.2.d þykja framangreindar ályktanir um sönnunarmat í dómi Hæstaréttar fremur hæpnar og telur endurupptökunefnd að þetta sé eitt þeirra atriða sem skipti máli við mat á því hvort verulegar líkur séu á að sönnunargögn í málinu hafi verið rangt metin svo áhrif hafi haft á niðurstöðu málsins.
2873. Af dómi Hæstaréttar verður ráðið að framburðir dómfelldu á rannsóknarstigi og þá sérstaklega játningar þeirra fyrir dómi á rannsóknarstigi hafi vegið sérstaklega þungt við sönnunarmatið. Fyrir liggur að aðstæður við skýrslutökur lögreglu og við skýrslutökur fyrir dómi voru að flestu leyti þær sömu frá bæjardyrum dómfelldu séð. Í báðum tilvikum fóru skýrslutökur oftast fram í sama herbergi í Síðumúlafangelsi, fulltrúi yfirsakadómara sem viðstaddur var fjölda lögregluyfirheyrslna var jafnframt dómari, réttargæslumenn virðast ekki hafa verið kallaðir til í meira mæli en til lögregluyfirheyrslna og skráning þess sem þar fór fram virðist hafa verið brotakernd. Virðist þannig aðeins hafa verið formlegur og lagalegur munur á þessum yfirheyrslum en ólíklegt er hins vegar að dómfelldu hafi gert skýran greinarmun á. Við þessar sérstöku aðstæður virðist því tæplega hafa verið raunverulegur grundvöllur til að meta sönnunargildi framburða dómfelli fyrir dómi á rannsóknarstigi með öðrum hætti en framburði þeirra samkvæmt lögregluskýrslum. Sérstaklega á þetta við um framburði fyrir dómi í þeim tilvikum sem réttargæslumaður var ekki viðstaddur.
2874. Svo sem fram kemur í kafla VII.5.2.d.6 var vestur-þýski rannsóknarlögreglumaðurinn Karl Schütz fenginn hingað til lands í júlí 1976, einkum til að veita aðstoð við rannsókn Geirfinnsmálsins. Sem fyrr segir varð mikil breyting á rannsókn Geirfinnsmálsins eftir komu hans, rannsóknin varð markvissari og skýrslur nákvæmari. Af skoðun áðurgreindra vikuskýrslna sem hann ritaði um framvindu rannsóknarinnar og framburðarskýrslna eftir að hann fór að setja mark sitt á rannsóknina má glögg sjá að rannsóknaraðgerðir undir hans stjórn miðuðu að því að „útrýma ósamræmi í framburðum“ og „styrkja játningar“ eins og það var orðað í skýrslum hans. Þrátt fyrir alla þá misvísandi framburði sem dómfelldu höfðu gefið um meint málsatvik var reynt að takmarka rannsóknina við fram komnar játningar og markvisst unnið að því að fylla inn í þá atburðarás. Sérstaklega virtist hafa verið gætt að spyrja dómfelldu ekki frekar um þá þætti í atburðarásinni sem tekist hafði að samræma. Draga má í efa að gætt hafi verið lögbundinnar hlutlægni í samræmi við 39. gr. laga um meðferð opinberra mála við rannsókn málsins undir hans verkstjórn.
2875. Sem fyrr segir kemur orðrétt fram í niðurlagi dóms Hæstaréttar: „Rannsókn sakamáls þessa er hin umfangsmesta á landi hér á síðari árum. Rangir og reikulir framburðir ýmissa þeirra, er rannsókn beindist gegn, ollu þeim, sem með rannsóknina fóru, miklum örðugleikum.“ Í dómi Hæstaréttar er víðar vísað til þess að framburðir dómfelldu hafi verið óljósir um ýmis atriði, þau hafi greint á ýmsa vegu um atburði, jafnvel margoft breytt framburðum sínum og ekki hafi tekist að samræma framburði

þeirra. Í dómi Hæstaréttar er þó ekki gerð tilraun til að rekja allan þann mikla fjölda framburða dómfelldu sem ekki fá samrýmst þeirri atburðarás sem lögð er til grundvallar. Þá var ekki kannað af nákvæmni hvernig framburðir dómfelldu þróuðust og virðist það ekki hafa haft þýðingu hversu margt í upphaflegum framburðum stóðst ekki nánari rannsókn. Þar að auki er ekki vikið að því að rangir og reikulir framburðir dómfelldu séu til þess fallnir að veikja sönnunargildi þeirra framburða sem lagðir voru til grundvallar sakfellingu í málunum.

2876. Endurupptökunefnd telur að framburðir dómfelldu í bæði Guðmundarmálinu og Geirfinnsmálinu hafi verið mun óljósari og meira misvísandi en fram kemur í dómum sakadóms Reykjavíkur og Hæstaréttar og stoðir undir þeirri atburðarás sem lögð var til grundvallar hafi verið mun veikari en ráða má af dómunum. Eins og nánar er rakið í umfjöllun um hvort málið um sig má finna fjölda dæma um að við rannsókn lögreglu, dómsrannsókn og dómum hafi verið horft framhjá staðreyndum og framburðum sem ekki féllu að þeirri atburðarás sem á endanum var lögð til grundvallar. Hvorki var aflað frekari sönnunargagna né vitnisburða um slík atriði. Samræmist það engan veginn hlutlægnisskyldu rannsækenda og dómara.
2877. Dómstólar stóðu frammi fyrir tveimur valkostum við að skýra hvers vegna framburðir dómfelldu voru ruglingslegir og misvísandi. Annars vegar að líta svo á að dómfelldu hafi vísitandi og jafnvel með samræmdum hætti reynt að afvegaleiða rannsóknarmenn en smám saman hafi með játningum dómfelldu tekist að leiða raunverulega atburðarás í ljós. Það styður vissulega niðurstöðu Hæstaréttar að algengt er að þeir sem sakaðir eru um brot játi ekki strax en gefi sig hins vegar smám saman og kjósi að lokum að játa brot sín.
2878. Hinn kosturinn var að líta svo á að misvísandi og ruglingslegir framburðir gætu stafað af því að framburðir dómfelldu ættu sér ekki stoð í raunverulegum minningum og skynsamlegur vafi væri þar með um að þau hafi átt aðild að hvarfi Guðmundar og Geirfinns.
2879. Það styður mjög þá ályktun að misvísandi framburðir dómfelldu hafi ekki byggst á raunverulegum minningum, að þeim virtist ganga afar illa að muna meginatriðin í þeirri atburðarás sem verið var að bera undir þau og virtust aldrei geta rakið neina atburði sem unnt hefði verið með góðu móti að staðreyna. Hins vegar greindu þau með ólíkum og misvísandi hætti frá ýmsum smáatriðum sem ekki var unnt að staðreyna með nokkrum hætti. Þannig var það frekar regla en undantekning að framburðir dómfelldu um málsatvik breyttust að meira eða minna leyti frá einni yfirheyrslu til annarrar og það þótt fyrri frásögn hefði verið tiltölulega heilleg og nákvæm. Gögn málsins, þar á meðal dagbækur dómfelldu Tryggva Rúnars og Guðjóns og skráðar framburðarskýrslur, bera það með sér að dómfelldu hafi að jafnaði verið samstarfsfús við rannsóknarmenn og lagt sig fram um að muna hvað gerðist en orðið lítið ágengt. Þannig voru þau ávallt tilbúin að gangast undir ýmsar tæknilegar rannsóknaraðgerðir til að skerpa minnið eða jafnvel kalla fram minningar en sem dæmi um þetta má nefna lygapróf, sprautun með eins konar sannleikslyfi, sefjunarmeðferð og dáleiðslu. Fremur

ólíklegt má teljast að sakborningar sem hyggjast leyna aðild sinni gangist sjálfviljugir undir slíkar rannsóknaraðgerðir.

2880. Enda þótt verulegt samræmi næðist í framburði dómfelldu að lokum telur endurupptökunefnd að dómfelldu hafi verið svo margsaga og hvarflandi í framburði sínum að framburðir þeirra í heild geti ekki talist trúverðugir. Endurupptökunefnd telur því verulegan vafa leika á um það að framburðir þeirra um meinta refsiverða háttsemi hafi byggst á eigin upplifun þeirra.

VIII.3.5 Möguleikar á að halda uppi vörnum

2881. Rakið var í kafla VII.5.2.e að Hæstiréttur taldi að brotið hefði verið gegn rétti sakborninga til aðgengis að réttargæslumanni og verjanda og öðrum réttarfarsákvæðum sem ætlað var að tryggja réttarstöðu sakborninga. Ekki verður hins vegar séð að brot á þeim réttarfarsákvæðum sem vísað var til í dómi Hæstaréttar hafi haft áhrif við mat á sönnunargildi þeirra skýrslna sem fengnar voru fram í viðkomandi skipti. Þá virðast slík brot ekki hafa verið sett í samhengi við mannréttindaákvæði þótt ráða megi af úrlausnum mannréttindanefndar Evrópuráðsins fyrir 1980 hvaða skilningur var á þeim tíma lagður í rétt sakbornings til að halda uppi vörnum og réttinn til aðgengis að verjanda.
2882. Við meðferð endurupptökumáls þessa hafa komið fram upplýsingar um fleiri tilvik en lágu fyrir Hæstarétti um að brotið hafi verið gegn réttindum dómfelldu í tengslum við skýrslutökur og aðgengi að verjanda. Skýrara ljósi hefur auk þess verið varpað á þau tilvik sem Hæstiréttur hafði þá þegar upplýsingar um.
2883. Áður hefur verið rakið hvernig réttargæslumönnum og síðar verjendum var lengst af við rannsóknina meinað að ræða við dómfelldu einslega. Þá var þeim ekki tilkynnt sérstaklega um og gefinn kostur á að vera viðstaddir skýrslutökur af lykilvernum og gagnsþyrja þau fyrir dómi. Þetta var réttlætt með því að verjendum hafi í upphafi margra mánaða meðferðar fyrir sakadómi Reykjavíkur verið tilkynnt að þeim væri frjálst að vera viðstaddir skýrslutökur en yrði aðeins tilkynnt um skýrslutökur af skjólstaðingum þeirra. Þótt verjendum hafi væntanlega staðið til boða að hringja sérstaklega í sakadóm Reykjavíkur og spyrjast fyrir um skýrslutökur í málinu sýnist vafasamt að þessi framkvæmd hafi verið í samræmi við ákvæði 4. mgr. 134. gr. laga um meðferð opinberra mála.
2884. Svo sem áður hefur verið fjallað um var getið um samtal milli dómsformanns og varðstjóra í dagbók fangelsisins við Síðumúla 3. mars 1977 þess efnis að dómfelldi Tryggvi Rúnar hafi haft það á orði snemma sumars 1976 að draga til baka framburð sinn um að hann hafi verið staddur að Hamarsbraut 11 nóttina sem Guðmundur hvarf. Hins vegar var engin lögregluskýrsla gerð af því tilefni. Dómfelldi var fluttur af Litla-Hrauni til Reykjavíkur í október 1976 í tilefni af yfirheyrslu um síðari líkflutninga sem hann kannaðist ekki við. Ritaði hann í dagbók sína 27. október 1976 um viðtal við verjanda sinn sem fram fór í áheyrn rannsóknarlögreglumanns. Ritaði hann um að hafa lýst yfir sakleysi sínu og sagst hafa sagt ósatt í yfirheyrslum um átökin. Færsla í dagbók Síðumúlafangelsisins staðfestir að þeir töluðust við í umrætt sinn.

2885. Þá er upplýst að dómsformaður í málinu hafði vitneskju, í síðasta lagi 3. mars 1977, um þann ásetning dómfellda Tryggva Rúnars að draga játningu sína til baka áður en skýrslutökur hófust í málinu fyrir sakadómi Reykjavíkur seint í mars 1977. Þrátt fyrir þessa vitneskju rannsakenda og dómenda var ekki gerður reki að því að taka skýrslu af dómfellda. Hafa verður í huga að dómfelldu voru öll í einangrun á þessum tíma og fyrir upphaf dómskýrslna var þeim ekki kunnugt um ásetning dómfellda Tryggva Rúnars að draga framburð sinn til baka. Hvort sem það var tilviljun eða ekki var dómfelldi Tryggvi Rúnar síðastur í röð dómfelldu til að gefa skýrslu fyrir dómi og dró hann þá játningu sína til baka. Þá hafði endurupptökubeiðandi að vísu dregið játningu sína í Guðmundarmálinu til baka í þinghaldi deginum áður eftir að hafa í upphafi skýrslutökunnar staðfest fyrri játningu. Ekki verður séð að verjandi dómfellda Tryggva Rúnars hafi verið viðstaddur þá dómskýrslu. Augljóst er af dómskýrslum að dómárátt málsins voru undir það búnir að dómfelldi Tryggvi Rúnar drægi játningu sína til baka og voru þá þegar bornar undir hann lögregluskýrslur og dómskýrslur þar sem greint var frá játningum hans. Þá vekur það sérstaka athygli að við samprófun var eingöngu borinn undir dómfellda Tryggva Rúnar fyrir hluti dómskýrslu endurupptökubeiðanda frá því tveimur dögum áður þar sem hann hélt fast við játningu sína en ekki síðari hlutinn þar sem hann afturkallaði játninguna. Endurupptökunefnd telur að í umræddri málsmeðferð hafi falist alvarlegt brot á jafnræðisreglu opinbers réttarfars og þar með hafi verið brotið gegn rétti dómfellda Tryggva Rúnars til að halda uppi vörnum í málinu.
2886. Brotið var gegn réttindum dómfelldu í Guðmundarmálinu með sérstaklega alvarlegum hætti með því að tilkynna hvorki þeim né verjendum þeirra um það þegar skýrslur voru teknar fyrir dómi af vitninu [GunJ], þar sem hann hafði ekki verið yfirheyrður af lögreglu fyrir útgáfu ákæru þegar þar var komið sögu. Þá höfðu verið teknar skýrslur af dómfelldu og öðrum vitnum fyrir dómi. [GunJ] var sem fyrr segir sóttur til Spánar af tveimur lögreglumönnum og komu hans til landsins leynt fyrir verjendum og dómfelldu. Verjendum gafst þannig ekki kostur í reynd á að gagnspyrja vitnið [GunJ] og gæta að öðru leyti réttar skjólstæðinga sinna við skýrslutökur af honum. Þeim gafst heldur ekki færi á að vera viðstaddir langa samprófun [GunJ] með dómfellda Alberti sem kom fyrir dóm án verjanda og var einnig vitni um þann þátt málsins sem [GunJ] bar um. Þótt verjendum hafi gefist kostur á að vera viðstaddir síðar þegar skjólstæðingar þeirra voru samprófaðir með [GunJ] bætti það lítið úr skák þar sem vitnið hafði áður gefið þann framburð sem lagður var til grundvallar án þess að gætt væri að rétti dómfelldu til að halda uppi vörnum í málinu.
2887. Fyrir liggur að eftir að vitnið [SÓH] hafði dregið framburð sinn í Geirfinnsmálinu hjá lögreglu og fyrir dómi til baka eftir dómtöku málsins ákváðu dómárátt að banna endurupptökubeiðanda og dómfelldu Guðjóni og Kristjáni Viðari öll samskipti við verjendur sína. Stóð það samskiptabann í tæpa tvo mánuði eða þar til málið var endurupptekið og flutt munnlega að nýju. Um þetta bera gögn málsins vitni og dagbók dómfellda Guðjóns veitir góða innsýn í stöðu dómfelldu hvað þetta varðar. Að mati endurupptökunefndar fól þetta algera samskiptabann í sér alvarlega skerðingu á rétti sakborninga til að halda uppi vörnum í málinu.

2888. Á þeim tíma fengu dómfelldu og verjendur þeirra engar upplýsingar um hinn breytta framburð [SÓH] frá dómendum. Dómfelldu gafst því ekki tækifæri til að bregðast við, ráðfæra sig við verjendur sína og grípa eftir atvikum til varna. Dómendur töldu ekki ástæðu til að gefa dómfelldu kost á að gefa skýrslu að nýju fyrir dómi í tilefni af þessum breytta framburði [SÓH] heldur var málið reifað af málflytjendum og dómtekið að nýju og dómur síðan kveðinn upp. Endurupptökunefnd telur að í þessari málsmeðferð hafi falist alvarlegt brot gegn jafnræði málsaðila í málinu sem torveldað hafi þeim að halda uppi fullnægjandi vörnum í Geirfinnsmálinu.
2889. Endurupptökunefnd telur að þessi takmörkun á möguleikum endurupptökubeiðanda og dómfelldu Guðjóns, Kristjáns Viðars og Tryggva Rúnars til að halda uppi vörnum sé eitt þeirra atriða sem skipti máli við mat á því hvort verulegar líkur séu á að sönnunargögn í málinu hafi verið rangt metin svo áhrif hafi haft á niðurstöðu málsins.

VIII.4 Atriði sem varða sérstaklega endurupptöku dóms Hæstaréttar í Guðmundarmáli

VIII.4.1 Framburður dómfelldu og lykilvitna og trúverðugleiki játninga og afturkallana

2890. Endurupptökubeiðandi og dómfelldu Kristján Viðar og Tryggvi Rúnar voru ákærðir fyrir að hafa aðfaranótt sunnudagsins 27. janúar 1974 í félagi ráðist á Guðmund Einarsson, í kjallaraíbúð að Hamarsbraut 11, Hafnarfirði, og misþyrmt honum svo að hann hlaut bana af og komið líki hans síðan fyrir á ókunnum stað. Töldust þeir hafa gerst brotlegir samkvæmt 211. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Með dómi Hæstaréttar voru þeir hins vegar sakfelldir fyrir brot á 218. og 215. gr. almennra hegningarlaga, með því að verða Guðmundi Einarssyni að bana 27. janúar 1974 með því að misþyrma honum svo í átökum við hann að til bana hafi dregið. Dómfelldi Albert var dæmdur fyrir eftirfarandi hlutdeild í fyrrgreindum verknaði með því að veita öðrum dómfelldu liðsinni við að fjarlægja og koma líki Guðmundar fyrir á ókunnum stað og þannig leitast við að afmá ummerki brotsins, bæði þegar fyrrgreinda nótt og síðar síðla sumars sama ár er líkamsleifar Guðmundar voru fluttar á enn annan stað.
2891. Svo virðist að rannsókn lögreglu á aðild dómfelldu að Guðmundarmálinu hafi leitt til rannsóknar á aðild þeirra að Geirfinnsmálinu. Því skiptir það í raun máli við úrlausn um beiðnir um endurupptöku beggja málanna á hvern hátt það bar til að grunsemdir beindust að dómfelldu í upphafi Guðmundarmálsins en það hefur aldrei verið upplýst af hálfu lögreglu.
2892. Gögn sem lögð hafa verið fyrir endurupptökunefnd benda sterklega til þess að [SSA] hafi veitt lögreglu upplýsingar sem leiddu til þess að grunur beindist að dómfelldu um aðild að hvarfi Guðmundar. [SSA] hafði verið í afplánun refsídóms á Litla-Hrauni og hafði verið þar með dómfellda Kristjáni Viðari. Það hvernig staðið var að hléi á afplánun refsídóms [SSA] og rannsókn nýs brots, sem hans gerði sig strax sekan um í kjölfarið og jataði að hafa framið, gefur sterklega til kynna að hann hafi veitt þessar upplýsingar í því skyni að sleppa betur frá sínum eigin afbrotum.
2893. Þrátt fyrir að ekkert lík og engin áþreifanleg sönnunargögn frá meintum brotavettvangi lögju fyrir virðast rannsakendur frá upphafi hafa byggt á rannsóknartilgátu sem

sprottin var af upplýsingum sem [SSA] veitti þeim og laut að því að Guðmundur hafi látist í átökum við endurupptökubeiðanda og dómfelldu Kristján Viðar og Tryggva Rúnar. Engin gögn lágu fyrir við meðferð málsins hvaðan upplýsingar um aðild dómfelldu að hvarfi Guðmundar hefðu komið og dómfelldu var því nokkuð þröngur stakkur skorinn að vefengja gildi upplýsinganna.

2894. Endurupptökunefnd hefur farið ofan í saumana á því hvernig framburðir dómfelldu þróuðust frá fyrstu yfirheyrslum yfir þeim og eftir því sem á einangrunarvistina leið, allt frá því að þeir könnuðust við að hafa verið á vettvangi og þar til þeir játuðu í raun aðild að atlögu að Guðmundi. Er þá greiningu að finna í kafla VII.6.2.a.
2895. Fyrir liggur að endurupptökubeiðandi og dómfelldu Kristján Viðar og Tryggvi Rúnar neituðu allir í upphafi að hafa átt þátt í hvarfi Guðmundar Einarssonar. Hafa verður í huga að í fyrstu yfirheyrslum yfir þeim má ætla að grunur lögreglu hafi annars vegar verið reistur á fyrrgreindum upplýsingum sem lögreglu höfðu borist til eyrna og endurupptökunefnd telur líklegast að hafi verið komnar frá samfanga dómfellda Kristjáns Viðars um að þeir endurupptökubeiðandi og dómfelldi Tryggvi Rúnar væru viðriðnir hvarf Guðmundar og hins vegar á framburði dómfelldu Erlu um flutning á líki í íbúðinni að Hamarsbraut 11. Framburður dómfelldu Erlu var í heild fremur óljós en innihélt þó nokkuð ítarlega lýsingu á ýmsum atriðum.
2896. Framburður endurupptökubeiðanda og dómfelldu Kristjáns Viðars og Tryggva Rúnars þróaðist með þeim hætti að þeir könnuðust tiltölulega fljótt við að hafa verið að Hamarsbraut 11 umrædda nótt en töldu sig hafa verið sjónarvotta að einhverjum átökum við ónefndan mann. Smám saman viðurkenndu þeir hver um sig að hafa tekið einhvern þátt í átökum við manninn sem leitt hefðu til dauða hans. Lítið samræmi var að öðru leyti í frásögnum þeirra. Það sem einkenndi þróun skráðra framburða þeirra var að þegar nýtt atriði kom fram í framburði eins þeirra virðist það atriði fljótlega hafa verið borið undir hina og þeir yfirleitt fallist á það. Þegar um var að ræða atriði sem hefði átt að vera unnt að staðreyna kom gjarnan í ljós að umrætt atriði stóðst alls ekki. Dæmi um þetta er framburður endurupptökubeiðanda um að hafa hringt í dómfellda Albert til að fá hann til að koma á bifreið til að flytja lík Guðmundar. Þetta atriði var á tímabili hluti af framburði allra dómfelldu. Þegar í ljós kom að síminn að Hamarsbraut 11 var lokaður vegna vanskila breyttist framburður allra dómfelldu, annarra en dómfellda Tryggva Rúnars, á þann veg að dómfelldi Albert hefði verið á Hamarsbraut 11 þegar átökin við Guðmund áttu sér stað. Sama má segja um þróun framburða varðandi tegund bifreiðar sem dómfelldi Albert átti að hafa ekið umrædda nótt. Í framburðum dómfelldu var fyrst um að ræða gula Toyota bifreið og lýstu dómfelldu nákvæmlega og með myndrænum hætti flutningi á líki í farangursrými þeirrar bifreiðar. Þegar í ljós kom að slík bifreið var ekki komin í eigu föður dómfellda Alberts á þeim tíma breyttu allir dómfelldu framburði sínum og báru að líkið hefði verið flutt í aftursæti Volkswagen bifreiðar og lýstu líkflutningi í þeirri bifreið jafn nákvæmlega en þó með öðrum hætti en fyrr.
2897. Þrátt fyrir að lítið hafi verið skráð í skýrslur um það sem fram fór í yfirheyrslum, viðtölum og samprófunum verður ráðið af því sem þó var skráð að dómfelldu hafi

borið með nákvæmum en þó ósamrýmanlegum hætti um fjölmörg atriði í hinni meintu atburðarás. Þannig játaði dómfelldi Kristján Viðar að hafa stungið Guðmund og var hann upphaflega ákærður fyrir það. Sú játning samræmdist ekki öðrum framburðum en upphaflegum framburði dómfelldu Erlu um saur í laki og sterka lykt frá líki, sem dómfelldi Kristján Viðar tók undir á tímabili. Aðrir dómfelldu könnuðust hvorki við að dómfelldi Kristján Viðar hefði stungið Guðmund né saur í laki.

2898. Dómfelldu báru á ýmsa vegu um flutninga á líki Guðmundar og hvar líki hans var komið fyrir. Margar þessar frásagnir voru nákvæmar en tóku ítrekað margvíslegum breytingum og útilokað var að fá nokkurt samræmi í þær. Framburðir dómfelldu um hvernig þeir fjórir fluttu lík Guðmundar í aftursæti Volkswagen bifreiðar var frá upphafi með miklum ólíkindablæ. Þá er hvergi vikið að færð eða veðri umrædda nótt í framburðarskýrslum hjá lögreglu, skýrslum fyrir dómi eða í dómum sakadóms Reykjavíkur eða Hæstaréttar, þrátt fyrir þá staðreynd að svo mikil snjócoma og ófærð var umrædda nótt að leigubifreiðar voru jafnvel hættar að aka. Sú staðreynd virðist ekki hafa gefið rannsakendum tilefni til að spyrja dómfelldu um áhrif ófærðar á líkflutninginn umrædda nótt og þeir virðast sjálfir ekki hafa tengt snjókomu og ófærð við þau ferðalög.
2899. Það er vissulega afar algengt að þeir sem grunaðir eru um alvarleg afbrot neiti sök í upphafi og geri ýmislegt til að afvegaleiða rannsóknarmenn en breyti framburði sínum smám saman þegar fleiri sannanir og vísbendingar koma fram sem benda til tengsla þeirra við verkið. Við rannsókn á aðild dómfelldu að hvarfi Guðmundar komu hins vegar aldrei fram nein áþreifanleg sönnunargögn um að Guðmundi hefði verið ráðinn bani, hvað þá að dómfelldu hefðu verið þar að verki. Allar tilraunir lögreglu til að tengja framburði dómfelldu við hlutrænar staðreyndir virðast hafa mistekist enda langt liðið frá atvikum þegar rannsókn á meintri aðild dómfelldu að hvarfi Guðmundar hófst. Framburðir dómfelldu sjálfra og vitna um það sem talið var að hefði gerst voru því einu sönnunargögnin í málinu.
2900. Sakfellingardómur Hæstaréttar yfir dómfelldu í Guðmundarmálinu byggðist sem áður segir fyrst og fremst á játningum allra dómfelldu á rannsóknarstigi, bæði í yfirheyrslum hjá lögreglu og fyrir dómi. Sakfelling hvað varðar hina meintu atlögu að Guðmundi var jafnframt studd framburði dómfellda Alberts, vitnisburði dómfelldu Erlu og vitnisins [GunJ]. Í ljósi umfjöllunar Hæstaréttar um játningar dómfelldu svo og afturhvarf þeirra frá játningum var af hálfu endurupptökunefndar greint hvenær og hvernig játningar dómfelldu komu til. Jafnframt taldi endurupptökunefnd nauðsynlegt að skoða nánar hvenær dómfelldu afturkölluðu fyrst framburði sína og hver hafi verið aðdragandinn að því. Þetta er nauðsynlegt í því skyni að meta hvort verulegar líkur séu á því að sönnunargögn hafi verið rangt metin svo áhrif hafi haft á niðurstöðu málsins.

VIII.4.1.a Framburður dómfelldu Erlu

2901. Dómfellda Erla hafði frá upphafi stöðu vitnis í Guðmundarmálinu og því verður að líta á framburði hennar í því sem vitnaframburði. Í forsendum dóms Hæstaréttar kemur fram að játningar hinna fjögurra dómfelldu fái meðal annars stoð í framburði hennar. Rétt þykir að fjalla um framburði hennar áður en fjallað verður um framburði annarra dómfelldu.
2902. Samkvæmt því sem áður er rakið er ljóst að dómfellda Erla gaf þeim upplýsingum, sem lögregla hafði fengið um meinta aðild dómfelldu að hvarfi Guðmundar, byr undir báða vængi með fyrsta framburði sínum um flutninga endurupptökubeiðanda og dómfelldu Kristjáns Viðars og þriðja manns á mannslíkama í hvítu laki að Hamarsbraut 11 nóttina sem Guðmundur hvarf og um saur í lakinu. Fyrir liggur að dómfellda Erla hafði þá verið í gæsluvarðhaldi í nokkra daga vegna póstsvikamálsins. Dómfellda játaði fyrra tilvik póstsvikamálsins 18. desember 1975 en var áfram í yfirheyrslu fram á kvöld. Ekkert var skráð um þessa yfirheyrslu. Sama dag hafði [SSA] verið fluttur í fangelsið. Degi síðar, 19. desember 1975, var dómfellda Erla áfram í yfirheyrslum en engin rannsóknargögn liggja fyrir um hvað þar fór fram. [SSA] var sleppt úr haldi skömmu eftir hádegi þann dag en dómfellda var yfirheyrð áfram án þess að um það hafi verið bókað. Um kvöldið játaði hún síðan seinna tilvik póstsvikamálsins og til stóð að láta hana lausa. Laugardaginn 20. desember 1975 var hins vegar tekin skýrsla af dómfelldu sem vitni um Guðmundarmálið. Á þessum tíma var dómfellda Erla tiltölulega nýbúin að eignast barn og jólin að ganga í garð.
2903. Eins og áður hefur verið rakið samrýmist ýmislegt í þessum fyrsta framburði dómfelldu Erlu ekki þeirri atburðarás sem síðar var lögð til grundvallar í málinu. Í þessum framburði, sem og mörgum öðrum framburðum dómfelldu, greindi hún frá mörgum smáatriðum sem voru til þess fallin að ljá framburðum hennar trúverðugleikablæ. Við nánari rannsókn kom á hinn bóginn ítrekað í ljós að margar af þessum nákvæmu lýsingum dómfelldu var ekki unnt að staðreyna og voru veigamikil atriði í ósamræmi við hlutrænar staðreyndir. Sem dæmi má nefna nákvæma frásögn hennar um þátttöku í líkflutningi í Hafnarfjarðarhraun, sem rituð var eftir henni af forstöðumanni Síðumúlafangelsisins í ágúst 1976, en þar bar hún meðal annars um að hafa gengið á grasi og vaðið forarpytt en fyrir liggur að þykkt snjólag var umrædda nótt.
2904. Þótt framburðir dómfelldu Erlu tækju ýmsum breytingum, væru um margt ósamrýmanlegir innbyrðis og bæri ekki saman við framburði annarra dómfelldu og hlutrænar staðreyndir dró hún framburði sína í Guðmundarmálinu ekki að öllu leyti til baka. Í viðtali við hana sem birt var í Helgarpóstinum skömmu eftir dómtöku málsins í Hæstarétti er haft eftir henni um atburði á Hamarsbraut 11 nótt eina síðari hluta janúar 1974 að daginn eftir fyrstu skýrslutöku hafi hún betur getað greint frá þessari erfiðu nótt, en henni hafi ekki frekar en nú verið fullljóst hvað hún hafi upplifað. Orðrétt var haft eftir dómfelldu Erlu: „En eitthvað í líkingu við það sem ég hef sagt fyrir dómi gerðist. Ég ætla ekkert að bakka með neitt af því sem ég sagði þarna.“ Sagði hún að reynsla hennar af atburðunum á Hamarsbrautinni væri ekki uppspuni hennar. Sagði

hún atburðina vera eins og martröð í huga sínum og eiga erfitt með að skýra þá. Lýsti hún því þannig að hún hafi að öllum líkindum upplifað eitthvað sem hafi gert hana svo hrædda að hún hafi kæft það í undir meðvitund sinni. Þetta blaðaviðtal og margt í framburði dómfelldu Erlu í málinu bendir til þess að hún hafi á þessum tíma átt erfitt með að greina á milli hugarburðar og veruleika.

2905. Hafa verður í huga að dómfellda Erla var fyrst og fremst að bera sakir á aðra með framburði sínum og hún hafði frá upphafi réttarstöðu vitnis í Guðmundarmálinu. Aðdragandi að fyrstu skýrslu hennar, svo og sérstaklega reikull og misvísandi framburður hennar sem gat ekki staðist um ýmis atriði, er til þess fallinn að draga verulega úr trúverðugleika framburðar hennar allt frá upphafi. Hafa verður í huga að fyrsti framburður dómfelldu Erlu í Guðmundarmálinu hafði afgerandi áhrif á þróun rannsóknarinnar og á framburði annarra dómfelldu þar sem hún bendlaði dómfellda Kristján Viðar og endurupptökubeiðanda við að hafa átt saknæman þátt í hvarfi Guðmundar en þessi framburður hennar var þegar í stað borinn undir þá. Sá vafi sem uppi er um trúverðugleika framburða dómfelldu Erlu er þannig til þess fallinn að hafa áhrif á mat á sönnunargildi allra annarra framburða í málinu.

VIII.4.1.b Framburður endurupptökubeiðanda

2906. Við mat á sönnunargildi fyrstu framburða endurupptökubeiðanda verður að hafa í huga að þau dómfellda Erla höfðu nýlega eignast saman barn þegar þau voru hneppt í gæsluvarðhald vegna póstsívikamálsins og jólin að ganga í garð.
2907. Ekkert var skráð um fyrstu yfirheyrslu yfir endurupptökubeiðanda 21. desember 1975. Í óundirritaðri samantektarskýrslu lögreglu um yfirheyrslu yfir dómfellda daginn eftir kom fram að tilefnið væri skýrsla sem dómfellda Erla hafi gefið um afdrif Guðmundar Einarssonar. Yfirheyrslan hófst klukkan 11:00 um morguninn án réttargæslumanns. Hlé var tekið klukkan 13:00 en yfirheyrslu haldið áfram klukkan 14:00. Réttargæslumaður endurupptökubeiðanda mætti klukkan 15:30. Bókað var að dómfelldi hefði „margspurður“ neitað allri vitneskju um hvarf Guðmundar. Þá var dómfellda bent á að sambýliskona hans, dómfellda Erla, hefði skýrt frá vitneskju sinni og sagt hann viðriðinn málið. Í framhaldinu mun framburðarskýrsla dómfelldu hafa verið lesin fyrir hann. Endurupptökubeiðandi hafi síðan óskað eftir því að lesturinn yrði stöðvaður og þá gengist við að hafa verið á Hamarsbraut 11 umrædda nótt. Í þessari skýrslu játaði endurupptökubeiðandi ekki að hafa tekið þátt í átökum sem leiddu til dauða Guðmundar heldur einungis að hafa verið á staðnum þegar átök við hann brutust út og tekið þátt í flutningi á líki Guðmundar. Í skýrslunni kemur fram að endurupptökubeiðandi hafi skýrt frá atburðum mjög á sömu lund og dómfellda Erla hafði þá þegar gert. Í lok samantektarskýrslunnar er fært til bókar að skrifleg skýrsla hafi ekki verið tekin af endurupptökubeiðanda vegna þess að mjög hafi verið liðið á yfirheyrslutíma og einnig hafi réttargæslumaður dómfellda óskað eftir því.
2908. Raunveruleg játning af hálfu endurupptökubeiðanda kom ekki fram fyrr en í dómskýrslu 11. janúar 1976, en þá játaði hann aðför að ónefndum manni að Hamarsbraut 11. Á þeim tímapunkti hafði dómfelldi verið í samtals 30 daga í einangrunarvist í Síðumúlafangelsinu og yfirheyrður í 17 skipti frá 22. desember 1975

vegna þriggja sakarefna. Fyrir liggur að í upphafi þessa sama þinghalds dró dómfelldi til baka framburð sinn um að hafa verið á Hamarsbraut 11 umrædda nótt og bar við að hafa verið þvingaður til að játa á sig sakir við rannsókn á hvarfi Guðmundar. Ekkert var hins vegar um það bókað í þingbók og gaf fulltrúi yfirsakadómara, sem stýrði þinghaldinu, síðar þá skýringu í skriflegri samantekt að hann hefði vitað betur, eins og hann orðaði það.

2909. Endurupptökubeiðandi kom næst fyrir dóm vegna málsins 11. mars 1976 og kvaðst þá ekki hafa neitt nýtt fram að færa. Endurupptökubeiðandi var síðan til samprófunar með dómfellda Alberti 30. apríl 1976, en þá lýsti hann því yfir að framburður dómfellda Alberts um atburði þá nótt sem Guðmundur hvarf væri ósannur og tómur uppspuni. Eftir ítrekaðar samprófanir með öðrum dómfelldu kom endurupptökubeiðandi fyrir dóm 9. júní 1976 þar sem hann var úrskurðaður í áframhaldandi gæsluvarðhald með vísan til þess að hann og aðrir dómfelldu hefðu viðurkennt að Guðmundur hafi látið lífið í átökum við þá. Í lögregluskýrslu 30. september 1976 lýsti endurupptökubeiðandi aðkomu sinni sem heyrnar- og sjónarvottur að atburðum en játaði hlutdeild í flutningi á líki Guðmundar. Næst var endurupptökubeiðandi yfirheyrður vegna málsins 27. febrúar 1977 og sagði þá atburðarásina að Hamarsbraut 11 ekki vera sannleikanum samkvæma þar sem síminn í íbúðinni hafi verið lokaður í umrætt sinn. Hinn 9. mars 1977 lýsti hann aftur aðkomu sinni að atburðum sem sjónar- og heyrnarvottur en játaði þá aðild að líkflutningi.
2910. Það var svo fyrir dómi 29. mars 1977 sem endurupptökubeiðandi neitaði sök og kvaðst ekki hafa neina vitneskju um málið. Lýsti hann því yfir að hafa verið þvingaður til að játa á sig sakargiftir við rannsókn málsins.
2911. Af þróun framburða endurupptökubeiðanda virðist ýmislegt benda til þess að fyrsti framburður dómfelldu Erlu hafi miklu ráðið um að eftir tveggja daga yfirheyrslur, að mestu án réttargæslumanns, hafi endurupptökubeiðandi að einhverju leyti fallist á tiltekna þætti í framburði hennar. Framburður hans eftir það um meinta atlögu að Guðmundi tók miklum breytingum frá einni skýrslu til annarrar og virðist hann mun oftara hafa lýst atlögunni sem sjónarvottur fremur en beinn þátttakandi. Framburður hans virðist þannig þróast með framburðum annarra dómfelldu og vegna áhrifa frá þeim. Þetta lýsir sér til dæmis í því að þegar í ljós kom að hlutrænar staðreyndir útilokuðu tiltekin atriði í framburði hans var hann fljótur að breyta framburði sínum eða taka undir breytta framburði annarra dómfelldu. Framburður hans í heild getur vart talist heildstæður og stöðugur eða trúverðugur.

VIII.4.1.c Framburður dómfellda Kristjáns Viðars

2912. Í fyrstu yfirheyrslu vegna málsins, 23. desember 1975, kvaðst dómfelldi Kristján Viðar ekki hafa minnstu hugmynd um afdrif Guðmundar, en þeir hafi verið fyrrum skólabræður. Dómfelldi neitaði að undirrita skýrsluna eða yfirleitt að tjá sig nokkuð um málið. Í kjölfarið var hann úrskurðaður í 90 daga gæsluvarðhald og til að sæta geðrannsókn. Fimm dögum síðar var dómfelldi aftur yfirheyrður vegna málsins og var honum kynnt að tilefnið væri hvarf Guðmundar Einarssonar. Í framburði sínum lýsti dómfelldi aðkomu sinni sem sjónar- og heyrnarvottur að átökum að Hamarsbraut 11

milli dómfellda Tryggva Rúnars og manns sem hann gat ekki komið fyrir sig hver hafi verið. Þá hafi hann verið sjónarvottur að flutningum á poka út úr íbúðinni, inn í gula Toyota bifreið dómfellda Alberts sem ekið hafi verið með út í Hafnarfjarðarhraun. Þar hafi dómfelldi Tryggvi Rúnar og endurupptökubeiðandi borið pokann út í náttmyrkrið. Dómfelldi var aftur yfirheyrður vegna málsins 3. janúar 1976 og lýsti þá aðkomu sinni aðallega sem heyrnar- og sjónarvottur að atburðum að Hamarsbraut 11 þar sem maður hafi látið lífið. Játáði hann veru sína í íbúðinni og að hafa togað í útlím á manninum, en gerði hlut sinn að öðru leyti að engu. Síðar í yfirheyrslunni fullyrti hann að maðurinn sem um ræddi hafi verið Guðmundur Einarsson. Hins vegar gat hann ekki greint frá atburðum eftir að hafa farið út í bifreið dómfellda Alberts. Í umræddri skýrslutöku breytti dómfelldi framburði sínum frá 28. desember 1975 og sagði dómfellda Albert hafa verið á svartri Volkswagen bifreið. Í næstu framburðum hjá lögreglu og fyrir dómi bar dómfelldi á svipaðan veg og gaf meðal annars þær skýringar á slæmu minni sínu um atburði að hann hefði sennilegast fengið höfuðhögg í átökunum og misst meðvitund. Ekki er unnt að líta á þennan framburð sem skýra og greinargóða játningu á aðild að atöku að Guðmundi.

2913. Hinn 7. apríl 1976 varð ákveðin vending í framburði dómfellda þegar hann játáði að hafa stungið Guðmund til bana með byssusting. Gaf dómfelldi þá ítarlegan framburð um átökin að Hamarsbraut 11 og flutning á líki Guðmundar út í Hafnarfjarðarhraun. Á þeim tímapunkti hafði dómfelldi verið samfleytt í 106 daga í einangrun í Síðumúlafangelsi. Dómfelldi var ítrekað samprófaður með öðrum dómfelldu vegna málsins um sumarið 1976.
2914. Þegar líða tók að hausti fóru framburðir dómfellda að bera merki hrakandi andlegrar heilsu hans auk þess sem hann játáði á sig morð á tveimur mönnum sem áttu það eitt sameiginlegt að hafa horfið sporlaust hér á landi. Voru framburðir dómfellda Kristjáns Viðars með miklum ólíkindablæ, en dómfelldi bar meðal annars um aðkomu ömmu sinnar að því að hluta lík annars mannsins niður. Á sama tímabili gaf hann ítarlega og nákvæma framburði í Guðmundarmálinu þar sem hann greindi með ýmsum hætti frá aðild sinni að átökum og líkflutningi. Bar hann þó um að minni sitt um atburði væri á köflum þokukennt. Um miðjan októbermánuð 1976 var dómfelldi sprautaður með einhvers konar lyfi í þeim tilgangi að aðstoða hann við að muna betur eftir atburðum. Þegar líða tók að áramótum fóru framburðir hans í Guðmundarmálinu að bera enn frekari merki um andlegan óstöðugleika. Fyrir liggur að hann gerði tvívegis tilraun til að svipta sig lífi í Hegningarhúsinu, annars vegar 24. desember 1976 og hins vegar 5. janúar 1977. Var dómfelldi upp frá því undir stöðugu eftirliti vegna sjálfsvígshættu sem ekki var aflétt fyrr en um miðjan maí 1977 er hann var fluttur í lausagæslu á Litla-Hraun. Dvölin þar virðist hafa haft mikil áhrif á líðan dómfellda til hins betra.
2915. Dómfelldi dró formlega til baka framburð sinn í Guðmundarmálinu fyrir dómi 27. september 1977, en þá lýsti hann því yfir að hann vissi ekkert um hvarf Guðmundar. Í sama þinghaldi bar hann um að hafa farið fram á það 12. maí 1977 í Hegningarhúsinu og aftur 6. júlí 1977 í fyrirtöku á Geirfinnsmálinu, að einnig yrði bókað um afturhvarf hans frá játningum í Guðmundarmálinu en því hafi verið hafnað. Dómarar virðast ekki hafa séð ástæðu til að bregðast við bókun dómfellda.

2916. Af þróun framburða dómfellda virðist ýmislegt benda til þess að fyrstu framburðir dómfelldu Erlu og endurupptökubeiðanda hafi miklu ráðið um að dómfelldi Kristján Viðar féllst fljótlega að einhverju leyti á tiltekna þætti í framburði þeirra um átök að Hamarsbraut 11 og líkflutninga þaðan. Framburður hans eftir það um meinta atlögu að Guðmundi tók miklum breytingum frá einni skýrslu til annarrar og virðist hann mun oftara hafa lýst atlögunni sem sjónarvottur fremur en beinn þátttakandi. Framburður hans virðist þannig þróast með framburðum annarra dómfelldu og vegna áhrifa frá þeim. Þetta lýsir sér til dæmis í því að þegar í ljós kom að hlutrænar staðreyndir útilokuðu tiltekin atriði í framburði hans var hann fljótur að breyta framburði sínum eða taka undir breytta framburði annarra dómfelldu. Nokkur atriði í framburði dómfellda, sem ekki samræmdust fyrirbyggjandi staðreyndum, voru til þess fallin að rýra trúverðugleika framburða hans. Sem dæmi um þetta má nefna frásögn hans af atlögu sinni að Guðmundi með byssusting sem vitni báru um að hefði verið hent löngu áður. Mikill ólíkindablær er á mörgum atriðum í framburði dómfellda. Framburður hans í heild getur vart talist heildstæður og stöðugur eða trúverðugur.

VIII.4.1.d Framburður dómfellda Tryggva Rúnars

2917. Dómfelldi Tryggvi Rúnar þvertók fyrir alla aðild og vitneskju um Guðmundarmálið þegar hann var úrskurðaður í gæsluvarðhald vegna málsins 23. desember 1975. Af upplýsingum í fangelsisdagbók verður ráðið að andlegt ástand dómfellda hafi þá þegar verið orðið bágborið og sáu fangaverðir ástæðu til að bóka að hann hefði verið að tala við sjálfan sig aðfaranótt 27. desember 1975. Þegar hann var tekinn til yfirheyrslu daginn eftir, nærri hádegi, var hringt á fangelsislækninn til að fá hann til að koma og sprauta dómfellda niður svo hann gæti sofnað. Hann mun þá hafa vakað nánast óslitið frá því hann var settur í gæsluvarðhald. Þrátt fyrir þetta ástand sætti hann stífum yfirheyrslum að því er virðist um aðild að hvarfi Guðmundar og hugsanlega aðild að öðru mannhvarfi svo og aðild að andláti stúlku. Á tímabilinu 28. desember 1974 til 8. janúar 1976 var dómfelldi yfirheyrður eða hans vitjað fimm sinnum og farið með hann í leiðangra samtals í 21 og hálfu klukkustund án þess að nokkur skýrsla hafi verið gerð um þessi samskipti rannsóknarmanna við hann og því ekkert vitað um hvað þar fór fram, hver réttarstaða hans hafi verið eða hvort honum hafi verið kynnt hún, hvers hann var spurður og hvaða svör hann gaf.

2918. Skrifleg skýrsla var ekki tekin af dómfellda að nýju fyrr en 9. janúar 1976. Þar var ekki gætt ákvæða 40. gr. laga um meðferð opinberra mála um að kynna honum réttarstöðu hans. Þá hafði dómfelldi verið í 17 daga í gæsluvarðhaldi. Bókað var í skýrsluna að hann hefði hugsað mikið um málið og hygðist skýra frá nokkrum þáttum þess. Framburður hans var mjög óljós og hikandi. Þannig lýsti hann sem sjónarvottur með óljósum hætti ósamkomulagi og átökum við mann sem hann þekkti ekki. Kvaðst hann hafa komið endurupptökubeiðanda til hjálpar og reynt að ganga á milli hans og mannsins. Þá hafi hann fengið högg frá þeim síðarnefnda og hélt dómfelldi Tryggvi Rúnar að hann hafi þá slegið manninn aftur. Við það hafi hann fallið í gólfið, en ekki misst meðvitund heldur dasast eitthvað. Dómfelldi Tryggvi Rúnar kvaðst hvorki muna hvað þeir hefðu verið að gera fyrir átökin né hvað þeir hafi gert eftir þau og kvaðst ekki vita hvar húsnaðið var sem hann var staddur í. Sagði dómfelldi Tryggvi Rúnar að

þótt þeir hafi hlotið að hafa gert eitthvað við látinn manninn þá kæmi hann því ekki fyrir sig. Hann gat hins vegar lýst herbergjaskipan nokkuð ítarlega og tilfæringum með lík mannsins innandyrá og var sú lýsing í samræmi við framburði annarra. Þegar rýnt er í þennan framburð sýnist næsta augljóst að nákvæm lýsing á herbergjaskipan hafi verið afrakstur vettvangsferðar lögreglumanna með dómfellda Tryggva Rúnar að Hamarsbraut 11. Þetta atriði er til þess fallið að veita skýrslunni ranglega nokkurn trúverðugleikablæ. Annað úr frásögn dómfellda virðist endurómur af framburðum annarra dómfellda. Það greinir hins vegar framburð dómfellda Tryggva Rúnars frá framburðum annarra dómfellda að hann virðist hafa átt erfitt með að fylla í eyðurnar í atburðarásinni og greindi hann frá mun færri smáatriðum en hinir. Fá atriði sem lögregla lagði til grundvallar í atburðarásinni voru þannig frá dómfellda Tryggva Rúnari komin og hann kom ekki fram með jafn margar útgáfur af atburðum og hinir dómfelldu.

2919. Eftir þetta bar dómfelldi Tryggvi Rúnar ekki á móti aðkomu sinni að atlögu að Guðmundi á meðan rannsókn lögreglu stóð og tók meðal annars þátt í vettvangsferðum í leit að líki Guðmundar. Á þessum tíma sendi dómfelldi einum af rannsóknarlögreglumönnum hlýleg og persónuleg bréf bæði um einkamálefni og sakarefni málsins.
2920. Dómfelldi dró framburði sína til baka og afturkallaði þar með játningar sínar 30. mars 1977 eða við fyrsta tækifæri eftir að dómsmeðferð hófst. Hann gaf þá skýringu á játningum sínum að hann hafi talið það skynsamlegast. Það rökstuddi hann með vísan til þess hvernig staðið hefði verið að yfirheyrslum og vanlíðanar sinnar í upphafi rannsóknar. Honum hafi verið hótað því af rannsóknarmönnum að hann gæti þurft að rotna í Síðumúlanum í tvö ár og hann yrði dæmdur af því að allir bentu á hann. Dómfelldi hafði verið sýknaður af þjófnaðarbroti 5. desember 1975 í máli sem hann hafði játað sakir í upphafi en dregið svo játningu til baka fyrir dómi. Af skrifum dómfellda Tryggva Rúnars í dagbók hans má ráða að hann hafi verið sannfærður um að eins myndi fara í þessu máli. Hann virðist hafa verið fullur tilhlökkunar þegar leið að því að hann ætti að mæta fyrir dóm 30. mars 1977, því þá gæfist honum loks tækifæri til að koma sakleysi sínu á framfæri þannig að á þann framburð yrði hlustað. Erfitt er að meta hvort hann hafi talið skynsamlegt við þessar aðstæður að játa ranglega á sig sakir og treysta á réttláta málsmeðferð fyrir dómi þar sem hið sanna yrði leitt í ljós eða hvort um brellu var að ræða af hans hálfu. Það síðara virðist ólíklegt ef mið er tekið af dagbókarfærslum hans og tiltölulega lágri greind.
2921. Dómfelldi neitaði staðfastlega allri aðild að hvarfi Guðmundar við sex yfirheyrslur í samtals 21 klukkustund frá 23. desember 1975 til 8. janúar 1976. Framburður hans um að hafa tekið þátt í atlögu að Guðmundi var í upphafi hikandi og óljós og hann lýsti aldrei með nákvæmum og heildstæðum hætti aðdraganda atlögunnar og þátttöku í líkflutningum. Framburður hans virðist þannig þróast með framburðum annarra dómfellda og vegna áhrifa frá þeim. Þetta lýsir sér til dæmis í því að þegar í ljós kom að hlutrænar staðreyndir útilokuðu tiltekin atriði í framburði hans var hann fljótur að breyta framburði sínum eða taka undir breytta framburði annarra dómfellda. Framburður hans í heild getur vart talist heildstæður og stöðugur eða trúverðugur.

VIII.4.1.e Framburður dómfellda Alberts

2922. Þar sem dómfelldi Albert játaði brot sitt og dró þann framburð aldrei til baka vó framburður hans um meinta atlögu meðákærðu að Guðmundi þungt við mat á sekt annarra dómfelldu.
2923. Í dómi Hæstaréttar er fullyrt að dómfelldu Kristján Viðar, Tryggi Rúnar og endurupptökubeiðandi hafi flutt lík Guðmundar Einarssonar frá Hamarsbraut 11 með aðstoð dómfellda Alberts en talið að ekki hafi tekist að leiða í ljós hvert lík hans hafi verið flutt og hvar líkamsleifar hans séu. Tekið er fram að framburðir dómfelldu Kristjáns Viðars, Tryggva Rúnars og endurupptökubeiðanda séu mjög á reiki um líkflutninginn en leggja verði til grundallar að dómfelldi Albert hafi tvívegis átt þátt í flutningi á líki Guðmundar og var hann sakfelldur fyrir brot gegn 2. mgr. 221. gr. almennra hegningarlaga fyrir þá háttsemi.
2924. Nafn dómfellda Alberts virðist tiltölulega fljótt hafa komið fram í yfirheyrslum yfir endurupptökubeiðanda. Ekki er ljóst hvort endurupptökubeiðandi tengdi dómfellda Albert við málið af sjálfsdáðum eða hvort lögregla bar nafn hans undir hann. Endurupptökubeiðandi var ekki með ökuréttindi á þessum tíma og fyrir liggur að dómfelldi Albert hafði snattast mikið með endurupptökubeiðanda í tengslum við fíkniefnaviðskipti hans. Yfirheyrsla 21. desember 1975 yfir [ViG] leigubifreiðastjóra, sem oft ók endurupptökubeiðanda, bendir til að lögregla hafi þá verið byrjuð að skoða hverjir hefðu mögulega ekið líki Guðmundar frá Hamarsbraut 11 nóttina sem hann hvarf þannig að ekki er sjálfgefið að endurupptökubeiðandi hafi átt frumkvæði að því að nefna dómfellda Albert til sögunnar.
2925. Upphafsaðgerðir lögreglu gagnvart dómfellda voru næsta sérstæðar. Hann var sóttur með leiguflugi frá Seyðisfirði aðfaranótt Þorláksmessu, 23. desember 1975, af tveimur rannsóknarlögreglumönnum og færður í fangelsið við Síðumúla þar sem hann var settur beint inn á klefa. Eftir hádegi sama dag var hann tekinn til yfirheyrslu og hafði réttarstöðu vitnis þrátt fyrir aðdragandann. Honum var tjáð að endurupptökubeiðandi hefði borið um að maður hefði verið barinn í íbúð hans að Hamarsbraut 11. Samkvæmt dagbók Síðumúlafangelsisins fóru fimm rannsóknarlögreglumenn og fulltrúi yfirsakadómara út með dómfellda í miðri skýrslutökunni án þess að um það hafi verið bókað í lögregluskýrsluna. Leiða má líkum að því að farið hafi verið að Hamarsbraut 11 líkt og áður hefur verið fjallað um. Í skýrsluna var bókað að endurupptökubeiðandi hefði fengið dómfellda Albert til flutninga á þungri byrði frá Hamarsbraut út í Hafnarfjarðarhraun og var framkvæmd þeirra flutninga lýst ítarlega. Framburðurinn og á köflum myndræn frásögn dómfellda Alberts byggðist á þeim röngu forsendum að endurupptökubeiðandi hefði hringt í hann og hann komið á Toyota fólksbifreið. Í kjölfar þessa vitnisburðar dómfellda var hann leiddur fyrir dóm með réttarstöðu sakbornings og bókaður framburður eftir honum að nýju, auk þess sem honum var gert að staðfesta eigin vitnisburð fyrir lögreglu. Hann var síðan úrskurðaður í 45 daga gæsluvarðhald.
2926. Án þess að nokkuð væri um það bókað héldu yfirheyrslur og vettvangsferðir áfram næstu daga en gæsluvarðhaldsvistin virðist hafa verið dómfellda þungbær því hann

varð óður, eins og það var orðað, strax 27. desember 1975. Næst kom hann fyrir dóm 11. janúar 1976 og var þá bókað að hann hefði skýrt sjálfstætt frá en efnislega var þó vísað í vitnaskýrslu hans frá 23. desember 1975. Því var ekki gefinn nokkur gaumur að upplýst hafði verið á þeirri stundu að dómfelldi hafði ekki umráð Toyota bifreiðar þegar Guðmundur hvarf. Á þessum tíma var búið að yfirheyra dómfellda eða fara með í leiðangra í samtals rúmar tólf klukkustundir án nokkurra bókana um hvað fram hefði komið af hans hálfu.

2927. Ekki verður séð að sú staðreynd að ýmis grundvallaratriði í fyrsta framburði dómfellda Alberts reyndust röng, og framburðurinn um flutning á líki Guðmundar því augljóslega rangur í veigamiklum atriðum, hafi kallað á sérstök viðbrögð af hálfu rannsóknaraðila. Þannig virðist ekki hafa verið tekin skýrsla af dómfellda fyrir en 5. febrúar 1976 í tilefni af framlengingu gæsluvarðhalds. Þá var einungis bókað um fullvissu hans um að hafa flutt lík Guðmundar í átt að Sædýrasafninu. Engar lögregluskýrslur voru heldur gerðar í febrúar en upplýsingar liggja fyrir um nokkrar árangurslausar leitarferðir með Alberti í rannsóknardagbók lögreglumanna. Í byrjun mars var dómfelldi enn fyrir dómi í tilefni af fyrirtöku um framlengingu gæsluvarðhalds og bar í það skiptið um að hafa farið tvær ferðir til þess að flytja lík fyrir dómfellda Kristján Viðar og endurupptökubeiðanda. Rannsóknaraðilum virðist hafa verið ljóst að dómfelldi átti í miklum erfiðleikum með að rifja upp málsatvik og hlutuðust til um að hann undirgengist sérstaka sálfræðimeðferð, sefjun, sem mun hafa verið ætlað að kalla fram gleymdar minningar. Virðist mega draga þá ályktun af því að bæði dómfelldi og rannsóknaraðilar hafi verið tilbúnir að teygja sig mjög langt til að fá upplýsingar frá honum. Að meðferðinni lokinni var að hans ósk, eftir því sem bókað var, tekin af honum ítarleg lögregluskýrsla, og þá með réttarstöðu vitnis þótt í gæsluvarðhaldi væri, þar sem hann bar loks um að hafa verið á Volkswagen bifreið. Hann var látinn laus úr gæsluvarðhaldi í kjölfarið. Allt fram til þess að honum var sleppt var hann 33 sinnum í yfirheyrslum, viðtölum og leiðöngrum samtals í tæpa 41 klukkustund.
2928. Dómfelldi dró framburði sína aldrei til baka en var hins vegar fljótur að aðlaga framburði sína að rannsóknartilgátum lögreglu þegar í ljós kom að fyrri framburðir hans stóðust ekki. Þess sjást víða merki í málinu að lögregla hafi tekið skýrslur af dómfellda í kjölfar þess að fram komu nýjar upplýsingar og að hann hafi jafnan tekið undir þær. Virðist honum hafa verið mjög í mun að vera samvinnuþýður þótt hann ætti erfitt með að greina á milli hugarburðar og veruleika. Sem dæmi um þetta má nefna að komið var með dómfellda Albert í Síðumúlafangelsið skömmu fyrir miðnætti 3. mars 1977 en hann hafði þá verið í skýrslutökum hjá lögreglu. Bókað var í samantektarskýrslu lögreglu að dómfelldi hafi borið fyrir sig miklu minnisleysi en hafi þó virst færast nær raunveruleikanum þegar leið á samtalið. Daginn eftir var dómfelldi í skýrslutökum hjá lögreglu og fyrir dómi frá klukkan 13:00 til 02:00 með klukkustundar matarhléi. Við þetta tækifæri bar hann í fyrsta skipti um þátt vitnisins [GunJ] í atburðum aðfaranótt 27. janúar 1974, en endurupptökubeiðandi hafði nefnt þann mann á nafn skömmu áður í samtali við lögreglu. Dómfelldi Albert gjörbreytti þar með framburði sínum eftir að hafa verið yfirheyrður í samtals 13 klukkustundir en

bókað hafði verið í þingbók að frestað hafi verið ákvörðun um úrskurð um gæsluvarðhald yfir honum. Eftir tvær nætur í fangelsi var dómfellda Alberti sleppt.

2929. Dómfelldi Albert virðist hafa haft ríkan vilja til að svara spurningum lögreglu og varpa ljósi á þá atburðarás sem rannsóknartilgátur lögreglu byggðust á en virtist þó lítið hafa munað og rannsóknarlögreglumenn gert sér grein fyrir því. Framburðir hans voru þó ítrekað í mótsögn við staðreyndir eða fengu enga stoð í framburðum annarra, sérstaklega um ítrekaða líkflutninga og hvar líkinu var komið fyrir. Í fyrstu féllst hann aðeins á að einhverjum þungum hlut hefði verið komið fyrir í bifreið hans. Virðist hann fyrst og fremst hafa staðið í þeirri trú að það sem aðrir dómfelldu hefðu sagt hlyti að hafa gerst og mótmælti því ekki. Hafa verður í huga að frá upphafi virðist hafa verið gengið út frá því að hann hefði ekki tekið þátt í atlögu að Guðmundi heldur eingöngu annast flutning á líki hans frá Hamarsbraut 11. Endurupptökunefnd telur að með vísan til framangreinds hafi framburðir hans sem vitnis um atlögu að Guðmundi haft afar lítið sönnunargildi. Jafnframt sé mjög vafasamt að framburðir sem hann gaf eftir fyrrnefnda sefjunarmeðferð hafi byggst á raunverulegum minningum.
2930. Í dómi Hæstaréttar er enginn fyrirvari gerður um sönnunargildi framburðar dómfellda Alberts, ekkert vísað til minnisleysis hans, sem ítrekað er þó minnst á í lögregluskýrslum, og ekki getið um umrædda sefjunarmeðferð sem hann gekkst undir. Endurupptökunefnd telur því að verulegar líkur séu á að sönnunargildi framburðar dómfellda Alberts hafi verið rangt metið í Hæstarétti og að það sé eitt þeirra atriða sem skipti máli við mat á því hvort verulegar líkur séu á að sönnunargögn í málinu hafi verið rangt metin svo áhrif hafi haft á niðurstöðu málsins.

VIII.4.1.f Framburður vitnisins [GunJ]

2931. Rannsókn málsins og framburðir allra dómfelldu gengu út frá þeirri forsendu allt frá upphafi í desember 1975 og fram til loka febrúarmánaðar 1977 að endurupptökubeiðandi hefði hringt í dómfellda Albert aðfaranótt 27. janúar 1974 og beðið hann um að koma á bifreið að Hamarsbraut 11. Þegar staðfest var með framhaldsrannsókn, eftir útgáfu ákæru, að síminn í íbúðinni hefði verið lokaður vegna vanskila kvöldið sem Guðmundur hvarf tóku framburðir þriggja dómfelldu miklum en samræmdum breytingum; fyrst endurupptökubeiðanda, síðan dómfellda Alberts og loks dómfellda Kristjáns Viðars. Breyttust framburðirnir allir í þá átt að [GunJ] og dómfelldi Albert hefðu verið staddir inni í íbúðinni að Hamarsbraut 11 er atlaga að Guðmundi hafi átt sér stað. Nafn umrædds [GunJ] hafði þá aldrei borið á góma í tengslum við málið á þeim rúmu 14 mánuðum sem það hafði verið til meðferðar. Í framhaldinu fóru tveir rannsóknarlögreglumenn til Spánar 23. apríl 1977 með skriflega kvaðningu dómsformanns sem laut efnislega að því að fram væri komið í málinu að [GunJ] hafi verið viðstaddur átök að Hamarsbraut þar sem Guðmundur hafi beðið bana. Rannsóknarlögreglumennirnir birtu kvaðninguna fyrir [GunJ] og kom hann heim með þeim 29. apríl 1977. Var hann þá vistaður á hóteli í Reykjavík undir lögreglueftirliti. Daginn eftir heimkomuna, laugardaginn 30. apríl 1977, var [GunJ] færður fyrir dóm, málið reifað fyrir honum og bókað að hann hafi rakið ýmsa þætti málsins sjálfstætt en því frestað að taka af honum skýrslu. Var skýrslutökum yfir

[GunJ] frestað til 2. maí 1977 en hann hafður undir lögregluftirliti fram að því. Að lokinni fyrirtökunni 30. apríl 1977 var farið með [GunJ] að Hamarsbraut 11 og honum sýnd íbúðin eftir því sem bókað var í þingbók. [GunJ] kom aftur fyrir dóminn 2. maí 1977 og voru honum þá sýndar blaðafréttir af hvarfi Guðmundar og myndir úr sakaskrá af 20 mönnum, þar á meðal dómfelldu. Myndir af dómfelldu bar hann kennsl á enda kunnugur þeim. Framburður vitnisins var á hinn bóginn mjög ómarkviss og í raun frásögn af mjög óljósum minningabrotum um ökuferðir með dómfellda Alberti um Reykjavík og Hafnarfjörð. Lýsti hann aðkomu í kjallaraíbúð, minnisstæðum stiga, þvottahúsi og geymslu. Lét dómurinn þess þá getið í þingbók að vitnið hafi komið að Hamarsbraut 11 tveimur dögum áður og þá fundist hann kannast við þessi rými íbúðarinnar. Voru [GunJ] sýndar myndir af íbúðinni að Hamarsbraut 11 í þinghaldinu. Bar hann þá um stutta viðdvöl í íbúð með dómfellda Alberti en gat ekki staðhæft að aðrir dómfelldu hafi verið þar staddir. Vitnið gerði fjölda fyrirvara við svör sín og af þingbókinni verður ráðið að hann hafi verið afar hikandi í framburði sínum. Daginn eftir var [GunJ] til ítarlegrar samprófunar við dómfellda Albert í fimm klukkustundir. Að henni lokinni fóru málsatvik að rifjast upp fyrir vitninu. Næstu daga á eftir var [GunJ] yfirheyrður fyrir dómi og honum kynntir framburðir dómfelldu. Þess var ekki getið hvaða framburðir voru kynntir honum en fyrir liggur að endurupptökubeiðandi og dómfelldi Tryggvi Rúnar höfðu þá báðir dregið framburði sína í málinu til baka. [GunJ] var samprófaður við endurupptökubeiðanda og dómfelldu Kristján Viðar og Tryggva Rúnar en ekki tókst að ná samræmi í framburðina nema að hluta með dómfellda Kristjáni Viðari.

2932. Sem fyrr segir hafði koma vitnisins [GunJ] til landsins sérkennilegan aðdraganda. Hann var sóttur til Spánar af tveimur lögreglumönnum og eftir heimkomuna einangraður undir eftirliti lögreglumanns í eins konar stofufangelsi. Þrátt fyrir að meðferð málsins fyrir dómi væri löngu hafin og um væri að ræða lykilvitni sem ekki hafði verið tekin lögregluskýrsla af voru dómfelldu ekki upplýstir um komu hans til landsins. [GunJ] mætti fyrir sakadóm 30. apríl 1977, daginn eftir komuna til landsins, og var málið þá reifað fyrir honum en skýrsla ekki tekin. Eftir þinghaldið var farið með hann að Hamarsbraut 11 í Hafnarfirði. Í því sambandi verður að hafa í huga að afar yfirgripsmikil fjölmiðlaumfjöllun hafði þá verið um málið og þátt dómfelldu í því í fjórtán mánuði og þar sem [GunJ] þekkti til dómfelldu leikur ekki vafi á að hann hafi verið kunnugur þeirri umfjöllun. Óhjákvæmilega hefur hann þannig vitað um hvað málið snerist í stórum dráttum.
2933. Í dómi Hæstaréttar virðist framburði [GunJ] hafa verið gefið aukið vægi fyrir þær sakir að hann gat lýst herbergjaskipan og staðháttum að Hamarsbraut 11. Hæstiréttur vísar sérstaklega til þess að í skýrslu sem rannsóknarlögreglumennirnir tveir sem sóttu [GunJ] til Spánar gáfu fyrir sakadómi Reykjavíkur, 11. janúar 1980, fyrir flutning málsins fyrir Hæstarétti, hafi komið fram að þeir hafi verið samsaga um að ekki hafi verið farið með [GunJ] að Hamarsbraut 11 í Hafnarfirði áður en fyrsta skýrsla var tekin af honum. Um alvarlegan misskilning virðist hafa verið að ræða hjá Hæstarétti þar sem í dómskýrslum af lögreglumönnum tveimur var hvor þeirra um sig spurður hvort hann hefði farið með [GunJ] að Hamarsbraut 11 en ekki hvort farið hefði verið

með [GunJ] þangað. Fyrir liggur að 2. maí 1977 var tekin framburðarskýrsla af [GunJ] fyrir dómi og þá bókað í þingbók sakadóms Reykjavíkur að farið hefði verið með [GunJ] að Hamarsbraut 11 tveimur dögum áður. Það sama kom fram í skýrslutöku yfir honum fyrir dómi. Í þessu þinghaldi lýsti hann aðkomu í kjallarafbúð, minnisstæðum stiga, þvottahúsi og geymslu sem honum hefur væntanlega veist auðvelt eftir að hafa verið þar tveimur dögum áður. Sú ályktun Hæstaréttar að ekki hefði verið farið með [GunJ] að Hamarsbraut 11 fyrir fyrstu skýrslu var ekki í samræmi við skýra bókun í þingbók sakadóms Reykjavíkur heldur byggð á rangri túlkun á framburði tveggja lögreglumanna.

2934. Í dómi Hæstaréttar er jafnframt greint frá því að umræddir lögreglumenn hafi borið að þeir hafi ekki vitað til þess að [GunJ] hefði rætt við dómfellda Albert áður en skýrslur voru teknar af [GunJ] eða meðan á skýrslutöku stóð. Ekki er hins vegar greint frá því að [GunJ] var í fimm klukkustunda samprófun með dómfellda Alberti 3. maí 1977 fyrir dómi. Eftir þá samprófun fóru málsatvik fyrst að rifjast upp fyrir [GunJ].
2935. Mat Hæstaréttar á sönnunargildi framburðar [GunJ] virðist því hafa byggst á mistúlkun á gögnum málsins og þar með á röngum grunni. Þá verður að telja að það rýri verulega sönnunargildi framburða [GunJ] að sakborningum var ekki kunnugt um fyrirhugaðar skýrslutökur af [GunJ]. Jafnframt liggur fyrir að verjendur dómfelldu voru ekki boðaðir til dómþings þegar skýrslurnar voru teknar og ekki tilkynnt um þær sérstaklega frekar en aðrar skýrslutökur þar sem skjólstæðingar þeirra voru ekki yfirheyrðir. Verjandi dómfellda Tryggva Rúnars gerði athugasemdir við þetta atriði við upphaf munnlegs málflytningu í héraðsdómi. Það var ekki fyrr en [GunJ] var samprófaður með hverjum dómfellda fyrir sig sem verjendur voru viðstaddir. Verjandi dómfellda Alberts var þó ekki viðstaddur samprófun hans við [GunJ]. Verjendur áttu því ekki í raun kost á að nýta þann rétt sem lög um meðferð opinberra mála veittu sakborningum að gagnsþyrja þetta mikilvæga vitni sem ekki hafði gefið skýrslu fyrir lögreglu.
2936. Sem fyrr segir var [GunJ] ljóst að dómfelldu í málinu höfðu verið á annað ár í gæsluvarðhaldi vegna meintrar aðildar sinnar að atlögu að Guðmundi. Enginn dómfelldu hafði þó borið um beina aðild [GunJ] að atlögunni og hafði hann réttarstöðu vitnis í málinu. Augljóst er að mikill þrýstingur var á [GunJ] að vera samvinnuþýður í skýrslutökum til þess að forðast að staða hans í málinu yrði verri. Öll framangreind atriði, og þá sérstaklega hvernig framburður hans fyrir dómi þróaðist eftir vettvangsferð að Hamarsbraut 11 og langa samprófun með dómfellda Alberti, eru til þess fallin að varpa miklum vafa á að mat Hæstaréttar á sönnunargildi framburðar hans hafi verið rétt. Endurupptökunefnd telur að framangreind atriði varðandi mat á sönnunargildi framburða [GunJ] séu meðal þeirra atriða sem skipti miklu máli við mat á því hvort sönnunargögn í málinu hafi verið rangt metin svo áhrif hafi haft á niðurstöðu málsins.

VIII.4.2 Mat Hæstaréttar á framburðum dómfelldu og trúverðugleika játninga þeirra

2937. Í dómi Hæstaréttar segir réttilega: „Snemma í rannsókn málsins, fyrir miðjan janúar 1976, viðurkenndu ákærðu Kristján, Sævar og Tryggvi, að þeir hefðu verið staddir að Hamarsbraut 11 í Hafnarfirði aðfaranótt 27. janúar 1974 ásamt manni, er Kristján kvað hafa verið Guðmund Einarsson. Hinir tveir kváðu sig ekki hafa borið kennsl á manninn, en þeir töldu síðar í rannsókninni, að maður þessi hefði verið Guðmundur Einarsson.“ Hæstiréttur lýsir síðan þeim framburði dómfelldu sem rétturinn virðist líta á sem játningar þeirra með eftirfarandi hætti: „Samkvæmt skýrslum þeirra, sem raktar eru ítarlega í héraðsdómi, hefur þar komið til átaka milli þeirra og Guðmundar, sem leitt hafi til dauða hans.“ Síðar í dómi Hæstaréttar er gengið út frá því að um fullkomnar játningar dómfelldu hafi verið að ræða með svofelldri fullyrðingu: „Játningar hinna ákærðu komu fram í skýrslum þeirra í janúar 1976 og voru endurteknar síðar bæði fyrir rannsóknarlögreglu og á dómþingum að viðstöddum verjendum þeirra Kristjáns og Tryggva.“
2938. Í samræmi við meginregluna um milliliðalausá sönnunarfærslu hafa lögregluskýrslur um framburði sakkborninga og vitna í yfirheyrslum hjá lögreglu að jafnaði mun minna sönnunargildi en framburðir fyrir þeim dómurum sem dæma í máli. Ýmis atriði geta þó ýmist aukið sönnunargildi slíkrar skýrslu eða dregið úr því, svo sem hvort skýrsla er einungis samantektarskýrsla lögreglumanns, hvort skýrslan er undirrituð af þeim sem var yfirheyrður, hvort verjandi var viðstaddur og loks hvort sá sem yfirheyrður var staðfestir fyrir dómi það sem eftir honum var haft í slíkri skýrslu. Um þetta atriði vísast nánar til umfjöllunar í kafla VII.5.
2939. Í ljósi afturköllunar dómfelldu á játningum sínum var sérstaklega mikilvægt að fyrir lægi hvað hvert dómfelldu játaði nákvæmlega og hvenær nákvæmlega þær játningar sem Hæstiréttur byggði á komu fram. Þess er í engu getið í dómi Hæstaréttar að dómfelldu slógu úr og í um þátt sinn í meintri atlögu, framburðir þeirra tóku miklum breytingum, lítið samræmi var í framburðunum og á löngum tímabilum í rannsókninni var ekkert skráð um það sem fram fór við fjölda yfirheyrslna, viðtala og samprófana. Þá verður ekki séð að því sem fram kom í upplýsingaskýrslum lögreglu hafi verið tekið með hæfilegri tortryggni og ekki tekið tillit til þess að lögregluskýrslur höfðu aðeins að geyma endursögn rannsakenda á framburði dómfelldu en ekki lá fyrir hvaða spurningar voru lagðar fyrir þau og með hvaða hætti.
2940. Með vísan til framangreindrar umfjöllunar endurupptökunefndar er ljóst að játningar dómfelldu, um aðild að meintri atlögu að Guðmundi sem hafi leitt hann til dauða, voru mun óljósari en ráða má af forsendum Hæstaréttar og langt í frá að dómfelldu hafi haldið sig við þær jafn einarðlega og fram kemur í dómi Hæstaréttar.

VIII.4.3 Afturköllun játninga og mat Hæstaréttar á trúverðugleika afturkallana

2941. Um afturköllun dómfelldu á játningum sínum segir í forsendum Hæstaréttar: „Breyttu þeir ákærðu Sævar og Tryggvi eigi þessum játningum fyrr en í lok mars 1977, eins og að framan greinir. Ákærði Kristján hélt fast við játningu sína, þegar hann var samprófaður við ákærða Sævar og ákærða Tryggva 29. og 30. mars 1977, og hvarf eigi

frá henni fyrr en 27. september s. á.“ Þessar fullyrðingar Hæstaréttar eru ekki í samræmi við gögn málsins eins og rakið er hér að framan.

2942. Hvað endurupptökubeiðanda varðar var meint játning hans á dómþingi 11. janúar 1976 ekki afdráttarlausari en svo að í upphafi þinghaldsins hafði hann þvertekið fyrir að hafa verið staddur að Hamarsbraut 11 kvöldið sem Guðmundur hvarf þótt ekkert hafi verið skráð um það í þingbók. Þá voru höfð eftir honum ummæli í skýrslum frá 30. apríl 1976, 30. september 1976, 27. febrúar 1977 og 9. mars 1977 sem líta verður á sem afturhvarf frá játningu að hluta eða öllu leyti. Að teknu tilliti til þeirra gagna sem liggja fyrir endurupptökunefnd eru ályktanir Hæstaréttar um endurteknar játningar endurupptökubeiðanda á aðild að atlögu að Guðmundi og hvenær hann afturkallaði þessar játningar fyrst þannig ýmist ónákvæmar eða beinlínis rangar.
2943. Hvað dómfellda Kristján Viðar varðar bar hann fyrst um þátt sinn í aðför að Guðmundi 3. janúar 1976. Játtaði hann þá veru sína í íbúðinni og að hafa togað í útlím á manningum, en gerði hlut sinn að öðru leyti engan. Í næstu framburðum hjá lögreglu og fyrir dómi bar dómfelldi á svipaðan veg þar til hann játtaði 7. apríl 1976 að hafa stungið Guðmund til bana með byssusting. Fram á haustið 1976 voru framburðir hans með miklum ólíkindablæ og greindi hann með ýmsum hætti frá aðild sinni að átökum og líkflutningi. Dómfelldi dró formlega til baka framburð sinn í Guðmundarmálinu fyrir dómi 27. september 1977, en þá lýsti hann því yfir að hann vissi ekkert um hvarf Guðmundar Einarssonar. Með vísan til þess sem áður hefur verið rakið um þróun framburða dómfellda Kristjáns Viðars virðast forsendur Hæstaréttar um endurteknar játningar hans vera ónákvæmar og mikilvægum atriðum sleppt, svo sem rangri játningu hans um að hafa orðið Guðmundi að bana með byssusting. Þá ber þingbók sakadóms Reykjavíkur það með sér að dómfelldi hafi viljað afturkalla játningu sína strax 12. maí 1977 og aftur 6. júlí 1977 en dómarrar sáu ekki ástæðu til að gera athugasemdir við þá bókun. Til þessa var hins vegar í engu litið í forsendum Hæstaréttar um afturhvarf dómfellda frá játningu.
2944. Hvað dómfellda Tryggva Rúnar varðar bar hann fyrst um aðild sína að átökum við Guðmund 9. janúar 1976 en þá bar hann um að hafa komið endurupptökubeiðanda til hjálpar þegar hann var að verða undir í átökum við óþekkta mann og haldið að hann hafi þá slegið manninn. Framburður hans var mjög óljós og hikandi. Eftir þetta bar dómfelldi Tryggvi Rúnar ekki á móti aðkomu sinni að atlögu að Guðmundi á meðan rannsókn lögreglu stóð. Dómfelldi dró framburði sína til baka og afturkallaði þar með játningar sínar 30. mars 1977 eða við fyrsta tækifæri eftir að dómsmeðferð hófst. Málsgögn endurupptökunefndar bera á hinn bóginn með sér að dómfelldi hafi viljað afturkalla játningu sína strax snemma sumars 1976 og aftur 27. október 1976 en þess ekki getið í dómi Hæstaréttar.
2945. Gögn málsins benda eindregið til þess að dómfelldu hafi aldrei fengið aðrar upplýsingar meðan á rannsókn málsins stóð en að aðrir dómfelldu hefðu játtað sök. Dómfelldu voru því ekki í aðstöðu til að verjast ákæruefninu á grundvelli réttra upplýsinga um afstöðu annarra dómfelldu til þess.

2946. Í forsendum dóms Hæstaréttar er gerð sú grein fyrir skýringum dómfelldu á afturköllun játninga að endurupptökubeiðandi og dómfelldi Tryggvi Rúnar hefðu staðhæft að rannsóknarmenn og fangaverðir hefðu beitt þá harðræði í því skyni að knýja þá til játninga. Fram kemur að dómfelldi Kristján Viðar hafi hins vegar borið fyrir sig að rannsóknarmenn hafi haft óeðlileg áhrif á dómfelldu í því skyni að samræma framburði þeirra. Skýringar dómfelldu voru í raun allítarlegri. Þannig skýrði dómfelldi Tryggvi Rúnar til dæmis játningar sínar að hann hafi talið skynsamlegast að játa með tilliti til þess hvernig staðið hefði verið að yfirheyrslum og vanlíðanar sinnar í upphafi rannsóknar. Honum hafi verið hótad því af rannsóknarmönnum að hann gæti þurft að rotna í Síðumúlanum í tvö ár og hann yrði dæmdur af því að allir bentu á hann.
2947. Hæstiréttur taldi hins vegar að ekki yrði séð að játningar dómfelldu hefðu verið fengnar með ólögumætum aðferðum og vísaði til rækilegrar rannsóknar bæði fyrir og eftir uppsögu héraðsdóms varðandi meint harðræði og ólögmeta rannsóknarhætti. Sérstaklega var vísað til þess að kinnhestur sá, sem sannað var talið að fangavörður hefði lostið endurupptökubeiðanda 5. maí 1976, hefði átt sér stað allöngu eftir að hann játaði atferli sitt að Hamarsbraut 11. Hæstiréttur taldi því að leggja bæri játningar dómfelldu til grundvallar dómi í málinu enda þætti ekki mark takandi á afturköllunum þeirra.
2948. Svo sem áður hefur verið gerð grein fyrir tók rannsókn sú á harðræði og ólögumætum rannsóknarháttum, sem Hæstiréttur vísaði til, aðeins til afmarkaðs tímabils og var rannsóknin takmörkuð við hluta þeirra tilvika sem endurupptökubeiðandi hafði bent á. Með vísan til þess og margvíslegra nýrra gagna um aðbúnað dómfelldu í einangrunarvistinni, ákvarðanir um ívilnanir og sviptingu þeirra, takmarkað aðgengi að réttargæslumönnum, brot á lagaákvæðum um framkvæmd yfirheyrslna, svo og skort á skráningu um það sem fram fór í yfirheyrslum, viðtölum og sampröfunum telur endurupptökunefnd verulega ofsagt að umrædd rannsókn hafi verið rækileg. Nákvæm skoðun endurupptökunefndar á færslum í dagbók Síðumúlafangelsisins sem margar eiga sér samsvörun í dagbókum dómfellda Tryggva Rúnars bendir eindregið til þess að dómfelldu og þá sérstaklega þeir Tryggvi Rúnar og endurupptökubeiðandi hafi mátt þola mun meira harðræði og um lengri tíma en Hæstiréttur hafði vitneskju um. Jafnframt verður ráðið að skýrslutökur, viðtöl og sampröfanir rannsóknarmanna, fangavarda og annarra hafi verið mun fleiri en gögn sem lágu fyrir Hæstarétti bentu til. Virðist Hæstiréttur því ranglega hafa litið á meint harðræði sem einstök tilvik frekar en viðvarandi ástand, auk þess sem upplýsingar um rannsóknaraðferðir voru takmarkaðar. Jafnframt virðist sem Hæstiréttur hafi, þrátt fyrir þá þekkingu sem lá fyrir á þeim tíma, vanmetið áhrif einangrunar á áreiðanleika framburða þeirra sem henni sæta. Endurupptökunefnd telur að nákvæm skoðun á öllum þeim gögnum sem fyrir nefndinni liggja gefi fullt tilefni til að álykta að skýringar dómfelldu á játningum sínum og afturhvarfi þeirra frá þessum játningum hafi um margt verið trúverðugar.
2949. Dómfelldu virðast í engu hafa fengið að njóta þess vafa sem augljóslega var uppi um trúverðugleika játninganna. Með vísan til framangreinds telur endurupptökunefnd verulegar líkur á að mat Hæstaréttar á áreiðanleika játninga endurupptökubeiðanda og

dómfelldu Kristjáns Viðars og Tryggva Rúnars um aðild að meintri atlögu að Guðmundi hafi ekki verið í samræmi við fyrirbyggjandi gögn og upplýsingar um þróun framburða dómfelldu og að verulegar líkur séu jafnframt á að Hæstiréttur hafi lagt rangt mat á trúverðugleika afturkallanna. Telur endurupptökunefnd þetta atriði vega þungt við mat á því hvort verulegar líkur séu á að sönnunargögn í málinu hafi verið rangt metin svo áhrif hafi haft á niðurstöðu þess.

VIII.4.4 Framburðir annarra vitna

2950. Í dómi Hæstaréttar var talið sannað með vættisburði þriggja vitna að Guðmundur Einarsson hafi verið á götu í Hafnarfirði aðfaranótt 27. janúar 1974 ásamt manni, er tvö vitnanna hafi talið vera dómfellda Kristján Viðar. Að sögn vitnanna hafi þeir tveir reynt að stöðva bifreiðar, er óku þar um, sýnilega í því skyni að fá sér far með þeim. Þótt umræddir vitnisburðir hafi ekki lotið að meintri atlögu að Guðmundi er ljóst að þeir voru mikilvægir hlekkir í sönnunardejuni.
2951. Fyrir liggur að mörg vitni gáfu sig fram eftir að lýst var eftir Guðmundi. Eitt þessara vitna, [EJR], kvaðst hafa verið á ferð um Strandgötu ásamt annarri stúlku aðfaranótt 27. janúar 1974. Þar hefði hún séð Guðmund á gangi með eldri pilti nálægt Bæjarbíói, en hún kvaðst kannast við Guðmund í sjón. Piltinum lýsti hún sem nokkuð ölvuðum, með dökkskollitað hár, jakkalausum og í gulri skyrtu. Hefðu þeir reynt að stöðva bíla en stúlkurnar ekki þorað að stöðva fyrir þeim vegna sláttar í piltinum í gulu skyrtunni. Við framhaldsrannsókn í byrjun árs 1977 taldi hún piltinn hafa verið í dökkuðum buxum, hvítri skyrtu og með jakka á handleggnum. Hún og vitnið [SM], sem var með [EJR] í bifreið í umrætt sinn, bentu á mynd af dómfellda Kristjáni Viðari í myndbendingu 22. janúar 1977 og töldu hann líkjast samferðamanni Guðmundar mest af þeim myndum sem þeim voru sýndar. Samkvæmt gögnum málsins bentu þessi vitni síðan á dómfellda Kristján Viðar í sakbendingu fimm dögum síðar en þeim var kunnugt um að hann væri meðal þeirra sem stillt var upp og töldu líklegt að hann hefði verið samferðamaður Guðmundar. Eins og fyrr var rakið gaf annað vitnanna yfirlýsingu 26. ágúst 1996 þar sem það dró framburði sína í Guðmundarmálinu til baka. Bæði vitnin komu síðan fyrir dóm 20. og 21. júní 1997 í tengslum við meðferð fyrstu endurupptökubeiðni endurupptökubeiðanda. Þær báru báðar í skýrslum fyrir dómi að útilokað væri að dómfelldi Kristján Viðar hafi verið sá maður sem þær sáu með Guðmundi í Hafnarfirði umrædda nótt þar sem þær hefðu síðar komist að því að dómfelldi Kristján Viðar væri mun hávaxnari en sá maður. Fyrir liggur að umræddar mynd- og sakbendingar fóru fram tæpum þremur árum eftir hvarf Guðmundar. Þá höfðu ítrekað birst myndir af dómfellda Kristjáni Viðari í dagblöðum og hann verið nafngreindur sem einn banamanna Guðmundar. Framkvæmd mynd- og sakbendingar var jafnframt háð margs konar öðrum annmörkum og telur endurupptökunefnd að það sem að framan greinir varpi nýju ljósi á sönnunargildi framburða þessara tveggja vitna.
2952. Tvö önnur vitni gáfu sig fram við lögreglu og kvaðust hafa séð Guðmund á gangi þessa nótt. Vitnin [SRV] og [SKK] staðfestu fyrir dómi að hafa séð Guðmund á Reykjavíkurveginum til móts við frystihúsið og taldi annar þeirra að það hafi verið um

klukkan 02:15 til 02:30 en hinn taldi það hafa verið um klukkan 02:00 til 03:00. Sögðu þeir hann hafa verið með dökkt og mikið hár, ölvaðan og einan á ferð. Hann hafi baðað út höndum og reynt að stöðva bifreiðar. Hefði hann gengið í veg fyrir bíl þeirra og við það fallið í götuna. Skömmu síðar hefðu þeir ekið til baka sömu leið en þá hvergi séð Guðmund. Annar þeirra taldi engan vafa á að umræddur maður hefði verið Guðmundur Einarsson. Framburðir þeirra um að Guðmundur hefði verið einn á ferð og kominn upp á Reykjavíkurveg, að því er virðist að reyna að fá far til Reykjavíkur, samræmist ekki þeirri atburðarás sem lögð var til grundvallar í dómi Hæstaréttar.

2953. Dómfelldu voru frá upphafi margsaga um hvernig þeir hittu Guðmund umrædda nótt. Framburður þeirra gekk í stórum dráttum út á að dómfelldu Kristján Viðar og Tryggvi Rúnar hefðu verið með dómfellda Alberti á akstri í Hafnarfirði í þeim tilgangi að ræna veskjum af fólki. Síðar bættist vitnið [GunJ] inn í þá atburðarás. Guðmundur hefði verið að reyna að útvega sér far til Reykjavíkur og þeir því staðnæmst en dómfelldi Albert ekki viljað taka Guðmund upp í bifreiðina. Dómfelldu Kristján Viðar og Tryggvi Rúnar hefðu því farið úr bifreiðinni og þeir þrír reynt saman að útvega sér far. Dómfelldi Tryggvi Rúnar hefði þá falið sig en þeim þó ekki tekist að útvega sér far. Í stað þess að fara til Reykjavíkur hefði leið þeirra þriggja síðan legið að Hamarsbraut 11 og það þrátt fyrir að þeir hefðu skömmu áður hitt húsráðanda þar, endurupptökubeiðanda, í Kópavogi. Margt er með ólíkindum í þessum framburðum og hafa þeir og aðdragandi þeirra á sér þann blæ að smám saman hafi verið leidd fram atburðarás sem gat að einhverju leyti samrýmst framburði vitnanna [EJR] og [SM].
2954. Samkvæmt framansögðu voru augljósir gallar á mynd- og sakbendingum. Jafnframt var ósamræmi milli lýsingar vitnis á klæðaburði þess manns sem átti að hafa verið með Guðmundi á Strandgötu skömmu eftir lokun Alþýðuhússins klukkan 02:00 og þess klæðnaðar sem önnur vitni báru um að dómfelldi Kristján Viðar hefði verið í. Loks báru tvö vitni hjá lögreglu að hafa séð Guðmund á sama tíma eða síðar á Reykjavíkurvegi á móts við frystihúsið sem var við Flatahraun. Þrátt fyrir það virðast dómfelldu við sönnunarmat Hæstaréttar í engu hafa fengið að njóta þess vafa sem var fyrir hendi um að framburður vitna styddi það að dómfelldu Kristján Viðar og Tryggvi Rúnar hefðu hitt Guðmund á götu í Hafnarfirði og orðið samferða honum að Hamarsbraut 11. Telur endurupptökunefnd að þetta sé eitt þeirra atriða sem skipti máli við mat á því hvort verulegar líkur séu á að sönnunargögn í málinu hafi verið rangt metin svo áhrif hafi haft á niðurstöðu málsins.

VIII.4.5 Um áhrif veðurs, færðar og annarra hlutrænna staðreynda á sönnunarmat

2955. Endurupptökubeiðandi og dómfelldu Kristján Viðar og Tryggvi Rúnar voru sakfelldir fyrir að hafa í félagi átt í átökum við Guðmund að Hamarsbraut 11 og misþyrmt honum svo, að til bana hafi dregið. Í dómi Hæstaréttar kemur fram að ekkert verði fullyrt um að hverju marki þáttur hvers einstaks hinna dómfelldu Kristjáns Viðars, endurupptökubeiðanda og Tryggva Rúnars hafi ráðið sköpum, en allir hafi þeir átt sameiginlega þátt í aðförinni að Guðmundi og verið samvaldir að því að veita honum slíka áverka, að bani hlaust af.

2956. Af þessum forsendum Hæstaréttar fyrir sakfellingu má ráða að rétturinn hafi talið að margt væri óljóst um það sem gerðist að Hamarsbraut 11 þrátt fyrir játningar dómfelldu, sem þeir drógu reyndar til baka. Vegna þeirrar sérstöku sönnunarstöðu sem uppi var í málinu, það er að lík Guðmundar fannst aldrei og engin áþreifanleg sönnunargögn lágu fyrir um að honum hafi verið ráðinn bani á Hamarsbraut 11, var sérstaklega mikilvægt að hafið væri yfir skynsamlegan vafa að Guðmundur hefði verið á Hamarsbraut 11 umrædda nótt, hvernig hann komst þangað og hvort og þá hvernig líki hans var komið þaðan.
2957. Sem fyrr segir telur endurupptökunefnd að verulegur vafi leiki á því að dómfelldu Kristján Viðar og Tryggvi Rúnar hafi hitt Guðmund í Hafnarfirði aðfaranótt 27. janúar 1974 og farið með honum að Hamarsbraut 11. Svo sem áður hefur verið rakið bar vitnum saman um að Guðmundur hafi verið á dansleik í Hafnarfirði sem lauk um klukkan 02:00 um nóttina. Samkvæmt gögnum sem lágu fyrir Hæstarétti var mikil snjókoma og ófærð á götum á höfuðborgarsvæðinu umrædda nótt og vitni bar að leigubifreiðastjórar hafi hætt akstri. Ítarlegri gagna um veður og færð en lágu fyrir dómstólum á sínum tíma var aflað í tilefni af fyrstu endurupptökubeiðni endurupptökubeiðanda. Í ákvörðun Hæstaréttar um að synja um endurupptöku var ekki talið að þessi nýju gögn bættu neinu við fyrri upplýsingar.
2958. Samkvæmt því sem lagt var til grundvallar í dómi Hæstaréttar um atvik í aðdraganda þeirrar háttsemi dómfelldu sem talin var hafa leitt til dauða Guðmundar fóru dómfelldu og vitni margar ferðir um höfuðborgarsvæðið umrædda nótt í lítilli Volkswagen bifreið. Í þeim fjölmörgu lögregluskýrslum sem ritaðar voru um yfirheyrslur yfir dómfelldu og vitnum um ferðir þeirra um höfuðborgarsvæðið umrædda nótt, þar á meðal með lík Guðmundar suður fyrir Hafnarfjörð löngu eftir miðnætti, var hvergi minnst á veður eða færð á götum eða vegum. Af því má draga þá ályktun að dómfelldu og vitni hafi aldrei verið spurð um veður og færð umrædda nótt og þau ekki séð ástæðu til að minnst á þessi atriði. Þar sem ferðalög í umræddri Volkswagen bifreið voru mjög stór þáttur í hinni meintu atburðarás í aðdraganda og kjölfar meints dauða Guðmundar má ætla að einhverjum dómfelldu væru þessi veður- og akstursskilyrði minnisstæð ef þau hefðu verið þátttakendur í hinni meintu atburðarás og þá sérstaklega ferð með lík Guðmundar út í hraun.
2959. Þrátt fyrir að veður og færð umrædda nótt hefði nokkuð örugglega verið til þess fallin að hafa áhrif á meinta atburðarás er hvorki vikið að þessum þáttum í sönnunarmati sakadóms Reykjavíkur né Hæstaréttar. Upplýsingar um veður og færð og að leigubifreiðastjórar hafi jafnvel hætt að aka á Reykjavíkursvæðinu eftir miðnætti umrædda nótt voru til þess fallnar að vekja verulegan vafa um að framburðir dómfelldu og vitna um umræddar ökuferðir væru trúverðugir. Er þetta eitt þeirra atriða sem skiptir máli við mat á því hvort verulegar líkur séu á að sönnunargögn í málinu hafi verið rangt metin svo áhrif hafi haft á niðurstöðu málsins.
2960. Til þess að sú sönnunardegja sem Hæstiréttur byggði á í málinu héldi þurfti að gera ráð fyrir miklum akstri á títtnefndri Volkswagen bifreið, bæði áður en dómfelldi Albert og vitnið [GunJ] áttu að hafa komið á Hamarsbraut 11, akstri dómfellda Alberts

með [GunJ] þaðan og til Reykjavíkur og til baka eftir að Guðmundi hafi verið ráðinn bani og loks með lík Guðmundar á óþekktan stað. Hringl í framburðum dómfelldu um hvernig það atvikaðist að dómfelldi Albert kom um nóttina að Hamarsbraut 11 og síðbúnar upplýsingar um þátttöku vitnisins [GunJ] í atburðarásinni eftir að í ljós kom að síminn að Hamarsbraut 11 var lokaður, draga mjög úr trúverðugleika framburða dómfelldu og vitna. Sama máli gegnir um nákvæmar en ósamrýmanlegar lýsingar á hvernig líki Guðmundar var komið fyrir annars vegar í farangursrými gulrar Toyota bifreiðar og hins vegar í aftursæti Volkswagen bifreiðar. Frásagnir dómfelldu um ökuferðir á vegslóðum sunnan Hafnarfjarðar og hvernig þeir komu líki Guðmundar fyrir hefði átt að kalla fram spurningar um áhrif veðurs og snjólaga á athafnir þeirra enda ganga framburðir þeirra um ferðir og tímasetningar atburða tæpast upp ef þessir þættir eru teknir inn í myndina.

2961. Gríðarleg áhersla var lögð á það af hálfu rannsóknarmanna að finna lík Guðmundar en framburðir dómfelldu um líkflutninga og hvar líkinu var fyrir komið voru eins ólíkir eins og þeir voru margir. Dómfelldu bentu á fjölmarga mögulega staði en leit reyndist árangurslaus. Í ljósi upplýsinga um snjó og ófærð umrædda nótt er mikill ólíkindablær á öllum frásögnum um flutninga á líki í þröngum smábíl, utan alfaraleiða, síðla nætur í svartamyrkri um vegslóða fjarri mannabústöðum í nágrenni Reykjavíkur og hvernig þeir komu líkinu fyrir. Þótt vissulega sé ekki loku fyrir það skotið að dómfelldu hafi losað sig við lík Guðmundar með öðrum hætti síðar komu engar upplýsingar fram um það í málinu.
2962. Þar sem dómfelldu höfðu allir játað að hafa átt aðild að því að bana Guðmundi virðist erfitt að finna skynsamlega skýringu á því að dómfelldu, einn eða fleiri, upplýstu ekki nákvæmlega hvernig lík Guðmundar var flutt frá Hamarsbraut 11, enda má ætla að slíkir atburðir séu minnisstæðir.
2963. Sú skýring að dómfelldu hafi viljað forðast að líkið fyndist virðist afar ósennileg í ljósi þess að þeir höfðu allir játað að hafa átt þátt í atlögu að Guðmundi og komið líki hans fyrir. Um framburði dómfelldu um líkflutningana á það sama við og um aðra framburði sem mögulega hefði verið unnt að staðreyna með áþreifanlegum sönnunargögnum að það tókst ekki. Enn má minna á að í engum tilvikum minntust dómfelldu á snjó eða ófærð í annars nákvæmum frásögnum sínum um líkflutninga umrædda nótt.
2964. Endurupptökunefnd telur að framburðir dómfelldu sem lutu að ferðum þeirra umrædda nótt og þá sérstaklega líkflutningum gefi tilefni til að draga í efa trúverðugleika reikulla framburða dómfelldu um sjálfa atlöguna að Guðmundi. Endurupptökunefnd telur að um sé að ræða alvarlega veikleika í sönnunardeðu málsins og að þetta sé eitt þeirra atriða sem skipti máli við mat á því hvort verulegar líkur séu á að sönnunargögn í málinu hafi verið rangt metin svo áhrif hafi haft á niðurstöðu málsins.

VIII.4.6 Um sýnileg sönnunargögn

2965. Í niðurstöðu dóms sakadóms Reykjavíkur er fjallað um rannsókn á sýnilegum sönnunargögnum. Þar var meðal annars fjallað um rannsókn sem gerð var á blóðdropum á frakka þeim sem dómfelldi Kristján Viðar sagðist hafa verið í nóttina sem Guðmundur hvarf og reyndist það vera af blóðflokki A. Með blóðflokkarannsókn var því slegið föstu að blóðið gæti ekki verið úr endurupptökubeiðanda, dómfelldu Erlu, Kristjáni Viðari eða Tryggva Rúnari. Ekki lágu fyrir upplýsingar um blóðflokk Guðmundar. Rannsókn var gerð á blóðflokkum foreldra Guðmundar og útilokaði sú rannsókn að blóðið gæti verið úr honum, að því gefnu að hann væri ekki rangt feðraður sem móðir hans tjáði lögreglu að væri algerlega útilokað.
2966. Þá var í dómnum fjallað um rannsókn á hluta teppis úr forstofu að Hamarsbraut 11 en þar fannst þykkur blóðdropi sem reyndist vera mannsblóð en ekki var unnt að greina nánar. Þá var tekinn til athugunar framburður vitnis sem bar um að hafa verið að Hamarsbraut 11 um mánaðamótin janúar og febrúar 1974 og séð blóðbletti á gólfteppi í svefnherbergi, á legubekk og víðs vegar um herbergið. Spratt af framburði þessum lögreglurannsókn að tilhlutan dómsins en hún skilaði engum árangri.
2967. Loks var í niðurstöðu dómsins getið um að blóðkám hefði fundist innan á klæðningu úr 19 ára gamalli Volkswagen bifreið sem dómfelldi Albert var talinn hafa ekið dómfelldu í með lík Guðmundar. Tvö og hálf ár voru þá liðin frá hvarfi Guðmundar og reyndist ekki unnt að greina blóð þetta nánar.
2968. Ekkert framangreindra sönnunargagna virðist hafa verið til þess fallið að styrkja niðurstöðu um sakfellingu dómfelldu. Þess má sérstaklega geta að settur ríkissaksóknari kannaði hvort framangreind sýni væru tiltæk til frekari rannsókna en svo reyndist ekki vera.

VIII.4.7 Samantekt um hvort skilyrðum til endurupptöku Guðmundarmálsins teljist fullnægt

2969. Endurupptökunefnd hefur lagt til grundvallar að við mat á málsmeðferð verði að byggja á réttarfarsreglum sem giltu á þeim tíma sem rannsókn og dómsmeðferð í málinu átti sér stað og meginreglum opinbers réttarfars eins og þær voru á þeim tíma. Sönnunarreglur í lögum um meðferð opinberra mála voru í stórum dráttum þær sömu og nú eru í lögum um meðferð sakamála og meginreglur um sönnun í meginráttum hinar sömu. Þá sem nú gildi sú regla að sönnunarbyrðin hvíldi á ákærvaldi og að sönnun um atriði sem varða sekt sakbornings verði að vera hafin yfir skynsamlegan vafa.
2970. Niðurstaða endurupptökunefndar byggir á nákvæmri skoðun og samanburði á nýjum gögnum og upplýsingum, gögnum sem töldust vera ný við afgreiðslu fyrri endurupptökubeiðna og þeim gögnum sem lágu fyrir Hæstarétti í málinu nr. 214/1978.
2971. Endurupptökunefnd telur að vissulega hafi legið fyrir ýmsar sterkar vísbendingar um að framburðir endurupptökubeiðanda og annarra dómfelldu sem lúta að því að þeir hafi átt saknæman þátt í hvarfi Guðmundar Einarssonar hafi átt við rök að styðjast. Hafa verður í huga að almennt séð verður að telja ólíklegt að svo margir einstaklingar

játi ranglega aðild að atlögu að manni sem leitt hafi hann til dauða og að þrjú vitni beri ranglega á sama veg. Þess þekkjast þó dæmi erlendis frá. Játningar þriggja einstaklinga eru vissulega til þess fallnar að styðja hver aðra þótt játningarnar hafi verið afturkallaðar fyrir dómi og munnlegir framburðir þeirra og þriggja vitna hafi allt frá upphafi um margt verið óljósir og misvísandi.

2972. Þótt hvarflandi framburður sakbornings um meinta saknæma háttsemi sé að jafnaði talinn ótrúverðugur og þannig styðja sakfellingu á það varla við í þessu máli þar sem sakfelling var eingöngu byggð á játningum dómfelldu og framburðum lykilvitna, sem öll höfðu gefið hvarflandi framburði og dómfelldu dregið framburði sína til baka en engum sýnilegum sönnunargögnum til að dreifa sem tengdu dómfelldu, svo óyggjandi væri, við málið.
2973. Það að lík Guðmundar fannst ekki og að engin ápreifanleg sönnunargögn lágu fyrir um hvort, hvar og þá hvernig honum hafi verið ráðinn bani gaf rannsakendum og dómstólum sérstakt tilefni til að vanda til rannsóknar og málsmeðferðar á öllum stigum og gæta að réttindum dómfelldu samkvæmt þágildandi lögum um meðferð opinberra mála og meginreglum opinbers réttarfars, þar á meðal að láta dómfelldu njóta skynsamlegs vafa um hvert það atriði sem varðaði sekt þeirra.
2974. Endurupptökunefnd telur að framangreindar takmarkanir á möguleikum endurupptökubeiðanda og dómfelldu Kristjáns Viðars og Tryggva Rúnars til að halda uppi vörnum, sem meðal annars fólst í takmörkun á aðgengi þeirra að réttargæslumönnum, algeru samskiptabanni milli þeirra og verjenda síðustu tvo mánuði fyrir síðari dómtöku málsins í héraði, raunveruleg skerðing á rétti til að gagnspyrja vitni svo og skortur á upplýsingum um afturhvarf annarra dómfelldu frá játningum, séu eitt þeirra atriða sem skipti máli við mat á því hvort verulegar líkur séu á að sönnunargögn í málinu hafi verið rangt metin svo áhrif hafi haft á niðurstöðu málsins.
2975. Endurupptökunefnd telur að í ljósi þess að endurupptökubeiðandi hvarf fyrir dómi frá játningu sinni hafi skort á að hann hafi fengið að njóta þess vafa sem ónákvæm skráning, þess sem gerðist í yfirheyrslum yfir dómfelldu öllum hjá lögreglu og skortur á skýrslum um fjölmargar yfirheyrslur, viðtöl og samprófanir, skapaði um rannsóknaraðferðir og um þróun framburða. Sterkar vísbendingar þykja fram komnar um að framburðir einstaka dómfelldu og vitna í mörgum og löngum yfirheyrslum hafi fyrir tilstuðlan rannsóknarmanna litað framburði annarra dómfelldu og ásamt harðneskjulegri einangrun haft áhrif á framburði þeirra allra. Fjölmargar samprófanir dómfelldu sem ekkert var skráð um voru til þess fallnar að valda enn meiri spilliáhrifum. Telur endurupptökunefnd að verulegur vafi sé á að framburðir dómfelldu eftir þær geti endurspeglað raunverulegar minningar þeirra um meinta atburði.
2976. Endurupptökunefnd telur að þær upplýsingar sem fyrir liggja bendi til þess að dómfelldu hafi að jafnaði verið samvinnuþýð við rannsakendur og lagt sig fram um að muna atburði. Þannig hafi dómfelldi Albert gengist undir eins konar sefjunarmedferð og dómfelldu Erla, Kristján Viðar og Tryggvi Rúnar undirgengust lyfjagjöf í þeim tilgangi að skerpa minni þeirra. Það hversu dómfelldu voru viljug til að taka þátt í

slíkum rannsóknaraðferðum bendir ekki til þess að þau hafi haft eitthvað að fela eða hafi markvisst verið að afvegaleiða rannsakendur með röngum og reiklum framburðum. Endurupptökunefnd telur að umræddar rannsóknaraðferðir hafi orkað verulega tvímælis og verið til þess fallnar að draga úr trúverðugleika þeirra framburða sem dómfelldu gáfu síðar.

2977. Endurupptökunefnd telur að nákvæm skoðun á öllum þeim gögnum sem nefndin hefur haft aðgang að sýni að þau gögn sem Hæstiréttur hafði undir höndum hafi ekki gefið heildstæða og rétta mynd af rannsóknaraðferðum í málinu en sem dæmi má nefna að upplýsingar um fjölmargar og langar samprófanir milli dómfelldu Erlu og endurupptökubeiðanda, sem fram fóru í júlí 1976, samtals í 32 klukkustundir, lágu ekki fyrir Hæstarétti.
2978. Endurupptökunefnd telur verulegar líkur á að Hæstiréttur hafi byggt mat sitt á sönnunargildi framburðar vitnisins [GunJ] á þeirri röngu forsendu að honum hefði ekki verið sýnt húsnæðið að Hamarsbraut 11 fyrir fyrstu skýrslutöku af honum en að auki hafi áhrif langrar samprófunar við dómfellda Albert á trúverðugleika framburðarins verið vanmetin. Endurupptökunefnd telur jafnframt að dómfelldu hafi í engu fengið að njóta þess margvíslega og réttmæta vafa sem uppi var í málinu um áreiðanleika framburða dómfelldu Erlu og vitnisins [GunJ]. Þá telur endurupptökunefnd að verulegar líkur séu á að Hæstiréttur hafi lagt rangt mat á framburði vitna sem gengið var út frá að hefðu séð Guðmund á gangi í Hafnarfirði með dómfellda Kristjáni Viðari nóttina sem Guðmundur hvarf. Jafnframt telur endurupptökunefnd að ranglega hafi verið litið framhjá áhrifum snjókomu og ófærðar á höfuðborgarsvæðinu, nóttina sem Guðmundur hvarf, á trúverðugleika framburða dómfelldu og vitna um ökuferðir þeirra umrædda nótt, þar á meðal með lík Guðmundar.
2979. Endurupptökunefnd telur að verulegar líkur séu á að áhrif langrar og harðneskjulegrar einangrunar dómfelldu, rannsóknaraðferða, ónákvæmra skráninga framburða, takmarkaðs aðgengis dómfelldu að verjendum, annarra brota á málsmeðferðarreglum og annarra atriða sem nefnd eru í þessum kafla, á trúverðugleika framburða dómfelldu hafi ekki verið metin með réttum hætti í dómi Hæstaréttar. Endurupptökunefnd telur jafnframt að verulegar líkur séu á að Hæstiréttur hafi lagt ónákvæmt og í ýmsum tilvikum rangt mat á inntak og þróun játninga dómfelldu og trúverðugleika afturkallana á játningu sem og hvenær þær komu til.
2980. Niðurstöður sálfræðinganna Gísla H. Guðjónssonar og Jóns Friðriks Sigurðssonar um áreiðanleika framburða dómfelldu í skýrslu starfshóps innanríkisráðherra styðja það álit endurupptökunefndar að Hæstiréttur hafi horft fram hjá ýmsum mikilvægum þáttum sem voru til þess fallnir að draga verulega úr sönnunargildi játninga allra dómfelldu.
2981. Endurupptökunefnd telur að leiddar hafi verið að því verulegar líkur að sönnunarmat í málinu hafi í framangreindum atriðum ekki verið í samræmi við þá meginreglu opinbers réttarfars sem fram kom í 109. gr. laga um meðferð opinberra mála á þessum

tíma að dómari meti hvort nægileg sönnun sem ekki verði vefngd með skynsamlegum rökum sé komin fram um hvert það atriði sem varðar sekt ákærða.

2982. Endurupptökunefnd telur að samanburður og heildarmat á nýjum gögnum og upplýsingum, þar á meðal um málsmeðferð við rannsókn og dómsmeðferð, og þeim gögnum sem lágu fyrir Hæstarétti, hafi varpað nýju ljósi á svo mörg atriði í sönnunarmati í þeim þætti málsins sem varðaði aðild endurupptökubeiðanda að atlögu að Guðmundi Einarssyni að telja verði að hin nýju gögn hefðu verulega miklu skipt fyrir niðurstöðu málsins hvað endurupptökubeiðanda varðar ef þau hefðu komið fram áður en dómur gekk. Endurupptökunefnd telur að í mjög mörgum atriðum hafi vantað upp á að endurupptökubeiðandi nyti þess margvíslega vafa sem uppi var um málsatvik og að verulegar líkur hafi verið leiddar að því að sönnunargögn sem færð voru fram í málinu hafi verið rangt metin svo að áhrif hafi haft á niðurstöðu þess. Endurupptökunefnd telur því að fullnægt sé skilyrðum endurupptökuheimildanna í a-, c- og d-liðum 1. mgr. 211. gr. laga um meðferð sakamála og veitir því leyfi á grundvelli 1. mgr. 215. gr. sömu laga til að þessi þáttur málsins verði tekinn til meðferðar og dómsuppsögu að nýju í Hæstarétti.

VIII.5 Atriði sem varða sérstaklega endurupptöku dóms Hæstaréttar í Geirfinnsmáli

VIII.5.1 Um upphaf málsins og almennt um þróun framburða

2983. Dómfelldu Guðjón, Kristján Viðar og endurupptökubeiðandi voru ákærðir fyrir að hafa aðfaranótt miðvikudagsins 20. nóvember 1974 í félagi ráðist á Geirfinn Einarsson, þá til heimilis að Brekkubraut 15, Keflavík, í Dráttarbrautinni í Keflavík og misþyrmt honum þar svo, að hann hlaut bana af. Jafnframt var þeim gefið að sök að hafa flutt lík Geirfinns eins og síðar verður fjallað nánar um. Með dómi Hæstaréttar voru þeir síðan dæmdir fyrir brot á 218. og 215. gr. almennra hegningarlaga, með því að verða Geirfinni Einarssyni að bana aðfaranótt 20. nóvember 1974 með ofsafenginni líkamsárás þar sem afleiðingin var virt þeim til stórfellds gáleysis.
2984. Fyrir liggur að lögreglan í Keflavík hóf rannsókn á hvarfi Geirfinns Einarssonar strax í kjölfar þess að hann hvarf í nóvember 1974. Rannsóknin leiddi meðal annars í ljós að hann fór að heiman frá sér um klukkan 22:15 í kjölfar símhringingar. Talið var að hringt hefði verið í Geirfinn úr síma í Hafnarbúðinni. Leit að Geirfinni bar ekki árangur og lögreglu varð ekkert ágengt í að rekja hvarf hans til saknæmrar háttsemi þótt vísbendingar hefðu legið fyrir um það. Þrálátar sögur fóru á kreik um hvað orðið hefði af Geirfinni og voru einstaklingar sem tengdust veitingahúsinu Klúbbnum og fleiri nafngreindir menn bendlaðir við hvarf hans. Sögurnar tengdust einkum smygli á áfengi. Fóru sögur þessar svo hátt að sumir þessara manna óskuðu eftir rannsókn til að hreinsa þá af slíkum ásökunum. Rannsókn lögreglunnar í Keflavík var hætt um sumarið 1975 þar sem lögregla var engu nær um með hvaða hætti Geirfinnur hefði horfið. Maður að nafni [GuA] var tekinn til skýrslutöku haustið 1975 þar sem haft hafði verið eftir honum að hann hefði orðið vitni að því að Geirfinnur hefði drukknað í sjóferð sem farin hefði verið til að sækja smyglað áfengi. Hann neitaði allri vitneskju um hvarf Geirfinns og þótti framburður hans ekki gefa tilefni til frekari rannsóknar.

2985. Fyrirliggjandi gögn bera með sér að rannsóknargögn úr Keflavíkurannsókninni voru send ríkissaksóknara um áramótin 1975–1976 og voru komin til sakadóms Reykjavíkur 5. janúar 1976. Ljóst er að hugmyndir um tengsl Guðmundarmálsins og Geirfinnsmálsins voru komnar fram um þetta leyti þar sem þær voru settar fram í blaðfrétt sem birtist 9. janúar 1976. Dómfellda Erla var í sambandi við lögreglumenn um miðjan janúar og bar um að hún hefði fengið nafnlaus símtöl sem vakið hefðu hjá henni hræðslu. Hún gaf síðan skýrslu þar að lútandi 21. og 23. janúar 1976. Þá bar hún jafnframt um að hafa farið með endurupptökubeiðanda og dómfellda Kristjáni Viðari og meðal annarra þeim Magnúsi Leópoldssyni og Einari Bollasyni til Keflavíkur kvöldið sem Geirfinnur hvarf. Dómfellda Erla bar síðar að eftir að hún hafði verið látin laus úr gæsluvarðhaldi fyrir jólin 1975 hafi hún haft talsvert samband við rannsóknarlögreglumenn þá sem voru að rannsaka Guðmundarmálið. Í samtali við lögreglumann milli jóla og nýárs hafi hann byrjað að tala um Geirfinnsmálið við hana. Hafi hún sagt eitthvað sem hafði verið skilið þannig að hún vissi eitthvað um málið. Í kjölfarið hafi fulltrúi yfirsakadómarara heimsótt hana með umræddum lögreglumanni og spurt hana í þaula. Með hliðsjón af því að reki var gerður að því að fá gögn úr Keflavíkurannsókninni í sakadóm Reykjavíkur fyrir eða um áramótin 1975–1976 liggur ekki ljóst fyrir hvort dómfellda Erla hafði frumkvæðið af því að ræða við lögreglu um hvarf Geirfinns eða hvort hugmynd um tengsl málanna var komin frá rannsóknarmönnum sakadóms. Hins vegar er ljóst að tenging Magnúsar Leópoldssonar og Sigurbjörns Eiríkssonar við hvarf Geirfinns var ekki ný af nálinni og lögreglu löngu kunn áður en framburður dómfelldu Erlu kom til. Fyrir liggur að lögregla tók framburð dómfelldu Erlu svo alvarlega að 26. janúar 1976 voru tveir vopnaðir verðir á heimili móður dómfelldu Erlu, þar sem hún bjó þá ásamt kornungri dóttur sinni í aðdraganda handtöku Magnúsar Leópoldssonar, Einars Bollasonar, Valdimars Olsen og stuttu síðar Sigurbjörns Eiríkssonar. Það styrkti mjög trúverðugleika hinna röngu sakargifta sem hún bar á umrædda menn að hún bar um að hún sjálf og dómfelldi Kristján Viðar og endurupptökubeiðandi hefðu verið með í för. Þannig tengdi hún þau þrjú frá öndverðu við refsiverða háttsemi.
2986. Það einkennir allar skýrslur þar sem greint er frá yfirheyrslum yfir dómfelldu Erlu er hversu nákvæmar og myndrænar frásagnir hennar af málsatvikum voru. Í mörgum tilvikum lýsti hún ýmsum smáatriðum sem erfitt er að ímynda sér að annar en sá sem hefur verið á staðnum gæti greint frá. Það dregur hins vegar stórlega úr trúverðugleika þessara nákvæmu frásagna að hún virðist hafa lýst jafn nákvæmlega öðrum atvikum sem síðar kom í ljós að gátu ekki staðist og samræmdust engan veginn öðru því sem hún hafði borið um. Framburðir dómfelldu Erlu virðast þó oft og tíðum hafa haft mikil áhrif á framgang rannsóknarinnar og orðið liður í rannsóknartilgátum um lengri eða skemmri tíma. Verður jafnframt ekki hjá því komist að álykta að lögregla hafi borið framburði dómfelldu Erlu undir aðra dómfelldu og framburðir hennar sett mark sitt á framburði þeirra.
2987. Hafa verður í huga að dómfellda Erlu lýsti lengst af aðkomu sinni að atburðum við Dráttarbrautina þannig að hún hefði verið vitni að atlögu að Geirfinni en bar þó um tíma að hafa skotið Geirfinn í höfuðið. Þá lýsti hún aðkomu dómfelldu Kristjáns

Viðars og endurupptökubeiðanda lengst af þannig að þeir hafi verið fengnir til að aðstoða menn sem áttu í viðskiptum með smyglað áfengi. Smám saman fóru dómfelldi Kristján Viðar og endurupptökubeiðanda þó að fá stærra hlutverk í frásögn hennar af smyglviðskiptum og atlögu að Geirfinni.

2988. Dómfelldi Kristján Viðar og endurupptökubeiðandi könnuðust fljótlega við að hafa farið í umrædda ferð til Keflavíkur. Framburðir þeirra um ferð til Keflavíkur kvöldið sem Geirfinnur hvarf, samskipti við Geirfinn og fyrirhuguð viðskipti með smyglað áfengi voru í samræmi við þær rannsóknartilgátur sem lögregla virðist hafa lagt af stað með í rannsókninni. Eftir að fjórmenningarnir, sem hnepptir höfðu verið í gæsluvarðhald á grundvelli framburða endurupptökubeiðanda og dómfelldu Erlu og Kristjáns Viðars, voru leystir úr gæsluvarðhaldi í maí 1976 stóðu rannsóknaraðilar frammi fyrir því að botninn var dottinn úr rannsókninni. Þá hafði dómfellda Erla borið að hafa sjálf, fyrir orð endurupptökubeiðanda, banað Geirfinni með riffilskoti og hafði verið úrskurðuð í gæsluvarðhald að nýju. Rannsóknarmenn virðast þó ekki hafa lagt trúnað á þann framburð.
2989. Rannsóknarmenn brugðu á það ráð sumarið 1976 að samprófa dómfelldu, ítrekað og lengi í senn, í þeim tilgangi að ná samræmi í framburði þeirra. Sem fyrr segir var ekkert skráð um það sem fram fór í þessum samprófunum. Endurupptökunefnd telur verulegan vafa leika á um að framburðir dómfelldu eftir þessa samprófunarlotu geti hafa endurspeglad raunverulegar minningar þeirra. Síðla sumars 1976 þegar Karl Schütz tók við stjórn rannsóknarinnar höfðu dómfelldi Kristján Viðar og endurupptökubeiðandi verið í meira en sjö mánaða samfelldri einangrun. Samhliða einangruninni höfðu dómfelldu verið beittir ýmiss konar harðræði, eins og áður hefur verið gerð grein fyrir, sem gerði langa einangrunarvist þeirra enn þungbærari.
2990. Brotthvarf fjórmenninganna úr hópi grunaðra breytti mörgu varðandi hina ætluðu atburðarás. Allar þær bifreiðar sem fjórmenningarnir áttu að hafa ekið hurfu úr framburðum dómfelldu en eftir stóð að leiða í ljós hvernig dómfelldu komust til Keflavíkur. Rannsóknarmenn virðast hafa einblínt á að dómfelldu hefðu farið til Keflavíkur á sendiferðabifreið og fólksbifreið og mikil áhersla var lögð á að fá skýringar á því hverjir hefðu ekið þessum bifreiðum. Þar komu dómfelldu Kristján Viðar og endurupptökubeiðandi tæplega til greina þar sem þeir höfðu ekki ökuréttindi. Dómfelldu, og þá sérstaklega þau Erla og endurupptökubeiðandi, nefndu þá enn fleiri sem þau töldu að hefðu verið í eða við Dráttarbrautina í Keflavík kvöldið sem Geirfinnur hvarf. Meðal þeirra sem dómfellda Erla og endurupptökubeiðandi nefndu að lokum til sögunnar voru vitnið [SÓH] sem þau báru að hefði útvegað og ekið sendiferðabifreiðinni og dómfelldi Guðjón sem þau báru að hefði ekið fólksbifreiðinni og fékk stórt hlutverk í frásögnum þeirra. Að lokum báru þau um að hann hefði verið þátttakandi í atlögunni að Geirfinni og einn aðalmanna í hinum fyrirhuguðu viðskiptum með smyglað áfengi.
2991. Ljóst er að dómfellda Erla og endurupptökubeiðandi virðast aldrei hafa hikað við að bendla menn við ferðina til Keflavíkur og um þátttöku í atlögu að Geirfinni, hvort sem það var að eigin frumkvæði eða að nöfn hafi verið borin undir þau af

rannsóknarmönnum. Virðast þau bæði hafa átt afar auðvelt með að skálda upp slíkar sögur eins og þau viðurkenndu reyndar fyrir rannsóknarmönnum. Ekki þykir útilokað að í einhverjum tilvikum hafi ástæðan fyrir öllum þessum frásögnum verið vilji þeirra til að gera minna úr eigin þætti í því broti sem þau voru grunuð um eða jafnvel að afvegaleiða rannsóknarmenn. Jafn líklegt er þó að þau hafi eftir langa einangrun látið undan þrýstingi rannsóknarmanna um að gefa skýringar á því hvernig þau komust til Keflavíkur á tveimur bifreiðum eða hreinlega bent á aðra í þeirri von að losna úr einangrun í Síðumúlafangelsinu. Í ljósi þess fjölda manna sem dómfelldu höfðu nefnt til sögunnar og þeirrar staðreyndar að fjórir menn höfðu setið í gæsluvarðhaldi að ósekju mánuðum saman vegna framburða þeirra var full ástæða fyrir rannsóknarmenn og síðar dómara að tortryggja framburði þeirra.

2992. Dómfelldu gáfu fjölmargar og ólíkar skýringar á því hvað Geirfinni varð að bana. Sem dæmi má nefna að samkvæmt framburðum þeirra hafði hann drukknað við köfun, fallið útbyrðis af báti, verið skotinn, fallið ofan af hamri eða látist í átökum sem þau staðsettu á ýmsum stöðum, svo sem í báti, á bryggju eða við Dráttarbrautina.
2993. Við mat á trúverðugleika játninga dómfelldu verður að hafa í huga að þau höfðu þegar játað á sig önnur alvarleg brot og horfðu fram á langa fangelsisdóma vegna þeirra. Þar sem gögn málsins bera með sér að fyrirkomulag gæsluvarðhalds hafi í mörgum tilvikum ráðist af því hversu samvinnuþýð dómfelldu voru, höfðu þau þegar leið á einangrunarvistina ástæður til að ætla að þeim yrði haldið áfram í einangrun þar til fyrir lægi samræmd og nákvæm játning. Dómfelldi Kristján Viðar hafði áður afplánað fangelsisdóma og endurupptökubeiðandi hafði áður kynnst gæsluvarðhaldsvist. Tilhugsunin um að komast úr einangrun í slíka afplánun eða lausagæslu kann að hafa hvatt þá til að bera í samræmi við þær rannsóknartilgátur sem þeim mátti vera ljóst að rannsóknarmenn unnu eftir. Í skráðum framburðarskýrslum eru fjölmargar vísbendingar um að framburðir dómfelldu hafi ekki verið byggðir á minningum þeirra heldur fremur á viðurkenningu á því sem rannsóknarmenn báru undir þau hvort sem það voru valdir hlutar úr framburðum annarra dómfelldu eða tilgátur rannsóknarmanna. Víða í gögnum málsins er vikið að undarlegu minnisleysi dómfelldu um umrædda atburði. Sem dæmi má nefna að í dagbók dómfellda Guðjóns gefur að líta færslur sem styðja vafa hans um að hafa farið til Keflavíkur kvöldið sem Geirfinnur hvarf og um þátttöku hans í atlögu að Geirfinni.

VIII.5.2 Framburður dómfelldu og lykilvitna og trúverðugleiki játninga og afturkallana

2994. Sakfellingardómur Hæstaréttar yfir dómfelldu í Geirfinnsmálinu byggðist sem áður segir fyrst og fremst á játningum allra dómfelldu á rannsóknarstigi, bæði í yfirheyrslum hjá lögreglu og fyrir dómi. Sakfelling hvað varðar hina meintu atlögu að Geirfinni var jafnframt studd framburðum vitna, þar á meðal dómfelldu Erlu og vitnanna [SÓH], [ÞÓI], [GSJ] og [ÁR]. Í ljósi umfjöllunar Hæstaréttar um játningar dómfelldu, svo og afturhvarf þeirra frá játningum, taldi endurupptökunefnd nauðsynlegt að fara ofan í saumana á hvenær og hvernig játningar dómfelldu komu til. Jafnframt taldi endurupptökunefnd nauðsynlegt að skoða nánar hvenær dómfelldu afturkölluðu fyrst framburði sína og hver hafi verið aðdragandinn að því.

VIII.5.2.a Framburður endurupptökubeiðanda

2995. Í fyrstu yfirheyrslum vegna málsins, 21. til 25. janúar 1976, bar endurupptökubeiðandi um að hafa verið staddur í Keflavík í þeim tilgangi að taka þátt í áfengissmygli. Bar hann í öllum meginatriðum um aðild sína sem sjónar- eða heyrnarvottur að atburðum þegar Geirfinnur hefði farið um borð í bát ásamt fleirum til að sækja áfengi á sjó en fallið útbyrðis af slysförum. Leiddu framburðir dómfellda meðal annars til handtöku fjögurra manna sem í kjölfarið voru úrskurðaðir í gæsluvarðhald.
2996. Þegar endurupptökubeiðandi kom fyrst fyrir dóm vegna málsins, 1. apríl 1976, var hann með réttarstöðu vitnis og hafði í millitíðinni verið ítrekað til yfirheyrslu hjá lögreglu án þess að um það hafi verið bókað. Lýsti hann því yfir fyrir dómi að framburðir hans hefðu ekki verið byggðir á hans vitneskju eða reynslu heldur hefði dómfellda Erla greint honum frá öllum atvikum. Hann hefði fengið þær upplýsingar frá rannsakendum að dómfellda Erla hefði orðið fyrir ónæði vegna málsins og því hefði hann gefið framburð til að lögreglu væri unnt að rannsaka málið. Endurupptökubeiðandi var sviptur öllum hefðbundnum aðbúnaði gæsluvarðhaldsfranga frá og með 25. apríl 1976 og liggur fyrir að það var gert á þeim grundvelli að hann væri að ljúga annan úr og annan í við yfirheyrsluaðila eins og það var orðað í færslu forstöðumanns í dagbók Síðumúlafangelsisins þann dag. Að mati endurupptökunefndar bera fyrirbyggjandi gögn með sér að endurupptökubeiðandi hafi frá þeim tíma sætt harðræði sem stóð fram á haust sama ár. Í kjölfar samprófunar með dómfelldu Erlu og Kristjáni Viðari 7. maí 1976 bar endurupptökubeiðandi um aðdraganda ferðarinnar til Keflavíkur en lýsti síðan atburðum í Dráttarbrautinni sem sjónarvottur. Hann sagði að á annan tug manna hefðu verið á staðnum þar sem maður, sem hann hefði ekki þekkt, hefði verið skotinn með riffli. Tveimur dögum síðar var fjórmeningunum sleppt úr gæsluvarðhaldi og var endurupptökubeiðandi þá ítrekað til yfirheyrslna, viðtala og samprófana án þess að gerðar hefðu verið skriflegar skýrslur. Í samtali við fangavörð í ágúst 1976 benti endurupptökubeiðandi á leiðir til að færa sönnur á sakleysi sitt í málinu og kvaðst hafa alla sína vitneskju um málið frá nafngreindum kunningja sínum og dómfelldu Erlu. Þá lýsti hann því yfir í skýrslu hjá lögreglu 19. ágúst 1976 að hann væri rangi maðurinn í þessu máli. Ítrekaði hann sakleysi sitt í lögregluskýrslu 22. október 1976 en þá neitaði hann því alfarið að hafa verið í Keflavík umrætt sinn og að hafa nokkra vitneskju um málið.
2997. Vending varð í framburði endurupptökubeiðanda 27. október 1976 en þá gaf hann ítarlegan framburð um atvik málsins allt frá undirbúningi ferðarinnar til Keflavíkur fram að því að Geirfinnur lá hreyfingarlaus í Dráttarbrautinni eftir átök við nokkra menn. Lýsti hann allri aðkomu sinni að málinu sem sjónar- og heyrnarvottur. Daginn eftir, 28. október 1976, bar hann svo í fyrsta skipti um aðild sína að atlögu að Geirfinni en lýsti aðkomu sinni að flutningi á líki Geirfinns að Grettisgötu 82 og í Grafning sem sjónarvottur. Á þeim tíma hafði endurupptökubeiðandi setið óslitið í gæsluvarðhaldi og einangrun í Síðumúlafangelsinu í 333 daga. Upp frá því bar endurupptökubeiðandi með svipuðum hætti um málsatvik og játaði aðild sína að flutningi og greftrun á líki Geirfinns. Gaf hann þó hinar ýmsu lýsingar á átökum við Geirfinn og þeim stöðum sem lík Geirfinns átti að hafa verið grafið. Hinn 13. september 1977 dró hann

framburð sinn til baka fyrir dómi og lýsti því yfir að hann væri rangur og byggður á sögusögnum rannsóknarlögreglumanna sem hefðu þróast með rannsókn málsins.

VIII.5.2.b Framburður dómfellda Kristjáns Viðars

2998. Dómfelldi Kristján Viðar var tekinn til yfirheyrslu 23. janúar 1976 með réttarstöðu grunaðs manns og kynnt að tilefnið væri grunur um að hann kynni að vera viðriðinn hvarf eða vita um hvarf Geirfinns Einarssonar. Í þeirri skýrslu játaði dómfelldi að hafa farið til Keflavíkur og verið þar ásamt nokkrum hópi manna niður við sjó og nafngreindi hann dómfelldu Erlu, endurupptökubeiðanda og Einar Bollason. Hann greindi hins vegar hvorki frá saknæmum atburðum né tengdi förina við hvarf Geirfinns. Eftir handtöku fjórmeninganna 27. janúar 1976 var dómfelldi á ný tekinn til yfirheyrslu og bar þá um eigin þátttöku í sjóferð út að bauju þar sem áfengi hefði verið bundið við. Átök hefðu brotist út í bátnum milli manns, sem hann bar kennsl á sem Geirfinn af ljósmynd sem honum var sýnd, og Einars Bollasonar, Magnúsar Leópoldssonar og Sigurbjörns Eiríkssonar. Dómfelldi kvaðst hafa blandað sér eitthvað í átökin Geirfinni til hjálpar. Er í land hefði verið komið hefði Geirfinnur verið vafinn inn í plast og settur inn í sendiferðabifreiðina.
2999. Í yfirheyrslu 2. mars 1976 dró dómfelldi allan framburð sinn til baka og tók fram að hann hefði ekki orðið sjónarvottur að átökum við Geirfinn og aldrei litið hann augum. Dómfelldi breytti framburði sínum á ný 9. mars 1976 og kvaðst hafa farið til Keflavíkur í Dráttarbrautina og verið þar ásamt hópi manna en bar einvörðungu um málsatvik sem sjónarvottur en að það sem fram hefði farið hefði varðað við lög. Næst gaf dómfelldi skýrslu 18. mars 1976 og bar um að hafa átt hlut að því að setja einhvern varning í sendiferðabifreið. Þá bar hann 20. apríl 1976 um að hafa verið sjónarvottur að því að hópur manna hefði slegið hring um skelfdan mann sem hefði svo legið örendur eftir, auk þess sem dómfelldi hefði tekið þátt í burði á smyglvarningi.
3000. Samkvæmt þessu bar dómfelldi ekki um aðild sína að því að bana Geirfinni á fyrstu mánuðum rannsóknar Geirfinnsmálsins hjá lögreglunni í Reykjavík. Slíkan framburð lét hann ekki í té fyrr en 9. og 10. nóvember 1976 er hann bar um að hafa lent í átökum við Geirfinn en á þeim tíma var meint atburðarás að færast í það horf sem lagt var til grundvallar í ákæru. Þegar dómfelldi játaði sök var hann búinn að vera í tíu mánuði og 17 daga í gæsluvarðhaldi og einangrun. Dómfelldi bar síðan ekki gegn þátttöku í atlögu að Geirfinni fyrr en 6. júlí 1977 er hann sneri blaðinu við í samprófun við dómfelldu Erlu fyrir dómi. Hann hafði þá þegar játað fyrir dómi eftir útgáfu ákæru, 12. maí 1977, að eiga hlut að árás á Geirfinn.
3001. Þegar lagt er mat á trúverðugleika framburða dómfellda Kristjáns Viðars sýnist óhjákvæmilegt að horfa til þess að auk þeirra frásagna, sem lagðar voru til grundvallar sakfellingu hans, lét hann í té töluverðan fjölda mismunandi framburða sem höfðu á sér mikinn ólíkindablæ en atvik þó rakin með sömu eða svipaðri nákvæmni eins og þau málsatvik sem sakfellt var fyrir. Í framburðum dómfellda Kristjáns Viðars 9. og 10. nóvember 1976, þegar hann játaði loks aðild sína að atlögunni að Geirfinni, kom fram fjöldi atriða sem ekki samræmdust þeirri atburðarás sem síðar var lögð til grundvallar. Þannig bar hann um að Sigurbjörn Eiríksson hefði verið í Dráttarbrautinni

og um spírabrúsa sem komið hefði verið fyrir á Grettisgötu 82. Í þessu sambandi má jafnframt nefna tvö manndráp sem hann bar um að hafa framið, en um þau bar hann 8. desember 1976 og aftur 27. janúar 1977. Í síðara skiptið taldi hann skýringuna á því að dómfelldu vildu ekki segja frá þeim stað, sem líki Geirfinns hefði verið komið fyrir á, vera þá að þar væru fjögur lík falin. Takmarkaður trúnaður virðist hafa verið lagður á þessa framburði, sérstaklega frásögn sem laut að því að amma hans hefði tekið þátt í að hluta annað líkið í sundur. Rannsóknarlögreglumaður sá ástæðu til að bóka um framburðinn að sannleiksgildi hans væri vafasamt. Ekki liggja fyrir upplýsingar um að þeir framburðir hafi leitt til frekari rannsókna. Eins má geta þess að dómfelldi bar um að Geirfinnur hefði beðið bana á mjög margvíslegan hátt, fallið útbyrðis, verið barinn til dauða af hópi manna, skotinn eða fallið fram af hamri. Loks bar hann um að mjög margir hefðu átt hlut að máli í ferðinni til Keflavíkur og það mun fleiri en títtnefndir fjórmenningar. Virðist dómfelldi hafa verið svo sannfærður um framburð sinn í þessu tilliti að hann rakti orðrétt samtöl milli manna og bauðst til að vinna eið að framburði sínum í einu tilviki. Í hópi þessara manna voru bæði þjóðþekktir einstaklingar en einnig menn sem dómfelldi þekkti persónulega, þar á meðal fangavörður.

3002. Svo sem fyrr greinir liggur fyrir að dómfelldi Kristján Viðar gerði tvívegis tilraunir til að svipta sig lífi, annars vegar 24. desember 1976 og hins vegar 5. janúar 1977. Í skýrslur rannsóknarmanna voru ítrekað skráðar athugasemdir um slæmt andlegt ástand hans á þeim tíma sem játningar hans voru að koma fram í Geirfinnsmálinu. Þannig var bókað í samantektarskýrslu rannsóknarlögreglumanns 27. janúar 1977: „Fram kom að Kristján Viðar hafi verið í mjög slæmu sálarlegu ástandi.“
3003. Í dómi Hæstaréttar er ekki vikið að áhrifum þessara fjölmörgu, mótsagnakenndu og ólíkindalegu framburða dómfellda Kristjáns Viðars og bágborins andlegs ástands á mat á trúverðugleika játninga hans. Þess er þó getið að rangir og reikulir framburðir ýmissa þeirra sem rannsókn beindist gegn hafi valdið þeim sem með rannsókningu fóru miklum örðugleikum.

VIII.5.2.c Framburður dómfellda Guðjóns

3004. Dómfelldi Guðjón var handtekinn og færður í Síðumúlafangelsið 12. nóvember 1976 en lögreglan hafði þá lengi grunað hann um að eiga aðild að Geirfinnsmálinu. Þegar hann var handtekinn voru dómfelldu Erla, Kristján Viðar og endurupptökubeiðandi öll búin að bera ítarlega um aðild hans að málinu. Yfirheyrslur yfir dómfellda voru frá öndverðu miklu markvissari og beinskeyttari en yfir öðrum dómfelldu þar sem frásögn þeirra af málsatvikum hafði tekið miklum breytingum frá fyrstu framburðum í janúar 1976.
3005. Fyrsta rannsóknargagnið um framburð dómfellda Guðjóns um aðild að Geirfinnsmálinu er samantektarskýrsla frá 28. nóvember 1976, rituð af Karli Schütz sem fór með dómfellda og rannsóknarlögreglumönnum til Keflavíkur með viðkomu á Vatnsstíg í Reykjavík sama dag. Fram kom í skýrslunni að ferð þessi hefði verið farin að ósk dómfellda Guðjóns. Bókað var að dómfelldi hefði ekkert kannast við sig á Vatnsstíg en minntist ferðar til Keflavíkur á Volkswagen bifreið stuttu eftir reynsluakstur Land Rover bifreiðar dómfelldu Erlu og endurupptökubeiðanda, og hafi

þau tvö mögulega verið með í för til Keflavíkur. Umræddan reynsluakstur taldi hann hafa átt sér stað í byrjun nóvember þetta ár. Ekki mundi hann eftir þessari ferð að öðru leyti en því að hann grunaði að hafa ekið Aðalgötuna í Keflavík og lýsti því hvernig farþegar bifreiðarinnar fóru úr henni stutta stund og eins orðaskiptum þegar stöðvað hafi verið til að kaupa bensín. Dómfelldi kannaðist hvorki við Hafnarbúðina eða Dráttarbrautina né að hafa lent í slagsmálum við mann í Keflavík. Fram kom í skýrslunni að í þeirri ferð sem farin var með dómfellda hefði verið komið við á Grettisgötu 82 en dómfelldi borið um að hafa aldrei komið þar inn.

3006. Degi síðar, 29. nóvember 1976, bar dómfelldi um að ferð þessi til Keflavíkur kynni að hafa verið farin 19. nóvember 1974 og eins um að hafa hitt endurupptökubeiðanda á Mokka degi síðar sem hafi sagt honum að nú væri bara að þegja. Farþegar bifreiðarinnar gætu hafa verið auk endurupptökubeiðanda, dómfelldu Erla og Kristján Viðar. Gat hann þess að bifreiðin hefði verið ljósblá Volkswagen bifreið sem gæti hafa verið frá bílaleigu. Þá bar hann um samskipti farþeganna nærri Hafnarbúðinni og fleiri viðkomustöðum. Enga hugmynd hafði hann um tilgang ferðarinnar og ekki gat hann rifjað upp hvað gerst hefði frekar í Keflavík en fyndist þó að einhver vitleysa hefði verið komin í málið. Bókuð voru hins vegar orðrétt eftir honum ummæli sem hann hafði eftir endurupptökubeiðanda á leiðinni til baka til Reykjavíkur um að nú væri hann orðinn samsekur um morð. Aðdraganda ferðarinnar rakti hann svo á ný í skýrslu 30. nóvember 1976 en bar þá sérstaklega um að þekkjja ekki dómfellda Kristján Viðar sem fjórða manninn sem hefði verið í bifreiðinni. Hvorki kannaðist hann við þátttöku í átökum né að hafa séð lík.
3007. Dómfelldi kom fyrir dóm 2. desember 1976 og bar um samskipti sín og dómfelldu Erlu og endurupptökubeiðanda 18. og 19. nóvember 1974 en neitaði því afdráttarlaust að fjórði maðurinn í Keflavíkurferð hefði verið dómfelldi Kristján Viðar auk þess sem hann taldi förina hafa verið farna á gamalli bifreið af amerískri gerð. Ekki vildi hann þvertaka fyrir að komið hefði verið við á Vatnsstíg á leiðinni til Keflavíkur og kvaðst minnst þess að orð hefði verið haft á því hvort sæist til ferða sendiferðabifreiðar. Dómfelldi lýsti svo ferðum innanbæjar í Keflavík en minntist hvorki að hafa tekið þátt í né verið sjónarvottur að átökum. Þegar þaðan var haldið hefði hann haft það á tilfinningunni að eitthvað hræðilegt hefði gerst. Hvarf Geirfinns hafi hann ekki sett í samband við þessa ferð enda ekkert kannast við hann.
3008. Dómfelldi Guðjón játaði að hafa átt þátt í atlögu að Geirfinni 8. desember 1976 í skýrslutöku sem stóð frá klukkan 22:25 til 04:10. Í þeim framburði komu fram atriði sem voru í stórum dráttum síðar lögð til grundvallar sakfellingu í málinu. Dómfelldi lýsti því að aðild hans að átökunum hefði falist í að taka í handlegg Geirfinns til að varna því að hann færi brott og svo rámaði dómfellda í að hafa tekið Geirfinn hálstaki. Dómfelldi gat hvorki sagt til um hlut annarra dómfelldu að átökunum né hvað hefði dregið Geirfinn til dauða. Í lok skýrslunnar nafngreindi hann dómfellda Kristján Viðar í fyrsta sinn sem fjórða manninn í bifreiðinni. Dómfelldi skýrði framburð sinn frekar með samantekt frá 14. desember 1976 sem hann ritaði að beiðni rannsóknar-lögreglumanns. Þar viðurkenndi hann að vera samsekur dómfellda Kristjáni Viðari og

endurupptökubeiðanda um dauða Geirfinns og að vel mætti vera að hann hefði veitt Geirfinni höfuðhögg með spýtu eða öðru barefli en um það gæti hann ekki sagt.

3009. Eftir þetta féll dómfelldi ekki frá því að hafa átt aðild að atlögu að Geirfinni meðan málið var til rannsóknar hjá lögreglu og fyrir dómstólum en lýsti aðild sinni frekar þannig að hann hefði lent í tuski við Geirfinn eða að hafa tekið hann hálstaki. Lýsing hans á málsatvikum var þó oft mjög varfærin og sló hann iðulega mikla varnagla við framburð sinn. Sem dæmi má nefna að hann tók ekki afstöðu til ákæruefna á hendur sér, þegar hann mætti til yfirheyrslu fyrir sakadómi eftir útgáfu ákæru, heldur bar um að hann vildi ekki viðurkenna ákæruefnin að svo stöddu. Í skýrslu fyrir dómi gerði hann að auki svo mikla fyrirvara við það sem hann hafði fram að færa og var svo lítt hnitmiðaður í framburði sínum að dómsformaður tók ákvörðun í miðri skýrslutökunni um að spurningar til dómfellda yrðu bókaðar og hann þannig krafinn svara um einstök atriði í málsatvikum. Með þessari aðferð gekkst dómfelldi smám saman við sakargiftum þótt hann kæmi því endurtekið skýrt til skila að hann hefði fengið upplýsingar um málsatvik frá rannsóknarmönnum málsins með einum eða öðrum hætti. Sem dæmi um svör hans við spurningum dómara um framburð hans samkvæmt lögregluskýrslu má nefna eftirfarandi: „Einhvern veginn urðum við að hafa þetta, við, sem settum saman skýrsluna.“
3010. Í dómi Hæstaréttar kemur fram að dómfelldi Guðjón hefði haldið fast við framburð sinn og er ljóst að það atriði vó þungt í rökstuðningi réttarins fyrir því að afturkallanir dómfellda Kristjáns Viðars og endurupptökubeiðanda á játningum sínum hefðu ekki verið marktækar. Að teknu tilliti til upplýsinga um framburði dómfellda Guðjóns og annarra fyrirbyggjandi gagna telur endurupptökunefnd að sú fullyrðing að hann hafi haldið fast við framburð sinn eigi vart við rök að styðjast. Þvert á móti bera gögn með sér að framburður hans var frá upphafi reikull, tók miklum breytingum í mikilvægum atriðum og að hann bar margoft fyrir sig minnisleysi. Jafnframt benda gögn málsins eindregið til þess að framburðir hans hafi verið byggðir á upplýsingum sem frá öðrum voru komnar eða voru svör við afar leiðandi spurningum rannsóknarmanna.
3011. Eins og grein er gerð fyrir í dómi Hæstaréttar, og verður enn skýrar ráðið af rannsóknargögnum, átti dómfelldi Guðjón frá upphafi afar erfitt með að muna hvort hann hefði verið í Dráttarbrautinni í Keflavík kvöldið sem Geirfinnur hvarf og um meinta atlögu að honum þar. Almennt séð var dómfelldi hins vegar talinn hafa gott minni. Dagbókarfærslur dómfellda í Síðumúlafangelsinu varpa mjög skýru ljósi á minnisleysi hans um atburði í Keflavík, aðdraganda þeirra og eftirmál. Hafa verður í huga að þegar dómfelldi Guðjón var hnepptur í gæsluvarðhald höfðu þrjú dómfelldu borið um aðild hans að ferð til Keflavíkur umrætt kvöld og um þátt hans í atlögu að Geirfinni, auk þess sem bent hafði verið á hann sem einn af skipuleggjendum fyrirhugaðra áfengisviðskipta. Á þeim tíma hafði Karl Schütz tekið við stjórn rannsóknarinnar en fram kom í skýrslum hans til dómsmálaráðherra að áhersla væri lögð á að „útrýma ósamræmi í framburðum“ og „styrkja játningar“. Dómfelldi var úrskurðaður í gæsluvarðhald og bera gögn málsins með sér að honum hafi liðið mjög illa strax við upphaf einangrunarvistarinnar. Ætla má að sú vitneskja dómfellda

Guðjóns að aðrir dómfelldu höfðu þá setið í gæsluvarðhaldi í tæpt ár hafi haft þar talsverð áhrif.

3012. Þeirri rannsóknaraðferð var beitt gagnvart dómfellda Guðjóni, sérstaklega í nóvember og desember 1976, að sami rannsóknarlögreglumaðurinn ræddi löngum stundum við dómfellda og spurði hann leiðandi spurninga þar sem gengið var út frá því að framburður annarra dómfelldu um aðild hans að Geirfinnsmálinu væru réttir. Um þessi samskipti ritaði rannsóknarlögreglumaðurinn ýmist skýrslur eða minnispunkta. Dómfelldi Guðjón tók því lengi vel fjarri að hafa átt aðild að hvarfi Geirfinns. Samanburður á rannsóknargögnum og dagbókum dómfellda Guðjóns gefur sterka vísbendingu um að við þessar aðstæður hafi sannfæringarkraftur lögreglumanna, mikill þrýstingur á hann að játa og sú staðreynd að þrjú dómfelldu höfðu borið um ferðir hans til Keflavíkur, haft þau áhrif að hann hafi farið að efast um eigin minningar. Niðurstöður sálfræðinganna Gísla H. Guðjónssonar og Jóns Friðriks Sigurðssonar um áreiðanleika framburða dómfellda Guðjóns í skýrslu starfshóps innanríkisráðherra styðja þetta álit endurupptökunefndar. Endurupptökunefnd telur því að Hæstiréttur hafi ekki látið dómfellda Guðjón, og þar með aðra dómfelldu, njóta þess réttmæta vafa sem var til staðar um áreiðanleika játninga hans. Telur endurupptökunefnd að þetta sé eitt þeirra atriða sem skipti miklu máli við mat á því hvort verulegar líkur séu á að sönnunargögn í málinu hafi verið rangt metin svo áhrif hafi haft á niðurstöðu málsins hvað varðar dómfellda Guðjón, Kristján Viðar og endurupptökubeiðanda.

VIII.5.2.d Framburður dómfelldu Erlu

3013. Dómfellda Erla hafði í upphafi stöðu vitnis í Geirfinnsmálinu. Þeirri réttarstöðu var breytt í stöðu sakbornings eftir að hún bar í byrjun maí 1976 um að hafa orðið Geirfinni að bana með ríffilskoti en þann framburð dró hún síðar til baka í september 1976. Hún var ákærð fyrir að hafa með liðsinni sínu, leitast við að afmá ummerki um manndráp og að hafa gerst sek um hlutdeild í manndrápi svo og tálmun rannsóknar. Hún var sýknuð af þeim brotum í Hæstarétti og jafnframt sýknuð af varakröfu ákærvaldsins um að henni yrði refsað samkvæmt 2. mgr. 221. gr. almennra hegningarlaga þar sem sú krafa var ekki talin rúmast innan verknaðarlýsingar ákæruskjals. Hún var sakfelld fyrir rangar sakargiftir.
3014. Dómfellda Erla hafði verið frjáls ferða sinna frá 20. desember 1975 þegar hún mun hafa haft samband við lögreglu um miðjan janúar 1976 og sagst vera hrædd vegna símhringinga sem hefðu valdið henni ónæði. Í yfirheyrslu hjá lögreglu 21. janúar 1976 nefndi hún nöfn þriggja manna og kvaðst setja hræðslu sína við þessa menn í samband við Geirfinnsmálið. Bar hún um ferð til Keflavíkur ásamt endurupptökubeiðanda og sagði hann hafa farið um borð í bát ásamt einhverjum manni og Geirfinni, en sá síðastnefndi hafi ekki komið aftur í land. Þá bar hún um veru dómfellda Kristjáns Viðars á staðnum. Tveimur dögum síðar bar hún á sama veg en með nákvæmari hætti, lýsti smáatriðum og aðstæðum öllum nákvæmlega. Bar dómfellda um aðkomu endurupptökubeiðanda og dómfellda Kristjáns Viðars að málinu og greindi frá því að hafa haft það á tilfinningunni á leiðinni til Keflavíkur að stytta ætti henni aldur.

Jafnframt bar hún um, fyrst dómfelldu, að rætt hefði verið um að drepa ætti mann með því að fara með hann út á sjó undir því yfirskeyni að hann ætti að sækja eitthvað. Rannsóknaraðilar virðast hafa talið hættu steðja að lífi dómfelldu Erlu vegna málsins en vopnaðir verðir gættu hennar 26. janúar 1976 þegar handtökur þriggja manna fóru fram vegna málsins. Hinn 3. febrúar 1976 breytti dómfellda framburði sínum en hélt þó áfram að lýsa atburðum mjög nákvæmlega og í smáatriðum. Greindi hún ítarlegar frá aðdraganda ferðarinnar til Keflavíkur og nefndi fyrst dómfelldu viðkomu á Vatnsstíg þar sem dómfelldi Kristján Viðar hefði komið inn í bifreiðina. Hinn 1. mars 1976 var dómfellda til viðtals hjá lögreglu og var haft eftir henni að hún héldi sem fyrr fast við framburð sinn.

3015. Fyrir dómi 30. mars 1976 bar dómfellda um ferðina en lýsti atvikum með þeim hætti að hún hefði ekki orðið vitni að neinum atburðum. Þegar lýst hefði verið eftir Geirfinni í kjölfarið hefði hún þó gert sér grein fyrir því hvað hafi verið um að vera. Næsta formlega skýrsla af dómfelldu var 3. maí 1976 en þann dag bar hún ítarlega um aðdraganda ferðarinnar til Keflavíkur og hvernig endurupptökubeiðandi hefði lagt ríffil í hendur hennar. Lýsti dómfellda því í smáatriðum þegar hún hleypti af skoti á mann í fjörunni sem hefði látist samstundis. Var dómfellda Erla úrskurðuð í gæsluvarðhald í framhaldinu. Næsta formlega skýrsla var ekki tekin af dómfelldu fyrr en 1. september 1976, tæpum fjórum mánuðum síðar. Í millitíðinni sætti hún ítrefuðum yfirheyrslum, viðtölum og sampröfunum við aðra dómfelldu vegna málsins.
3016. Hinn 14. ágúst 1976 ritaði hún bréf til fulltrúa yfirsakadómara og dró framburð sinn til baka. Kvaðst hún hafa vakið athygli á málinu til að vekja athygli á sjálfri sér og sagði framburð sinn tilbúning og uppspuna. Strax daginn eftir tók hún efni bréfsins til baka með öðru bréfi og furðaði sig á því að enginn talaði við hana. Ritaði hún þá um að ætla framvegis að segja afdráttarlausan sannleikann líkt og hún hafi gert til þessa. Sama dag, 15. ágúst 1976, gaf hún yfirlýsingu þar sem hún greindi frá ferðinni, aðkomu dómfelldu Guðjóns, Kristjáns Viðars og endurupptökubeiðanda að málinu auk sjö annarra nafngreindra manna. Lýsti hún atlögu að Geirfinni og þætti hvers og eins í henni og bar um að endurupptökubeiðandi hefði barið Geirfinn með spýtu sem að líkindum hafi verið negld. Daginn eftir, 16. ágúst 1976, gaf dómfellda Erla skriflega frásögn þar sem hún bar um málsatvik með svipuðum hætti. Framangreind bréf, yfirlýsing og handrituð frásögn lágu ekki fyrir dómstólum.
3017. Hinn 1. september 1976 kom dómfellda svo fyrir dóm og dró til baka framburð sinn um að hafa skotið Geirfinn. Í framhaldinu lýsti hún Keflavíkurferðinni með enn ítarlegri hætti en fyrr, gaf lýsingu á bifreiðum í Dráttarbrautinni og veru dómfelldu Guðjóns, Kristjáns Viðars og endurupptökubeiðanda á staðnum auk sex annarra manna. Í yfirheyrslu 15. október 1976 lýsti dómfellda Erla því yfir að hún hefði búið alla atburðarásina til og dró til baka framburð sinn um Keflavíkurferðina og sagði hann byggðan á frásögnum annarra. Næsta dag bar hún enn um að hafa ekki tekið þátt í umræddri ferð en kvaðst vita til þess að endurupptökubeiðandi hefði farið. Þremur dögum síðar, 19. október 1976, venti dómfellda sínu kvæði í kross og bar um að hafa farið til Keflavíkur í umrætt sinn ásamt dómfellda Kristjáni Viðari og endurupptökubeiðanda. Bar hún í það skiptið ekki um að hafa orðið vitni að atlögunni

að Geirfinni. Hinn 30. október 1976 dró hún enn á ný framburð sinn til baka og skýrði svo frá að hún hefði ekki tekið þátt í umræddri Keflavíkurferð. Þegar fyrri framburður hennar var borinn undir hana í sömu yfirheyrslu viðurkenndi hún aftur þátttöku í ferðinni ásamt dómfellda Kristjáni Viðari, endurupptökubeiðanda og óþekktum manni sem hún sagðist vera hrædd við. Í yfirheyrslu 2. nóvember 1976 gat dómfellda ekki munað hvaða maður hefði verið með í för og bar um að endurupptökubeiðandi hefði notast við barefli í atlögunni að Geirfinni en dómfelldi Kristján Viðar og óþekkti maðurinn hefðu notað hnefana. Um miðjan nóvember 1976 bar dómfellda um þátttöku sína sem ökumaður Land Rover bifreiðar í flutningi á pokum úr kjallara hússins að Grettisgötu 82 út á Álftanes.

3018. Fjórum dögum síðar, 19. nóvember 1976, bar hún um í yfirheyrslu að vera þess fullviss að dómfelldi Guðjón hefði verið með í ferðinni til Keflavíkur og tekið þátt í flutningi á líkinu út á Álftanes. Var dómfelldu sleppt úr gæsluvarðhaldi skömmu fyrir jólin 1976. Upp frá því bar dómfellda með svipuðum hætti um málsatvik og greindi frá þátttöku sinni í flutningi á líki Geirfinns en lýsti aðkomu sinni að greftrun líksins sem sjónarvottur. Framburðarskýrslur dómfelldu einkenndust af ítarlegum og nákvæmum lýsingum á öllum aðstæðum og umhverfi. Tóku framburðir hennar sífelldum og umtalsverðum breytingum líkt og framburðir annarra dómfelldu um lýsingar á átökum við Geirfinn og greftrunarstöðum.
3019. Dómfellda hélt fast við framburð sinn um aðild dómfelldu að atlögu að Geirfinni sem leiddi til bana hans og greftrun á líki hans í kjölfarið allt til 11. janúar 1980. Þá kom hún fyrir dóm og lýsti því yfir að fyrri framburðir sínir um för til Keflavíkur væru rangir. Bar hún því við að gæsluvarðhaldið hafi haft þvingandi áhrif á hana og valdið því að hún hafi borið með þessum hætti. Þá sagði hún framburð sinn um flutning á líki Geirfinns einnig vera rangan.
3020. Sem fyrr segir liggur ekki fyrir hvort upphaf þess að rannsókn á hvarfi Geirfinns Einarssonar beindist að dómfelldu megi rekja til framburðar dómfelldu Erlu eða hvort rannsóknarmenn höfðu þá þegar fengið þá hugmynd að dómfelldu tengdust hvarfi hans. Það að gögn úr Keflavíkurrannsókninni voru komin í sakadóm Reykjavíkur í ársbyrjun 1976, fréttir í fjölmiðlum 9. janúar 1976 um tengsl málanna tveggja og sögusagnir sem sannarlega höfðu borist lögreglu um tengsl milli hvarfs Geirfinns og viðskipta með smyglað áfengi tengd Klúbbnum, sýnir hins vegar að framburður dómfelldu Erlu styrkti rannsóknartilgátu sem þegar var til staðar og lögregla vann síðan eftir allt til loka rannsóknarinnar.
3021. Eins og vikið er að í dómi Hæstaréttar og rakið er í dómi sakadóms Reykjavíkur var framburður Erlu um ferðina til Keflavíkur frá upphafi reikull, óstöðugur og innbyrðis ósamrýmanlegur. Hún nefndi þannig til dæmis fjölda manna til sögunnar sem farið hefðu til Keflavíkur kvöldið sem Geirfinnur hvarf og fjölda ökutækja af ýmsum tegundum og litum. Þá gaf hún margar og ósamrýmanlegar lýsingar á afdrifum Geirfinns, svo sem að hann hefði látist á báti úti á sjó, verið skotinn eða beðið bana í átökum á ýmsum stöðum í Dráttarbrautinni. Það einkenndi framburði dómfelldu Erlu að þeir voru í flestum tilvikum bæði nákvæmir og myndrænir um atvik og orðaskipti.

Það á reyndar jafnt við um framburði sem samræmdust þeirri atburðarás sem Hæstiréttur lagði til grundvallar og aðrar lýsingar dómfelldu á atburðum og orðaskiptum sem síðar kom í ljós að gátu ekki staðist. Þrátt fyrir að fjölmargt í framburðum Erlu væri þannig augljóslega tilbúningur voru önnur atriði í framburði hennar sem ekki var beinlínis hægt að hrekja lögð til grundvallar sakfellingu annarra dómfelldu. Sem dæmi um þetta má nefna að í dómi Hæstaréttar segir að „staðfesta beri þá ályktun héraðsdóms, að sannað sé með játningu ákærðu Erlu og framburðum ákærðu Kristjáns og Sævars, að hún hafi tekið þátt í að flytja lík Geirfinns Einarssonar frá Grettisgötu 82 í Rauðhóla eða e. t. v. á einhvern annan stað. Eru framburðir ákærðu um líkflutning að vísu tortryggilegir, eins og bent er á í héraðsdómi.“ Þrátt fyrir að gögn málsins sýni ótvírætt að dómfellda Erla hafi á þessum tíma átt erfitt með að greina á milli hugarburðar og raunveruleika eru ýmis dæmi um það í dómi Hæstaréttar að upplýsingar um meint málsatvik, þar með talin orðaskipti milli dómfelldu, sem upphaflega voru frá henni komnar en aðrir tóku síðan undir, séu talin sönnuð meðal annars með vísan til framburðar hennar. Endurupptökunefnd telur að þegar framburðir dómfelldu Erlu séu skoðaðir í heild sinni hljóti þeir að teljast afar ótrúverðugir og að langur vegur sé frá að sönnunargildi þeirra sé hafið yfir skynsamlegan vafa. Niðurstöður sálfræðinganna Gísla H. Guðjónssonar og Jóns Friðriks Sigurðssonar um áreiðanleika framburða dómfelldu Erlu í skýrslu starfshóps innanríkisráðherra styðja þetta álit endurupptökunefndar. Endurupptökunefnd telur að þetta sé eitt þeirra atriða sem skipti máli við mat á því hvort verulegar líkur séu á að sönnunargögn í málinu hafi verið rangt metin svo áhrif hafi haft á niðurstöðu málsins.

VIII.5.2.e Framburður vitnisins [SÓH]

3022. Bifreiðar komu mjög við sögu í framburðum dómfelldu um meinta ferð þeirra til Keflavíkur kvöldið sem Geirfinnur hvarf. Hin meinta ferð var frá upphafi tengd við viðskipti með smyglað áfengi og rannsakendur því væntanlega gert að því skóna að sendiferðabifreið hefði þurft til að flytja það til Reykjavíkur. Þá var frá upphafi fjöldi manna bendlaður við ferðina til Keflavíkur og upplýsa þurfti hvernig þeir hefðu komist til Keflavíkur. Eins og rakið hefur verið voru dómfelldi Kristján Viðar og endurupptökubeiðandi ekki með ökuréttindi og ekkert benti til þess að dómfellda Erla hefði ekið. Eftir að fjórmenningsarnir voru leystir úr gæsluvarðhaldi vantaði tvo ökumenn inn í atburðarásina miðað við framburði dómfelldu.
3023. Þróun framburða dómfelldu Erlu, Kristjáns Viðars og endurupptökubeiðanda bendir til þess að mjög hafi verið þrýst á þau að gera grein fyrir bifreiðum og ökumönnum þeirra. Virðist nafn dómfellda Guðjóns hafa komið fram við þessar aðstæður eins og áður hefur verið rakið.
3024. Í yfirheyrslum yfir endurupptökubeiðanda og dómfelldu Erlu 9. og 13. desember 1976 var [SÓH] fyrst nefndur sem mögulegur ökumaður sendiferðabifreiðar. Hann er náfrændi dómfellda Kristjáns Viðars, bjó með honum síðla hausts 1974 að Grettisgötu 82 og hafði ekið sendiferðabifreið um sumarið. Dómfelldu báru meðal annars að [SÓH] hefði einhverju sinni ekið fyrir dómfelldu Erlu búslóð þannig að dómfelldu vissu að hann hefði haft sendiferðabifreið til umráða.

3025. [SÓH] var tekinn til yfirheyrslu sem vitni 13. desember 1976 og framburður endurupptökubeiðanda borinn undir hann. Lýsti [SÓH] því yfir að framburðurinn væri helber ósannindi. Var [SÓH] vistaður í Síðumúlafangelsinu næstu nótt þrátt fyrir að hafa haft stöðu vitnis við skýrslugjöf fyrr um daginn. Við yfirheyrslu hjá lögreglu daginn eftir viðurkenndi hann að hafa farið til Keflavíkur á sendiferðabifreið í eigu [JÞW], sem hann hefði haft aðgang að, einhvern tíma í kringum 19. nóvember 1974, að beiðni dómfellda Kristjáns Viðars, til að sækja eitthvað en ekkert hefði þó orðið úr þeim flutningi. Hann kvaðst hafa fengið fyrirmæli um að aka að Dráttarbrautinni en ekkert hafa séð en heyrt óljóst mannamál. [SÓH] var færður fyrir sakadóm Reykjavíkur síðar sama dag með réttarstöðu sakbornings. Bókað var um framburð hans þann dag og tók dómari sér frest til ákvörðunar um gæsluvarðhald. Í framburði [SÓH] að kvöldi 14. desember 1976 kom fram að eigandi bifreiðarinnar hefði stundum lánað honum hana ef hún var ekki í notkun. Hann hefði ekki haft samband við umráðamann sendiferðabifreiðarinnar þegar hann hefði tekið hana heldur notað lykil sem hann hefði haft. Var honum síðan sleppt úr haldi lögreglu. Í framburði umráðamanns bifreiðarinnar, [GuV], hjá lögreglu kom fram að hann kannaðist ekkert við [SÓH] og kvað afar ólíklegt að bifreiðin hefði verið tekin í heimildarleysi umrætt kvöld. Eigandinn [JÞW] staðfesti að [SÓH] hefði ekið bifreiðinni sumarið 1974 og fengið hana lánaða eftir að hann hætti akstri, enda sinnt viðgerðum á bifreiðinni. Hann kvað mögulegt að það hefði verið 19. nóvember 1974 eins og á öðrum tíma. Hann kvað unnt að gangsetja bifreiðina með ýmsu öðru en lykli.
3026. [SÓH] staðfesti framburð sinn fyrir dómi við meðferð málsins fyrir sakadómi Reykjavíkur 25. maí 1977 og vann eið að þeim framburði.
3027. Eftir dómtöku málsins í sakadómi Reykjavíkur 7. október 1977 kom verjandi endurupptökubeiðanda því á framfæri við einn dómara málsins að [SÓH] hefði lýst því yfir í hans viðurvist og fleiri að hann hefði aldrei farið til Keflavíkur og gefið framburð sinn í málinu vegna hótana um gæsluvarðhald og annarra ógnana. Í kjölfarið kærði vararíkissaksóknari [SÓH] fyrir að hafa unnið eið að röngum framburði fyrir dómi 25. maí 1977 er hann bar um aðild sína að ferð til Keflavíkur. [SÓH] var færður til geymslu í Síðumúlafangelsinu 12. október 1977. Morguninn eftir ákváðu dómara málsins að verjendur dómfelldu Guðjóns, Kristjáns Viðars og endurupptökubeiðanda mættu ekki undir neinum kringumstæðum tala við skjólstæðinga sína. Dómara ákváðu síðan framhaldsrannsókn málsins og var tekin skýrsla fyrir dómi af [SÓH] síðar sama dag að viðstöddum verjanda hans og verjendum dómfelldu. Dró [SÓH] þá framburð sinn hjá lögreglu og eiðfestan framburð sinn fyrir dómi til baka og kvaðst ekki hafa farið umrædda ferð. Saga hans hefði spunnist við yfirheyrslur hjá lögreglunni og framburðinn hefði hann eingöngu gefið af ótta við lögregluna. Hann hefði látið undan þrýstingi lögreglumanna og fulltrúa yfirsakadómara. Næsta dag var [SÓH] úrskurðaður í gæsluvarðhald að kröfu vararíkissaksóknara vegna gruns um að hafa unnið eið að röngum framburði. Í úrskurðinum sagði að hann væri sakaður um rangan framburð og rangar sakargiftir og talin ástæða til að ætla að hann kynni að spilla, rangfæra eða koma undan sönnunargögnum ef hann yrði frjáls ferða sinna.

3028. Málsmeðferð lögreglu, ákærvalds og dómstóla hvað varðar [SÓH] er að mati endurupptökunefndar með miklum ólíkindum. Engar eiginlegar sakir virðast hafa verið bornar á hann í upphafi og hafði hann í fyrstu yfirheyrslu réttarstöðu vitnis. Engu að síður var hann fangelsaður að lokinni skýrslugjöf og yfirheyrður sem sakborningur daginn eftir, meðal annars í fyrirtöku fyrir dómi þar sem gæsluvarðhald bar á góma þótt ekki lægi fyrir hvort krafa hefði verið gerð um gæsluvarðhald. [SÓH] var sem fyrr segir náfrænda dómfellda Kristjáns Viðars og hann vissi þegar hann var yfirheyrður í desember 1976 að dómfelldu höfðu setið í gæsluvarðhaldi í nærri ár vegna rannsóknar á Guðmundar- og Geirfinnsmálunum. Ætla verður að fangelsun og yfirvofandi gæsluvarðhaldsvist hafi verið til þess fallin að hafa áhrif á framburð hans. Hafa verður í huga að þrátt fyrir þessar hörðu aðgerðir lögreglu hafði enginn borið að [SÓH] hefði tekið þátt í refsiverðri háttsemi eða um vitneskju hans um slíka háttsemi. Þá hafði [SÓH] ekki játað á sig refsiverða háttsemi.
3029. Atburðarásin eftir að vitneskja barst til dómara í október 1977 um að [SÓH] hefði dregið framburð sinn til baka er jafnframt að mati endurupptökunefndar nánast farsakennd. Engin haldbær rök virðast hafa legið að baki því að hneppa hann í gæsluvarðhald fyrir að vinna eið að röngum framburði þar sem ákærvaldið byggði á því að framburður [SÓH] í Geirfinnsmálinu, 25. maí 1977, hefði verið réttur og þar af leiðandi á því að hann hefði ekki gefið rangan framburð í umrætt sinn. Áframhaldandi rannsókn virðist jafnframt helst hafa verið ætlað að leiða í ljós að framburður hans fyrir dómi hefði verið réttur og að hann hefði alls ekki unnið eið að röngum framburði. Engum raunverulegum rannsóknarhagsmunum var því til að dreifa sem hann gat spillt enda í sjálfu sér ekkert sem þurfti að rannsaka. Gæsluvarðhaldsúrskurðinum virðist þannig fyrst og fremst hafa verið ætlað að þröngva [SÓH] til að draga afturköllun sína til baka. Þá virðist samskiptabanni dómfelldu Guðjóns, Kristjáns Viðars og endurupptökubeiðanda við verjendur þeirra hafa verið ætlað að koma í veg fyrir að þeir fengju vitneskju um afturhvarfið og gætu tekið mið af því í vörnum sínum. [SÓH] sat síðan í gæsluvarðhaldi í um fjórar vikur en var þá látinn laus án þess að tækist að upplýsa málið frekar. Umráðamaður sendiferðabifreiðarinnar, [GuV], bar fyrir lögreglu, og færði fyrir því rök undir framhaldsrannsókn málsins, að honum þætti afar ólíklegt að bifreiðin hefði verið tekin í umrætt sinn fyrir utan heimili hans án þess að hann tæki eftir því en hann gæti þó ekki fullyrt neitt um það.
3030. Í dómi Hæstaréttar er gerð nokkuð ítarleg grein fyrir þætti [SÓH] í málinu og hvernig hann dró framburð sinn til baka. Þar er meðal annars tekið fram að vitni sem hafi verið viðstödd yfirheyrslur [SÓH] fyrir þýskum rannsóknarlögreglumanni 14. desember 1976 hefðu gefið skýrslu fyrir dómi og aftekið með öllu að nokkrum þvingunum hefði verið beitt. [SÓH] hefði verið rólegur og eðlilegur við yfirheyrsluna. Hæstiréttur taldi að með vísan til þess og rökstuðnings héraðsdóms yrði ekkert mark tekið á afturköllun [SÓH] á framburðum hans.
3031. Þá taldi Hæstiréttur sannað að sendiferðabifreiðin, sem [SÓH] ók að beiðni dómfellda Kristjáns Viðars, hefði komið á Vatnsstíg að kvöldi 19. nóvember 1974 og [SÓH] ekið henni til Keflavíkur. Þar hefði dómfelldi Kristján Viðar haft tal af [SÓH] og mælt svo

fyrir að hann legði bifreiðinni í grennd við Dráttarbrautina. Þessi niðurstaða byggðist eingöngu á munnlegum framburðum.

3032. Endurupptökunefnd telur að framburðir dómfelldu um þátt [SÓH] hafi sem fyrr segir verið afar ótrúverðugir. Þegar þau tengdu hann við sendiferðabifreið í Dráttarbrautinni höfðu þau sætt einangrun um mjög langan tíma og höfðu komið fram með fjölda rangra og ótrúverðugra framburða um ýmsar bifreiðar, ökumenn þeirra og aðra sem viðstaddir áttu að hafa verið í Dráttarbrautinni. Þegar við bætist sú meðferð sem [SÓH] sætti af hálfu lögreglu, ákærvalds og dómara, hvernig staðið var að yfirheyrslum yfir honum og sterkum viðbrögðum við afturköllun framburðar telur endurupptökunefnd að þær skýringar, sem [SÓH] gaf sjálfur á framburðum sínum fyrir lögreglu og eiðfestum framburði fyrir dómi, hafi verið nokkuð trúverðugar. Þá telur endurupptökunefnd að dómstólar hafi ekki látið dómfelldu njóta vafans þegar þeir komust að þeirri niðurstöðu að [SÓH] hefði haft umrædda sendiferðabifreið til umráða. Vitni höfðu talið afar ólíklegt en þó mögulegt að hann hefði tekið bifreiðina úr höndum umráðamanns umrætt kvöld og skilað henni án þess að hann yrði þess var. Þrátt fyrir framburði þeirra sem voru viðstaddir yfirheyrslur yfir [SÓH] telur endurupptökunefnd afturköllun hans og skýringar á upphaflegum framburðum trúverðuga og í samræmi við þá heildarmynd sem nákvæm skoðun nefndarinnar á gögnum málsins hefur gefið af yfirheyrsluáferðum og skráningu skýrslna um yfirheyrslurnar. Endurupptökunefnd telur að dómfelldu hafi ekki fengið að njóta þess vafa sem uppi var um sönnunargildi upphaflegra framburða [SÓH], sérstaklega í ljósi þess að hann dró fyrri framburði sína til baka með einörðum hætti þrátt fyrir að það kostaði hann gæsluvarðhaldsvist. Endurupptökunefnd telur að þetta sé eitt þeirra atriða sem skipti máli við mat á því hvort verulegar líkur séu á að sönnunargögn í málinu hafi verið rangt metin svo áhrif hafi haft á niðurstöðu málsins.

VIII.5.3 Mat Hæstaréttar á trúverðugleika játninga dómfellda Kristjáns Viðars og endurupptökubeiðanda og afturköllunar þeirra á játningum

3033. Í dómi Hæstaréttar er vísað til héraðsdóms um reifun á framburðum dómfelldu og vitna og öðrum rannsóknargögnum. Í dómi sakadóms Reykjavíkur eru skráðir framburðir vitna og dómfelldu reifaðir nokkuð nákvæmlega. Þannig er til dæmis ítarlega lýst hvernig framburðir dómfelldu breyttust ítrekað í stórum og smáum atriðum frá einni skýrslu til annarrar en sem dæmi um það má nefna ósamræmi í lögregluskýrslu endurupptökubeiðanda 9. desember 1976 og dómsskýrslum hans 20. og 21. júní 1977. Þá er gerð grein fyrir ýmsum skýringum dómfelldu undir rannsókn málsins á breyttum framburði, svo sem þegar dómfelldi Kristján Viðar dró 2. mars 1976 til baka framburði sína 23. og 27. janúar og 10. febrúar 1976 og bar við að framburðir hans hefðu byggst á fréttum fjölmiðla og kjaftasögum.
3034. Í niðurstöðukafla dómsins er eingöngu byggt á framburðum dómfelldu Erlu, Guðjóns, Kristjáns Viðars og endurupptökubeiðanda eftir miðjan október 1976 en þá höfðu dómfelldi Kristján Viðar og endurupptökubeiðandi setið í einangrun í tæpt ár en dómfellda Erla mun skemur. Um framburði þeirra fyrir þann tíma segir að þau hafi fljótlega skýrt frá því í framburðum sínum að þeim væri kunnugt um hvarf Geirfinns

Einarssonar. Framburðir þeirra hafi þó verið sundurlausir og óákveðnir og þau virst vera mjög á varðbergi. Þau hafi ekki þóst eiga þátt í dauða Geirfinns en borið sakir á menn, sem ekkert voru viðriðnir málið, og sagt að þeir hefðu orðið valdir að dauða Geirfinns og smyglað áfengi á land í Keflavík. Endurupptökubeiðandi og dómfelldi Kristján Viðar hefðu verið einhvers konar aðstoðarmenn við smyglið og ákærðu orðið sjónarvottar að því er Geirfinnur lét lífið. Hafi dómfelldu gert allt til að torvelða rannsókn málsins og rugla um fyrir rannsóknarmönnum og hefðu endurupptökubeiðandi og dómfellda Erla sagt að þetta hefðu verið samantekin ráð þeirra. Hefðu þau haldið áfram að bera sakir á nokkra menn og stöðugt verið að breyta framburðum sínum fram eftir árinu 1976. Hefði endurupptökubeiðandi borið ýmislegt á aðra sem dómfelldu hafi viðurkennt síðar að hafa gert sjálfir.

3035. Þá sagði í niðurstöðunni að ekki væri fyrir að fara sýnilegum sönnunargögnum sem tengdu dómfelldu, svo óbyggjandi væri, við málið. Lík Geirfinns hefði ekki fundist þrátt fyrir viðtæka leit. Hlytu játningar dómfelldu því að vera aðalsönnunargagnið í málinu og það sem unnt hefði verið að finna þeim til styrkingar. Talið var að þeir dómfelldu Kristján Viðar og endurupptökubeiðandi hefðu engin rök fært fram fyrir skýringum á afturköllum framburða sinna og við rannsókn dómsins hefði ekkert marktækt komið fram sem styrkti fullyrðingar þeirra. Því yrðu fyrri framburðir þeirra lagðir til grundvallar við mat á sönnun um sakarefni, einkum framburðir þeirra í dómi 12. og 13. maí og 20. og 21. júní 1977.
3036. Talið var að framburðir dómfelldu fyrir dómi um aðdraganda ferðarinnar til Keflavíkur, ferðina sjálfa 19. nóvember 1974, átökin við Geirfinn og dauða hans væru í öllum meginatriðum samhljóða og afdráttarlausir. Nokkur undantekning væri þó með framburð ákærða Guðjóns, en hann hefði borið við minnisleysi um mörg atriði, eftir að átökin við Geirfinn hefðu hafist og meira og minna eftir það um nóttina. Væri framburðurinn þó ótvíræður um að dómfelldu hefðu farið til Keflavíkur og hitt Geirfinn er hefði lent í átökum við þá í Dráttarbrautinni og beðið bana.
3037. Í niðurstöðukafla héraðsdóms er ekki rakið hvernig framburðir dómfelldu þróuðust og ekki gerð grein fyrir því nákvæmlega hvenær og með hvaða hætti hver dómfelldu hefði jatað að hafa tekið þátt í atlögunni að Geirfinni.
3038. Í dómi Hæstaréttar er fyrstu eiginlegu játningu endurupptökubeiðanda lýst þannig að 27. og 28. október 1976 hafi dómfelldi skýrt rannsóknarlögrelunni frá því sem hann taldi sig vita um afdrif Geirfinns Einarssonar. Hefði hann lýst aðdraganda ferðar dómfelldu Erlu, Kristjáns Viðars og Guðjóns til Keflavíkur, viðtölum í bifreiðinni, símtali við Geirfinn frá Hafnarbúðinni í Keflavík og komu hans og viðdvöl í bifreið þeirra. Síðar hefði hann lýst allnákvæmlega atvikum að átökunum við Geirfinn og hlut hvers dómfelldu um sig í þeim, andláti Geirfinns og flutningi á líki hans, fyrst til Reykjavíkur og síðar á stað sem eigi hafi tekist að finna. Síðan segir í dóminum að endurupptökubeiðandi hefði skýrt á ýmsa vegu frá atburðum í Dráttarbrautinni í framburðum sínum síðar um haustið 1976 og snemma árs 1977. Í dóminum er enn fremur vikið að framburðum endurupptökubeiðanda 1. febrúar 1977 og á dómþingum

20. og 21. júní 1977 um atlöguna að Geirfinni og vísað til þeirra sem rækilegra og heildstæðra.

3039. Í dómi Hæstaréttar er játningum dómfellda Kristjáns Viðar lýst þannig að hann hafi gefið heildarskýrslu fyrir rannsóknarlögreglu 14. janúar 1977 og skýrt á sama hátt frá á dómþingi 18. janúar sama ár. Hann hafi í framburði fyrir rannsóknarlögreglu 1. febrúar 1977 lýst allnákvæmlega átökunum við Geirfinn og hlut sínum og hvors þeirra endurupptökubeiðanda og dómfellda Guðjóns í aðförinni að honum. Þessa framburði hafi hann enn staðfest á dómþingi 12. og 13. maí 1977, að verjanda sínum viðstöddum, og viðurkennt þá það atferli sem honum var gefið að sök í I. kafla ákæru 16. mars 1977. Vísað er til rakningar héraðsdóms á þessum framburðum og sagt að hann hafi þar lýst allnákvæmt átökunum við Geirfinn og andláti hans og svo flutningi á líki hans og því að hann hefði tekið peningaveski og blýant af líkinu.
3040. Í dómi Hæstaréttar kemur fram að dómfelldi Kristján Viðar hafi breytt framburði sínum 6. júlí 1977 og endurupptökubeiðandai hafi gert það sama 13. september 1977 og hafi þeir þá að mestu tekið aftur játningar sínar. Hafi þeir gefið þær skýringar að fyrri játningar hafi verið fengnar með því að rannsóknarmenn og fangaverðir hefðu beitt þá ólögmati hardneskju, leitt þá til ákveðinna frásagna, samræmt sögur þeirra og viðhaft óhæfilegar og ólögmetar rannsóknaraðferðir.
3041. Hæstiréttur taldi að umfangsmiklar rannsóknir á áburði dómfelldu á hendur rannsóknarmönnum og fangavörðum hefðu ekki leitt í ljós þá annmarka á rannsókn málsins, sem gætu valdið því að játningar dómfellda Kristjáns Viðars og endurupptökubeiðanda yrðu ekki lagðar til grundvallar við úrlausn málsins. Þá taldi Hæstiréttur að þeir hefðu margsinnis endurtekið játningar sínar, bæði fyrir rannsóknarlögreglumönnum og dómurum, stundum að viðstöddum verjendum, og að þeir hefðu ekki horfið frá játningum sínum fyrr en alllangt hefði verið liðið á rannsókn málsins og eftir að ákærur voru gefnar út og mál gegn þeim þingfest. Þá taldi Hæstiréttur að ýmislegt í frásögn þeirra hefði ekki getað verið frá öðrum komið en þeim sjálfum. Jafnframt taldi Hæstiréttur að ráða mætti af gögnum máls að hinir dómfelldu hefðu mjög leitað að fyrra bragði eftir viðtölum við rannsóknarmenn og að skýrslur yrðu af þeim teknar. Þá var vísað til sviðsetningar atburðanna í Dráttarbrautinni. Loks gat Hæstiréttur þess að dómfelldi Guðjón hefði haldið fast við framburð sinn, og ýmis gögn önnur bentu ótvírætt til að dómfelldu hefðu verið í Dráttarbrautinni umrætt kvöld. Með skírskotun til alls þessa og dóms héraðsdóms taldi Hæstiréttur afturkallanir dómfellda Kristjáns Viðars og endurupptökubeiðanda á játningum þeirra ekki marktækar.
3042. Hæstiréttur taldi að leggja yrði til grundvallar samkvæmt sakargögnum að dómfelldi Guðjón hefði tekið í handlegg Geirfinns, en síðan hafi dómfelldi Guðjón og svo dómfelldi Kristján Viðar tekið hann hálstaki. Þá yrði einnig við það að miða að dómfelldu hefðu allir greitt Geirfinni hnefahögg og að dómfelldi Guðjón og endurupptökubeiðandi hefðu barið hann með spýtu eða lurk. Því bæri að fallast á þá niðurstöðu héraðsdóms að sannað væri að Geirfinnur hefði beðið bana af völdum dómfelldu Guðjóns, Kristjáns Viðars og endurupptökubeiðanda í átökum þessum, en

ekki yrði fullyrt nánar um þátt hvers einstaks þeirra í þessu voðaverki. Voru þeir allir taldir samvaldir að bana Geirfinns Einarssonar og ættu refsiverða sök á láti hans.

3043. Þess er hvorki getið í niðurstöðukafla héraðsdóms né í dómi Hæstaréttar hvernig framburðir endurupptökubeiðanda þróuðust frá því að hann bar í yfirheyrslum 21. til 25. janúar 1976 að hafa verið þátttakandi í ferð til Keflavíkur sem tengdist áfengisviðskiptum kvöldið sem Geirfinnur hvarf og fram að skýrslum þeim sem hann gaf 27. og 28. október 1976. Þess var heldur í engu getið að í skýrslu hans frá 1. apríl 1976 neitaði hann alfarið að hafa farið til Keflavíkur umrætt kvöld og tók fram að framburðir hans hefðu ekki verið byggðir á hans eigin reynslu heldur á upplýsingum frá dómfelldu Erlu og öðrum. Þá lýsti hann sakleysi sínu í samtali við fangavörð í ágúst 1976 og kvaðst hafa alla sína vitneskju um málið frá nafngreindum kunningja sínum og dómfelldu Erlu. Þá lýsti hann því yfir í skýrslu hjá lögreglu 19. ágúst 1976 að hann væri rangi maðurinn í þessu máli. Ítrekaði hann sakleysi sitt í lögregluskýrslu 22. október 1976 en þá neitaði hann því alfarið að hafa verið í Keflavík umrætt sinn og að hafa nokkra vitneskju um málið. Þá er heldur ekki lýst með nákvæmum hætti því mikla ósamræmi sem var í framburðum endurupptökubeiðanda 27. og 28. október 1976 og í síðari framburðum hans hjá lögreglu og fyrir dómi 20. og 21. júní 1977.
3044. Þróun framburða dómfellda Kristjáns Viðars er heldur ekki lýst með nákvæmum hætti í niðurstöðukafla héraðsdóms eða í dómi Hæstaréttar en framburðir hans, bæði fyrir og eftir að hann viðurkenndi aðild að atlögu að Geirfinni, voru oft og tíðum mjög ruglingslegir og tóku miklum breytingum allt til enda, jafnvel um mikilvæg atriði í atburðarásinni. Þannig er til dæmis ekki gerð grein fyrir því að dómfelldi dró 2. mars 1976 til baka framburði sína frá því í janúar og febrúar sama ár um að hafa farið til Keflavíkur kvöldið sem Geirfinnur hvarf og hvaða skýringar hann gaf á breyttum framburði. Ekki er heldur vikið að tveimur sjálfsvígstilraunum dómfellda Kristjáns Viðars 24. desember 1976 og 5. janúar 1977 og slæmu andlegu ástandi hans á því tímabili sem játningar af hans hálfu komu fram og þróuðust. Í dómi Hæstaréttar er ekki vikið að áhrifum þessara fjölmörgu, mótsagnakenndu og ólíkindalegu framburða dómfellda Kristjáns Viðars og bágborins andlegs ástands á mat á trúverðugleika játninga hans.
3045. Þar sem framburðir dómfelldu um ýmsa þætti í atburðarásinni tóku veigamiklum breytingum allt til enda telur endurupptökunefnd það verulega ofsagt í dómi Hæstiréttar að dómfelldu hafi margsinnis endurtekið játningar sínar, bæði fyrir rannsóknarlögreglumönnum og dómurum.
3046. Þá er aðeins að takmörkuðu leyti í dómi Hæstaréttar gerð grein fyrir ítarlegum skýringum dómfellda Kristjáns Viðars fyrir dómi 13. maí 1977 á afturköllun játningar en framburður hans hefur verið nákvæmlega rakinn fyrir í úrskurðinum.
3047. Hvorki er í héraðsdómi né dómi Hæstaréttar gerð tilraun til að setja framburði dómfellda Kristjáns Viðars og endurupptökubeiðanda, sem taldir voru fela í sér játningu, í samhengi við það hversu lengi þeir höfðu verið í einangrun þegar framburðirnir voru gefnir, hvernig andlegri og líkamlegri heilsu þeirra var þá háttað og síðast en ekki síst hversu mörgum og löngum yfirheyrslum, sampröfunum og öðrum

rannsóknaraðgerðum þeir höfðu sætt. Í engu var vikið að því hvort þessir þættir væru til þess fallnir að hafa áhrif á trúverðugleika og þar með sönnunargildi framburða dómfelldu og vitna.

3048. Fyrir liggur að rannsóknarmenn fóru með dómfelldu og vitni í fjölmargar vettvangsferðir, svo sem til Keflavíkur, að Grettisgötu 82 og í hina ýmsu kirkjugarða að því er virðist til að hressa upp á minni þeirra. Í dómi Hæstaréttar virðist ekki hafa verið horft til þess við mat á trúverðugleika framburða dómfelldu og vitna að þessar vettvangsferðir höfðu augljóslega áhrif á framburði þeirra þar sem ferðirnar gerðu þeim kleift að lýsa nokkuð nákvæmlega staðháttum á umræddum stöðum og gáfu þeim þannig vafasaman trúverðugleikablæ.
3049. Svo sem áður hefur verið gerð grein fyrir tók rannsókn sú á harðræði og ólögætum rannsóknarháttum sem Hæstiréttur vísar til aðeins til mjög afmarkaðs tímabils og var takmörkuð við tiltekin tilvik sem endurupptökubeiðandi hafði bent á. Með vísan til þess og margvíslegra nýrra gagna um aðbúnað dómfelldu í einangrunarvistinni, ákvarðanir um ívilnanir og sviptingu þeirra, takmarkað aðgengi að réttargæslumönnum, brot á lagaákvæðum um framkvæmd yfirheyrslna, skort á skráningu um það sem fram fór í yfirheyrslum, viðtölum og samprófunum telur endurupptökunefnd verulega ofsagt að umrædd rannsókn hafi verið rækileg, eins og segir í dómi Hæstaréttar. Skoðun endurupptökunefndar á færslum í dagbók Síðumúlafangelsisins, sem margar eiga sér samsvörun í dagbókum dómfelldu Tryggva Rúnars og Guðjóns, bendir eindregið til þess að dómfelldu og þá sérstaklega endurupptökubeiðandi hafi mátt þola mun meira harðræði og um lengri tíma en Hæstiréttur hafði vitneskju um og jafnframt að skýrslutökur, viðtöl og samprófanir rannsóknarmanna, fangavarða og annarra hafi verið mun fleiri en gögn sem lágu fyrir Hæstarétti bentu til. Virðist Hæstiréttur því ranglega hafa litið á meint harðræði sem einstök tilvik frekar en viðvarandi ástand og jafnframt vanmetið áhrif annmarka á rannsóknarháttum á trúverðugleika framburða dómfelldu.
3050. Jafnframt virðist sem áhrif einangrunar á trúverðugleika framburða dómfelldu hafi verið vanmetin í dómi Hæstaréttar, þrátt fyrir þá þekkingu sem lá fyrir á þeim tíma sem dómur var kveðinn upp. Í því sambandi verður að hafa í huga að raunverulegar játningar dómfellda Kristján Viðar og endurupptökubeiðanda um að hafa tekið þátt í atlögu að Geirfinni lágu ekki fyrir fyrr en í lok október og byrjun nóvember 1976 en þá höfðu þeir verið í einangrun í rúma ellefu mánuði og einangrunarvist ótvírætt farin að setja verulegt mark á andlega heilsu þeirra og framburði líkt og gögn bera með sér. Þá hafði Hæstiréttur mjög takmarkaðar upplýsingar um þær mörgu og löngu samprófanir sem dómfelldu tóku þátt í og engar skýrslur voru ritaðar um. Til að mynda virðist rétturinn ekki hafa haft upplýsingar um samprófanir milli endurupptökubeiðanda og dómfelldu Erlu en margar slíkar samprófanir fóru fram sumarið 1976. Endurupptökunefnd telur verulegan vafa leika á því að framburðir dómfelldu eftir þessar samprófanir, þar á meðal játningar dómfelldu um mánaðamótin október og nóvember 1976, hafi endurspeglad raunverulegar minningar þeirrar um ferð til Keflavíkur, atlögu að Geirfinni og líkflutninga í kjölfarið.

3051. Um skírskotun Hæstaréttar til þess að ýmislegt í frásögn dómfelldu hafi ekki getað verið frá öðrum komið en þeim sjálfum hefur áður verið fjallað. Endurupptökunefnd telur að undantekningalítið hafi ekki verið unnt að bera framburði dómfelldu saman við áþreifanlegar staðreyndir eða slíkur samanburður hafi hreinlega hrakið framburði dómfelldu. Með vísan til þess sem áður hefur komið fram um fjölda nákvæmra og myndrænna en þó ósamrýmanlegra lýsinga dómfelldu á atburðum, sem í mörgum tilvikum stóðust ekki samanburð við staðreyndir, svo og fyrrnefnd spilliáhrif frá rannsóknartilgátum rannsakenda og framburðum annarra dómfelldu telur endurupptökunefnd að umrædd röksemd Hæstaréttar eigi sér afar veikan grundvöll. Eins og rakið er í kafla VIII.3.4 telur endurupptökunefnd að sú ályktun Hæstaréttar að ráða megi af gögnum máls, að dómfelldu hafa mjög leitað að fyrra bragði eftir viðtölum við rannsóknarmenn og að skýrslur yrðu af þeim teknar, skýri aðeins lítinn hluta af öllum þeim skráðu og óskráðu yfirheyrslum, viðtölum og samprófunum sem rannsóknarmenn og fangaverðir stóðu fyrir. Þá virðist hafa verið litið fram hjá því að dómfelldu hafði verið neitað lengi um mannlegt samneyti við aðra en rannsóknarmenn og fangaverði.
3052. Endurupptökunefnd telur að nákvæm skoðun á öllum þeim gögnum sem fyrir nefndinni liggja gefi fullt tilefni til að álykta að skýringar dómfellda Kristjáns Viðars og endurupptökubeiðanda á játningum sínum og afturhvarfi þeirra frá þessum játningum hafi um margt verið trúverðugar. Í ljósi þess að sýnilegum sönnunargögnum var ekki til að dreifa og að sönnunarfærsla ákærvaldsins byggðist fyrst og fremst á játningum dómfelldu, telur endurupptökunefnd að aukið tilefni hafi verið til þess að þau fengju öll að njóta þess vafa sem uppi var um réttmæti og trúverðugleika þeirra skýringa sem dómfelldi Kristján Viðar og endurupptökubeiðandi gáfu á afturhvarfi frá játningum.
3053. Dómfelldu virðast í engu hafa fengið að njóta þess vafa sem augljóslega var uppi um trúverðugleika játninganna. Með vísan til framangreinds telur endurupptökunefnd að mat Hæstaréttar á áreiðanleika játninga dómfellda Kristjáns Viðars og endurupptökubeiðanda, um aðild að meintri atlögu að Geirfinni, geti vart samræmst þeim gögnum sem nú liggja fyrir. Niðurstöður sálfræðinganna Gísla H. Guðjónssonar og Jóns Friðriks Sigurðssonar um áreiðanleika framburða dómfelldu í skýrslu starfshóps innanríkisráðherra styðja þetta álit endurupptökunefndar. Telur endurupptökunefnd þetta atriði vega þungt við mat á því hvort verulegar líkur séu á að sönnunargögn í málinu hafi verið rangt metin svo áhrif hafi haft á niðurstöðu málsins.

VIII.5.4 Framburðir annarra vitna

VIII.5.4.a Framburðir vitna um samtali við Geirfinn í Klúbbnum

3054. Endurupptökunefnd telur að ýmsir hlekkir í þeirri sönnunardeðu sem Hæstiréttur lagði til grundvallar séu ekki eins traustir og talið var.
3055. Í dómi Hæstaréttar er talið sannað með skýrslum dómfellda Kristjáns Viðars og endurupptökubeiðanda, er fái stoð í framburði vitnisins [ÞÓI], að þeir hafi hitt Geirfinn Einarsson í Klúbbnum sunnudagskvöldið 17. nóvember 1974 og rætt þar við hann um

áfengisviðskipti. Hafi Geirfinnur sagt þeim nafn sitt og heimilisfang. Eins og fyrr greinir höfðu frá upphafi rannsóknar lögreglunnar í Keflavík á hvarfi Geirfinns verið uppi sögusagnir um að hvarf hans tengdist Klúbbnum og áfengisviðskiptum. Eftir að rannsóknin beindist að dómfelldu virðast rannsóknartilgátur lögreglu áfram hafa lotið að áfengisviðskiptum og Klúbbnum og það löngu eftir að tveir menn tengdir Klúbbnum höfðu verið leystir úr gæsluvarðhaldi vorið 1976. Haustið 1976 sagði endurupptökubeiðandi loks frá því að hann hefði ásamt dómfellda Kristjáni Viðari hitt Geirfinn í Klúbbnum og rætt við hann um áfengisviðskipti. Með framburði vitna er sannað að Geirfinnur var í Klúbbnum umrætt kvöld. Ekkert vitnanna gat hins vegar borið um að hann hefði hitt dómfellda Kristján Viðar og endurupptökubeiðanda. Vitnið [ÞÓI] kvaðst í lögregluskýrslu 22. nóvember 1974 vita til þess að Geirfinnur hafi hitt fyrrverandi vinnufélaga sinn í Klúbbnum umrætt kvöld. Lýsti [ÞÓI] þeim manni sem meðalmanni á hæð, 25–30 ára, ljósskolhærðum og feitlögnum í andliti með hárvöxt að eyrnasneplum. Kvað [ÞÓI] að sér vitanlega hefðu engir sérstakir atburðir orðið þetta kvöld. Lýst var eftir þessum manni í fjölmiðlum og gaf [GSH] kunningi Geirfinns sig fram. Hann var yfirheyrður í framhaldinu og kvaðst hann hafa hitt Geirfinn umrætt kvöld í Klúbbnum og rætt við hann í fimm mínútur. [ÞÓI] bar í janúar 1977 á sama veg og áður og lýsti umræddum manni á sama hátt. Vitni sem var samferða Geirfinni í bifreið til Keflavíkur síðar um kvöldið rak ekki minni til að Geirfinnur hefði minnst á samræður við mann þennan um áfengissölu eða áfengiskaup. Endurupptökunefnd fær ekki séð að framburður vitna styðji á nokkurn hátt framburð dómfelldu um að þeir hafi hitt Geirfinn í Klúbbnum en útiloka það hins vegar ekki.

3056. Endurupptökubeiðandi bar fyrst 27. október 1976 um að hafa hitt Geirfinn í Klúbbnum 17. nóvember 1974. Í yfirheyrslu 3. nóvember 1976 kannaðist dómfelldi Kristján Viðar ekki við að hafa hitt Geirfinn í Klúbbnum en féllst síðar á það. Þegar dómfelldu gáfu umrædda framburði sína hafði lögregla lengi reynt að tengja hvarf Geirfinns við umrædda ferð hans í Klúbbinn 17. nóvember 1974 og meint áfengisviðskipti. Engir framburðir vitna eða áþreifanleg sönnunargögn styðja þessi tengsl og eru framburðir dómfelldu sjálfra það eina sem bendir til að þessi samskipti hafi átt sér stað. Endurupptökunefnd telur umtalsverðan vafa leika á um að framburðir dómfelldu sjálfra um þessi atvik eftir langa og harðneskjulega einangrun og mikinn fjölda yfirheyrslna endurspegli raunverulegar minningar. Samkvæmt þessu telur endurupptökunefnd sönnunargildi framburða dómfelldu hvað þetta varðar vafasamt.

VIII.5.4.b Framburðir vitna í Hafnarbúðinni

3057. Samkvæmt framburði eiginkonu og sonar Geirfinns svo og vitnisins [ÞÓI] hafði Geirfinnur mælt sér mót við ókunna menn við Hafnarbúðina í Keflavík milli klukkan 21:30 og 22:00 að kvöldi 19. nóvember 1974. Að sögn eiginkonu Geirfinns hringdi síminn á heimili þeirra um eða upp úr klukkan 19:00 og átti Geirfinnur stutt símtal við einhvern. Rétt fyrir klukkan 21:00 hafi [ÞÓI] komið í heimsókn til hans. Að sögn [ÞÓI] hafi Geirfinnur sagst þurfa að hitta einhverja menn við Hafnarbúðina klukkan 22:00 og ekki vita hverjir þeir væru eða hvaðan þeir kæmu en hann ætti að koma einn og gangandi til fundar við þá. Kvaðst [ÞÓI] hafa ekið Geirfinni nokkuð á leið en skilið við

hann í nálægð Hafnarbúðarinnar. Með vætti starfsmanna Hafnarbúðarinnar þótti í ljós leitt að Geirfinnur hefði komið í Hafnarbúðina, keypt þar vindlinga, litið í kringum sig og farið síðan. Samkvæmt vitnisburði eiginkonu Geirfinns hafi hann verið kominn heim aftur um klukkan 22:15. Hringt hefði verið í síma á heimili Geirfinns skömmu síðar og tíu ára gamall sonur hans svarað í símann. Kvað hann dimmraddaðan karlmann hafa spurt eftir Geirfinni og kvaðst drengurinn hafa kvatt hann í símann. Eiginkona Geirfinns kvað símtal þetta hafa verið stutt og hefði Geirfinnur sagt „ég kom“ og síðar „ég kem“. Eftir þetta hefði Geirfinnur tekið bifreið þeirra hjóna og ekið brott. Tvö vitni staðfestu að þau hefðu séð bifreið Geirfinns standa mannlaua við hús Kaupfélags Suðurnesja rétt eftir klukkan 22:34 umrætt kvöld.

3058. Meðal rannsóknargagna er skýrsla rannsóknarlögreglumanns um sakbendingu í tæknideild rannsóknarlögreglunnar 25. október 1976 þar sem dómfellda Kristjáni Viðari hefði verið stillt upp með sex nemendum Lögregluskóla ríkisins. Sakbendingin var í tilefni af framburði dómfellda um að hann hefði hringt í Geirfinn úr Hafnarbúðinni að kvöldi 19. nóvember 1974. Í skýrslunni kom fram að kvödd hafi verið til sakbendingarinnar vitnin [GKJ], afgreiðslustúlka í Hafnarbúðinni, [ÁEG], sjónarvottur í Hafnarbúðinni, og [SJÁ] sem hafi talið sig hafa séð ókunnan mann við Hafnarbúðina í umrætt sinn og síðar sama kvöld við Þórðarsjoppu. Fyrir liggja skýrslur um yfirheyrslur yfir vitnunum þremur að lokinni sakbendingu og voru þau samhljóða um að þekkja ekki neinn af umræddum mönnum sem þann sem hringt hefði úr Hafnarbúðinni umrætt kvöld. Vitnin báru reyndar um að rólegt hefði verið að gera.
3059. Fjórði sjónarvotturinn ung stúlka, [HBÓ], sem bar um að hafa verið um tvær klukkustundir í Hafnarbúðinni frá því klukkan um 21:30 til 23:30, gat þess að þrír hefðu fengið að hringja á því tímabili. Mundi hún ekki eftir að hafa séð tvo menn koma saman inn í Hafnarbúðina, annan hávaxinn en hinn lágvaxinn. Þeim sjónarvottum sem mættu fyrir dóm voru sýndar myndir af dómfelldu Guðjóni, Kristjáni Viðari og endurupptökubeiðanda og jafnvel gefinn kostur á að bera ljósmyndirnar saman við leirmynd sem mótuð hafði verið við Keflavíkurrannsóknina þegar auglýst var eftir manninum sem hringdi úr Hafnarbúðinni. Vitnin gátu ekki staðhæft hvort einhver þeirra hefði komið inn í Hafnarbúðina til að hringja umrætt sinn eftir því sem bókað var í þingbók.
3060. Í dómi sakadóms eru enn fremur raktir framburðir vitnanna í Hafnarbúðinni um mann sem hefði fengið að hringja úr Hafnarbúðinni skömmu eftir að Geirfinnur kom þar við að kvöldi 19. nóvember 1974. Vitnið [GKJ] bar að tíu til fimmtán mínútum eftir að Geirfinnur kom í búðina hafi annar maður komið þar inn og hagað sér allundarlega. Litlu síðar hefði hann fengið að hringja. Maðurinn hafi farið að símanum, hringt án þess að nota símaskrá og talað stutt eða ekki fengið svar. Þessi maður kom vitninu þannig fyrir sjónir að það hefði séð hann áður, en gat ekki áttað sig frekar á því. Lýsti hún klæðaburði mannsins þannig að hann hefði verið í leður- eða leðurlíkisjakka, brúndröppuðum að lit, með belt, sem hékk laust, og í ljósum tweed buxum. Hún lýsti útliti hans mjög nákvæmlega, meðal annars að hann hafi verið grannur, um 180 sentimetrar að hæð, fremur þykkur til herðanna, með dökkskollitað hár og ljós yfirlitum. Hún bar fyrir dómi að hafa mætt í mynd- og sakbendingu hjá

rannsóknarlögreglu en ekki séð þar neinn mann sem hún taldi vera umræddan mann. Hún fullyrta að framangreindur maður í Hafnarbúðinni hefði ekki verið dómfelldi Kristján Viðar. Hins vegar kynni dómfelldi Kristján Viðar að hafa komið og hringt umrætt kvöld, án þess að hún veitti því athygli og bar um að mikið hefði verið að gera. Henni hafi verið sýndar myndir af dómfellda Kristjáni Viðari og endurupptökubeiðanda en taldi sig ekki hafa séð þá í Hafnarbúðinni framangreint kvöld.

3061. Í dómi sakadóms er lýst framburði vitnisins [ÁEG] sem kvaðst hafa verið stödd í Hafnarbúðinni í Keflavík að kvöldi þriðjudagsins 19. nóvember 1974. Lítið hafi verið um að vera í búðinni þetta kvöld. Vitnið kvað Geirfinn Einarsson hafa komið inn í búðina, keypt eitthvað og [GKJ] afgreitt hann. Nokkru eftir að Geirfinnur hafi verið farinn hafi ókunnur maður komið inn í Hafnarbúðina og hafi vitnið talið hann utanbæjarmann. Hann hefði fengið að hringja, talað stutta stund í símann, greitt fyrir símtalið en haldið síðan rakteitt á brott. Vitnið hafi ekki munað nákvæmlega eftir útliti mannsins eða klæðnaði en í lögregluskýrslu hefði það lýst klæðnaði hans svo, að hann hefði verið í gulbrúnum leðurjakka, sem hefði verið beinn niður í sniði, með belt, sem hafði lafað niður, og hefði jakkinn verið óhnepptur. Þá hefði það séð að maðurinn var með belt við buxur sínar. Hann hefði verið svolítið rauður í kinnum, með skollitað hár og hafi framkoma hans verið örugg. Vitnið hefði staðfest þessar lýsingar á manningum fyrir dómi.
3062. Ekki er vikið að þessum framburðum eða sakbendingunni í dómi Hæstaréttar. Framburðirnir benda til þess að maður sem líktist hvorki dómfellda Kristjáni Viðari né endurupptökubeiðanda hafi hringt stutt símtal úr Hafnarbúðinni á svipuðum tíma og Geirfinnur fékk það símtal sem eiginkona hans og sonur lýstu. Þótt framburður vitnanna útiloki ekki að dómfelldi Kristján Viðar eða endurupptökubeiðandi hafi hringt úr Hafnarbúðinni til Geirfinns umrætt kvöld styðja framburðirnir það ekki. Framburður vitnisins [GKJ] bendir reyndar frekar til þess að hvorugur þeirra hafi komið í Hafnarbúðina og fengið að hringja á því tímabili sem hringt var heim til Geirfinns.
3063. Framburðir dómfelldu þróuðust á þann veg haustið 1976 að dómfelldi Kristján Viðar hefði farið inn í Hafnarbúðina umrætt kvöld og hringt í Geirfinn. Ítrekaðir framburðir hans um það sem þeim Geirfinni hafi átt að fara á milli í símtalinu samræmast hins vegar engan veginn þeirri lýsingu sem eiginkona og sonur Geirfinns gáfu á þeim fáu orðum sem þau heyrðu hann segja í símtalinu. Um þetta samtal báru þau strax eftir hvarf Geirfinns og héldu fast við þann framburð alla tíð í fjölda yfirheyrslna.
3064. Í dómi Hæstaréttar segir orðrétt um þetta atriði: „Miða verður við það, að ákærðu hafi komið í bifreiðinni að Hafnarbúðinni og að annað hvort Kristján eða Sævar hafi hringt þaðan til Geirfinns rétt eftir kl. 2215, eins og áður greinir.“ Í ljósi framburða framangreindra vitna og sérstaklega frásagnar dómfellda Kristjáns Viðars um hvað Geirfinnur átti að hafa sagt við hann í símann getur framburður dómfellda um að hann hafi farið inn í Hafnarbúðina og átt þar símtal við Geirfinn engan veginn talist trúverðugur. Orðalag Hæstaréttar um þetta símtal bendir ekki til þess að rétturinn hafi

talið sönnun liggja fyrir um þetta símtal og virðast dómfelldu ekki hafa verið látnir njóta vafans um þetta mikilvæga atriði í meintri atburðarás.

VIII.5.4.c Framburðir vitna um bílaleigubifreið

3065. Við rannsókn málsins báru dómfelldu Erla, Kristján Viðar og endurupptökubeiðandi lengi vel á ýmsa lund um hvort og þá hvernig þau hefðu farið til Keflavíkur kvöldið sem Geirfinnur hvarf. Sem fyrr segir nefndu þau fjölda bifreiða af ýmsum tegundum og litum. Eins og fram kemur í dómi Hæstaréttar bar dómfelldi Guðjón í yfirheyrslu 29. nóvember 1976 að hafa ekið með endurupptökubeiðanda og ef til vill dómfelldu Erlu og Kristjáni Viðari til Keflavíkur í ljósblárrí bifreið af Volkswagen gerð. Í yfirheyrslu daginn eftir kvaðst hann hafa tekið við stjórn Volkswagen bifreiðar er endurupptökubeiðandi hefði tekið á leigu. Samkvæmt upplýsingaskýrslu gekk lögregla úr skugga um það í nóvember 1976 með athugun hjá öllum bifreiðaleigum borgarinnar að í leigusamningum frá umræddum tíma væri ekki að finna nöfn þeirra aðila sem væru viðriðnir málið. Fyrir liggja handritaðir punktar, 3. desember 1976, um það sem fram hefði komið við yfirheyrslu yfir dómfelldu Erlu. Í punktunum kemur fram að hugsanlega hefði ekki verið skráður leigusamningur um bílaleigubifreiðina og [GM] sem hefði verið með bílaleiguna Geysi væri frændi eða vinur Guðjóns. Dómfellda Erla og endurupptökubeiðandi könnuðust í kjölfarið við það að hafa tekið ljósbláa Volkswagen bifreið á leigu hjá bílaleigunni Geysi 19. nóvember 1974 án þess að skriflegur samningur væri gerður. Fram að því höfðu þau borið með allt öðrum hætti um útvegum bifreiðar til Keflavíkurferðarinnar en sneru þeim framburði við eftir að dómfelldi Guðjón hafði nefnt Volkswagen bifreiðina. Hinn 5. júlí 1977 voru dómfellda Erla og endurupptökubeiðandi samprófuð. Þau staðhæfðu þá bæði að þau hefðu tekið Volkswagen bifreið á leigu hjá bílaleigunni Geysi 19. nóvember 1974 án þess að gerður hafi verið um það samningur.
3066. Lögregla rannsakaði frásögn dómfelldu um að hafa tekið Volkswagen bifreið á leigu hjá bílaleigunni Geysi. Framkvæmdastjóri bílaleigunnar á þessum tíma bar fyrir dómi að kannast við dómfelldu Erlu, Guðjón og endurupptökubeiðanda. Hann kvað dómfelldu Erlu oft hafa skipt við bílaleiguna og dómfellda Guðjón einnig hafa fengið bifreið þar á leigu. Hann kvaðst ekki minnst þess að þau endurupptökubeiðandi og dómfellda Erla hafi fengið bifreiðar á leigu á árinu 1974 án þess að um það væri gerður skriflegur samningur. Það hefði ekki verið fyrr en á árinu 1975 sem dómfellda Erla hefði fengið bifreiðar að láni án endurgjalds, eftir að hætt hefði verið að kaskótryggja þær. Hann kvaðst ekki neita því að hafa lánað þeim dómfelldu Erlu og endurupptökubeiðanda bifreið án samnings, en það hefði örugglega ekki gerst fyrr en eftir að bifreiðarnar voru teknar úr kaskótryggingu, enda hefði ábyrgðin verið það mikil að slíkt hefði ekki hvarflað að honum. Nánar aðspurður kvaðst hann ekkert vilja fullyrða um það hvort hann hefði lánað dómfelldu bifreið frá bílaleigunni í nóvember 1974 svo sem þau hefðu haldið fram. Kvaðst vitnið geta ímyndað sér að þau hefðu stolið bifreið á bílaleigunni, en það hefði verið mjög auðvelt og gert með þeim hætti að stinga læsinguna á bifreiðinni upp og tengja beint.

3067. Þótt framburður umrædds starfsmanns bílaleigunnar útiloki ekki algerlega að framburður dómfelldu um leigu á Volkswagen bifreið hafi verið réttur verður hann engan veginn talinn staðfesta framburði þeirra. Hafa verður í huga að þótt framburðir dómfelldu Erlu og endurupptökubeiðanda hafi að lokum verið nokkuð nákvæmir um leigu á bifreiðinni þá gegnir hinu sama um ýmsa aðra framburði þeirra sem síðar kom í ljós með óyggjandi hætti að ekki áttu við nein rök að styðjast.
3068. Í dómi Hæstaréttar er einfaldlega staðhæft að samkvæmt sakargögnum hafi dómfellda Erla og endurupptökubeiðandi tekið á leigu ljósbláa Volkswagen bifreið 19. nóvember 1974. Ekkert er getið um það í dómi Hæstaréttar hversu illa gekk að finna þessum síðbúnu framburðum dómfelldu um Volkswagen bifreiðina stoð, hvort sem er í áþreifanlegum gögnum eða vitnisburði.
3069. Fyrir liggur að dómfellda Erla og endurupptökubeiðanda áttu Land Rover bifreið á þessum tíma og var sú bifreið nefnd í sumum framburða þeirra um Keflavíkurferðina enda hefði mátt halda að hún hefði hentað vel til fararinnar miðað við þann tilgang að sækja áfengi. Í þeirri útgáfu af atburðarásinni sem að lokum var lögð til grundvallar var Land Rover bifreiðin biluð. Dómfelldu báru þó að bifreiðin hefði verið notuð fyrir um kvöldið og eins tveimur dögum síðar til að flytja lík Geirfinns. Mikill ólíkindablær var á framburðum dómfelldu um leigu á lítilli Volkswagen bifreið og útvegum á sendiferðabifreið og síðan ferð allra fimm til Keflavíkur á þessum bifreiðum til að fylgja eftir mjög óljósum upplýsingum um möguleg áfengisviðskipti.
3070. Augljóst er að ferð dómfelldu til Keflavíkur var þýðingarmikill þáttur í þeirri atburðarás sem leiddi til meintrar atlögu að Geirfinni. Margt var lengi vel á reiki um þennan þátt, sérstaklega í ljósi þess að dómfelldi Kristján Viðar og endurupptökubeiðandi voru ekki með ökuréttindi. Umræddir framburðir um Volkswagen bifreiðina komu ekki fram fyrir en eftir að Karl Schütz tók við stjórn rannsóknarinnar og áhersla var lögð á að útrýma ósamræmi í framburðum. Vafi um áreiðanleika framburða dómfelldu um Volkswagen bifreiðina, eftir langa einangrun og langar yfirheyrslur og samprófanir, er sá sami og um aðra framburði dómfelldu frá þessum tíma og áður hefur verið fjallað um. Skoðun endurupptökunefndar á gögnum málsins styður ekki þá fullyrðingu Hæstaréttar að samkvæmt sakargögnum hafi dómfellda Erla og endurupptökubeiðandi tekið á leigu Volkswagen bifreið 19. nóvember 1974 og telur nefndin að dómfelldu hafi í engu fengið að njóta þess vafa sem var uppi um að dómfelldi Guðjón hefði ekið þeim til Keflavíkur á ljósbláari Volkswagen bifreið. Endurupptökunefnd telur þetta eitt þeirra atriða sem skipti máli við mat á því hvort verulegar líkur séu á að sönnunargögn í málinu hafi verið rangt metin svo áhrif hafi haft á niðurstöðu málsins.

VIII.5.4.d Framburðir vitna um meinta ferð dómfelldu Erlu frá Keflavík

3071. Í fyrstu yfirheyrslum yfir dómfelldu Erlu bar hún um að hafa farið kápulaus úr Dráttarbrautinni kvöldið sem Geirfinnur hvarf og falið sig um nóttina í yfirgefnu húsi í nágrenninu. Hún hafi svo farið til Reykjavíkur á puttanum morguninn eftir. Dómfellda bar um það hjá lögreglu að hafa fengið far frá Keflavík að Grindavíkurafluggjara með eldri manni á gamalli Moskvitch bifreið með V skráningarnúmeri og hafi hann sagst

vera frá Vestmannaeyjum. Hún hafi síðan fengið far með annarri bifreið þaðan og í Hafnarfjörð en tekið strætisvagn þaðan til Reykjavíkur.

3072. Í dómi sakadóms Reykjavíkur kemur fram að fljótlega eftir að rannsóknarlögreglan í Reykjavík hóf rannsóknina hafi rannsóknarlögreglumanni í Keflavík verið falið að hafa upp á öikumönnum bifreiða þeirra sem dómfellda Erla sagðist hafa farið með til borgarinnar frá Keflavík. Ekki hafi honum tekist að hafa upp á þessum öikumönnum. Eftir að lögregla hefði auglýst eftir öikumanni bifreiðar, sem ekið hefði stúlku frá Keflavík að vegamótum Grindavíkurvegjar 20. nóvember 1974, hefði [GSJ] haft samband og kvaðst strax hafa munað eftir því þegar hann hefði séð auglýsinguna að hann hefði tekið stúlku upp í bifreið í Keflavík haustið 1974 og ekið henni að mótum Grindavíkurvegjar. Hann hefði talið það hafa verið að morgni 20. nóvember 1974 og réði það af ferð sinni til Sandgerðis þann dag. Hann kvaðst hafa átt rauða Skoda bifreið með G númeri á þeim tíma en einu sinni það haust hafa fengið lánaða Moskvitch bifreið vinnufélaga síns sem hefði verið frá Vestmannaeyjum og hafi jafnvel talið sennilegt að hann hefði verið á þeirri bifreið í umrætt sinn. Umræddur vinnufélagi hafi skýrt lögreglu frá því að verið gæti að hann hefði lánað [GSJ] Moskvitch bifreið sína oftár en einu sinni umrætt haust. Bifreiðin hefði aldrei verið á V númeri og alltaf verið hvít að lit. [GSJ] hefði mætt í sakbendingu hjá rannsóknarlögreglu 30. mars 1976 og bent þar á dómfelldu Erlu í hópi stúlkna og talið hana helst koma til greina sem þá stúlku sem komið hefði í bifreiðina. Honum hefði verið sýnd mynd af dómfelldu við skýrslugjöf fyrir dómi og talið að um hana hefði verið að ræða en tekið fram að hún hefði ekki verið með gleraugu.
3073. Fyrir lögreglu bar vitnið um að hafa verið handlama og af þeim sökum ekki í vinnu á þessum tíma í nóvember 1974. Þegar vitnið kom fyrir dóm kom ekkert fram um hvort hann væri frá Vestmannaeyjum og var hann hvorki spurður um hvort hann hefði verið handlama og óvinnufær né að hann hefði fyrr borið um það að hafa ekið Skoda bifreið sinni umrætt sinn. Þegar dómfellda Erla var innt eftir þessum atvikum treysti hún sér ekki til að bera um hvort sá sem tekið hefði hana upp hefði verið á Moskvitch eða Skoda og gat ekkert fullyrt um lit bifreiðarinnar og vildi ekki andmæla framburði vitnisins. Hún virðist ekki hafa verið spurð út í meiðsli vitnisins sem héldu honum frá vinnu eða atriði í framburði vitnisins [GM] sem ekki samræmdust framburði hennar. Mjög brýnt sýnist að verjendum allra dómfelldu í Geirfinnsmálinu, þar með talið dómfelldu Erlu sem ákærð var fyrir hlutdeild í því, hefði gefist tækifæri til að spyrja þetta vitni ítarlega fyrir dómi enda eina vitnið sem tengdi eitthvert af þeim dómfelldu við Keflavík 20. nóvember 1974. Um lykilvitni var þannig að ræða.
3074. Vitnið [ÁR] kom til rannsóknarlögreglunnar 11. apríl 1976 og skýrði frá því að hafa í nóvember 1974 starfað við flutninga á tónum síldartunnum, meðal annars til Keflavíkur, á Bedford vörubifreið. Kvaðst hann hafa tekið unga stúlku upp í bifreið sína við Grindavíkurfleggjara í einni af þessum ferðum og ekið henni til Hafnarfjarðar. Ekki þekkti hann Erlu í hópi fimm stúlkna í sakbendingu hjá lögreglu. [ÁR] lést 18. apríl 1977 og gaf því ekki skýrslu fyrir dómi.

3075. Í dómi Hæstaréttar segir um framburð vitnisins [GSJ] að önnur vætti styðji frásögn þessa greinargóða vitnis. Sem fyrr segir dró dómfellda Erla á dómþingi 11. janúar 1980 til baka alla framburði sína er vörðuðu ferðina til Keflavíkur. Hæstiréttur taldi afturköllunina marklausa og studdi þá niðurstöðu þeim rökum að sannað þætti, án tillits til framburða dómfelldu, að hún hefði verið í Keflavík að morgni 20. nóvember 1974 og farið þá til Hafnarfjarðar, fyrst með bifreið frá Keflavík að Grindavíkurvegi og þaðan með annarri bifreið til Hafnarfjarðar. Má af þessu ráða að framburður umrædda tveggja vitna hafi vegið þungt við það mat Hæstaréttar að sakfelling annarra dómfelldu yrði byggð á framburðum hennar þrátt fyrir að hún hefði afturkallað þá fyrir dómi.
3076. Endurupptökunefnd telur að ýmislegt í framburði vitnisins [GSJ] hafi verið trúverðugt og falli nokkuð vel að upphaflegum framburði dómfelldu Erlu um ferðalag hennar frá Keflavík morguninn eftir hvarf Geirfinns. Þetta er raunar eitt fárra atriða í framburðum dómfelldu sem að einhverju leyti var unnt að sannreyna. Önnur atriði í framburði [GSJ] eru hins vegar í mótsögn við upphaflegan framburð dómfelldu Erlu, svo sem það að [GSJ] var ekki frá Vestmannaeyjum og ekki á bifreið með V númeri.
3077. Nokkurrar ónákvæmni gætir í dómi Hæstaréttar þar sem fram kemur að [GSJ] hafi talið sig þekkja dómfelldu Erlu við sakbendingu en í rannsóknargögnum er orðrétt haft eftir honum: „Það hefur nú farið fram sakbending vegna þessarar stúlku og hef ég horft á nokkrar stúlkur í hóp, hér á skrifstofunni. Í þeim hóp fannst mér ein stúlka koma til greina að vera sú sama og ég tók upp í bifreið mína, sem fyrr er getið.“ Þá er þess ekki getið í dómi Hæstaréttar að vitnið [ÁR] þekkti dómfelldu Erlu ekki við sakbendingu og kom ekki fyrir dóm. Loks virðist ekki hafa verið tekið tillit til þess við mat á sönnunargildi framburða þessara vitna að þegar þeir gáfu sig fram við lögreglu og tóku þátt í sakbendingu og myndbendingu voru liðnir meira en 16 mánuðir frá 20. nóvember 1974. Þegar sakbendingin fór fram höfðu nýlega birst nákvæmar fréttir í fjölmiðlum um blaðamannafund lögreglu þar sem greint var frá framburði ungrar stúlku, unnustu endurupptökubeiðanda, um ferð á puttanum 20. nóvember 1974 frá Keflavík á Moskvitch bifreið með V númeri að Grindavíkuraflleggjara og á stórri flutningabifreið þaðan til Hafnarfjarðar. Umrædd vitni hafa því augljóslega tengt auglýsinguna við Geirfinnsmálið.
3078. Þrátt fyrir að framburðir þessara vitna séu ekki að öllu leyti í samræmi við upphaflegan framburð dómfelldu Erlu benda þeir til þess að hún kundi að hafa verið á ferð frá Keflavík til Reykjavíkur að morgni 20. nóvember 1974. Í því felst vísbending um að upphaflegur framburður dómfelldu þess efnis að hún hafi verið í Keflavík kvöldið áður hafi átt við rök að styðjast. Framburðirnir lúta þannig að afmörkuðu atriði í mögulegri atburðarás en ekki beinlínis að hinni refsiverðu háttsemi sem þrír aðrir dómfelldu voru sakfelldir fyrir, meinta atlögu að Geirfinni sem leitt hafi hann til dauða.

VIII.5.5 Um tímaramma ferðar dómfelldu til Keflavíkur

3079. Að frátöldum framburðum dómfelldu lágu fyrir í málinu upplýsingar sem voru taldar ramma inn tímasetningar varðandi meinta ferð dómfelldu til Keflavíkur kvöldið sem Geirfinnur hvarf. Af framburði eiginkonu og sonar Geirfinns og vitna í Hafnarbúðinni í Keflavík var talið sannað að Geirfinnur hefði átt stefnumót við ókunnuga menn í Hafnarbúðinni og því verið í Hafnarbúðinni um klukkan 22:00 að kvöldi 19. nóvember 1974. Þar hafi hann gripið í tómt og farið aftur heim. Hann hafi svo fengið símtal um klukkan 22:15 og þá farið aftur að heiman frá sér á bifreið sinni sem sást síðan mannlús á bílastæði nálægt Hafnarbúðinni klukkan 22:34. Lagt var til grundvallar í dómi Hæstaréttar að dómfelldi Kristján Viðar hefði hringt í Geirfinn úr Hafnarbúðinni í umrætt sinn. Samkvæmt framburðum dómfelldu höfðu þeir áður reynt að komast í síma í Keflavík og auk þess farið að Dráttarbrautinni í Keflavík. Því var gengið út frá því að dómfelldu hafi verið komin til Keflavíkur laust eftir klukkan 22:00.
3080. Í framburðum dómfelldu komu fram ýmsar misvísandi frásagnir um hvernig þeir áttu að hafa mælt sér mót við Geirfinn. Báru þeir ýmist að dómfelldi Guðjón, dómfelldi Kristján Viðar eða endurupptökubeiðandi hefði hringt í Geirfinn og mælt sér mót við hann klukkan 21:30 eða 22:00.
3081. Vitnið [VK] kom að eigin frumkvæði í Síðumúlafangelsið 15. maí 1976. Í skýrslu sem tekin var þar af honum kom meðal annars fram að hann hefði farið á sýningu heimildarmyndar sinnar Eldur í Heimaey að kvöldi 19. nóvember 1974 ásamt eiginkonu sinni og föður. Fjórar sýningar hefðu verið á myndinni það kvöld og hefði fyrsta sýning hafist um klukkan 20:00. Hafi hann þar hitt endurupptökubeiðanda eftir fyrstu eða aðra sýningu klukkan rúmlega 20:00 eða 21:00. Hafi endurupptökubeiðandi sagst vera að fara til Keflavíkur eða að hann hefði farið til Keflavíkur daginn áður. Hafi [VK] haft það á tilfinningunni að endurupptökubeiðandi væri að flýta sér. Síðar í skýrslunni bar hann um að hafa hitt endurupptökubeiðanda klukkan 21:00 en var ekki viss um hvort það var í þetta skipti eða annað kvöld um svipað leyti. Afhenti [VK] lögreglu dagbók sína frá þessum tíma en þar hafði meðal annars verið skráð við daginn 19. nóvember: „Fór á Kjarvalsstaði um kvöldið. Mynd var sýnd 4 sinnum.“ [VK] var yfirheyrður nánar um tímasetningar 10. nóvember 1976 og bar þá að hafa hitt endurupptökubeiðanda á Kjarvalsstöðum umrætt kvöld klukkan 20:40 og hafi þeir slitið samtalinu um klukkan 21:00. [VK] staðfesti fyrir dómi 14. september 1977 að hafa hitt endurupptökubeiðanda og móður hans að Kjarvalsstöðum umrætt kvöld. Kvað hann sýningar hafa átt að hefjast klukkan 20:00 en hafist um það bil tíu mínútum of seint. Hver sýning hafi tekið um 30 mínútur og 15 mínútna hlé verið á milli sýninga. Hann hafi farið á aðra sýningu myndarinnar og séð hluta hennar og hluta af þriðju sýningu og taldi sig hafa hitt endurupptökubeiðanda um klukkan 21:00. Hann hefði ekki merkt að endurupptökubeiðandi væri að flýta sér en hélt sig við fyrri framburð um að fram hefði komið hjá endurupptökubeiðanda að hann væri að fara til Keflavíkur um þær mundir.
3082. Í yfirheyrslum yfir endurupptökubeiðanda 27. og 28. október 1976 bar hann um ferðir sínar að kvöldi 19. nóvember 1974 og greindi þá í fyrsta skipti frá því að hann hefði

verið með móður sinni og dómfelldu Erlu á kvikmyndasýningu á Kjarvalsstöðum um kvöldið. Í þessum skýrslum bar hann jafnframt að hann hefði mælt sér mót ýmist við dómfellda Kristján Viðar eða dómfellda Guðjón eftir sýningu myndarinnar að Hjallavegi 31 klukkan 21:00.

3083. Eftir þessa framburði endurupptökubeiðanda varð kvikmyndasýningin að Kjarvalsstöðum hluti af framburðum dómfelldu Erlu og endurupptökubeiðanda og móður hans. Þau báru að þar sem öll bílastæði hefðu verið full við Kjarvalsstaði hefðu þau lagt bifreiðinni á bílastæði hjá Smjörlikisgerðinni og Ofnasmiðjunni, efst á plani Ölgerðarinnar. Jafnframt þróuðust framburðirnir á þann veg að þau hafi verið á Kjarvalsstöðum fram undir klukkan 22:00 og ekki verið komin til baka með móður endurupptökubeiðanda að Grýtubakka 10 fyrr en klukkan 22:10. Framan af voru framburðir endurupptökubeiðanda um veruna á Kjarvalsstöðum hluti af lýsingu hans á ferðinni til Keflavíkur þar sem Geirfinni hefði verið ráðinn bani og því ekki liður í fjarvistarsönnun. Eftir að endurupptökubeiðandi dró til baka framburð sinn byggði hann hins vegar á Kjarvalsstaðaferðinni og samtalinu við [VK] og taldi sig hafa verið með dómfelldu Erlu á heimili móður sinnar það sem eftir var kvöldsins. Endurupptökubeiðandi taldi sig hafa séð nafngreindan fulltrúa í Tollgæslunni á Keflavíkurflugvelli á Kjarvalsstöðum umrætt sinn. Ekki var tekin skýrsla af fulltrúanum en hann hefur síðar staðfest opinberlega að hafa séð endurupptökubeiðanda við þetta tækifæri umrætt kvöld.
3084. Engin raunhæf tilraun virðist hafa verið gerð af hálfu lögreglu til að staðreyna hvort framburður dómfelldu Erlu og endurupptökubeiðanda, svo og framburðir móður og systur endurupptökubeiðanda, um veru þeirra á Kjarvalsstöðum umrætt kvöld, stæðust og þá sérstaklega um tímasetningar. Til samanburðar má geta þess að auglýst var í fjölmiðlum eftir vitnum sem gátu borið um ferðir Guðmundar í Hafnarfirði nóttina sem hann hvarf, manni sem Geirfinnur átti að hafa verið á tali við í Klúbbnum 17. nóvember 1974 og bílstjórum sem mögulega tóku upp farþega á leið frá Keflavík að morgni 20. nóvember 1974. Þar sem endurupptökubeiðanda var í strangri einangrun allan þann tíma sem málið var til rannsóknar átti hann ekki hægt um vik með að renna stöðum undir veru sína á Kjarvalsstöðum.
3085. Þar sem lögregla gekk út frá því að endurupptökubeiðanda hefði verið á Kjarvalsstöðum áður en hann lagði af stað til Keflavíkur umrætt kvöld og sá tímarammi sem dómfelldu höfðu til að koma sér til Keflavíkur fyrir klukkan 22:15 var augljóslega nokkuð þröngur var lögreglumönnum falið að staðreyna hvort framburðir dómfelldu um ferðir þeirra um höfuðborgarsvæðið og til Keflavíkur umrætt kvöld rúmuðust innan þessa þrönga tímaramma. Þeir óku þá leið sem dómfelldu höfðu borið um á Volvo lögreglubifreið og mældu bæði vegalengdir og ferðatíma á milli staða en gátu ekki borið um ökuhraða aðspurðir fyrir dómi. Eins og fram kemur í dómi sakadóms Reykjavíkur gerðu lögreglumennirnir í framhaldinu töflu um áætlaðan komutíma á hvern stað og brottfarartíma þaðan og var þá einnig reiknað með biðtíma á þeim stöðum þar sem aðilar viðriðnir málið höfðu borið að numið hafi verið staðar. Gert var ráð fyrir því að dómfelldu hefðu verið orðnir of seinir á stefnumótið í Keflavík og því reiknað með stuttum biðtíma á hverjum stað. Í útreikningunum var

miðað við að áætlaður brottfarartími frá Kjarvalsstöðum hefði verið um klukkan 20:40.

3086. Áður en málið var tekið til meðferðar í Hæstarétti var rannsóknin að beiðni ríkissaksóknara endurtekin af tveimur lögreglumönnum og starfsmanni vegaeftirlitsins og nú á Scout jeppa. Gerðu þeir skrá um vegalengd og aksturstíma á milli staða. Síðan var kannaður ökuhraði eftir þeirri tímalengd sem akstur hvers áfanga tók samkvæmt skýrslum rannsóknarlögreglu. Miðað við skýrslur þessar reyndist ökuhraði frá Vatnsstíg 3 að Aðalstöðinni í Keflavík vera að meðaltali 84,280 kílómetrar á klukkustund, en á einstökum áfangaleiðum innan Reykjavíkur frá 32,241 til 45,431 kílómetrar á klukkustund.
3087. Í dómi Hæstaréttar sagði að mælingar rannsóknarlögreglu á vegalengdum og líklegur ökuhraði manna, sem þurftu að flýta sér til Keflavíkur, hefði sýnt að þau hefðu getað verið komin til Keflavíkur á tilgreindum tíma. Í því sambandi væri þess að geta að óvíst væri hvenær þau dómfellda Erla og endurupptökubeiðandi hefðu farið frá Kjarvalsstöðum.
3088. Tilefni er til að gera athugasemdir við framangreindar rannsóknir. Í fyrsta lagi var þar lagt til grundvallar að dómfellda Erla og endurupptökubeiðand hefðu lagt af stað frá Kjarvalsstöðum klukkan 20:40 og miðað við þær forsendur talið að dómfelldu hefðu getað hringt úr Hafnarbúðinni klukkan 22:18. Framburður vitnisins [VK] fyrir dómi um að samtal þeirra endurupptökubeiðanda á Kjarvalsstöðum hafi lokið um klukkan 21:00 virðist samræmast nokkuð vel öðru því sem fram er komið í málinu. Virðist sem lögregla hafi ranglega lagt til grundvallar brottfarartímamann 20:40 frá Kjarvalsstöðum þar sem sú tímasetning samræmist engan veginn því sem fyrir lá um kvikmyndasýningarnar á Kjarvalsstöðum, samtali endurupptökubeiðanda við [VK] og framburðum dómfelldu Erlu og endurupptökubeiðanda, svo og móður hans um hvar bifreið þeirra hefði verið lagt. Hæstiréttur virðist ranglega líta svo á að óvissa um það hvenær þau dómfellda Erla og endurupptökubeiðandi hafi farið frá Kjarvalsstöðum styrki niðurstöður rannsóknarlögreglu um að dómfelldu hefðu getað verið komin til Keflavíkur á tilgreindum tíma og virðist því gera ráð fyrir að brottförin kunni að hafa verið fyrir klukkan 20:40. Með öllu var horft framhjá nokkuð greinargóðum framburði vitnisins [VK] að þessu leyti.
3089. Við mat á rannsóknum lögreglu má jafnframt benda á að ekki var gert ráð fyrir neinu stoppi að Grýtubakka 10 þótt dómfelldu hefði borið um að hafa hringt þaðan og heldur ekki að Hjallavegi 31 þótt þar hafi dómfellda Erla og endurupptökubeiðandi skipt um bifreið. Þá gerðu rannsóknarlögreglumennirnir ráð fyrir engum og upp í fimm mínútna biðtíma á ýmsum stöðum í Reykjavík sem dómfellda Erla og endurupptökubeiðandi áttu að hafa komið við á til að hafa upp á dómfelldu Guðjóni og Kristjáni Viðari auk samskipta við vitnið [SÓH]. Það er mat endurupptökunefndar að rannsóknarlögreglumennirnir hafi vanmetið biðtímann á þessum stöðum í mörgum tilvikum, sérstaklega með tilliti til framburða dómfelldu um hvað gert var á hverjum viðkomustað. Þá gerir það mælingu á ferðatíma afar ótrúverðuga að hún var framkvæmd af rannsóknarlögreglumönnum, þjálfuðum í forgangsakstri, annars vegar

á kraftmikilli lögreglubifreið og hins vegar á góðri jeppabifreið en dómfelldu ferðust fjögur saman á lítilli Volkswagen bifreið í samfloti með sendiferðabifreið. Til þess að ferðatíminn milli Vatnsstígs og Keflavíkur gengi upp þurftu lögreglumennirnir að meðaltali að aka á rúmlega 84 kílómetra hraða á klukkustund, þar af drjúgan hluta leiðarinnar í gegnum Reykjavík, Kópavog, Garðabæ og Hafnarfjörð þar sem hámarkshraði er langt undir þessum hraða og umferðarljós á leiðinni.

3090. Endurupptökunefnd telur mikinn ólíkindablæ á þeim framburðum dómfelldu sem lagðir voru til grundvallar um ferðina til Keflavíkur, undirbúning hennar, skipulag og tímasetningar. Athygli vekur enn fremur að umræddar bifreiðategundir, það er ljósblár Volkswagen og ljós Mercedes Benz sendiferðabifreið, voru fyrst nefndar til sögunnar snemma í Keflavíkurrannsókninni. Eigandi blárrar Volkswagen bifreiðar, sem talin var hafa staðið við Hafnarbúðina með stöðuljósum þegar Geirfinnur kom þangað um klukkan 22:00 umrætt kvöld, gaf sig fram við lögreglu eftir að auglýst hafði verið eftir ökumanni slíkrar bifreiðar. Þá töldu vitni sig hafa séð slíka sendiferðabifreið í Keflavík klukkan 18:30 og aftur klukkan 22:30 og meðal annars séð ökumann hennar að fá sér að borða á veitingastað. Þessir vitnisburðir virðast útiloka að dómfelldu hafi verið á ferð í Keflavík á þessum bifreiðum. Það virðist undarleg tilviljun að bifreiðar af þessum tegundum og litum hafi orðið hluti af endanlegri frásögn dómfelldu eftir að þau höfðu lýst fjölda bifreiða af ýmsum tegundum og litum. Virðast dómstólar hafa haft fulla ástæðu til að tortryggja framburði dómfelldu í þessum efnunum.
3091. Af rökstuðningi Hæstaréttar um þetta atriði má ráða að dómendur hafi gert sér grein fyrir að tímaramminn sem dómfelldu höfðu til Keflavíkurferðarinnar var knappur en gefið sér að dómfelldu hefðu verið að flýta sér. Endurupptökunefnd telur að dómfelldu hafi í engu verið látin njóta þess vafa sem var fyrir hendi um tímasetningu brottfararinnar frá Kjarvalsstöðum, meðalökuhraða bæði innanbæjar og á leiðinni til Keflavíkur svo og um mat á raunhæfum biðtíma á hverjum stað þar sem stöðvað var. Endurupptökunefnd telur að þetta sé eitt þeirra atriða sem skipti hvað mestu máli við mat á því hvort verulegar líkur séu á að sönnunargögn í málinu hafi verið rangt metin svo áhrif hafi haft á niðurstöðu málsins.

VIII.5.6 Um önnur atriði sem talin voru styðja sakfellingu

3092. Sem fyrr segir var sakfelling dómfelldu fyrir að hafa tekið þátt í atlögu að Geirfinni sem leiddi hann til dauða fyrst og fremst byggð á framburðum þeirra sjálfra sem dómfelldi Kristján Viðar og endurupptökubeiðandi drógu reyndar til baka fyrir dómi. Þótt lögreglu tækist undir lok rannsóknarinnar það ætlunarverk Karls Schütz að útrýma ósamræmi í framburðum dómfelldu um mörg veigamikil atriði var fullkomin óvissa uppi um þátt hvers og eins dómfellda í meintri atlögu að Geirfinni. Áður hefur verið gerð grein fyrir framburðum vitnisins [SÓH] sem hann dró til baka fyrir uppsögu héraðsdóms og dómfelldu Erlu sem hún dró til baka fyrir dómtöku málsins fyrir Hæstarétti. Það einkenndi rannsókn málsins að lögreglu reyndist ekki unnt að finna framburðum dómfelldu um veigamestu málsatvikin stoð í hlutrænum staðreyndum.

3093. Í dómi Hæstaréttar er réttilega bent á nokkur atriði í framburðum dómfelldu sem virðast ekki geta verið frá öðrum komin en þeim sjálfum. Sem dæmi um það má nefna að í skýrslu yfir endurupptökubeiðanda, 28. október 1976, er þess getið að hann hefði nefnt að tölurnar 3 og 1 hafi verið í símanúmeri sem Geirfinnur hefði gefið þeim upp en fyrir lá að óskráð fjögurra talna símanúmer á heimili Geirfinns byrjaði einmitt á 31. Þessi framburður endurupptökubeiðanda virðist hafa rennt stöðum undir þá fullyrðingu í dómi Hæstaréttar að miða yrði við, „að hinn 18. nóvember s. á. hafi þeir Sævar eða Guðjón aflað símanúmers Geirfinns, en nafn hans var ekki í símaskrá, og annar hvor þeirra hafi hringt til hans milli kl. 19:00 og 20:00 hinn 19. nóvember 1974 og mælt sér mót við hann kl. 21:30 til 22:00 í Keflavík þá um kvöldið.“
3094. Annað slíkt atriði sem nefnt er í dómi Hæstaréttar er að haft er eftir dómfellda Guðjóni að hann hefði getið þess að hann kynni ekki við rauðan „stuðara“ sem væri á sendiferðabifreiðinni þegar hann sá hann við sviðsetningu sem fram fór í Dráttarbrautinni í janúar 1977, og auk þess væru á sendiferðabifreiðinni rauðar rendur sem ekki hefðu verið þar 1974. Að auki væri skrásetningarmarkið ekki rétt. Í dóminum segir síðan: „Leitt er í ljós að á „stuðara“ var annar litur í nóvember 1974 en í janúar 1977 og rendur síðar málaðar á bifreiðina. Breytt hafi og verið um skrásetningarmarki bifreiðarinnar.“
3095. Fyrir liggur samantektarskýrsla lögreglu, 8. febrúar 1977, um sviðsetningu atvika í Dráttarbrautinni 23. janúar 1977. Þar kemur fram að dómfelldi Guðjón hefði strax haft orð á því að hann þekkti þar sömu sendiferðabifreið og verið hefði í Dráttarbrautinni 19. nóvember 1974. Hefði dómfelldi haft orð á því að stuðararnir væru rauðir og hliðarrendur rauðar, en á umræddum tíma hefðu stuðararnir verið svartir og engar hliðarrendur. Einnig hefði hann sagst muna að bifreiðin hefði verið á R-númeri. Bókað hefði verið að dómfelldi hefði staðfest þessi atriði í lögregluskýrslu frá 25. janúar 1977. Fram kom að rannsóknarlögreglumaður hefði rætt við [JPW] sem hefði staðfest að þegar sendiferðabifreiðin hefði verið í hans eigu hafi hún verið með skrásetningarnúmer R-40045, stuðarar verið svartir og engar rendur verið á hliðum bifreiðarinnar.
3096. Í skýrslutöku fyrir dómi 30. júní 1977 var eftirfarandi bókað eftir Guðjóni um þetta atriði: „Ákærði tekur fram að sé um sömu bifreið að ræða hafi ekki verið á henni rauðar rendur á hliðum, né framstuðari rauður né heldur Í-númer. Ákærði telur að R-númer hafi verið á bifreiðinni.“
3097. Ekki er ljóst hvenær lögregla réðst í rannsókn á því hvert skráningarnúmer sendiferðabifreiðarinnar var 19. nóvember 1974 og hvaða litur var þá á henni. Þar sem sú staðhæfing, að dómfelldi Guðjón hefði bent á að stuðari á sendiferðabifreiðinni í Dráttarbrautinni hafi verið svartur og engar rendur, kom fyrst fram í upplýsingaskýrslu lögreglu um sviðsetningu atburða í Dráttarbrautinni er útilokað að meta hvort þessar athugasemdir hafi komið fram í sjálfstæðri frásögn eða verið viðbrögð hans við leiðandi spurningum rannsóknarmanna um þetta. Líkt og gerð hefur verið grein fyrir benda þær skýrslur sem liggja fyrir í málinu um framburði dómfellda Guðjóns um atburðina í Dráttarbrautinni til þess að minni hans um atburðina hafi verið mjög

stopult. Þannig var haft eftir honum í skýrslu 25. janúar 1977 að framhaldið af því sem gerðist þar væri svo óljóst í minni hans að það yrði nánast skáldskapur að lýsa því. Bókað var um framburð hans fyrir dómi 30. júní 1977 varðandi atburði í Dráttarbrautinni að hann treysti því að rannsóknarlögreglumenn og Karl Schütz hefðu ekki vísvitandi farið með rangt mál við hann í ýmsum þeim lýsingum, sem þeir hefðu gefið honum, um það sem átti að hafa gerst á umræddum stað og umræddum tíma.

3098. Umrædd atriði um tölurnar 31 í símanúmeri Geirfinns og litinn á stuðara sendiferðabifreiðarinnar eru til þess fallin að renna stöðum undir að frásögn dómfelldu um ferð þeirra til Keflavíkur og atlöguna að Geirfinni hafi verið sannleikanum samkvæm. Hins vegar er nauðsynlegt að gera þann fyrirvara að skoðun endurupptökunefndar bendir til þess að margt í skýrslum sem ber það með sér að vera sjálfstæðir framburðir dómfelldu hafi í reynd verið fram komið í kjölfar þess að rannsóknarmenn báru undir dómfelldu upplýsingar sem þeir höfðu aflað með öðrum hætti. Þannig virðist í ýmsum tilvikum ekki hafa verið um sjálfstæða frásögn að ræða, heldur fremur staðhæfingar sem voru bornar undir dómfelldu og þau fallist á. Endurupptökunefnd telur því ekki vafalaust að umrædd atriði hafi upphaflega verið frá dómfelldu komin.

VIII.5.7 Um meinta flutninga á líki Geirfinns

3099. Í I. kafla ákæru, dagsettrar 16. mars 1977, er dómfelldu Guðjóni, Kristjáni Viðari og endurupptökubeiðanda, auk þess að hafa misþyrmt Geirfinni Einarssyni svo að hann hlaut bana af, gefin að sök eftirfarandi háttsemi: „Fluttu þeir síðan um nóttina lík hans í bifreið, er ákærði Guðjón ók, að heimili ákærða Kristjáns Viðars að Grettisgötu 82 í Reykjavík. Fimmtudaginn 21. sama mánaðar fluttu ákærðu Kristján Viðar, Sævar Marinó og Erla lík Geirfinns í bifreið, er Erla ók, frá Grettisgötu 82 að Rauðhólum, með viðkomu á bensínstöð á Ártúnshöfða, þar sem tekið var bensín á brúsa. Í Rauðhólum greftruðu þau líkamsleifar Geirfinns eftir að hafa hellt bensíni á líkama hans og lagt eld í.“
3100. Í dómi Hæstaréttar eru framburðir dómfelldu um flutning á líki Geirfinns raktir með fremur ómarkvissum hætti og lítið verður ráðið af þeirri rakningu hvernig þeir framburðir þróuðust. Í niðurstöðukafla dóms Hæstaréttar er gerð grein fyrir því að sannað sé að dómfelldu hafi allir átt refsiverða sök á láti Geirfinns en ekki vikið einu orði að því hvað orðið hafi af líki Geirfinns eftir það. Í kafla um saknæmisstig segir þó að geta verði þess að líkið hafi eigi fundist en könnun á áverkum á því gæti veitt veigamiklar upplýsingar um það hvernig dauða mannsins hafi borið að höndum. Hæstiréttur tekur þannig enga afstöðu til þess hvað sé sannað um þann hluta ákæruefnisins sem laut að meintum flutningi á líki Geirfinns. Þótt líkflutningurinn hafi ekki verið nauðsynlegur þáttur í verknaðarlýsingu manndráps, eða þeirra brota sem dómfelldu voru sakfelld fyrir í Hæstarétti, hljóta afdrif líksins að vera mikilvægur þáttur í þeirri atburðarás sem ákærvaldið þarf að sanna að hafi átt sér stað. Framburðir dómfelldu og vitna og gögn um þann þátt eru þannig til þess fallin að skipta miklu við mat á trúverðugleika framburða dómfelldu í heild sinni. Hafa verður í huga að ef lík af horfnum manni finnst ekki hlýtur að jafnaði að vera uppi nokkur vafi

um hvort honum hafi verið banað. Í slíkum tilvikum nýtur jafnframt ekki við þeirra upplýsinga sem rannsókn á líki og fundarstaður þess geta veitt um dánarorsök, verknaðaraðferð og önnur atriði.

3101. Við rannsókn málsins var lögð mikil áhersla á að finna lík Geirfinns og dómfelldu krafðir svara um það atriði. Eftir að endurupptökubeiðandi játaði 27. og 28. október 1976 aðild að atlögu að Geirfinni gaf hann þær skýringar að líki Geirfinns hefði verið komið fyrir í sendiferðabifreið og ekið með það að Grettisgötu 82 í Reykjavík. Hafi líkið síðan verið sett í svarta plastpoka og því komið fyrir í Grafningi. Í framburði 4. nóvember 1976 bar hann að dómfelldi Guðjón hefði síðar grafið líkið upp og hent því í Þingvallavatn. Í yfirheyrslu 8. nóvember 1976 bar endurupptökubeiðanda að líkinu hefði verið komið fyrir á Álftanesi. Teiknaði hann meðal annars uppdrátt af þeim stað sem líkinu átti að hafa verið komið fyrir efst í fjöruborði. Þegar dómfelldi Kristján Viðar játaði fyrst aðild að atlögu að Geirfinni bar hann á svipaða lund um flutning á líki Geirfinns að Grettisgötu 82 og hvernig því var komið fyrir þar ásamt mörgum bláum 30 lítra spírabrúsum. Hann kvaðst ekki hafa komið frekar að flutningi líksins. Dómfelldi Kristján Viðar og endurupptökubeiðandi virðast næstu daga hafa nefnt ýmsa staði á Álftanesi og í Gálgahrauni og fóru með rannsóknarmönnum til leitar á þessum stöðum en ekkert lík fannst. Endurupptökubeiðandi bar 25. nóvember 1976 að dómfelldi Albert hefði tekið þátt í að flytja líkið og að það hefði verið grafið í fjöru á Álftanesi. Dómfelldi Guðjón kom svo fram með þá frásögn af líkflutningunum 6. desember 1976 að líkið af Geirfinni hefði verið flutt frá Keflavík í ljósblárrí Volkswagen bifreið og hefði líkið verið upprétt í aftursætinu. Hann minnti að ekið hefði verið með líkið beint út á Álftanes eða í Gálgahraun en einnig nefndi hann að það hefði mögulega verið sett í hitaveitustokk eða húsgrunn. Dómfellda Erla greindi frá því 7. október 1976 að líkið hefði verið flutt í pokum frá Grettisgötu 82 út á Álftanes og grafið þar. Í framburði dómfellda Guðjóns 8. desember 1976 benti hann á að líkinu hefði mögulega verið komið fyrir á Álftanesi, í Gálgahrauni eða hitaveitustokk hjá Korpu. Í framburði endurupptökubeiðanda 9. desember 1976 bar hann í fyrsta sinn um að lík Geirfinns hefði verið flutt frá Grettisgötu 82 að Rauðhólum, með viðkomu á bensínstöð, 21. nóvember 1974, grunn hola grafin, kveikt í líkinu og mokað yfir. Þessi frásögn var í kjölfarið staðfest af dómfelldu Erlu og Kristjáni Viðari og fóru þau öll í vettvangsferðir í Rauðhóla til að benda á þann stað sem líkið hefði verið grafið. Uppgröftur með vélum skilaði ekki árangri. Í yfirheyrslu yfir dómfellda Guðjóni benti hann á að líkið hefði verið grafið hjá knattspyrnuvelli Kópavogs. Í yfirheyrslu yfir dómfellda Kristjáni Viðari 13. janúar 1977 staðfesti hann frásögn dómfellda Guðjóns um flutninga á líki Geirfinns, uppréttu í aftursæti Volkswagen bifreiðar, frá Keflavík að Grettisgötu 82. Fyrir dómi 21. júní 1977 var endurupptökubeiðandi ekki lengur viss um að lík Geirfinns hefði verið grafið í Rauðhólum og að kveikt hefði verið í því áður, en taldi að líkinu hefði verið komið fyrir við vatn í Heiðmörk. Í skýrslu fyrir dómi 30. júní 1977 minntist dómfelldi Guðjón þess ekki hvað gert hefði verið við lík Geirfinns og dró stórlega í efa að það hefði verið sett inn í Volkswagen bifreiðina. Fyrir dómi 4. júlí 1977 hélt dómfellda Erla sig hins vegar við fyrri framburð sinn um að lík Geirfinns hefði verið grafið í

Rauðhólum. Endurupptökubeiðandi sendi héraðsdómurum bréf, dagsett 12. júlí 1977, þar sem hann fullyrta að ekki hefði verið ekið með lík Geirfinns til Reykjavíkur heldur hafi því verið, að tillögu dómfellda Kristjáns Viðars, komið fyrir á öskuhaugum Hafnarfjarðar. Dómfelldi Guðjón hefði lagt mikla áherslu á að þau segðu ekki frá þessum stað og dómfellda Erla hefði komið skilaboðum til hans um að nefna Rauðhólana.

3102. Samkvæmt framansögðu liggur fyrir að mikill ólíkindabragur var frá upphafi á framburðum dómfelldu um flutning á líki Geirfinns. Dómfelldu voru margsaga um hverjir hefðu tekið þátt í líkflutningnum, hvernig var staðið að þeim og sérstaklega hvar líkinu var komið fyrir. Þegar framburðir dómfelldu eru skoðaðir dag fyrir dag og skýrslu fyrir skýrslu kemur berlega í ljós að framburðirnir þróast samhliða þannig að eftir að einn dómfelldu nefnir nýtt atriði varðandi líkflutninginn eða hvar líkinu var fyrir komið breytist framburður hinna iðulega strax í kjölfarið til samræmis við hinn nýja framburð. Þessari þróun framburða dómfelldu um líkflutningana svipar til þróunar framburða þeirra um ýmis önnur atriði í atburðarásinni.
3103. Ekki er útilokað að dómfelldu hafi af ásettu ráði viljað rugla rannsóknarmenn í ríminu með því að benda á ýmsa staði sem lík Geirfinns væri að finna eða að þau hafi hreinlega ekki getað bent nægilega nákvæmlega á staðinn sem þau komu líkinu fyrir. Samkvæmt framansögðu þykir jafn líklegt að misvísandi og ólíkindalegur framburður þeirra hafi stafað af því að þau hafi engar raunverulegar minningar átt um flutninga á líki Geirfinns og því ekki getað bent á hvar líkinu hafi verið fyrir komið. Með því að benda á nýja staði eða fallast á framburði annarra dómfelldu um hvar líkið væri að finna hafi þau einfaldlega verið að láta undan þrýstingi rannsóknarmanna eða hreinlega að skapa sér tækifæri til að komast undir bert loft.
3104. Það að Hæstiréttur tók enga afstöðu til þeirra atriða í verknaðarlýsingu í ákæru sem lutu að flutningi á líki Geirfinns bendir til þess að rétturinn hafi talið að ekki væri komin fram sönnun um þá þætti.
3105. Endurupptökunefnd telur að sá vafi sem þannig er uppi um trúverðugleika framburða dómfelldu um flutninga á líki Geirfinns, og þar með sönnun um þetta mikilvæga atriði í atburðarásinni, hljóti að hafa áhrif á mat á trúverðugleika framburða dómfelldu í heild sinni og á heildarmat á sönnun. Endurupptökunefnd telur að þetta sé eitt þeirra atriða sem skipti máli við mat á því hvort verulegar líkur séu á að sönnunargögn í málinu hafi verið rangt metin svo áhrif hafi haft á niðurstöðu málsins.

VIII.5.8 Samantekt um hvort skilyrðum til endurupptöku Geirfinnsmálsins teljist fullnægt

3106. Endurupptökunefnd hefur lagt til grundvallar að við mat á málsmeðferð verði að byggja á réttarfarsreglum sem giltu á þeim tíma sem rannsókn og dómsmeðferð í málinu átti sér stað og meginreglum opinbers réttarfars eins og þær voru taldar á þeim tíma. Sönnunarreglur í lögum um meðferð opinberra mála, sem þá voru í gildi, voru í stórum dráttum þær sömu og í núgildandi lögum um meðferð sakamála og meginreglur um sönnun í megindráttum hinar sömu. Þá sem nú gildi sú regla að

sönnunarbyrðin hvíldi á ákærvaldi og að sönnun um atriði sem varða sekt sakbornings verði að vera hafin yfir skynsamlegan vafa.

3107. Niðurstaða endurupptökunefndar byggir á nákvæmri skoðun og samanburði á nýjum gögnum og upplýsingum, gögnum sem töldust vera ný við afgreiðslu fyrri endurupptökubeiðna og þeim gögnum sem lágu fyrir Hæstarétti í málinu nr. 214/1978.
3108. Endurupptökunefnd telur að vissulega hafi legið fyrir ýmsar sterkar vísbendingar um að framburðir endurupptökubeiðanda og annarra dómfelldu sem lúta að því að þeir hafi átt saknæman þátt í hvarfi Geirfinns Einarssonar hafi átt við rök að styðjast. Hafa verður í huga að almennt séð verður að telja ólíklegt að svo margir einstaklingar játi ranglega aðild að atlögu að manni sem leitt hafi hann til dauða og að tvö vitni beri ranglega á sama veg. Játningar þriggja einstaklinga eru vissulega til þess fallnar að styðja hver aðra þótt játningar tveggja dómfelldu hafi verið afturkallaðar fyrir dómi. Vitnisburðir tveggja vitna eru jafnframt til þess fallnir að styðja játningarnar þótt vitnin hafi einnig dregið framburði sína til baka áður en endanlegur dómur var kveðinn upp og munnlegir framburðir hafi allt frá upphafi um margt verið óljósir og misvísandi.
3109. Þótt hvarflandi framburður sakbornings um meinta saknæma háttsemi sé að jafnaði talinn ótrúverðugur og þannig styðja sakfellingu á það varla við í þessu máli þar sem sakfelling var eingöngu byggð á játningum dómfelldu og lykilverni, sem öll höfðu gefið hvarflandi framburði, og fjögur af fimm dregið framburði sína til baka en engum sýnilegum sönnunargögnum til að dreifa sem tengdu dómfelldu, svo óbyggjandi væri, við málið eins og segir í dómi Hæstaréttar.
3110. Endurupptökunefnd telur að framangreindar takmarkanir á möguleikum dómfelldu Guðjóns, Kristjáns Viðars og endurupptökubeiðanda til að halda uppi vörnum, sem meðal annars fólst í takmörkun á aðgengi þeirra að réttargæslumönnum, algeru samskiptabanni milli þeirra og verjenda síðustu tvo mánuði fyrir síðari dómtöku málsins í héraði, raunveruleg skerðing á rétti til að gagnsyrja vitni svo og skortur á upplýsingum um afturhvarf annarra dómfelldu frá játningum, séu eitt þeirra atriða sem skipti máli við mat á því hvort verulegar líkur séu á að sönnunargögn í málinu hafi verið rangt metin svo áhrif hafi haft á niðurstöðu málsins.
3111. Það að lík Geirfinns fannst ekki og að engin áþreifanleg sönnunargögn lágu fyrir um hvort, hvar og þá hvernig honum hafi verið ráðinn bani gaf rannsakerndum og dómstólum sérstakt tilefni til að vanda til rannsóknar og málsmeðferðar á öllum stigum og gæta að réttindum dómfelldu samkvæmt þágildandi lögum um meðferð opinberra mála og meginreglum opinbers réttarfars þar á meðal að láta dómfelldu njóta skynsamlegs vafa um hvert það atriði sem varðaði sekt þeirra.
3112. Endurupptökunefnd telur að í ljósi þess að endurupptökubeiðandi hvarf fyrir dómi frá játningu sinni hafi skort á að hann hafi fengið að njóta þess vafa sem ónákvæm skráning, þess sem gerðist í yfirheyrslum yfir dómfelldu öllum hjá lögreglu og skortur á skýrslum um fjölmargar yfirheyrslur, viðtöl og samprófanir, skapaði um rannsóknaraðferðir og um þróun framburða. Fjölmargar og ósamrýmanlegar frásagnir

dómfelldu og vitna af meintri atburðarás og fjöldi einstaklinga og bifreiða sem nefnd voru til sögunnar, gáfu tilefni til að draga trúverðugleika framburða þeirra í heild í efa. Sterkar vísbendingar þykja fram komnar um að framburðir einstaka dómfelldu og vitna í mörgum og löngum yfirheyrslum hafi, fyrir tilstuðlan rannsóknarmanna, litað framburði annarra dómfelldu og ásamt harðneskjulegri einangrun haft áhrif á framburði þeirra allra.

3113. Að mati endurupptökunefndar eru verulegar líkur á að við sönnunarmat í málinu hafi ranglega verið litið fram hjá áhrifum langrar einangrunarvistar á trúverðugleika framburða dómfelldu en fyrir liggur að þær meintu játningar sem sakfelling dómfelldu Guðjóns, Kristjáns Viðars og endurupptökubeiðanda voru byggðir á komu ekki fram fyrir en þeir dómfelldi Kristján Viðar og endurupptökubeiðandi höfðu verið í einangrun í tæpt ár.
3114. Þá telur endurupptökunefnd að fjölmargar samprófanir dómfelldu sem ekkert var skráð um, sérstaklega sumarið 1976, áður en dómfelldi Kristján Viðar og endurupptökubeiðandi játuðu aðild að atlögu að Geirfinni, hafi verið til þess fallnar að valda enn meiri spilliáhrifum og að verulegur vafi sé á að framburðir dómfelldu eftir þær geti endurspeglad raunverulegar minningar þeirra af meintum atburðum.
3115. Endurupptökunefnd telur að þær upplýsingar sem fyrir liggja bendi til þess að dómfelldu hafi að jafnaði verið samvinnuþýð við rannsakendur og lagt sig fram um að muna atburði. Þannig hafi þau til dæmis undirgengist lyfjagjöf og aðrar rannsóknaraðferðir í þeim tilgangi að skerpa minni þeirra en það bendir ekki til þess að þau hafi haft eitthvað að fela eða hafi markvisst verið að afvegaleiða rannsakendur með röngum og reikulum framburðum.
3116. Endurupptökunefnd telur að nákvæm skoðun á öllum þeim gögnum sem nefndin hefur haft aðgang að sýni að þau gögn sem Hæstiréttur hafði undir höndum hafi ekki gefið heildstæða og rétta mynd af rannsóknaraðferðum í málinu en sem dæmi má nefna að upplýsingar um fjölmargar og langar samprófanir milli dómfelldu Erlu og endurupptökubeiðanda, sem fram fóru í júlí 1976, samtals í 32 klukkustundir, lágu ekki fyrir Hæstarétti.
3117. Endurupptökunefnd telur raunhæfan möguleika á því að þær rannsóknaraðferðir sem beitt var undir stjórn Karls Schütz, eftir að rannsóknin beindist að dómfellda Guðjóni og aðrir dómfelldu höfðu borið um aðild hans að málinu, hafi átt þátt í því að hann hætti að treysta eigin minni og játaði aðild að atlögu að Geirfinni. Skýrslur um framburði dómfellda Guðjóns fyrir lögreglu og sérstaklega fyrir dómi svo og dagbækur hans úr Síðumúlafangelsinu styðja þá niðurstöðu sálfræðinganna Gísla H. Guðjónssonar og Jóns Friðriks Sigurðssonar, í skýrslu starfshóps innanríkisráðherra, að um falskar játningar hafi verið að ræða af hans hálfu. Óhjákvæmilegt er að álykta sem svo að það að dómfelldi dró ekki játningu sína til baka fyrir dómi hafi vegið þungt í sönnunarmati Hæstaréttar hvað varðar sekt allra dómfelldu. Vafi um sönnunargildi framburðar Guðjóns hefur þar með áhrif á mat endurupptökunefndar á réttmæti sönnunarmatsins hvað varðar sekt allra dómfelldu.

3118. Dómfelldu voru í engu látin njóta þess margvíslega og réttmæta vafa sem uppi var í málinu um áreiðanleika framburða vitnisins [SÓH] og dómfelldu Erlu og ýmis mikilvæg atriði í meintri atburðarás svo sem um meint samtal endurupptökubeiðanda og Geirfinns í Klúbbnum, útvegum tveggja bifreiða til ferðarinnar til Keflavíkur, meint símtal dómfellda Kristjáns Viðars eða endurupptökubeiðanda úr Hafnarbúðinni í Keflavík við Geirfinn, þröngan tímamma mögulegrar ferðar dómfelldu til Keflavíkur og um flutninga á líki Geirfinns og hvar líkinu var fyrir komið.
3119. Endurupptökunefnd telur þannig að verulegar líkur séu á að áhrif óvenjulega langrar og harðneskjulegrar einangrunar dómfelldu, rannsóknaraðferða, ónákvæmra skráninga framburða, takmarkaðs aðgengis dómfelldu að verjendum, annarra brota á málsmeðferðarreglum og annarra atriða sem nefnd eru í þessum kafla, á trúverðugleika framburða dómfelldu hafi ekki verið metin með réttum hætti í dómi Hæstaréttar. Endurupptökunefnd telur jafnframt að lagt hafi verið ónákvæmt og í ýmsum tilvikum rangt mat á þróun játninga dómfelldu, hvenær játningarnar voru afturkallaðar og trúverðugleika afturkallana dómfelldu á játningum og breytts framburðar vitna.
3120. Niðurstöður sálfræðinganna Gísla H. Guðjónssonar og Jóns Friðriks Sigurðssonar um áreiðanleika framburða dómfelldu í skýrslu starfshóps innanríkisráðherra styðja það álit endurupptökunefndar að horft hafi verið fram hjá ýmsum mikilvægum þáttum sem voru til þess fallnir að draga verulega úr sönnunargildi játninga allra dómfelldu.
3121. Endurupptökunefnd telur að leiddar hafi verið að því verulegar líkur að sönnunarmat í málinu hafi í framangreindum atriðum ekki verið í samræmi við þá meginreglu opinbers réttarfars sem fram kom í 109. gr. laga um meðferð opinberra mála á þessum tíma að dómari meti hvort nægileg sönnun, sem ekki verði vefengd með skynsamlegum rökum, sé komin fram um hvert það atriði sem varðar sekt ákærða.
3122. Endurupptökunefnd telur að samanburður á nýjum gögnum og upplýsingum, þar á meðal um málsmeðferð við rannsókn og dómsmeðferð, og þeim gögnum sem lágu fyrir Hæstarétti hafi varpað nýju ljósi á svo mörg atriði í sönnunarmati í þeim þætti málsins sem varðaði aðild endurupptökubeiðanda að atlögu að Geirfinni Einarssyni að telja verði að hin nýju gögn hefðu verulega miklu skipt fyrir niðurstöðu málsins, hvað endurupptökubeiðanda varðar, ef þau hefðu komið fram áður en dómur gekk. Endurupptökunefnd telur að í mörgum atriðum hafi vantað upp á að endurupptökubeiðandi nyti þess margvíslega vafa sem uppi var um málsatvik og að verulegar líkur hafi verið leiddar að því að sönnunargögn sem færð voru fram í málinu hafi verið rangt metin svo að áhrif hafi haft á niðurstöðu þess. Endurupptökunefnd telur því að fullnægt sé skilyrðum endurupptökuheimildanna í a-, c- og d-liðum 1. mgr. 211. gr. laga um meðferð sakamála og veitir því leyfi á grundvelli 1. mgr. 215. gr. sömu laga til að þessi þáttur málsins verði tekinn til meðferðar og dómsuppsögu að nýju í Hæstarétti.

VIII.6 Atriði sem varða sérstaklega endurupptöku dóms Hæstaréttar um rangar sakargiftir

VIII.6.1 Um sakarefnið

3123. Endurupptökubeiðandi og dómfelldu Kristján Viðar og Erla voru ákærð fyrir að hafa á árinu 1976 gerst sek um rangar sakargiftir í skýrslum, er þau gáfu rannsóknarlögreglunni í Reykjavík og á dómþingi sakadóms Reykjavíkur. Það hafi verið samantekin ráð þeirra að bera í skýrslum þessum þær röngu sakir á Einar Bollason, Magnús Leópoldsson, Sigurbjörn Eiríksson og Valdimar Olsen að þeir hefðu átt hlut að dauða Geirfinns Einarssonar og smyglbrotum. Hefðu þessar sakargiftir leitt til þess að fyrrgreindum mönnum hefði verið gert að sæta langvinnu gæsluvarðhaldi í þágu rannsóknar þessara sakarefna. Hefðu Einar, Magnús og Valdimar verið í gæsluvarðhaldi af þessum sökum frá 26. janúar 1976 til 9. maí sama ár, en Sigurbjörn frá 11. febrúar 1976 til 9. maí sama ár. Endurupptökubeiðandi var dæmdur fyrir rangar sakargiftir samkvæmt ákæru með dómi Hæstaréttar með vísan til þeirra forsendna sem lagðar voru til grundvallar í héraðsdómi.
3124. Endurupptökubeiðandi var samkvæmt framangreindu sakfelldur fyrir brot gegn 148. gr. almennra hegningarlaga sem kvað á um varðhalds- eða fangelsisrefsingu allt að tíu árum fyrir rangar sakargiftir. Sakfellingin var byggð á játningu endurupptökubeiðanda um þennan þátt ákæru sem var í samræmi við skýrslur sem gefnar voru fyrir lögreglu og dómi þar sem mennirnir fjórir voru bornir röngum sökum. Með hliðsjón af játningum hans og dómfelldu Erlu var talið sannað að um hefði verið að ræða samantekin ráð til að torvelða rannsókn málsins. Draga má þær röngu sakir sem endurupptökubeiðandi var sakfelldur fyrir saman með eftirfarandi hætti:
3125. Brot gegn 148. gr. almennra hegningarlaga er fullframið á þeirri stundu sem hinn rangi framburður er látinn í té. Fyrir liggur að endurupptökubeiðandi bar fyrst sakir á Einar, Magnús og Valdimar fyrir rannsóknarlögreglu 22. janúar 1976. Hinn 25. janúar bar hann sakir á sömu menn en 27. janúar bar hann einnig sakir á Sigurbjörn í fyrsta sinn. Í fjórða sinn sem hann gaf skýrslu 10. febrúar bar hann sakir á ný á Einar, Sigurbjörn og Valdimar og fyrir dómi 1. apríl bar hann sakir á Einar, Magnús og Valdimar og svo alla fjóra í yfirheyrslu hjá lögreglu 8. maí 1976.
3126. Endurupptökubeiðandi var ákærður fyrir að bera Einar sökum sex sinnum, Magnús fimm sinnum, Sigurbjörn þrisvar sinnum og Valdimar sex sinnum. Þessar sakir bar endurupptökubeiðandi á þá alla í síðasta sinn 8. maí 1976.
3127. Með hliðsjón af ákvæði 148. gr. almennra hegningarlaga sýnist brot endurupptökubeiðanda hafa verið fullframið 22. janúar 1976 gagnvart Einari, Magnúsi og Valdimar en 27. janúar gagnvart Sigurbirni. Það hefur í sjálfu sér ekki sjálfstæða þýðingu fyrir sök endurupptökubeiðanda þótt rangar sakargiftir hafi síðar verið endurteknar gagnvart þeim. Sýnist það frekar kunna að hafa haft áhrif á ákvörðun refsingar í samræmi við 77. gr. almennra hegningarlaga.
3128. Frá tildrögum fyrsta framburðar endurupptökubeiðanda hefur meðal annars verið skýrt í samantektarskýrslu rannsóknarlögreglumanns 10. mars 1976. Þar er sagt frá því að

frásögn dómfelldu Erlu um ónæði og framburðir sem hún lét í kjölfarið í té, sem og framburðir dómfellda Kristjáns Viðars og endurupptökubeiðanda, hafi leitt til handtöku þeirra Einar, Magnúsar, Valdimars og nokkru síðar Sigurbjörns.

3129. Áskilið er að brot samkvæmt 148. gr. almennra hegningarlaga sé framið af ásetningi í samræmi við 18. gr. laganna. Endurupptökubeiðandi var sakfelldur með dómi Hæstaréttar og lagt til grundvallar að skilyrði um ásetning væri uppfyllt. Sakfellingin var byggð á framburðum endurupptökubeiðanda og játningu hans þess efnis að það hefðu verið samantekin ráð hans og dómfelldu Erlu og Kristjáns Viðars að bera fjórmenningana röngum sökum. Það er í samræmi við þá staðreynd að endurupptökubeiðandi rakti sjálfur atburðarás sem fól ótvírætt í sér refsiverða háttsemi af hendi fjórmenninganna ef sönn reyndist, en játaði svo að um rangan framburð hefði verið að ræða. Af hans hálfu var krafist sýknu af ákæruatriðinu en í dómunum var ekki vikið orðum að því heldur leyst úr málinu með vísan til skýrslna endurupptökubeiðanda.
3130. Í 15. og 16. gr. almennra hegningarlaga er að finna ákvæði sem fela í sér hlutrænar refsileysisástæður þannig að þeim sem sannur er að sök um refsiverða háttsemi verði ekki gerð refsing. Á því er ekki byggt af hálfu endurupptökubeiðanda að slík staða hafi verið uppi þegar hann var sakfelldur á sínum tíma.
3131. Í samræmi við úrskurð sakadóms Reykjavíkur, sem kveðinn var upp 11. janúar 1976, undirgekkst endurupptökubeiðandi geðrannsókn. Niðurstaða geðrannsóknarinnar sem endurupptökubeiðandi sætti var að hann teldist sakhæfur, samanber einnig kafla VII.5.2.a.

VIII.6.2 Umfjöllun um röksemdir endurupptökubeiðanda

3132. Af hálfu endurupptökubeiðanda hafa verið færð ítarleg rök fyrir því að endurupptaka eigi dóm Hæstaréttar frá 22. febrúar 1980 að því er varðar sakfellingu vegna hvarfs Geirfinns Einarssonar og Guðmundar Einarssonar, einkum með vísan til skýrslu starfshóps innanríkisráðherra. Röksemdafærsla þessi er þó háð þeim annmarka að hún beinist ekki beinlínis að röngum sakargiftum heldur fyrst og fremst að atriðum er lúta að hvarfi Guðmundar og Geirfinns, án þess að gerð sé viðhlítandi grein fyrir á hvern hátt málsatvik tengd rannsókn á hvarfi þeirra hafa áhrif á atriði er lúta að sakfellingu endurupptökubeiðanda fyrir rangar sakargiftir.
3133. Þess skal getið að ekki er byggt á því af hálfu endurupptökubeiðanda að það sé rangt að hann hafi borið rangar sakir á fjórmenningana með þeim hætti sem greinir í dómnum. Þá er heldur ekki byggt á því að játning hans þess efnis að hann hafi í umrædd skipti borið rangar sakir á mennina sé efnislega röng, en sakfelling var byggð á þeirri játningu. Endurupptökubeiðandi dró framburð sinn um rangar sakargiftir ekki til baka þó krafist væri sýknu fyrir hans hönd í upphafi aðalmeðferðar með sama hætti og vegna ákæruatriða er lutu að aðild hans að broti gegn 211. gr. almennra hegningarlaga vegna dauða Guðmundar og Geirfinns.
3134. Endurupptökubeiðandi styður beiðni sína um endurupptöku við alla stafliði 1. mgr. 211. gr. laga um meðferð sakamála. Hvað varðar ný gögn í skilningi a-liðar

ákvæðisins vísar hann sérstaklega til skýrslu starfshóps innanríkisráðherra. Tekið er fram af hans hálfu að starfshópurinn hafi haft aðgang að fleiri og ítarlegri gögnum um rannsókn málsins og framkvæmd rannsóknarinnar en nokkur annar aðili sem hafi rannsakað málið.

VIII.6.3 Samantekt um hvort skilyrðum til endurupptöku dómsins hvað varðar rangar sakargiftir teljist fullnægt

3135. Að mati endurupptökunefndar varpar skýrsla starfshóps innanríkisráðherra afar takmörkuðu ljósi á aðdraganda og ástæður þess að endurupptökubeiðandi bar rangar sakir á fjórmenningana, Einar, Magnús, Sigurbjörn og Valdimar. Ástæða þess er einkum sú að greinarmunur er ekki gerður í skýrslunni á málsatvikum tengdum rannsókn á hvarfi Geirfinns og tildrögum þess að endurupptökubeiðandi bar rangar sakir á fjórmenningana. Raunar felur framsetning skýrslunnar í sér fyrst og fremst að tekin er afstaða til málsatvika Guðmundar- og Geirfinnsmálsins við athugun starfshópsins og í rannsókn sálfræðinganna Gísla H. Guðjónssonar og Jóns Friðriks Sigurðssonar. Þannig er engin sérstök afstaða tekin til þeirra ástæðna sem kunna að hafa búið að baki því að endurupptökubeiðandi bar sakir á fjórmenningana sem og aðra. Þá verður ekki séð að umfjöllun um niðurstöður sálfræðinganna Gísla H. Guðjónssonar og Jóns Friðriks Sigurðssonar um áreiðanleika framburða endurupptökubeiðanda og annarra dómfelldu í skýrslu starfshóps innanríkisráðherra beinist að röngum sakargiftum endurupptökubeiðanda.
3136. Með hliðsjón af framangreindu er gildi niðurstöðu skýrslu starfshópsins afar takmarkað við úrlausn þess hvort endurupptaka eigi dóm Hæstaréttar hvað varðar rangar sakargiftir. Þannig verður til að mynda ekki séð að ályktun um að framburður endurupptökubeiðanda í Guðmundar- og Geirfinnsmálum hafi verið óáreiðanlegir, eins og það er orðað, ná til þess þegar fjórmenningarnir voru bornir sökum. Tilvísun til þessarar ályktunar í skýrslunni getur því ekki stutt endurupptöku.
3137. Samkvæmt þessu verður ekki fallist á að umfjöllun í skýrslu starfshóps innanríkisráðherra um framburð endurupptökubeiðanda feli í sér að fram séu komin ný gögn sem ætla má að hefðu verulega miklu skipt fyrir niðurstöðu málsins ef þau hefðu komið fram áður en dómur gekk hvað sakarefni er lýtur að röngum sakargiftum áhrærir, samanber a-lið 1. mgr. 211. gr. laga um meðferð sakamála. Að sama skapi eru með skýrslunni ekki leiddar verulegar líkur að því að sönnunargögn sem færð voru fram í málinu hafi verið rangt metin svo að áhrif hafi haft á niðurstöðu þess, samanber c-lið.
3138. Af hálfu endurupptökubeiðanda hefur verið vísað til ýmissa annarra upplýsinga og gagna sem hann telur styðja endurupptöku samkvæmt a-lið og eftir atvikum einnig samkvæmt c-lið ákvæðisins.
3139. Að mati endurupptökunefndar skiptir miklu að endurupptökubeiðandi hefur ekki byggt á því að það sé rangt að hann hafi borið þær sakir á fjórmenningana í þau skipti sem vísað var til í dómi Hæstaréttar. Þau gögn sem liggja fyrir endurupptökunefnd leiða heldur ekki til annarra ályktana. Frásögn í bréfi sem endurupptökubeiðandi ritaði og

lét afhenda verjanda sínum 25. júní 1979 varðar tildrög þess að hann bar rangar sakir á mennina en ekki hvort hann gerði það. Þetta hefur mikla þýðingu þar sem brot gegn 148. gr. almennra hegningarlaga er fullframið á þeirri stundu sem hinn rangi framburður er látinn í té.

3140. Hvað varðar tildrög þess að endurupptökubeiðandi bar rangar sakir á fjórmenningana þá kemur fram í upplýsingarskýrslu frá 10. mars 1976 að það hafi verið samantekin ráð hans og dómfelldu Erlu og Kristjáns Viðars að bregðast við með þessum hætti yrðu spurningar lagðar fyrir þau vegna Geirfinnsmálsins. Ekki verður annað ráðið en að endurupptökubeiðanda hafi verið fullkunnugt um að framburður hans um aðild fjórmenninganna ætti ekki við rök að styðjast og að hann bæri þá ranglega sökum. Þetta má meðal annars sjá af orðum endurupptökubeiðanda um tilraunir hans til að draga framburð sinn til baka eftir að Einar, Magnús og Valdimar höfðu verið fangelsaðir og úrskurðaðir í gæsluvarðhald. Þá rakti endurupptökubeiðandi í áður nefndu bréfi til verjanda síns að hann hafi haft í hyggju með sakaráburði sínum að tryggja öryggi dómfelldu Erlu sem rannsóknaryfirvöld hafi talið í raunverulegri hættu. Skilja má bréfið þannig að endurupptökubeiðandi hafi viljað draga framburð sinn til baka þegar fyrrnefndir þrír menn höfðu verið fangelsaðir þar sem þeirri hættu sem hann taldi steðja að dómfelldu Erlu hefði þá verið afstýrt. Að mati endurupptökunefndar geta skýringar sem varða ástæður þess að mennirnir voru ranglega bornir sökum ekki haft þýðingu við mat á refsinaemi rangra sakargifta í skilningi 148. gr. hegningarlaga.
3141. Þess ber að geta að frásagnir um að forsvarsmenn Klúbbsins hafi komið við sögu í tengslum við hvarf Geirfinns höfðu einnig komið frá [GuA] og verið komið á framfæri við lögreglu. Mikil líkindi eru með frásögnum aðstandenda [GuA] og fyrstu framburðum endurupptökubeiðanda sem og dómfelldu Erlu af Keflavíkurförinni. Þótt frásögnum sem hafðar eru eftir [GuA], sem nánari skil eru gerð í kafla VII.6.2.b, hafi verið hafnað sem öläðisórum má leiða að því líkum að þær hafi orðið uppistaðan í rannsóknartilgátu lögreglunnar um atburði í Geirfinnsmálinu.
3142. Það er að mati endurupptökunefndar langur vegur á milli þess að taka undir rannsóknartilgátu lögreglu, hafi slíku verið til að dreifa, og þess að nefna nöfn manna sem sökunauta við lögregluyfirheyrslu líkt og endurupptökubeiðandi gerði ítrekað. Í þessum efnum er jafnframt óhjákvæmilegt að vekja athygli á því að endurupptökubeiðandi hefur afdráttarlaust kannast við það alla tíð að hafa nefnt nafn bróður dómfelldu Erlu í þessu samhengi og nafn bróður vinkonu hennar, Valdimars Olsen, sem var nefndur í fyrsta sinn í lögregluskýrslu sem tekin var af endurupptökubeiðanda. Því hefur hvergi verið hreyft að þessir tveir einstaklingar hafi verið bendlaðir við hvarf Geirfinns fyrr en endurupptökubeiðandi og dómfellda Erla gerðu það.
3143. Samkvæmt framangreindu eru að mati endurupptökunefndar ekki verulegar líkur á því að sönnunargögn sem færð voru fram í málinu, hvað varðar hinar röngu sakargiftir, hafi verið rangt metin eða að verulegir gallar hafi verið á meðferð þess svo að áhrif hafi haft á niðurstöðu málsins. Eru því ekki forsendur til að endurupptaka þennan þátt

málsins á grundvelli a- og c- eða d-liðar 1. mgr. 211. gr. laga um meðferð sakamála og er endurupptöku á grundvelli þessara liða hafnað.

3144. Endurupptökunefnd telur þóknun Lúðvíks Bergvinssonar héraðsdómslögmanns, talsmanns endurupptökubeiðenda, erfingja Sævars Marinós Ciesielski, hæfilega ákveðna 12.276.000 krónur, þar með talinn virðisaukaskattur, og greiðist þóknunin úr ríkissjóði.

ÚRSKURÐARORÐ

Fallist er á beiðni endurupptökubeiðenda, erfingja Sævars Marinós Ciesielski, um endurupptöku á dómi í hæstaréttarmálinu nr. 214/1978 hvað varðar sakfellingu hans fyrir brot á 218. og 215. gr. almennra hegningarlaga, með því að verða, ásamt tveimur öðrum mönnum, Guðmundi Einarssyni að bana 27. janúar 1974.

Jafnframt er fallist á beiðni endurupptökubeiðenda um endurupptöku sama dóms hvað varðar sakfellingu Sævars Marinós Ciesielski fyrir brot á 218. og 215. gr. almennra hegningarlaga, með því að verða, ásamt tveimur öðrum mönnum, Geirfinni Einarssyni að bana aðfaranótt 20. nóvember 1974.

Hafnað er beiðni endurupptökubeiðenda um endurupptöku sama dóms hvað varðar sakfellingu Sævars Marinós Ciesielski fyrir brot á 1. mgr. 148. gr. almennra hegningarlaga, með því að hafa borið þær röngu sakir á Einar Gunnar Bollason, Magnús Leópoldsson, Sigurbjörn Eiríksson og Valdimar Olsen, að þeir hefðu átt hlut að dauða Geirfinns Einarssonar og smyglbrotum.

Þóknun talsmanns endurupptökubeiðenda, Lúðvíks Bergvinssonar héraðsdómslögmanns, 12.276.000 krónur, að meðtöldum virðisaukaskatti, greiðist úr ríkissjóði.

Björn L. Bergsson formaður

Ásgerður Ragnarsdóttir

Sigurður Tómas Magnússon